Alþingi 1951.

Þingsetning.

A.

Í sameinuðu þingi.

Árið 1951, mánudaginn 1. október, var sjötugasta og fyrsta löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það fimmtugasta og fjórða aðalþing í röðinni, en átttugasta og sjötta samkoma frá því, er Alþingi var endurreist.

Þingmenn komu saman í alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni kl. 1.30 miðdegis. Séra Jón Auðuns dómprófastur steig í stólinn og lagði út af 1. Kor. 3. 21.—23.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þessir þingmenn voru til þings komnir:

1. Andrés Eyjólfsson, þm. Mýr.
2. Áki Jakobsson, þm. Siglf.
3. Ásgeir Bjarnason, þm. Dal.
4. Ásmundur Sigurðsson, 5. landsk. þm.
5. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
6. Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv.
7. Björn Ólafsson, 3. þm. Reykv.
8. Brynjólfur Bjarnason, 1. landsk. þm.
9. Einar Olgeirsson, 2. þm. Reykv.
10. Emil Jónsson, þm. Hafnf.
11. Finnbogi R. Valdimarsson, 7. landsk. þm.
12. Gísli Guðmundsson, þm. N-Þ.
13. Gísli Jónsson, þm. Barð.
14. Gunnar Thoroddsen, 7. þm. Reykv.
15. Gylfi Þ. Gíslason, 3. landsk. þm.
16. Haraldur Guðmundsson, 4. þm. Reykv.
17. Hermann Jónasson, þm. Str.
18. Ingólfur Jónsson, 2. þm. Rang.
19. Jóhann Hafstein, 5. þm. Reykv.
20. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
21. Jón Gíslason, þm. V-Sk.
22. Jón Pálmason, þm. A-Húnv.
23. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
24. Jónas Árnason, 10. landsk. þm.
25. Jónas Rafnar, þm. Ak.
26. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
27. Kristín Sigurðardóttir, 9. landsk. þm.
28. Lárus Jóhannesson, þm. Seyðf.
29. Ólafur Thors, þm. G-K.
30. Páll Zóphóníasson, 1. þm. N-M.
31. Páll Þorsteinsson, þm. A-Sk.
32. Rannveig Þorsteinsdóttir, 8. þm. Reykv.
33. Sigurður Ágústsson, þm. Snæf.
34. Sigurður Bjarnason, þm. N-Ísf.
35. Sigurður Guðnason, 6. þm. Reykv.
36. Sigurður Ó. Ólafsson, 2. (vara)þm. Árn.
37. Skúli Guðmundsson, þm. V-Húnv.
38. Stefán Jóh. Stefánsson, 8. landsk. þm.
39. Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyf.
40. Steingrímur Aðalsteinsson, 4. landsk. þm.
41. Steingrímur Steinþórsson, 1. þm. Skagf.
42. Þorsteinn Þorsteinsson, 11. landsk. þm.

Framantaldir þingmenn voru allir á fundi.

Ókomnir til þings voru:

1. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V-Ísf.
2. Eysteinn Jónsson, 1. þm. S-M.
3. Finnur Jónsson, þm. Ísaf.
4. Halldór Ásgrímsson, 2. þm. N-M.
5. Hannibal Valdimarsson, 6. landsk. þm.
6. Helgi Jónasson, 1. þm. Rang.
7. Karl Kristjánsson, þm. S-Þ.
8. Lúðvík Jósefsson, 2. landsk. þm.
9. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
10. Vilhjálmur Hjálmarsson, 2. þm. S-M.

Forseti Íslands setur þingið.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis, kom forseti Íslands, Sveinn Björnsson, inn í salinn og gekk til ræðustóls.

Forseti Íslands (Sveinn Björnsson): Hinn 17. september síðastliðinn var gefið út svo hljóðandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að reglulegt Alþingi 1951 skuli koma saman til fundar mánudaginn 1. október 1951.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til

Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í dómkirkjunni, er hefst kl. 1.30 miðdegis.

Gert í Reykjavík, 17. september 1951.

Sveinn Björnsson.

Steingrímur Steinþórsson.

Forsetabréf um að reglulegt Alþingi 1951 skuli koma saman til fundar mánudaginn 1. okt. 1951.“

Samkvæmt bréfi því, er ég nú hef lesið, lýsi ég yfir því, að Alþingi Íslendinga er sett.

Frá því er Alþingi var endurreist og kom saman af nýju fyrir rúmum 106 árum, er þetta 86. samkoma þess, en frá því er það fékk aftur í hendur löggjafarvald fyrir 77 árum, er þetta þing hið 71. í röðinni, en 54. aðalþing.

Ég vil bjóða þingmenn velkomna til starfa og bið þá að minnast fósturjarðarinnar með því að rísa úr sætum.

[Þingheimur stóð upp, og forsætisráðherra, Steingrímur Steinþórsson, mælti: „Lifi Ísland.“ Var tekið undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.]

Samkvæmt 1. gr. þingskapa ber nú aldursforseta að stjórna fundi, þar til kosinn hefur verið forseti sameinaðs Alþingis.

Gekk forseti Íslands síðan út úr salnum, en aldursforseti, Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn., gekk til forsetastóls og tók við fundarstjórn.

Minning Björns Bjarnarsonar.

Aldursforseti (JörB): Frá því er síðasta þingi sleit hefur einn fyrrv. alþingismaður látizt, Björn Bjarnarson í Grafarholti, í hárri elli eða nærri hálftíræður. Hann andaðist að heimili sínu 15. marz síðastliðinn, og vil ég minnast þessa merka manns nokkrum orðum.

Björn Bjarnarson fæddist 14. ágúst 1856 í Skógarkoti í Þingvallasveit, og voru foreldrar hans Björn síðar bóndi í Vatnshorni í Skorradal Eyvindssonar bónda á Syðri-Brú í Grímsnesi Hjartarsonar og kona hans Solveig Björnsdóttir prests á Þingvöllum Pálssonar. Björn fluttist barn að aldri með foreldrum sínum að Vatnshorni og ólst þar upp. Ekki naut hann neinnar fræðslu í æsku fram yfir það, sem þá tíðkaðist í sveitum landsins, en hugur hans hneigðist snemma að því að afla sér menntunar af eigin rammleik með lestri góðra bóka, og ástundun hans og hæfileikar þokuðu honum svo áfram, að hann réðst í það 22 ára að aldri af litlum efnum að fara til Noregs og stunda þar búnaðarnám í búnaðarskólanum á Stend, en það gerðu nokkrir Íslendingar á þeim árum. Við það nám var hann í tvö ár, 1878—1880. Síðan dvaldist hann í Danmörku um eins árs skeið og vann þar að landbúnaðarstörfum, hvarf síðan heim til Íslands og hafði á hendi næstu árin leiðbeiningarstarfsemi um jarðabætur á vegum Búnaðarfélags Suðuramtsins.

Árið 1884 reisti hann bú að Hvanneyri í Borgarfirði og hóf þá þegar margs konar undirbúning að stofnun búnaðarskóla þar. Er talið, að hann sé frumkvöðull að stofnun þess skóla, er þar reis á fót nokkrum árum síðar. Árið 1886 fluttist hann búferlum að Rauðará við Reykjavík og bjó þar í eitt ár, fluttist þaðan upp í Mosfellssveit, að Reykjakoti, sem nú nefnist Reykjahvoll, og var lengi kenndur við þá jörð. Þar bjó hann í 12 ár, en keypti 1898 jarðirnar Gröf og Grafarkot í sömu sveit og sameinaði í eina jörð, Grafarholt. Þar bjó hann búi sínu í 21 ár, en lét það í hendur syni sínum 1919 og dvaldist síðan á því heimili til æviloka.

Björn gerðist snemma áhugamaður um hvers konar framfarir í búnaði, verzlunar- og félagsmálum, lét yfirleitt mjög til sín taka í fjölmörgum málum, er honum þótti varða almenningsheill, svo sem í stjórnmálum og menningarmálum, og ritaði margt á langri ævi um skoðanir sínar og hugðarefni. Um langa hríð var hann forustumaður sveitar sinnar í flestum greinum, var hreppsstjóri og sýslunefndarmaður í 40 ár, formaður búnaðarfélags sveitarinnar í aldarfjórðung og átti um nokkurra ára skeið sæti í stjórn Búnaðarsambands Kjalarnesþings og á búnaðarþingi. Í hreppsnefnd og skattanefnd átti hann og lengi sæti. Fyrir 59 árum, 1892, kusu Borgfirðingar hann á þing, og felldi hann þá frá kosningu Grím Thomsen skáld á Bessastöðum, er verið hafði þingmaður Borgfirðinga um alllangt skeið. Ekki sat Björn nema á einu þingi að því sinni, 1893, en það var rofið vegna stjórnarskrárbreytingar. Borgfirðingar kusu hann öðru sinni á þing árið 1900, og átti hann einnig að því sinni ekki sæti nema á einu þingi (1901), því að það var einnig rofið, og sat ekki nema á þessum tveim þingum, þótt oft byði hann sig fram.

Eins og getið hefur verið, lét Björn Bjarnarson mörg þjóðfélagsmál til sín taka, var ódeigur að brjóta upp á ýmsum nýjungum, einkum í landbúnaði, og hélt skoðunum sínum fast fram í ræðu og riti. Nefna má meðal annars, að hann var einn forgöngumanna að stofnun Sláturfélags Suðurlands. Hygginn þótti hann og ráðhollur í fjármálum og reikningsmaður glöggur. Hann var skipaður í ríkisgjaldanefnd 1927 og var endurskoðandi sýslusjóðsreikninga, Búnaðarfélags Íslands og Mjólkurfélags Reykjavíkur um langt árabil.

Um Björn í Grafarholti má segja, að hann batt ekki bagga sína sömu hnútum og samferðamenn. Mörgum þótti hann nokkuð einstrengingslegur og sérvitur, eins og oft vill verða um gáfaða og sjálfmenntaða skapfestumenn. En mikið og merkilegt ævistarf liggur eftir þennan bónda, sem alltaf var hugsandi og skrifandi fram til hinztu stundar um landsins gagn og nauðsynjar. Auk fjölmargra blaðagreina og annarra rita, sem fyrir almenningssjónir hafa komið, lét hann eftir sig í handriti endurminningar og upptíningsbækur, alls hátt á þrettánda hundrað blaðsíður í fjögurra blaða broti, smátt skrifað, og munu þær hafa margvíslegan fróðleik að geyma.

Ég vil biðja háttvirta alþingismenn að votta minningu þessa mikilhæfa manns virðingu sína með því að rísa úr sætum. — [Þm. risu úr sætum.]

Varamaður tekur þingsæti o. fl.

Aldursforseti (JörB): Ég vil leyfa mér að lesa hér bréf, sem forseta sameinaðs Alþingis hafa

borizt frá tveimur þingmönnum, þeim Eiríki Einarssyni og Finni Jónssyni. Þá er fyrst bréf frá Eiríki Einarssyni, 2. þm. Árn.:

„Hér með tilkynnist yður, að ég mun eigi taka þingsetu á Alþingi því, er nú kemur saman, vegna vanheilsu, er ég á nú við að búa. Hef ég því beðið varaþingmann minn, herra Sigurð Óla Ólafsson, að taka þar sæti mitt fyrst um sinn.

Selfossi, 30. sept. 1951.

Eiríkur Einarsson."

Þá er hér bréf frá Finni Jónssyni, þm. Ísaf.:

„Reykjavík, 1. okt. 1951.

Vegna sjúkleika get ég ekki að þessu sinni komið til setningar Alþingis í dag og sennilega ekki til þingfunda fyrst um sinn.

Finnur Jónsson,
alþingismaður Ísafjarðarkaupstaðar."

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Jónas Rafnar, þm. Ak., og Skúla Guðmundsson, þm. V-Húnv.

Rannsókn kjörbréfs.

Þessu næst skiptust þm. í kjördeildir, og urðu í

1. kjördeild:

AE, ÁÁ, BÓ, EmJ, HV, HG, HermJ, KK, KS, LJóh, PZ, SÁ, SÓÓ, SkG, StSt, StgrA, VH, ÞÞ.

2. kjördeild:

ÁkJ, ÁB, ÁS, BBen, EystJ, FJ, GG, GJ, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JG, LJós, PO, RÞ, StgrSt.

3. kjördeild:

BSt, BrB, EOl, FRV, GTh, GÞG, JJós, JPálm, JS, JÁ, JR, JörB, ÓTh, PÞ, SB, SG, StJSt.

Fyrir lá að rannsaka kjörbréf Andrésar Eyjólfssonar, þm. Mýr., og fékk 2. kjördeild bréfið til athugunar, svo sem þingsköp mæla fyrir.

Varð nú fundarhlé, er kjördeildin gekk út úr salnum til starfa sinna, en að rannsókn lokinni var fundinum fram haldið.

ATKVGR.

Að till. 2. kjördeildar var kjörbréf Andrésar Eyjólfssonar samþ. með 34 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Þessu næst undirritaði hinn nýi þingmaður, Andrés Eyjólfsson, drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Aldursforseti (JörB): Samkvæmt ósk forsætisráðherra verður fundi nú frestað, en fram haldið á morgun, kl. 2 miðdegis.

Þriðjudaginn 2. okt., kl. 2 miðdegis, var fundinum fram haldið. Þeir Helgi Jónasson, 1. þm. Rang., Karl Kristjánsson, þm. S-Þ., og Pétur Ottesen, þm. Borgf., voru nú til þings komnir og sátu fundinn.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sömu skrifara og í fundarbyrjun, þá Jónas Rafnar og Skúla Guðmundsson.

Kosning forseta.

Aldursforseti lét nú fram fara kosningu forseta sameinaðs Alþingis. Kosningu hlaut

Jón Pálmason, þm. A-Húnv.,

með 29 atkv. — Steingrímur Aðalsteinsson, 4. landsk. þm., fékk 8 atkv., en 7 seðlar voru auðir.

Gekk þá hinn kjörni forseti til forsetastóls og tók við fundarstjórn. Lét hann fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosinn var

Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.,

með 32 atkv., en 11 seðlar voru auðir.

Þá fór fram kosning annars varaforseta, og hlaut kosningu

Rannveig Þorsteinsdóttir, 8. þm. Reykv.,

með 29 atkv. — Halldór Ásgrímsson, 2. þm. N-M., hlaut 1 atkvæði, en 14 seðlar voru auðir.

Kosning skrifara.

Þessu næst voru kosnir skrifarar sameinaðs þings, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar, og var á A-lista SkG, en á B-lista JR. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Jónas Rafnar, þm. Ak., og
Skúli Guðmundsson, þm. V-Húnv.

Kjörbréfanefnd.

Loks fór fram kosning kjörbréfanefndar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu þrír listar. Á A-lista voru RÞ og GG, á B-lista SG, á C-lista ÞÞ og LJóh. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að kosningu hlytu án atkvgr.:

Þorsteinn Þorsteinsson,
Rannveig Þorsteinsdóttir,
Lárus Jóhannesson,
Sigurður Guðnason,
Gísli Guðmundsson.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi í Sþ., 3. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

1. Fjárveitinganefnd.

Fram komu fjórir listar. Á A-lista var HV, á B-lista voru HelgJ, HÁ og KK, á C-lista ÁS og LJós og á D-lista GJ, PO, IngJ og JR. — A-listi hlaut 5 atkv., B-listi 15 atkv., C-listi 9 atkv. og D-listi 19 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Gísli Jónsson,
Helgi Jónasson,
Pétur Ottesen,
Ásmundur Sigurðsson,
Halldór Ásgrímsson,
Ingólfur Jónsson,
Hannibal Valdimarsson,
Karl Kristjánsson,
Jónas Rafnar.

2. Utanríkismálanefnd.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram fjórir listar, A, B, C og D, er á voru í hvort sinn samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa.

Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Ólafur Thors (D),
Hermann Jónasson (B),
Jóhann Jósefsson (D),
Finnbogi R. Valdimarsson (C),
Jörundur Brynjólfsson (B),
Stefán Jóh. Stefánsson (A),
Bjarni Benediktsson (D).

Varamenn:
Gunnar Thoroddsen (D),
Eysteinn Jónsson (B),
Jóhann Hafstein (D),
Einar Olgeirsson (C),
Páll Zóphóníasson (B),
Ásgeir Ásgeirsson (A),
Björn Ólafsson (D).

3. Allsherjarnefnd.

Fram komu fjórir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa í nefndina. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Jóhann Jósefsson (D),
Jón Gíslason (B),
Jón Sigurðsson (D),
Lúðvík Jósefsson (C),
Jörundur Brynjólfsson (B),
Finnur Jónsson (A),
Stefán Stefánsson (D).

Þingfararkaupsnefnd.

Á sama fundi var tekin til meðferðar kosning þingfararkaupsnefndar.

Fram komu þrír listar, er á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Kosningu hlutu því án atkvgr.:

Þorsteinn Þorsteinsson (B),
Rannveig Þorsteinsdóttir (A),
Jónas Rafnar (B),
Áki Jakobsson (C),
Andrés Eyjólfsson (A).

B.

Í efri deild.

Að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi var fyrsti fundur efri deildar settur. Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
2. Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv.
3. Brynjólfur Bjarnason, 1. landsk. þm.
4. Eiríkur Einarsson, 2. þm. Árn.
5. Finnbogi R. Valdimarsson, 7. landsk. þm.
6. Gísli Jónsson, þm. Barð.
7. Hannibal Valdimarsson, 6. landsk. þm.
8. Haraldur Guðmundsson, 4. þm. Reykv.
9. Hermann Jónasson, þm. Str.
10. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
11. Karl Kristjánsson, þm. S-Þ.
12. Lárus Jóhannesson, þm. Seyðf.
13. Páll Zóphóníasson, 1. þm. N-M.
14. Rannveig Þorsteinsdóttir, 8. þm. Reykv.
15. Steingrímur Aðalsteinsson, 4. landsk. þm.
16. Vilhjálmur Hjálmarsson, 2. þm. S-M.
17. Þorsteinn Þorsteinsson, 11. landsk. þm.

Allir þdm. voru á fundi nema 2. þm. Árn. (EE), sem hafði tilkynnt veikindaforföll, og 6. landsk. þm. (HV) og 2. þm. S-M. (VH), sem ókomnir voru til þings. Í stað 2. þm. Árn. (EE) var á fundinum varamaður hans, Sigurður Ó. Ólafsson.

Aldursforseti deildarinnar, Þorsteinn Þorsteinsson, setti fundinn og kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Karl Kristjánsson og Sigurð Ó. Ólafsson.

Kosning forseta og skrifara.

Þá var gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.,

með 11 atkv. — Steingrímur Aðalsteinsson fékk 3 atkv., en einn seðill var auður.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta deildarinnar. Kosningu hlaut

Þorsteinn Þorsteinsson, 11. landsk. þm.,

með 10 atkv. — Lárus Jóhannesson fékk 1 atkv., en 4 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn

Lárus Jóhannesson, þm. Seyðf.,

með 10 atkv., en 5 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var KK, á B-lista SÓÓ. — Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Karl Kristjánsson, þm. S-Þ., og
Sigurður Ó. Ólafsson, 2. (vara)þm. Árn.

Sætaskipun.

Eftir tillögu forseta voru leyfð og samþ. með 12:1 atkv. þau afbrigði frá þingsköpum, að ekki skyldi hlutað um sæti, heldur skyldu þdm. sitja eins og þeir höfðu í upphafi fundar skipað sér í sæti.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 3. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu ýmist fram þrír eða fjórir listar, en hverju sinni var stungið upp á jafnmörgum mönnum og kjósa skyldi. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.
Gísli Jónsson (B),
Bernharð Stefánsson (A),
Þorsteinn Þorsteinsson (B),
Karl Kristjánsson (A),
Brynjólfur Bjarnason (C).

2. Samgöngumálanefnd.
Þorsteinn Þorsteinsson (B),
Karl Kristjánsson (A),
Sigurður Ó. Ólafsson (B),
Vilhjálmur Hjálmarsson (A),
Steingrímur Aðalsteinsson (C).

3. Landbúnaðarnefnd.
Þorsteinn Þorsteinsson (B),
Páll Zóphóníasson (A),
Sigurður Ó. Ólafsson (B),
Vilhjálmur Hjálmarsson (A),
Finnbogi R. Valdimarsson (C).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Jóhann Jósefsson (D),
Bernharð Stefánsson (B),
Vilhjálmur Hjálmarsson (B),
Steingrímur Aðalsteinsson (C),
Hannibal Valdimarsson (A).

5. Iðnaðarnefnd.
Gísli Jónsson (B),
Rannveig Þorsteinsdóttir (A),
Jóhann Jósefsson (B),
Páll Zóphóníasson (A),
Steingrímur Aðalsteinsson (C).

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.
Gísli Jónsson (D),
Rannveig Þorsteinsdóttir (B),
Lárus Jóhannesson (D),
Finnbogi R. Valdimarsson (C),
Haraldur Guðmundsson (A).

7. Menntamálanefnd.
Þorsteinn Þorsteinsson (D),
Páll Zóphóníasson (B),
Sigurður Ó. Ólafsson (D),
Brynjólfur Bjarnason (C),
Hannibal Valdimarsson (A).

8. Allsherjarnefnd.
Lárus Jóhannesson (D),
Páll Zóphóníasson (B),
Rannveig Þorsteinsdóttir (B),
Finnbogi R. Valdimarsson (C),
Haraldur Guðmundsson (A).

C.
Í neðri deild.

Fyrsti fundur neðri deildar var settur að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi. Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Andrés Eyjólfsson, þm. Mýr.
2. Áki Jakobsson, þm. Siglf.
3. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V-Ísf.
4. Ásgeir Bjarnason, þm. Dal.
5. Ásmundur Sigurðsson, 5. landsk. þm.
6. Björn Ólafsson, 3. þm. Reykv.
7. Einar Olgeirsson, 2. þm. Reykv.
8. Emil Jónsson, þm. Hafnf.
9. Eysteinn Jónsson, 1. þm. S-M.
10. Finnur Jónsson, þm. Ísaf.
11. Gísli Guðmundsson, þm. N-Þ.
12. Gunnar Thoroddsen, 7. þm. Reykv.
13. Gylfi Þ. Gíslason, 3. landsk. þm.
14. Halldór Ásgrimsson, 2. þm. N-M.
15. Helgi Jónasson, 1. þm. Rang.
16. Ingólfur Jónsson, 2. þm. Rang.
17. Jóhann Hafstein, 5. þm. Reykv.
18. Jón Gíslason, þm. V-Sk.
19. Jón Pálmason, þm. A-Húnv.
20. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
21. Jónas Árnason, 10. landsk. þm.
22. Jónas Rafnar, þm. Ak.
23. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
24. Kristín Sigurðardóttir, 9. landsk. þm.
25. Lúðvík Jósefsson, 2. landsk. þm.
26. Ólafur Thors, þm. G-K.
27. Páll Þorsteinsson, þm. A-Sk.
28. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
29. Sigurður Ágústsson, þm. Snæf.
30. Sigurður Bjarnason, þm. N-Ísf.
31. Sigurður Guðnason, 6. þm. Reykv.
32. Skúli Guðmundsson, þm. V-Húnv.
33. Stefán Jóh. Stefánsson, 8. landsk. þm.
34. Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyf.
35. Steingrímur Steinþórsson, 1. þm. Skagf.

Allir þdm., sem til þings voru komnir, voru á fundi, en ókomnir til þings voru þm. V-Ísf. (ÁÁ), 1. þm. S-M. (EystJ), þm. Ísaf. (FJ), 2. þm. N-M. (HÁ) og 2. landsk. þm (LJós).

Aldursforseti, Jörundur Brynjólfsson, setti fundinn og kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Ingólf Jónsson og Pál Þorsteinsson.

Kosning forseta og skrifara.

Var nú gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Sigurður Bjarnason, þm. N-Ísf.,

með 20 atkv. — Ásmundur Sigurðsson fékk 5 atkv., Jónas Rafnar 1 atkv., en 4 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta deildarinnar. Kosningu hlaut

Jón Gíslason, þm. V-Sk.,

með 20 atkv., en 8 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn

Halldór Ásgrímsson, 2. þm. N-M.,

með 21 atkv., en 9 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar. Fram komu tveir listar. Á A-lista var PÞ, en á B-lista IngJ. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Ingólfur Jónsson, 2. þm. Rang., og
Páll Þorsteinsson, þm. A-Sk.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna samkvæmt þingsköpum, og fór sætahlutunin á þessa leið:

8. sæti hlaut Áki Jakobsson,
9. — — Skúli Guðmundsson,
10. — — Stefán Stefánsson,
11. — — Helgi Jónasson,
12. — — Einar Olgeirsson,
13. — — Jónas Rafnar,
14. — — Stefán Jóh. Stefánsson,
15. — — Kristín Sigurðardóttir,
16. — — Emil Jónsson,
17. — — Ásgeir Bjarnason,
18. — — Gunnar Thoroddsen,
19. — — Sigurður Guðnason,
20. — — Jón Pálmason,
21. — — Pétur Ottesen,
22. — — Gylfi Þ. Gíslason,
23. — — Andrés Eyjólfsson,
24. — — Jón Sigurðsson,
25. — — Finnur Jónsson,
26. — — Lúðvík Jósefsson,
27. — — Gísli Guðmundsson,
28. — — Jóhann Hafstein,
29. — — Ásgeir Ásgeirsson,
30. — — Halldór Ásgrimsson,
31. — — Jörundur Brynjólfsson,
32. — — Ásmundur Sigurðsson,
33. — — Jón Gíslason,
34. — — Sigurður Ágústsson,
35. — — Jónas Árnason.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 3. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu ýmist fram þrír eða fjórir listar, en hverju sinni var stungið upp á jafnmörgum mönnum og kjósa skyldi. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir þannig skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.
Sigurður Ágústsson (D),
Skúli Guðmundsson (B),
Jóhann Hafstein (D),
Einar Olgeirsson (C),
Ásgeir Ásgeirsson (A).

2. Samgöngumálanefnd.
Sigurður Bjarnason (C),
Jón Gíslason (A),
Stefán Stefánsson (C),
Lúðvík Jósefsson (B),
Ásgeir Bjarnason (A).

3. Landbúnaðarnefnd.
Jón Sigurðsson (C),
Ásgeir Bjarnason (A),
Jón Pálmason (C),
Ásmundur Sigurðsson (B),
Andrés Eyjólfsson (A).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Pétur Ottesen (C),
Gísli Guðmundsson (A),
Sigurður Ágústsson (C),
Lúðvík Jósefsson (B),
Halldór Ásgrímsson (A).

5. Iðnaðarnefnd.
Gunnar Thoroddsen (D),
Andrés Eyjólfsson (B),
Sigurður Guðnason (C),
Skúli Guðmundsson (B),
Emil Jónsson (A).

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.
Kristín Sigurðardóttir (D),
Páll Þorsteinsson (B),
Jónas Árnason (C),
Helgi Jónasson (B),
Gylfi Þ. Gíslason (A).

7. Menntamálanefnd.
Gunnar Thoroddsen (C),
Páll Þorsteinsson (A),
Kristín Sigurðardóttir (C),
Jónas Árnason (B),
Gísli Guðmundsson (A).

8. Allsherjarnefnd.
Jóhann Hafstein (D),
Jörundur Brynjólfsson (B),
Jónas Rafnar (D),
Áki Jakobsson (C),
Finnur Jónsson (A).

Lagafrumvörp samþykkt.

1. Lántaka vegna landbúnaðarframkvæmda.

Á 5. fundi í Nd., 9. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild til lántöku vegna landbúnaðarframkvæmda [39. mál] (stjfrv., A. 46).

Á 6. fundi í Nd., 10. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Við 1. umr. fjárlaganna gerði ég nokkra grein fyrir horfum um útvegun lána og gat þess, að samningar við Alþjóðabankann hefðu leitt til þess, að bankinn hefði fallizt á að lána til landbúnaðarframkvæmda og áburðarverksmiðju sem svarar 32.6 millj. kr. Ekki er nákvæmlega tiltekið, hvernig þessu fé verður skipt, en áætlað er, að 17—18 millj. kr. fari til landbúnaðarframkvæmda, en 15—16 millj. kr. til áburðarverksmiðjunnar. Heimildin um lán til landbúnaðarframkvæmda er innifalin í l. nr. 43 frá síðasta þingi. Nú er ekki hægt að notast við þessa heimild af formlegum ástæðum, og verður því að hafa sérstaka lánsheimild, og því er þetta frv. samið. Vonir standa til, að lánið til landbúnaðarframkvæmda geti orðið 17—18 millj. kr., en það er ekki alveg útilokað, að það geti orðið meira, og þess vegna er farið fram á, að lánsheimildin verði allt að 20 millj. kr. Annars er frv. ekki annað en endurtekning á fyrri samþykkt Alþingis.

Nú stendur málið þannig, að þessa dagana er verið að reyna að ljúka við samninga varðandi þetta. Mér væri því kært, ef hv. þm. gætu fallizt á, að málinu yrði ekki vísað til n., þar sem það er í raun og veru ekki annað en endurtekning á fyrri samþykkt Alþ. Ef hv. þm. finnst það ekki viðurkvæmilegt, er rétt að vísa málinu til fjhn. Annars legg ég til, að málinu verði vísað til 2. umr.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Eins og hæstv. fjmrh. gat um, er nú endanlega verið að ganga frá þessari lántöku hjá Alþjóðabankanum, sem ríkisstj. hefur unnið að undanfarið samkvæmt heimild síðasta Alþ. Hæstv. fjmrh. hefur í þessu sambandi farið tvisvar sinnum vestur um haf til viðræðna við Alþjóðabankann í Washington, og honum til aðstoðar hafa einnig tekið þátt í þeim umræðum sendiherra okkar í Washington og umboðsmaður okkar í Alþjóðabankanum, Jón Árnason bankastjóri Landsbankans, sem sæti á í stjórn Alþjóðabankans af Íslands hálfu, og enn fremur fjárhagsráðunautur ríkisstjórnarinnar, Benjamín Eiríksson. Það mætti ætla, að hér væri um stórmál að ræða, þar sem svo margir og mætir menn hafa lagt hönd á plóginn, en upphæðin er ekki eins há og vonir stóðu til. Málið er þó merkara en upphæðin gefur til kynna, og þó að ég hafi ekki vald til að segja meira en hæstv. fjmrh. sagði við 1. umr. fjárlaganna, vil ég þó árétta þær vonir stj., sem hann þá lét í ljós, að þetta verði aðeins fyrsta skrefið á æskilegri braut landbúnaðinum til framdráttar til frekari viðskipta við Alþjóðabankann.

Eins og allir hv. þm. vita, býr sjávarútvegurinn, sem verið hefur aðalútflutningsatvinnuvegur landsmanna, nú við rýrnandi fjárhag og á nú við mikla erfiðleika að stríða, en það hefur m. a. skapað ríkari skilning á því að styrkja aðra atvinnuvegi landsins. Í því sambandi er það bæði merkilegt og gleðilegt, að mikil eftirspurn er nú orðin eftir íslenzku sauðakjöti erlendis við hagstæðu verði, en það gefur þróun íslenzks landbúnaðar nýja, víða og mjög æskilega möguleika. Þetta vildi ég segja um upphæðina og þær vonir, sem ríkisstj. elur í brjósti í sambandi við þessa lántöku um aukna ræktun landsins og betri hagnýtingu þeirra möguleika, sem íslenzk gróðurmold hefur að geyma. Og ég hygg, að það sé rétt, eins og hæstv. fjmrh. mun hafa vakið athygli á við 1. umr. fjárlaganna, að ekki sé í mörg önnur hús að venda varðandi skilning á möguleikum íslenzkrar moldar en til Alþjóðabankans.

Ég tel rétt að skýra frá því, að þessi lántaka hefur að sumu leyti skert möguleikana á því að hrinda sementsverksmiðjunni í framkvæmd á næstu tveimur árum. Þegar núverandi ríkisstj. var mynduð, var það bundið fastmælum að hrinda í framkvæmd þremur stórframkvæmdum: Laxárvirkjuninni, Sogsvirkjuninni og áburðarverksmiðjunni. Sementsverksmiðjan varð þá útundan, og þrátt fyrir ríkjandi áhuga beggja flokkanna fyrir málinu þorðu þeir ekki að gera bindandi samning um hana, en það var frá upphafi áform ríkisstj., að bygging sementsverksmiðjunnar yrði framkvæmd strax þegar þessum þremur stórframkvæmdum væri lokið. Þegar lántökuheimildin til landbúnaðarframkvæmda var

samþ. á síðasta þingi, gerði enginn ráð fyrir því, að það mundi tefja byggingu sementsverksmiðjunnar. Það fór þó svo, að þegar hæstv. fjmrh. og samstarfsmenn hans gerðu tilraun til að binda endi á þessa lántöku, þá tjáðu forráðamenn Alþjóðabankans þeim, að það væri föst venja, þegar slík lán væru veitt, að skýra hlutaðeigandi þjóðum frá því, hvaða vonir þær gætu gert sér um frekari lán frá bankanum á næstu mánuðum eða missirum. Stjórn bankans sagði, að á næstu tveimur árum gætu Íslendingar ekki vænzt þess að fá meiri lán en þær 76 millj. kr., sem þeir væru búnir að fá. Við mættum því ekki byggja á frekari lántökum frá bankanum næstu fjögur til fimm missiri, þótt bankinn væri hins vegar reiðubúinn til að ræða frekari fyrirætlanir okkar, ef þær væru í samræmi við æskilegan hraða fjárfestingar hér og í öðrum löndum. Íslendingar eru í þessu efni háðir sömu reglum og aðrar þjóðir, og eru þær í samræmi við venjur viðskiptalífsins og viðskipti banka almennt við viðskiptavini sína. Um leið og ég vil undirstrika, að alls ekki er útilokað, að möguleikar séu fyrir hendi til þess að fá lán til sementsverksmiðjunnar, þó að dyrnar að Alþjóðabankanum hafi þrengzt nú um sinn, vil ég, að öllum sé það ljóst, að ákvörðun ríkisstj. um að láta lán til landbúnaðarframkvæmda sæta forgöngu hefur dregið úr möguleikunum á því, að sementsverksmiðjan komist á fót 1953. Þetta vil ég að liggi skýrt fyrir, svo að menn geri sér engar tyllivonir. Ég þarf ekki að fjölyrða um ágæti þess, að sementsverksmiðjan verði byggð, það er jafnmikið hagsmunamál fyrir kaupstaðabúa og bændur og óhætt að fullyrða, að hún verði til blessunar fyrir þjóðarheildina. Ég vil hins vegar lýsa því yfir fyrir hönd ríkisstj., að hún mun, eins og hún áður hefur haft á oddinum Laxárvirkjunina, Sogsvirkjunina og áburðarverksmiðjuna, beita sér fyrir því með öllum eðlilegum og tiltækilegum ráðum, að sementsverksmiðjan rísi af grunni sem fyrst. Ég tel ekki loku fyrir það skotið, að unnt sé að afla fjár til hennar annars staðar en hjá Alþjóðabankanum, og stj. mun reyna að ýta málinu úr vör eins skjótt og unnt er.

Ég vil svo taka undir þau tilmæli hæstv. fjmrh., að þetta mál fái fljóta afgreiðslu, svo að ekki standi á lagaheimildinni. Hvað sem öðru líður, tel ég, að enginn þurfi að sæta mótmælum samvizku sinnar, þó að hann samþ. þetta, þar sem hér er kannske verið að opna nýja möguleika fyrir landbúnaðinn í framtíðinni. Ég veit ekki, hvort hv. þm. telja ástæðu til að vísa málinu til n., en ég mundi vilja óska þess, að það sigldi hraðbyri gegnum þingið, helzt í dag.

Emil Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki verða langorður. Þetta frv. er lítið annað en endurtekning á þeirri heimild, sem ríkisstj. var veitt á síðasta þingi í öðru formi. Þessi litla hækkun getur ekki valdið neinum ágreiningi, og ég get líka fallizt á að hraða málinu. En það er tvennt annað, sem ég vildi sérstaklega minnast á í sambandi við afgreiðslu málsins. Ef ég hef skilið hæstv. atvmrh. rétt, virðist þessi lántaka eiga að kosta það, að fresta verði byggingu sementsverksmiðjunnar um að minnsta kosti tvö ár. Þegar vakin var athygli á því á sínum tíma, að sementsverksmiðjan væri ekki með í þeim samningi, sem stjórnarflokkarnir gerðu með sér um samvinnu, var því lýst yfir, að mig minnir af einum ráðh., að það skipti ekki máli, því að auðvelt væri að fá lán erlendis til hennar. Það átti því ekki að seinka afgreiðslu málsins, þó að hún væri ekki tekin með í samninginn. Eins og kunnugt er bíða nú margir eftir því með óþreyju, að þessi verksmiðja verði reist, og þess vegna þykir mér allur sá dráttur, sem á því kann að verða, vægast sagt leiður og æskilegast, að málinu verði hraðað, þó að möguleikar í þessum banka, sem þetta lán hefur verið tekið í, séu ekki miklir á næstu missirum. Ég vildi aðeins fyrir mitt leyti undirstrika það og beina til ríkisstj., hvort hún sjái sér ekki fært að reyna fyrir sér á öðrum vettvangi að fá það fé, sem þarf til þessara nauðsynlegu bygginga, svo að hægt væri að hefjast handa ekki síður fyrir því, þó að þetta lán til landbúnaðarins verði nú tekið hjá Alþjóðabankanum.

Í annan stað langar mig að beina til hæstv. fjmrh. ofur lítilli fyrirspurn. Í heimild þeirri, sem samþ. var ríkisstj. til handa á síðasta Alþ., er gert var ráð fyrir því að taka lán til landbúnaðarframkvæmda, var látin fljóta með eftir mjög miklar bollaleggingar mjög lítilfjörleg upphæð, 3 milljónir ísl. kr., til iðnlánasjóðs. Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. hafi ekki gleymt þessari litlu upphæð, þegar hann var að leita fyrir sér um lán til landbúnaðarins, því að eins og hæstv. atvmrh. tók greinilega fram, er ekki ófyrirsynju, þótt reynt verði að beina atvinnustarfsemi og fjármálum að einhverju leyti inn í annan farveg en fjármagnið hefur að mestu leyti runnið að undanförnu, þ. e. í sjávarútveginn. Ég álít æskilegt, að hægt verði að finna stuðning til handa iðnaðinum í landinu líka. Á þetta hefur hvorugur hæstv. ráðh. minnzt, og þá þykir mér rétt að óska eftir að fá upplýst, hvort þetta hafi verið tekið með og hvað þessu máli líður. Alveg eins og menn bíða spenntir eftir því að vita, hvað líði framkvæmd sementsverksmiðjumálsins, bíða menn einnig með óþreyju að fá að einhverju leyti bætt úr fjárskorti iðnaðarins. Það er að vísu ekki hægt að búast við árangri af þessari upphæð út af fyrir sig. En eins og málið var lagt fyrir síðasta þing, þar sem með þessu litla fjárframlagi ríkisins væri hægt að gera ráð fyrir, að um myndun stærri stofnunar yrði að ræða, þá gæti hún, ef afgreidd yrði, orðið til verulegra bóta.

Mín fyrirspurn til hæstv. fjmrh. er því þessi, hvort hann hafi tekið þetta mál til athugunar um leið og hann tók fyrir möguleika til lánsútvegunar fyrir landbúnaðinn og hvað því líði, hvort þetta sé nokkuð á veg komið og hvort einhvers árangurs megi vænta á næstunni.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Óhætt er að taka undir það, sem hv. þm. Hafnf. sagði, að dráttur sementsverksmiðjuframkvæmdanna frá því, sem upphaflega var gert ráð fyrir, er mjög baga-

legur. Það er ákaflega langur afhendingarfrestur á vélum — ég held 12—18 mánuðir. Þess vegna höfum við mikinn áhuga fyrir að geta komið málinu í horf fyrir áramótin, þannig að hægt sé að panta vélarnar fyrir þann tíma, því að ýmiss konar umleitanir fara fram við Alþjóðabankann, eins og mönnum er kunnugt. En staðið hefur á svörum. Í fyrsta lagi út af því, að bankinn hefði ekki lokið sérfræðilegum athugunum sínum, en bjóst þó við, að þeim yrði lokið fljótlega. Sérstaklega voru áhyggjur út af einum fyrirhuguðum þætti í framleiðslunni, sem ekki er vitað enn, hvort valdi aths. frá þeirra hendi við áætlunina. Annað var það, að tæknilegum athugunum var ekki lokið. Ég hef greint frá því, að bankinn lét vita, að búast mætti við, að dráttur yrði á þangað til eitthvað sæist meira en hægt er nú að sjá, hvernig okkur gengi að framkvæma þessi stóru mannvirki, sem við höfum nú í framkvæmd. Hins vegar er, eins og hæstv. atvmrh. tók fram, engu lokað um það að fá síðar í þessari stofnun framlag til verksmiðjunnar, ef þeim falla vel áætlanir að loknum tæknilegum athugunum. Mér er óhætt að lýsa yfir fyrir hönd stj., að hún leitast fyrir um öll tiltækileg úrræði til að koma verksmiðjunni á fót svo fljótt sem mögulegt er og lætur einskis ófreistað.

Varðandi iðnaðinn gat ég þess við 1. umr. fjárl., að ef stj. tækist ekki fyrir áramót að útvega lán til að greiða þetta framlag, sem ákveðið er til iðnlánasjóðs, mundi hún sjá um, að það yrði lagt fram öðruvísi. Ástæðan til þess, að málið var ekki tekið fyrir við Alþjóðabankann í sambandi við hin málin, var sú, að við vorum með í einu í sjálfu sér allt of mörg mál, tvær stórar virkjanir, áburðarverksmiðjuna, landbúnaðarlánin og sementsverksmiðjuna, m. ö. o. fimm áætlanir. Og mér fannst ekki koma til mála að gera málið flóknara með því að blanda inn í svona lítilli fjárhæð til iðnaðarins. Ef svo fer, að það getur ekki flotið með togaralánum í Bretlandi, verðum við að leggja það fé fram öðruvísi. Að gefnu tilefni rifja ég þetta upp.

Emil Jónsson: Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir þessi orð um framlag til iðnlánasjóðs. Ég tek yfirlýsinguna þannig, að verði fé ekki útvegað að láni, muni ríkisstj. leggja það fram úr sínum sjóði fyrir eða um næstu áramót.

Um sementsverksmiðjuna þykir mér líka gott að heyra, að ríkisstj. hefur fullan hug á því að leita fyrir sér annars staðar en hjá þessum banka, ef ekkert fæst hjá honum fyrr en að tveimur árum liðnum.

Það er rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að það er langur afgreiðslutími á ýmsum tækjum og vörum, sem til verksmiðjunnar þarf. Það er því vissulega ástæða til að vera með áætlanir nokkuð á undan þeim tíma, sem maður hefur von um að fá fé til hennar, svo að ekki standi á þessum tækjum. En ég vil eindregið skilja orð hæstv. ráðh. þannig, að það verði leitazt við að útvega þetta lán til verksmiðjunnar annars staðar, ef það fæst ekki einnig á þessum stað, svo að áframhald verði með framkvæmdir nú, eins og ekkert hefði í skorizt. Með þessum lánveitingum til landbúnaðarins virðist útilokað að fá lán hjá Alþjóðabankanum til sementsverksmiðjunnar á næstu tveimur árum, svo að með þessari ráðstöfun er sá afturkippur því miður kominn í þetta mál, að á þessum stað fást þessir peningar ekki. En ég vil sem sagt vona það, að hæstv. ríkisstj. takist á öðrum vettvangi að fá það, sem til þarf, svo að byggingin þurfi ekki að tefjast af þeim sökum meir en orðið er, vegna þess að hún fékk ekki að fljóta með þeim fyrirtækjum, sem tekin voru á sínum tíma undir Marshallhjálp.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Hæstv. fjmrh. hefur sagt það, sem máli skiptir, til að upplýsa fyrirspurn hv. þm. Hafnf. Ég leiði aðeins athygli að því, að þó að þessi lántaka hefði ekki rýrt möguleika fyrir lántöku hjá Alþjóðabankanum í þágu sementsverksmiðjunnar, þá mundi vafalítið hafa orðið dráttur á framkvæmdum, því að ég held það sé nokkuð samhuga álit flestra þeirra, sem eru kunnugir þessu máli, að okkur er tæplega fært að ráðast í það fyrirtæki fyrr en lokið er virkjununum og áburðarverksmiðjunni. Og mér finnst ástæða til að ætla, að nokkur dráttur — svo að ég orði það ekki sterkar — verði á því, að þessum stóru mannvirkjum verði lokið, umfram þann tíma, sem ætlaður var í öndverðu. Af þeim ástæðum mundi sementsverksmiðjan eitthvað hafa dregizt. En ég er ekki alveg sannfærður um, að af þessari lántöku þurfi að leiða verulegan drátt umfram það, sem stafar af þeim ástæðum, sem ég áðan gat um. Að vísu er rétt, sem hæstvirtur fjmrh. sagði, að afgreiðslufrestur véla og verkfæra til verksmiðjunnar er mjög langur og þess vegna æskilegt að hafa ákveðið fyrirheit um fé til sementsverksmiðjunnar nægilega snemma, til þess að hægt sé að hefjast handa þegar sýnt þykir, að hinum framkvæmdunum muni verða lokið. En ég skal aðeins bæta þessu tvennu við: Fyrst, að ég tel nokkuð sterkt að orði komizt, að þetta lán þurfi að loka fyrir lántökumöguleika í Alþjóðabankanum á næstu missirum, en við kunnum að hafa þrengri dyr inn um að komast. Í öðru lagi, að það er samhuga vilji allrar stj. að neyta allra eðlilegra og skynsamlegra úrræða til lántöku með það fyrir augum, að framkvæmd verksmiðjubyggingarinnar tefjist ekki af þeim ástæðum. Og þá á ég við, að hægt verði að hefjast handa með fullri athafnasemi þegar hinum stóru virkjunum er lokið eða er um það bil að ljúka.

Annarri fyrirspurn hv. þm. Hafnf. hefur verið svarað. En mér þykir rétt að taka fram, þar sem ég hef fram á þetta þing farið með iðnaðarmálin, sem ég geri ekki lengur, að ég lagði nokkra áherzlu á, að þau yrðu ekki útundan, og var engin fyrirstaða hjá ríkisstjórninni um það.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 7. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 8. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 7. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Með l. nr. 43 frá 1951 var ríkisstj. veitt heimild til 15 millj. kr. lántöku til framkvæmda í þágu landbúnaðarins. Ég hef við 1. umr. fjárlaganna gefið skýrslu um aðgerðir ríkisstj. í þessu efni, og skal ég ekki endurtaka hana hér. Niðurstaða þessara mála hefur orðið sú, að Alþjóðabankinn hefur gengizt inn á að lána til virkjananna sem svarar 40 millj. ísl. kr. og til landbúnaðarframkvæmda og áburðarverksmiðju rúmar 32 millj. kr. Það er ekki ákveðið til fullnustu enn, hvernig þessar 32 millj. skiptast, en gera má ráð fyrir, að til áburðarverksmiðjunnar gangi 15—16 millj. kr. og til landbúnaðarins 17—18 millj., en þessi lánsupphæð gæti þó ef til vill orðið lítið eitt hærri. Nú er ekki hægt að nota sér lánsheimildina til landbúnaðarins eins og hún er í l., og því er þetta frv. flutt, þar sem farið er fram á heimild fyrir ríkisstj. til að taka allt að 20 millj. kr. lán, og mundi þá við samþykkt þess falla úr gildi heimildin frá í fyrra um 15 millj. kr. lán til landbúnaðarframkvæmda. Hins vegar er hér um að ræða nokkra hækkun á heimildinni, þar sem tækifæri hefur gefizt til að fá ofur lítið hærri upphæð en 15 millj. og jafnvel hærri en 18 millj., þótt það sé enn ekki vitað að fullu. Þetta frv. er að langmestu leyti endurtekning á l. um þetta efni frá í fyrra, og vildi ég því mælast til, að hér yrði hafður sami háttur á og í hv. Nd., að málinu yrði ekki vísað til nefndar, og mundi málið þá geta gengið fljótar gegnum þingið. Ég vil því ekki gera það að till. minni, að málinu verði vísað til nefndar, og vonast ég til, að hv. dm. geti fallizt á afgreiðslu málsins á þennan hátt.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Það er alveg rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að hér er aðeins um endurtekningu á l. frá síðasta þingi að ræða og gerir því ekki til, þótt málið komi ekki fyrir nefnd. Um þetta get ég verið honum alveg sammála. Ég vil þó leyfa mér að víkja sérstaklega að tveim atriðum í þessu sambandi. Á síðasta þingi, þegar þetta mál var til umræðu, var talið, að það gæti verið mjög varhugavert að stofna til lántöku erlendis í öðru skyni en verja fénu til fyrirtækja og stofnana, sem væru þess umkomin að auka gjaldeyristekjurnar eða þá draga úr kaupum fyrir erlendan gjaldeyri, þ. e. a. s., að ráðstöfun fjárins gæti annaðhvort stuðlað að gjaldeyrisöflun eða gjaldeyrissparnaði. Á þetta var bent af ýmsum á síðasta Alþingi, en meiri hl. þingmanna leit svo á, að ekki væri hægt að halda þessari gömlu stefnu áfram, og lagði hann þá til, að lagt yrði út í nýja lántöku. Ég skal ekki taka hér upp kappræðu um það, hvort rétt sé að fara inn á þessa braut, enda þótt margur mundi hika við slíkar ráðstafanir sökum þess, að enn eru í fersku minni hinar tvær síðustu gengisbreytingar. En nú hefur verið ákveðið að taka lán hjá Alþjóðabankanum á þessu ári, sem nemur samtals um 72 millj. kr. Hæstv. ráðh. gat hins vegar ekki um það í ræðu sinni, hvort með þessum lánveitingum í ár væri girt fyrir, að frekari lán fengjust á næstunni frá þessari stofnun. Ég vil því í þessu sambandi spyrja hæstv. ráðh., hvort með þessari lánveitingu nú sé útilokað, að Alþjóðabankinn veiti lán til sementsverksmiðju þeirrar, sem fyrirhugað er að koma hér upp á næstunni. Ég vil segja, að hér sé vissulega um hliðstæðu áburðarverksmiðjunnar að ræða, og veit ég því, að hæstv. ráðh. hefur haft þetta í huga vestra, og vona ég hann geti gefið upplýsingar um þetta nú. Í öðru lagi vil ég benda á það, að ef talið er fært að ráðast í þessa lántöku til landbúnaðarframkvæmda, sem gengið er frá á þann hátt, að öll áhætta vegna gengisbreytinga lendir á bönkunum hér, þá sé ég ekki annað en bein skylda hvíli á ríkisstj. að leita sömu ráða til að bæta úr húsnæðisöngþveitinu í kaupstöðum og kauptúnum. Ég neita ekki og vil ekki draga úr þörf landbúnaðarins til aukins fjármagns, en enginn neitar öngþveitinu í húsnæðismálunum og því, að þar er brýn þörf úrbóta. Sé hægt að taka lán til þess að bæta úr fjármagnsþörf landbúnaðarins, ætti á sama hátt að vera hægt að leitast við að fá lán til hjálpar þeim, sem nauðsynlegt er að byggja íbúðarhús yfir sig og sína. Ég vil því óska þess, að hæstv. ráðh. upplýsi þessi tvö atriði: Í fyrsta lagi, hvað líði láni til sementsverksmiðjunnar, og í öðru lagi, hvort hann hafi ekki haft í huga að útvega lán til byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Núverandi ríkisstj. lítur svo á, að það eigi að vera meginstefnan að taka ekki erlend lán, nema þau leiði til aukinna gjaldeyristekna eða sparnaðar á gjaldeyri, og hún er á þeirri skoðun, að þetta lán uppfylli þau skilyrði. Það ætti að vera auðsætt, að efling landbúnaðarins á þennan hátt leiðir til aukinnar framleiðslu á landbúnaðarvörum, bæði til neyzlu innanlands og útflutnins, og eins og stendur er kjötútflutningur að aukast til Ameríku og góðar horfur á, að markaðurinn þar sé til frambúðar.

Hvað viðvíkur þeirri spurningu hv. 4. þm. Reykv., hvort ríkisstj. hafi haft til athugunar að leita eftir láni erlendis til byggingar á íbúðarhúsum í kaupstöðum og kauptúnum, get ég upplýst, að svo hefur ekki verið. — Þá spurði hv. þm., hvort málum væri þannig komið nú, að útilokað væri að fá lán frá Alþjóðabankanum til sementsverksmiðju. Þessi lánamál standa þannig nú, að við höfum staðið í samningum við Alþjóðabankann um lán til fimm framkvæmda, Sogs- og Laxárvirkjananna, áburðarverksmiðjunnar, sementsverksmiðjunnar og landbúnaðarins. Til þessara framkvæmda hefur nú bankinn lánað sem svarar 72 millj. og 600 þús. ísl. króna. Síðustu svör bankans voru á þá leið, að bankinn mundi reiðubúinn að lána 2 millj. dollara til viðbótar, en meira mundi bankinn ekki sjá sér fært að lána til framkvæmda á Íslandi á næstunni. Þegar þetta var rætt við forráðamenn bankans, kom það í ljós, að þeir tóku þessa afstöðu ekki vegna þess, að þeir efuðust um örugga afkomu þessara fyrirtækja eða þeir drægju í efa, að Íslendingar gætu staðið í skilum með þessi lán, heldur vegna þess, að þeim er skylt og nauðsynlegt, þar sem við höfum svo miklar framkvæmdir í takinu, að fylgjast með þeim og sjá, hvernig við stöndum okkur. Við getum því sagt, að með því að ákveða, að þetta lán renni til landbúnaðarframkvæmda, útilokum við, að það renni til sementsverksmiðjunnar; sem sagt, að í bili horfi þannig, að við getum ekki fengið lán til sementsverksmiðjunnar. Ef hins vegar okkur tækist að sýna, að við getum ráðið við þessi lán, er ekki útilokað, að þessi stofnun fallist á að veita lán til sementsverksmiðju. Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að þegar bankanum berast beiðnir um lán, lætur hann ætíð fara fram athugun á tekniskum atriðum þeirra framkvæmda, sem um er að ræða, og fulltrúar bankans í þessum efnum hafa látið í ljós kvíða um það, að ekki verði hægt að ná því efni úr botni Faxaflóa, sem fyrirhugað er til verksmiðjunnar. Athugun á þessum atriðum var þó ekki fyllilega lokið, en þeir bjuggust við, að niðurstöðu mætti vænta í þessum mánuði. Ég mun því svara þessari spurningu hv. þm. þannig, að í bili getum við ekki fengið lán til sementsverksmiðjunnar, nema þá við drægjum úr annarri fjárfestingu. Hins vegar veltur þetta allt á því, hvernig okkur gengur með þessar miklu framkvæmdir, sem við stöndum nú í. Annars orðaði ég þetta atriði þannig í skýrslunni, sem ég gaf við 1. umr. fjárlaganna, að dráttur gæti orðið á frekari lánveitingum af bankans hendi. Hvað þessi dráttur verður langur, fer eftir því, hvernig okkur tekst að stýra fjárhagsmálum okkar.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir skýr svör við spurningum mínum. Að því er snertir spurninguna um það, hvort ríkisstj. hefði leitað eftir láni til íbúðabygginga í kaupstöðum og kauptúnum, var svar hæstv. ráðh. eindregið. Hann kvaðst ekki hafa leitað eftir láni í því skyni. Þetta er stutt og skýrt svar, en ég hefði gjarnan kosið það á annan veg. Um hina spurninguna, hvort útilokað væri nú að fá lán frá Alþjóðabankanum til sementsverksmiðjunnar, var ráðh. langorður, en niðurstaða hans varð sú, að í bili væri ekki að vænta frekari lána frá þeirri stofnun. Hve löng biðin yrði, gat hann ekki sagt um, en það væri engan veginn útilokað, að hægt yrði að fá slíkt lán í framtíðinni. Hæstv. ráðh. lét skína í það, að að hans dómi væri lántaka til húsabygginga í kaupstöðum ekki sambærileg lántöku til landbúnaðarins, þar sem hin síðarnefnda yrði til þess að auka gjaldeyristekjurnar eða spara gjaldeyri með því að draga úr innflutningnum. Nú veit hæstv. ráðh., að það fjármagn, sem fæst með þessu landbúnaðarláni, rennur einmitt mestmegnis til húsabygginga, og það getur því orðið bið á því, að þess gæti í gjaldeyrisöflun okkar. Og ég lít svo á, að það megi sýna fram á það með sömu rökum og beitt er í sambandi við landbúnaðarlánið, að lán, sem varið yrði til þess að byggja íbúðarhús í kaupstöðum og kauptúnum, auki framleiðsluna í landinu og bæti þar með gjaldeyrisafkomuna. Hv. þm. Barð. benti réttilega á það við 1. umr. fjárlaganna, hve mikilsvert það væri fyrir hagsmuni þjóðarinnar, að verkafólkið byggi við gott og heilsusamlegt húsnæði. Í því atriði er ég honum fyllilega sammála. Ég verð því að líta svo á, að annað sjónarmið en hæstv. ráðh. vill vera láta hafi ráðið þessari lántöku. Það má telja víst, að sá gjaldeyrissparnaður, sem hefði orðið af byggingu sementsverksmiðju, hefði vegið margfalt á við þann sparnað, sem skapast af fyrirhugaðri eflingu landbúnaðarins. Ef fyrrnefnt sjónarmið hefði ráðið, hefði því verið byrjað á að taka lán til sementsverksmiðjunnar, og við verðum þá að slá því föstu, að önnur sjónarmið en gjaldeyrissparnaður hafi ráðið í þessu máli.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég sé ekki ástæðu til að fara að taka hér upp allar þær umr., sem urðu um þetta mál í öndverðu, en hv. 4. þm. Reykv. virðist stefna að því. Ég vil þó benda á í þessu sambandi, að þegar við tókum lán til virkjananna, verðum við að bíða nokkuð eftir því, að áhrifin komi fram í gjaldeyrisaukningu eða gjaldeyrissparnaði. Það þarf bæði tæki og framkvæmdir ýmiss konar til þess að hægt sé að notfæra sér raforkuna í heimahúsum og við iðnað, svo að ég held, að við þurfum ekki að bíða lengur eftir því, að hin góðu áhrif lántökunnar til landbúnaðarins komi fram, en eftir áhrifum lántökunnar til virkjananna. Þetta sýnir, að það skortir ekki rök fyrir þessari lántöku til landbúnaðarins. — Á þetta vildi ég aðeins drepa vegna ræðu hv. 4. þm. Reykv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 8. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 9. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 67).

---

2. Lántaka vegna áburðarverksmiðjunnar.

Á 5. fundi í Nd., 9. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild til lántöku vegna áburðarverksmiðjunnar [40. mál] (stjfrv., A. 47).

Á 6. fundi í Nd., 10. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 8. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það hefur verið gerð grein fyrir þessu frv. með skýrslu í sambandi við 1. umr. fjárl. og þeim orðum, sem ég hafði fyrir næsta máli á undan á dagskránni. Þó vil ég geta þess, að lántökuheimildin fyrir áburðarverksmiðjuna er í áburðarverksmiðjulögunum mjög almennt orðuð, fjárhæðir ótilteknar. Segir þar, að stj. sé heimilt að taka þau lán, sem þarf til verksmiðjunnar. Er því þetta frv. innan þess ramma, sem áður var sniðinn. En þetta þarf að vera í sérstökum lögum.

Nú stendur eins á um þetta mál og málið á undan (lántökuheimild til landbúnaðarins), að þessi lánssamningur er í smíðum. Er búið að ganga að nokkru frá honum, en þó liggur ekki eins mikið á að afgr. þetta mál eins og hitt, enda hefur komið fram ósk frá einum hv. þm., sem ég átti tal við, um það, að málið færi til n. Þess vegna geri ég að till. minni, að það fari til fjhn. En ég vonast eftir, að n. vildi gera þann greiða að afgr. málið þannig, að það gæti komið til umr. á morgun.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það var síður en svo vegna þess, að ég vildi tefja fyrir samþykkt þessarar lántökuheimildar, að ég óskaði eftir við ráðh., að þetta mál yrði látið fara til fjhn., þó að fyrsta málið á dagskránni færi nefndarlaust í gegn. En ég álít, að það séu vissir hlutir óklárir viðvíkjandi l. um áburðarverksmiðju. Ég hef áður vakið máls á því, að mér finnst þau l. ekki nógu öruggur fjárhagslegur grundvöllur, t. d. í hvers eign þessi verksmiðja sé og hvernig hún muni rekin.

Í þessu frv. segir svo í 1. gr.: „Ríkisstj. er heimilt að taka að láni allt að 16 millj. króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendum gjaldeyri og endurlána Áburðarverksmiðjunni h/f með sömu kjörum og lánið er tekið.“ — Í l. um áburðarverksmiðju er slíkt fyrirtæki hvergi nefnt á nafn, nema sem eins konar aukamöguleiki í 13. gr. Og ég býst við, að þeir þm., sem voru á þingi þegar það frv. var samþ., muni, að 13. gr. var sett inn við 3. umr. í Ed. og kom til einnar umr. í Nd. Frv. var gerbreytt í þessari meðferð. Í 13. gr. er ekki neitt nafn á því fyrirtæki, sem skuli reka verksmiðjuna, og eftir því, sem hæstv. landbrh. lýsti yfir, ekki vitað, hver skuli eiga hana.

Í 13. gr. segir, með leyfi hæstv. forseta: „Ef slík framlög nema minnst 4 milljónum króna, leggur ríkissjóður fram hlutafé, sem þá vantar til, að hlutaféð verði alls 10 milljónir kr., og skal verksmiðjan þá rekin sem hlutafélag.“ M. ö. o., einu lagaafskiptin af þessu eru, að verksmiðjan skuli rekin sem hlutafélag, en engin fyrirmæli um, hverra eign þetta hlutafélag skuli vera, en hins vegar í 3. gr. tekið fram, að verksmiðjan sé sjálfeignarstofnun.

Ég álít, að l., eins og þau mæla fyrir nú, heimili aðeins, að þetta hlutafélag hafi með rekstur verksmiðjunnar að gera, en bæði bókstafur og andi l. sé þess efnis, að verksmiðjan sé eign ríkisins. Og ég vil í því sambandi vekja athygli á því, að það væri í raun og veru allundarleg meðferð á fé og lánstrausti og lánveitingum ríkisins, ef þetta ætti að vera öðruvísi. Hlutafélagið, sem hér um ræðir, á að hafa 10 milljóna kapital. Þar af leggur ríkið fram 6 milljónir, en félög og einstakir aðilar 4 milljónir. Hvað kemur áburðarverksmiðjan til með að kosta? Ef til vill 70—80 milljónir. En í frv., sem fyrir liggur, er byrjað með því að ákvarða, að lagðar skuli fram 16 millj. af hálfu ríkisins, sem það tekur að láni og ábyrgist. Síðan er gengið út frá að lána þetta til hlutafélags, sem hefur kapital upp á 10 milljónir. Ef haldið er áfram á sama hátt og þeir einstöku hluthafar útvega ekki meira en þeir nú hafa gert, og geri ég ráð fyrir, að það sé fullerfitt, þá heldur ríkið áfram með óafturkræft framlag samkv. 2. gr., þar til upphæðin verður milli 70 og 80 milljónir kr., með ýmsum lánum og ríkissjóðsframlagi. Þeir aðilar, sem lagt hafa þá fram 4 milljónir, munu hafa allmikla aðstöðu til áhrifa, og það er ekki víst, að þeir hagsmunir, sem bornir verða fyrir brjósti, verði fyrst og fremst hagsmunir ríkisins. Hitt er gefið, að gangi þetta fyrirtæki vel, hlýtur það að skapa þeim yfirráðandi aðilum óeðlilega mikil völd og fjárhagslega aðstöðu miðað við hlutaféð, sem þeir hafa lagt fram. Kann þetta að verða deilumál fyrir dómstólum, þar sem kæmi til að meta hlutabréf þessara hluthafa og fjárhagslega aðstöðu í samræmi við þau. Ég álít þess vegna, að það væri heppilegast í sambandi við þetta mál, án þess að ég ætli mér nokkuð að tefja fyrir þessu frv., að fjhn. athugaði svolítið um þetta og fengi tækifæri til að ræða við ríkisstj. um frágang þessa máls og reynt verði þannig að athuga, hvernig þessu verði bezt fyrir komið.

Ég vil benda á eitt atriði. Segjum, að við ættum eftir að byggja við þessa verksmiðju, sem nú er fyrirhuguð, — segjum, að það ætti t. d. að gera hana helmingi stærri og e. t. v. þannig, að það yrði þá ríkið eitt, sem legði fram fé. Væri þá eðlilegt, að þessu sama hlutafélagi væri falin slík stjórn, þar sem ríkið ætti fyrirtækið að mestu leyti? Ég álít, að slíkt kæmi ekki til nokkurra mála og að úr því gæti aldrei orðið annað en tóm vitleysa, ef það væri ekki lagað strax í upphafi. Þegar fyrsta stórlánið er veitt til þessarar verksmiðju, finnst mér að væri rétt, að menn reyndu að koma sér niður á, hvernig þessu yrði kippt í lag. — Þetta vildi ég aðeins minnast á um leið og málið færi til nefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Nd., 12. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 47, n. 68).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Fjhn. hefur skilað áliti um þetta mál á þingskjali 68. Eins og þar kemur fram, mælir n. með því, að frv. verði samþ. En hins vegar vil ég geta í sambandi við þetta mál, að því var hreyft í fjhn., að ákvæði laganna um áburðarverksmiðju væru nokkuð óljós um það, hvernig væri fyrir komið í raun og veru umráðum þess fyrirtækis. Það var umtal um það í n. að taka til nánari athugunar lögin um áburðarverksmiðju. Ég vil geta um þetta. Ég geri ráð fyrir, að n. athugi það nánar. En það snertir út af fyrir sig ekki þetta lántökufrv., sem hér liggur fyrir.

Ásgeir Ásgeirsson: Ég hef skrifað fyrirvaralaust undir nál. og fylgi frv. án nokkurrar till. um breytingu.
Það er skýrt í þessu frv., að það lán, sem ríkissjóður tekur, er endurlánað verksmiðjunni og er skuld verksmiðjunnar. Hitt er annað, sem hv. frsm. gat um, að í sjálfum l. um áburðarverksmiðju er kannske ógreinilegt, hvernig rekstri og eignarrétti verksmiðjunnar skuli háttað. Þetta var allt greinilegt í frv. um verksmiðjuna, sem vera skyldi sjálfseignarstofnun á vegum ríkisins. En þegar svo kom á síðustu stundu brtt. um hlutafélagsrekstur og hún samþ., þá ruglaðist frv. Þarna getur verið um vafa að ræða, sem dómstólar þyrftu að skera úr á sínum tíma. Nú er óheppilegt, að Alþingi setji lög eða láti lög standa, sem fela í sér slíkt vafaatriði sem geti orðið dómstólamál, og tel ég því eins og hv. frsm., að þetta beri að athuga nánar í n. eða af hæstv. ríkisstjórn, eða hvorum tveggja. En eins og ég sagði, er þetta annað mál en það, sem fyrir liggur, þó svo skylt, að ég taldi rétt að taka þetta fram í sambandi við málið.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég hef skrifað undir þetta nál. með fyrirvara, og það var vegna þess, að ég vildi, að það kæmi skýrt fram, sem ég held reyndar að sé skoðun allra meðnm. minna í fjhn., að með síðari hluta 1. gr. þessa frv. sé engu slegið föstu um skilning Alþingis á þeim lögum, sem um áburðarverksmiðjuna fjalla. Ég hefði nú að vísu heldur kosið um þessa 1. gr., að síðari hlutinn hefði verið þannig orðaður: „og endurlána Áburðarverksmiðjunni h/f með sömu kjörum og lánið er tekið til byggingar áburðarverksmiðjunnar.“ Ég áliti það í meira samræmi. Minn skilningur er, að ríkið sjálft byggi verksmiðjuna og eigi hana, en hlutafélag sjái aðeins um reksturinn. Hins vegar þótti mér vænt um yfirlýsinguna frá hv. form. n. um, að samkomulag hefði verið í n. um það, að nauðsynlegt væri að taka sjálf lögin um áburðarverksmiðju til athugunar, því að það er auðvitað bezt að gera það sem fyrst, til þess að þeir menn, sem lagt hafa fram fé í þetta fyrirtæki og gert það í þeirri meiningu, að þeir eignuðust hlut í verksmiðjunni, geri það ekki með þeim forsendum, sem seinna mundu ekki standast, þannig að Alþingi væri hálfpartinn að blekkja þá með svona óljósri löggjöf um þessi mál. Þess vegna undirstrika ég, að það þarf að taka lögin fyrir til athugunar.
Ég vil, um leið og þetta mál heldur áfram, minna á það tæknilega atriði í sambandi við þetta mál, að þessi áburðarverksmiðja, sem fær ekki nægilegt rafmagn með Sogsvirkjuninni nú, er undirbúin á þeirri forsendu, að þriðju virkjun Sogsins, sem fyrirhuguð er, verði búið að framkvæma rétt eftir að áburðarverksmiðjan verður tilbúin. Verður það að vera, ef ekki eiga að hljótast vandræði um rekstur verksmiðjunnar. Ég álít, að það ætti að vera meiri samvinna og betri undirbúningur tæknilega undir verksmiðjurekstur og meira samstarf um þetta opinbera fyrirtæki milli þeirra aðila, sem sjá um stofnun verksmiðjunnar og virkjun Sogsins.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég vil aðeins þakka hv. fjhn. fyrir skjóta og góða afgreiðslu á þessu máli. Það hefur verið bent á það, að til athugunar sé að breyta áburðarverksmiðjulögunum, en það mál er sér í lagi.
Ég vil svo fara fram á við hæstv. forseta að hraða þessu máli eins og föng eru á.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 12. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Eins og menn vita, þá var leitað eftir láni hjá Alþjóðabankanum til þess að greiða kostnað við byggingu áburðarverksmiðju. Bankinn hefur samþ. að láta í té að láni um 850 þús. dollara, sem þó er ekki endanlega alveg afráðið. Nú er í lögunum farið fram á lántöku vegna verksmiðjunnar, en ekki miðað við neina fasta upphæð, bara heimilað að taka að láni fjárupphæð. Hins vegar þarf að leggja fyrir ákveðna lánsheimild, þar sem lánið er tekið erlendis. Þess vegna er þetta frv. flutt og farið fram á að veita tiltekna heimild, sem greinir í frv. Ég vil leyfa mér að vona, að þingdeildin samþykki þetta frv., og er núna verið að vinna að hinni formlegu hlið þessa máls.

Það væri æskilegt að afgreiða þetta mál án þess að senda það í n., ef d. sæi sér fært. Ef þess er óskað, að það fari í n., verður svo að vera. Færi svo, að hv. þm. óskuðu þess, að málið færi í n., óska ég þess, að n. gæti skilað svo fljótt áliti, að hægt væri að afgr. það á mánudag, og býst ég við, að það komi ekki að sök. Ég hef ekkert á móti því, að málið fari í n., en óska eftir því, að þessi háttur verði hafður á afgreiðslu málsins.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Mig langar til að spyrja hæstv. ráðh. um, hvort orðin í 1. gr. frv.: „endurlána Áburðarverksmiðjunni h/f með sömu kjörum og lánið er tekið" — beri að skilja þannig, að Áburðarverksmiðjan h/f greiði hallann af gengistapi og hljóti gróðann af gengishagnaði, ef hann yrði. Það má skilja, að svo ætti að vera. Það er ekki óeðlilegt, þó að það sé skýrt tekið fram í l., hver eigi að bera áhættuna af gengisbreyt. Ég vildi aðeins fá að heyra þetta áður en málið nær fram að ganga.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Mig langar að leita upplýsinga um það, hvað nú muni áætlað að áburðarverksmiðjan muni kosta. Mér hefur skilizt, að áætlun sú, sem gerð var á síðasta ári, hafi haggazt mikið, og tel ég, að það sé von, að svo sé. Ég hef heyrt nefndar ýmsar tölur, og þætti mér líklegast, að upplýsingar ráðh. væru sanni næstar. Ég vil líka spyrja, hve mikið framlag fáist af Marshallfé í áburðarverksmiðjuna. Hæstv. ráðh. minntist réttilega á, að í l. er heimild án takmarkana fyrir stjórnina að taka innlent lán til framkvæmdanna. Þetta frv. er því borið fram vegna þess, að stj. telur sig ekki hafa heimild til að taka erlent lán. Ég vil spyrja ráðh., hvort þetta fé ætti að nægja og hvort hann telji, að með þessu sé tryggt, að ekki þurfi nýja lántöku til áburðarverksmiðjunnar.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það er auðvitað ætlazt til, að áburðarverksmiðjan beri áhættuna af gengismismun. Hún tekur lánið með sömu kjörum, og þarf ekki að taka það frekar fram í lögunum. Í l. um lántöku vegna Sogs- og Laxárvirkjananna er sami háttur hafður á. Ríkið tekur lánið og endurlánar það með sömu kjörum. Það hafa allir aðilar litið á þetta sem sjálfsagt, enda væru það ekki sömu kjör, ef svo væri ekki. Aftur á móti er lántöku vegna landbúnaðarins öðruvísi háttað. Þar er gert ráð fyrir að lána með sömu kjörum, en áhættan er lögð á bankann.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. Vestm. spurði, þá er á síðustu áætlun ráðgert, að verksmiðjan kosti 93 millj. ísl. kr. Ég hef ekki haft tækifæri til að skoða áætlunina nýlega, en það getur komið til mála, að það vanti aðflutningsgjöld á hana. Ég veit þetta ekki fyrir víst, en hún er a. m. k. 93 millj. kr. Mér er ekki kunnugt, í hverju hækkunin liggur, en mun þó talsvert vera í vélum og flutningsgjöldum. Af Marshallfé er búið að láta til verksmiðjunnar 2 millj. 580 þús. dollara. Ég held, að þetta muni vera rétt, en þori þó ekki að ábyrgjast það. Þá er dálítið á reiki með einstaka hluti, hvort þeir verða keyptir í Evrópu eða Ameríku. En eftir nýjustu upplýsingum þykir líklegt, að 850 þús. dollarar muni duga fyrir Evrópukostnaði. Þá er sýnilegt, að þetta fer langt í það að duga, þó að ekki sé enn þá fullráðið, hvar einstakir hlutir verða keyptir. Það er ekki fyllilega hægt að miða við, að hægt sé að borga í Ameríkugjaldeyri þar, sem menn vildu helzt að hlutirnir yrðu keyptir.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir þessar upplýsingar. Það er sýnilegt, að áætlunin hefur hækkað mjög, en þó er eftir að vita, á hvaða tíma þessi 93 millj. kr. áætlun er gerð, með tilliti til hækkunar erlendis og innanlands. Með því viðhorfi, sem er, er hætt við, að áætlunin reynist sízt of há. Þó að 40 millj. kr. fáist sem gjafafé, er sýnt, að þessar framkvæmdir hvíla að meira en hálfu leyti á íslenzkum aðilum sem framlag eða lán. Ég skal ekki fjölyrða um þetta, en mér fannst rétt að minnast á, hvernig málið standi og hvað sé útlit fyrir að verksmiðjan muni kosta. Þær upplýsingar eru fengnar, að svo miklu leyti sem hægt er. Hæstv. ráðh. hefur gefið okkur þá mynd, sem fyrir liggur. Það væri vel farið, ef ekki þyrfti að taka frekara erlent lán, og þætti það ekki stórvægilegt, ef þetta hrykki til. Ég vildi óska, að það reyndist svo.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 74).

3. Skemmtanaskattur.

Á 1. fundi í Sþ., 2. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1952 [5. mál] (stjfrv., A. 5).

Á 4. fundi í Ed., 5. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Ed., 22. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 5, n. 98).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Stjfrv. þetta á þskj. 5 var til athugunar í fjhn., svo sem vera bar. Enginn ágreiningur varð í n., og mælir n. samhljóða með því, að frv. verði samþ. Ekkert kemur fram, sem bendir í þá átt, að ástæða sé til þess að innheimta ekki eins háan skemmtanaskatt og innheimtur hefur verið undanfarið af skemmtanahaldi í landinu, þar sem þörf þeirra aðila, sem eiga að njóta fjárins, virðist vera viðvarandi, en þeir eru: þjóðleikhúsið, félagsheimilasjóður, lestrarfélög og kaup kennslukvikmynda. Hins vegar taldi fjhn. rétt í þessu sambandi að vekja athygli á því, að það virðist vera eins og að skrifa á svell, sem þiðnar árlega, að endurtaka svona lagasetningu ár eftir ár, eins og gert hefur verið. Nefndin hefur því í áliti sínu viljað beina því til hæstv. ríkisstj. að taka til athugunar framvegis, hvort ekki sé rétt um löggjöf eins og þessa, sem reynslan er búin að sýna, að er viðvarandi þörf fyrir, að breyta stofnlögunum, því að það virðist vera lítil verkhyggindi, að hið háa Alþingi eyði tíma og fjármunum árlega í að setja slíka löggjöf. Einnig virðist alls ekki til þæginda fyrir þá, sem eiga að vinna samkv. þessari löggjöf, að hún sé ekki í einu lagi, heldur þurfi að leita ákvæða hennar á fleiri stöðum. Þetta vil ég leggja áherzlu á fyrir hönd n. Hins vegar taldi n. ekki rétt að tefja þetta frv. með því að gera það að till. sinni, að reglan væri strax upp tekin, því að hagkvæmt mundi vera, ef aukalögin væru felld inn í stofnlögin, að endurskoða þá stofnlögin í heild um leið, og það mundi taka tíma. En undirstrika vil ég það, að þetta ætti að vera til athugunar framvegis.
Að svo mæltu tel ég ekki ástæðu til að hafa fleiri orð að þessu sinni. Málið liggur svo ljóst fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Ed., 23. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 17. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 18. fundi í Nd., 25. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 19. fundi í Nd., 29. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 5, n. 147).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Það er víst ekki enn búið að útbýta nál. En fjhn. hefur athugað þetta mál og borið það saman við lög, sem fjalla um sama efni og giltu fyrir árið í fyrra, og er frv. alveg samhljóða þeim lögum. Og nm. eru sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir, þar sem í því felst aðeins framlenging á lögum og er nákvæmlega eins og það fyrirkomulag, sem í gildi er í ár og mun hafa gilt lengi áður.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., 5. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 168).

4. Gjaldaviðauki 1952.

Á 5. fundi í Sþ., 17. okt., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að innheimta ýmis gjöld 1952 með viðauka** [61. mál] (stjfrv., A. 87).

Á 14. fundi í Nd., 18. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta fjallar um framlengingu á ýmsum gjaldahækkunum, sem gilda í ár, og sömu ástæður eru nú sem áður fyrir þeim. Þarf ég ekki að hafa fleiri orð um það, en legg til, að því verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr. og til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Nd., 29. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 87, n. 124).

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Hér er á ferðinni frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að innheimta ýmis gjöld 1952 með viðauka. Fjhn. hefur athugað frv. og komst að raun um, að það er að öllu leyti samhljóða l., sem nú gilda um viðauka við ýmsar ríkistekjur á árinu 1951, og hér er því um að ræða framlengingu á tekjum, sem ríkissjóður hefur haft undanfarin ár. N. leggur til, að frv. sé samþ., en eins og fram kemur í nál. á þskj. 124 lýsti þó einn nm., hv. 2. þm. Reykv., sig ósamþykkan sumum liðum 1. gr., og mun hann þá gera grein fyrir sinni afstöðu, ef honum þykir ástæða til.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16:3 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÁ, KS, PÞ, PO, SÁ, SkG, StJSt, AE, ÁB, BÓ, EOl, EystJ, GTh, HelgJ, IngJ, JPálm, JS, JG.

LJós, ÁkJ, EmJ, GÞG greiddu ekki atkv.

13 þm. (JR, JörB, ÓTh, SB, SG, StSt, StgrSt, ÁÁ, ÁS, FJ, GG, HÁ, JóhH) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17:3 atkv.

Á 20. fundi í Nd., 30. okt., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 22. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 23. fundi í Ed., 1. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., 12. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 87, n. 173).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Fjhn. hefur athugað þetta mál, og er hún sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt. Ég skal þó taka fram, að einn nm., hv. 1. landsk. þm., var ekki viðstaddur þegar málið var afgr., og er n. því ókunnugt um afstöðu hans til málsins, og mun hann þá gera grein fyrir afstöðu sinni, ef honum þykir ástæða til. Það, sem farið er fram á hér, er að framlengja ýmsa skatta og tolla með ákveðnu álagi eins og sést á 1. gr. Skal ég fara nokkrum orðum um hin einstöku atriði.

Það fyrsta er að innheimta með 50% viðauka eignarskatt samkvæmt 14. gr. laga nr. 6 1935, álagðan á árinu 1952. Það hefur þótt heppilegra að hafa þann hátt á að innkalla skattinn með 50% álagi heldur en að breyta fasteignamatinu, en vitað er, að skatturinn er á lagður samkvæmt fasteignamati á ýmsum eignum; hins vegar eru smærri eignir, svo sem verðbréf og peningar, einnig hækkaðar hér um 50%. Það er vafasamt, hvort ekki ætti að undirbúa þetta fyrir næsta Alþ. og láta þetta falla niður og endurnýja ekki eins og hér er gert ráð fyrir, heldur breyta fasteignamatinu eða hækka eignarskattinn, ef það þætti tiltækilegt. Það er þó ekki mín till. nú, að það verði gert, vegna þess að ég er þeirrar skoðunar, að það eigi að nema þessi l. úr gildi, en meðan ekki er vitað, hvaða afgreiðslu það mál fær, þykir mér rétt að hefta ekki framgang þessa máls. Ég hef því verið samþykkur því, að þetta yrði samþ. að þessu sinni.

Næsta breyt. er að innheimta með 100% viðauka vitagjald samkvæmt lögum nr. 17 11. júlí 1911 *og síðari lögum um breyting á þeim lögum*, en þau hafa staðið óbreytt, þrátt fyrir það þó að verðgildi peninganna hafi lækkað, og þótti því nauðsynlegt að innheimta það með þessari hækkun.

C-liður er um að innheimta með 140% viðauka aukatekjur ríkissjóðs, sem taldar eru í l. nr. 27 27. júní 1921, en þar er um að ræða alls konar sektir o. fl., að undanteknum gjöldum samkvæmt VII. kafla laganna, sem innheimtist með 75% álagi, en þar er um að ræða gjöld fyrir skírteini alls konar, og hefur grunngjaldið á þessu held ég ekki verið hækkað síðan fyrir stríð. *Þykir því eðlilegt að leyfa að innkalla það* með því álagi, sem hér er um að ræða, með tilvísun til þeirra breyt., sem orðið hafa á gjaldmiðli þjóðarinnar.

D-liður er um að innheimta með 140% viðauka stimpilgjald, leyfisbréfagjald og lestagjald. Skýrir liðurinn sig sjálfur.

E-liður er um að innheimta með 200% viðauka gjöld samkvæmt IX. kafla laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, að undanskildum gjöldum samkvæmt 58. gr. laganna. Þessi gjöld hafa einnig verið sniðin eftir því verðlagi, sem var á peningum fyrir stríð, og er því eðlilegt, að þetta sé einnig hækkað, þar sem kostnaður við eftirlit hefur stórkostlega hækkað við hækkandi laun.

Síðasti liðurinn er raunverulega ekki annað en nýjar tollaálögur, og þótti rétt með tilliti til þarfa ríkissjóðs að leyfa einnig að innkalla með því álagi, sem þar greinir.

Ég hef aflað mér upplýsinga um það hjá ríkisstj., hvað þetta muni nema miklu, ef frv. nær ekki fram að ganga, og hef ég fengið upplýst, að hér sé um að ræða 11 millj. kr. fjárframlag eins og liggur nú fyrir þinginu, að þessar tekjur fáist inn, og það er ekki sýnilegt, að hægt sé að draga svo úr gjöldum á fjárlfrv., að það væri óhætt að fella þetta niður, því að allt bendir í þá átt, að það þurfi að bæta við gjaldabálkinn frá því, sem gert er ráð fyrir í frv., og mun það reynast svo áður en gengið er frá fjárl. Nefndin leggur því til, eins og ég hef tekið fram, að þetta frv. nái fram að ganga að þessu sinni, en telur að sjálfsögðu eðlilegast, að þetta væri ekki samþ. frá ári til árs, heldur væri gjöldunum breytt þannig, að þau gætu staðið óbreytt og þyrfti ekki að vera að framlengja þau á hverju ári. Einnig hefur verið minnzt á það í sambandi við aðrar framlengingar, að þess væri að vænta, að ríkisstj. taki til athugunar, hvort ekki væri hægt að koma þessum málum öllum í eðlilegra horf.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., 15. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 226).

5. Hvalveiðiskip.

Á 4. fundi í Nd., 5. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að leyfa h/f Hval innflutning á fjórum hvalveiðiskipum [30. mál] (stjfrv., A. 32).

Á 6. fundi í Nd., 10. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 8. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Þetta frv. er til staðfestingar á brbl., sem gefin voru út 23. maí s. l. Eins og öllum þm. er kunnugt um, þá hefur hlutafélag, sem nefnist Hvalur, starfrækt hér hvalveiðar undanfarin fá ár, en það er nýr atvinnurekstur í sögu íslenzku þjóðarinnar, og hann hefur verið starfræktur hér áður af öðrum fyrir alllöngu síðan. Ég hygg, að það megi segja, að þessi atvinnurekstur hafi gengið sæmilega og gefið bæði góða atvinnu þeim mönnum, sem þar vinna, og ríkinu einnig tekjur, beint og óbeint. Það ber þess vegna út af fyrir sig að sjálfsögðu að hlynna að slíkri starfsemi. Nú hefur þetta félag stundað hvalveiðar að undanförnu með skipum, sem það hefur a. m. k. ekki verið formlega eigandi að. Það hefur leigt til þess útlend skip, sjálfsagt tryggt sér forkaupsrétt að skipunum og komið sínum leigumálum þannig fyrir, að það gæti, ef æskilegt þætti, keypt þau og flutt inn til landsins, enda þótt skipin séu eldri en 12 ára, en það voru þau, og ástæðan til þess, að þetta frv. er borið fram, er einmitt sú, að skipin eru eldri en 12 ára, en samkv. gildandi l. má ekki flytja inn eldri skip en 12 ára gömul. Að ríkisstj. þótti skynsamlegt og nauðsynlegt að gefa út um þetta brbl., var vegna þess, að þetta hlutafélag tjáði henni, að það gæti keypt þessi skip við æskilegu verði, og jafnframt, að ekki væri kostur á að kaupa ný skip, nema þá við mjög miklu hærra og óhagstæðara verði, enda þótt tekið væri tillit til þess, að þessi skip eru gömul. Ég taldi þess vegna fyrir mitt leyti æskilegt að verða við þessari ósk og vænti þess, að hv. d. og hæstv. Alþ. geti orðið mér sammála um það. — Ég leyfi mér að vænta þess, að þessu máli verði vísað til hv. sjútvn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 21 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Nd., 29. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 32, n. 116).

Frsm. (Pétur Ottesen): Eins og kunnugt er, þá hefur hlutafélagið Hvalur rekið hvalveiðar í Hvalfirði um nokkurt árabil og hefur haft á leigu hvalveiðibáta frá Noregi þangað til í byrjun þessa árs, að félaginu tókst að festa kaup á 4 bátum til þessara veiða. En sá hængur var á, að aldur þessara skipa var hærri en löglegt er að flytja til landsins, en lögum samkvæmt má ekki flytja til landsins eldri skip en 12 ára. Hins vegar var það svo með þessi skip, að þau uppfylla fullkomlega þær kröfur, sem gerðar eru um styrkleika og sjóhæfni slíkra skipa, og þess vegna varð ríkisstj. við tilmælum félagsins um það að gefa út brbl., þar sem veitt var undanþága frá þessu ákvæði.

Sjútvn., sem athugað hefur þetta mál, samþykkir fyrir sitt leyti þessa ráðstöfun ríkisstj. og hefur ekkert við hana að athuga eftir að hafa kynnt sér þetta mál nokkru nánar, og leggur til við hv. d., að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Nd., 30. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 22. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 23. fundi í Ed., 1. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., 13. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 32, n. 192).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þetta frv. er lagt fram til staðfestingar á brbl., sem sett voru í vor, 24. maí.
Sjútvn. hefur haft þetta mál til meðferðar, og þar sem hún getur fyrir sitt leyti fallizt á þau rök, sem lágu til grundvallar brbl., leggur hún til, að frv. verði samþykkt.
Ég vil aðeins geta þess, að einn nefndarmaður, hv. 6. landsk. þm., var ekki viðstaddur, svo að hann hefur ekki skrifað undir nál.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., 15. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 227).

---

6. Aðstoð til útvegsmanna (lántökuheimild).

Á 1. fundi í Sþ., 2. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 120/1950, um aðstoð til útvegsmanna (lántökuheimild) [3. mál] (stjfrv., A. 3).

Á 4. fundi í Nd., 5. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Í löggjöf þeirri, sem sett var á síðasta Alþingi um skuldaskil vegna bátaútvegsins, var svo tiltekið, að skuldaskilasjóður mætti taka lán með ábyrgð ríkissjóðs. En þegar grípa átti til þessarar ráðstöfunar, kom í ljós, að ekki var hægt að útvega skuldaskilasjóði sjálfum slíkt lán, en hægt reyndist að útvega ríkissjóði lán, sem hann gæti síðan endurlánað skuldaskilasjóði. Var eigi hægt að koma þessu í framkvæmd nema með því að fá nýja heimild, og var hún gefin með brbl. þeim, sem hér er nú lagt til að verði staðfest á hæstv. Alþ. með því að samþ. þetta frv. — Nú er þetta orðið hreint fjárhagsmál, og legg ég til, að frv. verði vísað til fjhn. að lokinni þessari 1. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjhn. með 26 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Nd., 29. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 3, n. 120).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Nd., 30. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 22. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 23. fundi í Ed., 1. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., 15. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 3, n. 193).

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þetta frv. er lagt fyrir Alþ. til þess að fá staðfestingu á bráðabirgðalögum frá 6. júlí 1951, sem ríkisstjórnin þá gaf út. Var þá talið auðséð, að skuldaskilasjóði reyndist ókleift að standa við skuldbindingar sínar án fjárhagslegrar aðstoðar við bátaútveginn. En til þess að jafna þau met þurfti skuldaskilasjóður að afla sér fjár með einu eða öðru móti. Ríkisstjórnin varð því að hlaupa undir bagga og þurfti því að fá samþykki til þess að taka lán til þess að lána aftur skuldaskilasjóði. Allt þetta mál heyrir að vísu sögunni til nú orðið. En ég held, að nefndin hafi ekki talið neinn vafa á því, að þessi ráðstöfun var rétt á þeim tíma, sem hún var gerð, og telji því rétt að samþykkja þessi brbl., sem hér um ræðir, og með því er ég að segja það, að nefndin leggur til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 16. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 232).

---

7. Happdrætti háskólans.

Á 6. fundi í Nd., 10. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 97 12. des. 1945, um breyt. á l. nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland [42. mál] (stjfrv., A. 52).

Á 10. fundi í Nd., 12. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 11. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Nd., 29. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 52, n. 123).

Frsm. (Sigurður Ágústsson): Herra forseti. Með l. frá 19. júní 1933 var heimilað, að Háskóli Íslands starfrækti happdrætti, með því skilyrði, að hlutatala færi ekki upp úr 25 þús. og dregið yrði í 10 flokkum. Var þá dregið alla mánuði ársins nema janúar og febrúar. 1945 var þessum l. aftur breytt, og voru þá flokkarnir 12, og var þá dregið í öllum mánuðum ársins. Í frv. á þskj. 52 óskar stjórn happdrættisins eftir því, að hlutum verði fjölgað úr 25 þús. í 30 þús. og verði það mest í heil- og hálfmiðum, en á þeim hefur verið hörgull nú um skeið. Með því að háskólinn hefur mörg fjárfrek verkefni með höndum, sem kalla til úrlausnar á næstunni, hefur n. orðið sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Nd., 30. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 22. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 23. fundi í Ed., 1. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., 15. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 52, n. 208).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Fjhn. hafði þetta mál til athugunar, en efni þessa frv. er að hækka úr 25 þús. í 30 þús. vinningafjölda happdrættis Háskóla Íslands, sem frá upphafi hefur verið 25 þús. eins og nú stendur í lögunum. Samkv. upplýsingum frá háskólanum hafa miðar selzt um 95%, og þykir því nauðsynlegt að hækka vinningafjöldann í 30 þús. Samkv. upplýsingum frá rektor háskólans taldi hann, að happdrættið mundi eflast um 100 þús. kr. árlega, auk þess sem í hlut ríkissjóðs féllu 20 þús. árlega. Þá upplýsti rektor að gefnu tilefni, að búið væri að eyða í háskólalóðina 1½ millj., en mikið var unnið við að laga lóðina á síðasta ári, en enn mun þó þurfa um ½ millj. til að ljúka verkinu. Þá staðfesti hann einnig, að það hefði orðið að samkomulagi, að háskólinn legði fram fé til byggingar yfir náttúrugripasafnið. Samkv. teikningu, er gerð var, og verðlagi, er þá var, var gert ráð fyrir, að þyrfti

1½ millj. kr. til að ljúka byggingunni. Síðar þegar málið var athugað kom í ljós, að of lítið var að byggja eftir þeirri teikningu, og var hún því stækkuð allverulega. Nú taldi rektor, að byggingarkostnaðurinn eftir þeirri teikningu, sem talið væri nauðsynlegt að byggja eftir, mundi verða um 4 millj. kr.

Með tilvísun til þessa hefur nefndin ákveðið að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt og þá að sjálfsögðu háskólanum haldið að hinum gefnu loforðum varðandi byggingu náttúrugripasafnsins. — Hv. 1. landsk. var ekki á fundi, þegar þetta var afgreitt, og mun ekki hafa fengið boð um fundinn, eftir því sem hann sjálfur hefur upplýst. Hefur hann því ekki tekið afstöðu til málsins, en mun gera grein fyrir henni, ef hann sér ástæðu til. — Ég legg svo til fyrir hönd nefndarinnar, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 16. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 233).

---

8. Landsbanki Íslands.

Á 6. fundi í Nd., 10. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands [41. mál] (stjfrv., A. 51).

Á 10. fundi í Nd., 12. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 11. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég verð að segja, að mér virðist undarlegt, að hæstv. ríkisstj. skuli ekki láta svo lítið að hafa framsögu fyrir þessu máli. Þegar gerð var breyting á landsbankal. í vor, fór það mjög fram hjá mönnum. Veit ég ekki heldur, hvort hv. þm. hafa gert sér ljóst, um hvað þessi lagabreyting fjallar, en felld er þar niður 20. gr. úr lögum um Landsbanka Íslands. Ég man ekki betur en þessi lagagrein fjalli um það, hve mikið ríkisstj. megi taka að láni hjá seðlabanka Íslands. M. ö. o., þegar landsbankalögin voru sett, þá voru sett ákveðin fyrirmæli til að tryggja, að ríkisstj., hver sem með völdin færi, gæti ekki tekið nema ákveðna upphæð að láni hjá seðlabankanum. Þetta var hugsað sem eins konar trygging gagnvart framkvæmdavaldinu á hverjum tíma, til þess að gera seðlabankann öruggari gagnvart ríkisstj. Nú var farið að fara fram hjá þessu ákvæði. Það var svo í vor, að það sýndi sig, að skuld, sem ríkisstjórnin hafði stofnað til við sparisjóðsdeild Landsbankans, var orðin mjög mikil, í raun og veru óeðlilega mikil. Hins vegar var sú aðferð höfð til þess að láta þetta ekki líta illa út á reikningum bankans, að allur mótvirðissjóðurinn var settur á sparisjóðsdeildina, en hins vegar er það samkvæmt lögum, að mótvirðissjóðnum verði ekki ráðstafað án samþykkis Alþingis, og auðvitað er meiningin, að seðlabankinn láni mótvirðissjóðinn, og það er þannig lagabrot að hafa mótvirðissjóðinn í sparisjóðsdeild Landsbankans. Ég gerði athugasemd við þetta og lagði til, að lögin yrðu haldin, þannig að mótvirðissjóður yrði færður hjá seðlabankanum í staðinn fyrir sparisjóðsdeildinni, en sú till. var felld. Hins vegar sé ég, að bráðabirgðalögin, sem gefin voru út, breyta lögum um seðladeildina og mótvirðissjóður er færður yfir á seðladeildina og nokkuð af ríkisskuldunum. Þetta er út af fyrir sig formsatriði vegna þess, hvað ríkið er farið að skulda mikið. Þá er farin þessi leið, að ríkið skuldi hjá sparisjóðsdeildinni. Hins vegar verð ég að segja, að það út af fyrir sig að gefa á miðju sumri út bráðabirgðalög af hálfu ríkisstj. um það að nema brott úr lögum um seðlabankann 20. gr., sem byrjar þannig: „Seðlabankinn má eigi veita ríkissjóði önnur lán en bráðabirgðalán til allt að þriggja mánaða í einu og ekki hærri upphæð en svo, að nemi ¼ af stofnfé bankans“, — þetta eina haft, sem sett er á seðlabankann, það er ekki viðkunnanlegt út á við, ef um það er að ræða, að íslenzkur banki þurfi að vernda sitt álit á frjálsum markaði. Það er farið að tíðkast mikið að gefa út bráðabirgðalög, en mér finnst formsins vegna gengið of langt, þegar ríkisstj. gefur út bráðabirgðalög til að gera mögulegt fyrir sjálfa sig að taka eins mikið lán og vera skal hjá seðlabankanum. Ég sé ekki, hvaða nauður rak til að hafa þetta svona. Hins vegar var hægt að breyta þessum lögum á síðasta Alþingi, og ég skil ekki annað en að mönnum hafi verið þetta jafnljóst þá. Sú eina röksemd fyrir brbl., sem raunverulega er færð fram og hægt er eitthvað að taka tillit til, er, að breytingar hafi orðið á viðskipta- og fjárhagsmálefnum landsins. Þær hafa orðið jafnmiklar í byrjun þessa árs eins og þær voru mestar áður. Það eina, sem maður rennir grun í að kunni að vera ástæða til þessarar breytingar, er sumpart athugasemdir, sem fram hafa komið um ráðstöfun mótvirðissjóðsins, og aðallega það, að það er starfandi n., sem á að rannsaka og gera till. í bankamálefnum landsins. En það hefur aldrei tíðkazt, þegar rætt hefur verið um bankafyrirkomulag, að ekki hafi verið minnzt á það við Alþingi Íslendinga að taka til endurskoðunar löggjöf landsins. Það hafa verið settar sérstakar milliþingan. í sambandi við bankamálin, og stundum hefur eitthvað komið út úr þeim. Það hefur verið mikil íhaldssemi í sambandi við

breyt. á bankalöggjöfinni, en nú er hins vegar sett n. til að athuga bankalöggjöfina án þess að ræða við Alþingi. Það kemur svo fram eins og af tilviljun, að búið er að setja slíka n., og svo nú í grg. fyrir bráðabirgðalögum er talað um, að það eigi að fara að setja einhver ákvæði, sem ríkisstj. ætli að fara að gefa út um þetta atriði. Mér sýnist frágangurinn á svona l. vera eins og einhver framandi hönd sé að verki, sem grípi þarna inn í í sambandi við þessa nýju bankanefnd. Þetta er svo að segja fyrirskipun frá ríkisstj., hvernig þessir hlutir skuli vera. Það hefur aldrei verið minnzt á þessi mál í blöðum og aldrei komið frá ríkisstj. rökstuðningur í þessu máli.

Ég mun ekki ræða frekar þetta mál, sem að sjálfsögðu mun ganga til fjhn. En ég verð að segja það, að það væri viðkunnanlegra, að Alþingi fengi ofur lítið fyllri vitneskju um svona mál en hingað til hefur verið gefin af hálfu ríkisstj.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 20. og 21. fundi í Nd., 30. okt. og 1. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Nd., 5. nóv., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 51, n. 122 og 149).

Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþykkt. Frv. þetta er um afnám 20. gr. l. nr. 10 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands, en þar eru sett takmörk fyrir því, hversu mikið fé seðladeild bankans megi lána ríkissjóði. Nú er það svo, að engar slíkar takmarkanir eru við sparisjóðsdeildina, og hefur þetta ákvæði því ekki náð tilgangi sínum. Er því afnám þessa ákvæðis eðlilegt og réttmætt að áliti okkar í meiri hl. Hins vegar er óvíst, hvort nauðsynlegt hafi getað talizt að skipa þessu með brbl., en þar sem ég hef ekki snúizt gegn frv. efnislega, get ég ekki haft á móti því sérstaklega, þótt því hafi verið skipað með brbl.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Eins og hv. þm. V-Ísf. hefur gert grein fyrir, er hér um að ræða staðfestingu Alþ. á brbl. Það var svo komið síðastl. vetur, að skuldir ríkissjóðs við sparisjóðsdeild Landsbankans voru orðnar svo miklar, að það ráð var tekið að setja mótvirðissjóðinn í sparisjóðsdeildina í stað seðladeildarinnar, þar sem hann hefði átt að vera lögum samkvæmt. Nú er það svo, að óheimilt er að ráðstafa mótvirðissjóði á þennan hátt, að flytja hann í sparisjóðsdeild úr seðladeild. Á aðalfundi landsbankanefndar 22. febr. 1951 mótmælti ég þessari færslu og taldi hana nánast lagabrot. Raunverulega var viðurkennt af þeim bankastjórum, er þarna voru mættir, að um lagabrot væri að ræða, en því aðeins lýst yfir, að ef mótvirðissjóður yrði færður í seðladeild, yrðu ríkisskuldirnar færðar þar líka. Mótmælatillaga frá mér gegn þessu var felld með 8 atkv. gegn 3. Ég skýrði frá þessum staðreyndum á Alþingi skömmu seinna. Hefði hæstv. ríkisstj. því viljað leita samþykkis Alþ., þá hefði verið auðvelt að koma nauðsynlegri breyt. lagalega í gegn, svo að ekki væri óhjákvæmilegt að láta landsbankastjórnina fremja lagabrot. Svo eru 30. apríl eða tveimur mánuðum seinna gefin út brbl., sem afnema takmarkanir, sem á því voru, að ríkissjóður geti fengið lán að vild úr seðlabankanum. Nú verð ég að segja það, að það er ekki frá mínu sjónarmiði aðallega efnishlið þessa máls, sem er athugaverð, heldur formshliðin, bæði aðferðin við framkvæmd þess og svo er það einkar óviðkunnanlegt, að engin lagafyrirmæli séu um það, hversu mikið ríkissjóður megi skulda í bönkunum, jafnvel þótt ríkisstj. gefi fyrirheit um það í brbl., að einhvern tíma eigi að setja ákvæði um þetta. Það eru sérstaklega athyglisverð og einkennileg orðatiltæki í forsendum brbl., orðatiltæki, sem ekki er venja að nota, en þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta: „enda verða um þau málefni, er áminnzt lagagrein fjallar um, sett ákvæði, er lokið er þeirri heildarendurskoðun á bankalöggjöfinni, er nú stendur yfir.“ Þetta eru einkennileg orð. Það er eins og verið sé að hugga Alþ. með því, að einhvern tíma eigi að setja einhver ákvæði um þetta. Ætlar hæstv. ríkisstj. ef til vill að gera það með brbl.? Það getur liðið langur tími þar til lokið verður endurskoðun þeirri, sem nú fer fram á bankalöggjöfinni, þrátt fyrir allan þann kærleik, sem ríkir milli stjórnarflokkanna. Ég veit ekki, hvort það er í sambandi við þetta, að efnahagsráðunautur ríkisstj. var hér á ferðinni um sama leyti, og hvort það er frá honum, sem vænta má þessara ákvæða, og það sé ef til vill hann, sem á að stjórna Íslandi á næstunni. Ég vil því segja það, að það hefði ekkert verið við þessu að segja, ef hæstv. ríkisstj. hefði komið fram með brbl. hér á Alþ. um þessa breyt., sem mjög hægur vandi hefði verið að koma í gegn.

Ég álít, að þessi aðferð, sem hér hefur verið viðhöfð, sé með öllu óverjandi og að Alþ. verði að átelja þetta. Það fer að tíðkast nokkuð mikið, að ríkisstj. noti sér heimild 28. gr. stjskr. til að gefa út brbl., án þess að brýna nauðsyn beri til. En það er fjarri því að vera tilgangur 28. gr. stjskr., að stjórna eigi landinu með brbl. Það er Alþ., sem hefur löggjafarvaldið, og það er þess vert að vekja á því athygli, að Alþ. er að fara út á hættulega braut með því að gefa hvaða ríkisstjórn sem er of mikið undir fótinn með útgáfu brbl. Það er óneitanlega þægilegra fyrir stj. að gefa út brbl. en standa fyrir máli sínu í þinginu. Og það er stórskaðlegt, ef stj. helzt uppi að leggja á skatt með brbl. og verja til svona og svona ráðstafana. Ég vil taka það fram, að á forsendum eins og þeim, að fjárhagsmálefni landsins hafi orðið fyrir breytingum síðan 1928, er hægt að breyta hvaða lögum sem er. Það er jafnvel hægt að afnema bankaráð og landsbankanefnd og leggja á og innheimta skatta, áður en Alþ. hefur fengið að fjalla nokkuð um þessi mál. Svona skattur

hefur verið lagður á, þar sem er álagningin á bátagjaldeyrinn, en heimild til þess er ekki til í lögum að mínu áliti, en aðeins í ákvæðum ríkisstj.

Það er sagt í fylgiskjalinu, sem fylgir þessu frv., að það verði sett nánari ákvæði, þegar lokið verði heildarendurskoðun á bankalöggjöfinni. Það er ekki verið að bíða eftir því, að Alþingi setji lög um seðlabanka. Það er auðvitað, að það er léttara að stjórna með þessu lagi. Það er léttara að stjórna svona, ef t. d. ríkisstj. kemur sér ekki saman um, hvernig hún vill hafa ákvæðin um seðlabanka landsins, eða ef hún kemur sér ekki saman um, hvernig hún vill skipta tekjuafgangi þjóðarinnar. Það er léttara fyrir hana að hleypa þessum málum ekkert inn í Alþingi; svo getur hún, þegar Alþingi er slitið, komið saman og samið brbl. og annar aðilinn fær vilja sinn með tekjuafganginn, en hinn kemur fram sínum sjónarmiðum um seðlabankann. En ef svo verður lengi haldið áfram hér eftir, þá verður ekki séð, hvaða vald það er, sem ríkisstj. hefur í huga að taka sér.

Nú stendur yfir heildarrannsókn á bankamálum landsins, en það er ekki verið að bíða eftir því, að niðurstöður þessarar rannsóknar verði kunnar, heldur eru sett um þetta brbl., án þess svo mikið sem spyrja nokkurra ráða, og ekki nóg með það, heldur er sagt, að það verði sett ákvæði um þetta seinna. Nú er þess að geta, að yfirleitt eru bankamálin íhaldssömustu mál hvers lands, og verður ekki séð, hvað hefur rekið á eftir með setningu brbl. um þetta efni.

Ég held, að það sé nauðsynlegt fyrir Alþingi að láta ríkisstj. vita, að því þykir nóg komið af því, að sett séu brbl. milli þinga, sem það svo er látið samþykkja eftir á. Þess vegna hef ég lagt til, að málið verði afgr. með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar sem deildin álítur útgáfu þeirra bráðabirgðalaga, sem þetta frv. á að staðfesta, og forsendur þeirra sýna óviðeigandi tilhneigingu af hálfu ríkisstjórnar til að seilast inn á valdsvið Alþingis og stjórna landinu með sífelldri útgáfu bráðabirgðalaga, ákveður deildin að vísa málinu frá og taka fyrir næsta mál á dagskrá.“

Ég er — eins og þm. heyra — ekki með þessu móti að setja mig á móti breytingu á þessari gr. laganna, því að það er vitað, að það er full þörf á að gera breytingu á þessari 20. gr. laganna. Og ég er ekki áfram um það að setja seðladeild Landsbankans á hausinn og ekki heldur sólginn í að skera niður vald ríkisstj. yfir þessari deild með því að setja þar við óeðlilegar hömlur, og ég veit, að samþykkt yrði á Alþingi breyting á þessari gr., sem í fælust sæmilegar skorður við lánveitingum, og ég efast ekki um, að þar kjósa þm. heldur að hafa nokkrar skorður. En ég veit, að þarna vilja þm. sjálfir hafa nokkuð um að segja, og því tel ég rétt að vísa málinu frá með rökstuddri dagskrá. Ég veit, að þá mundi stj. leggja fram frv. til breytinga á 20. gr. laganna um Landsbanka Íslands, sem veitti henni nokkuð rúman aðgang að seðladeild Landsbankans, en þó með hæfilegum takmörkunum, þar til heildarrannsókn á bankamálunum væri lokið.

Við höfum þegar nokkra reynslu af heildarrannsóknum, og við vitum, að þegar einni heildarrannsókninni er lokið, þá er reynslan sú, að ekkert er samþykkt, og þá þarf að láta fara fram aðra heildarrannsókn. Ég skal hins vegar falla frá þessu áliti, ef ríkisstj. segði, að við mættum vænta gagngerðra breytinga á bankalöggjöfinni, en mér er næst að halda, að ekkert sé farið að ákveða enn um þessi mál.

En jafnvel þótt svo sé, að þessari heildarrannsókn sé lokið, þá álít ég, að Alþingi geti ekki annað en samþykkt þessa rökstuddu dagskrá, ef það vill standa á rétti sínum, en læt þó vita um leið, að þeir, sem með þeirri stefnu yrðu, mundu engu að síður telja, að breytinga væri þörf á þessari grein.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 149 felld með 17:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁS, EOl, JÁ, LJós, SG.

nei: MJ, AE, ÁÁ, ÁB, EmJ, EystJ, GTh, GÞG, HÁ, HelgJ, IngJ, JR, KS, PÞ, SÁ, SkG, SB.

13 þm. (StgrSt, ÁkJ, BÓ, FJ, GG, JóhH, JG, JPálm, JS, JörB, ÓTh, PO, StJSt) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 16:4 atkv.

2. gr. samþ. með 15:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SkG, MJ, AE, ÁÁ, ÁB, EystJ, GTh, HÁ, HelgJ, IngJ, JR, KS, PÞ, SÁ, SB.

nei: SG.

ÁS, EOl, EmJ, GÞG, JÁ, LJós greiddu ekki atkv.

13 þm. (StJSt, StgrSt, ÁkJ, BÓ, FJ, GG, JóhH, JG, JPálm, JS, JörB, ÓTh, PO) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20:3 atkv.

Á 23. fundi í Nd., 6. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 25. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 26. fundi í Ed., 7. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., 15. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 51, n. 207).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, hefur legið fyrir hv. Nd. og verið samþ. þar og sent hingað. Það er borið fram til staðfestingar á brbl., sem út voru gefin í apríl s. l. Ég þarf ekki að vera fjölorður um þetta frv. Það er um afnám einnar greinar í lögum um Landsbankann frá 1928. Ég get lesið upp þessa grein, 20. greinina, til skýringar, með leyfi hæstv. forseta: „Seðlabankinn má eigi veita ríkissjóði önnur lán en bráðabirgðalán til allt að 3 mánaða í einu og ekki hærri upphæð en svo, að nemi ¼ af stofnfé bankans. Allar slíkar skuldir ríkissjóðs skulu goldnar að fullu fyrir lok hvers reikningsárs. — Þetta ákvæði skal þó eigi vera því til fyrirstöðu, að bankinn veiti fyrirtækjum, sem rekin eru fyrir reikning ríkissjóðs, lán eftir sömu reglum og einstökum mönnum eða fyrirtækjum einstakra manna.“ Það er þessi gr., sem frv. er um að afnema nú, og er þess getið í forsendum fyrir brbl., að í staðinn fyrir þetta muni koma ákvæði frá þeirri nefnd, sem nú fjallar um bankalöggjöfina. Greinin er orðin úrelt og vafasamt, hve vel hún er haldin. — Hv. 1. landsk. var ekki á fundi nefndarinnar, en hinir 4 nefndarmennirnir voru ásáttir um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Ég var ekki viðstaddur þegar þetta mál var samþ. í fjhn. og vissi ekki fyrr en nú, að það væri komið til 2. umr. Hér er um að ræða staðfestingu á brbl., og þar sem mér finnst með öllu óviðunandi, að með brbl. séu sett ákvæði sem þessi, þá mun ég greiða atkv. gegn frv., án þess að það sé út af fyrir sig vegna efnis þeirra. Hér eru freklega brotnar venjur um að bera stórmál undir Alþingi, og sérstaklega þar sem ekki var nauðsynlegt að setja lögin milli þinga. Það var jafnmikil nauðsyn til þessarar breytingar á síðasta þingi eins og eftir að því var slitið.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:1 atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:1 atkv.

Á 30. fundi í Ed., 16. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 234).

---

9. Aðstoð til útvegsmanna (skuldaskil o. fl.).

Á 4. fundi í Nd., 5. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 120 28. des. 1950, um aðstoð til útvegsmanna [28. mál] (stjfrv., A. 30).

Á 5. fundi í Nd., 9. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Þetta frv. felur í sér breytingar á lögum nr. 120 28. des. 1950, um aðstoð til útvegsmanna. Breytingin er aðallega sú, að tími sá, sem þar er markaður til að ljúka úthlutun lána, er lengdur um einn mánuð. Í lögunum var gert ráð fyrir, að úthlutun yrði lokið fyrir 1. júlí, en hér er gert ráð fyrir 1. ágúst. Það þótti sýnt, að þessu væri ekki hægt að ljúka á tilsettum tíma og þess vegna þyrfti að lengja þennan frest. Önnur breyt. er fólgin í því, að rétt þótti að rýmka nokkuð ákvæði laganna um heimild til að gefa eftir skuldir. Aðrar breytingar eru minni, og sé ég ekki ástæðu til að rekja þær, enda þarflaust, því að þessu er í framkvæmdinni í raun og veru lokið. — Ég legg til, að málinu verði vísað til fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til sjútvn. með 20 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., 5. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 30, n. 153).

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Þetta mál var flutt af ríkisstj. til staðfestingar á brbl., sem gefin voru út 30. júní s. l., um breyt. á l. nr. 120 frá 1950, um aðstoð til útvegsmanna. Samkvæmt þeim lögum var svo ákveðið, að stjórn skuldaskilasjóðs væri skipuð til 1. júlí 1951, en þá skyldi hún hafa lokið störfum. Þetta reyndist ekki framkvæmanlegt, og þótti því nauðsynlegt, að l. yrði breytt á þá leið, að starfstíminn væri lengdur um einn mánuð, eða til 1. ágúst. Um þetta atriði fjalla 1. og 2. gr. frv.

Í 3. og 4. gr. frv. eru ákvæði um breyt. á 22. og 24. gr. l., sem lúta að kröfulýsingum og atkvæðisrétti lánardrottna. Ákvæði laganna voru ekki talin nægilega glögg, og þótti því rétt að breyta þeim á þennan veg.

Þriðja breyt., sem brbl. fela í sér, er varðandi sérstaka eftirgjöf á lánum, sem ýmsir umsækjendur um aðstoð höfðu fengið á sínum tíma gegn síðari veðrétti í skipum hjá ríkissjóði, framkvæmdasjóði ríkisins og styrktar- og lánasjóði, sem er sérstök deild í Fiskveiðasjóði Íslands. Ákveðið er í brbl., að stjórn skuldaskilasjóðs skuli hafa heimild til, ef hún er sammála um það, að gefa eftir eitthvað af þeim lánum, ef ástæða þykir til, og hækka þá skuldaskilasjóðslánin sem því nemur, að hægt sé að greiða upp eftirstöðvarnar. Þetta ákvæði brbl. var framkvæmt þannig, að þeim, sem skulduðu

að loknum skuldaskilum yfir 80%, var gefið eftir af þessum lánum, en þó ekki meir en svo, að skuldin færi ekki niður fyrir 80% af eignum, en þetta er sem næst því að vera meðaltal alls þorra skulda þeirra útvegsmanna, sem aðstoð hafa fengið.

Sjútvn. hefur orðið sammála um að mæla með þeim breyt. á l., sem í frv. felast, en auk þess leggur n. til, að gerð verði breyt. á 26. gr. l. Það hefur komið í ljós, eftir að brbl. voru sett, að fyrir sumum aðstoðarlánunum til útvegsmanna, sem ætlunin var að gefa eftir að meira eða minna leyti, var sérstök persónuleg trygging, sem ekki þótti heimilt að gefa eftir samkvæmt bókstaf laganna, en að sjálfsögðu var það ætlun Alþingis, að eftirgjöf tryggingа fyrir aðstoðarlánum tæki til slíkra ábyrgða. Hér mun vera um vangá að ræða, sem nefndin telur rétt að ráða bót á með breyt. á 26. gr. laganna.

Fleira þarf ekki að taka fram, að undanskildu því, að í stað „bátaútvegsmanna“ í fyrirsögn frv. komi: útvegsmanna. Lögin eru um aðstoð til útvegsmanna, en af vangá hefur heiti frv. misritazt. Má skoða þetta sem leiðréttingu á fyrirsögn frv. — Ég hef þá gert grein fyrir till. nefndarinnar varðandi mál þetta.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 153,1 (ný gr., verður 6. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

6.—7. gr. (verða 7.—8. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 153,2 (í stað „bátaútvegsmanna“ í fyrirsögn kemur: útvegsmanna) samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., 6. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Nd., 7. nóv., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 167).

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Áður en málið fer út úr d. vil ég taka fram, að n. hefur að gefnu tilefni rætt nokkuð um afborganir af lánum úr skuldaskilasjóði, sem nú eru fallnar í gjalddaga, og fyrsta árs vexti af þeim lánum. Þessi lán eru sem kunnugt er nýlega veitt. Af hálfu n. hefur verið rætt við Fiskveiðasjóð Íslands um þessar greiðslur, en samkv. lögum ber honum að hafa með höndum innheimtu þeirra. N. hefur átt tal við þann mann, sem veitir rekstri sjóðsins forstöðu, og hann hefur leyft að hafa eftir sér, að ekki muni að þessu sinni verða gengið að tryggingum fyrir lánum úr skuldaskilasjóði vegna afborgana og vaxta fyrstu þrjá mánuðina eftir að þau eru fallin í gjalddaga. Ég vildi að gefnu tilefni láta þetta koma fram nú.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 26. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 27. fundi í Ed., 12. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 16. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 167, n. 219).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þetta frv. var lagt fram í hv. Nd. til staðfestingar á brbl., sem hæstv. ríkisstj. gaf út 30. júní í sumar af þeim ástæðum, að fyrirsjáanlegt þótti, að stjórn skuldaskilasjóðs sjávarútvegsins mundi ekki hafa lokið úthlutun lána úr sjóðnum fyrir 1. júlí, eins og gert var ráð fyrir þegar lögin voru sett, en þau eru nr. 120 frá síðastliðnu ári. Þótti því nauðsynlegt að lengja starfstíma sjóðstjórnarinnar með brbl. frá því, sem hann hafði verið ákveðinn í lögum. Þær breytingar, sem gerðar hafa verið á frv., eru ekki svo veigamiklar, að ég líti svo á, að ástæða sé til að taka þær sérstaklega til meðferðar.

Frv. var tekið fyrir á fundi í sjútvn., og voru þar mættir þrír af fimm nm. Þeir, sem mættir voru, voru því fylgjandi, að frv. yrði samþ. eins og það liggur fyrir. En með því að tvo nm., þá hv. 4. og 6. landsk. þm., vantaði á fundinn, þótti mér varlegra að orða það svo, að nál. væri frá meiri hl. sjútvn. Mér er þess vegna ekki kunn afstaða þessara tveggja hv. nm., en ef hún er eitthvað í misræmi við þær niðurstöður, sem þeir komust að, sem mættir voru, kemur það sjálfsagt fram í umr. í hv. deild. — Þeir, sem mættir voru í sjútvn., leggja til, að frv. sé samþ. óbreytt eins og þegar hefur verið gengið frá því.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég hef áður hér í hv. þd., oftar en einu sinni, látið í ljós, að ég teldi það mjög misráðið, þegar Alþ. breytir einum og sömu lögum með fleiri en einum lögum á sama þingi. Við vorum hér áðan, á þessum sama fundi, að samþ. frv. sem lög um að breyta þeim l., sem þetta frv., sem fyrir liggur, einnig er um breyt. á. Þessi tvö frv. um breyt. á þessum sömu lögum eru borin fram til staðfestingar á brbl., sem stjórnin gaf út, og eru þessi tvenn lög um breyt. á lögum um aðstoð til bátaútvegsmanna. — Nú vildi ég spyrja: Væri ekki hægt af nefnd að sameina þessi tvö frv. í eitt? Er það nauðsynlegt að samþ. brbl. eins og þau liggja fyrir? (GJ: Það er búið að samþ. hitt frv. nú sem lög.) Já, en hví sameinaði nefndin ekki bæði frumvörpin? — Nú skyldi ég sem útvegsmaður eða einhver annar maður eftir tuttugu ár fara að gá að því, hvaða breyt. hefði verið gerð á Alþ. því, er nú situr, á lögunum nr. 120 frá 1950, um að-

stoð til útvegsmanna. Jú, ég finn — eða þessi maður — aðra breyt., sem gerð var á lögunum. Þá mundu 90 af hverjum hundrað ekki láta sér detta í hug, að tvennar breyt. hefðu verið gerðar á einum og sömu l. á sama þingi, og hætta að leita, þegar þeir væru búnir að finna aðra breyt. Þar að auki hefur það aukin útgjöld í för með sér að ræða þetta á þingi og prenta í tvennu lagi í stað þess að sameina þetta í eitt. — Þessu tel ég að þurfi að breyta þannig, að hafðar séu allar þær breyt., sem gerðar eru á sömu lögum á sama þinginu, í einu lagi. Ég skil vel ríkisstj., þótt hún gefi út tvenn brbl. til breyt. á sömu l. milli þinga, þannig að þegar fyrri l. voru út gefin, hafi ekki verið að fullu vitað, að hin síðari þyrfti að gefa út, og því geti orðið nauðsynlegt að gefa út önnur brbl. En hvers vegna er þetta ekki haft svo, að n. tengi þessi tvenn brbl. saman, svo að ekki séu samþ. nema ein lög til breyt. á sömu l. á sama þingi? Ég fæ ekki skilið annað en að það hljóti að vera leyfilegt að sameina þannig tvenn brbl.

Ég ætla ekki að segja meira um málið og vona, að menn athugi þetta og taki það til greina framvegis.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., 20. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 240).

---

10. Hegningarlög.

Á 3. fundi í Ed., 4. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febr. 1940 [20. mál] (stjfrv., A. 20).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þetta litla frv. er flutt vegna þess, að því hefur verið veitt athygli, að í hegningarlögunum er gert ráð fyrir því, að hér sé konungur í landinu, en ekki forseti, og ákvæðin til verndar hinum æðsta handhafa ríkisvaldsins miðuð við konung, en ekki forseta. Það þótti rétt að breyta þessu, og af því tilefni er frv. flutt. — Ég legg til, að frv. verði vísað til hv. allsherjarnefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Ed., 12. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 20, n. 66).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Rannveig Þorsteinsdóttir: Herra forseti. Framsögumaður nefndarinnar er ekki hér staddur, og vil ég þá leyfa mér að mæla fyrir þessu nál. nokkur orð. N. athugaði frv. og bar saman við þær lagagr., sem þar er vísað til, og sá ekki neitt athugavert við það og þykir raunar sjálfsagt að gera þær breytingar, sem hér er ætlazt til og eru aðallega þessar: Þar sem talað er um „konunginn“ og „konungsvald“, komi „forsetann“ og „forsetavald“, og í staðinn fyrir „í konunglegri tilskipun“ komi „með reglugerð“, og í stað „konungur“ og „konung“ komi „forseti“ og „forsetann“. — Það eina, sem n. var hugsandi út af, var, hvort 2. gr. væri nákvæmlega orðuð eins og heppilegast væri, en þar segir: „Sé slíkum verknaði beint gegn nánustu fjölskyldu forsetans“, — þetta væri svo aftur þrengt með síðari hlutanum, sem hljóðaði þannig: „þannig að álíta megi, að broti sé stefnt að heimili hans.“ M. ö. o., að það, sem væri vikkað í fyrri hlutanum, væri aftur þrengt í þeim síðari. En þessi málsgrein kemur í staðinn fyrir ákveðna upptalningu í 101. gr. laganna nú, en þar er talað um konung, þann, sem fer með konungsvald og þriðja aðila. Það varð úr, að n. taldi sér ekki fært að gera á þessu breytingar og taldi, að af þessu mundu ekki hljótast neinir erfiðleikar, og leggur til, eins og segir á þskj. 66, að frv. verði samþ. óbreytt.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það er einkennilegt, að ríkisstj. skuli ekki fylgja frumvörpum sínum úr hlaði, þegar þau eru lögð inn til 1. umr. Þetta kom fyrir hérna um daginn. Ríkisstj. hefur ekki svo mikið við sem að leiða frumvörp sín úr hlaði. Ég vil skora á forseta að taka ekki til umr. nein frv. ríkisstj., nema hún fylgi þeim úr hlaði. Það á ekki að viðgangast, að hún sýni Alþ. þá lítilsvirðingu að vilja ekki tala fyrir þeim frv., sem hún sjálf leggur fyrir Alþingi.

Forseti (BSt): Ég get ekki orðið við þeirri ósk að taka aldrei stjórnarfrv. á dagskrá, nema því sé fylgt úr hlaði af ríkisstj. (PZ: Það ætti bara að taka þau af dagskrá.) Ég er sammála um það, að æskilegt væri, að ríkisstj. mætti hér eða að minnsta kosti ráðherrar, sem sæti eiga í deildinni. Þó getur vitanlega staðið svo á, að ríkisstj. eigi ómögulegt eða óhægt með það, og málin geta verið það einföld, að ekki sé mikil þörf á að skýra þau. Mér virðist svo vera um þetta frv. Og mér virðist, að þm. geti myndað sér skoðun um það, án þess að hafa heyrt fyrst skýringar ríkisstj. Undir hitt skal ég taka, að það er mjög óviðkunnanlegt, að ekki sé mætt hér fyrir hönd hæstv. ríkisstj.,

þegar hennar mál eru á ferðinni, ef um stærri mál er að ræða, og er þá oftast einhver mættur hér fyrir hönd hæstv. ríkisstj.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Ed., 15. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 12. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 13. fundi í Nd., 16. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þetta litla frv. er flutt vegna þess, að frá því lýðveldi var hér stofnað hefur þess ekki verið gætt að breyta hegningarl. á þann hátt, að skýrt sé tekið fram, að forseti Íslands nyti sams konar réttarverndar sérstaklega eins og konungur naut áður, heldur hafa ákvæði varðandi konung haldizt óbreytt. Rétt þykir því að breyta l. í samræmi við núverandi ástand, og í því tilefni er frv. flutt. Það hefur þegar fengið meðhöndlun í hv. Ed. Ég legg til, að því verði vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Nd., 25. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 20, n. 108).

Frsm. (Jónas Rafnar): Herra forseti. Frv. þetta er komið frá Ed. Allshn. hefur athugað það og leggur til, að það verði samþ. óbreytt. Í 1. gr. þess er gert ráð fyrir, að orðin „forsetann“ og „forsetavald“ komi í stað þess, sem er í núgildandi lögum „konunginn“ og „konungsvald“. Samkvæmt 2. gr. er ákveðið að láta 101. grein laganna einnig ná til nánustu skyldmenna forsetans. Samkv. 3. gr. varðar það við lög að aftra því, að fram fari kjör forseta. Að lokum er svo gert ráð fyrir því, að í staðinn fyrir „í konunglegri tilskipun“ komi „með reglugerð“. Allar þessar breytingar eru sjálfsagðar, enda eftir gildandi stjórnarháttum.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það mun vera meiningin með þessu frv. að nema burt ákveðinn arf frá því er Ísland var konungsríki. Hins vegar gerir það ráð fyrir að setja í staðinn svipuð ákvæði um forseta lýðveldisins og forsetavald. Það er eitt atriði í frv., sem mig langar til að fá skýringu á hjá frsm. allshn. Það er í 2. gr. frv. Samkvæmt henni á að orða um 2. málsgr. 101. gr. og hún að orðast svo: „Sé slíkum verknaði beint gegn nánustu fjölskyldu forsetans, þannig að álita megi, að broti sé stefnt að heimili hans, má auka refsingu svo, að við hana sé bætt allt að helmingi hennar.“ Mig langar nú til að fá skýringu á því, hvað sé átt við með nánustu fjölskyldu forsetans, hvað það nái til margra. Það er fróðlegt að athuga það í þessu sambandi, að við höfðum einu sinni konung og konungsefni. Ég vildi fá þetta betur upplýst, hvað átt er við með og hvernig beri að skilja orðin „nánasta fjölskylda“.

Frsm. (Jónas Rafnar): Herra forseti. Ég skal viðurkenna, að hugtakið „nánasta fjölskylda forsetans“ er nokkuð óákveðið, og það var að vísu ekki rætt í n., hvað það næði til margra. En ég held, að þetta nái til konu forsetans og til barna hans. Annars má um þetta deila og getur sýnzt sitt hverjum um þetta atriði.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil segja það, að mér kom á óvart, að það skyldi ekki koma fram frv. um þetta mál án þess að tala um forsetavald, þótt talað sé um forseta lýðveldisins. Þótt við höfum að forminu til forseta, þá nær hans raunverulega vald ekki langt. Aðstaða forseta í þjóðfélaginu er allt önnur en konungsins var, vegna þess að sjálf konungshugmyndin byggir á hugmyndakerfi, sem er að miklu leyti upprætt, en þó mikið eimir eftir af í þeim löndum, sem eru enn konungsríki, frá gömlum tímum, en alls ekki á að vera til þar, sem forseti er. Ég vil beina því til nefndarinnar, að hún athugi, hvernig þetta er í öðrum löndum. Það er enginn vafi á því, að forseti á að hafa alla þá vernd, sem konungurinn hafði. Þó er eitt athugandi, að forsetinn er kosinn og er ábyrgur, en konungurinn var ekki kosinn og ekki ábyrgur. Að fara að láta þá vernd, sem var konungsins, ná til fjölskyldu forsetans, tíðkast ekki í neinu öðru lýðveldi. Fjölskylda forsetans nýtur þar sömu verndar og aðrir þegnar þjóðfélagsins. Forsetinn er þar bara sá fyrsti meðal jafningja, en konungurinn hefur algera sérstöðu. Fjölskylda forsetans er því bara eins og jafningjar í þjóðfélaginu, en fjölskylda konungsins hefur sérstaka lögvernd. Það var ekki tilgangurinn að yfirfæra konungsvaldið og breyta bara nafninu og kalla hann forseta. Það er ekki hægt að yfirfæra þetta svona. Ég vil á engan hátt draga úr, að forsetinn eigi að njóta sérstakrar verndar, líkt og er í öðrum lýðræðisríkjum. En mér virðist þetta ekki lýsa eins miklum lýðræðishugsunarhætti og ætti að vera og of mikið af gömlum hugmyndum um konung saman við þetta, svo að ég kann ekki við, að þetta verði fært í lög.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Frsm. allshn. sagði, að hann teldi, að nánasta fjölskylda forseta væri, auk forsetans, kona hans og börn, enda sennileg skýring. En þá er þetta líka gert viðtækara en er í gildandi lögum. Þar

er aðeins talað um konung, drottningu og konungsefni. En nú verður enginn hér, sem samsvarar konungsefni. Til þess að þetta sé eins og áður var, átti þetta eingöngu að ná til forsetans og konu hans. Ég vildi vekja athygli á þessu, svo að nefndin geti athugað þetta, áður en frv. verður afgreitt. Þetta er ekki þýðingarmikið atriði, en ég sé ekki ástæðu til að gera þessi lagafyrirmæli viðtækari en áður hefur verið. Vor blessaður kóngur komst af með þessi ákvæði eins og þau voru, og ég sé ekki ástæðu til að færa þau út.

Frsm. (Jónas Rafnar): Herra forseti. Ef hv. þm. V-Húnv. óskar þess sérstaklega, að n. taki þetta mál til athugunar, þá skal ég ekki hafa á móti því, enda ætti það ekki að þurfa að tefja málið.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Ég vil benda á, að nú er málið til 2. umr., og er 3. umr. þá eftir. Ef mönnum leikur hugur á að koma með brtt. og athuga þetta betur, þá ætti mönnum að gefast nægur tími til þess milli umræðna. Annars kennir nokkurs misskilnings hjá hv. þm., að hér sé um stórfelld friðindi að ræða. Breyting þessi stafar af breytingu á stjórnarfari okkar. Nú kemur forseti í stað konungs, og það, sem bent er á í 2. gr., er það, að ef forseta eða hans nánustu er sýnd móðgun, sem ætla megi að sé stefnt gegn heimili hans, þá megi þyngja refsinguna um allt að helming fram yfir það, sem væri, ef einhver annar ætti hlut að máli. Þetta er nú það eina. Ég ætla, að þess sé í löggjöf nokkuð gætt, að forseti hafi nokkra vernd og kona hans og börn, sem á heimili hans eru. Ég held, að það sé vel fyrir öllu séð, þótt þetta sé svona. En sem sagt, ef hv. þm. þykir nú mikill vandi á ferðum, þá gefst tækifæri til að athuga þetta milli umræðna, og forseti tekur málið þá væntanlega ekki á dagskrá fyrr en eftir nokkra daga, svo að öllu réttlæti sé nú fullnægt.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil mæla með því, að n. athugi þetta nánar og umr. verði frestað. Þetta er nú 5. umr. hér á Alþ. um þetta mál, og það hefur ekki fengið mikla athugun, og ekkert gerði til, þótt það væri athugað betur. Mér sýnist, að hægt sé að laga 2. gr., sem er um það, að ef tilteknum verknaði er beint gegn heimili forseta, megi hækka refsinguna um allt að helming. Það ætti alveg að skera úr um þetta, en ekki að skilja eftir handa dómstólunum neina efasemd í þessu efni. Ég sé ekki annað en samkomulag gæti orðið um þetta. Þar sem frsm. allshn. hefur tekið vel undir að athuga þetta, legg ég til, að umr. verði frestað og málið tekið af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 33. fundi í Nd., 26. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Mig minnir, að síðast þegar þetta mál var rætt, þá hafi allshn. ætlað að athuga ýmsa hluti í sambandi við 2. gr. frv. Ég vildi nú leyfa mér að spyrja hv. n., hvort hún hefur ekki athugað þetta frv., svo að fyrir liggi frá henni brtt. við það.

Jörundur Brynjólfsson: Hv. frsm. nefndarinnar er fjarverandi, en n. hefur tekið þetta mál fyrir, og af hálfu n. mun ekki verða borin nein brtt. fram við frv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég minntist á það við 2. umr., hvort ekki mundi vera viðkunnanlegra að orða 2. málsgr. 101. gr. þannig: „Sé slíkum verknaði beint gegn heimili hans, má auka refsingu svo, að við hana sé bætt allt að helmingi hennar.“ Ég held, að þetta væri viðkunnanlegra orðalag, svo að ekki séu yfirfærð á forsetann orð, sem réttmæt gætu verið, ef um konungsfjölskyldu væri að ræða. Konungsfjölskyldan naut alveg sérstakra hlunninda gagnvart löggjafarvaldinu, sem byggðust á því, að konungurinn var talinn kjörinn af guðs náð og öll hans ætt hafin langt yfir aðra mennska menn. En forsetinn og fjölskylda hans eru hins vegar alveg jöfn fyrir lögunum og allir aðrir. Forsetinn er ekki hærra settur gagnvart lögunum en hver annar í þjóðfélaginu, og sé ég ekki, hvernig hægt er að innleiða slíkt ákvæði sem hér á að taka með, því að við verðum að gera okkur ljóst, að Ísland er ekki lengur konungsríki. Ég vil leyfa mér að koma með brtt. um þetta efni, úr því að nefndin hefur ekki séð ástæðu til að hreyfa við því, því að mér finnst viðkunnanlegra að færa þetta til samræmis við það, að við erum nú ekki lengur konungsríki, heldur lýðveldi. Ég kann ekki við það að yfirfæra hugtök, sem eru eðlileg í konungsríki, á forseta lýðríkis. Þarna koma ólík sjónarmið til greina, þar sem forseti er kjörinn af fólkinu, en konungurinn var talinn kjörinn af guði. Ég mun því koma með brtt. um þetta atriði. **(Forseti:** Telur hv. þm. ekki eins heppilegt að koma fram með brtt. við 3. umr. málsins?) Jú, það er að sjálfsögðu alveg nóg.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins leyfa mér að skjóta því til hv. nefndar, hvort hún vildi ekki fyrir 3. umr. athuga orðalag frv. Ég ætla ekki að koma fram með brtt. um þetta, en mér virðist óhjákvæmilegt annað en breyta lítillega orðalaginu á 2. gr. frv., þar sem talað er um verknað, sem beint er gegn nánustu fjölskyldu forsetans. Mér virðist það fái varla staðizt að tala um „nánustu“ fjölskyldu. Á þessu vildi ég aðeins vekja athygli, ef hv. n. vildi sinna þessu fyrir 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., 27. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vakti athygli á því við 2. umr., að orðalag 2. gr. frv. gæti varla staðizt, og beindi því til n. Ég vil spyrjast fyrir um það, hvort hv. n. hafi ekki breytt orðalaginu.

Frsm. (Jónas Rafnar): Herra forseti. Allshn. tók málið aftur til athugunar eftir 2. umr., og varð hún ásátt um það að leggja ekki til, að breyt. yrði gerð á orðalagi 2. gr. frv.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég get ekki fellt mig við, að þessi gr. sé afgreidd með málfræðilega röngu orðalagi, og þess vegna vildi ég leyfa mér að bera fram skriflega brtt. um það, að í stað orðsins „fjölskyldu" í 2. gr. komi: vandamenn. Ég leyfi mér að afhenda hæstv. forseta till. og vonast til, að hann leiti afbrigða.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 285) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. N. átti tal um þetta orðalag á fundi, sem hún hélt í gær, og sá hún ekki ástæðu til að bera fram brtt. við þetta orð. Ég skal ekki þrátta við hv. þm. um málfræði, en eftir íslenzkri málvenju fær þetta orð vel staðizt. Það er talað um fjölskyldufeður og forsvarsmann fjölskyldu og vandamenn hans. Ég held, að það skipti því engu máli, hvort orðið er haft. Hér er haft fjölskyldu forseta, og er þar átt við konu hans og börn, sem ekki eru orðin sjálfráða, þ. e. a. s. nánustu vandamenn. N. er nákvæmlega sama, hvort orðið er notað, en henni fannst tilgangslítið að vera að breyta um, og ég sé ekki ástæðu til, að hv. d. sé að ræða svona mál.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég get ekki fallizt á röksemdafærslu hv. 1. þm. Árn. og tel, að hv. þm. sýni litla málfræðikunnáttu, ef þeir samþ. ekki brtt. mína.

ATKVGR.
Brtt. 285 samþ. með 16:2 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 18. fundi í Sþ., 28. nóv., var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 286).

Á 37. fundi í Ed., 4. des., var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 329).

---

11. Loftvarnaráðstafanir o. fl.

Á 18. fundi í Ed., 22. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 27. júní 1941 um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum [74. mál] (stjfrv., A. 105).

Á 19. fundi í Ed., 23. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Vegna þess alvarlega ástands í alþjóðamálum, er nú er, þótti ekki lengur hlýða, að ekki væru gerðar ráðstafanir í loftvarnamálum. Eins og vitað er, þá er í gildandi lögum, að bæjar- og sveitarstjórnir skuli hafa frumkvæði í þessum málum. Bæjarstjórn Rvíkur hefur haft þetta mál til athugunar í langan tíma. Í vor þótti ástæða til að láta loftvarnanefnd taka til starfa, og kom þá í ljós, að ekki þótti henta skipun loftvarna frá síðasta stríði. Þótti þá og betra að hafa menn með sérþekkingu, svo sem í heilbrigðisnefnd, í loftvarnanefndinni. Voru þá gefin út bráðabirgðalög samkv. því samkomulagi, sem varð milli ríkisstj. og þeirra aðila, sem störfuðu að undirbúningi um málið, og er nú óskað staðfestingar þingsins á þeim.

Legg ég svo til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., 12. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 105, n. 189).

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 105, er staðfesting á brbl., sem sett hafa verið um það efni, sem þar greinir. Samkvæmt áður gildandi l. var reglan sú, að kosið skyldi í þessar loftvarnanefndir á þann hátt, að þær væru kosnar af bæjar- og sveitarstjórnum, en lögreglustjóri væri form. þeirra. Þær áttu að vera skipaðar 4 mönnum í Reykjavík og 2 mönnum annars staðar á landinu, auk lögreglustjóra.

Nú hefur nefnd verið starfandi í vor eða sumar, sem gerði bráðabirgðaathugun á þessum málum yfirleitt og ráðstöfunum til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum, og þessi n. komst að þeirri niðurstöðu, að eðlilegra væri, hér í Reykjavík, að þeir embættismenn, sem fara með hinar ýmsu deildir bæjarins, svo sem slökkviliðsstjóri og verkfræðingar, skipuðu þessa n., heldur en að n. væri kosin eða skipuð mönnum, sem ekki væru starfandi í þessum ýmsu deildum bæjarins og þyrftu svo aftur að sækja alla sína aðstoð til þessara starfsgreina. Jafnframt þótti eðlilegt, sem líka er gert ráð fyrir í 1. gr., að þessar n. yrðu skipaðar með svipuðum hætti annars

staðar á landinu. Breyt., sem gert er ráð fyrir samkvæmt l., er sú, að í staðinn fyrir að bæjar- og sveitarstjórnir kjósi 4 menn eða 2 menn, þá skuli n. skipuð ákveðnum embættismönnum, — í Reykjavík lögreglustjóra, slökkviliðsstjóra, borgarlækni, yfirverkfræðingi landssímans, verkfræðingi í þjónustu bæjarins og tveimur mönnum öðrum, kjörnum af bæjarráði. Það er gert ráð fyrir, að þetta séu menn, sem hafa yfirumsjón með þeim sérstöku tækjum, sem búast má við að nota þyrfti, ef til sérstakra varna kæmi. Annars staðar er gert ráð fyrir, að þessar n. séu skipaðar lögreglustjóra, bæjarstjóra, slökkviliðsstjóra, héraðslækni og bæjarverkfræðingi eða byggingarfulltrúa, eftir ákvörðun bæjar- eða sveitarstjórnar.

Þegar allshn. fór að athuga þetta mál eða þessa breyt., þá tók hún eftir því, að það vantaði að gera ráð fyrir því, hvernig þessum málum skyldi skipað þar, sem þeir embættismenn væru ekki, sem gert er ráð fyrir í frv. Af þeim sökum er gert ráð fyrir þessari viðbót, að ef þessir embættismenn eru ekki allir starfandi á stað, þar sem ástæða þykir til loftvarna, þá skuli lögreglustjóri og héraðslæknir þess umdæmis ásamt bæjarstjóra (oddvita) á staðnum tilnefna menn í þeirra stað. Það var hugmynd n., að þessari breyt. þyrfti að koma fram, til þess að hægt væri að skipa þessar nefndir alls staðar, einnig þar, sem þessir embættismenn eru ekki starfandi, sem gert er ráð fyrir í brbl. — Nefndin leggur til, að frv. sé samþ. með þessari breyt.

ATKVGR.
Brtt. 189 samþ. með 10 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., 13. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 202).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 27. fundi í Nd., 13. nóv., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 28. fundi í Nd., 15. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Nd., 16. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., 27. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 202, n. 258).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., 4. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 330).

---

12. Gengisskráning o. fl. (verðlagsuppbót o. fl.).

Á 1. fundi í Sþ., 2. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um viðauka við l. nr. 117 1950, um breyt. á l. nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl. [2. mál] (stjfrv., A. 2).

Á 4. fundi í Nd., 5. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Síðastliðið vor urðu almennar hækkanir á kaupgjaldi í landinu. Þegar þessar hækkanir höfðu átt sér stað, þótti ríkisstj., eftir að hafa athugað málið, ekki annað fært en gefa út brbl. þau, sem hér eru lögð fyrir hæstv. Alþ. til staðfestingar á þessu þskj. Leyfi ég mér að vísa til þeirra raka, sem færð voru fram fyrir brbl., og óska, að málinu verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari 1. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Nd., 29. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 2, n. 128).

Frsm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það er eins með þetta mál og aðrar till. fjhn., að hún leggur til, að það verði samþ. með lítils háttar formsbreytingum, og vona ég, að menn áliti samt ekki, að hún gerist um of aðfinnslusöm. — En þessu er þannig varið, að í frv. er gert ráð fyrir, að 1. gr. þess bætist aftan við 1. gr. laganna, sem og er rétt efnislega, en hins vegar er óljóst, hvar 2. gr. ætti að koma. N. leggur hins vegar til, að fyrirsögn þessarar gr. verði felld niður og henni bætt aftan við 1. gr. Þetta er eins og menn sjá aðeins formsbreyting, en ekki efnisbreyting, og með henni leggur n. til, að frv. verði samþ.

Jón Pálmason: Herra forseti. Það er augljóst, eins og fram kemur í nál. fjhn., að hún er sam-

þykk að mæla með frv., og má gera ráð fyrir, að það verði samþ., ekki sízt þar sem um brbl. er að ræða. En engu að síður vil ég leyfa mér að segja nokkur orð, af því að ég er n. algerlega ósammála um þetta mál og álít, að þetta sé eitthvert stærsta mál, sem nú liggur fyrir þingi.

Það mun hafa verið seint í ágúst, að ég fékk send heim til mín þessi brbl., og ég verð að segja það, að ég hrökk við, þegar ég sá, að þau fela ekkert annað í sér en það, að nú á að fara að setja aftur í fullan gang þá vísitöluskrúfu, sem hefur verið aðalverkefni síðustu ára að stöðva eins og gert var með gengisbreytingarlögunum.

Svo var til ætlazt með gengisbreytingarlögunum, að verðlagsuppbót á laun félli niður um mitt ár 1951. Nú er meiningin, að þessu verði breytt, og þar með er kippt undan því fótunum, að *dýrtíðin í landinu verði stöðvuð, því að dýrtíðin er grundvölluð af launahækkunum og sköttum.* Nú er það upplýst af fjmrh., að á seinni hluta þessa árs kemur ríkið til með að þurfa að greiða 18 millj. í hækkuðum launum, og stafar það mest af þessum brbl. Hér er með öðrum orðum verið að fara inn á þá braut að *hleypa skrúfunni í fullan gang aftur, og ég vil* fyrir mitt leyti vera fyrir utan þann leik, því að hann mun hleypa öllu fjárhagskerfi landsmanna í strand áður en lýkur. Og sú tilraun, sem gerð var af minnihlutastjórn Sjálfstfl. til að stöðva dýrtíðina varanlega, er gersamlega eyðilögð um leið og þessi lög eru samþ. Þá er allt komið um leið í sama farið aftur. Þetta get ég ekki látið hjá líða að láta í ljós, um leið og ég lýsi því yfir, að ég mun greiða atkvæði á móti þessu frv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það er út af því, sem hv. þm. A-Húnv. sagði, að eftir að þessi brbl. hefðu verið samþ., væri ekki hugsanlegt að stöðva þá dýrtíð, sem í landinu væri, og það væri í ósamræmi við stefnu þeirra laga, sem undirbúin voru af minnihlutastjórn Sjálfstfl.

Í þessu sambandi vil ég taka það fram, sem hv. þm. verður að muna eftir, að í þessum l. um gengisskráningu o. fl. var ekki skrásett kaup. Það var látið laust og óbundið, og var ætlazt til, að svo yrði að vera. Svo hlýtur honum að vera kunnugt um þær almennu kauphækkanir, sem urðu í júní í sumar. Þegar það var orðið, varð stjórnin að gera sér ljóst, hvort hún vildi veita opinberum starfsmönnum sömu uppbót. Niðurstaðan varð sú, að ekki var talið fært að neita þeim um sömu hækkun. Þetta verður hv. þm. að gera sér ljóst, áður en hann fer að tala um þetta mál.

Hv. þm. talaði um það eins og þessi brbl. væru að fara inn á nýja braut. Það má minna hann á það, að þau eru ekki annað en framhald af og í samræmi við þær niðurstöður, sem urðu af samningum launþega og atvinnurekenda í sumar. Í sambandi við þetta frv. er ekki verið að taka neina ákvörðun um það, hvort rétt sé að láta kaupgjald hreyfast í samræmi við vísitöluna, heldur er hér aðeins um það að ræða, hvort rétt sé að veita opinberum starfsmönnum launahækkun til samræmis við aðrar stéttir þjóðfélagsins, sem þegar hafa fengið launahækkanir með samningum. Það er þetta, sem hv. þm. A-Húnv. verður að gera upp við sig, en hitt er misskilningur, að hér sé ríkisstj. og Alþ. að marka stefnu í kaupgjaldsmálum, því að hún hefur þegar verið mörkuð með samningum milli atvinnurekenda og verkamanna, og það eina, sem Alþ. kveður á um með afgreiðslu þessa frv., er það, hvort opinberir starfsmenn eigi að vera settir hjá með verðlagsuppbót á laun sín eða ekki. Ég vil taka það fram, að kostnaður vegna þessarar uppbótargreiðslu er nokkuð mikill, og hefur talizt svo til, að hann muni nema um 10—11 millj. króna til starfsmanna ríkisins, en 7 milljónirnar, sem hv. þm. A-Húnv. taldi einnig með í hækkuninni á árslaunum starfsmanna ríkisins, eru af öðrum toga spunnar. Þær eru kaupgjald til lausamanna o. fl., og mundi sú hækkun hafa átt sér stað að mestu leyti, þótt þessi l. hefðu ekki verið sett. Með þessum l. er því ekki verið að setja neina vísitöluskrúfu í gang, heldur er hér aðeins verið að skammta opinberum starfsmönnum sömu uppbót á sín laun og verkamenn hafa náð með samningum. Starfsmenn ríkisins drógust aftur úr hvað þetta snertir, og ríkisstj. þótti ekki viðunandi að synja þeim um verðlagsuppbót á sín laun, þegar aðrir launþegar fengu hana. Með þessu er þó ekki sagt, að það sé alltaf sjálfsagt, að kaupgjald opinberra starfsmanna hreyfist í samræmi við kaup annarra launþega, en í þessu tilfelli fannst stjórninni rétt að hafa það svo. Um þetta geta að sjálfsögðu verið skiptar skoðanir, og þetta er atriði, sem menn verða að gera upp við sig á hverjum tíma.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Mér leikur nokkur forvitni á að vita, á hverju ræða hv. þm. A-Húnv. byggðist. Ég hygg, að þar geti tvennt komið til greina. Annars vegar, að hér sé um að ræða mikinn misskilning hjá hv. þm., hann haldi, að hér sé um annað og meira að ræða en staðfestingu á bráðabirgðalögum, sem kveða á um uppbót á launagreiðslur til opinberra starfsmanna. Hins vegar er það líka hugsanlegt, að hv. þm. vilji ekki láta greiða opinberum starfsmönnum fulla verðlagsuppbót á sín laun, eftir að nær allar launastéttir landsins hafa fengið slíka uppbót með samningum. Hæstv. fjmrh. hefur nú gert glögga grein fyrir því, að þetta frv. fjallar einvörðungu um það, að starfsmenn ríkisins fái greidda verðlagsuppbót á laun sín til samræmis við aðra launþega. Ég vildi miklu fremur mega trúa því, að hv. þm. hafi bókstaflega misskilið þetta frv., en hafi svo ekki verið, þá hefur komið þarna fram svo furðulegt afturhaldssjónarmið hjá hv. þm., að bæði mig og aðra hlýtur að reka í rogastanz. Sú skoðun, sem hann hefur þá verið að láta í ljós í ræðu sinni, er sú, að eftir að nær allar stéttir eru búnar að tryggja sér fulla verðlagsuppbót á kaupgjald sitt, bæði verkamenn, iðnaðarmenn og bændur þá líka, þar sem þeir fá hækkun á afurðaverði sínu í hlutfalli við kauphækkun vissra launastétta í kaupstöðum, — eftir

að allar stéttir aðrar en opinberir starfsmenn eru búnar að fá með samningum ákvæði um fulla verðlagsuppbót, þá ættu opinberir starfsmenn einir að verða útundan og kaup þeirra þá raunverulega að lækka. Ef þetta hefur verið skoðun hv. þm. A-Húnv., þá kemur þar fram svo furðuleg rangsleitni í garð ríkisstarfsmanna, að á því ber að vekja sérstaka athygli og hreyfa um leið andmælum gegn henni. Þegar þess er líka gætt, að hér á í hlut einn áhrifamesti þm. þingsins, hæstv. forseti sameinaðs þings, ber enn frekar að veita því athygli, ef það skyldi vera skoðun hans, að rétt sé að beita opinbera starfsmenn þvílíku ranglæti sem fall þessa frv. mundi hafa í för með sér. Það er ástæða til þess, að menn taki eftir slíkri afstöðu og festi sér hana í minni.

Jón Pálmason: Herra forseti. Það mætti ætla eftir ræðum þeirra hæstv. fjmrh. og hv. 3. landsk., að þeir áliti mig meira en litinn heimskingja, því að báðir gátu þeir sér þess til, að ég mundi hafa misskilið þetta lagafrv. En því er nú ekki til að dreifa, því að um engan misskilning er að ræða af minni hálfu. Mér er það fyllilega ljóst, að þegar gengisbreytingarlögin voru sett, var kaupgjaldið ekki bundið, eins og hæstv. fjmrh. drap á. Það var ekki ætlazt til þess, að Alþ. eða ríkisstj. skæri úr um það, hvað kaupgjaldið yrði í landinu. Inn á þá braut hefur ekki verið farið síðan 1942. En þar með er ekki sagt, að Alþ. og ríkisstj. verði að fylgja eftir þeim samningum, sem atvinnurekendur og verkamenn gera um kaupgjald sín á milli, og þótt það yrði ofan á í vor í samningum milli atvinnurekenda og verkamanna, að hinir síðarnefndu skyldu fá greidda verðlagsuppbót á laun í samræmi við vísitölu, þarf það engan veginn að vera rétt, að ríkisstj. og Alþ. fari í sama farið með því að fylgja sömu reglum í kaupgreiðslum til fastlaunaðra ríkisstarfsmanna. Þess ber sérstaklega að gæta í þessu sambandi, að aðstaða verkamanna og fastlaunamanna er og hefur verið gerólík að því leyti, að áhætta fastra starfsmanna í sambandi við atvinnuna er engin. Verkamennirnir aftur á móti eru sífellt undirorpnir þeirri hættu, að þeir fái ekki vinnu nálægt því allt árið, og stundum hafa þeir hana líka ekki nema hluta úr árinu, kannske hálft árið eða svo. Hér er því um ólíka aðstöðu að ræða, og tel ég ekki rétt, að þessar launþegastéttir fylgi sömu reglum í kaupgjaldsmálum, auk þess sem samningarnir um það, að kaupgjald verkamanna fylgi áfram vísitölunni, eru mjög hæpnir, þar sem dýrtíðarskrúfan er með því látin halda áfram að verka. Ef menn hafa hugleitt það, hve mikil ógæfa hefur hlotizt af vísitölulögunum frá 1940, hljóta menn að sjá, að hér er ekki um að ræða stéttamál eða flokksmál, heldur þjóðmál, sem hefur hina mestu þýðingu fyrir fjármálakerfi okkar og allan atvinnurekstur í landinu.

Nú er það vitað, að undanfarin ár hafa sem flestir viljað komast í fastlaunaðar stöður til þess að þurfa ekki að eiga neitt á hættu með atvinnuleysi. Hins vegar er það einnig vitað, að það eru fastlaunamenn, sem oft og einatt hafa spanað verkalýðinn upp í vinnudeilur og notað hann þannig sem ísbrjót til að knýja fram kauphækkanir handa sjálfum sér. Þess vegna haggast ég ekki frá þeirri skoðun, að heppilegra hefði verið, eins og sakir stóðu á síðastliðnu sumri, að láta við þau ákvæði sitja að greiða opinberum starfsmönnum laun eftir 123 stiga vísitölu, og felling þessa frv. er fyrsta sporið, sem hægt er að stíga nú til að gera tilraun, sem þýðingu hefur, til að stöðva þá dýrtíðarskrúfu, sem stöðugt er knúin í landinu og virðist eiga að halda áfram að knýja, þar til yfir lýkur.

Mig tekur ekkert sárt, þótt hv. 3. landsk. segi þessa afstöðu mína lýsa ótrúlegu afturhaldssjónarmiði, að ég vilji ekki láta fastlaunamenn fylgja sömu reglum í kaupgjaldsmálum og verkamenn. Ég er alveg hiklaus í þessu efni, því að ég veit, hvílíkur reginmunur er á aðstöðu þessara tveggja stétta, og það vildu án efa flestir verkamenn komast í fastlaunaða stöðu, enda þótt ekkert yrði af þessari kauphækkun, sem hér er verið að fara fram á. Í kaupstöðum og kauptúnum landsins hefur verið meira og minna atvinnuleysi mikinn hluta ársins, og líkur eru til, að svo verði enn, og í sveitunum er þannig ástatt, að bændur hafa verið á sífelldum flótta undan því að þurfa að kaupa hið allt of dýra vinnuafl fyrir þeirra atvinnurekstur, en lagt allt kapp á að auka vélanotkun sem allra mest og losna þannig við að þurfa að greiða hið rándýra vinnuafl, sem nú mun vera 50—100 sinnum dýrara en það var fyrir fyrra stríð. Og ef það á að halda áfram, að fastlaunamenn noti verkalýðinn sem ísbrjót sinn í kaupgjaldsmálum og Alþ. styðji þessa starfsemi þeirra, þá sé ég ekki betur en glötunin sé vís. — Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri, en ég held fast við þá skoðun mína, að það eru þessi l., sem tryggja gang dýrtíðarskrúfunnar, enda þótt atvinnurekendur og verkamenn hafi gert með sér samninga um verðlagsuppbót á kaup samkvæmt vísitölu.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Hv. þm. A-Húnv. sagði, að ræður okkar hæstv. fjmrh. hefðu borið vott um það, að við teldum hann ákaflega heimskan. Ekki kom mér til hugar að brigzla jafnmerkum þm. og hann er um vitsmunaskort. Hins vegar vildi ég ekki að óreyndu trúa því, að hv. þm. byggi yfir svo mikilli rangsleitni í garð opinberra starfsmanna sem komið hefur í ljós. Ég vissi að vísu áður, að hann var íhaldsmaður, en að hann væri svo afturhaldssamur sem þessi afstaða hans gefur til kynna, því vildi ég ekki trúa. Samanburður á afkomu og kjörum opinberra starfsmanna og verkamanna skiptir ekki máli í sambandi við afgreiðslu þessa frv. Hér er um það eitt að ræða, hvort hlutfallið á milli kaupgjalds þessara tveggja launastétta eigi að raskast eða ekki, en svo hefði farið, ef ríkisstj. hefði ekki sett þessi bráðabirgðalög í vor. Þá hefði kaup opinberra starfsmanna lækkað um 10—15% miðað við kaup annarra stétta. Þetta er það, sem hv. þm. er að mæla með, og á því vildi ég vekja sérstaka athygli. Hann er að mæla með því, að kaup

opinberra starfsmanna verði í rauninni lækkað miðað við aðrar stéttir. Auk þess vildi ég benda á, að í bráðabirgðalögunum er kveðið á um hækkun á kaupgjaldi opinberra starfsmanna, sem er ekki eins mikil hlutfallslega og hækkunin á kaupi verkamanna, heldur er aðeins um að ræða hækkun, sem er jafnhá í krónufjölda. Það verður ekki sagt, að með þessum bráðabirgðalögum sé gengið of langt í hækkunarátt, en samt treystir hv. þm. A-Húnv. sér til að andmæla lögunum. Það er víst, að opinberir starfsmenn munu taka eftir þessari kveðju hans í þeirra garð og festa sér hana í minni.

ATKVGR.

Brtt. 128 samþ. með 18 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 18:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÁ, SG, SkG, StJSt, AE, ÁkJ, ÁS, BÓ, EOl, EmJ, EystJ, GTh, GÞG, JóhH, JS, JörB, KS, JG.

nei: ÁB, JPálm.

PÞ, GG, HÁ, HelgJ, IngJ greiddu ekki atkv.

10 þm. (LJós, ÓTh, PO, SB, StSt, StgrSt, ÁÁ, FJ, JÁ, JR) fjarstaddir.

2 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Skúli Guðmundsson: Ég tel ekki fært að standa gegn þessu frv. í þessu tilfelli. Hins vegar vil ég taka fram, að ég tel mikla þörf á, að fundin verði upp annar mælikvarði á kaupgjald en vísitala framfærslukostnaðar. Það þyrfti að finna upp aðra vísitölu, sem byggðist á tekjum þjóðarinnar. Með þessum fyrirvara segi ég já.

Jón Gíslason: Með tilvísun til greinargerðar hv. þm. V-Húnv. fyrir atkvæði sínu segi ég já.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, KS, PÞ, PO, SÁ, SG, SkG, StJSt, AE, ÁkJ, ÁS, BÓ, EmJ, EystJ, GTh, GÞG, HelgJ, JóhH, JS, JG.

nei: JPálm.

ÁB, GG, HÁ, IngJ greiddu ekki atkv.

10 þm. (JÁ, JR, LJós, ÓTh, SB, StSt, StgrSt, ÁÁ, EOl, FJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svo hljóðandi grein fyrir atkv. sínu:

Jörundur Brynjólfsson: Ég greiddi atkv. með einstökum gr. frv., og ég ætla, að rétt sé að vísa málinu áfram til 3. umr., og gefst mönnum þá kostur á að athuga það nánar. Ég segi já.

Á 20. og 22. fundi í Nd., 30. okt. og 5. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Nd., 6. nóv., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 138).

Jón Pálmason: Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls gerði ég nokkra grein fyrir því, hvers vegna ég gæti ekki fylgt þessu frv., en vegna þess að allir aðrir þdm. voru samþykkir að vísa frv. til 3. umr., hef ég flutt hér brtt., nokkurs konar miðlunartill., á þskj. 171. Ég get ekki verið því samþykkur að fara nú að setja vísitöluskrúfuna í gang aftur.

Áður en ég sný mér að brtt. minni, vil ég með nokkrum orðum svara ummælum hv. 3. landsk., er hann viðhafði við 2. umr. þessa máls. Hv. 3. landsk. fannst það óhæfa að vera á móti því, að laun opinberra starfsmanna hækkuðu á þriggja mánaða fresti í samræmi við þá vísitöluhækkun, sem þá hefði orðið, og koma aftur á þessari vísitöluskrúfu, sem hefur valdið okkar þjóðfélagi svo mikilli ógæfu. Hv. þm. taldi það sýna megnasta afturhald að vilja nokkuð stinga við fótunum. Aðalatriðið hefur verið það, að laun og afurðaverð hafa elt hvort annað, launin hækkað fyrst, afurðirnar á eftir. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að með hinum sívaxandi opinberu afskiptum er fjöldi fastlaunaðra starfsmanna orðinn svo mikill, að meiri hlutinn af tekjum ríkssjóðs fer í launagreiðslur til þeirra. Þeir, sem eru á föstum launum hjá ríkinu, hafa það betra en flestar aðrar stéttir landsins, eins og bezt sést á því, hversu margir sækjast eftir að komast í stöður hjá ríkinu. Hér er því ekki verið að fara fram á að rýra hlut þeirra, sem minnst bera frá borði, heldur hinna bezt launuðu. Ég verð að segja það, að ég verð alltaf stórlega undrandi, þegar ég heyri þennan hv. þm. (GÞG) tala hér í deildinni, — en hann gerir það manna oftast, — því að hjá honum koma fram svo æpandi mótsagnir. Hann vill hækka öll laun, öll útgjöld til verklegra framkvæmda, en hann vill afnema söluskattinn og yfirleitt lækka alla skatta. Ef þetta eru ekki mótsagnir, þá veit ég varla, hvað mótsagnir eru. Það er stórfurðulegt, að maður með slíka menntun sem hv. 3. landsk. skuli halda slíku fram, maður, sem er hagfræðingur að menntun og prófessor við Háskóla Íslands. Þessi maður hefur einnig haldið því fram, að halda beri áfram öllum niðurgreiðslum úr ríkissjóði, en hækka laun fastra starfsmanna. Nú verður ekki sagt, að hér valdi þekkingarleysi, en mér er nær að halda, að hann tali áður en hann hugsar. — Ég læt nú svari mínu til hv. 3. landsk. lokið, en sný mér að till. minni.

Till. sú, sem ég flyt hér á þskj. 171, felur það í sér, að halda beri áfram uppteknum hætti á greiðslum til opinberra starfsmanna fram að nýári, en þá — eða árið 1952 — skuli greiðslurnar miðast við vísitöluna eins og hún verður í desember, þannig að ekki verði greitt meira en 50% af hækkuninni. Svarar það til 150% hækkunar samkvæmt gömlu vísitölunni. Mörgum mun hér finnast hart að gengið, en ef aldrei á að spyrna við fótunum, þýðir ekki að vera að tala um að stöðva dýrtíðina. — Ég skal nú ekki hafa um þetta miklu fleiri orð, en ég vona, að ríkisstj. láti sér nægja að láta þessa reglu, sem nú er viðhöfð, gilda fram að nýári. Þegar gengislækkunarlögin voru samþ., var verðlagið fest. Hitt er svo kunnugt, að það tókust samningar milli atvinnurekenda og verkamanna um greiðslur til verkamanna í samræmi við hækkandi vísitölu, og því gaf stjórnin út brbl. Ég vil nú að sinni ekki fjölyrða meira um þetta, en vona, að till. minni verði vel tekið.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég ræddi ýtarlega um þetta mál við 2. umr. málsins, og ég hef ekki löngun til að tefja þessar umræður eða störf þingsins, en þó get ég ekki stillt mig um að taka til máls út af ummælum hv. þm. A-Húnv. Ég veit, að þingmenn skilja, að í brtt. hans er farið fram á lækkun á launum opinberra starfsmanna. Ég hef ekki haft tíma til að reikna út, hve miklu þessi lækkun nemur, en ég staðhæfi, að hér er um mjög verulega launaskerðingu að ræða. Hún nemur ef til vill nokkrum hundruðum króna á mánuði hjá þeim, sem hæstar tekjur hafa. Það mátti vissulega ýmislegt finna að málflutningi hv. þm. A-Húnv. En eitt met ég, og það er sú hreinskilni, sem fram kemur hjá þessum hv. þm., er hann heldur því fram, að lækka beri laun allra opinberra starfsmanna. Hv. þm. hefur sýnt opinberum starfsmönnum inn fyrir dyrnar hjá íhaldinu. Og það er ekki falleg sjón, sem við blasir! Kröfuspjald um allsherjar launalækkun hjá opinberum starfsmönnum. Þegar mikilsvirtur þm. Sjálfstfl. heldur slíku fram, getur varla verið, að skoðunin sé alveg fylgislaus í Sjálfstfl.

Það er misskilningur hjá hv. þm. A-Húnv., að hér sé verið að setja vísitöluskrúfuna í gang. Það var gert með gengisbreytingarlögunum. En þegar verkalýðsfélögin fengu inn í sína samninga ákvæði um launagreiðslur í samræmi við vísitöluhækkun, var óhjákvæmilegt annað en opinberir starfsmenn fengju einnig hækkun í samræmi við hækkandi vísitölu. Þetta sá meira að segja núverandi ríkisstj. og gaf því út þessi brbl., en ýmsa af stuðningsmönnum hæstv. ríkisstj. virðist hafa skort skilning á þessu, og því skeður það nú, sem ég held að sé einsdæmi í þingsögunni, að minnsta kosti hefur það ekki komið fyrir síðan ég kom á þing, að andstæðingar ríkisstj. hafa orðið að verja gerðir hennar fyrir árásum frá stuðningsmönnum hennar.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Mig undraði stórlega þessi ræða hv. 3. landsk. Hann fagnar því, að einn af mikilsvirtustu þm. Alþ. skuli hafa borið fram hér till. um lækkun á launum opinberra starfsmanna. Það undrar mig stórlega, að hann skuli fagna þessu. Hver er það, sem fagnar? Er það ekki sá, sem segist bera hag launþeganna fyrir brjósti? Ég get ekki skilið, að þessi barátta forseta Sþ. sé fagnaðarefni fyrir hann. (GÞG: Það er hreinskilnin, sem ég fagna.) Hins vegar getur þetta verið fagnaðarefni fyrir þann, sem vill nota sér það til pólitísks framdráttar fyrir sig og sinn flokk.

Það er misskilningur hjá hv. þm. A-Húnv., að þessi stétt sé betur sett en aðrar stéttir. Þetta eru flest menn, sem hafa kostað sig til langs náms, en hafa samt ekki betri kjör en aðrar stéttir. Annars undrar mig stórum þessi ummæli hv. 3. landsk. þm. Ég get naumast skilið þau, en hans innri mann hef ég að vísu ekki skoðað. Ég viðurkenni það fúslega, að það er mikil hætta á ferðum, en ég get ekki fallizt á, að níðzt sé á þessari einu stétt, vegna þess að hún búi við svo æskileg kjör. Ég vil ekki, að þessi árás á opinbera starfsmenn, sem fram kom í till. forseta Sþ., lendi á fjmrh. Ég stóð hér upp til þess að vísa sök af höndum okkar ráðh. Sjálfstfl., við stöndum allir einhuga um að samþykkja frv. stj., og til þess að láta í ljós undrun mína yfir hinum ágæta pólitíska andstæðingi mínum.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð. — Þessi brtt. gerir ráð fyrir því að greiða lægri uppbætur á laun opinberra starfsmanna en nú er gert. Eins og ég gat um við 1. umr. taldi ríkisstj. sér ekki fært að greiða lægri uppbætur til þeirra en verkamenn höfðu fengið inn í samninga sína við atvinnurekendur. Nú gerir hv. þm. A-Húnv. ráð fyrir því að lækka þetta mjög. Ríkisstj. getur ekki fallizt á þá breytingu, sem þar er gert ráð fyrir. Þar með er ekki sagt, að sjálfsagt sé að greiða alltaf sömu uppbætur á laun, en eins og ástandið er nú sýndist stj. þetta rétt og sanngjarnt. Ég vil því leyfa mér að fara fram á það, að hv. d. samþ. ekki þessa brtt., sem hæstv. forseti Sþ. hefur borið fram.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að gera tvær aths. í sambandi við þetta mál. Önnur snertir afstöðu ríkisstj. til starfsmanna sinna. Að hæstv. ríkisstj. hefur orðið að veita starfsmönnum ríkisins sömu kjör og aðrir hafa fengið, stafar af því, að opinberir starfsmenn hafa ekki verkfallsrétt. Meðan svo er, er ekki hægt að segja við þá, að þeir verði einskis aðnjótandi, þegar aðrir hafa fengið kjör sín bætt. Ég vil spyrja hv. þm. A-Húnv. og þá, sem honum kunna að fylgja að málum, hvort þeir eru fúsir til að gefa opinberum starfsmönnum þennan rétt. Meðan þeir hafa hann ekki, býst ég við, að flestar ríkisstj. líti svo á, að þetta sé óhjákvæmilegt. — Hin aths., sem ég vildi koma með, snýr að starfsemi Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Meðlimir þess verða aðnjótandi þeirra kjarabóta, sem verkalýðsfélögin knýja fram. En ég verð að segja, að ef það er svo, að þeir eru sviptir verkfallsrétti og verða því að treysta á kjarabaráttu verkalýðsfélaganna, þá hlýtur það að verða krafa, að þeir styðji kjarabaráttu verkalýðsfélaganna betur en nú. Hingað til hefur það verið svo, að forgöngumenn bandalagsins hafa lagzt á móti kröfum verkamanna og reynt að vega aftan að þeim. Sú minnsta krafa, sem hægt er að gera, er, að samtökin sýni aðra viðleitni í þessum málum og styðji samtök verkalýðsins.

Þessum aths. vildi ég skjóta fram, án þess að tefja umr.

Jón Pálmason: Herra forseti. Það hafa nú talað fjórir hv. þm., tveir ráðh. og tveir aðrir, á móti brtt. minni. Þetta kemur mér ekki á óvart. Það er ekki nýtt, þegar um það er að ræða, hvort auka skuli eða skerða hagsmuni launastéttanna, að meiri hluti Alþ. sé fylgjandi því að skerða þá ekki. En með því að það er aðalmál þingsins að sporna við dýrtíðinni, og hefur verið það undanfarin 10—12 ár — og það er ekki flokksmál eða stéttarmál, heldur allsherjar þjóðmál — þá vil ég ekki sem þm. bera ábyrgð á vísitölukerfinu.

Það er nú svo ástatt, að fastlaunamenn hafa á sínu bandi einn flokkinn heilan og meiri hluta í öllum hinum flokkunum. Svo var einnig er vísitölulögin 1940 voru sett, en afleiðingar þeirra laga höfum við nú séð.

Hv. 3. landsk. taldi það fagnaðarefni, að forseta Sþ. skyldi detta í hug að lækka laun opinberra starfsmanna. Hér er ekki um lækkun að ræða, heldur hækkun. Á síðasta Alþ. var ákveðið að borga 23% viðbót við launin í ár og ekki meira. Nú er þetta orðið 50%, og ég fer ekki fram á neina skerðingu til ársloka. En ef hækkunin nemur t. d. 60% í desember, þá má samkv. till. borga á næsta ári aðeins 30%. Hún er borin fram vegna þess, að ég tel, að dýrtíðin verði ekki stöðvuð, ef ekki er spornað við henni hjá þeim, er ráða í þjóðfélaginu og eru þar valdastéttin.

Svo var hv. 2. þm. Reykv. *Hann* vill bæta gráu ofan á svart með því að heimta verkfallsrétt fyrir opinbera starfsmenn, svo að þeir geti barizt gegn þjóðfélaginu, sem þeim hefur verið veitt embætti til að vernda, því að frá mínu sjónarmiði eru opinberir embættismenn kostaðir til náms til þess að vernda hagsmuni þjóðfélagsins.

Þá sagði hv. 3. landsk., að launaskrúfan hefði verið sett í gang með samningum s. l. vor. Það er rétt, og því ræður Alþ. ekki. En ríkisstj. ræður yfir opinberum starfsmönnum og getur því hindrað, að þar verði sett í gang sams konar launaskrúfa og sett var í gang með samningum verkalýðsfélaganna á s. l. vori. Það þarf enginn að halda, að hægt sé að stöðva þessa skrúfu, ef Alþ. sýnir ekki viðleitni til að stöðva hana hjá sér.

Í gengisbreytingarlögunum nr. 22 frá 1950 var það eitt merkilegasta atriðið, að greiðslu verðlagsuppbótar skyldi lokið í júní 1951. Með því að halda þessu áfram, fæ ég ekki betur séð en verið sé að renna sér fótskriðu fram af fjárhagslegum glötunarbarmi.

Forseti (SB): Það er of skammt liðið síðan brtt. á þskj. 171 var útbýtt, og þarf því að veita afbrigði.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Hæstv. atvmrh. skildi, að hv. þm. A-Húnv. hafði ekki gert Sjálfstæðisflokknum greiða með flutningi þessarar till. Það sýnir pólitísk hyggindi hans. En sannleikurinn er sá, að þessi till. hv. þm. A-Húnv. er skaðlegri en ég taldi áðan. Ég hef, meðan á umræðunum hefur staðið, reynt að gera mér grein fyrir því, hvað samþykkt hennar mundi þýða, og mér virðist hún fela í sér 425 kr. kauplækkun á mánuði fyrir opinbera starfsmenn, sem hafa 2500 kr. í grunnlaun, eða um 13% kauplækkun. Hæstv. forseti Sþ. leggur til í brtt. við stjfrv., að laun opinberra starfsmanna séu lækkuð um 13%! Það er ekki að furða, þó að hæstv. atvmrh. teldi þörf á að bjarga heiðri Sjálfstfl.

Það er útúrsnúningur, að ég hafi fagnað till., þá hefði ég ekki andmælt henni. Það, sem ég fagnaði, var, að sézt hefði inn fyrir dyrnar hjá Sjálfstfl., sem telur sig hinn eina sanna málsvara launastéttanna. Ég vil ekki hafa heiður af þeim, er stutt hafa málstað opinberra starfsmanna, ráðh., sem stóðu að brbl., og verulegum hluta Sjálfstfl., en maður veit ekki, hve stór hluti flokksins er fjandsamlegur þessari verðlagsuppbót. Þessi till. hefur sýnt, að sá fjandskapur er fyrir hendi.

Það er rétt hjá hæstv. atvmrh., að opinberir starfsmenn eru ekki öfundsverðir af launum sínum, þess vegna andmælti ég hv. þm. A-Húnv. Við hæstv. atvmrh. erum ekki oft sammála, en nú erum við það. Það fellur nú m. a. í hlut míns flokks að hrinda þessu máli fram, þótt það sé borið fram af ríkisstj. Hæstv. ríkisstj. verður að treysta á Alþfl. og Sósfl. til þess að koma málinu fram og vernda sig gegn vinum sínum. Það er nær einsdæmi.

Í þessu máli hefur það komið í ljós, að allur Alþfl. styður málstað opinberra starfsmanna, en það hefur líka komið í ljós, að hið sama verður ekki sagt um Sjálfstfl.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð. — Hv. 3. landsk. sagði, að till. væri hættulegri en hann hélt í fyrstu. Ég get að því leyti fallizt á það, að ég taldi hana ekki hættulega í fyrstu, þó að ég veiktist í trúnni, er ég heyrði hv. þm. fagna till. Ef flokkslegir hagsmunir eru ekki látnir sitja í fyrirrúmi, getur hún aðeins orðið þeim fagnaðarefni, sem vilja, að kjör opinberra starfsmanna verði rýrð. Ég tel ekki nægilega sterk rök fyrir því að samþ. till.

Hv. 3. landsk. sagði, að flokkur hans væri að vernda ríkisstj. gegn vinum hennar og að þessi aðstaða væri einsdæmi. Hér er um það eitt að ræða að sýna opinberum starfsmönnum réttlæti og að Alþfl. þjóni því réttlæti, þó að hann sé á móti ríkisstj. Ef það er einsdæmi í sögu Alþfl., að hann geri það, þá hann um það. En ég tel, að hann verðskuldi betri eftirmæli.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Það er ekki samboðið hæstv. atvmrh. að halda áfram að snúa út úr og segja, að ég hafi fagnað till. Ég fagnaði ekki till. í sjálfu sér, heldur því, að hún hefði sýnt inn fyrir dyrnar hjá Sjálfstfl. og að sá klofningur, sem er í Sjálfstfl., hefði komið fram.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Það er rétt, og ég vil ekki deila við prófessorinn til lengdar um þetta. Það er ekkert launungarmál, að ýmsir hafa talið, að ríkissjóður hefði ekki ráð á að greiða þessa uppbót. En ég held fast við það, að það er ekki fagnaðarefni, að þetta hugarfar skuli koma fram hjá hæstv. forseta Sþ. Það ætti frekar að vera áhyggjuefni.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. Það kemur oft fram og hefur einnig komið fram hér nú, að tekjur launþega séu mismunandi og að verkamenn hljóti því að vera óánægðir, þegar þeir beri sig saman við aðra. Allir launþegar hafa

þó í raun og veru sömu aðstöðu, þó að það sé svo með opinbera starfsmenn, að þeir geti ekki beitt hinu eina afli, verkfallinu.

Hv. þm. A-Húnv. talaði um, að það væri nauðsynlegt að sporna við dýrtíðinni og að það hefði verið aðalmál þingsins síðustu 10—12 árin. Ég held þó, að ekki verði spyrnt við fótum með því að ráðast á kaupgjaldið. Það þarf að leita annað.

Þá vil ég benda á það, að samkv. frv. á full verðlagsuppbót á laun aðeins að ná til þeirra, sem lægst laun hafa. Ég er viss um, að engin stj. getur gert annað en látið opinbera starfsmenn fá þessa verðlagsuppbót, vegna þess að mikill meiri hluti þeirra býr við kjör, sem eru litlu betri en hjá almenningi. Ef stinga á við fótum, verður að gera það annars staðar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 25. fundi í Nd., 9. nóv., var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Nd., 12. nóv., var fram haldið 3. umr. **um frv.**

ATKVGR.

Brtt. 171 felld með 18:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JPálm, ÁB.

nei: GÞG, HelgJ, JÁ, KS, PÞ, SG, SkG, StJSt, MJ, StgrSt, AE, ÁkJ, ÁÁ, BÓ, EmJ, EystJ, GTh, SB.

HÁ, JS, JörB greiddu ekki atkv.

12 þm. (IngJ, JóhH, JG, JR, LJós, ÓTh, PO, SÁ, ÁS, EOl, FJ, GG) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 17:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 27. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 28. fundi í Ed., 13. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., 6. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 138, n. 334).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Þetta mál, sem hér liggur fyrir, er staðfesting á brbl., sem ríkisstj. gaf út 30. júní s. l. í sambandi við hækkandi uppbótargreiðslur á laun starfsmanna ríkisins frá því, sem ákveðið hafði verið í l. nr. 117/1950 og gert hafði verið ráð fyrir að gilti allt árið 1951. Þegar fjárlög voru undirbúin, var gert ráð fyrir, að visitalan yrði 115 stig. En þegar sýnt varð, að vísitalan yrði hærri, var komið með till. um að binda vísitöluna við 123 stig. Þegar kom fram á þetta ár, tókust samningar milli vinnuveitenda og verkalýðsfélaga um, að kaup skyldi hækka eftir föstum reglum, og þá þótti ríkisstj. ekki fært lengur að binda kaup opinberra starfsmanna og gaf þá út þau brbl., sem ég hef nefnt, til þess að ráða bót á því. Ég skal ekki fara út í það, hvort rétt hafi verið að gefa út þessi brbl. Það er sýnt, að þau baka ríkissjóði útgjöld, sem skipta milljónum. En hvort sem heimild hefur verið til þessa í stjskr. eða ekki, hefur nú meiri hl. Alþ. sýnt það, að hann hefur talið sjálfsagt að fara þessa leið, þar sem Alþ. er nú löngu saman komið og fjárlög komin til 3. umr. og gert þar ráð fyrir, að kaupgjaldsvísitalan sé 141 stig. Þetta hefði að vísu mátt bíða Alþingis, en það hefði allt borið að sama brunni, og skal ég ekki fjölyrða um það atriði. Hitt var svo sýnilegt, þegar rætt var um, hvort rétt sé að greiða fulla eða skerta uppbót á laun opinberra starfsmanna, að margir starfsmenn ríkisins hafa hærri laun en samkv. launal., og er það sumpart gert með því að sniðganga l. og sumpart með því að brjóta þau. Langmest er þetta gert með því, að viðkomandi aðilar hafa fengið laun sín greidd sem auka- eða eftirvinnu eða þá að þeir fá þau greidd við aðrar stofnanir. Þetta á við um fleiri en eina stofnun og gengur svo langt, að menn hafa verið settir á eftirlaun hjá vissum stofnunum, þótt þeir hafi fyllstu eftirlaun eftir 18. gr. fjárlaga. Verðlagsvísitalan er því engan veginn réttlát fyrir þá, sem hafa þessi háu laun eftir ýmsum krókaleiðum. Ég skal benda á, að við eina stofnun vinna fjórir menn, sem eiga að hafa 30—50 þús. kr. í árslaun, en hafa allir 60—90 þús., að vísu fyrir lengri vinnutíma en ákveðið er í launalögum. Þetta verður að rannsaka um allt land, hve miklar heildartekjur þessir menn fá frá ríkinu. Ég skal benda á, að í einu fyrirtæki vinna 2 menn og forstjóri, sem hefur 47 þús. í árslaun og aðstoðarmennirnir 42 þús., og í þessu fyrirtæki hefur verið illa unnið og kvartað undan afgreiðslu þar. Og það hefur verið upplýst, að þessir sömu menn vinna í annarri ríkisstofnun fyrir allt að 30 þús. kr. á ári. Ég tel ekki viðeigandi að nefna hér nein nöfn, hvorki á mönnum né stofnunum.

Eins og lögin frá 30. júní bera með sér, ber að reikna aðeins fulla vísitölu á 1830 kr. á mán., en síðan 123 stig á það, sem umfram er. Þessi regla miðar að því að minnka bilið milli hinna opinberu starfsmanna, sem gert er ráð fyrir í launal., og þótti nauðsynlegt að setja það í lögin, þótt deila megi um, hvort þetta sé rétt. Hitt ber að athuga, þegar menn taka laun hjá tveim stofnunum, hvort þá er miðað við heildarlaun þeirra eða við laun þeirra í hvorri stofnun um sig. Hv. fjhn. hafði hugsað sér að setja gr. í frv. um það, að þeir fastlaunaðir starfsmenn, sem hafa samtals yfir 1830 kr. í fleiri en einni stofnun, skuli hlíta skerðingu á uppbótinni við 1830 kr. En vegna þess að hæstv. fjmrh. upplýsti, að þessi háttur væri hafður á, að greiða fulla uppbót aðeins á fyrstu 1830 kr., þótti ekki ástæða til að setja þetta í l., en nefndin treystir því, að þetta verði gert.

N. hefur orðið sammála um að bera fram

brtt. við frv. þetta, og eru þær á þskj. 334. Er ein þeirra um að láta fara fram endurskoðun á þessum málum, sem hér um ræðir. Ríkisstj. hefur lagt fyrir þingið til staðfestingar tvenn önnur brbl. um breyt. á gengisskráningarlögunum. N. þótti rétt að taka þessi ákvæði upp í eitt og sama frv. Var þetta gert í samráði við ríkisstj. og skrifstofu Alþ., og verða þessi lög því felld inn í frv., ef d. samþ. það.

Fyrsta brtt. á þskj. 334 er flutt samkv. ósk hæstv. fjmrh., og hefur n. fallizt á hana. Það er sýnilegt, ef lífeyrissjóðirnir eiga að greiða sömu uppbætur og starfsmenn ríkisins fá, að sjóðirnir geta ekki þolað slík aukin útgjöld, og verður ríkissjóður að hlaupa undir bagga. En þetta mun nema ca. 90 þús. árið 1950, 390 þús. árið 1951 og 550 þús. 1952, eða 1030 þús. alls. Væri þá eðlilegt, að hæstv. ríkisstj. greiddi 480 þús., eða tvö fyrri árin, af tekjuafgangi ársins 1951, en útgjöld ársins 1952 væru tekin upp á fjárlög þess árs. Það var enginn ágreiningur um þetta í n., og hún telur þetta fullkomið sanngirnis- og réttlætismál.

Önnur brtt. er sú, að á eftir frvgr. komi þrjár nýjar gr. og bráðabirgðaákvæði. Í fyrsta lagi, að aftan við 2. gr. l. nr. 9/1951 bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

„Nú hækka laun samkv. 1. málslið 1. gr., áður en nýr verðlagsgrundvöllur landbúnaðarvara, samkvæmt II. kafla laga nr. 94/1947 kemur til framkvæmda haustið 1951, þá er framleiðsluráði landbúnaðarins heimilt að hækka verð landbúnaðarvara þannig, að liðirnir kaup bóndans og aðkeypt vinna í verðlagsgrundvellinum hækki tilsvarandi frá sama tíma og launahækkunin verður."

Þetta ákvæði er samhljóða brbl. frá í júní í sumar og hefur þegar verið framkvæmt og hefur þess vegna ekki þýðingu, en engu að síður þykir þó rétt að lögfesta þetta, því að hugsanlegt er, að einhverjir séu, sem ekki vilja beygja sig undir þessi ákvæði.

Þá er b-liður um það, að 2. málsgr. 2. gr. l. nr. 117/1950 orðist svo:

„Framleiðslugjald skal lagt á alla síld, sem lögð er á land til bræðslu eða söltunar, og skal það nema 8% af fersksíldarverðinu. Sama gjald skal greiða af útflutningsverðmæti beitusíldar. Ef sumarafli er minni en 6000 mál að meðaltali á skip, skal gjaldið allt, að undanteknu framleiðslugjaldi af útfluttri beitusíld, endurgoldið sjómönnum og útgerðarmönnum um leið og lokið er veiðitíma. Ef sumarafli er meiri en 6000 mál að meðaltali á skip, skal gjaldið innheimt og renna allt til síldardeildar hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins."

Þetta er sömuleiðis í samræmi við brbl. frá í sumar og er tekið orðrétt upp úr þeim, og koma þau því ekki til afgreiðslu sérstaklega.

Þá er c-liður um nýja 4. gr., að þessi lög öðlist þegar gildi. Það er nauðsynlegt, að það sé tekið fram, því að þessar breytingar voru ekki í brbl.

Svo er það d-liður, sem er bráðabirgðaákvæði og hljóðar þannig:

„Ríkisstjórnin lætur fara fram fyrir 1. júní n. k. athugun á launum og viðbótarlaunum starfsmanna ríkis og ríkisstofnana, svo að ljóst sé, hverjar heildartekjur þeirra eru í launum frá ríkissjóði eða ríkisfyrirtækjum, samfara upplýsingum um þann vinnutíma, sem aðili lætur í té fyrir greidd laun. Að lokinni þeirri athugun og á grundvelli þeirra upplýsinga, sem þannig liggja fyrir, skal ríkisstj. gera á ný tillögur um verðlagsuppbætur á laun starfsmanna ríkis og ríkisstofnana og leggja þær síðan ásamt upplýsingum fyrir næsta reglulegt Alþingi."

Þetta er gert vegna ósamræmis, sem verið hefur í launagreiðslum.

Að síðustu er svo 3. brtt. um, að fyrirsögn frv. orðist þannig: „Frv. til l. um breyt. á l. nr. 117 1950, um breyt. á l. nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og á l. nr. 9 1951, um breyt. á þeim l."

Fjhn. var sammála um allar þessar till. En hv. 1. landsk. þm. gat ekki fylgt n. að fullu og treysti sér því ekki til að undirrita nál., og gerir hann þá grein fyrir sinni afstöðu, ef hann finnur ástæðu til.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frv. frekar. Nefndin leggur áherzlu á það, að sú rannsókn, sem um getur í d-lið, verði framkvæmd, og treystir ríkisstj. til að sjá svo um, að það verði gert.

Að síðustu leggur n. svo til, að þessar brtt. verði samþ., óbreyttar.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Þar sem ég hef ekki skrifað undir það nál., sem hv. fjhn. hefur gefið út á þskj. 334, þykir mér rétt að gera nokkra grein fyrir minni afstöðu.

Ég var nefndinni algerlega sammála um afgreiðslu málsins, en þegar til kom treysti ég mér ekki til að undirskrifa nál. Það var þannig, að hv. frsm. n. skrifaði nál. sjálfur í stað þess, sem er venja, að það sé að minnsta kosti borið undir meðnefndarmenn, og þar sem ég sá, að það var skrifað út frá flokkspólitískum sjónarmiðum í verulegum atriðum, þá vildi ég ekki skrifa undir það. Það er að vísu óvenjulegt, að n. sé sammála, en geti ekki skrifað undir nál. öll, en ég er samt sem áður fylgjandi frv.

Það má að vísu segja um 2. brtt., sem er að öllu leyti samhljóða brbl. frá því í júní í sumar og fjallar um verð á landbúnaðarafurðum, að það hafi ekki verið þörf á að taka hana upp í frv., enda talaði frsm. um það. Og ég taldi þetta óþarft og jafnvel óviðkunnanlegt í n. Ég tel, að þetta sé óþarft vegna þess, að þessi brbl. hafa þegar verið framkvæmd og öðlast ekki meira lagagildi fyrir það, þó að þetta sé samþykkt. Og ég verð að segja það fyrir mig, að ég kann ekki við að hafa það í lögum, sem er orðið óvirkt. En það má segja, að þetta sé aðeins formsatriði og skipti reyndar engu máli. Það er sagt, að þetta hafi verið tekið upp af því, að þessi l. hafi verið vefengd. En það er nú svo, að sá, sem vefengir, stendur ekkert betur að vígi, þó að þetta sé nú tekið í l., af því að brbl. voru l. og verða ekki frekar vefengd. Ég taldi þetta óviðkunnanlegt, en mun ekki gera það að neinu ágreiningsatriði.

Hvað snertir bráðabirgðaákvæðið, þá er ég því

líka samþykkur, þó að ég efist hins vegar um það, að það hafi raungildi að fara að setja ný lög um verðlagsuppbætur. Hins vegar er ekki nema gott um það að segja, að ríkisstj. láti þessa athugun fara fram, svo að það verði ljóst, hvaða tekjur það eru, sem menn fá fyrir sinn vinnutíma, og það er nauðsynlegt fyrir alþingismenn að fá þessar upplýsingar sem gleggstar. Ég mæli því með, að þetta frv. verði samþykkt, þó að ég hafi ekki getað skrifað undir nál. af fyrrgreindum ástæðum.

ATKVGR.

Brtt. 334,1 samþ. með 11 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 334,2.a (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

— 334,2.b—d (2 nýjar gr., verða 3.—4. gr., og nýtt brbákv.) samþ. með 12 shlj. atkv.

— 334,3 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 117 1950, um breyt. á l. nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og á l. nr. 9 1951, um breyt. á þeim l.

Á 39. fundi í Ed., 7. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 362).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 38. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 39. fundi í Nd., 10. des., var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 394).

---

13. Tollskrá o. fl. (stjfrv.).

Á 5. fundi í Sþ., 17. okt., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 62 1939, um tollskrá o. fl. [59. mál] (stjfrv., A. 85).

Á 16. fundi í Ed., 18. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Frv. þetta er um að framlengja nokkur ákvæði, sem í lögum hafa verið nú um nokkurn tíma varðandi viðauka á nokkrum tekjustofnum ríkisins. — Ég leyfi mér að stinga upp á, að málinu verði vísað til fjhn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Ed., 25. okt., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. fundi í Ed., 29. okt., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 85, n. 97 og 99).

Frsm. meiri hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Þessu frv., sem hér liggur fyrir, var vísað til hv. fjhn. Hefur n. athugað frv., og sá n. það við athugun, að prentvilla hafði orðið í frv., þannig að þar stóð 200%, en átti að standa 250%, þ. e. 250% álag. Þetta hefur n. nú viljað leiðrétta með brtt., sem hún flytur.

N. varð ekki sammála um málið. Minni hl. n., hv. 1. landsk., vildi ekki verða samferða hinum öðrum nefndarmönnum um afgreiðslu málsins og hefur því lagt fram sérstakt nál. Aftur á móti töldum við hinir nefndarmennirnir, að þar sem hér er um stjfrv. að ræða og ekki hefur komið fram nein stefnubreyt. hjá flokkunum, sem standa að ríkisstj., um tolla- og skattabreyt., töldum við rétt og sjálfsagt að leggja til, að þetta frv. yrði samþ., jafnvel þó að afkoma ríkissjóðs sé betri nú en á síðasta ári, og töldum við varasamt að sleppa nú þeim tekjum, sem þetta frv. felur í sér. Leggur meiri hl. fjhn. því til, að frv. verði samþ. óbreytt að öðru leyti en því, að leiðrétt verði áður nefnd prentvilla í frv.

Frsm. minni hl. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta mál. Ég og minn flokkur höfum jafnan verið andvígir þessari hækkun á tolli, frá því hún fyrst var á lögð, og erum það enn, og hef ég á hverju þingi á þessu tímabili fært fyrir því rök. Það er nú svo, að þetta er eitt af þeim mörgu frv. um hækkun á álögum, sem heita bráðabirgðahækkanir, þ. e. a. s. sú upphæð í tollaálagningunni, sem hér er um að ræða, hefur verið eins konar feimnismál, sem af einhverjum ástæðum hefur verið lögð á til bráðabirgða hverju sinni, en síðan framlengd, — og hefur raunar aldrei verið hugsuð til bráðabirgða, heldur til frambúðar.

Ég sagði áðan, að ég hefði alltaf verið andvígur efni þessa frv. — og minn flokkur, — og það liggja fyrir því enn þá gildari rök nú heldur en nokkru sinni fyrr, og ber þar bæði til, að þær ástæður, sem fram voru færðar fyrir þessari hækkun fyrst, er hún var á lögð, eru ekki lengur fyrir hendi, og svo það, að nú er víst, að það verður mikill tekjuafgangur á fjárl. 1951, þannig að enn þá minni ástæða er til þess nú að leggja þessa hækkun á þess vegna. Og ekki bætir það heldur úr skák, að nú er fellt niður það ákvæði, sem áður var og upp var tekið, þegar þessi hækkun var fyrst lögð á, og síðan hefur haldizt, að ekki sé heimilt að hækka álagningu á vöruverð vegna tollahækkana samkv. þessum lögum, og er það nú borið fyrir, að margar af þessum vörum eru ekki

lengur undir verðlagseftirliti. En ekki er minnsti vafi á því, að álagningin á tollinn kemur fram í vöruverðinu, hvort sem vörurnar eru undir verðlagseftirliti eða ekki, þannig að þetta veldur nú enn þá frekari hækkun.

Ég legg því til, að þetta frv. verði fellt að öðru leyti en því, að ákvæði 3. gr. haldist, — sem sagt, ég legg til, að aðrar gr. frv. verði felldar, nema 4. gr. má gjarnan standa líka. 3. gr. fjallar um heimild til þess að fella niður aðflutningsgjald á nokkrum vörum.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Samkv. þessu frv. er til þess ætlazt, að áfram haldist sú hækkun, sem gerð hefur verið á vörumagnstollinum og nemur 250%, þ. e. á allar aðrar vörur í þeim flokki en þær, sem taldar eru í litla a-lið 1. gr. Enn fremur er í frv. þessu ætlazt til þess, að verðtollurinn hækki um 45%, með þeim undantekningum, sem felast í 2. gr. — Ég mun greiða atkv. gegn 1. gr. frv., a. m. k. meðan ekki er sýnt, hvað verður um söluskattinn. Ef söluskatturinn er tekinn í lög áfram, fæ ég ekki séð, að ríkissjóði sé nauðsyn á þessum tekjuauka áfram, sem hér er gert ráð fyrir. Hins vegar, ef söluskatturinn verður felldur niður, sem ég vona, þá má segja, að ástæða sé til að athuga, hvort ekki sé vert að framlengja þessa hækkun tolla.

2., 3. og 4. gr. frv. er ég samþykkur, svo langt sem þær ná. En ég vil vekja athygli á því, sem fram er tekið í grg. þessa frv., þar sem ríkisstj. vekur athygli á, að 4. gr. laga nr. 106 frá 1950 sé felld niður í þessu frv., en efni hennar er það, að álagning verzlana og milliliða yfirleitt á þær vörur, sem falla undir þetta frv., skuli eingöngu miðuð við verð varanna án þessarar nýju tollaaukningar. En samkv. þessu frv., ef að l. verður, er heimilt að leggja ekki aðeins á innkaupsverð þessara vara og eldri tolla, heldur líka á þann tollviðauka, sem hér er um að ræða. Hæstv. ríkisstj. segir í grg., að ástæðulaust sé að hafa þetta ákvæði lengur í l., vegna þess að yfirleitt sé búið að afnema verðlagseftirlit með flestum vörum, sem undir lög þessi falla, en að svo miklu leyti sem það ekki sé gert, sé heimilt að hafa hemil á álagningu á tollahækkanir þessar gegnum fjárhagsráð. Segja má, að að forminu til sé þetta rétt. En hins vegar er það vitað, að það er gersamlegt blygðunarleysi, sem hæstv. ríkisstj. sýnir varðandi öll afskipti sín af verðlagsmálunum í landinu. Með þessu — að fella niður 4. gr. — er boðið upp á og undirstrikað, að verzlunum og milliliðum sé heimilt að hækka álagningu á þessar vörur, og þessir aðilar eru beinlínis hvattir til þess samkv. þeim orðum, sem hér standa í grg. frv.

Ég mun ekki á þessu stigi bera fram brtt. við þetta frv. um að taka þessa gr. aftur inn í frv., en áskil mér rétt til þess að gera það við 3. umr., ef mér sýnist ástæða til þess. En augljóst er af þessu frv., að hæstv. ríkisstj. er ekki aðeins ráðin í því að halda áfram þeim tollum, sem lagðir hafa verið á í sérstöku augnamiði, þótt horfið hafi það tilefni, sem upphaflega var fyrir álagningu þeirra, heldur á enn fremur að láta þá, sem milliliðastörf annast, hafa algerlega frjálsar hendur um það, hve mikið þeir leggja á vörurnar, ekki aðeins á það, sem þeir greiða fyrir þær án þessarar tollahækkunar, heldur líka á þá tollaaukningu, sem hér á að verða innheimt fyrir ríkissjóð.

ATKVGR.
Brtt. 99 samþ. með 9:2 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 10:4 atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:4 atkv.

Á 22. fundi í Ed., 30. okt., var frv. tekið til 3. umr. (A. 134).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 20. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 35. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Nd., 7. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 134, n. 323 og 345).

Frsm. meiri hl. (Sigurður Ágústsson): Herra forseti. Frv. það, sem er 59. mál Ed. og hér er tekið til meðferðar, er framlenging á ákvæðum laga nr. 106 frá 1950, um bráðabirgðabreytingu á lögum frá 1939, um tollskrá o. fl. Þó er sú breyting gerð á l. frá 1950, að 4. gr. er ekki tekin upp í frv. En í þeirri grein var ákvæði um, að ekki væri heimilt að hækka álag á vörur vegna tollahækkana samkvæmt þeim lögum. Nú er vitað, að verðlagseftirlit á flestum þeim vörum, sem hér greinir, hefur fallið niður, og þykir því ekki ástæða til að halda þessu ákvæði varðandi þessar vörur, sem eru háðar verðlagseftirliti, enda er það á valdi fjárhagsráðs að hafa hemil á álagningunni, eftir því sem ástæða þykir til. — Fjhn. hefur tekið frv. til athugunar á fundi sínum 3. þ. m. Hefur meiri hl. mælt með því, að frv. verði samþ., en minni hl., hv. 2. þm. Reykv., er því andvígur.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki hafa langt mál um þetta, þótt þetta sé vissulega allmikið mál.

1. gr. þessa frv. er ég andvígur. 2. og 3. gr. fjalla aðeins um undanþágu frá tollskránni,

sem hér er rætt um, og þeim gr. er ég samþykkur. En í 1. gr. felst, að halda eigi áfram allri þeirri tollahækkun, sem hefur verið ákveðin sérstaklega á benzín og ýmsar aðrar vörur.

Þegar þetta frv. var upphaflega lagt fram, voru að því er manni virtist gleðilegir hlutir í því, eins og að það ætti að lækka álagningu á vörumagnstoll niður í 200%. En svo upplýstist, að þetta var bara prentvilla. Það er því miður svo, að hvað eftir annað þegar menn heyra gleðileg tíðindi hér, þá er þeim kippt aftur. Þegar blessuð ríkisstj. virtist ætla að lækka tolla og láta sér skiljast, að almenningi væri nóg boðið, þá upplýstist, að það var prentvilla. Þegar svo virðist, sem það ætli að verða yfir 100 millj. kr. tekjuafgangur, þá er það prentvilla. Það er eins og prentvillupúkinn sé farinn að skjótast allmikið inn í aðgerðir hæstv. ríkisstjórnar.

Verðtoll á að innheimta með 45% álagi, að undanteknum verðtolli af þeim vörum, sem taldar eru í 2. gr. Þegar þetta var upphaflega framkvæmt, þá stóðum við Sósfl.-menn á móti því, og við erum enn þá á móti því. Hins vegar er það slæmt, að það skuli ganga svo þing eftir þing, að öll þessi gömlu lög um tolla og álagningu eru samþ. sem nokkurs konar framlenging og bráðabirgðabreyting á lögum og látið líta svo út, að þetta sé aðeins fyrir eitt einasta slæmt ár. Elztu lögin eru frá 1939, og þetta er bráðabirgðabreyting á lögum frá 1939 og samþ. sem frv. til l. um bráðabirgðabreytingu. Ég held, að hæstv. ríkisstj. ætti að taka sig til og breyta þessu. — Hvað snertir sjálft innihald frv., þá er það um að halda áfram þungum tollaálagningum á nauðsynjar manna, þegar fólkið á erfiðara en fyrr með að standa undir þessum álögum. Það er ekki eitt einasta atriði, sem sýnir, að hæstv. ríkisstj. hafi vilja til að slaka til um tollana. Ef eitthvað slíkt hefði komið fram í meðferð söluskattsins, væri sök sér, þó að menn hefðu viljað láta tollana haldast. — Á þeim sama fundi sem þetta var tekið til athugunar var ákveðið að halda söluskattinum. Þess vegna legg ég gegn 1. gr. frv., en er samþykkur 2. og 3. gr. þess.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 39. fundi í Nd., 10. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 397).

---

14. Varnarsamningur milli Íslands og Bandaríkjanna o. fl.

Á 2. fundi í Sþ., 3. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess [17. mál] (stjfrv., A. 17).

Á 4. fundi í Nd., 5. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja, hvílíkur uggur og óvissa ríkir nú í alþjóðamálum. Á sama stendur, hvert litið er, þar sem hinn frjálsi og hinn ófrjálsi heimur mætast, alls staðar eru viðsjár eða vígaferli. Í Þýzkalandi er ástandið slíkt, að þar er af ofbeldismanna hálfu hinni fornu höfuðborg nú ógnað með samgöngubanni, sem miðar að því að eyðileggja atvinnu- og lífsmöguleika margra milljóna manna, til þess að fá þá til að gangast undir ok ofbeldismanna. Tékkóslóvakía, sem löngum gat sér orð fyrir frjálslega hugsun, er nú undirokuð og látlaus straumur flóttamanna úr landinu yfir til hinna frjálsu landa. Á landamærum Júgóslavíu stendur, að sögn þjóðhöfðingja þess lands, mikill her viðbúinn að ráðast inn í landið hvenær sem verkast vill. Grikkland er enn í sárum eftir borgarastyrjöldina og hefur enn ekki endurheimt þann fjölda barna, sem ofbeldismenn rændu úr landinu, þegar þeir hrökluðust þaðan. Í Íran liggur við, að upp úr blossi þá og þegar, og víðar í Austur-Asíu eru vopnaviðskipti. Út yfir tekur þó í Kóreu, þar sem bein ofbeldisárás var framin fyrir rúmu ári, — ofbeldisárás, sem leiddi til þess, að alþjóðasamtök í fyrsta sinn hófust handa um að koma fórnarlambinu til hjálpar með virkum hætti. Hafa síðan átt sér þar stað blóðugir bardagar, og þrátt fyrir tilraunir til vopnahlés hefur enn ekki tekizt að koma því á. Í þessum bardögum, sem af einhverjum ástæðum eru ekki kallaðir stríð, taka þátt fjölmargar þjóðir. Jafnvel við Íslendingar höfum af okkar litlu getu reynt að leggja fram nokkurn skerf í þeirri baráttu, þótt ekki sé það í mannslífum, sem okkur er vitanlega um megn, enda erum við þátttakendur í þeim alþjóðasamtökum, sem þarna eiga í höggi við ofbeldismennina. Vitað er, að þeir, sem fyrir ofbeldinu standa, eiga mikil ítök víða í hinum frjálsa heimi og halda þar uppi skipulagðri starfsemi málstað sínum til styrktar.

Allt hefur þetta, og þó einkum Kóreuviðureignin, leitt til þess, að hinar frjálsu þjóðir hafa allar eða flestar mjög eflt varnir sínar frá því, sem áður var, bæði hver um sig og allar í sameiningu. Það er auðvitað mjög með mismunandi hætti, hvað hver þjóð hefur innt af höndum í þessum efnum; þetta fer eftir stærð, aðstöðu, auðæfum og möguleikum hverrar þjóðar um sig, hvað hún getur af mörkum lagt til varnar frelsi sínu. En öllum hinum frjálsu lýðræðisþjóðum er það ljóst, að það er frum-

skilyrði fyrir því, að þjóð geti verið sjálfstæð í raun og veru, að hún sé þess búin að verja land sitt, ef á það verður ráðizt, eða með öðrum hætti sjá landinu fyrir viðunandi vörnum, eftir því sem geta og aðstæður eru til.

Íslendingar hafa gert sér þessa grein ekki síður en aðrir. Við höfum auðvitað ekki sömu möguleika og miklu mannfleiri og auðugri þjóðir til þess að verja land okkar, en vitað er um þær, að þær hafa lagt fram ótrúlega mikið sér til varnar og verndar í þessum efnum nú á síðustu mánuðum og hafa þar með tekið á sig þær fórnir, sem mundu jafnvel hlutfallslega vera okkur Íslendingum ofviða, auk þess sem þær mundu ekki koma að gagni, jafnvel þótt Íslendingar tækju slíkt á sig, því að það yrði raunverulega svo lítið, sem okkar fámenna þjóð gæti þannig af mörkum lagt. En þrátt fyrir þá staðreynd fáum við Íslendingar ekki umflúið það, að við verðum eins og aðrar sjálfstæðar þjóðir að sjá landi okkar fyrir viðhlítandi vörnum. Þetta var viðurkennt á sínum tíma með varnarsamningnum við Bandaríkin 1941, það var enn viðurkennt með þátttöku Íslands í samtökum sameinuðu þjóðanna 1946 og loks, þegar kom í ljós, að sameinuðu þjóðirnar mundu ekki reynast þeim vanda vaxnar að halda uppi friði í heiminum eða verja þjóðirnar ofbeldisárásum, því að þá gerðist Ísland þátttakandi í Norður-Atlantshafssáttmálanum á árinu 1949. Um það var nokkuð deilt á sínum tíma, en bæði var yfirgnæfandi meiri hluti þm. því fylgjandi og sú stefna hlaut síðan yfirgnæfandi meirihlutafylgi hjá íslenzku þjóðinni. Við þá samningsgerð var algert samkomulag um það, að tekið yrði fullt tillit til sérstöðu íslenzku þjóðarinnar, en hins vegar var það fastmælum bundið, að ef til ófriðar kæmi, þá skyldu Íslendingar láta bandamönnum sínum í té svipaða aðstöðu í landinu og þeir gerðu í síðasta ófriði.

Nú er það auðvitað ljóst, að of seint er að gera ráðstafanir til varnar landinu, eftir að ófriður er hafinn, sérstaklega ef svo skyldi fara, að hann kynni að hefjast með árás á landið sjálft; það gildir jafnt um Ísland sem önnur lönd. Og þess ber að gæta og mjög að hafa í huga, að eftir því sem önnur lönd eru betur varin og þar með dregið úr líkum fyrir árásir á þau, þá verða meiri líkur til þess, að ráðizt verði á garðinn þar, sem hann er lægstur, þar sem minnstar eða engar varnir eru fyrir hendi. Það hlaut því eftir Atlantshafssáttmálanum að vera skylda íslenzkra stjórnarvalda að fylgjast með því og gera sér grein fyrir því, hvenær þannig horfði í alþjóðamálum, að ástæða væri til þess að koma upp vörnum hér á landi, og vitanlega hlaut sú skylda fyrst og fremst að hvíla á íslenzku ríkisstj. Ríkisstj. hefur reynt að fullnægja þessari skyldu, og eftir að svo mjög snerist til hins verra í alþjóðamálum sem raun varð á með ofbeldisárásinni á Suður-Kóreu, þá hefur íslenzka stjórnin vitanlega haft það mjög í huga, hvenær tímabært væri, að Íslendingar færu að dæmi annarra frjálsra lýðræðisríkja og gerðu sitt til þess að tryggja varnir sínar. Afleiðing þessa varð svo sú, að ríkisstj. gerði varnarsamning þann, sem nú er lagður fyrir Alþ. til samþykktar, ásamt þeim viðbótum um réttarstöðu Bandaríkjamanna og eignir þeirra, sem hér fylgja einnig með. Þó að skyldan í þessum efnum hvíldi fyrst og fremst á ríkisstj., þá var hér vitanlega um svo viðurhlutamikið og örlagaríkt mál að ræða fyrir íslenzku þjóðina, að ríkisstj. taldi sjálfsagt að hafa samráð við alla þá alþm., sem ætla mátti, að viðmælandi væru um nauðsyn þess að koma upp vörnum fyrir Ísland. Sá háttur var því hafður á, að áður en endanlega væri lokið þessari samningsgerð, var málið borið undir alla þm. lýðræðisflokkanna þriggja, og þeir lýstu allir samþykki sínu á samningsgerðinni. Eftir að samningurinn hafði verið samþykktur, var hann undirritaður hinn 5. maí s. l. og staðfestur í ríkisráði svo sem lög standa til.

Því hefur verið haldið fram af sumum, jafnvel einstökum mönnum, sem eru fylgjendur þessa samnings að öðru leyti, að rétt hefði verið að bera málið formlega undir Alþ. og að samningurinn geti ekki fengið endanlegt lagagildi fyrr en Alþ. hafi samþykkt hann. Fyrir þá, sem þannig líta á málið, er þess að gæta, að nú er málið lagt fyrir Alþ. og Alþ. á þess kost að fella það eða samþykkja. Hitt er svo annað mál, að það er fyrir fram vitað, að frv. verður samþykkt, því að yfirgnæfandi meiri hl. er því samþykkur. Eftir að sú samþykkt hefur átt sér stað, verður ekki um það deilt, að samþykki Alþ. sé fyrir hendi, og kemur því ekki til mála, að samningurinn sé ógildur af þeim ástæðum. Deilan um það hlýtur að hverfa, þegar málið hefur fengið þinglega meðferð. Að mínu viti þarf að vísu ekki sérstakt samþykki Alþ. til þess, að samningurinn verði gildur. Það samþykki er þegar fengið með samþykkt þingsins á Norður-Atlantshafssamningnum. Enda hefði með öllu verið ástæðulaus sá gnýr — en fá mál hafa verið meira umdeild í íslenzkri stjórnmálasögu — og allt það vafstur ástæðulaust, er andstæðingar þess máls höfðu í frammi, ef sá samningur hefði ekki veitt ríkisstj. vald til slíkra aðgerða sem nú hafa átt sér stað, þegar hún teldi ástæðu til þess. En eins og ég sagði áðan, þá horfir nú þannig í alþjóðamálum, að allir þm. stjórnarflokkanna töldu óverjandi að sjá ekki landinu fyrir vörnum samkvæmt samningnum. Áframhaldandi varnarleysi fól ekki aðeins í sér yfirvofandi hættu fyrir Ísland, heldur einnig fyrir friðsamar nágrannaþjóðir, og hefði haft í för með sér aukna stríðshættu í heiminum. Hefði það vitanlega verið fjarri skapi Íslendinga, að haldið væri þannig á þessum málum af þeirra hálfu, að sökum varnarleysis Íslands hefði verið meiri hætta á því, að heimsfriðurinn færi út um þúfur. Samningurinn var sem sagt gerður með það fyrir augum, að séð yrði fyrir vörnum Íslands og friðsamra nágranna þess.

Þeir menn, sem halda því fram, að samningur þessi hafi fært fjötur á íslenzku þjóðina, sem átök þurfi til að leysa aftur, og tala með skjálfandi röddu um skelfingar erlends hervalds, — þeim mönnum er bezt svarað með tilvitnun í samninginn sjálfan, þar sem sagt

er, að Íslendingar geti hvenær sem er, ef þeir telja, að ástandið hafi breytzt svo, að þeir telji ástæðulaust að hafa varnir hér, eða vilja taka að sér varnirnar sjálfir, losnað við þennan samning með tiltölulega skömmum uppsagnarfresti. Það sýnir bezt, að hér er engri kúgun beitt og á ekki að beita gagnvart íslenzku þjóðinni, enda sannanlegt, að hin mikla bandaríska þjóð hefur ætíð, frá því að samskipti okkar við hana hófust, komið fram á þann veg, að Íslendingar vita, að af hennar hálfu þurfa þeir ekki að óttast skerðingu á fullveldi sínu. Þvert á móti hafa þeir veitt okkur stuðning í sjálfstæðismálum okkar og á annan hátt, er skylt er að minnast á verðugan hátt, en ekki að vanþakka. Ég hygg sannast að segja, að margar aðrar smáþjóðir, er átt hafa undir högg að sækja gagnvart voldugum nágranna, geti ekki sagt, að það sé undir þeirra ákvörðun komið, hvenær þessir voldugu nágrannar hverfi á braut. Það er því rétt, sem andstæðingar þessa samnings hafa sagt, að hægt er að slita þessum samningi, ef íslenzka þjóðin eða Alþ. vill. Varnarliðið hverfur þá á braut og er það skylt, og reynslan hefur vissulega sýnt okkur, að Bandaríkjamenn standa við samninga sína. Það er því rétt, að andstæðingar samningsins eiga leik á borði. Þeir þurfa ekki annað en að sannfæra íslenzku þjóðina um, að samningurinn sé til óþurftar, þá er hægt að fella hann niður vandræðalaust. Hitt er svo annað mál, að þau orð, sem fallið hafa um það, að íslenzka þjóðin sé andstæð þessum samningi, eru úr lausu lofti gripin. Hið mikla fylgi, sem samningurinn á að fagna innan þingsins, segir sína sögu, líka sú aukakosning til Alþingis, er fór fram í sumar, er þetta var gert að aðalmáli. Með kosningunni í Mýrasýslu fékkst fyrsti dómur íslenzku þjóðarinnar um eindregið fylgi við samninginn.

Um einstök atriði samningsins sé ég ekki ástæðu til að ræða. Málið hefur verið rætt ýtarlega bæði í blöðunum og á mannamótum. Hitt er rétt að taka fram, að sökum algers varnarleysis landsins taldi ríkisstj. rétt og sjálfsagt, að landinu yrði séð fyrir einhverjum vörnum jafnskjótt og samningurinn var birtur.

Auðvitað hefðum við allir kosið, að ekki hefði þurft að gera þessar ráðstafanir. Eins og hæstv. forsrh. hefur bent á, geta viss óþægindi og vissar hættur verið þessu samfara, en aðalatriðið er, að algert varnarleysi landsins fól í sér miklu meiri hættu. Það er einnig rétt að taka það fram, að hér er eingöngu um varnarráðstafanir að ræða og ekki ætlunin, að hér verði gerðar árásarstöðvar.

Þeir, sem eru samningnum andvígir, bera mjög á vörum friðarást sína. Ef verkin reynast eins vel og orðin eru hljómfögur, er óhætt að fullyrða, að engum er hætta búin af þeim vígvélum, sem á Íslandi eru. Ráðstafanirnar mótast af þeirri ósk samningsaðila að lifa í friði við allar þjóðir og eru liður í starfi Sameinuðu þjóðanna til þess að efla frið og vaxandi farsæld í heiminum. Við skulum vona, að þeim tilgangi samningsins verði náð.

Vegna þess að svo stendur á, að ekki er hægt að vísa máli, sem borið er fram í d., til utanrmn., sem kosin er í Sþ., geri ég það að till. minni, að kosin verði, um leið og málinu verður vísað til 2. umr., sérstök fimm manna nefnd til þess að fjalla um það.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Mér finnst rétt að segja nokkur orð um afstöðu Alþfl. til þessa máls, áður en það verður að l., ekki vegna þess, að Alþfl. sé í andstöðu við stj. í þessu máli. Svo hefur verið um þetta utanríkismál sem flest önnur, að Alþfl. hefur í því átt samleið með ríkisstj., enda þótt flokkurinn sé í mikilli andstöðu við hana varðandi innanlandsmálin. Ég mun aðeins minnast á höfuðatriði, ekki ræða einstök atriði frekar en þingsköp gera ráð fyrir, heldur meginatriði, og gera grein fyrir því, af hverju Alþfl. mælir með því, að þessi samningur verði löggiltur.

Því miður fór svo, að síðustu heimsstyrjöld lauk ekki með þeim Fróðafriði, er menn höfðu vonað, — þvert á móti urðu brátt úfar meiri milli þjóða, og heimurinn skiptist í tvær höfuðdeildir, er víglega létu, sérstaklega þó annar aðilinn. Þetta leiddi til þess, að friðsamar þjóðir töldu nauðsyn bera til þess að snúa bökum saman. Ég tek sem dæmi hin friðelskandi Norðurlönd, sem sáu sér ekki annað fært en að gera varnarráðstafanir. Hið svo kallaða kalda stríð, sem hófst fljótt þegar styrjöldinni lauk, leiddi til þess, að Norður-Atlantshafssamningurinn var gerður, en hann var gerður með það fyrir augum „að taka höndum saman um sameiginlegar varnir og varðveizlu friðar og öryggis". Þetta var og er tilgangur Atlantshafsbandalagsins. Og einmitt vegna þessa og legu landsins ákvað Alþ., að Ísland gerðist aðili að Atlantshafssamningnum, en með honum tryggðu Íslendingar sér aðstoð, ef ófrið bæri að höndum, jafnframt því sem samningurinn lagði Íslendingum vissar skyldur á herðar. Þegar svo fór, að stríðshættan hjaðnaði ekki, heldur því miður jókst, og jafnvel var uggur um, að styrjöld gæti skollið á, þá var það vitanlegt, að Atlantshafssáttmálinn mundi fá meira innihald en orðin tóm. Atlantshafsríkin hafa gert ýmsar ráðstafanir til þess að verja lönd sín, ef á þau yrði ráðizt. Ég nefndi áðan Norðurlönd, og enginn mun halda því fram, að þar búi stríðsæsingaþjóðir, en þau tóku þátt í Atlantshafssamningnum eða — eins og Svíar — juku mjög landvarnir sínar, og allar hafa þessar þjóðir þurft að leggja hart að sér vegna aukinna landvarna. Af sömu ástæðum sem liggja til grundvallar þessum ráðstöfunum hinna Norðurlandaþjóðanna töldu allir íslenzku lýðræðisflokkarnir sjálfsagt, að Íslandi yrði séð fyrir vörnum og að samningur yrði gerður við Bandaríkin um varnir landsins. Fyrir Ísland var um þrjár leiðir að velja, eða öllu heldur tvær, eftir að Íslendingar höfðu gengið í Atlantshafsbandalagið. Önnur leiðin var sú, að Ísland stæði undir vörnum sínum sjálft og kæmi upp íslenzkum her með eigin fjárframlögum, hin leiðin var að leita aðstoðar og styrks Atlantshafsbandalagsins. Þriðja leiðin, sem ég minntist á, var útilokuð með inngöngu okkar í Atlantshafsbandalagið, en hún var sú að láta skeika að sköpuðu og láta það ráðast, hverjir teldu heppi-

legast að hafa hér herstöðvar og festa hér fyrst rætur. Um þriðju leiðina þarf því vart að ræða. Þá eru hinar tvær. Af hálfu Alþfl. var vandalítið að velja milli þeirra. Að koma hér upp vörnum af eigin rammleik hefði orðið okkur ofurefli fjárhagslega og litlar líkur verið á því, að þær kæmu að liði, ef í odda skærist. Sú leið var því ekki fær að dómi Alþfl. Þá var hin leiðin, að gerður yrði samningur við eitthvert af ríkjum Atlantshafsbandalagsins. Sú leið var valin og samningur gerður við Bandaríkin. Bar margt til þess. Bandaríkin höfðu haft hér hervarnir áður og þekktu því til staðhátta, auk þess voru þau voldugasta og fjársterkasta ríki Atlantshafsbandalagsins og þess vegna líklegust til að geta varið land okkar. Auk þess var svo, eins og hæstv. utanrrh. sagði, reynsla Íslendinga af samskiptum við Bandaríkin á þá leið, að þau hvöttu til áframhaldandi samvinnu við þetta mikla lýðræðisríki.

Aðrir samningar við Bandaríkin hafa verið til mikilla happa fyrir Íslendinga, og vil ég sérstaklega benda á Marshallsamninginn og þá aðstoð, sem framleiðsla ýmissa landa hefur fengið með láns- og leigukjarasamningum við Bandaríkin, og sýnir það, að Bandaríkin eru tilbúin að nota hið mikla fjármagn sitt til styrktar þeim ríkjum í Vestur-Evrópu, sem þurfa á aðstoð að halda.

Nú liggur fyrir að lögfesta þennan samning við Bandaríkin hér á Alþ. Alþfl. átti þess kost að fylgjast með samningsgerð þessari frá upphafi, og allir þm. hans voru samþykkir því, að þessi samningur væri gerður, enda hefur stjórn Alþfl. samþykkt einróma að standa að samþykkt hans á Alþ. Alþfl. stendur því að þessum samningi og telur sjálfsagt, að hann verði lögfestur á Alþ.

Það er að sjálfsögðu viss fórn og viss óþægindi, sem það hefur í för með sér fyrir fámenna þjóð eins og Íslendinga að hafa her í landi sínu. Af því geta skapazt ýmis vandkvæði, ef ekki er vel á málum haldið. Alþfl. eru ljósar hættur þær, er af hervernd Íslands leiðir. En á sama hátt og þjóðir Vestur-Evrópu og stórþjóð eins og Bretar hika ekki við að leggja hart að sér til þess að treysta varnir landa sinna, á sama hátt munu Íslendingar ekki hika við að taka á sig nokkur óþægindi til að tryggja varnir föðurlandsins. Og þess vegna leggjum við á okkur það, sem aðrar þjóðir verða að gera, að við getum ekki vænzt þess að fá hervarnir án þess að eiga nokkuð á hættu samfara því. Ég vil alls ekki gera lítið úr þeim hættum og þeim óþægindum, sem geta verið í sambandi við þetta. En ég vil vona, að hættur þær og óþægindi bæði stæli íslenzku þjóðina og að hún skilji svo mikið, að hún kunni vel að taka því samneyti, sem óhjákvæmilega hlýtur að verða milli Íslendinga og hins erlenda hers, sem dvelur í landinu um stundarsakir til verndar því. Ég vona, að þau óþægindi verði ekki svo mikil, að þau geri neitt í þá átt að vega upp á móti þeirri öryggistilfinningu og vilja íslenzku þjóðarinnar að vernda frelsi og sjálfstæði sitt gagnvart utanaðkomandi öflum og árásum. Við þurfum ekki að fara í neinar grafgötur um það, að uppi er í heiminum einmitt núna stórveldapólitík í austri, sem nú þegar hefur lagt hramm sinn yfir nokkurn hluta Austur-Evrópu og leitast við að ná þar þeirri hlýðnisaðstöðu, sem unnt er, og segir þjóðunum, að þeim sé hvergi óhætt annars staðar. Við þurfum ekki að óttast, að Vestur-Evrópuríkin og Bandaríkin muni ráðast á Ísland og leggja það undir sig. Ég ætla, að hættan stafi frá öðrum, en það er allt að því kátbroslegt eða e. t. v. hryggilegt, að þessi austræni yfirgangur heimtar hér á landi eins og annars staðar, að löndin séu sem varnarlausust í þeirri baráttu, sem vofir yfir heiminum. Við, sem til þekkjum, skiljum þessa afstöðu, og við munum heyra hana á Alþ. hér innan þessara veggja. En það mun síðar koma á daginn, að Íslendingar munu fyrir sitt leyti gera þær ráðstafanir, sem þörf er á til varnar Íslandi.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri um mál, sem reifað er í fyrsta sinn hér og mun verða rætt samkvæmt þingsköpum við 2. umr. Ég vil lýsa því yfir, að Alþfl. fylgir þessu máli og mun greiða því atkv. hér á Alþ. og telur, að fyrir því liggi rík rök.

Ég get fallizt á, að kosin verði sérstök n. til að fjalla um mál þetta, þar sem engin föst n. er, sem sjálfsagt þykir, að málið fari til.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég mun gera að umræðuefni þá aðferð, sem höfð hefur verið við gerð þessa samnings, og síðan ræða samninginn sjálfan.

Þegar þessi samningur var gerður í sumar, var sá háttur á hafður að kalla saman nokkra þm. úr stjórnarflokkunum. Nú vil ég taka það fram strax, að til þess að gera samning eins og þennan þurfti samkvæmt stjórnarskránni að kveðja saman Alþ. til þess að taka ákvörðun fyrir fram. En 21. gr. stjórnarskrárinnar hljóðar svo:

„Forseti lýðveldisins gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins, nema samþykki Alþingis komi til.“

Engum manni blandast hugur um, að með þessari samningsgerð er verið að setja Íslandi kvöð og því ber að kveðja Alþ. saman til þess að ákveða, hvað gera skuli í slíku máli, og samkvæmt lögum ber að kalla saman utanrmn. og leggja málið fyrir hana. Lögbrot þetta er því meira en aðeins lögbrot. Það er því líka stjórnarskrárbrot, þar sem Alþ. var ekki kvatt saman. Atlantshafssamningurinn gefur enga heimild til þessa, enda mælir stjórnarskráin svo fyrir, að samþykki Alþ. skuli koma til. Það, sem hefur gerzt, er raunverulega stjórnlagarof og stjórnarskrárbrot af hálfu ríkisstj. En það er eins og hæstv. ríkisstj. hafi haft það á tilfinningunni, að hún væri að brjóta stjórnarskrána, og ætlað að afsaka sig með því að kalla nokkra af þingmönnum saman. En samkoma nokkurra þingmanna í stað Alþ. nær vitanlega ekki nokkurri átt. Hæstv. utanrrh. ritaði stjórnlagafræði meðan hann var prófessor. Þar segir á bls. 18:

„Áhrif þingslita eru fyrst og fremst þau, að ályktanir þingmanna, sem gerðar eru eftir það, en áður en þing kemur saman á ný, eru marklausar, þótt gerðar væru með sama hætti og á löglegu þingi. Með þessu er auðvitað ekkert sagt um pólitískt gildi slíkra ályktana, en formlegt gildi þeirra er ekki neitt.“

Það er engum blöðum um það að fletta, að samkoma sú, sem átti sér stað í alþingishúsinu í sumar, var algerlega marklaus og lagalegt gildi hennar ekki neitt. En svo 7. maí gefur hæstv. ríkisstj. út tilkynningu svo hljóðandi:

„Samningsgerðinni er nú lokið, og höfðu allir þingmenn lýðræðisflokkanna þriggja, 43 að tölu, áður lýst sig samþykka samningnum, svo sem hann nú hefur verið gerður. Utanríkisráðherra Íslands hefur þess vegna í umboði ríkisstjórnarinnar undirritað samninginn af Íslands hálfu hinn 5. maí s. l., og var samningurinn sama dag staðfestur í ríkisráði af handhöfum valds forseta Íslands, svo sem lög standa til.“

Þegar hæstv. ríkisstj. segir, að hún hafi fyrir hönd Alþ. undirritað samninginn, þá sýnir það, að ríkisstj. grunaði, að hún ætti að leita samþykkis Alþingis, áður en undirritun færi fram. En í stað þess að leita samþykkis Alþingis leitar hún samþykkis einstakra alþingismanna. Hana langar til þess að tryggja, að samþykkt geti farið fram, með því að kalla saman nokkra þingmenn, til þess að koma ábyrgðinni yfir á vissa alþingismenn. Hæstv. ríkisstj. hefur hér framið og látið fremja stjórnarskrárbrot. Flestir alþingismenn samþykktu þetta fyrir fram, og þannig var komizt hjá umræðum á Alþ. En þetta er bara ólögleg aðferð. Hæstv. utanrrh. virðist hafa haft þetta á tilfinningunni áðan, þegar hann sagði, að nú ætti Alþingi þess kost að fella eða samþykkja þetta mál, og ef svo málið yrði samþykkt, þá væri ekki hægt að rengja, að samningurinn væri orðinn að lögum. Ég ætla þó að halda því fram, að svo sé ekki. Hér hefur verið beitt ofbeldi við Alþ. með köllun erlends hers inn í landið, án þess að fyrir því væru nokkur gildandi lög. Það hefur verið gerður samningur við voldugt erlent herveldi, og það erlenda herveldi mun vafalaust standa á þeim rétti, sem því er gefinn með því, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert. Með öðrum orðum, hæstv. ríkisstj. er búin með lögbroti gagnvart Alþ. að gefa erlendu ríki viss réttindi gagnvart Íslandi og leggja vissar kvaðir á Íslendinga vegna þessa samnings. Ég þekki þá illa Bandaríkin, ef þau halda ekki fast á þeim samningi, sem þau hafa nú gert við ríkisstj. Íslands, og heimta hann framkvæmdan. M. ö. o., það, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert, er að stilla Alþ. upp fyrir framan gerðar staðreyndir, en ekki til þess að taka frjálst og óbundið ákvörðun um óorðna hluti. Það þýðir, að aðstaða Alþ. er algerlega ólík. Það er búið að binda Ísland með þessum samningi því erlenda ríki, sem um ræðir. Það er hægt að lýsa ríkisstj. ómerka gerða sinna. En það er erfitt fyrir hvern einstakan þingmann, sem nú kynni að vilja taka ákvörðun í þessu máli eftir á. Hann er í rauninni ófrjáls maður að taka ákvörðun. Hann er þá e. t. v. að lýsa þá ríkisstj., er hann fylgir, ómerka gerða sinna, og þá yrði sagt við hann: „Ætlar þú að fara að gerast kommúnisti? Ætlar þú að fara að rísa upp á móti Bandaríkjum Norður-Ameríku?“ Við þekkjum þetta mjög vel. En hæstv. ríkisstj. þykir þessa við þurfa og þorði ekki að fara aðra leið en þessa. Þetta vil ég taka fram, vegna þess að ég álít þennan samning eingöngu gerðan lagalega og siðferðislega á ábyrgð hæstv. ríkisstj., og þótt hún neyði meiri hluta alþm. nú eftir á undir vilja sinn, álít ég þennan samning ekki bindandi fyrir Ísland, því að brögðum hefur hér verið beitt til að knýja fram vilja Bandaríkjanna. Þetta vildi ég segja viðvíkjandi samningsgerðinni sjálfri. Ríkisstjórn Íslands stendur með herveldi Bandaríkjanna bak við sig gegn íslenzku þjóðinni. Hún stillir Alþ. og þjóðinni upp fyrir framan gerðar staðreyndir og heimtar, að menn krjúpi því valdi á eftir.

Ég skal nú ræða þennan samning sjálfan og þau rök, sem færð hafa verið fram fyrir honum. Ég vil geta þess út af því, sem hæstv. ráðh. sagði, að Atlantshafssáttmálinn veitti ríkisstj. rétt til að gera þennan samning, að það fer mjög í bága við það, sem hann segir í Morgunblaðinu 22. marz 1949 um yfirlýsingu ríkisstj. Þá segir hann:

„Við skýrðum rækilega sérstöðu okkar sem fámennrar og vopnlausrar þjóðar, sem hvorki gæti né vildi halda uppi her sjálf, og mundum því aldrei samþykkja, að erlendur her né herstöðvar væru í landi okkar á friðartímum.“ Og síðar: „Er því allur ótti um það, að fram á slíkt verði farið við okkur, ef við göngum í bandalagið, gersamlega ástæðulaus.“

Ég vil minna á þetta af því, að þau rök, sem notuð hafa verið hér á landi síðastliðin fimm ár, hafa alltaf verið þau, að það eina, sem Íslendingar gætu verið öruggir með, væri, að ekki yrði hér herstöð á friðartímum. En grímunni var kastað þegar þessi hersamningur var gerður. Þá var herveldi Bandaríkjanna látið tala.

Rökin, sem færð eru fyrir samningnum, eru þau, að útlitið í alþjóðamálum sé svo alvarlegt og staða Íslands slík, að nú verði að kalla her inn í landið. Svo framarlega sem menn ætla að fara inn á það að telja ófriðarástand í heiminum, af því að styrjöld er í Kóreu, þá vil ég spyrja: Hvenær eru þá friðartímar? — Síðustu hundrað árin hefur varla liðið svo heilt ár, að ekki hafi verið háður ófriður einhvers staðar í veröldinni af Englendingum, Frökkum, Hollendingum, Belgum eða öðrum nýlenduríkjum. Það hefur varla liðið svo ár, að eitthvert þessara ríkja hafi ekki átt í árásarstyrjöld, sem þau hafa komið af stað í Afríku eða Asíu eða annars staðar í heiminum. Þau hafa átt í árásarstyrjöldum úti um alla veröld með þeim afleiðingum og með það í huga að drottna í veröldinni. Ég get vel skilið, að hæstv. ráðh. geri sér ekki grein fyrir þessum staðreyndum sögunnar. Það er ekki svo langt liðið síðan hann skoraði á mig hér á Alþ. að nefna þó ekki væri nema eitt dæmi um, að lýðræðisríki hefði nokkurn tíma framið árásarstríð, og ég var neyddur til að gefa honum tíma í mannkynssögu hér á Alþ. Það er nokkuð undarlegt, að

slíkir menn skuli finnast hér á Alþ. Það er eins og hann hafi ekki minnstu hugmynd um nokkurn skapaðan hlut af því, sem gerzt hefur í sögu mannkynsins síðustu aldirnar, og geti ekkert lært af þeirri reynslu, sem sagan hermir okkur, hvernig þessi lýðræðisríki Vestur-Evrópu hafa brotið undir sig heiminn á síðustu öldum. Það, sem nú er að gerast í veröldinni, er sá atburður, að þjóðir, sem búnar eru að vera nýlenduþjóðir, sumar um aldir, eru að rísa upp og heyja sína sjálfstæðisbaráttu á sama hátt og við Íslendingar. Svo framarlega sem þær hafa ekki eins góða aðstöðu og við höfðum, þá verða þær að heyja hana með vopnavaldi eins og Bandaríki Norður-Ameríku urðu að gera, þegar þau risu upp á móti Bretum. Sagan síðustu 150 árin hefur verið saga um uppreisnir þessara nýlenduþjóða móti þjóðum Vestur-Evrópu og móti lýðræðisríkjum heimsins. Þessar nýlenduþjóðir eru að berjast fyrir því að ráða yfir sínum auðlindum, og við Íslendingar höfum haft samúð með þessum þjóðum allan þann tíma, sem við höfum barizt fyrir okkar frelsi. Ef hv. alþm., sem nú eiga að dæma um þetta mál, hefðu gert sér far um að lesa erlendar fréttir og íslenzk tímarit undanfarna öld, þá mundu þeir sjá, að hjarta Íslands hefur ávallt slegið með þeim þjóðum, sem barizt hafa fyrir sínu sjálfstæði. Það hefur hver nýlenduþjóðin á fætur annarri risið upp á móti hinum voldugu menningar- og lýðræðisþjóðum Vestur-Evrópu, á sama hátt og Íslendingar háðu sína sjálfstæðisbaráttu gegn Dönum, og á sama hátt skiljum við, að þessar þjóðir eru að berjast fyrir sínu frelsi og eru að því enn í dag. Og það, sem gerir þennan mun móts við það, sem gerðist fyrir öld, það er, að þessar þjóðir eru stoltari í frelsisbaráttunni heldur en fyrr. Asíubúar eru að hrista af sér ok Vestur-Evrópu og Bandaríkjanna og koma til með að hrista það af sér, þótt hæstv. utanrrh. reyni að hræða íslenzka þm. með því, hvað það sé ægilegt, að Asíubúar skuli vera að gera kröfu til þess að eiga þessar ríku auðlindir. Það er hins vegar skiljanlegt, að sá utanrrh., sem sjálfur slakar til og afsalar réttindum Íslendinga í þeirra sjálfstæðisbaráttu og yfirráðum yfir landhelginni, áviti Persa fyrir að heimta réttinn yfir auðlindunum í eigin hendur. Svo framarlega sem þau rök eiga að standast, að nú séu ófriðartímar, af því að þjóðir Asíu eru að varpa af sér kúgun Bandaríkjanna, þá má búast við ófrið alla þessa öld. Þjóðir Afríku, sumar, eru líka að rísa upp, og þjóðir Suður-Ameríku eru að hrista af sér gullok Bandaríkjanna. Það verður haldið þannig áfram, jafnvel í heila öld. Það getur tekið áratugi fyrir þessar þjóðir að varpa af sér okinu, og eigum við Íslendingar að telja, að allan þann tíma skuli amerískur her vera hér á Íslandi? Ég vil vekja eftirtekt á því, að svo framarlega sem þau rök, sem hæstv. ríkisstj. færir fram, eiga að standast, þá þýðir það, að hér eigi að vera amerískur her um ófyrirsjáanlegan tíma á friðartímum. Hér var það greinilegt, þegar hæstv. utanrrh. flutti sitt mál, að það er trúaratriði fyrir honum, að það sé óhugsandi, að þjóðir eins og Bandaríkin, Bretland, Holland og Frakkland heyi árásarstríð, — það sé útilokað. Þó eru ekki meira en tvö ár síðan Sameinuðu þjóðirnar lýstu Holland árásarríki, en staðreyndir koma þessu máli ekkert við, því að það er trúaratriði, að þessi ríki séu ekki árásarríki. Þetta eru rök, sem ætlazt er til að þm. fallist á — og fallist á með þeim forsendum, að utanrrh. lýsi yfir, að þó að Alþ. kæri sig ekki um að samþykkja samninginn, þá hafi ríkisstj. fullan rétt til að gera hann og ríkisstj. mundi gera hann, þó að Alþ. felldi hann. M. ö. o., ríkisstj. tæki ekkert tillit til þess, sem Alþ. segði, því að hún semdi við herveldi Bandaríkjanna og gæti gert það, sem henni sýndist. Það er hins vegar ekki úr vegi að minnast á það um leið, þegar rætt er um það, hvort friðartímar eða ófriðartímar séu, að Alþingi Íslendinga hefur áður en ríkisstj. gerði þennan samning tekið sínar ákvarðanir einróma um, hvað gera skuli, þótt ófriðartímar væru að áliti Sameinuðu þjóðanna. Þegar Ísland gekk í Sameinuðu þjóðirnar, þá var það gert að meginskilyrði, með samþykki utanrmn., frá Íslands hálfu, að Ísland væri ekki skyldugt til þátttöku í styrjöld, sem jafnvel öryggisráðið og þá stórveldin fimm væru sammála um að heyja. En í nál. utanrmn. segir:

„Einna þýðingarmest ákvæðanna um skyldur og kvaðir er 43. gr. sáttmálans. Sú grein áskilur meðlimum samningsrétt við öryggisráðið um kvaðir samkvæmt greininni, og leggur n. þann skilning í ákvæðið, að engar slíkar kvaðir sé unnt að leggja á íslenzka ríkið, nema að fengnu samþykki þess sjálfs. Íslendingar eru eindregið andvígir herstöðvum í landi sínu og munu beita sér gegn því, að þær verði veittar."

Þetta var yfirlýsing Alþ. frá 1946, undirskrifuð m. a. af Bjarna Benediktssyni, að Ísland mundi ekki veita neinar herstöðvar, ekki heldur Sameinuðu þjóðunum. M. ö. o., þetta var ekki aðeins yfirlýsing utanrmn. um, að Ísland mundi aldrei veita herstöðvar, — það lá fyrir yfirlýsing frá Alþ. um, að Ísland mundi ekki veita herstöðvar, ekki einu sinni á ófriðartímum. Þess vegna falla um sjálf sig öll þau rök, sem hér hafa verið flutt fram af hæstv. utanrrh. fyrir samþykkt þessa samnings og fyrir nauðsyninni á að gera hann.

Þá var því enn fremur bætt við af hæstv. utanrrh., að varnarleysið hér byði árásum heim. Það má ef til vill segja, að varnarleysi bjóði árásum heim. En ég vil segja hæstv. utanrrh. það, að sú árás hefur þegar verið framin, sem varnarleysið býður heim, og sú árás hefur verið gerð af hálfu Bandaríkjanna. Hins vegar vil ég segja það út af þeirri yfirlýsingu, sem hæstv. utanrrh. gaf, að það væri frumskilyrði þess, að ríki gæti verið sjálfstætt, að það gæti varið land sitt, að ég neita því algerlega, að þetta sé frumskilyrði þess, að ríki geti verið sjálfstætt. Ég neita því, að það sé frumskilyrði fyrir rétti einnar þjóðar til þess að vera sjálfstæð, að hún sé fær um að vernda sitt land gagnvart hverjum sem er. Slík yfirlýsing er yfirlýsing um það, að Íslendingar geti aldrei og muni aldrei verða sjálfstæð þjóð. Það er vitanlegt, að Íslendingar geta ekki varið land sitt gegn árás-

um stórvelda, það þarf engum blöðum um það að fletta. En að halda því fram, að við getum ekki verið sjálfstæðir þess vegna, er sama sem að neita rétti okkar Íslendinga til þess að vera sjálfstæðir. Það er einkennandi í allri baráttu, sem háð hefur verið fyrir sjálfstæði Íslands, að það er byggt á réttindum Íslands samkvæmt gömlum samningum til að vera sjálfstæð þjóð, — það hefur verið hamrað á þessu með réttinn, samningsréttinn gagnvart öðrum, þótt sá réttur hafi verið brotinn á okkur öld eftir öld og traðkaður niður í svaðið. Við stóðum á þessum rétti. Af hverju? Vegna þess að við gátum ekki staðið á valdinu. Við stóðum á okkar rétti vegna þess, að það var grundvöllur, sem við gátum staðið á, hvernig sem þeim rétti var misboðið af þeim stærri. Að halda því fram, að Íslendingar geti ekki verið sjálfstæðir, af því að þeir gátu ekki varið landið gagnvart Dönum, er sama sem að neita rétti okkar til að vera sjálfstæðir og sama og að halda því fram, að valdið skuli ætíð vera fyrst. Ég mótmæli þessari forsendu. En þessi yfirlýsing hæstv. utanrrh. er táknandi dæmi um þá niðurlægingu, sem íslenzk stjórnmál eru komin í fyrir aðgerðir hæstv. ríkisstj.

Því var lýst yfir í ræðum stjórnmálaflokkanna 18. júní 1944, sem haldnar voru fyrir framan stjórnarráðshúsið, að við stofnuðum okkar lýðveldi mitt í hinni ægilegu styrjöld í trúnni á réttinn til þess að vera sjálfstæð þjóð og án þess að geta varið okkur. Þess vegna er neitað öllum þeim forsendum, sem sjálfstæðisbaráttan byggðist á, með því að ætla nú að hörfa frá réttinum til hervaldsins og byggja á hervörnum.

Og svo er það með praktisku hlutina í sambandi við þetta og hlægilegu hlutina í sambandi við þetta, þegar verið er að dylgja um það, að það hafi verið árás yfirvofandi, ef til vill frá hinu stærsta ríki Evrópu, á Ísland og þess vegna hafi orðið að koma varnarlið — einnig til þess að stofna ekki öryggi Bandaríkjanna og Bretlands í hættu — og þess vegna hafi ekki verið tími til að kalla saman Alþ. Það eru kallaðir hingað 300—400 amerískir hermenn, og þar með er varnarleysinu lokið og bægt frá hinni ægilegu hættu úr austri, — það átti öllu að vera borgið, Íslendingar þurftu engu að kvíða. M. ö. o., hvar sem litið er á þau rök, sem færð eru fram af hálfu hæstv. ríkisstj., þá stangast þau annaðhvort við sjálf sig eða staðreyndir og yfirlýsingar og ákvarðanir Alþ. og stjskr. eða eru svo hlægileg, að það tekur engu tali. Það var auðséð, að það þurfti á ósannindum að halda til þess að telja þeim þm., sem ekki höfðu aðstöðu til að kynna sér málið og ekki höfðu þekkingu á sögunni, trú um, að hér sé verið að gera verk, sem er óumflýjanlegt fyrir Ísland.

En hvað er það svo, sem við höfum gert með þessum samningi og með því að kalla þennan her inn í landið og með Atlantshafssamningnum? Það stóð þó einn hlutur opinn, það var einn möguleiki til fyrir Ísland að sleppa út úr skelfingum styrjaldar sem ábyrgur aðili. Það var það ákvæði, að það væri Íslands sjálfs og ríkisstjórnar þess að dæma um, ef til ófriðar kæmi, hvort það væri varnarstríð, sem verið væri að heyja. Ísland hefði þá möguleika til þess, svo framarlega sem ríkisstj. áliti, að styrjöld, sem væri að byrja, væri árásarstríð, samkvæmt sáttmála Sameinuðu þjóðanna að neita að taka þátt í stríði. Þetta var sá eini veiki möguleiki, sem Ísland hafði, ef til styrjaldar kom milli Atlantshafsríkjanna og annarra ríkja, til þess að verða ekki sem ábyrgur aðili þátttakandi í því stríði. Það, sem ríkisstj. hefur gert með hernámssamningnum 5.—7. maí, er að útiloka þennan möguleika. Hæstv. ríkisstj. kallar ameríska her inn í landið og gefur Bandaríkjunum aðstöðu til þess að framkvæma vissar hernaðaraðgerðir hér á landi. Hæstv. ríkisstj. tekur ábyrgð á þeim hernaðarframkvæmdum, sem gerðar yrðu hér á Íslandi, með slíkum samningi, — hún hefur gerzt samábyrg Bandaríkjunum fyrir þeim aðgerðum, sem gerðar yrðu frá Íslandi. Ég skal á vissan hátt segja hæstv. utanrrh. það til afsökunar, þegar hann gerði þennan samning, að hann virðist trúa því sem óhjákvæmilegu trúaratriði, að Bandaríki Norður-Ameríku geti ekki gert sig sek um árásarstríð. Hins vegar er það trúaratriði, sem ekki er byggt á veruleikanum. Hins vegar geri ég ráð fyrir því, að Bandaríkin, ef þau álita ástæðu til þess fyrir sig, leggi til árásarstríðs frá flestum þeim stöðvum, sem þau hafa tök á. Hver er þá aðstaða ríkisstj. Íslands, eftir að Bandaríkin eru búin að hafa herstöðvar hér á landi með samábyrgð ríkisstj.? Aðstaðan er sú, að hún er upp á náð og miskunn ofurseld Bandaríkjastjórn og búin að taka ábyrgð á hennar gerðum. Ef Bandaríkjastjórn ætlaði að senda af stað sinn flugflota til árása á eitthvert annað ríki, þá veit ég ekki, hvort hún hefði svo mikið við að segja ríkisstj. hér frá því daginn áður, en jafnvel þótt hún gerði það, þá er ríkisstj. búin að spila úr höndum sér að halda Íslandi hlutlausu. Ég vil vekja athygli hv. þm. á þessu, þeirra, sem ekki ræða þetta mál aðeins sem trúaratriði, — ég vil vekja athygli þeirra á þeim praktisku afleiðingum slíks, að Ísland væri ríki, þar sem Bandaríki Norður-Ameríku hefðu herinn, en Ísland yrði þátttakandi í slíku stríði. Ég vil vekja athygli á því, að afleiðingin yrði sú, að Ísland bæri alla ábyrgð með Bandaríkjunum á slíku árásarstríði. Þó vil ég taka það fram, að mitt álit er það, að það sé íslenzka ríkisstj. einvörðungu, sem ber slíka ábyrgð, en ekki íslenzka þjóðin. En gerðir ríkisstj. eru hinar sömu, að gera Ísland að stríðsaðila í árásarstyrjöld.

En það er vert að athuga það, hver var afstaða okkar Íslendinga og Alþ., þegar svona stóð á í síðari heimsstyrjöldinni og stórveldi Evrópu, Bretland, mæltist til þess við Íslendinga, að þeir tækju þátt í styrjöldinni, þá var svarað með því, að Ísland neitaði að gerast hernaðaraðili með Bretlandi, og þegar brezki herinn réðst á Ísland og hernam það, þá gaf ríkisstj. Íslands eftirfarandi yfirlýsingu 10. maí 1940:

„Út af atburðum þeim, sem gerðust snemma í morgun, hernámi Reykjavíkur, er hlutleysi Íslands var freklega brotið og sjálfstæði þess skert, verður íslenzka ríkisstj. að vísa til þess,

að hinn 11. apríl síðastl. tilkynnti hún brezku ríkisstj. formlega, fyrir milligöngu fulltrúa hennar hér á landi, afstöðu íslenzku ríkisstj. til tillögu hennar um að veita Íslandi hernaðarvernd, og samkv. því mótmælir íslenzka ríkisstj. kröftuglega ofbeldi því, sem hinn brezki herafli hefur framið.

Þess er að sjálfsögðu vænzt, að bætt verði að fullu tjón og skaði, sem leiðir af þessu broti á löglegum réttindum Íslands sem frjáls og fullvalda hlutlauss ríkis.“

Þessi var afstaða íslenzku ríkisstj. og þjóðarinnar þá, og það er vert að hugleiða, hver hefði orðið afleiðingin af því, ef Ísland hefði gerzt þátttakandi í hernaði með Bretlandi, og það kemur fram í síðasta þætti þessarar mótmælayfirlýsingar. M. ö. o., munurinn er sá, að þegar Ísland væri í stríði með Bandaríkjunum í árásarstyrjöld, sem þau hefðu hafið af íslenzkri grund, þá lenda á Íslandi sem stríðsaðila allar afleiðingar af hörmungum stríðsins og eyðileggingu í hugsanlegum friðarsamningum eftir styrjöldina, svo framarlega sem þau ríki, sem Ísland stæði með, yrðu undir í slíkri styrjöld. M. ö. o., í staðinn fyrir að halda hlutleysinu, sem Ísland lýsti yfir, að það mundi halda 1940, og gera kröfur til þeirra, sem ráðast á Ísland, um að bæta það tjón, sem það mundi valda Íslandi að vera *dregið inn í stríð*, þá tekur ríkisstj. nú þá ákvörðun að leyfa Bandaríkjunum að draga Ísland inn í styrjöld, sem Bandaríkin hefja, þannig að Ísland ber ábyrgð á því, sem gert er í slíkri styrjöld. Þetta er nauðsynlegt að hv. þm. geri sér ljóst, að sá samningur, sem hér er gerður af ríkisstj., gerir Ísland, án þess að það geti við það ráðið, ábyrgan stríðsaðila í hvaða árásarstríði sem Bandaríki Norður-Ameríku mundu hefja. Bandaríkin hafa fengið aðstöðu hér á landi til þess að gera það, sem þeim þóknast viðvíkjandi styrjaldarrekstri, en á okkar ábyrgð. Í samningnum er tekið fram, að Ísland geti ekki gert kröfur til bóta fyrir tjón, sem hljótist af ófriðaraðgerðum, heldur verðum við að bera það sjálfir. Ef t. d. Reykjavík er eyðilögð í styrjöld, þá eigum við að bera tjónið sjálfir, en getum ekki gert kröfur til neinna aðila um bætur af því tjóni, eins og við áskildum okkur rétt til 1940. Þetta eru þær aðgerðir, sem ríkisstj. hefur gert, og þetta eru þær aðgerðir, sem hún ætlast til að Alþ. samþykki.

Hins vegar vil ég taka það fram, að ég álít, að þessar aðgerðir séu einvörðungu á ábyrgð ríkisstj., og ég og Sósfl. höfum alltaf haldið því fram, að íslenzka þjóðin beri enga ábyrgð á því, sem hér hefur verið gert, og teljum, að *hún eigi fulla bótakröfu á hendur þeim ríkjum*, sem nú hafa kúgað Ísland til að gera þennan samning, og þeirri yfirlýsingu munum við standa á líka, þó að styrjöld verði háð og þegar til friðarsamninga kæmi eftir þá styrjöld. Ég skal svo, út af því, sem hæstv. utanrrh. hér hefur sagt, að okkur sé óhætt að semja við Bandaríki Norður-Ameríku, þau séu slík frelsisríki og reynslan af samningum við þau svo góð, að við þurfum ekkert að óttast, við getum verið alveg öruggir, — þá lýsi ég yfir því, að ef rekja á sögu síðustu 10 ára og þá einkum síðustu 5 ára, þá hefur áhugi amerísku herstjórnarinnar aðallega beinzt að því að ná Íslandi undir sig. Ég skal rekja þetta nánar, ef hv. þm. hafa gleymt, hvað gerðist 1940 með brezka hernáminu. Þá mótmæltu Íslendingar þessu ofbeldi og broti á sjálfstæði og hlutleysi. Það næsta, sem gerðist, var, að í júní 1941 voru íslenzku ríkisstj. settir úrslitakostir af Bretlandi og Bandaríkjunum að ganga inn á að biðja Bandaríkin um hervernd. Þessir úrslitakostir voru settir þannig, að innan 24 klst. varð ríkisstj. að biðja Bandaríkin um hervernd. Síðan hafa margir ráðh. viðurkennt, að þetta hafi verið úrslitakostir. Einn þm. Sjálfstfl., Sigurður E. Hlíðar, þáv. þm. Ak., gerði svo hljóðandi grein fyrir atkv. sínu:

„Þó að ég sé „idealisti“ og vilji lifa í friði við allar þjóðir, neyðist ég líklega til að vera raunsæismaður í þessu máli og beygja af. Mun ekki verða komizt hjá að gera þennan samning við Bandaríkin, því að hnífurinn er á barka okkar. Þessi ríki hafa ráð okkar allt í hendi sér og geta bannað alla flutninga til landsins, þau geta komið í veg fyrir það, að við getum *flutt einn fiskugga úr landi*, og *stefnt þannig* fjárhag okkar og lífi í hættu. Ég sé því ekki, að komizt verði hjá að samþ. þetta, og mun *því ekki greiða atkv. á móti þessu*, þó að *ég* héldi í fyrstu, að ég mundi gera það, og getur meira að segja verið, að ég greiði beinlínis atkv. með málinu, þó að ég geri það nauðugur.“

Þetta er sígild lýsing á aðferð þeirri, sem beitt var til að beygja þm. stjórnarinnar til að samþ. gerðir stórveldisins. Hnífurinn er á barka Íslendinga, og þess vegna beygið þið ykkur. Aðrir þm. stjórnarflokkanna hafa eflaust ekki samþ. þetta af fúsum vilja, þó að þeir hafi ekki haft sömu hreinskilni og Sigurður E. Hlíðar til að játa það fyrir þingi og þjóð. — Þegar þessi samningur var gerður, vil ég minna á, að hann var gerður á ólöglegan hátt, þar sem þm. höfðu misst umboð sitt 20. júní 1941 og voru því ekki þm. Þessi samningur, sem var þrengt upp á Íslendinga, var notaður sem haldreipi Bandaríkjanna til að koma fram næstu samningum og hótunum við Íslendinga. Ég vil minna á, að stríðinu var ekki fyrr lokið en Bandaríkin fóru að færa sig upp á skaftið. Hinn 1. okt. 1945 gerðu Bandaríkin þá kröfu, að Íslendingar afhentu þeim 3 herstöðvar til 99 ára. Þessum stöðvum áttu Bandaríkin svo að ráða yfir. Þegar þessi krafa var borin fram, höfðu Bandaríkin *her í landinu í trássi* við gerða nauðungarsamninga. Um þessa kröfu fórust þáv. forsrh., Ólafi Thors, þannig orð á aukaþinginu 1946:

„Í fyrra báðu Bandaríkin okkur um Hvalfjörð, Skerjafjörð og Keflavík. Þau fóru fram á langan leigumála, kannske 100 ár, vegna þess að þau ætluðu að leggja í mikinn kostnað. Þarna áttu að vera voldugar herstöðvar. Við áttum þarna engu að ráða. Við áttum ekki svo mikið sem að fá vitneskju um, hvað þar gerðist. Þannig báðu Bandaríkin þá um land af okkar landi til þess að gera það að landi af sínu landi. Og margir óttuðust, að síðan ætti að stjórna okkar

gamla landi frá þeirra nýja landi. Gegn þessu reis íslenzka þjóðin.“

Hvað lá við, ef Íslendingar yrðu ekki við þessari beiðni? Það upplýstist síðar. Bandaríkin litu svo á, að samkv. nauðungarsamningnum frá 1941 gætu þau haft hér her, á meðan sá samningur væri í gildi. En nú reis upp ágreiningur á milli ríkisstj. Íslands og Bandaríkjanna um skilning á samningnum. Um skilning á samningnum og þennan ágreining sagði þáv. forsrh., Ólafur Thors (prentað í B-deild Alþt. 1946, bls. 218):

„Um skilning þessa ákvæðis hefur verið og er ágreiningur milli Íslands og Bandaríkjanna. Halda Bandaríkin því fram, að ófriðnum sé enn ekki lokið í þeim skilningi, sem átt er við í samningnum. Þeim sé því enn eigi skylt að hverfa burt með herafla sinn, enda þótt þau að sjálfsögðu muni í einu og öllu standa við skuldbindingar sínar samkv. samningnum. Af Íslands hálfu hefur aldrei verið á þann skilning fallizt .... Bandaríkin töldu sér þessa hersetu heimila samkv. herverndarsamningnum frá 1941. Bandaríkin vildu ekki kveða upp úr um, hve lengi þau hefðu í hyggju að hagnýta sér þessa meintu heimild sína.“

Bandaríkin líta svo á, að þau hafi rétt til hersetu hér, en vilja ekki láta í ljós, hvenær þau fari með herinn. Reynslan af samningnum frá 1941 sannar, að Bandaríkjamenn leggja annan skilning í samninginn en Íslendingar. Bandaríkin láta ekki undan og fara sínu fram. M. ö. o., þessi samningur hefur valdið togstreitu. Bandaríkin leggja sinn skilning í samninginn og halda hér her eins lengi og þeim sýnist. Svo dirfist hæstv. utanrrh. (BBen) að geta um, hve langa og góða reynslu við höfum af viðskiptum við Bandaríkjamenn, þvert ofan í yfirlýsingu Ólafs Thors um vandræði við að fást við Bandaríkjamenn um þessi mál. Það er því svívirðilegra við samninginn 1941, að Keflavíkursamningurinn 1946 er notaður sem rök til að losna við her Bandaríkjanna úr landi. Reynslan sannar, að Bandaríkin taka ekkert tillit til okkar og standa á sínu, þó að það eigi sér enga stoð. Það má minna á, að kröfur Bandaríkjanna 1. okt. 1945 voru kröfur um herstöðvar. Íslendingar áttu þá einu sönnu stjórnina, sem þeir hafa átt, og hún var þá á verði. Af hverju sóttust Bandaríkin eftir herstöðvum hér? Ekki var þá borið við hættu frá hinum ægilegu sósíalistisku ríkjum. Af hverju sóttust Bandaríkin eftir herstöðvum hér til 99 ára? Það byggist á viðleitni þeirra til að sölsa lönd undir sig og yfirgangsstefnu þeirra. Hér birtist hún ógrímuklædd og ekki enn þá hulin rykskýi, er Bandaríkin tóku frá Hitler sáluga. — Síðan var Keflavíkursamningurinn gerður. Það má minna á einu rökin, sem færð voru fram með Keflavíkursamningnum. Þau voru, að nú losnuðum við við herinn úr landinu og Sameinuðu þjóðirnar fengju ekki einu sinni að hafa her hérna. Reynslan sýnir, hvernig Bandaríkin standa við gerða samninga. Hvað gera Bandaríkin svo, þegar Íslendingar neita þeim um herstöðvar til 99 ára? Þau leggja Ísland undir sig í áföngum, þegar þeim tekst það ekki í stökkum. Þau fara að eins og Filippus Makedoníukonungur: þeir byrja á því að leiða asna hlaðinn gulli inn úr borgarhliðunum. Marshallhjálpin kemur næst Keflavíkursamningnum, og er það aðferðin til að binda Íslendinga fjárhagslega. Eftir að búið er að binda Íslendinga, vinna Bandaríkin dyggilega að niðurrifi atvinnuveganna. Svo er Atlantshafssáttmálinn gerður. Þegar hann var gerður, var því haldið fram, að það kæmi ekki til mála, að Íslendingar létu af hendi herstöðvar. En 1951 álíta Bandaríkin, að þau séu búin að ná svo miklum tökum á íslenzku stjórninni, að þau geti látið skríða til skarar og lagt Ísland undir sig. Og nú hefur þetta gerzt. Reynsla Íslendinga undanfarin 10 ár sýnir, að Bandaríkin standa á nauðungarsamningum.

Það er rétt að draga upp mynd af viðhorfinu 1945 og eins og það er nú. Við skulum athuga tvö stórveldi og aðfarir þeirra á Norðurlöndum árið 1945. 1. okt. það ár eru Bandaríkin með her hér á landi, og þá voru Sovétríkin með her í Norður-Noregi og á Borgundarhólmi. Þá vildi svo til, að ég var staddur í Moskvu fyrir hönd íslenzku stjórnarinnar, og þá vildi svo til, að ég, ásamt Pétri Benediktssyni, var staddur hjá sendiherra Noregs þar. Hann sagði okkur þá, að hann hefði fengið tilkynningu frá stjórn Sovétríkjanna um flutning rauða hersins úr Noregi, og var hann beðinn að tilkynna stjórn sinni þetta. Á sama tíma og rauðliðarnir voru fluttir frá Noregi og Danmörku fór því fjarri, að Bandaríkin flyttu sitt lið frá Íslandi. Þá sýna Bandaríkin þá ósvífni að fara fram á herstöðvar hér til 99 ára. Hrammurinn var lagður yfir Ísland. Herinn, sem var í Noregi og Danmörku, vár kallaður burt, en síðan það gerðist hefur hrammur Bandaríkjanna færzt yfir þessi lönd. Þetta er sláandi reynsla fyrir Íslendinga, hvernig Bandaríkin halda samninga. Hv. þm. geta dregið ályktun af þessu og séð, hve hv. 8. landsk. hefur trúað blint á Bandaríkin í alþjóðamálum, þar sem hann trúir því, að Bandaríkin vilji ekki ásælast nein ríki, en Sovétríkin séu hins vegar æst í ófrið. Það má rifja það upp, að Sovétríkin töpuðu yfir 7 milljónum manna í stríðinu, hver fjölskylda á um sárt að binda og meiri hluti iðjuvera var lagður í rústir. Sovétríkin geta aldrei annað en tapað á stríði, jafnvel þó að þau sigri. En hins vegar græddi auðvald Bandaríkjanna 50 milljarða dollara á síðasta stríði og græðir alltaf á stríði, hvort sem þau tapa eða sigra. Fyrir auðvald Bandaríkjanna er stríðið gróðavænlegasta leiðin. Auðvaldið er ekki færara en svo að stjórna ríki sínu, að hungur vofir sífellt yfir. Svo brjálsemisleg er stjórnin á þessu mikla þjóðfélagi, að það treystist ekki til að láta alla þegna sína fá vinnu. Auðvald Bandaríkjanna óttast mest kreppu og álítur vígbúnað og stríð eina ráðið til úrbóta. Það er gróðafíkn voldugra hlutafélaga, sem ræður þessu landi. Það eru fjórir auðhringar, sem eiga 60% af öllu auðmagninu. Þetta er ekkert nýtt í sögu Bandaríkjanna, síðan auðvaldið brauzt til valda og varð allsráðandi þar og bændastéttin missti öll sín fyrri forráð. Bandaríkin hafa brotið undir sig smáríki eins og Haiti, Kúba, Nicaragua, Filippseyjar og

Hawaii. Þessum ríkjum hafa þau haldið og gert að voldugum nýlenduríkjum. Ég leyfi mér að fullyrða, að í hópi þm. þeirra flokka, sem samþ. Atlantshafssáttmálann, fari andúðin vaxandi gegn Bandaríkjamönnum og þeir telji hernámið á Íslandi ofbeldisverk. Það er engin tilviljun, að málgagn stjórnarinnar í Sviþjóð fordæmir samninginn frá 5. maí.

Bandaríkin hafa herstöðvar í Evrópu, Asíu og Afríku. Þannig umlykja þau sósíalistiska heri með herstöðvum þar, sem þær eru álitnar nauðsynlegar. Ísland er eitt af fjölda landa, þar sem Bandaríkin hafa komið fram herstöðvum með nauðungarsamningum. Bandaríkin hafa komið sér í þessa aðstöðu hér með ofbeldi. Alþingi mundi því fremja örlagaríkt afbrot gagnvart þjóð sinni með því að leggja samþykki sitt á þennan nauðungarsamning. Með hliðsjón af fenginni reynslu hlýtur afstaða okkar til Bandaríkjanna að verða sú sama og hún var áður hjá Íslendingum gagnvart Dönum. Og það munu engir Íslendingar, sem unna sjálfstæði landsins og frelsi, geta litið öðruvísi á Bandaríkjamenn og völd þeirra hér en sem ránsmenn, sem hafa sölsað undir sig völd hér í trássi við vilja þjóðarinnar. Og það er ekki að ástæðulausu, því að það hafa aldrei neinir samningar verið lagðir fram fyrir íslenzku þjóðina, allt hefur þetta farið fram án hennar vilja og vitundar. Þess má og gæta í þessu sambandi, að menn geta af ýmsum ástæðum fylgt vissum stjórnmálaflokkum og kosið með vissum stefnum af hagsmunaástæðum, en það er ekki þar með sagt, að þeir muni fylgja þessum samningi, sem hefur verið þröngvað upp á okkur. Og það hefur sýnt sig við atkvæðagreiðslur þjóða um slíka samninga, að þær hafa fellt þá og enga ábyrgð tekið á þeim verkum, sem þannig hafa verið framin án þeirra vitundar og ekki lögð undir þeirra vilja.

Ég ætla ekki að fara að tala um Keflavíkursamninginn í heild sinni, en ég vil aðeins minnast á hann sem víti til þess að varast, þegar um þennan samning er rætt. En hitt er engu síður vitað, að með þessum samningi er íslenzka ríkisstj. að veita Bandaríkjunum stuðning í aðför að Íslendingum. Það er auðséð, að það er verið að gera íslenzka lögreglumenn að sporhundum gegn Íslendingum sjálfum. Það er gengið út frá amerísku lögregluliði og gengið út frá því, að hægt sé að hneppa menn í varðhald. Það er með öðrum orðum verið að fela Bandaríkjamönnum að blanda sér í daglegt líf Íslendinga. Það er verið að venja íslenzka lögreglu við að vera sporhundar hins bandaríska lögreglu- og hervalds, — lögreglu- og hervalds, sem er tamara að nota skammbyssuna og rýtinginn en Íslendingum er að nota hnefann, — lögreglu- og hervalds, sem í síðasta hernámi drap þrjá saklausa Íslendinga. Ríkisstj. gerir sér það vafalaust ljóst, hvaða ábyrgð hún tekur á sig með því að ofurselja Íslendinga þannig undir hervald Bandaríkjanna.

En ég vil taka það fram, að ábyrgðin á öllu því, sem kann að gerast í sambandi við þessa hersetu, hvílir á núverandi ríkisstj. Allar þær afleiðingar, sem herseta í landinu á friðartímum kann að hafa í för með sér fyrir íslenzku þjóðina, eru á ábyrgð núverandi ríkisstj. Og svo framarlega sem styrjöld hefst og tilvera íslenzku þjóðarinnar er í hættu, þá er það á ábyrgð þeirrar ríkisstj., sem hefur beitt Alþingi valdi, fengið ofbeldi Bandaríkjanna herstöðvar í landinu og reynt að blekkja þá með ósannindum, sem ekki hafa viljað fallast á það, sem gert hefur verið. Og það er engin afsökun fyrir þessa ríkisstj., þó að Alþingi vildi rifta þessum samningi og að Bandaríkin vilji þá standa á honum eftir sínum skilningi, því að hún ætti að hafa lært af reynslunni og átti að vera á verði gegn ásælni Bandaríkjanna.

En hvað sem af þessu kann að hljótast, þá er íslenzka þjóðin saklaus, því að hún hefur aldrei verið spurð ráða og aldrei fengið um þetta mál að dæma, og hún hefur verið beitt valdi af ríkisstj. í sambandi við þetta mál, eins og svo oft áður.

Ég ætla nú ekki að orðlengja þetta meira að sinni, þó að margt sé, sem þyrfti að athuga, og ýmsar greinar, sem þarf að gera að umtalsefni síðar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 5. fundi í Nd., 9. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24:6 atkv.

Forseti (SB): Hæstv. utanrrh. hefur borið fram till. um, að sérstök fimm manna nefnd verði kosin til að fjalla um málið, og verður sú till. borin undir hv. deild.

Samþ. með 21 shlj. atkv. að kjósa sérstaka nefnd (varnarsamningsnefnd) til að athuga málið.

NEFNDARKOSNING.

Fram komu fjórir listar, A, B, C og D, með jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosning fór því fram án atkvgr., og varð varnarsamningsnefnd svo skipuð:

Pétur Ottesen (D),
Gísli Guðmundsson (B),
Jóhann Hafstein (D),
Einar Olgeirsson (C),
Stefán Jóh. Stefánsson (A).

Á 27., 28. og 29. fundi í Nd., 13., 15. og 16. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 17, n. 188).

Frsm. meiri hl. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Nú á síðustu tímum hefur borið mjög á því, að smáþjóðirnar hafa verið óöruggar með sinn hag og talið, að hætta steðjaði að. Sá uggur og kvíði er vissulega ekki ástæðulaus eftir þeirri reynslu, sem fengizt hefur síðustu 10—20 árin, og ekki sízt af reynslu tveggja síðustu heimsstyrjalda, sem svo oft hefur verið

lýst. Mörg smáríki, sem höfðu verið undir áþján stórvelda, fengu frelsi eftir stríðið 1914—18. Má þar nefna ríki eins og Finnland, Tékkóslóvakíu, Eistland og Lettland, sem öll fengu frelsi í lok þess stríðs. En það ömurlega hefur skeð eftir stríðið 1939—45, að nokkur þessara ríkja hafa orðið yfirgangssömum stórveldum að bráð og misst aftur frelsi sitt. Má þar nefna Eistland, Lettland og Lithauen og óhætt að segja Tékkóslóvakíu, og ógnin vofir yfir finnska lýðveldinu. Það er von, að smáríkin hugsi um sinn hag og á hvern hátt sé hægt að bægja hættunni frá. — Af hverju stafar þessi hætta, sem vofir yfir smáríkjunum? Ef maður vill svara þessari spurningu, þarf maður ekki að rifja upp margar staðreyndir til að fá svarið. Svarið er það, að ýmis stór og voldug ríki hafa sett sig yfir hlut smáríkjanna og neytt færis til þess að leggja þau undir sig, svo að þau hafa glatað frelsi sínu. Menn bjuggust við, að síðasta stríð yrði barátta fyrir rétti smáríkjanna. En örlögum smáríkjanna er ekki borgið, sumpart fyrir yfirgang Sovétríkjanna og sumpart fyrir eftirlátssemi annarra stórvelda, sem sömdu við þau eftir síðasta stríð. Þó vonuðu menn, að eftir síðasta stríð kæmu tímar friðar og öryggis. Þær þjóðir, sem stóðu saman í styrjöldinni, vonuðust til að geta staðið saman áfram, eins og orð Roosevelts forseta bera með sér. Undirbúningur að stofnun Sameinuðu þjóðanna var órækt vitni þess, að menn vonuðu að þau ríki, sem voru stríðsaðilar, gætu lifað saman í sátt og samlyndi. Þegar undirbúningur að stofnun Sameinuðu þjóðanna var hafinn í San Fransisco, var auðsætt, hvernig leikurinn mundi enda. Þá var Þýzkaland Hitlers fallið, og Japan gat ekki staðið lengi gegn sameinuðum herstyrk þeirra þjóða, sem stóðu saman að verulegu leyti síðari hluta heimsstyrjaldarinnar 1939—45.

Ég hygg, að þau smáríki, sem héldu frelsi sínu eftir síðara stríðið, hafi ákaft vonað, að sú samvinna tækist með þeim ríkjum, sem stóðu saman í stríðinu, að nú hæfist langt og farsælt friðartímabil. En því miður hefur þetta ekki reynzt svo. Þó að nú sé ekki heimsstyrjöld, þá kannast allir við hið kalda stríð, sem er þó ekki alltaf kalt, heldur blossar upp í ljósum logum, eins og sjá má í Kóreu, víða í Asíu og jafnvel hérna í Evrópu. Von okkar um frið var byggð á því, að einstök ríki tækju sig ekki út úr til óþurftarverka. Vesturveldin sýndu það í verki, að þau vildu frið. Órækt vitni þess er afvopnun sú, sem hinar engilsaxnesku þjóðir framkvæmdu upp úr lokum síðustu heimsstyrjaldar. Í styrjöldinni hafði England 5 millj. manna undir vopnum, sem var geysimikill herstyrkur hjá ekki stærri þjóð. 1947—48 var herstyrkur þess kominn niður í 750 þús. manns. Bandaríkin höfðu í lok síðustu heimsstyrjaldar 10—12 millj. manna undir vopnum, en 1947—48 var her þeirra ekki orðinn stærri en 1½ millj., svo mikil var afvopnunin. En það var eitt stórveldi, sem fór ekki sömu braut, Sovétríkin. Í stað þess að afvopnast hélt Rússland enn þá sterkari her. Þegar engilsaxnesku ríkin höfðu rúmar 2 millj. manna undir vopnum, þá höfðu Rússar 4 millj. Það gerðist annað í löndunum í Austur-Evrópu, þar sem Rússar höfðu her. Þau fóru fyrir atbeina Rússa og undir vernd þeirra að koma sér upp her, her, sem var þjálfaður af her Rússlands. Það var ekki aðeins, að landið sjálft væri undir herstjórn Rússa, heldur var t. d. settur rússneskur yfirhershöfðingi í Póllandi, og skýrara tákn um rússneska hervernd er ekki hægt að finna. En það var ekki nóg, að þessi mikli her héldist í Sovétríkjunum og að þessi ríki í Austur-Evrópu væru háð Rússlandi, þar sem rússneskur her var í landinu, heldur þurftu þau að auka herstyrk sinn. Sýnir þetta eitt á hernaðarsviðinu ekki nægilega, hvað hefur orðið til að auka þá þenslu, sem nú ríkir í heiminum? Óttinn er ekki ástæðulaus og ekki sízt hjá smáþjóðunum, sem eiga mest undir friði komið að fá að njóta þess sjálfstæðis, sem þau hafa öðlazt. — En á sviði fjármála og viðskiptamála hefur stríðið verið kalt eða jafnvel heitt. Árið 1947 kom Marshall með tillögu sína um, að Bandaríkin hjálpuðu löndum Evrópu til að rétta aftur við atvinnu- og fjármálalífið. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að fjármálalífið í Stóra-Bretlandi var í öngþveiti. Í stríðinu var öllu fórnað, verðmætum og lífi manna, til að vinna stríðið gegn Hitler. Það var auðsætt, að válegir tímar vofðu yfir Evrópu, ef fjármála- og atvinnulíf yrði ekki eflt. Þá kom Marshall fram með sína merku tillögu, sem við hann er kennd, um aðstoð til ríkja í Evrópu. Ég segi af ásettu ráði: til ríkja í Evrópu, því að hún var ekki bundin eingöngu við Vestur-Evrópu. Mér finnst Marshallaðstoðin vera beint framhald af og í orsakasambandi við láns- og leigufram kvæmd Roosevelts forseta í stríðinu, þar sem Bandaríkin með sínum möguleikum hjálpuðu samherjum sínum í stríðinu, svo að þeir stæðu betur að vígi í baráttunni gegn Hitler, og var það vel þegið bæði að Bretum og Rússum. Þetta er beint framhald á þeirri fögru hugsjón Roosevelts, að þjóðirnar standi saman til þess að sigrast á erfiðleikunum. Tillögu Marshalls til endurreisnar Evrópu var vel fagnað, jafnvel í þeim ríkjum, sem að verulegu leyti voru háð Rússlandi. Það leyndi sér ekki, að bæði Tékkóslóvakía og Finnland vildu taka þátt í þessari endurreisn, en Rússland hindraði þau ekki aðeins í því, heldur sagði Marshallskipulaginu stríð á hendur. En Vestur-Evrópa lét hvorki undan hótunum Rússa né fimmtu herdeilda þeirra, sem starfa í hverju landi, hún lét hvorki undan æsingi Rússa né áróðri fimmtu herdeilda þeirra. Baráttan var háð úr austri og ógnað með miklum herstyrk, þegar vesturveldin afvopnuðust. Það var barizt gegn því, að vestrænar þjóðir gætu náð sér fjárhagslega. Hér var augsýnilega hætta á ferð, og hættan var mest fyrir smáríkin yfirleitt.

Þegar ég talaði um afstöðu smáríkjanna, varpaði ég fram tveimur spurningum út af háskanum, sem stafaði af öryggisleysi. Af hverju stafar sú hætta, og hver eru úrræðin? Hættan stafar frá hinum alþjóðlega kommúnisma, en uppruni hans er í Rússlandi. Þar er að finna mikinn herstyrk, sem er hafður til taks, þegar afvopnun fer fram í öðrum löndum. Þetta er stríð gegn viðreisn og atvinnuöryggi þjóða Vestur-Evrópu.

Hættan stafar því frá útþenslu einræðis, sem rennur frá Rússlandi, eins og hún stafaði áður frá einræði, sem stafaði frá Þýzkalandi Hitlers. Þá kemur að síðari spurningunni: Hvað er til bragðs að taka, hvað eiga smáþjóðirnar — þá er Ísland meðtalið — að gera, og hvaða úrræði er að finna til að bægja burt þeirri hættu, sem stafar af öryggisleysinu? *Ég held, að ekki sé efi á því, að einmitt síðasta stríð hafi fært Íslandi heim sanninn um það, að það sé ekki til annað, sem hægt sé að gera, þegar ógnir einveldis séu á ferð, en að búast til varnar og það svo myndarlega, að það sé of áhættusamt að leggja út í árás.* Þetta er ekki sízt nauðsynlegt fyrir smáþjóðirnar. Danmörk, Noregur, Holland og Belgía vildu ekki fyrir síðasta stríð gera bandalag við Stóra-Bretland og Frakkland, meðan tími var til, til varnar, ef ráðizt væri á þau. Þessi ríki trúðu eða vonuðust til, að þau mundu sleppa, ef til átaka kæmi, og óttuðust hótanir Hitlers, sem þjó næstur þeim. Danmörk, Noregur, Holland og Belgía vildu ekki sverjast til varnar með Bretum og Frökkum. Þýzkaland hótaði þeim öllu illu, og þau létu undan þeim hótunum. Það var lifað í þeirri von í hverju landi, að það slyppi, ef til átaka kæmi. En kaldur veruleikinn kenndi þessum þjóðum, að vonirnar um það, að *einvaldsríki hlífði vopnlitlum* eða vopnlausum þjóðum, voru tálvonir einar. Það var vaðið yfir Holland, Belgíu og Luxemburg og ráðizt á Danmörku og Noreg af herskörum Hitlers. Þessar þjóðir vildu ekki eða þorðu ekki að sverjast *til samvinnu til varnar* við Breta og Frakka. Það var fullseint að kalla á Stóra-Bretland, sem hafði nóg að gera fyrir sig sjálft, þegar ráðizt var inn í Noreg í síðustu styrjöld. Bretland gat ekki veitt þá hjálp, sem það hefði getað, ef varnarsamningur hefði verið *milli* þessara aðila. Við þekkjum vissulega söguna af því, hvernig fór fyrir Noregi. Norska þjóðin barðist hetjulegri, en vonlausri baráttu í 100 daga og var allan þann tíma pínd og hrjáð af *innrásarherjunum og raunar út allt stríðið*. Nú, þegar ríki með útþensluvilja sínum ógnar öryggi og friði í heiminum, þ. e. Sovét-Rússland, sem líkja má við Hitlers-Þýzkaland, hafa smáþjóðirnar lært af reynslunni. Út af þessu varð Atlantshafsbandalagið til. Það *má einnig nefna* þjóðir eins og Holland, Luxemburg, Noreg og Danmörk, sem 1939 vildu ekki gera samning við Frakkland og Stóra-Bretland, en reynslan hafði kennt, að það var nauðsyn að hafa fyrir fram gerðan varnarsamning. Vegna þess varð Atlantshafsbandalagið til, og vegna þess gekk Ísland í Atlantshafsbandalagið. Ísland hafði fengið þá reynslu í síðustu styrjöld, að vegna tækniþróunar og legu sinnar var það orðið þýðingarmikið í átökum milli austurs og vesturs, og það vildi láta í ljós, hvorum megin það stæði. Af þessum ástæðum gekk Ísland og hin smáríkin í Atlantshafsbandalagið, til þess að reyna að bægja frá sér hættu vegna skorts á öryggi. Það þarf enginn lifandi maður að láta sér detta í hug, að ríki eins og Beneluxlöndin og Norðurlönd gangi í bandalagið til þess að hefja stríð. Sama má segja um engilsaxnesku stórveldin og Frakkland. Þau ganga ekki í Atlantshafsbandalagið til að hefja stríð, heldur til að tryggja öryggi sitt með sameiginlegum vörnum. Einkenni Atlantshafsbandalagsins eru því hrein varnareinkenni. Einræðis- og ofbeldisríkin virða ekki neitt annað en aflið, og ég vil taka undir þau orð merks stjórnmálamanns á Norðurlöndum, að „brjótist út stríð þrátt fyrir Atlantshafsbandalagið, þá hafi það ekki náð tilgangi sínum". En það yrðu mikil vonbrigði fyrir öll þessi ríki, ef svo færi, en þrátt fyrir það að svo illa kynni að fara, eru þó þessi ríki betur stödd á vegi en þau voru 1939, ef þriðja heimsstyrjöldin *brytist út*.

Ég sagði það áðan, að það eina, sem einræðisríkin virða, eru kröftug samtök og afl. Hin samstilltu og styrku átök Sameinuðu þjóðanna í Kóreu gegn innrás kommúnistanna hafa verið *Sovétríkjunum og leppríkjum* þeirra þörf áminning. Það kann svo að fara, að þessar þjóðir hugsi sig um, áður en þær leggja út í annað slíkt ævintýri. Fullyrðingar um, að Atlantshafsbandalagið sé árásarbandalag, eru svo kjánalegar, að ekki er hægt að bera þær á borð fyrir fólk, sem eitthvað fylgist með því, sem gerist í heimsstjórnmálunum. En þótt bandalagið sé stofnað, — og einkum með því að viðsjár hafa enn vaxið í heiminum, — er það ekki nóg, það þarf að fá því í hendur þau tæki, er geri það meira en orðin tóm, vegna þess að vopnaframleiðslu og hervæðingu er stöðugt haldið áfram í Sovétríkjunum og leppríkjum þeirra. Þess vegna urðu ríkin í Atlantshafsbandalaginu líka að efla hervarnir sínar, og þess vegna hefur Evrópuher verið myndaður undir stjórn Eisenhowers, sem er frægastur allra hershöfðingja úr síðustu styrjöld og ekki aðeins frægur sem hershöfðingi, heldur og sem stjórnmálamaður. *Það er dálítið óvanalegt og sýnir hina frábæru hæfileika hershöfðingjans*, að hershöfðingi, sem er enn í starfi, sé jafnframt stjórnmálamaður. Það hefur því orðið að efla hervarnir í löndum Atlantshafsbandalagsins, en það þarf enginn að halda, að það *sé neinn barnaleikur* né verði gert án mikilla fórna og átaka. En þær þjóðir, sem meta mest frelsi sitt, vilja leggja þetta á sig til þess að geta varið frelsi sitt og sjálfstæði, ef á þarf að halda. Ríkin í kringum okkur *haf lagt mikið á sig* vegna hervarna. Sviar t. d., sem ekki eru í Atlantshafsbandalaginu og enginn mun væna um ástæðulausan striðsundirbúning, verja 4250 millj. kr. til hervarna hjá sér, en það svarar til um 740 ísl. kr. á mann í Svíþjóð. Það er þannig ekki lítið, sem þessi þjóð leggur á sig í varnarskyni. Í Danmörku eru útgjöldin til landvarna áætluð um 1300—1600 millj., sem svarar til 360—400 ísl. kr. á mann í Danmörku. En til samanburðar má nefna það, að eftir þeim upplýsingum, sem beztar er hægt að fá, eru hernaðarútgjöld Sovétríkjanna 1900 ísl. kr. á hvern mann. Það er meira en helmingi hærra en í því ríki, sem ég hef nefnt og hæst er, Svíþjóð. En þessar tölur munu vera byggðar á þeim beztu upplýsingum, sem hægt er að fá um þetta. Svo er verið að tala um, að smáríkin séu að kikna undir álögum vegna hervæðingarinnar. Hvað má þá alþýðan í Sovétríkjunum segja, hefur hún þá ekki ástæðu til að

kvarta? Þegar miðað er við þjóðartekjur, ver Danmörk 6%, Noregur og Svíþjóð 5% og England 10% til þessara mála. Þetta er að vísu mikið fé, en þó bókstaflega hverfandi, þegar miðað er við það, sem Sovétríkin eyða í þessu skyni.

Ísland hefur ekkert lagt fram til hervarna eða herkostnaðar. Það var tekið fram, er Ísland gekk í bandalagið, að það hefði engan her, ætlaði engan her að hafa. Það var samt auðsætt, eftir því sem hættan á alheimsstyrjöld jókst, að ekki var hægt að hafa Ísland eitt allra bandalagsríkjanna án allra hervarna. Þá var ekki um annað að gera en semja við eitthvert bandalagsríki okkar um að taka að sér hervarnir hér, og þá var samningurinn frá 5. maí, sem einmitt er hér til umræðu, gerður við Bandaríki Norður-Ameríku. Framlag Íslands var ekki herkostnaður, eins og ég hef rakið á öðrum stað í ræðu minni, heldur að lána land sitt til vistar vinveittum varnarher til þess að tryggja öryggi Íslands. Það kostaði íslenzka ríkissjóðinn ekkert í beinum fjárframlögum. Menn geta litið sjálfir í fjárlögin og séð, að þar er ekki einum einasta eyri varið til hernaðarútgjalda. Ég skal játa, að hver einasti Íslendingur hefði kosið það heldur, að hér væri enginn her, en yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar og sá, sem hugsar um hagsmuni Íslands og metur þá mest, er því samþykkur, að þetta varnarlið sé hér. Ég veit, að engum er ánægja að dvöl erlends hers hér, en það er víst, að það eru minni óþægindi fyrir íslenzku þjóðina að hafa þennan her heldur en að leggja á hana þau miklu útgjöld, sem smáþjóðirnar hafa orðið að taka á sig vegna þessara mála. Ég held, að við Íslendingar þurfum ekki að kvarta, þegar við berum okkur saman við hinar smáþjóðirnar í þessum efnum. Það var eðlilegt, að Bandaríkin yrðu sú þjóð, sem tæki að sér þessar varnir hér á landi fyrir Atlantshafsbandalagið. Íslendingar hafa reynslu af Bandaríkjunum, og sú reynsla er ánægjuleg. Þetta ríki hefur aldrei þröngvað högum okkar á neinn hátt, heldur sýnt okkur í hvívetna skilning og tilhliðrunarsemi. Bandaríkin og Vestur-Evrópa verða að vinna saman. Tvær síðustu heimsstyrjaldir hafa sýnt, að án hjálpar Bandaríkjanna væri Vestur-Evrópa glötuð. Þessi stríð hafa sýnt, að Vestur-Evrópa væri lögð í rústir, ef ekki hefði notið aðstoðar Bandaríkjanna. Eins og það sýndi sig 1917 og 1941, að án aðstoðar Bandaríkjanna hefði Vestur-Evrópa verið glötuð, eins mundi það sýna sig, ef til stríðs kæmi 1951 eða 1952, að Vestur-Evrópa getur ekki komizt af án Bandaríkjanna. Við skulum játa þessar staðreyndir fyrir sjálfum okkur, að Vestur-Evrópa væri komin á vonarvöl, ef Bandaríkjanna hefði ekki notið við. Við hefðum orðið einræðinu að bráð 1941 og yrðum það einnig bráðlega nú án Bandaríkjanna. Allur sá dólgsskapur í garð Bandaríkjanna, sem kemur fram hjá kommúnistum, er einmitt af þessu. Það er alveg víst, að kommúnistar á Íslandi og annars staðar í heiminum beittu ekki áróðursvél sinni svo sem þeir gera gegn þeim, ef svo væri ekki. Þessi beiting áróðursvélarinnar er eðlileg, því að þeir sjá Bandaríkin sem hindrun gegn því, að hinn alþjóðlegi kommúnismi geti flætt yfir Evrópu.

Ég mun svo ekki hafa fleiri orð um þetta á þessu stigi málsins og ekki fara út í að ræða einstök atriði samningsins. Ég vil þó benda á, að í niðurlagi 5. gr. samningsins stendur þetta ákvæði: „Ekkert ákvæði þessa samnings skal skýrt þannig, að það raski úrslitayfirráðum Íslands yfir íslenzkum málefnum.“ Ég fyrir mitt leyti vona, að þetta sé hinn rauði þráður samningsins. — Ég vil endurtaka það, að Atlantshafsbandalagið og allt, sem gert hefur verið í sambandi við það, nær ekki tilgangi sínum, ef styrjöld brytist út. En aðstaðan verður þá önnur og betri og samvizkan verður betri, eftir að það hefur verið gert, sem gert hefur verið með stofnun Atlantshafsbandalagsins. Og sigur lýðræðisþjóðanna væri með því gerður tryggari, ef einræðisþjóðirnar legðu út í árásarstyrjöld, en þegar herskarar Hitlers flæddu yfir Evrópu, og þótt þetta kosti átök, þá er ég viss um, að þau borga sig. En við skulum vona, að þessi ríki verði sigruð á annan hátt en með blóðugri styrjöld, að ofbeldið, sem kemur frá Rússlandi, verði sigrað af fólkinu sjálfu, og ég er viss um, að ekkert þeirra ríkja, er að bandalaginu standa, óskar eftir, að til komi annað, og við skulum vona, að þessi ríki verði sigruð á þann hátt.

Forseti (SB): Umr. um 17. mál er frestað um skeið. **(EOl:** Herra forseti.) Óskar hv. 2. þm. Reykv. að ræða þingsköp? **(EOl:** Ég óska að tala um þetta mál, sem nú er hér á dagskrá.) Hv. þm. hefur óskað þess sjálfur, vegna þess að eigi sé lokið prentun og útbýtingu nál., að málinu verði frestað um sinn. **(EOl:** Það er ekki venja að slíta ræður frsm. í sundur, og ég sem frsm. minni hl. óska að flytja mína ræðu nú.) Umr. er frestað um skeið. Það má vera, að það vinnist tími til að taka málið aftur fyrir áður en fundi verður slitið kl. 4.

Umr. frestað.

Á 31. fundi í Nd., 22. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 17, n. 188 og 238).

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Því máli, sem hér liggur nú fyrir, var eins og kunnugt er vísað til sérstakrar nefndar, því að sérstök nefnd var kosin til þess að fjalla um þetta mál. Ég bjóst við því, þegar svo mikið var við haft að kjósa sérstaka nefnd í málið, — en það hefur ekki verið gert hér í hv. Nd. frá því undirbúningurinn undir lýðveldisstofnunina fór fram, — að slík nefnd væri kosin til þess að ræða mjög þýðingarmikið mál. En því miður fór það svo, að það var ekki boðað nema tvisvar sinnum til fundar í nefndinni. Í fyrra skiptið vantaði svo marga nefndarmenn, að ekki var fundarfært, og í síðara skiptið var nefndin ekki fullskipuð, og vantaði þá hv. 8. landsk. þm., sem framsögu hafði fyrir hönd n. Sá fundur stóð í einn klukkutíma, og það var ekki svo mikið haft við að lesa yfir hinar flóknu og margbrotnu greinar frv. og fara í gegnum það, ekki einu sinni þann hlut-

ann, sem fjallar um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna á Íslandi. Hv. nefndarmenn kváðust þekkja þetta svo vel, að það þyrfti ekki að athuga neitt frekar í þessum málum. Þó minntumst við á eitt til tvö atriði í sambandi við þetta, og kom þá í ljós, að um þau atriði var ágreiningur og að nefndinni var ekki ljóst, hvort ákveðin íslenzk lög væru í gildi eða ekki. Mér þótti það mjög leitt um mál eins og þetta, að það skyldi ekki betur athugað.

Ég mun hafa þann hátt á að fara nokkrum orðum um einstök atriði í þessu fylgiskjali með frv. Ég ætla ekki að rekja ýtarlega það, sem ég fór í við 1. umr. þessa máls, sem sé aðalatriði þessa samnings, það, sem Bandaríkin höfðu heimtað af okkur 1945 og af ríkisstj. til þess að ná taki á okkar landi, og nú hefur gríman fallið af, án þess að komið sé fram með nokkuð af þeim lýðskrumsorðum, sem Hitler var frægastur fyrir að nota í baráttu sinni gegn kommúnismanum. Þá kröfðust Bandaríkin herstöðva til 99 ára, og þá var því lýst yfir, að það gæti ekki samrýmzt að afhenda þessar herstöðvar og vera áfram sjálfstætt ríki. En ég ræði það ekki nú við 2. umr., ég ræddi það við 1. umr. En nú ætla ég að fara í einstök atriði þessa samnings frá því sjónarmiði, hvort hagsmuna Íslands hefur verið gætt við samningu þessa frv., án tillits til þess, hvort menn eru með eða móti efni þess.

Í þessum samningi er því lýst yfir, að þar sem Íslendingar geti ekki sjálfir varið land sitt, þá hafi Norður-Atlantshafsbandalagið farið þess á leit við Íslendinga, að þeir afhendi herstöðvar í landi sínu, þ. e. a. s., þetta eru þau rök, sem færð eru fram fyrir samningnum, að Íslendingar geti ekki sjálfir varið land sitt. — Það er rétt, að við Íslendingar getum ekki varið land okkar fyrir árásum. En þegar þetta er notað sem rök fyrir því, að við látum herstöðvar í té í landi okkar, þá er hægt að nota þessi rök hvenær sem er.

Önnur rök, sem komið hafa fram með frv., segja, að tvísýnið í alþjóðamálum sé svo mikið, að þess vegna sé sjálfsagt að gera þennan samning. En þetta tvísýni í alþjóðamálum hefur bara alltaf verið. Það hefur alltaf verið álíka tvísýnt í alþjóðamálum og það er í dag. Þrátt fyrir ýmsan ágreining í heiminum, þá verður maður að segja, miðað við reynslu 19. aldarinnar, að það sé ekki útlit fyrir, að það verði styrjöld, það sem eftir er af þessari öld, nema nota eigi Kóreustyrjöldina sem átyllu. En ef nota á Kóreustyrjöldina sem átyllu til þess að kalla erlendan her inn í landið, þá hefur sú ástæða verið álíka fyrir hendi allan þann tíma, sem af er þessari öld. En þetta hefur áður verið notað. Þegar Bretar fóru fram á það við Íslendinga, að þeir afhentu herstöðvar, þá var þetta notað. Þótt það væri heimsstyrjöld þegar Bretar hertóku landið í maímánuði 1940, var því mótmælt af þeim sömu flokkum sem nú styðja þennan hersamning. Mér þykir hafa orðið alger umskipti á röksemdafærslu þeirra í þessum málum. Þessir flokkar hafa gerbreytt um rökstuðning, og ríkisstjórn þessara flokka er bundin Bandaríkjum Norður-Ameríku og þarf fjárstyrk til þess að stjórna þessu landi. Ég vil vekja athygli á því, að með þessari sömu röksemdafærslu hefði hvenær sem er, það sem af er þessari öld, verið ástæða til að kalla erlendan her til landsins. Það, sem hér segir í inngangi þessa samnings, er því ekkert nema átylla til þess að láta undan kröfum Bandaríkjanna.

Þá er það tekið fram í 1. gr. þessa samnings, að Bandaríkin geri ráðstafanir til varnar Íslandi, og um það hefur mikið verið talað í áróðri fyrir þessum samningi, að Bandaríkin taki að sér að verja Ísland. En í samningnum sjálfum er ekkert einasta atriði, sem tryggir rétt Íslendinga sjálfra, svo framarlega sem Bandaríkin rjúfa þann tiltrúnað, sem meiri hluti Alþ. og ríkisstj. sýna Bandaríkjunum með þessum samningi.

Nú skal gengið út frá því, að svo og svo margir alþm. og jafnvel ráðherrar geri samning eins og þennan og samþykki lög eins og þessi í fullu trausti þess, að Bandaríkin meini það, sem þau segja, að nota Ísland fyrir varnarherstöðvar. Mundi nú ekki hæstv. ríkisstj. og hv. alþm., sem líta svo á, að tilætlunin sé að nota aðstöðu í okkar landi í varnarskyni, vilja setja inn í samninginn ákvæði um það, að svo framarlega sem Bandaríkin misnoti aðstöðu sína hér til árásar, þá væri samningur þessi þar með úr gildi fallinn? Ég veit ekki, hvort til eru hér þingmenn og ráðherrar, sem trúa því, að Bandaríkin fari ekki í árásarstríð. En ég efast um, að þeir menn séu til hér eftir þær umr., sem fram hafa farið í þessu máli, því þótt menn gangi út frá því að ætla Bandaríkjunum allt gott, þá býst ég samt við, að þeir gangi út frá því, að breytingar geti orðið á stjórn Bandaríkjanna til hins verra og að þau heyi þá árásarstríð eins og þau hafa gert öðru hverju í síðustu tvo mannsaldra. Það minnsta, sem hægt er því að gera, er að hafa sama hátt á þessu og forfeður okkar höfðu, þegar þeir gerðu Gamla sáttmála og settu inn þau ákvæði, að ef Noregskonungur ryfi trúnað við þá, þá væru þeir lausir allra mála við hann. Ég mun því undir þessari 2. umr. eða við 3. umr. leyfa mér að bera fram brtt. við þessi brbl., þótt ég leggi til, að málinu verði vísað frá, og freista slíkrar lagfæringar á frv., ef enn kynnu að vera þeir þingmenn innan stjórnarflokkanna, sem kynnu að vilja taka tillit til hagsmuna Íslands. Mín brtt. mundi verða þannig, að á eftir 1. gr. komi ný grein, sem hljóði þannig: „Nú hefja Bandaríki Norður-Ameríku árásarstríð, og skal þá þessi samningur samstundis úr gildi fallinn. Skulu Bandaríkin þá tafarlaust flytja allan her sinn burt af Íslandi.“ Ég býst við, að ég þurfi ekki að gera hv. alþm. ljóst, hvað þetta mundi þýða. Það mundi þýða það, að svo framarlega sem Bandaríkin misnotuðu aðstöðu sína hér til þess að heyja árásarstríð, þá mundu Íslendingar lýsa sig óbundna af þessum samningi. Þetta vildi ég taka fram í sambandi við 1. gr. þessa máls. Ég þykist sjá, að það eigi að kúska þennan samning gegnum þingið, og ég flyt mína brtt. í þeirri von, að mögulegt sé að koma vitinu fyrir nokkra af

þeim hv. þingmönnum, sem ef til vill hafa gengið ófúsir til þess leiks, sem hér er leikinn, mundu kannske enn þá vilja tryggja rétt síns lands.

Þá vík ég að 2. gr., en hún er á þessa leið: „Ísland mun afla heimildar á landssvæðum og gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að í té verði látin aðstaða sú, sem veitt er með samningi þessum, og ber Bandaríkjunum eigi skylda til að greiða Íslandi, íslenzkum þegnum eða öðrum mönnum gjald fyrir það.“ Með öðrum orðum á íslenzka ríkisstj. að kaupa og skaffa þau landssvæði, sem Bandaríkjastjórn eða fulltrúar hennar hér á Íslandi heimta að fá. Og vegna þessara hernaðarráðstafana á íslenzka ríkið að borga íslenzkum þegnum allan þann kostnað, sem af því hlýzt að tryggja þessi landssvæði. Þ. e. a. s., ef rífa þarf svo og svo marga sveitabæi á Íslandi til þess að búa út flugvelli fyrir her Bandaríkjanna og flytja í burtu hús til þess að stækka flugvelli eða ef flytja þyrfti burtu íbúa heilla fjarða vegna hernaðaraðgerða Bandaríkjanna, þá á íslenzka ríkisstj. að borga allar þær kröfur, sem íslenzkir þegnar hafa fram að færa vegna þessara ráðstafana. Með öðrum orðum, Ísland tekur að sér samkv. 2. gr. samningsins svo eða svo mikinn herkostnað vegna hernaðarráðstafana, sem Bandaríkin álíta hér nauðsynlegar, eða allan þann kostnað, sem af því hlýzt að tryggja landssvæði undir hernaðarstöðvar á Íslandi. Í síðasta stríði, þegar samningar voru gerðir við Bandaríkin, þá áskildi íslenzka ríkisstj., að hún fengi greiðslur frá Bandaríkjunum fyrir allan þann kostnað, sem þannig hlytist, og bætur fyrir heimild á landssvæðum. Þá var það Bandaríkjastjórn, sem tók að sér að greiða þetta. Hvergi hefur verið haldið á hagsmunum Íslands hvað þessa 2. gr. samningsins snertir. Öllum er það ljóst, að Íslendingar hafa engin efni á því að bera svona herkostnað og íslenzka ríkisstj. hefur enga heimild til þess að taka svona kvaðir á íslenzka ríkið. Þeir hv. þingmenn, sem telja rétt að gera þennan samning, ættu þó að sjá, að ef þeir samþykkja þennan samning eins og hann er, þá samþykkja þeir um leið, að íslenzka ríkið greiði allar þær kröfur og skaðabótakröfur, sem af þessu mundi leiða. Hve mikið þetta kemur til með að kosta, veit enginn, hvorki ríkisstj. né alþingismenn. Ef Íslendingar ætlast til þess, að meta eigi landssvæði, sem tekin yrðu undir flugvelli, segjum tíu, tuttugu eða þrjátíu flugvelli, og ef meta ætti þessi landssvæði eitthvað svipað og gert var undir flugvöllinn á Egilsstöðum, þá fara menn að renna grun í, hvað íslenzka ríkið yrði að borga. Íslenzka ríkisstj. hefur gert kröfu til þess, eins og hv. 8. landsk. lýsti yfir, að hér yrðu fyrir sem allra sterkastar varnir. En það er ekki neitt smáræði, sem þessar aðgerðir gætu komið til með að kosta og íslenzka ríkið þyrfti að borga. Þetta vildi ég gera hv. þingmönnum stjórnarflokkanna ljóst.

Þá er það enn fremur tekið fram í þessum samningi og enn þá ljósar í viðbætinum við hann, þ. e. í 12. gr. viðbótarsamningsins, að íslenzka ríkisstj. muni ekki gera skaðabótakröfur á hendur Bandaríkjunum fyrir tjón á íslenzkum eignum, og þar afsalar Ísland sér öllum kröfum til skaðabóta frá Bandaríkjunum fyrir allt það tjón, sem verða kann af hernaðaraðgerðum Bandaríkjanna á Íslandi. Ég vakti athygli hv. meðnefndarmanna minna á þessu. 1941 var það greinilega tekið fram, að Ísland ætti að fá greitt allt það tjón, sem hlytist af hernaðaraðgerðum hér á landi. Þá tryggðu Íslendingar sig gegn því að verða sjálfir að bera skaðann af hernaðarráðstöfunum hér á landi. Þetta var eðlileg og sjálfsögð krafa Íslendinga þá. En nú er hernaðaraðstaðan látin í té Bandaríkjum Norður-Ameríku á Íslandi, og það stafar ekki af því, að Bandaríkin hafi neina sérstaka ást á þeirri þjóð, sem byggir þetta land, heldur einvörðungu af því, að Bandaríki Norður-Ameríku álíta sér það heppilegt vegna árásar, sem þau hafa í huga, og það er eingöngu vegna hagsmuna Bandaríkjanna sjálfra, að þau fara fram á herstöðvar hér. Það er því eðlilegt, að þau beri allan þann skaða, sem af þessum aðgerðum hlýzt, og bæti allt það tjón, sem Íslendingar verða fyrir vegna þess, að Bandaríkin hafa hér herstöðvar. Ég benti hv. meðnefndarmönnum mínum á þetta og að það eru ákveðin lög til, sem mæla fyrir um rétt íslenzkra borgara til að gera kröfur á hendur sinni ríkisstj. út af þeim skaða, sem verða kann af ófriði eða hernaðaraðgerðum Bandaríkjanna sjálfra. Þessi lög voru samþ. á Alþ. 1943 og heita: „Lög um ábyrgð ríkissjóðs á tjóni, sem hlýzt af veru herliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi.“ 1. gr. þessara laga hljóðar svo: „Ríkissjóði skal skylt að bæta íslenzkum ríkisborgurum tjón, er þeir hafa beðið eða kunna að bíða vegna aðgerða hernaðaryfirvalda Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi eða af völdum manna úr herliði þeirra.“ Þessi lög eru 7 greinar, og í þeim eru greinileg ákvæði um skaðabótaskyldu út af hernaðaraðgerðum á Íslandi. Þessi lög taka það fram, að þau gildi um allar kröfur, sem verða til eftir 7. júní 1941. Þessi lög hafa ekki fallið úr gildi af sjálfu sér, vegna þess að þau eru sjálfstæð lög út af fyrir sig. Ég spurði hv. meðnefndarmenn mína, hvort þeim væri ljóst, að þessi lög væru enn í gildi. En þeir vildu meina, að þau væru úr gildi fallin. Ef þeirra skoðun væri rétt, þá þýddi það það, að hver íslenzkur ríkisborgari verður að bera sjálfur það tjón og þann skaða, sem hann verður fyrir vegna hernaðaraðgerða Bandaríkjanna hér á landi, og hann á enga skaðabótakröfu fyrir tjón sitt. En ef lögin frá 1943 eru enn í gildi, þá þýðir það, að Íslendingar hafa kröfu til íslenzka ríkisins, til ríkissjóðs, um skaðabætur vegna tjóns, sem þeir yrðu fyrir, þ. e. a. s. kröfu til síns ríkisvalds að bæta þetta tjón. Þó er í lögunum sett ákveðið hámark um skaðabótagreiðslur. Þetta þýðir það, að ef Íslendingar verða fyrir tjóni og gera skaðabótakröfu á hendur íslenzka ríkinu, þá hefur íslenzka ríkið afsalað sér öllum gagnkröfum á hendur Bandaríkjunum. En það þýðir aftur, að íslenzka ríkið mundi aldrei bæta allt það tjón úr eigin vasa, ef það gerir engar gagnkröfur á hendur Bandaríkjunum. Með öðrum orðum, því,

sem þótti sjálfsagt 1941, er nú afsalað með þessum samningi, sem hér liggur fyrir. Því, sem þessum hv. stjórnarflokkum þótti sjálfsögð krafa 1943, þykir þessum sömu flokkum nú sjálfsagt að afsala. Þegar búið er að taka á móti 500 millj. kr. frá Bandaríkjunum, þá þykir sjálfsagt að afsala öllum rétti íslenzkra borgara til skaðabóta á hendur Bandaríkjunum, ef til ófriðar dregur. Ég vildi vekja greinilega athygli hv. þingmanna á þessu, að þeir geri sér ljóst, hvað hér er verið að gera. En ég vil meina, að lögin frá 1943 séu enn í fullu gildi og það sé hægt að gera kröfu á hendur ríkisstj. fyrir öllu því tjóni, sem ríkisstj. leiddi hér yfir Ísland og stafaði af samningsgerð þessari.

Þá ætla ég að koma nokkrum orðum að 7. gr. samningsins, en hún er eitt það lymskulegasta, sem í þessum samningi felst. Í 7. gr. er mælt fyrir um það, hvernig Íslendingar geti sagt þessum samningi upp, og það lítur einkar sakleysislega út á yfirborðinu. Við eigum að geta sagt honum upp með sex mánaða fyrirvara. En gerum ráð fyrir, að kosningar verði á Íslandi og breytingar verði á flokkum þeim, sem nú vilja samþykkja þennan samning, þá mundi það ástand geta skapazt hér, að rétt yrði talið að segja samningnum upp, og það getur skapazt það ástand við næstu kosningar, að við Íslendingar álítum rétt að segja þessum samningi upp. Og þegar hv. alþingismenn sjá, hvað samið er af sér með þessum samningi, verður honum sagt upp. Þá koma til framkvæmda tvær síðustu málsgreinar 7. gr., þó að búið sé að segja samningnum upp og hann sé genginn úr gildi. Þær hljóða svo, með leyfi hæstvirts forseta: „Hvenær sem atburðir þeir verða, sem 5. og 6. gr. Norður-Atlantshafssamningsins tekur til, skal aðstaða sú, sem veitt er með samningi þessum, látin í té á sama hátt.“ Enn fremur segir þar: „Meðan aðstaðan er eigi notuð til hernaðarþarfa, mun Ísland annaðhvort sjálft sjá um nauðsynlegt viðhald á mannvirkjum og útbúnaði eða heimila Bandaríkjunum að annast það.“ 5.—6. gr. Norður-Atlantshafssamningsins fjalla um það, að svo framarlega sem ráðizt er á eitt ríki, sem er aðili að samningnum, eru hin skyldug að gera þær ráðstafanir til varnar, sem þau telja nauðsynlegar. Þetta var eina hálmstráið, sem þeir skildu eftir til að bjarga Íslandi frá stríði. Norður-Atlantshafssamningurinn tekur því ekki gildi hvað Ísland snertir, ef eitthvert land, sem stendur að samningnum, hefur árásarstríð að dómi Íslands. Það er stjórn hvers ríkis, sem leggur dóm á það, hvort um árás sé að ræða eða ekki. Ef stjórn Íslands lítur svo á, þegar styrjöld hefst, að ekki sé ráðizt á neitt ríki innan Atlantshafsbandalagsins, er Ísland laust allra mála. Norður-Atlantshafssamningurinn bindur Ísland því ekki, ef ríkisstj. álítur, að viðkomandi aðili að sáttmálanum hafi gerzt sekur um árás. Þetta er sá eini veiki réttur, sem Íslandi er gefinn í 20 ár. Það er lífsspursmál fyrir okkur að halda í hann, því að í honum felst eini lagalegi réttur okkar til að standa utan við stríð og honum megum við ekki glata. Hvað segir svo í þessari málsgr., ef þeir atburðir gerast, sem 5. og 6. gr. Norður-Atlantshafssamningsins taka til? Segjum, að þeir atburðir gerist á þann hátt, að sú ríkisstj., sem situr að völdum hér, líti svo á, að ekki sé um að ræða árás á ríki innan Atlantshafsbandalagsins, en Bandaríkin líti öðruvísi á það. Ég veit, að það þarf ekki nema uppþot í einu þeirra ríkja, þar sem Bandaríkin hafa herstöðvar, svo að stjórn þeirra líti á það sem árás á sitt ríki. Ef stjórn Bandaríkjanna lítur á þetta sem árás á ríki í bandalaginu, en stjórn Íslands telur, að svo sé ekki, er risinn upp ágreiningur milli þessara ríkja. Ríkisstj. Íslands getur sagt, að sér beri ekki að láta það í té, sem 5. og 6. gr. Atlantshafssáttmálans kveða á um, þar sem þær séu ekki í gildi, en ríkisstj. Bandaríkjanna segir, að okkur beri að láta þetta í té samkvæmt samningnum. Þó að Ísland standi fast á sínum rétti, þá standa Bandaríkin fast á sínum meinta rétti. En nú vil ég spyrja: Hefur það ekki komið áður fyrir Alþingi og eins fyrir suma hæstv. ráðh., að þeir hafi skilið þá samninga, sem gerðir hafa verið við Bandaríkin, öðruvísi en þau? Jú, eins og ég rakti greinilega við 1. umr. þessa máls, var herverndarsamningurinn frá 1941 skilinn þannig af Bandaríkjunum, að þau væru ekki skyldug að hverfa á brott með herinn að stríðinu loknu. Hvernig stendur á því, að við skiljum þetta á annan veg en Bandaríkin? Bandaríkin sátu með her hér í trássi við okkar skilning á samningnum, og jafnvel Bjarni Benediktsson núverandi utanrrh. og Ólafur Thors þáverandi forsrh. lýstu því yfir, að þeir hefðu engin ráð til að láta Bandaríkin beygja sig undir skilning Íslands. Þarna er reynslan af því, að Bandaríkin skilja samninga öðruvísi en við. Sú reynsla kostaði Keflavíkursamninginn til niðurfellingar herverndarsáttmálans frá 1941, og rökin með honum voru þau, að með honum værum við að fá herinn burt úr landinu. En hvað gerist nú? Með þessum tveimur málsgr. er verið að gefa Bandaríkjunum sömu átyllu — og raunverulega skárri en áður — til hersetu hér. Þessari átyllu munu þau beita, og hvaða vald hefur íslenzka stjórnin svo til að fyrirbyggja, að Bandaríkin framfylgi sínum skilningi á samningnum eins og herverndarsamningnum frá 1941? M. ö. o. er verið að gefa Bandaríkjunum átyllu til að hernema Ísland með þessum síðustu málsgr. Með skírskotun til 7. gr. þessa samnings vil ég spyrja hæstv. ríkisstj., hvort hún geri sér þetta ljóst og hvort hún geri þetta vísvitandi með það fyrir augum, að Bandaríkin fengju þarna átyllu til að hernema Ísland. Er hún ekki minnug þess, hvernig Bandaríkin nota sína átyllu og hvað það hefur kostað okkur? Í þessum samningi eru skuldbindingar, samkv. þessum málsgr., sem eru átylla fyrir Bandaríkin og þau munu nota sér, hvaða skilning sem ríkisstj. hefur á þeim. Það er óþarfi að skapa þannig átyllu í samningum, þegar eitt smæsta ríki veraldar semur við eitt stærsta ríkið, að það geti gert kröfur til okkar, sem við álítum, að það geti ekki gert, vegna þess að það skilur samninginn öðruvísi en við. Ég vil benda á, þó að ég treysti núverandi stjórn Bandaríkjanna til að gera sig ekki oftar seka um að skilja samninga

öðruvísi en við, þá getur hún farið frá og önnur stjórn tekið við, sem vafalaust notar sér þetta. Það nær ekki nokkurri átt, að smáríki, sem gerir samninga við stórveldi, gangi þannig frá þeim, að vafi leiki á því, hver sé réttur hvors aðila um sig. Síðustu málsgr. 7. gr. eru skuldbindingar viðvíkjandi mannvirkjunum, og þar eru okkur settir tveir kostir. Þó að samningurinn falli úr gildi, skuldbindum við okkur til að viðhalda þessum mannvirkjum, og það þýðir engan smákostnað að hafa þessi mannvirki til taks. Við mundum vafalaust hlíta forsögn Bandaríkjanna, hvernig ætti að viðhalda þessum mannvirkjum. Herkostnaðurinn yrði svo mikill, að menn mundu ekki treysta sér til að horfast í augu við hann, og mundi síðara atriðið því frekar koma til greina. Að heimila Bandaríkjunum að sjá um viðhald á mannvirkjunum þýddi það að heimila þeim að hafa áfram lið á Íslandi. Þó að samningurinn yrði afnuminn, mundi borgaralega klætt varalið Bandaríkjanna taka við viðhaldi mannvirkjanna, og þýddi það að hafa mikið af Bandaríkjamönnum hér á landi í óákveðinn tíma. M. ö. o., með þessum tveimur síðustu málsgr. er lætt inn tveimur ákvæðum, sem ganga út yfir gildistíma samningsins. Með þessu er stjórnin búin að binda sig gagnvart Bandaríkjunum. Svo segir hæstv. atvmrh., að það vanti ekki, að þegar setzt sé að samningaborðinu, þá séu þar menn, sem séu færir um að sjá aðstöðu Íslands borgið. Þegar samið er, er skaðinn svo allur saminn á Ísland. Svo er því bætt ofan á allt, að verið er að smeygja inn alls konar laumulegum ákvæðum. Þeir hv. þm., sem með mér voru í n., þóttust hafa skoðað samninginn gaumgæfilega. Þetta þýðir líka, að meiri hlutinn gerist sekur um að binda Ísland með ákveðnum réttindum, sem Bandaríkin álíta sig hafa hér á Íslandi. Ég vil vekja eftirtekt hv. þm. á þessu. Ég veitti því athygli, að frsm. n. hafði ekki fyrir því að minnast á eina grein samningsins, og er það í fullu samræmi við störf n. að lesa gr. ekki yfir. Þetta er langur og ýtarlegur samningur, 12 gr., 6 þéttprentaðar síður, og svo flókinn, að það þýðir ekki á svona fundi að ræða nema fá atriði hans. Með þessu afsalar Ísland sér æðsta rétti til lög- og dómsögu á Íslandi. Nú eru l. í gildi á Íslandi, sem gilda um alla þá, sem á Íslandi dvelja. En með 2. gr. (10. lið) er ákveðið, að aðrir dómstólar starfi hér en stjskr. segir til um. Það er ákveðið, að hér starfi herdómstóll, sem hafi yfir mönnum að segja, sem dvelja hér á Íslandi, svo sem Bandaríkjamönnum, hermönnum og skylduliði þeirra. Þetta þýðir, að Íslendingar afsala sér æðstu lögsögu og dómsögu yfir þeim mönnum, sem dvelja hér á landi. Ég vil taka það fram, að ég álít, að slík l. séu breyt. á stjskr. og í beinni mótsögn við hana. Með þessu eru Íslendingar að afsala sér því valdi, sem íslenzkir dómstólar eiga að hafa yfir bandarískum mönnum á Íslandi, og gera þá undanþegna íslenzkum l. hvað snertir ákveðnar aðgerðir þeirra, þar sem þeir hlýða aðeins bandarískum l., þó að þeim að vísu sé hegnt fyrir ýmis brot á íslenzkum l. Á þessu vildi ég vekja athygli. Svo er reynt að dylja þetta brot á algeru dómsvaldi Íslands með því að reyna að tryggja á ýmsan hátt, að herdómstólar Bandaríkjanna hafi ekki lögsögu yfir öðrum en Bandaríkjamönnum.

Ég vil vekja athygli á, að það verður ein endalaus flækja, þegar á að framkvæma þessa 2. gr. eins og hún er, og ég vil enn fremur vekja athygli á því, að íslenzk yfirvöld eru gerð að undirlægju Bandaríkjavaldsins hér á Íslandi, enda er það eftirtektarvert, hver munur er gerður á réttarstöðu íslenzkra ríkisborgara og amerískra ríkisborgara hér á landi. Í 6. tölul. c-lið segir: „Nú er sökunautur, sem íslenzk stjórnvöld hafa lögsögu yfir, í gæzlu hjá stjórnvöldum Bandaríkjanna, og skal hann þá vera þar áfram, unz íslenzk stjórnvöld hefja saksókn gegn honum.“ M. ö. o., bandarísk lögregla getur tekið Íslendinga fasta og haft þá í haldi hjá sér þangað til íslenzk stjórnvöld hefja saksókn gegn þeim. Við getum hugsað okkur, hvaða öryggi er í þessu með núverandi réttarfari. Upphaf 9. tölul. hljóðar svo:

„Þegar maður í liði Bandaríkjanna eða maður úr skylduliði hans er sóttur til sakar og íslenzk stjórnvöld fara með lögsögu, á hann rétt á því:

a. að rannsókn og saksókn sé hraðað;
b. að fá vitneskju fyrir upphaf saksóknar um sakargiftir á hendur honum;
c. að hann og vitni, sem bera gegn honum, séu samspurð;
d. að vitnum, sem kunna að geta borið honum í hag og eru innan íslenzkrar lögsögu, sé gert skylt að bera vætti.“

Þá er einnig tekið frekar fram í 7. undirlið sömu gr., hvaða frekari rétt þessi maður hafi. Það er auðsætt, að það er haldið vel á málunum af hálfu Bandaríkjanna, en ekki hugsað mikið um þá Íslendinga, sem lenda í klónum á Bandaríkjamönnum. En um þá menn, sem bandarísk lögregla tekur fasta, segir í 7. undirlið, b-lið: „Nú fara Bandaríkin með lögsögu í máli, og skulu þá íslenzk stjórnvöld gera nauðsynlegar ráðstafanir til, að tryggð sé návist og fengnar skýrslur íslenzkra þegna og manna á Íslandi utan samningssvæðanna, annarra en manna úr liði Bandaríkjanna og skylduliði þeirra.“ M. ö. o., íslenzk stjórnvöld eiga að taka þá Íslendinga fasta, sem Bandaríkin gera kröfu til og vilja yfirheyra, og flytja til þeirra, svo að þau geti yfirheyrt þá. Íslenzk yfirvöld eru gerð að sporhundum fyrir bandarískra dómstóla. Er það nokkurt réttlæti, að íslenzk lögregla elti þá Íslendinga, sem Bandaríkin gera kröfu til, til að þóknast ósvífnum offíserum úr bandarísku hernum? Þetta hefði einhvern tíma þótt hart af dönskum yfirvöldum.

Ég vil minnast lítið eitt á þessi svonefndu samningssvæði. Í 10. undirlið 2. gr. segir m. a.: „Utan samningssvæðanna mega menn úr liði Bandaríkjanna hafa með höndum lögreglustörf, eftir því sem um semst við íslenzk stjórnvöld, í samvinnu við þau og einungis að svo miklu leyti, sem það er nauðsynlegt til að halda uppi aga og reglu meðal manna úr liði Bandaríkjanna og manna úr skylduliði þeirra.“ En hver eru svo þessi samningssvæði? Ég spurðist fyrir um

þetta í n., en enginn nm. gat gefið mér upplýsingar um, hvernig þessum samningssvæðum væri háttað. Ríkisstj. hefur aldrei skýrt frá því, hver þessi samningssvæði séu, og í öllum samningnum finnst ekki ein gr., sem greini frá þeim. Hvernig er þessi samningur eiginlega gerður? Íslendingur getur verið kominn inn á samningssvæði að honum óvörum. M. ö. o., íslenzka ríkisstj. semur þannig, að hún ofurselur þegna sína bandarísku lögregluvaldi, án þess að þeir viti, hvort þeir séu á íslenzku eða bandarísku yfirráðasvæði. Það eru engin ákvæði sett í samninginn, sem gera Íslendingum mögulegt að þekkja þessi svæði, en það er hvað eftir annað tekið fram, hvað megi gera utan samningssvæðanna og hvað innan þeirra, en þetta er allt mjög óljóst. En nú vil ég spyrja: Er Kolviðarhóll utan samningssvæðanna eða innan þeirra, eða er íslenzk lögregla að seilast þar inn á bandarískt svæði? Það er ekki nóg með það, að þannig sé búið um þessi samningssvæði, heldur er alveg gengið frá því litla öryggi, sem við áttum. Í 10. undirlið 2. gr. segir, að „utan samningssvæðanna megi menn úr liði Bandaríkjanna hafa með höndum lögreglustörf". M. ö. o., utan samningssvæðanna hafa Bandaríkin líka lögregluvald. Hvernig líta amerískir lögreglumenn á þetta, þar sem íslenzkar stúlkur og amerískir hermenn eru saman komin? Þetta er hið fyrirlitlegasta ákvæði, sem til er í íslenzkum l., og ríkisstj. gerir sér leik að því að svipta íslenzkar unglingsstúlkur þeirri lögvernd, sem þær áttu að hafa. Þetta er allt á sömu bókina lært. Það er verið að gera bandarískа starfsmenn og hermenn og skyldulið þeirra hér að sérréttindastétt á Íslandi. Það er verið að skapa hér tvíbýli í landinu, þar sem blandað er saman ameríska lögsögu og íslenzkri lögsögu og amerískum dómstólum og íslenzkum dómstólum. Ef þetta á að standa í 20 ár, eins og það verður ef meiri hl. samþ. þetta, þá er hætt við, að þetta verði í praksis líkt og Keflavíkursamningurinn. Það verður hætt að innheimta skatta og tolla, og verður þá farið að smygla og svíkja undan tolli. Ég get hugsað mér, hvernig þetta verður, ef framkvæma á þennan samning eins og Keflavíkursamninginn, og átti þó að heita, að hann væri undir íslenzkum yfirráðum.

Svo mætti halda áfram með allar 12. gr. samningsins. Ég skal ekki fara nánar út í þær hlægilegu ráðstafanir, sem gerðar eru og fjalla um smygl. Allir þegnar Bandaríkjanna eiga að vera skattfrjálsir. Mér er sem ég sjái, hvernig þetta verður framkvæmt. — 12. gr. fjallar um skaðabótagreiðslur og afsal á þeim. Á þessa gr. hef ég minnzt áður, og skal ég ekki ræða frekar um hana. Fyrir utan hinn stórhættulega tilgang með þessum samningi og að hann stofnar Íslendingum og íslenzku þjóðinni í hættu, er hann skammarlega gerður af hálfu þeirra manna, sem um hann hafa fjallað.

Svo framarlega sem einhverjir þeirra hv. þm., sem eru fylgjandi því að gera þennan samning, vilja sýna einhvern lit á því að gæta hagsmuna Íslands og tryggja aðstöðu þess, eiga þeir að fella samninginn. Þeir geta gert samning við Bandaríkin, en þeir ættu ekki að gera hann þannig að binda hendur kjósenda á Íslandi í náinni framtíð, en þeir ættu að gera hann þannig, að hagsmunir Íslands séu tryggðir og réttur Íslands til lögsögu í sínu eigin landi.

Ég vil svo aðeins benda á, að ef friður helzt eins og nú er í heiminum, þá býst ég við, að þeir þm., sem nú væru með þessum samningi, hlytu að vera sömu skoðunar um næstu áratugi, þannig að hafi verið rétt að gera samninginn nú, þá sé það líka rétt um næstu áratugi. M. ö. o., haldist núverandi friðarástand í heiminum, þá er stofnað með þessu okkar þjóðerni og okkar þjóðfrelsi í yfirvofandi hættu. Í öðru lagi er yfirráðum okkar Íslendinga yfir þessu landi stofnað í sívaxandi hættu. Ef byrjað er með því að afsala okkur dómsvaldinu yfir mönnum, sem á Íslandi dvelja, þá er auðséð, hvar slíkt mun enda. Þetta eru þær hættur, sem vofa yfir manni fyrir það fyrsta eins og nú er. Ef til styrjaldar kæmi, hvað þýðir þetta þá? Bandaríkin munu tvímælalaust skoða það sem sitt verkefni að gera Ísland eitt af sterkustu vígjum, sem þau ráða yfir, og við skulum ekki vera svo óraunsæir að gera okkur ekki ljóst, að hinar svokölluðu hervarnir í slíku landi, það eru varnir, sem fyrst og fremst eru gerðar með það fyrir augum að geta barizt sem allra harðvítugast og geta út frá þeim sótt og varizt. Við skulum gera okkur ljóst, að ef til styrjaldar kæmi milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna og ef þannig færi, eins og sérfræðingar virðast ætla, að þess mundi skammt að bíða, að Evrópa væri þá annars vegar á valdi alþýðuherjanna og Bandaríkin hins vegar, þá væri vafalaust óhugsandi að sækja þau heim, þannig að að öllum líkindum yrðu herir þessara tveggja stórvelda sitt hvorum megin við Atlantshafið og Bandaríkin með sín hervirki hér á Íslandi. Við skulum gera okkur ljóst, að því sterkari og voldugri hervirki, flugvelli og annað sem Bandaríkin hafa, því harðvítugar yrði um landið barizt. Það væri ekki verið að berjast um það vegna íslenzku þjóðarinnar, heldur vegna þess, að þegar slík styrjöld er byrjuð, þá hefur það hernaðarlega þýðingu í því stríði, og þá erum við eða þeir, sem þennan samning samþykkja, búnir að leiða yfir Ísland þá hættu og þær ógnir, sem slíkri styrjöld eru samfara. Það er þá búið með þessum samningi að leiða það yfir Ísland, án þess að íslenzka þjóðin eigi kröfu á nokkrum bótum, vegna þess að það er þá sjálft skoðað sem hernaðaraðili, jafnvel þó að Bandaríkin byrjuðu árás. Ísland yrði skoðað sem bandamaður Bandaríkjanna, sem gefur þeim aðstöðu til þess árásarstríðs, sem það væri í. Það er gefið, að ef heimsstyrjöld er háð, þá er það allt of ægilegt fyrir Ísland. Ég vonast til þess, að enginn gangi með þær tálvonir, að Ísland gæti sloppið í slíkri heimsstyrjöld, eins og við höfum sloppið í tveimur síðustu heimsstyrjöldum. Það eina, sem okkur bæri að hugsa um, ef slík styrjöld skylli á, er að reyna að sjá um, að eitthvað af okkar þjóð yrði lifandi eftir slíka styrjöld. Það er ekki okkar að reyna að hafa áhrif á það, hvor sigruðu af þeim öflum, sem við eigast. Við skulum ekki taka á

okkur þá ábyrgð. Við skulum reyna að sjá um — og það er nægilegt hlutverk fyrir hvaða íslenzka ríkisstj. sem er, — að það verði eitthvað eftir lifandi af okkar þjóð eftir slíka styrjöld. Ef við förum að leggja í kostnað, þá skulum við leggja það fram í ráðstafanir til þess, að þann helming þjóðarinnar, sem nú býr við Faxaflóa og harðast mundi verða úti, væri hægt að flytja langt í burtu, þó að allt færi í eyðileggingu, sem við höfum verið að skapa síðustu áratugina, aðeins að okkar þjóð lifi. *Hins vegar tek ég eftir því, og sást það hvað* greinilegast í þeirri framsögu, sem hv. 8. landsk. hafði hér fyrir hönd meiri hl., að þessi mál hafa ekki verið rædd frá því sjónarmiði, hvorki af ríkisstj. né stjórnarflokkunum, hvort nokkur Íslendingur yrði lifandi eftir slíka styrjöld, heldur frá hinu sjónarmiðinu, að gefa ákveðnum aðila *hernaðaraðstöðu á Íslandi án tillits til* þess, sem af því kynni að leiða fyrir Ísland. M. ö. o., ákvörðun um að gera þennan samning hefur verið tekin frá alþjóðlegu, pólitísku sjónarmiði, frá því sjónarmiði að standa með Bandaríkjunum og þeirra fylgiríkjum í þeirri styrjöld, sem þau eru að undirbúa, lána þeim *Ísland sem herstöð í slíkri styrjöld án tillits* til afleiðinganna fyrir Íslendinga. Ég álít algerlega fráleitt og ábyrgðarlaust að leyfa sér slík sjónarmið og láta þau vera ráðandi um gerðir Alþingis Íslendinga í þessum efnum. Þar fyrir er ég ekki að neita þessum hv. þm. um þeirra rétt til að hafa samúð þeim megin, sem *þeir vilja, í þeim átökum, sem* að fara í heiminum. En ég vil biðja menn að aðgreina þetta tvennt. Menn geta haft samúð með einum eða öðrum þeirra aðila, sem nú berjast harðast, menn geta óskað, ef svo ægilega færi, að til styrjaldar kæmi, þessum eða hinum aðilanum sigurs. Menn geta staðið með sósialistisku ríkjunum eða *kapítalistisku ríkjunum, en sem full*trúum fyrir íslenzku þjóðina, kjörnum af henni til að stjórna hennar málum, þá ber mönnum án tillits til þessara mismunandi skoðana að taka sína ákvörðun út frá því raunsæja, kalda hagsmunasjónarmiði fyrir íslenzku þjóðina, að hún bjargi sér, ef til styrjaldar kemur. Mér þykir leitt, að meiri hl. n. skuli hafa haft alla sína framsögu einvörðungu frá því sjónarmiði að skipta Íslandi í fylkingar, en ekki út frá því sjónarmiði að tryggja þess öryggi.

Ég hef ekki lagt það í vana minn, þegar umr. hafa verið hafnar hér um alþjóðamál, að leggja mikið til málanna í þeim málum sjálfur. Ég hef samt vissa tilhneigingu til, eftir að hafa haft framsögu fyrir hönd minni hl. í þessu máli og mælt sjálfur út frá beinu hagsmunasjónarmiði Íslands, að ræða líka nokkuð hið alþjóðlega sjónarmið vegna þess tilefnis, sem hv. frsm. meiri hl. gaf, það sjónarmið, sem hann kom fram með. Að einu leyti þykir mér leitt að þurfa að ræða slíkt. Það er að því leyti, að ég álít heppilegt, að sérstaklega við 2. umr. væri hægt að einbeita umr. að því, ef þess væri kostur, að lagfæra þá galla, sem á þessum samningi eru, líka frá sjónarmiði þeirra, sem með honum eru. Ég sé hins vegar ekki, eftir þá framsöguræðu, sem hér hefur verið haldin af hálfu 8. landsk., að það verði komizt hjá því að ræða nokkuð um alþjóðamál og það viðhorf, sem hann setti fram, vegna þess að það viðhorf var svo gersamlega í andstöðu við allar staðreyndir um ástandið í veröldinni og lýsti slíku þekkingarleysi í þróun sögunnar og alþjóðlegum aðstæðum nú, að óhjákvæmilegt er að leiðrétta það að nokkru leyti.

Hv. 8. landsk. sagði, að það væri uggur og kvíði í brjóstum smáþjóðanna. Sagan síðustu 5 aldirnar hefur verið sagan af því, hvernig þjóðir Vestur-Evrópu hafa verið að brjóta undir sig smáþjóðirnar og hinar veikari stórþjóðir í öllum álfum heims. Saga síðustu 5 alda er sagan af árásarstríði Englands, Frakklands, Portúgals, Spánar, Hollands og seinast Bandaríkja Norður-Ameríku, sem hafa farið með báli og brandi um ríki, sem áður voru sjálfstæð, um smáþjóðir, sem áður réðu sér sjálfar, og stórþjóðir, vegna þess að þær voru skemmra á veg komnar í hernaðartækni heldur en morðvargarnir frá vesturströnd Evrópu og urðu því að lúta í lægra haldi. Saga síðustu 5 alda segir frá því, hvernig enska og ameríska auðvaldið hefur lagt undir sig mikinn hluta Asíu, svo að *segja alla Afríku, mestalla Suður-Ameríku og* um tíma Norður-Ameríku. Ég býst við, að það þurfi ekki nema að rifja upp þessar staðreyndir úr sögu síðustu 5 alda og árásir hins hvíta kynstofns á þessa heimshluta, til þess að menn geri sér ljóst, hvað þarna hefur verið að gerast með smáþjóðirnar og stóru þjóðirnar líka, jafnvel *hinar stærstu þjóðir eins og Indland og* Kína hafa borið ugg og kvíða í brjósti fyrir árásum ræningjanna frá Vestur-Evrópu. Það voru afturhaldssamar stjórnir í þessum löndum, eins og í Kína 1840, en þó var það stjórn, sem reyndi að banna innflutning ópíums til síns lands. Af hverju fór England í árásarstríð við *Kína 1840? Af því að England heimtaði*, að Kína opnaði sitt land fyrir ópíum, svo að enskir kaupmenn gætu grætt á því að selja ópíum til Kína. Þetta er staðreynd, sem enginn hv. þm. rengir, en sú staðreynd er táknræn fyrir allar ránsferðir þessara evrópsku stórvelda, líka þeirra, sem nú eru meira og minna komin úr tölu *stórvelda, eins og Þýzkaland og Holland, og* Rússlands, meðan auðvaldsstjórnin var þar, o. fl. Þessar ránsherferðir setja sitt mark á alla söguna. Við Íslendingar höfðum andstyggð á þessum herferðum auðhringa og auðmannastétta Vestur-Evrópu allan þann tíma, sem þær fóru fram. Við vorum sjálfir ein af þeim nýlenduþjóðum, sem varð fyrir barðinu á þessum þjóðum Evrópu. Við vorum kúgaðir af Dönum og vissum, hvað það var að vera nýlenduþjóð. Þess vegna höfðum við fram á þessa öld og höfum enn samúð með þeim þjóðum, sem urðu fyrir þessum árásum. Ég þarf ekki nema að minna ykkur á það, sem Guðmundur á Sandi orti í aldarlokin til vinar síns. Hann spyr hann, hvort hann ætli að kasta í enskinn börnum sínum:

„Níðinginn, sem Búa bítur,
Búddha-lýð til heljar sveltir,
hundingjann, sem hausi veltir,
hvar sem bráð á jörðu lítur.“

Íslendingar hafa óttazt og fyrirlitið þetta brezka heimsveldi, jafnt fyrir ránsferðir þess á hendur öðrum eins og fyrir rán þess gagnvart okkur Íslendingum, eyðileggingu á landhelginni, 10% toll á vörum og allt það ógagn, sem það ránsríki hefur gert okkur. Ég veit, að hv. þm. þekkja lýsingarnar á aðförum þessara Vestur-Evrópuþjóða, þegar þær voru að leggja þessi lönd undir sig. Þeir muna eftir, þegar verið var af hálfu Portúgala að brenna Indíánana, eftir að búið var að brjóta niður þeirra þjóðfélag, brenna þá lifandi guði til dýrðar til að bjarga sálum þeirra, eins og komizt var að orði, þegar kaþólska kirkjan lét fara fram sínar bálfarir gagnvart þeim heiðnu þá. Þannig hefur það gengið frá því á 16. öld, að Vestur-Evrópuþjóðirnar byrjuðu sínar ránsherferðir á jörðinni, og þangað til í dag, og í dag eru menn brenndir á sama hátt og þá var gert. Það var í Tímanum fyrir nokkru talað um nýtt vopn lýðræðisins. Það er benzínsprengja, sem hefur þann kost, að þegar henni er kastað niður, þá brennir hún menn lifandi, sem verða fyrir henni. Það er fljótvirkara en bálköstur kaþólsku kirkjunnar í Ameríku og annars staðar á 16. öld. Það er vafalaust lýðræðinu til dýrðar, enda hefur Tíminn talið það vopn lýðræðisins, líklega til sáluhjálpar fyrir þá, sem verða brenndir. Þannig er búið með lúalegri árás Bandaríkja Norður-Ameríku á Norður-Kóreu að myrða um 5 milljónir manna í því landi með þessu vopni lýðræðisins og öðrum slíkum. Þar er búið að drepa fleira fólk en drepið var af nokkurri þjóð Evrópu, að Sovétþjóðinni einni undanskilinni, í síðustu heimsstyrjöld. Og þeir, sem kunna í dag að hafa andstyggð á kaþólsku ræningjunum á 16. öld, þegar verið var að brenna menn guði til dýrðar, skrifa í dag í sín blöð um, að benzínvopnið sé vopn lýðræðisins. Bandaríki Norður-Ameríku komust seint í tölu þeirra stórvelda, sem gátu tekið þátt í þessum ránsherferðum. Þau sættu líka sjálf því hlutverki að vera nýlenda og urðu sjálf að rísa upp gegn Bretum í lok 18. aldar til að brjóta af sér það ok, og það skapaðist í Bandaríkjunum demókratí, virkilegt lýðræði bænda og borgara, sem hélzt þangað til í lok 19. aldar, að auðhringar Bandaríkjanna eyðileggja það gamla bændademókratí og framkvæma þá stórkostlegustu stjórnmálaspillingu, sem þekkist í veröldinni, og ræna auðlindum Bandaríkjanna. Það eru 4 auðhringasamsteypur í Bandaríkjunum, Rockefeller, Du Pont, Morgan og Mellon, sem eiga í dag 60% af öllum eignum Bandaríkjanna, og um leið er búið að berja niður bændademókratíið í Ameríku. Það kom fram, sem Lincoln óttaðist, hvernig lýðræðið mundi standast, sem hann byrjaði að mynda. Um leið og auðhringar Bandaríkjanna brjóta niður þetta vald, bændalýðræðið, þá eru hafnar árásarherferðir utan Bandaríkjanna og þau leggja undir sig hvert landið á fætur öðru. Ég ætla ekki að fara að rekja hér söguna af því, hvernig lítil eyríki eins og Haiti, Kúba, Filippseyjar og Hawaii-eyjar hafa orðið Bandaríkjunum að bráð, með því að þau hafa ráðizt á þessar eyjar og tekið þær herskildi eða með því að fyrst hafa auðmenn keypt upp auðlindirnar og síðan hefur verið kallað á Bandaríkjaher til hjálpar til að gæta hagsmuna þessara amerísku auðhringa. Þetta eru staðreyndir, sem ekki einu sinni Bandaríkin neita. Menn þurfa ekki annað en kynna sér skýrslu utanríkismálanefndar Bandaríkjanna í Foreign Relations, tímariti Bandaríkjaþings, til þess að geta rakið söguna af yfirgangi Bandaríkjanna gagnvart þessum smáþjóðum. Þannig er því komið, þegar 20. öldin hefst, að ríkin á vesturströnd Evrópu og Bandaríkin eru orðin þau ríki, sem skipta heiminum á milli sín og undiroka svo að segja allan hnöttinn og sölsa undir sig auðlindir landanna; þau ná t. d. tökum á stóriðju Kína og skipta svo að segja upp í nýlendur allri Afríku. Hvað hefur svo verið að gerast á 20. öldinni? Það, sem hefur verið að gerast, er það, að verkalýður þessara auðvaldsríkja hér í Evrópu og kúgaðar nýlenduþjóðir í Asíu og Afríku hafa verið að rísa upp á móti þessu ránsvaldi hinna voldugu auðhringa í Evrópu og Ameríku. Þetta hófst með rússnesku byltingunni. Það var þá í fyrsta skipti sem verkamenn undirokaðrar nýlenduþjóðar voru sigursælir í slíkum átökum, og öllum hv. þm. er kunnugt um, hvað gerðist þá strax á eftir. Hinni voldugu keisarastjórn var steypt, og verkamenn og bændur tóku völdin í því landi. 14 auðvaldsríki í heiminum réðust á Sovétríkin til þess að reyna að brjóta þau niður. Í 3 ár stóð ægileg árásarstyrjöld á þessi ríki, og með ægilegum fórnum tókst verkamönnum Sovétríkjanna að hrinda þessari árás og fá frið til þess að byggja upp sitt ríki. Hvað olli því, að þessi árásarstyrjöld var háð? Það, sem olli því, var, að það var verið að hrifsa undan auðhringunum auðlindir, sem þeir ætluðu að græða á. Hér var um að ræða m. a. allmiklar auðlindir í Bakú, sem voru eign þess manns, sem mest sá um að birgja þá aðila að fjármunum, sem lögðu út í árásarstyrjöld. Auðhringarnir í Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum gátu ekki séð af þeim auðlindum, sem þeir höfðu klófest, þeir gátu ekki horft á, að alþýðan tæki að nota sér þessar auðlindir fyrir sig. Allar þessar árásir misheppnuðust, en auðmannastéttirnar voru ekki þar með af baki dottnar. Og nú vil ég minna á eitt, hvort sem hv. þm. er það ljóst eða ekki, að þær tvær heimsstyrjaldir, sem háðar hafa verið á þessari öld, hafa frá sjónarmiði okkar Íslendinga verið styrjaldir, sem fyrst og fremst voru skelfingar og hörmungar fyrir mannkynið. En þessar styrjaldir eru ekki fyrst og fremst hörmungar; þessar tvær styrjaldir eru nokkurs konar gróðafyrirtæki fyrir þá auðhringa, sem borið hafa sigur úr býtum. Auðvald Englands var sterkasta auðvald heimsins 1914, en eftir það voru Bandaríkin sterkasta auðvald heimsins, af því að auðvald Bandaríkjanna græddi á því að lána ensku þjóðinni fé og selja hergögn; af því jókst stóriðja Bandaríkjanna, og af því hrúgaðist saman 1914—18 milljóna gróði hjá Standard olíuhringnum. Og þegar Bandaríkin fóru í styrjöldina 1917 eftir beinni fyrirskipun frá Morgan, þá var það gert sama mánuðinn og fyrsti víxill Englands féll, sem England treysti sér ekki til að borga. Þegar auðvald Banda-

ríkjanna sá, að hætta var með lánsfé, þá og ekki fyrr notaði ameríska stjórnin sér átyllu til að fara inn í þá styrjöld. Síðasta styrjöld samsvaraði enn þá sterkara gróðafyrirtæki. Þá fengu ameríkskir auðhringar ekki minna en 50 milljarða dollara í gróða. Ég hef heldur ekki heyrt neinn þm. neita því, að á sama tíma sem síðasta heimsstyrjöld stóð, hafi Standard Oil lagt til hliðar til þýzkra auðhringa flesta af þeim hlutum, sem sá auðhringur átti í banka í Ameríku. Það er vitanlegt, að þegar styrjaldir hafa verið háðar milli þessara landa, hefur verið samstarf milli auðhringanna í þessum löndum. Og þess vegna vilja auðmenn í Bandaríkjunum, að auðvaldið í Þýzkalandi sé endurreist, vegna þess að stóreignir í Þýzkalandi eru sameign þýzka og ameríska auðvaldsins. Hlutabréf, sem auðmenn í Bandaríkjunum eiga í I. G. F., eru svo mörg, að þeir geta ekki horft upp á það, að þýzka auðvaldið sé strikað út. Stríð eru stórkostleg gróðafyrirtæki fyrir auðhringana í heiminum. Það sýnir það, að þegar ekki er stríð fer allt í vitleysu hjá þeim. Það eru þessir auðhringar, sem hafa skapað heimskreppu, svo að 12 millj. bænda hafa flosnað upp af jörðum sínum og tala atvinnulausra manna komst upp í 20 millj. — [Frh.]

Umr. frestað.

Á 32. fundi í Nd., 23. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson) [frh.]: Herra forseti. Ég hafði rakið í gær í ræðu minni gang alþjóðamála og sérstaklega pólitíska þróun þeirra landa, er í Atlantshafsbandalaginu eru, og árásir þeirra á smáþjóðir um dagana. Enn fremur hafði ég rakið það, að tvær síðustu styrjaldir voru stórkostlegt gróðabrall, þar sem auðhringar Bandaríkjanna og Bretlands stóðu á bak við. Ég hafði og minnzt nokkuð á það, að á meðan auðhringar Vesturveldanna græddu 50 milljarða dollara í síðasta stríði, þá á sama tíma missti sú þjóð, er Atlantshafsbandalaginu er stefnt gegn, Sovétríkin, 7 milljónir manna. 1600 stærri borgir og bæir voru eyðilögð, og gífurlegum efnahagslegum verðmætum var tortímt. Vildi ég enn fremur minnast á það út af ræðu 8. landsk., að í síðustu styrjöld var greinilegt, að milli auðvalds Bretlands og Vesturveldanna var samsæri, og gekk það út á það, að Þýzkaland réðist á Sovétríkin. Auðhringar Vesturveldanna höfðu lánað Þýzkalandi fé til þess að byggja upp nýtt hernaðarlega sterkt Þýzkaland, sem átti að vera vel útbúið hernaðarlega til árása í austurveg. Það voru einvörðungu skakkir útreikningar, sem ollu því, að Hitler þótti betra að byrja styrjöldina með því að ráðast vestur á bóginn, og það þarf ekki nema að líta á gang styrjaldarinnar til þess að sjá, hve flærð Vesturveldanna var gífurleg. Það þarf ekki nema minna á það, að þegar Þýzkaland réðst á Pólland, þá hreyfðu Vesturveldin hvorki legg né lið til hjálpar. Allt frá því í september 1939 þangað til í maí 1940 var varla hleypt af skoti á vesturvígstöðvunum. Meiningin var, að Hitler skyldi halda austur á bóginn, og ekkert átti að trufla þá fyrirætlun. Og ef við lesum gerðabækur enska og franska hersins frá stríðinu, þá munum við sjá, að Frakkland hafði útbúið her í Sýrlandi 1939—40, er átti að vera til taks til að ráðast inn í Kákasus. Á sama tíma fjölluðu ráðagerðir franska og enska hersins um undirbúning árásar inn í Finnland. Allan þennan vetur var gert ráð fyrir því af auðvaldi Vesturveldanna, að með því mundi takast að afstýra skakkaföllum af hinum skakka útreikningi þeirra. Þannig var það, að um leið og átök fóru fram á yfirborðinu milli auðvalds Þýzkalands og Vesturveldanna, var reynt að búa í haginn fyrir samsæri gegn Sovétríkjunum samsvarandi og 1920—21.

Ég tók eftir því, að 8. landsk. talaði mjög hjartnæmt sem eðlilegt er um árásina á Noreg og komst svo að orði, að of seint væri að hjálpa smáþjóðunum eftir að búið væri að ráðast inn í lönd þeirra. Við höfum víst flest litið þannig á, að árás Hitlers á Noreg væri ein af hinum svívirðilegu árásum hans á smærri þjóðir og hörmulegt, að Vesturveldin hefðu ekki komið Noregi til hjálpar og losað hann við böl styrjaldarinnar. Hv. 8. landsk. virtist líta þannig á sem brezka ríkisstjórnin hefði verið alveg saklaus á þessum tíma og ekki getað til þess hugsað að leiða aðra eins ógæfu yfir Noreg sem innrás mundi hafa í för með sér. Þótt nú sé liðinn meira en áratugur frá þessum atburðum, er okkur enn í fersku minni árás Hitlers á Noreg og þær miklu þjáningar, sem norska þjóðin varð að ganga í gegnum. En hins vegar er enska ríkisstjórnin farin að sleppa í frásögnum sínum öllu því lýðskrumi og áróðri, sem allt var yfirfullt af á stríðsárunum, og birta dagbækur sínar. Churchill er einnig farinn að skrifa endurminningar sínar. Þá bregður manni ónotalega í brún. Nú er sagt hiklaust í dagbókum brezku ríkisstjórnarinnar frá fundi brezka hermálaráðuneytisins. Þar er skýlaust frá því sagt í þeim kafla, er fjallar um árásina á Noreg, að brezka stjórnin hafi undirbúið innrás í Noreg, en orðið aðeins á eftir Hitler. Lidell Hart, sem er nafnfrægasti hermálasérfræðingur Breta íhaldssinnaður, hefur skrifað um hermál í Daily Telegraph og The Times, einnig var hann ritstjóri hermála við Encyklopaedia Britannica, hefur nýlega skrifað grein, þar sem hann rekur á grundvelli upplýsinga Churchills og gerðabóka hermálaráðuneytisins, að Bretar hafi undirbúið innrás í Noreg, en orðið aðeins of seinir. Hann segir m. a. frá því, er Churchill fékk að vita um stríðið milli Finna og Rússa. Jafnframt því kom Churchill auga á nýja aðstöðu til að koma Þýzkalandi í opna skjöldu undir því yfirskini, að verið væri að koma Finnum til hjálpar. Í frásögn sinni af þessum atburði ritar hann hiklaust: „Ég fagnaði þessum nýja hagstæða byr sem tækifæri til þess að vinna þá herstöðulegu yfirburði að geta skorið á aðdráttarleið járngrýtisins til Þýzkalands, en það var því lífsnauðsynlegt.“ Eins og vitað er, er skammt frá Narvík yfir til járnnámanna í Svíþjóð. — Síðan heldur Lidell Hart áfram: „Í grg. frá 16. september rekur hann allar röksemdir sínar með því, að slíkt skref yrði stigið,

og hann nefnir „hernaðaraðgerð, hina mikilvægustu frá herstöðulegu sjónarmiði". Hann viðurkenndi, að hún yrði sennilega þess valdandi, að Þjóðverjar réðust á Norðurlöndin, og sagði: „Ef skotið er á óvininn, þá skýtur hann á móti." Einnig sagði hann: „Við vinnum meira en við töpum við þýzka innrás í Noreg og Svíþjóð"." Hins vegar minntist hann ekki á, hvaða hlutskipti biði þjóða Norðurlanda, ef lönd þeirra yrðu gerð að vígvelli. — Svo segir hann áfram: „Meiri hluti ráðuneytisins skirrðist þó enn við að skerða hlutleysi Noregs. Þrátt fyrir sannfærandi fortölur Churchills var hikað við að hefjast tafarlaust handa um framkvæmd áætlana hans. Herforingjaráðinu var samt sem áður gefin heimild til þess „að leggja á ráðin um landgöngu í Narvík með allmiklu liði"." Enn fremur segir Lidell Hart frá því, að þann 15. janúar sendi yfirhershöfðingi Frakka, Gamelin, orðsendingu til Daladiers forsætisráðherra varðandi gildi þess að koma á fót nýjum stríðsvettvangi á Norðurlöndum. Auk þess lagði hann fram áætlun um landgöngu herliðs bandamanna í Petsamo í Norður-Finnlandi og að þeim varúðarráðstöfunum að „hernema skyndilega og að óvörum hafnir og flugvelli á vesturströnd Noregs". Áætlunin gerði einnig ráð fyrir hugsanlegri útbreiðslu hernaðaraðgerðanna til Svíþjóðar og hernámi járnnámanna við Gällivare. Þannig hélt undirbúningurinn áfram, en njósnarar Þjóðverja komust að þessu. Þetta var í janúar. Þessu næst heldur Lidell Hart áfram: „Hvað gerðist í raun réttri bandamanna megin? Daladier krafðist 21. febrúar, að Altmarkatburðirnir yrðu notaðir sem átylla þess „að hernema þegar í stað" norskar hafnir með „skyndilegum hernaðaraðgerðum". Daladier fullyrti: „Réttlæting þess í augum heimsins verður því léttari, því fyrr sem í þessar aðgerðir er ráðizt og því meir sem áróður vor getur fært sér í nyt minninguna um meðsekt Noregs í Altmarkatburðunum"." Síðan segir Lidell Hart orðrétt: „Á fundi í stríðsráðuneytinu 8. marz bar Churchill fram þá till. að senda stórar flotadeildir á vettvang úti fyrir Narvík og setja liðsveitirnar á land samkvæmt því sjónarmiði, að „sýna ætti mátt sinn, svo að ekki yrði neyðzt til að beita honum". Á nýjum fundi 12. marz afréð ráðuneytið að taka upp aftur áætlunina að landgöngu í Niðarósi, Stavangri og Bergen auk Narvíkur. Herliðið, sem gengi á land í Narvík, skyldi sækja hratt upp í land og fara yfir sænsku landamærin og hernema námurnar í Gällivare. Allt var til reiðu 20. marz að hefjast handa um framkvæmd áætlananna." Síðan segir Lidell Hart frá uppgjöfinni 13. marz, er frambærilegustu átyllu innrásarinnar var kippt undan fótum bandamanna. Reynaud hélt til Lundúna á fund æðsta stríðsráðsins 28. marz, staðráðinn að fá því framgengt, að ráðizt yrði tafarlaust í framkvæmd áætlananna að landgöngu í Noregi, eins og Churchill hafði krafizt jafnlengi og raun ber vitni. Fortalna var ekki lengur þörf. Eins og Churchill segir frá „hvatti Chamberlain nú eindregið til þess, að gripið yrði til djarflegra aðgerða". Við setningu fundar ráðsins mælti hann ekki einvörðungu með því að hefjast handa í Noregi, heldur studdi enn fremur þá áætlun, er Churchill hafði manna mest dálæti á, að varpa látlaust úr flugvélum tundurduflum á Rín og aðrar þýzkar ár. Og um leið og Hitler ræðst á Noreg 9. apríl, skellur stríðið á yfir norsku þjóðina. Þá segir Hankey lávarður: „Allt frá því að fyrstu drögin voru gerð að áætlun þessari og þar til Þjóðverjar réðust inn í Noreg, varð löngum ekki milli séð, hvorum gengi betur í undirbúningi sínum, Bretlandi eða Þýzkalandi. Bretland hóf að vísu undirbúning herferðar sinnar litlu fyrr .... Lokið var við bráðabirgðaáætlanirnar nær jafnsnemma, þó að Bretland legði sólarhring fyrr upp í árás sína, ef svo má að orði kveða um nokkurn aðilanna." Ég minnist á þetta vegna þess, að þetta leiðir í ljós, að brezka ríkisstjórnin álítur ekki lengur þörf að dylja, hvað gerðist í síðustu styrjöld. Það, sem þá hafði svo mikið áróðursgildi, hefur nú tapað gildi sínu fyrir raunsæi sögunnar. Ég býst við, að frásagnir Churchills og birting dagbóka brezku ríkisstjórnarinnar komi eins og köld vatnsgusa yfir fjölda þeirra manna, sem lifðu og önduðu að sér því áróðurskennda andrúmslofti, sem Bretar sköpuðu á stríðsárunum. Við skulum gera okkur ljóst, að það er ekki svo gifurlegur munur á eðli Vesturveldanna og fasismans. Þar sem brezku og frönsku ríkisstjórnirnar eru, þar eru harðvítugustu afturhalds- og auðvaldsklíkur, sem taka ekki neitt tillit til þeirra smáþjóða, sem þær þykjast vera að vernda. Þær harma í einlægni að hafa orðið seinni til en Hitler að skapa sér þær vígstöðvar, sem þær álitu sér hentugar, en taka ekkert tillit til þeirra hörmunga, sem þær mundu hafa leitt yfir norsku þjóðina. Ég tek þetta fram vegna þess, að 8. landsk. minntist á Noreg sem dæmi þess, er okkur bæri að varast. Okkur öllum eru hugstæð örlög norsku þjóðarinnar. En hvað er það, sem er að gerast hér? Innrás Bandaríkjanna er þegar framkvæmd og því búið að gera sömu ráðstafanir og þeir ætluðu sér að gera við Noreg 1940, er þeir urðu aðeins of seinir. Við verðum enn fremur að gera okkur ljóst, að barátta auðvalds Vestur-Evrópu var ekki barátta fyrir lýðræði, þó að fjöldi manna lifði í þeirri trú.

Ef til vill má ég minna á, að daginn, sem Hitler réðst á Sovétríkin, 22. júní 1941, eða daginn eftir, þá birtist skeyti í amerískum blöðum, sem einn af þingmönnum, sem þá voru, hafði sent sem svar við fyrirspurn, sem blöðin sendu út til nokkurra þingmanna um það, hvaða afstöðu Bandaríkin ættu að taka til stríðsins milli Rússa og Þjóðverja. Truman sagði, að ef Þjóðverjar ætluðu að vinna, þá ættu Bandaríkin að vera með Rússum, en ef Rússar ætluðu að vinna, þá ættu Bandaríkin að vera með Þjóðverjum. Þessi Truman varð seinna forseti Bandaríkjanna, og sú pólitík, sem hann rak, var ráðandi pólitík í brezka stríðsmálaráðuneytinu, hún var að láta þessum tveimur ríkjum, sem þarna áttust við, blæða út. Vitanlega var það hlutur, sem ekki mátti segja, og einn af ráðherrum Churchills varð að fara úr ráðuneytinu þess vegna. En Bretar eru dug-

legir í því að segja einn hlut fagurlega og komast vel að orði og framkvæma svo allt annað. Moose Barabazon sagði það, sem Churchill bjó í hug, að bezt væri að láta þeim blæða út, Rússum og Þjóðverjum. Sú afstaða Breta birtist bezt eftir að Churchill hafði breytt þvert á móti því, sem hann sagði, með því að hindra innrás Bandamanna og svíkja sum þau loforð, sem hann í raun og veru hafði gefið, þannig að innrásin var ekki framkvæmd fyrr en Vesturveldin voru farin að ætla, að það kynni að fara svo, að það yrði rauði herinn, sem ynni allt Þýzkaland. Þegar þess vegna er verið að bera lofsorð á Atlantshafsbandalagið eins og hv. 8. landsk. var að gera, þá má okkur vera ljóst, að með því bandalagi er aðeins verið að halda fram þeirri hugmynd — baráttunni gegn kommúnismanum, eins og hann orðaði það, baráttunni gegn Sovétríkjunum og öðrum ríkjum — sem hefur vakað fyrir auðvaldi Vestur-Evrópu og Bandaríkjanna frá því að byltingin var í Rússlandi, og þessi hugmynd hafði oft verið látin skýrt í ljós áður en byrjað var að framkvæma Atlantshafsbandalagið. Árið 1932 segir t. d. þáverandi hermálaráðherra Noregs í bók, sem hann gaf út:

„Norrænt samband milli Skandinavíu og Stóra-Bretlands, ásamt Frakklandi og Hollandi, sem Þýzkaland og ef til vill brezku hálflendurnar og Bandaríkin síðar gengju í, mundi brjóta odd af oflæti hvaða bolsévistisks sambands sem væri .... Einnig tolla- og atvinnukjör knýja Norðurlönd og einkum Noreg til að leita betra sambands við brezka ríkið. Hin líka afstaða Englands og Norðurlanda til Evrópu og til byltingarinnar og sameiginleg hætta þeirra og hagsmunir skapa heilbrigðan grundvöll að nánari samvinnu. — Festing Evrópu, grundvölluð á samkomulagi milli Frakklands og Þýzkalands, er nauðsynlegt skilyrði fyrir samfylkingu Evrópu gegn Rússlandi .... Með því að losa Þýzkaland úr samvinnunni við bolsévikana og draga það inn í norrænt bandalag milli Norðurlanda og Englands mundi þetta mikla norræna samband verða nógu sterkt til þess að fella bolsévismann án stríðs, aðeins með verzlunareinangrun, og síðan gæti það, ásamt Ameríku og öðrum löndum Evrópu, rétt endurreisn Rússlands hjálparhönd sína."

Ráðh., sem setti þessa hugmynd fram næstum því eins og það væri Evrópuráðið eða Atlantshafsbandalagið nú á tímum, nefndist Kvisling, og þessi fagra hugsjón hans er það, sem Hitler byrjaði að reyna að framkvæma þegar hann kom til valda í Þýzkalandi, og nákvæmlega þessi hugmynd er það, sem liggur til grundvallar fyrir Atlantshafsbandalaginu. Það er mjög verðugur faðir að hugmyndinni um Atlantshafsbandalag, Kvisling. Meira að segja endurreisnar Vestur-Evrópu, sem nú er talað um og við fáum að þreifa á í atvinnuleysinu, hennar átti þá rússneska þjóðin að verða aðnjótandi. Maður gat hugsað sér, að um það leyti sem Standard Oil fengi olíulindirnar við Bakú, þá mundi Vestur-Evrópa færast í rétt horf. Ef til vill er það einn hlutur úr Vestur-Evrópu, sem fram fer hér á Íslandi nú, þegar tök Standard Oil eru að verða slík, að voldugustu fjármálastofnanir landsins — og jafnvel pólitískir flokkar berjast fyrir hugsjónum, sem þeir hafa ekki barizt fyrir fram að þessu, og jafnvel samvinnusamtökin eru gerð að lepp fyrir voldugasta auðhring heimsins. Það er ef til vill ekki óskiljanlegt, að saman skuli fara þessi gífurlegi áróður fyrir Atlantshafsbandalaginu og vaxandi ítök Bandaríkjanna á Íslandi og þessi fjármálalegu völd, sem amerískir auðhringar nú eru að fá á þeim samtökum, sem Íslendingar hafa verið að skapa sér til baráttu gegn einokunarhringum veraldarinnar. Atlantshafsbandalagið er sú útgáfa af bandalagi auðvaldsins gegn alþýðu heimsins, sem samsvarar algerlega Bandalaginu helga frá 1815, sem var bandalag aðals Evrópu, en á móti því reis borgaralegt þjóðfélag Evrópu þá. Og við skulum ekki láta neina blekkingu eða yfirskin, sem auðmannastéttunum alltaf þykir henta að hafa á sínum aðgerðum, villa okkur sýn, þegar við erum að dæma um þetta fyrirkomulag. Ef einhver væri efins í, hvað Bandaríkin ætlast fyrir um árás á Sovétríkin og hertöku þeirra, þá ætti hann að lesa tímarit, sem amerískt Morganhringurinn nýlega hefur gefið út í gífurlegu upplagi í Bandaríkjunum. Í einu hefti tímaritsins er lýst þessari miklu styrjöld Bandaríkjanna við Sovét-Rússland fram að 1960, og þar er lýst heilum fjármálastofnunum, sem Ameríka setur upp til að stjórna auðlindum, sem Sovétþjóðirnar ráða nú yfir. Þetta minnir okkur á hlutafélögin, sem Göring var þarna að setja upp, eftir að Hitler var búinn að leggja undir sig Úkraínu. Bandaríkin hlakka til þess, hvernig takist að nýta þessar auðlindir, sem alþýðan í þeim löndum nú ræður yfir.

Hv. 8. landsk. var að lýsa því fyrir okkur, hvað geysilega dýrmætt það væri að hafa bandalag við stórveldi. Hann ætti að spyrja íbúana á Haiti, Kúbu, Hawaiieyjum og Filippseyjum, hvernig þeim líður nú sem nýlendum Bandaríkjanna. Við skulum gera okkur ljóst, að vísu út frá því, sem hv. 8. landsk. sagði, að smáríki eins og Holland og Beneluxlöndin munu út af fyrir sig síður en svo hafa löngun til árása á Sovétríkin, en þar með er ekki sagt, að þau geti ekki haft löngun til árása. Það eru ekki liðin nema tvö ár síðan Sameinuðu þjóðirnar urðu að fordæma Holland sem árásarþjóð fyrir tilefnislausa árás á Indónesíu, smáríki, sem öðlazt hafði sitt sjálfstæði. Það er vafalaust rétt, að Holland hefur enga löngun til að ráðast á Sovétríkin, en ef Holland hefur aðstöðu til að ráðast á land, sem er verr búið en það, land, sem hefur verið undirokað í nokkurn tíma, þá sýndi það sig fyrir tveimur árum, að það hikar ekki við að gera slíka árás, og Sameinuðu þjóðirnar urðu að dæma það árásarþjóð. Þess vegna er varla mikið gerandi úr því, að þessar þjóðir muni ekki hefja árásarstríð. Menn vita líka, hvað Belgía hefur gert viðvíkjandi Kongó, sem hefur lifað á því ásamt öðrum þjóðum vegna þess, hvernig þær hafa arðrænt og blóðsogið þjóðir, sem eru valdaminni en þær. Við skulum gera okkur ljóst, að Atlantshafsbandalagið er bandalag nýlendukúgara, og það, sem Holland, Belgía, Frakkland og England gera með því

bandalagi við Bandaríkin, er að gangast undir vald Baldaríkjanna til þess að fá aðstoð hins volduga ameríska stórveldis til þess að geta haldið nýlenduþjóðunum í Afríku og Asíu áfram undir sínum yfirráðum. Þegar Belgíumenn nú hafa látið ameríska auðvaldið heimta vald yfir öllum úraníumnámunum í Kongó og verða sjálfir að kaupa úraníum til háskólans í Brüssel frá Bandaríkjunum, þá getur maður skilið, hvað það er, sem á bak við býr. Þessar þjóðir Vestur-Evrópu eru hræddar um, að þær geti ekki haldið nýlenduþjóðunum í Afríku áfram undir sinni kúgun einar. Þess vegna sjá Bandaríkin um, að þær fái aðstoð þeirra til þess að halda völdunum yfir þessum nýlendum áfram, gegn því, að bandaríska auðvaldið fái ljónspartinn af bráðinni. Þess vegna eru það amerískir auðhringar, sem eiga nú úraníumnámurnar í Indónesíu. Þess vegna eru það auðhringar Bandaríkjanna, sem leggja undir sig sig hverjar olíunámurnar á fætur öðrum í Asíu og Afríku. Þessi ríki Vestur-Evrópu sjá sinn einasta möguleika í því að halda bráðinni, sem þau hafa blóðsogið síðustu aldir, með því að gefa ameríska auðvaldinu ljónspartinn af bráðinni, sem þau hafa rænt. Þetta er Atlantshafsbandalagið, bandalag gegn nýlenduþjóðum heims og verkalýðshreyfingunni, og Bandaríkin hins vegar líta þannig á: „Nú höfum við möguleika til þess að verða voldugt nýlenduríki. Við náum tökum á þeim nýlendum, sem Vestur-Evrópuríkin áttu, og við gerum Vestur-Evrópu að okkar nýlendu.“ Það er það, sem framkvæmt er gagnvart okkur Íslendingum. Ef einhverjir eru að kveina og kvarta undan atvinnuleysi, kauphækkun og lánsfjárkreppu, þá vita þeir, ef þeir horfast í augu við staðreyndirnar, að þetta eru allt aðferðir, sem ameríska auðvaldið fyrirskipar íslenzku ríkisstj. að gera í gegnum framkvæmdir samkvæmt Marshallsamningnum. Lánsfjárkreppunni var komið á samkvæmt fyrirskipun, sem gefin var í vor, um leið og ameríska ríkisstj. rétti 100 milljónir til íslenzku ríkisstj., og þetta var framkvæmt samkvæmt fyrirskipun ráðh. Sjálfstfl. til bankanna. Það er þessi nýlendupólitík, sem nú er að lækka lífskjörin í allri Vestur-Evrópu, á Íslandi og annars staðar, það er þessi nýlendupólitík, sem vaxandi hluti af fólkinu í þessum löndum er að rísa upp á móti, það er þessi nýlendupólitík, sem framkallaði uppreisn Bevans. Við skulum gera okkur ljóst, að Bandaríkin eru nú búin að hagnýta sér smæð og varnarleysi Íslands til að ráðast á það og gleypa það, og við skulum gera okkur ljóst, að Atlantshafsbandalagið stendur, eins og raunar hv. 8. landsk. þm. sagði, í beinu sambandi við Marshallsamninginn, þannig að þetta hvort tveggja er þáttur í nýlendupólitík ameríska auðvaldsins. Hv. 8. landsk. komst svo að orði, að það að segja, að Atlantshafssamtökin væru samtök árásarríkja, væri firra og bjánaskapur. Svona langt í fullyrðingum getur þekkingarleysið á alþjóðamálum leitt einn hv. þm., þegar hann er hættur að athuga nokkuð af því, sem gerist, öðruvísi heldur en svo haldinn af sínum hleypidómum, að engar staðreyndir í veraldarsögunni og nútímanum kringum okkur megna að hafa áhrif á hann. Þegar þau ríki gera samtök, sem sek eru um flestar árásir, sem framdar hafa verið síðustu öld, þá lýsir hann því sem firru og sem bjánaskap, að það geti komið til mála, að þessi ríki, — og hafa þó sum þeirra verið fordæmd fyrir árás síðustu ár, — fremji nokkra árás, og á grundvelli þessarar fullyrðingar á svo íslenzka þjóðin að hætta lífi sínu og tilveru. Samtímis þessu segir svo þessi hv. þm., að frá Sovétríkjunum stafi öll sú hætta, sem nú sé á árásum, m. a. á Ísland. Nú ætla ég aðeins að segja eitt í sambandi við þessa fullyrðingu, og það er, að ef þessi hv. þm. vildi nokkuð fyrir því hafa að kynna sér, hvað er að gerast í Sovétríkjunum, þá býst ég við, að hann mundi viðurkenna, að hversu mikill efnahagslegur kraftur sem væri í þeim ríkjum, þá mundi vera vísindalega óhugsandi fyrir þau að framkvæma í senn þá gífurlegu hervæðingu, sem hann talar um, og þá stórfelldu uppbyggingu, sem alþýða þessara landa nú er að leggja í. Ég skal aðeins nefna honum í því sambandi þær áætlanir, sem nú þegar er byrjað að framkvæma, búið að festa gífurlegt fjármagn, vinnuafl og vélar í og eiga að breyta, ekki aðeins lífskjörum fólksins í því landi, heldur líka sjálfu landslaginu í þessum löndum og í sjálfu sér grundvelli fyrir lífnaðarháttum fólksins. Þegar tekið er til að stífla á mörgum stöðum árnar Don og Volgu til þess að skapa á fleiri en einum stað raforkuver, sem hvert um sig er stærra en raforkuver Standard Oil í Bandaríkjunum. Þegar ekki er látið við það sitja, heldur verið að breyta eyðimörk, sem um mörg hundruð ár er búin að vera eyðimörk, inni í miðri Asíu í héruð, sem eiga að verða einhver gróðursælustu héruð jarðarinnar. Þegar verið er að leggja í plön, sem kemur til með að taka 10—12 ár að framkvæma, plön, þar sem m. a. er gert ráð fyrir og þegar byrjað á fyrirtæki, þar sem ár eru stíflaðar og verið að ryðja þeim nýjan farveg og veita þeim yfir áveituland, sem er 10 sinnum stærra en Ísland, og búa til haf inni í miðri Síberíu, sem er stærra en hálft Kaspíhafið og gerir borgir þar (Irkutsk og Omsk) að hafnarborgum. Þegar verið er að leggja gífurlegt fjármagn í það að gerbreyta þannig lífnaðarmöguleikum fólksins og þá fyrst og fremst lagt fjármagn í það, sem ekki ber arð fyrr en eftir 10—12 ár. Með þessu móti er ekki aðeins búið að margfalda raforkuframleiðslu Sovétríkjanna, heldur yrði aðeins á þessu eina áveitusvæði hægt að framleiða nægan mat handa 200 milljónum manna. M. ö. o., það er verið að undirbúa og gera ráðstafanir, sem mundu algerlega útiloka allt, sem heitir matvælaskortur, hungrið, úr stórum hluta jarðarinnar.

Ég vil nú spyrja þá menn, sem einhverja grein gera sér fyrir því, hvaða afl raun það er að nýskapa þannig, ekki aðeins atvinnulífið, heldur líka löndin, náttúruna sjálfa, hvort þeim dettur í hug, að það sé hægt að vinna þessa hluti um leið og þorra alls vinnuafls og vélaafls væri varið til hernaðarundirbúnings einvörðungu. Ég vil spyrja: Ef Frakkland og England væru að stífla Miðjarðarhafið við Gíbraltar í samvinnu við Tyrkland til þess að skapa stærsta raforku-

ver veraldar, sem verkfræðingar oft hafa lýst, að þar væri hægt að búa til, og veita vatninu á Saharaeyðimörkina til þess að gera hana að mesta og blómlegasta héraði jarðar, — ég vil þá spyrja, hvort nokkrum manni detti í hug að segja, að þeir hljóti að vera að setja allt sitt fé í herbúnað. Og ég vil spyrja: Ef Bandaríkin verðu ekki eins miklu fé til atómsprengna eins og þyrfti að áliti ameríska lækna til þess að útrýma öllum sjúkdómum af jörðinni, heldur væru í dag að gera ráðstafanir til þess að hjálpa m. a. Suður-Ameríku með gífurlegum framkvæmdum þar til þess að útrýma hungrinu úr því landi, sem er auðugasta land jarðarinnar, dytti þá nokkrum manni í hug að segja, að þau væru fyrst og fremst að búa sig undir stríð? Nei, það er ekki spursmál um það, að þjóðir eins og Sovétþjóðin, sem er sjálf að setja meginið af öllu sínu vinnuafli og fjármunum í það að umskapa sitt eigið land til þess að gera það betra til að búa í, þær eru ekki að búa sig undir árásarstríð. Það er annað, sem þar er að gerast, og það kom líka fram hjá hv. 8. landsk. þm. Ameríska auðvaldið og auðvald Vestur-Evrópu ber eitt ótta í brjósti, og hv. 8. landsk. kom að spursmálinu um það mál. Hann sagði, að hættan, sem hann teldi á ófriði, stafaði frá hinum alþjóðlega kommúnisma. M. ö. o., það eru ekki Sovétríkin, sem verið er að berjast á móti, það er það, sem hann kallar hinn alþjóðlega kommúnisma. Hitler kallaði það marxisma, Kvisling kallaði það bolsévisma. Það er sósíalisminn í heiminum. Það er hin sósíalistiska verkalýðshreyfing og friðarbarátta í heiminum. M. ö. o., Atlantshafsbandalagið og þessar kúgunarráðstafanir, sem nú er verið að gera á Íslandi, þær beinast gegn almennri hreyfingu hjá mannkyninu, hreyfingu sósíalismans. Þetta er rétt hjá hv. 8. landsk. þm. Atlantshafsbandalaginu er beint gegn alþjóðahreyfingu, sem hefur náð að breiðast út í hverju landi og kemur fram m. a. í samvinnuhreyfingunni hér á Íslandi. Verkalýðshreyfingin, sem er þjóðleg hreyfing í hverju landi, er einn þáttur í þessari alþjóðahreyfingu. Þetta gerir auðvaldið í heiminum sér ljóst. Það er vonlaust verk að ætla sér að berja svona hreyfingu vinnandi stétta niður og uppræta hana með styrjöldum eða ofsóknum, þó að Bandaríkin skipuleggi morð og verji stórfé til þess, svo sem morðið á foringja belgíska kommúnistaflokksins og tilraunir til að myrða Togliatti, og af sama toga er spunnið bannið á sósíalistaflokkum. Um þetta eru til svo og svo mörg dæmi, sem öll hafa sýnt sig að vera jafntilgangslaus og fyrir Hitler og jafnbrjálæðiskennd og hjá Neró, þegar hann ætlaði að uppræta kristnina með ofsóknum gegn kristnum mönnum. Það væri bezt fyrir auðvaldið í heiminum að gera sér þetta ljóst. Það væri stórkostlega mikið fengið með því, að auðvaldið léti vera að undirbúa styrjöld. Þá mundi t. d. sósíalisminn ryðja sér friðsamlega til rúms í þeim löndum, sem hann hefur enn ekki sigrað í. En skelli hins vegar á styrjöld, er verið að skapa borgarastríð í flestum löndum álfunnar og leggja hörmungar yfir mannkynið. Við munum, hver þróunin varð við byltinguna í Evrópu, þegar borgararnir í Frakklandi sigruðu aðalinn. Það er ekki vafi á, að ef auðvaldið léti vera að stofna til nýrrar heimsstyrjaldar, mundu nýlendurnar knýja fram sjálfstæði sitt á friðsamlegan hátt. Eins og menn vita, þá gerir Atlantshafsbandalagið ráð fyrir því, að ef alþýðan í löndum bandalagsins tekur völdin í sínar hendur á friðsamlegan hátt — og það álíta Bandaríkin kommúnistiska valdatöku — skerist Atlantshafsbandalagið í leikinn. Atlantshafsbandalagið er þannig ætlað til að berja niður friðsamlega valdatöku alþýðunnar í löndum bandalagsins. Þetta er samsæri auðvaldsins gegn alþýðunni í þessum löndum. Ég hef tekið eftir því, að samt er það fullyrt og oft endurtekið, að Atlantshafsbandalagið berjist gegn hinum alþjóðlega kommúnisma.

Það er farið að koma í ljós hér hjá okkur nú, að því er virðist, að vissir menn reyni að koma sér í mjúkinn hjá Bandaríkjunum með því að bera af sér öll mök við kommúnista og saka aðra flokka um slík mök. Jafnvel gengur svo langt, að samstarfsflokkarnir eru farnir að saka hvor annan um slík mök. M. ö. o., þegar ameríska auðvaldið reynir að skipuleggja herferð gegn sósíalistum, grípur það til slíkra aðferða sem óamerískra nefndin er og skoðanakúgunar, sem nú ríkir í Bandaríkjunum. Nú er þessi sama ameríska pest farin að grípa um sig í íslenzkum stjórnmálum. Það líður varla sá dagur, að við sjáum ekki í blöðum borgaraflokkanna, að þeir beri hvor öðrum á brýn samneyti við kommúnista. Þessi skriðdýrsháttur gagnvart Bandaríkjunum fer langt fram úr hófi. Í Tímanum má sjá, að Framsfl. ber formann Sjálfstfl. þungum sökum fyrir mök við kommúnista. Jafnvel gengur þetta svo langt, að hæstv. utanrrh. er borið það á brýn, að hann veiti Rússum sérréttindi í íslenzkri landhelgi. Ég verð að segja, að mér finnst Framsókn vera farin að ganga leiðinlega langt í þessum efnum. Ég hef orðið var við, að það, sem Danir kalla „Angiveri", — ég þekki ekki orð yfir það á íslenzku, — sé farið að ryðja sér til rúms hér í kjölfar hernáms Bandaríkjanna. Það sýnir, að þessir flokkar keppa um náð Bandaríkjanna, benda hvor á annan og segja: Þessi þarna er eitthvað smitaður af kommúnistum, það þýðir ekki að treysta honum, en ég er engilhreinn af kommúnisma. — Framsókn fer líklega bráðum að biðja fyrirgefningar á því, að helmingur þingflokksins greiddi atkv. á móti Keflavíkursamningnum og allur þingflokkurinn heimtaði þjóðaratkvgr. um samninginn. Ég er hræddur um, að íhaldið, ef það hefur sama húmor og kemur fram í Tímanum, fari bráðum að benda Framsókn á það, að hún verði að fara að þurrka út það litla, sem snertir baráttu gegn Bandaríkjunum, ef hún ætlar að vera hrein í augum auðhringa Bandaríkjanna. Hins vegar vil ég brýna fyrir mönnum, hvert hefur verið stefnt og hve djúpt þessir flokkar eru sokknir. Það er rétt hjá hv. 8. landsk. þm., að það var vonazt eftir því eftir síðasta stríð, að þá tækju við friðartímar. Ég vil minnast á eitt atriði út af því ríki, sem hann sagði, að hætta stafaði af. Sovétríkin hafa ekki her utan síns lands, nema

í hinum sigruðu löndum úr síðustu styrjöld, Þýzkalandi og Austurríki, og í sambandi við þá hersetu, en Bandaríkin hafa her í flestum ríkjum veraldarinnar, þar sem auðvaldið stjórnar, og heyr stríð í Kóreu, Bretland heyr stríð í Malajalöndum og Frakkland í Indókína. Það var rétt hjá hv. 8. landsk. þm., er hann talaði um kalt stríð í staðinn fyrir frið. En hver skipuleggur þetta kalda stríð og hvaðan koma fyrirskipanir um, að viðskipti skuli ekki fara fram milli vesturs og austurs? Er það ekki þing Bandaríkjanna, sem bannar þessum ríkjum að selja vörur sínar til Sovétríkjanna eða landa, sem eru í sambandi við þau? Er það ekki Bandaríkjaþing, sem setur lög, sem koma á þessu kalda stríði? Hvar annars staðar eru svona lög sett, sem ganga jafnvel svo langt, að Truman neitar að staðfesta þau? Þau voru svo harðvítug, að Truman neyddist til að nota undanþágu, svo að þau stæðu ekki þjóðarbúi Englands fyrir þrifum. Englendingar urðu að fá timbur og korn frá Rússlandi. Það er auðvald Bandaríkjanna, sem skipuleggur kalda stríðið og knýr aðrar þjóðir til að lúta vilja sínum.

Ég skal fara að ljúka máli mínu. Ég ætlaði ekki að vera eins langorður og raun hefur orðið, en vegna þess að hv. 8. landsk. þm. vék ekki í einu atriði að frv., þá varð ég að fara ýtarlega í það. Hann notaði allan sinn ræðutíma til að koma með villandi og blekkjandi frásagnir um alþjóðamál. Þegar við tökum okkar ákvörðun, þurfum við að gera okkur ljóst, hvað við staðfestum með þessum samningi og að Atlantshafsbandalagsríkin og þau ríki, sem byggja herstöðvar hér, eru deyjandi yfirstéttarvald í heiminum. Þetta má marka hjá auðvaldinu í heiminum á því, að það heimtar Ísland sem stoð og stríðsvettvang fyrir sig í þeirri styrjöld, sem það hugsar sér að stofna til. Það er vitað mál, að eina ráð auðvaldsins við kreppum hefur hingað til verið styrjöld. Þessar styrjaldir hafa gefið Bandaríkjunum allan sinn iðnaðar- og fjármálamátt og allan gróða og auðmagn. Í krafti þess stríðs, sem er undirbúið af auðvaldi Bandaríkjanna, er þess krafizt af okkur Íslendingum og alþýðu Vestur-Evrópu, að við leggjum á okkur sívaxandi byrðar, gengislækkun, atvinnuleysi og lánsfjárkreppu. Það, sem leitt hefur verið yfir Vestur-Evrópu, á augsýnilega einnig að fara að leiða yfir okkur. Það er að vísu ekki minnzt á það í frv., en tveir foringjar Sjálfstfl. gátu þess í ræðum á landsfundi flokksins, að Íslendingar þyrftu líka að vopnast. Á fjárl. nú er ákveðið framlag til Atlantshafsbandalagsins, og hér er ákveðið, að Ísland greiði kostnað af öllum þeim landssvæðum, sem fara undir herstöðvar Bandaríkjanna. M. ö. o., það á að fórna Íslandi fyrir bandarískar auðstéttir, til þess að þær hafi betri aðstöðu til að heyja nýja heimsstyrjöld til þess að vita, hvort hægt sé að framlengja líf auðvaldsins í heiminum um nokkra áratugi enn þá með blóðfórnum. Svo segir hv. 8. landsk. þm., að þetta kosti engin bein útgjöld fyrir Ísland. Hver greiðir þá allt, sem við höfum skuldbundið okkur til að gera, og það, sem dynur yfir okkur vegna þess skrefs að veita Bandaríkjunum þessi fríðindi hér á landi? Hv. 8. landsk. þm. sagði einnig, að ef þetta yrði samþ., þá yrði samvizkan betri. Já, það má vel vera, að hv. 8. landsk. þm. hafi betri samvizku af því að hafa stuðlað að því, að Ísland og íslenzka þjóðin dragist með á þeim helvegi, sem auðvald Bandaríkjanna stefnir nú eftir. Við höfum fengið ofur lítinn forsmekk af því að hnýta okkur þannig aftan í Bandaríkin. Hann hefur vafalaust betri samvizku eftir að hann sem forsrh. knúði fram að binda vísitöluna við 300 stig. Íslenzkur verkalýður hefur fengið smjörþefinn af því, hvað það kostar, að hv. 8. landsk. þm. fái betri samvizku. Það er búið að ofurselja íslenzka alþýðu undir atvinnuleysi vegna þjónkunar þjóna Bandaríkjanna í ríkisstj. hér á Íslandi. Við skulum alvarlega gera okkur það ljóst, að Bandaríkin eru eingöngu að hugsa um herstöðvar hér á Íslandi fyrir sig, en ekki til að vernda íslenzku þjóðina. Það kemur daglega í ljós, þó að borgarablöðin reyni að dylja það. Nú er svo komið, að Churchill er farinn að óttast, að Atlantshafsbandalagið reynist pólitískt, og það þykir hættulegt, að Bandaríkin hafi stórar atómbombur í Bretlandi. Churchill hefur lýst því yfir, að hann muni reyna að fá Bandaríkin til að hætta að hafa atómbombur í Bretlandi. Nú virðist brezka þjóðin vera að vakna og rísa upp til að mótmæla því, að Bretland verði gert að drápsskeri fyrir bandaríska auðvaldið. Ef atómsprengjurnar verða fluttar frá Bretlandi, hvert á þá að flytja þær? Í skeyti frá Washington til ýmissa blaða í Evrópu 12. nóv. segir svo: „Demókratiski öldungadeildarmaðurinn Edwin Johnson lýsti yfir á blaðamannafundi í dag, að Bandaríkin ættu að hætta við kjarnorkuherstöðvar sínar í Bretlandi. Þær væru miklu betur settar annars staðar, t. d. á Íslandi, í Norður-Afríku eða Tyrklandi. Það væri engin afsökun fyrir þá að setja England í hættu af óvinaárás“, lauk hann máli sínu. Johnson öldungadeildarþm. er í kjarnorkunefnd og í innsta hring og fylgist með hvaða auvirðilegu máli sem Bandaríkin hafa í undirbúningi. Það er engin afsökun að setja England í hættu vegna kjarnorkunnar. Þegar enska þjóðin fer að ókyrrast, verður að taka tillit til mótmæla hennar. Ameríska auðvaldið talar þá um að flytja slíkar kjarnorkustöðvar til Íslands. Það gerir ekkert til, þó að Íslandi sé stofnað í hættu. Á Íslandi eru menn kyrrir og hreyfa ekki mótmælum. Þar kvartar stjórnin ekki undan slíku, heldur býður upp á, að hér séu stórkostlegar herstöðvar. Ég held, að nú sé kominn tími til, að hv. Alþ. átti sig á því, hvað er verið að gera. Okkar hólmi hefur í sögu sinni kannske verið hungursker, en hann hefur hingað til ekki verið drápssker, til þess að héðan sé farið að ausa dauða og hörmungum yfir þjóðir Evrópu og um leið valda dauða okkar eigin þjóðar. Þess vegna eigum við ekki að láta það villa okkur sýn, hvar við höfum samúð, þegar þessar tvær fylkingar sækja á, hvort heldur það eru ríkin í austri eða vestri. Þetta má ekki gera út um afstöðu okkar, þegar dæma á um samning sem þennan. Við eigum fyrst og fremst að hugsa sem fulltrúar íslenzku þjóðar-

innar á Alþ., hvað við getum, á hvern hátt sé hægt að bjarga þjóðinni og sjá til þess, að menn lifi í landinu eftir þennan hildarleik. Ef okkur er umhugað um okkar þjóð, þá eigum við að gera það, sem við getum, til að halda henni utan við styrjöld. Við vitum allir, að svo kalt sem heimspólitíkin er rekin, mundi vafalaust fara svo, að Bandaríkin hernæmu Ísland í upphafi styrjaldar. Hættan er mikil, að við drögumst inn í styrjöld, þó að við séum hlutlausir. En ef við förum sjálfviljugir inn í stríð, sleppum við okkar síðasta hálmstrái með því að taka ábyrgðina á okkur sjálfir, fjárhagslega, pólitíska og siðferðilega, sem af því hlýzt, ef styrjöld dynur yfir Ísland. Ég held því, að sá samningur, sem nú liggur fyrir, sé eitt af tvennu: annaðhvort sú hrapallegasta villa, sem gerð hefur verið í íslenzkum stjórnmálum, eða hættulegasta níðingsverk gagnvart íslenzku þjóðinni, ef þeir menn, sem gera hann, vita, hvað þeir eru að gera. Í gegnum sögu okkar hefur það verið einhuga ósk Íslendinga að halda friði í landinu. Nú er ekki aðeins verið að draga okkur inn í styrjöld sem virkan hernaðaraðila og ljá okkar land til hernaðar, heldur á líka að vopna okkur sjálfa, eins og forustumenn Sjálfstfl. hafa lýst. Ég vil vekja athygli hv. þm. á því, hvert þessi braut leiðir, verði farið eftir henni. Það er beinlínis verið að stofna því í hættu, hvort okkar þjóð verður áfram til í þessu landi, ef haldið verður áfram á sömu braut. Hvernig sem menn líta á samninginn, er eitt víst, það er hægt að fá betri samning en þennan. Þess vegna legg ég til, að Alþ. vísi þessum samningi frá, sem ríkisstj. hefur gert í trássi við lög og rétt. Og það á ekki að láta hæstv. ríkisstj. haldast uppi slíkt stjórnarskrárbrot.

Frsm. meiri hl. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Ég get látið mér nægja aðeins stuttan tíma til þess aðeins að minnast á þá löngu ræðu, sem hv. 2. þm. Reykv. hefur haldið í þessu máli, bæði í gær og í dag. Ekki sízt er lítil ástæða til andsvara, þar sem þessi sama ræða með nokkuð mismunandi blæbrigðum hefur verið flutt hér á Alþ. jafnt þegar rætt hefur verið um húsnæðismál, viðskiptamál, atvinnumál og yfirleitt öll þau mál, sem þessi hv. þm. hefur látið til sín heyra um. Þá hefur hann í raun og veru alltaf flutt þessa sömu ræðu, sem hann hefur flutt hér útþynnta í gær og í dag og við mörg önnur tækifæri. Og með því að þm. eru orðnir þreyttir á þessu og jafnvel hans eigin flokksmenn eru orðnir þreyttir, er ekki ástæða til að eyða miklum tíma til að svara þessum plötugarmi, sem hann hefur spilað hér dag eftir dag og viku eftir viku.

Hv. þm. sagðist hafa þurft að uppfræða mig í stjórnmálasögu. Ég veit, að hann er góður nemandi hinnar nýju söguskoðunar, sem kennd er í Sovétríkjunum, þar sem aðstæðum og sögulegum staðreyndum er breytt svo, að þær passi í pólitík Sovétríkjanna. Maður veit það, að atburðir í sögu Rússlands eftir byltinguna 1917 hafa verið strikaðir út í sögukennslubókum, svo að núverandi æska Rússlands fengi ekki að vita um þá. Því hefur þurft að fela t. d. myndir af Trotsky með Lenin til þess að geta haft samræmi í hinni nýju sögumenntun æskulýðsins þar í landi. Á sama hátt skýra þessir menn hinnar austrænu söguritunar sögu síðustu ára, og ég sé ekki ástæðu til að minnast á þessa sögukenningu, sem alkunn er þeim, sem nokkuð hafa fylgzt með síðasta áratuginn.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að það ætti ekki að ræða þetta mál á Alþ. meðan herinn væri í landinu. En hann hefur þó eytt í það 3—4 klst. í dag og í gær, auk þess sem hann hefur talað um það við öll önnur tækifæri. Það vita allir, að stríðið brauzt út 1939 vegna þess, að griðasáttmáli var gerður milli Stalins og Hitlers. Ég man vel, þegar þetta gerðist, því að ég var þá staddur í Noregi, og man, hvílíka skelfingu griðasáttmálinn vakti hjá stjórnmálamönnum í Noregi. Þeir óttuðust afleiðingarnar, enda fór svo, að það leið ekki nema vika þar til þær komu í ljós, er herskarar Hitlers réðust á Pólland. Seinna skiptu Hitler og Stalin því milli sín. Það var upphaf stríðsins. Það voru þessir einræðisherrar, sem voru orsök stríðsins 1939—45, og það eru einræðisherrar yfirleitt, sem eru orsakir styrjalda. Nú er það hinn mikli einvaldi Stalin og Ráðstjórnarríkin, sem ögra heimsfriðnum. Og þegar hv. 2. þm. Reykv. var að tala um innrásina í Noreg, gleymdi hann að minnast á það, að þegar bróðir Hitler tilkynnti samherja Stalin, að hann hefði gert innrásina í Noreg, fékk hann hamingjuóskir fyrir hið djarflega áform að ráðast á hinn varnarlausa Noreg. Þessum atburði verður ekki gleymt í sögu Evrópu.

Annars sé ég ekki ástæðu til að elta ólar við þessa margendurteknu og útþynntu ræðu hv. 2. þm. Reykv. og ekki heldur þá togleðurssúpu, sem hann hafði meðferðis, er hann vildi skýra samninginn. Samningurinn liggur ljóst fyrir, og er ekki ástæða til fyrir okkur að fara inn á það að ræða hann í einstökum greinum. Ég mun því láta máli mínu lokið með því að vísa til þess, sem ég færði skýr rök fyrir í framsöguræðu minni, að samningurinn og allir gerningar í sambandi við hann eru eingöngu gerðir í varnarskyni. Það er áreiðanlegt, að engar af þeim þjóðum, sem að Atlantshafsbandalaginu standa, sízt smáþjóðirnar, óska eftir ófriði. Það, sem er kjarni þessa máls, er það, að þessi sáttmáli er eina von mannkynsins til að losna við stríð. Það er einmitt með þetta í huga, að við, sem stöndum í lýðræðisfl. hér á Íslandi, gerðum þennan samning, vel vitandi það, að það er ekkert, sem er betra fyrir Ísland og allar aðrar þjóðir en að friður haldist í heiminum. Við trúum því, að slík samtök og slíkur varnarmáttur sé það eina, sem geti orðið til þess. Það er þetta, sem er óskir og vonir okkar, sem stöndum að þessum samningi.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Það var ekki ætlun mín að tefja hér sérstaklega þessar umræður, og ég hef gert svo greinilega grein fyrir afstöðu minni, að ég þarf þar ekki miklu við að bæta. Það eru aðeins nokkur orð út af ræðu hv. 8. landsk. þm. Hann

talaði um ræðu mína, en hann hlustaði bara ekki á hana. Ég held þó, að hann hefði haft gott af að hlusta á hana. Þekkingarleysi hans á þessu efni var svo gífurlegt, að mér datt í hug uppblásinn loftbelgur af vanþekkingu. Ég hef aldrei heyrt nokkurn mann tala af svo gífurlegum hroka og sjálfbyrgingsskap um málefni, sem hann vissi ekki nokkurn skapaðan hlut um.

Það er til hér flokkur, sem kallar sig Alþýðuflokk. Stefán Jóh. Stefánsson er formaður þess flokks. Þessi flokkur á sér stefnuskrá, þar sem minnzt er á utanríkismál. Þar er tekið mjög greinilega fram um afstöðu flokksins gagnvart Sovétríkjunum, og segir þar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Flokkurinn fylgist einnig af mikilli athygli og samúð með tilraun alþýðunnar í Sovétlýðveldasambandinu til þess að skapa þar sósíalistiskt þjóðfélag. Þar sem ósigur Sovétríkjanna mundi verða ósigur verkalýðsins um allan heim, berst hann móti hvers konar einangrunartilraunum, árásarherferðum og spellvirkjum gagnvart hinu nýja þjóðfélagi. Flokkurinn vill auka hið viðskiptalega og menningarlega samband við Sovétríkin og veita óhlutdræga fræðslu um baráttu þeirra fyrir sköpun sósíalismans."

Þetta var sú stefna, er Alþfl. hafði í þessum málum um sama leyti og lýðveldið var stofnað. En hv. 8. landsk. hrökklaðist frá þessari stefnu fyrir áhrif frá Dönum, þegar Stauning kom hingað um árið. Síðar, eftir að Danir hættu að hafa eins sterk áhrif hér, gerast þau tíðindi, að ameríska auðvaldið, sérstaklega Standard Oil, fékk fyrst völd hér á landi, og þá gerist það, að Alþfl. eignast sterka vini í Standard Oil, og þá snýr hann sér til Ameríku. Þetta vil ég minna hv. 8. landsk. þm. á, er hann var að tala um sögufalsanir.

Hv. 8. landsk. lýsti því yfir að lokum, að það væri ekki meining Atlantshafsbandalagsins að hefja árásarstríð og herstöðvar þess hér á landi væru eingöngu í varnarskyni. Á þetta mun nú verða reynt, því að ég mun bera fram brtt., svo hljóðandi: „Nú hefja Bandaríki Norður-Ameríku árásarstríð, og skal þá samningur þessi samstundis úr gildi fallinn. Skulu Bandaríkin þá tafarlaust flytja allan her sinn burt af Íslandi." — Það mun því verða á það reynt, hver alvara býr bak við þessar fullyrðingar hv. 8. landsk. þm. og annarra, er djarflegast hafa um þetta talað, og hvort þeir trúa sjálfir þessum fullyrðingum sínum.

Ég mun ekki hafa mál mitt lengra hér við þessa umr. Það mun gefast tækifæri til að ræða það betur við 3. umr., ef það verður samþ. nú. Ef ekki, er ég líka ánægður.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 33. fundi í Nd., 26. nóv., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 238 felld með 20:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LJós, SG, ÁkJ, ÁS, EOl.

nei: JPálm, JS, JörB, KS, PÞ, SkG, StJSt, MJ, StgrSt, AE, ÁÁ, ÁB, EmJ, GG, GTh, HelgJ, IngJ, JóhH, JG, SB.

10 þm. (JÁ, JR, ÓTh, PO, SÁ, BÓ, EystJ, FJ, GÞG, HÁ) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 19:5 atkv.

2. gr. samþ. með 21:4 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21:4 atkv.

Á 34. fundi í Nd., 27. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 17, 274).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu brtt. 274. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég býst við, að hér þyrfti að vera til umr. frv. um rjúpnafriðun eða minka, til að þm. hefðu frelsi til að tala fyrir ríkisstj. Við 2. umr. þessa máls, sem er eitt örlagaríkasta mál, sem fyrir þinginu liggur, höfðu svo að segja engir hv. þm. kynnt sér málið til fullnustu, og ég efast um, að meiri hl. hv. þm. hafi lesið þennan samning. Þegar ég hef rætt um einstök atriði samningsins og borið fram fsp. í því sambandi, hafa engar skýringar verið gefnar, og meðnm. mínir, sem sjálfir efast um, hvort þeir skilji samninginn, hafa ekki sagt neitt í sambandi við afgreiðslu málsins. Aldrei í þau 14 ár, sem ég hef setið á þingi, hef ég séð aðra eins málsmeðferð á Alþ.

Ég ætla ekki að ræða málið almennt að þessu sinni, ég þykist hafa innt af hendi mína þingmannsskyldu áður hvað það snertir, en ef hæstv. ríkisstj. væri við, væri ástæða til að spyrja hana margs í sambandi við einstök atriði samningsins. Ég mundi t. d. vilja spyrja hæstv. ríkisstj. um það, hvort hún telur, að enn séu í gildi l. nr. 99 frá 16. des. 1943, um ábyrgð ríkissjóðs á tjóni, sem hlýzt af veru herliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi. Það væri fróðlegt að vita, hvort l. eru að áliti hæstv. ríkisstj. enn í gildi eða ekki. Þessi l. hafa aldrei verið numin úr gildi, og það er hart, ef hæstv. ríkisstj. neitar að láta í ljós álit sitt um þetta. Nokkrir nm. hafa talið, að l. væru ekki í gildi lengur, án þess þó að rökstyðja það á neinn hátt, að þau hefðu verið numin úr gildi. Fyrir borgara landsins er hins vegar sú spurning mikilvæg, hvort bætt er fyrir það tjón, sem setuliðið veldur. Hv. frsm. meiri hl. ræddi þetta ekki fremur en annað, hann fór ekki inn á eitt einasta atriði samningsins, og í nál., sem er hv. meiri hl. til skammar, er heldur ekkert á þetta minnzt. Það er nógu leitt að horfa upp á þá niðurlægingu, sem Alþ. bakar sér með þessum samningi, þó að þar komi ekki einnig til, að illa sé gengið frá honum að öllu leyti. Það getur svo farið, að það verði fyrst útkljáð af dómstólunum, hvort l. frá 1943 eru í gildi eða ekki, og þá seint og síðar meir. En það er illa komið, ef ekki er hægt að fá ákvörðun Alþ. um þetta, ekki sízt þegar þess er minnzt, hvernig hæstv. ríkisstj. hefur misbeitt valdi sínu í sambandi við bátaútvegsgjaldeyrinn. Vegna valds ríkisstj. hefur enginn þorað að fara

í mál, því að menn þora ekki að fara í mál á móti ríkisvaldinu með öllum þeim þunga, sem það leggur á dómstólana.

Þá eru það hin svokölluðu samningssvæði, þar sem lögregluvaldið á að vera í höndum bandarísku lögreglunnar. Ég hef spurt, hver þessi samningssvæði séu, en ekki fengið svar. Ég hef spurt, hvort ekki væri rétt að merkja þau, svo að Íslendingar færu ekki inn á ameríska umráðasvæði án þess að vita af, en ekki fengið svar. Ég hef spurt, hvort Keflavíkurflugvöllur væri slíkt samningssvæði, en ekki fengið svar, og ég hef spurt, hvort Kolviðarhóll heyrði undir þessi samningssvæði og hvort hæstv. ríkisstj. hefði hugsað sér fleiri slík hús fyrir vini sína og þær vinkonur, sem hæstv. stj. er að útvega þeim, en ekki fengið nein svör. Samtímis verðum við svo að horfa upp á atburði eins og þá, sem gerzt hafa á Kolviðarhóli, og það er enginn, sem veit, hvað gera skal. Ef til vill er Kolviðarhóll á samningssvæði, ef til vill er hann það ekki.

Ég skal ekki rekja frekar það, sem ég sagði við 2. umr. málsins. Spurningar mínar verða að standa, fáist ekki svör við þeim, og fylgismenn hæstv. ríkisstj. verða að bera ábyrgð á þeirri smán, sem þeir hafa leitt yfir Alþ. í sambandi við afgreiðslu málsins.

Á þskj. 274 hef ég leyft mér að bera fram brtt. Hún er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: „Á eftir 1. gr. komi ný grein, sem orðist svo: Nú hefja Bandaríki Norður-Ameríku árásarstríð, og skal þá þessi samningur samstundis úr gildi fallinn. Skulu Bandaríkin þá tafarlaust flytja allan her sinn burt af Íslandi.“ Þessi till. er fram komin vegna þess, að samnm. mínir hafa lýst yfir því, að hér sé aðeins um varnarsamning að ræða, og í inngangi samningsins kemur það fram, að hann er hugsaður sem varnarsamningur.

Ég býst ekki við, að neinn hæstv. ráðh. neiti því lengur, að sá möguleiki sé til, að Bandaríkin, þótt heilög séu, hefji árásarstríð, en samkv. þeim yfirlýsingum, sem gefnar voru í varnarsamningsn., þá hafa þau ekki rétt til þess. Ef þessi till. mín verður samþ. og ef Bandaríkjamenn bregðast þeim trúnaði, sem við höfum sýnt þeim, og hefja árásarstríð, verður dvöl þeirra hér skoðuð sem árás á landið.

Ég gat þess við 1. og 2. umr. þessa máls, að það minnsta, sem Alþ. gæti gert, væri að ganga svo frá þessum samningi, að einhver réttur væri eftirskilinn þeim, er taka eiga við, t. d. næsta þingi, sem ef til vill þarf að standa frammi fyrir þessari staðreynd. Enginn tók þá undir mál mitt. Nú hef ég borið þessa till. fram, til þess að þeir hv. þm., sem telja, að samningurinn sé aðeins varnarsamningur, geti látið það álit sitt í ljós með því að greiða atkv. með till. Annars er hér um herstöð að ræða, án tillits til þess, til hvers hún er notuð, rétt eins og Bandaríkjamenn vildu fá hér árið 1945. Atkvgr. mun skera úr um það, hvað mikla trú hv. þm. hafa á því yfirvarpi, sem hæstv. ríkisstj. hefur notað til þess að fá þetta frv. gert að lögum.

ATKVGR.

Brtt. 274 felld með 24:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LJós, SG, ÁkJ, ÁS, EOl.

nei: EystJ, GG, GTh, HÁ, HelgJ, JóhH, JG, JPálm, JS, JR, JörB, KS, ÓTh, PÞ, PO, SÁ, SkG, MJ, StgrSt, AE, ÁÁ, ÁB, BÓ, SB.

6 þm. (EmJ, FJ, GÞG, IngJ, JÁ, StJSt) fjarstaddir.

2 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu, svo hljóðandi:

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Eins og kunnugt er, er Atlantshafsbandalagið varnarbandalag, og þess vegna kemur aldrei til mála það, sem gert er ráð fyrir í till. Ég segi því nei.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Með tilvísun til þess, sem hæstv. fjmrh. sagði, segi ég nei.

Frv. samþ. með 23:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JS, JR, JörB, KS, ÓTh, PÞ, PO, SÁ, SkG, MJ, StgrSt, AE, ÁÁ, ÁB, BÓ, EystJ, GG, GTh, HÁ, HelgJ, JóhH, JG, SB.

nei: LJós, SG, ÁkJ, ÁS, EOl.

7 þm. (JPálm, JÁ, StJSt, EmJ, FJ, GÞG, IngJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 35. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 36. fundi í Ed., 29. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Finnbogi R. Valdimarsson: Herra forseti. Mig furðar mjög á því, að enginn af hæstv. ráðh. skuli vera hér viðstaddur til þess að mæla fyrir þessu máli hér í hv. d. Það verður að skiljast sem vottur þess, að hæstv. ríkisstj. beri ekki sérstaklega mikla virðingu fyrir þessari hv. d., því að annars mundi hún mæla fyrir þessu mikla máli sínu. — Ég hafði hugsað mér að gera þetta mál að verulegu umræðuefni, en hefði fyrst viljað heyra þau rök, sem hæstv. utanrrh. eða sá, sem nú gegnir störfum utanrrh., kynni að bera fram fyrir þessu frv. og þeim samningi, sem gert er ráð fyrir að staðfesta með þessu frv. Við þessa umr. hafði ég hugsað mér að gera sérstaklega að umræðuefni meðferð þessa máls og þær aðferðir, sem hafa verið notaðar til þess að koma á þessum samningi, sem hér liggur fyrir, og í öðru lagi þær afleiðingar þessara aðgerða, sem að mörgu leyti eru fyrirsjáanlegar.

Það er svo með þetta mál sem flest eða öll þýðingarmikil mál, sem lögð eru fyrir hv. Alþingi, að þegar þau koma til umræðu hér, eru þau að fullu ákveðin, jafnvel í smæstu atriðum, svo að umræður um þau hér eru næsta þýðingarlitlar.

Stjórnarfari okkar er svo komið, að öll mál, sem þýðingu hafa fyrir stjórnarstefnuna, eru fyrst rædd og ákvörðun tekin um þau í smáu og stóru á litlu þingi einhvers staðar hér í baksölum Alþingis, en þegar þau koma hér fram, þar sem enn heitir Alþingi, þá er hvert orð ákveðið og engum stafkrók má breyta.

Þetta mál er þó frábrugðið öðrum stórmálum, sem kunna að koma fyrir þetta þing, sem nú situr, að tvennu leyti: 1. Það er þeirra stærst og þýðingarmest. 2. Það eru nærri 7 mánuðir liðnir síðan það varð til lykta leitt á baktjaldaþingi.

Þegar endanlega var gengið frá þessum samningi, var Alþingi nýlega slitið. En samningsgerðin sjálf og grundvallaratriði þessa samnings voru löngu ráðin, áður en Alþingi var slitið, svo að hæglega hefði mátt leggja samninginn fyrir það áður en því lauk og fullnægja þannig ákvæðum stjórnarskrárinnar um samþykki Alþingis áður en samningnum var ætlað að taka gildi.

Auk ákvæða stjórnarskrárinnar var full ástæða til að leggja þennan samning fyrir Alþingi áður en hann var gerður, vegna þess að í honum felst fullkomin stefnubreyting frá þeim yfirlýsingum, sem gefnar voru, er Ísland var tekið í Atlantshafsbandalagið 1949 um, að ekki þyrfti að óttast, að farið yrði fram á, að hér yrðu herstöðvar á friðartímum. Þessar yfirlýsingar voru gefnar af forustumönnum þeirra þriggja flokka, sem þá voru í stjórn, en ég skal láta nægja að tilfæra þessa yfirlýsingu hæstv. utanrrh. Hann lýsti svo stefnu ríkisstj. síns flokks og Alþfl. og Framsfl., er hann og tveir ráðherrar þessara flokka voru nýkomnir heim úr för þeirra til Washington 1949:

„Við skýrðum rækilega sérstöðu okkar sem fámennrar og vopnlausrar þjóðar, sem hvorki gæti né vildi halda uppi her sjálf og mundi aldrei samþykkja, að erlendur her né herstöðvar yrði í landi okkar á friðartímum.

Dean Acheson utanríkisráðherra og starfsmenn hans skildu fyllilega þessa afstöðu okkar. Er því allur ótti um það, að fram á slíkt verði farið við okkur, ef við göngum í bandalagið, gersamlega ástæðulaus.“

Þegar hv. Alþingi staðfestir þennan samning, veitir honum lagagildi, eins og þetta frv. felur í sér, er það ekki aðeins að staðfesta samninginn sjálfan, heldur einnig að leggja blessun sína yfir þá aðferð, sem var höfð við gerð hans og alla meðferð málsins. Það er mín skoðun, að með því hafi Alþingi í raun og veru breytt stjórnskipun landsins, afsalað sér rétti, sem því er áskilinn í stjórnarskránni, og lagt það framvegis í hendur framkvæmdavaldsins að gera samninga við önnur ríki svo örlagaríka sem þennan, sem ekki má gera samkv. stjórnarskránni án samþykkis Alþingis fyrir fram eða framkvæma hliðstæðar stjórnarathafnir án þess að samþykki Alþingis komi til.

Í 21. gr. stjórnarskrárinnar frá 1944 er kveðið svo á, að þjóðhöfðinginn, forseti lýðveldisins, geri samninga við önnur ríki. Það gerist vitanlega með þeim hætti, að ábyrg ríkisstjórn gerir samningana, en forseti veitir þeim gildi með undirskrift viðkomandi ráðh., er þeir hafa verið bornir upp í ríkisráði, ef þeir teljast mikilvægir.

En þetta vald forseta og ríkisstj. til þess að gera samninga við önnur ríki er takmarkað í 21. gr. stjórnarskrárinnar, sem er svo hljóðandi:

„Forseti lýðveldisins gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarlögum ríkisins, nema samþykki Alþingis komi til.“

Hefur nú þessi samningur í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi?

Ég get ekki hugsað mér, að nokkur maður neiti því, að samningur, sem felur það í sér, að her erlends ríkis sé fengið landssvæði til afnota, feli í sér kvaðir á landi, landhelgi og lofthelgi. Hinn erlendi her, sem samkvæmt þessum samningi tók sér bólfestu á íslenzku landi, stendur ekki undir stjórn íslenzkra, heldur erlendra stjórnarvalda, þ. e. hernaðaryfirvalda. Hann fær ákveðin — eða það sem viðtækara er og verra: óákveðin svæði af Íslandi til umráða til sinna athafna, margvíslegra aðgerða, sem íslenzk stjórnarvöld hafa engin umráð yfir.

Í viðbæti þeim um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra, sem fylgir þessu frv., segir, að hervöld Bandaríkjanna hafi „heimild til að fara með á Íslandi hvers konar lögsögu og eftirlit, sem lög Bandaríkjanna veita þeim, yfir þeim mönnum, sem lúta herlögum Bandaríkjanna.“ Enn fremur segir, að „hervöld Bandaríkjanna skuli ein fara með lögsögu yfir mönnum, sem lúta herlögum Bandaríkjanna, að því er varðar brot gegn öryggi Bandaríkjanna, en ekki lögum Íslands“. Enn segir, að hervöld Bandaríkjanna skuli hafa forrétt til lögsögu yfir mönnum í liði Bandaríkjanna í ákveðnum tilfellum. Og enn fremur segir, að hervöld Bandaríkjanna fari með lögregluvald og eftirlit á ákveðnum svæðum á Íslandi. Ég segi ákveðnum svæðum, en þó verður að bæta því við, að þessi svæði eru engan veginn ákveðin í samningnum sjálfum, þau geta e. t. v. náð til alls landsins, en gengið er út frá því, að það séu viss svæði á Íslandi, sem við vitum þó ekki hver eru, þar sem bandarísk herlög gilda og bandarísk yfirvöld fara með lögsögu og lögregluvald. Það er þetta, sem nefnt er þjóðréttarleg og ríkisréttarleg kvöð („servitut“), að ríki fái öðru ríki í hendur hluta af þeim yfirráðarétti, sem því ber yfir landi sínu, þannig að lög hins erlenda ríkis gilda þar að einhverju eða öllu leyti og það fer þar með lögsögu, en ekki það ríki, sem yfirráðarétturinn ber. Það er „kvöð á landi og landhelgi“, þegar yfirráðaréttur ríkis er þannig takmarkaður með samningi við annað ríki.

Eða hvað er átt við í 21. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem talað er um kvaðir á landi og landhelgi, ef það á ekki við þetta, að erlent ríki fari með það vald, sem íslenzka ríkinu er annars ætlað í íslenzkum lögum? Ákvæði samningsins, að hann skuli í engu raska yfirráðarétti Íslendinga, eru ekki aðeins út í loftið, heldur átakanlegt háð og spott um íslenzkt fullveldi.

Á styrjaldarárunum — hernámsárunum — var algengt að heyra íslenzka stjórnmálamenn, marga þá sömu og nú sitja í ráðherrastólum og á þingbekkjum, tala um, að þá væri tvíbýli á Íslandi, tveir búendur, íslenzka þjóðin og hinn erlendi her, tveir húsbændur, íslenzk stjórnarvöld og hin erlenda herstjórn. Á ríkisréttar-

legri og þjóðréttarlegri stöðu hins erlenda hers nú og þá a. m. k. eftir 1941 er enginn grundvallarmunur. Hér er aftur tvíbýli á Íslandi. Hins vegar er með þessum samningi á allan hátt verr tryggður réttur íslenzka ríkisins og íslenzkra þegna.

En þar sem það er óumdeilanlegt, að samningurinn hafi í sér fólgnar kvaðir á íslenzku landi og landhelgi, þá er það jafnvíst, að ekki var samkv. 21. gr. stjórnarskrárinnar heimilt að gera hann, nema samþykki Alþingis kæmi til. Með því var brotið gegn stjórnarskránni, og því hefur hann ekki ríkisréttarlegt gildi og fær ekki fyrr en Alþingi hefur samþykkt hann.

Það er talið, að 42 eða 43 þingmenn hafi verið kallaðir til funda hér í bænum, áður en samningurinn var undirritaður, — hann var gerður löngu fyrr, — og ríkisstj. hafi tryggt sér samþykki þeirra á honum síðar hér á hv. Alþingi. Vill nokkur þessara 42 eða 43 halda því fram, að þeir hafi verið eða séu Alþingi? Ég veit, að engum þeirra dettur slíkt í hug. Þeir vita vel, að þótt 52 þingmenn komi saman, eru þeir ekki Alþingi, nema til fundar þeirra sé boðað með þeim sérstaka hætti, að Alþingi hafi verið kvatt saman og að þingfundir séu löglega haldnir.

En hvers vegna var Alþingi ekki kallað saman samkvæmt ákvæðum stjórnarskrárinnar? Og hvers vegna var samningurinn ekki lagður fyrir utanrmn. samkv. lögum? Hvers vegna hefur öll meðferð utanríkismála, sem snert hafa viðskipti okkar við Bandaríkin síðan 1945, er herstöðvakröfur þeirra komu fram, verið svo afbrigðileg og gagnstæð öllum góðum venjum um meðferð utanríkismála? Hvers vegna hefur verið farið með öll þessi mál með pukri og leynd, á bak við utanrmn. og bak við Alþingi?

Þegar kröfur Bandaríkjanna um herstöðvar komu fram 5 mánuðum eftir ófriðarlok í Evrópu, einmitt þegar Bandaríkjunum bar skylda til að vera farin með her sinn frá Íslandi, var farið með þær eins og mannsmorð mánuðum saman. Alþingi var ekki gefinn neinn kostur á að ræða hið nýja viðhorf í sjálfstæðismálum þjóðarinnar, sem skapazt hafði vegna þessa sögulega atburðar.

Á aukaþinginu sumarið 1946, sem var kallað saman í skyndi til þess að samþykkja inntöku Íslands í Sameinuðu þjóðirnar, án þess að þingmenn hefðu haft nokkurt tóm til þess að kynna sér það mál, var felld tillaga um að krefjast brottfarar herliðs Bandaríkjanna, og önnur tillaga sama efnis fékkst ekki rædd.

Þegar Keflavíkursamningurinn var gerður haustið 1946, var hann þó lagður fyrir Alþingi áður en hann tók gildi. Stjórnarskráin var ekki brotin í það sinn. En vinnubrögðin voru þá þegar svipuð og nú að öðru leyti. Til þess að sýna, að gagnrýni á þeim kom þá ekki aðeins úr einni átt, þ. e. a. s. ekki aðeins frá Sósfl., skal ég leyfa mér að tilfæra hér lýsingu hæstv. núv. landbrh., Hermanns Jónassonar:

„En samningsgerðin um flugvöllinn er einnig vandasamt utanríkismál. Það vakti því eðlilega ekki litla furðu, þegar utanrrh. lagði samninginn um flugvallarmálið fyrir Alþingi og sagði, að um það tvennt væri að velja að samþykkja hann eins og hann lægi fyrir eða hafna honum. Hann upplýsti, að þessi samningsgerð hefði staðið yfir í a. m. k. tvo mánuði. Og Alþingi fær enn þá ekkert um það að vita, hverjir að samningnum hafa unnið af Íslendinga hálfu með ráðherrunum. En það er vitað mál, að þetta mál var aldrei rætt í utanrmn. og hún fékk ekkert um það að vita fyrr en eftir að það var lagt fyrir Alþingi. Í lögum um starfssvið utanrmn., sem einnig eru tekin upp í 16. gr. þingskapa Alþingis, er svo fyrir mælt: „Til utanrmn. skal vísað utanríkismálum. Utanrmn. starfar einnig milli þinga, og skal ráðuneytið ávallt bera undir hana utanríkismál, sem fram koma milli þinga.“ Þetta er alveg ótvírætt ákvæði, og það er sett til þess að þeir þingflokkar, sem hafa svo mikið traust og fylgi hjá þjóðinni að fá þar sæti fyrir þingfulltrúa sína í nefndinni, geti, án tillits til þess, hvort þeir eiga fulltrúa í ríkisstj. eða ekki, fylgzt með gangi utanríkismála. Með þessum hætti þykir bezt mega tryggja það, að sem mest eining verði um utanríkismálin.

Það hafa engin rök komið fram til varnar þessari óþingræðislegu vinnuaðferð í flugvallarmálinu, sem er hreint og beint lögbrot.“

Þetta voru ummæli hæstv. núv. landbrh., Hermanns Jónassonar, frá 1946.

Og núv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, var þá ekki mildari í dómum sínum um vinnubrögðin í utanríkismálum. Hann hafði þá mjög ákveðna skoðun um það, hvernig ætti að fara með utanríkismál og hvernig ætti ekki að fara með þau. Hann sagði m. a.:

„Það var komið vel á veg með að leggja utanrmn. niður. Hver samningurinn gerður af öðrum án þess að bera hann undir hana, t. d. flugvallarsamningurinn við Breta.“ Og enn fremur: „Hæstv. utanrrh. mætir hér með samning, sem hann hefur gert bak við ríkisstj., utanrmn. og Alþingi, en hann hefur fyrir fram bundið meiri hl. þingmanna til þess að samþ. óbreyttan. Og þetta hefur verið tilkynnt gagnaðila í samningunum, eftir því sem ráða má af málgagni hæstv. utanrrh., Morgunblaðinu.“

Þetta eru þungar ákærur og varla hægt að bera aðrar þyngri ákærur á einn utanrrh. fyrir meðferð utanríkismáls en þessa, að hann hafi gert allt, sem hann hafi aðhafzt, á bak við Alþingi og utanrmn., brotið lög og bundið meiri hl. þm. til þess að fylgja samningnum fyrir fram — og auk þess látið gagnaðilann vita um allt saman. — Á þetta við um þennan samning og vinnubrögðin við gerð hans? Það vantar aðeins það eitt, að stjórnarskráin væri brotin líka. Það var þó ekki gert 1946.

Þetta voru ummæli hæstv. ráðh. Framsfl., sem sæti eiga í núv. ríkisstj., um Keflavíkursamninginn 1946. — Á þinginu 1949 fór hæstv. landbrh., Hermann Jónasson, allþungum orðum um þá málsmeðferð, sem tillagan um þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu hefði fengið, og sagðist ekki vilja sætta sig við hana. Þessi ummæli hæstv. framsóknarráðh. sýna, að þeim hefur verið það ljóst, að meðferð utanríkismála í viðskiptum við Bandaríkin hefur af alveg sérstökum ástæðum verið með sérstökum og vítaverðum hætti.

En hvers vegna var þá þessi samningur gerður í vor með svo mikilli skyndingu? Var það vegna yfirvofandi stríðshættu? Ég held, að það verði erfitt að sýna fram á, að sérstök yfirvofandi stríðshætta hafi átt sér stað í maí í vor. Hver var þá ástæðan?

Sannleikurinn er sá, að þegar í fyrrahaust varð hæstv. ríkisstj. kunnugt um, að Bandaríkin höfðu nýjar kröfur fram að færa um hernaðarlegan viðbúnað hér á landi og nýja samninga um það efni. Ástæðan var ekki sérstök stríðshætta, heldur sú, að Bandaríkin sáu fram á, að þau þurftu nýja samninga til þess að tryggja sér hernaðarlega aðstöðu hér á landi. Samkvæmt ákvæðum Keflavíkursamningsins átti hann aðeins að gilda „á meðan á stjórn Bandaríkjanna hvílir sú skuldbinding að halda uppi herstjórn og eftirliti í Þýzkalandi". En að óbreyttu hernámi Þýzkalands átti hann að gilda í 6½ ár eins og kunnugt er. En þegar í fyrrasumar var það orðið fullráðið að fella hernám Þýzkalands formlega niður, en gefa Þýzkalandi leyfi til endurvígbúnaðar. Þetta hefur dregizt, en frá því í vor er þetta aðeins tímaspursmál. Það var sýnilegt í vor, að þetta þyrfti ef til vill að gerast á næstu vikum eða mánuðum. En um leið og formlegt hernám Þýzkalands — „skylda Bandaríkjanna til þess að halda uppi herstjórn og eftirliti í Þýzkalandi" — félli niður, var Keflavíkursamningurinn óumdeilanlega úr gildi fallinn, og ef enginn samningur væri til í staðinn, sem tryggði Bandaríkjunum afnot af vellinum, var sýnilegt, að sú krafa yrði ómótstæðileg, að Íslendingar tækju sjálfir við öllum yfirráðum „á þessum stað Íslands" eins og öðrum, eins og Hermann Jónasson orðaði það.

Þetta var hin „yfirvofandi hætta" í maí í vor. Keflavíkursamningurinn var aldrei vinsæll. Margir framsóknarmenn voru á móti. Það hefði getað orðið erfitt að framlengja hann, þegar aðalforsenda hans var fallin, og hann sjálfur fallinn úr gildi samkvæmt skýlausum ákvæðum hans. Hvað átti að koma í staðinn? Bandaríkin höfðu samkvæmt frásögn Ólafs Thors látið herstöðvakröfuna niður falla í bili, þegar þeir fengu Keflavíkursamninginn. Áttu nú að koma hermenn á Keflavíkurflugvöll? Hæstv. utanrrh. hafði sagt 1946, að ef Bandaríkin framkvæmdu Keflavíkursamninginn á þann veg að setja herstöð á Keflavíkurflugvelli, þá „jafngilti það hernámi landsins af hálfu Bandaríkjanna". Það kom fljótlega í ljós, að Bandaríkjunum nægði ekkert minna en þetta, ef Keflavíkursamningurinn átti að falla niður, þ. e. opinber herstöð á Keflavíkurflugvelli, sem „jafngilti hernámi landsins".

En nú voru góð ráð dýr. Allir forustumenn stjórnarflokkanna og Alþfl. höfðu háð kapphlaup um það 1945, 1946 og 1949, hver þeirra gæti með hjartnæmustum og afdráttarlausustum orðum lýst því og svarið það, að aldrei skyldi vera herstöð eða her á Íslandi á friðartímum. Utanrmn. hafði jafnvel lýst því, að við vildum ekki leyfa Sameinuðu þjóðunum bækistöð á stríðstímum í viðureign við árásaraðila, sbr. 43. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Hvað átti nú að gera? Það varð fyrst að samþ., að nú væru stríðstímar, og kingja öllum svardögunum með þvílíku munnskólpi.

Í vor voru allir farnir að sjá fram á, að Kóreustríðið mundi lognast út af, engin úrslit nást. Æðstu forustumenn og hershöfðingjar fóru að kveða niður móðursýkina. En þá þurfti hér á landi af þessum sérstöku ástæðum að herða á móðursýkisáróðrinum, telja mönnum trú um, að sérstök árás Rússa á þetta land væri yfirvofandi.

Með þeim samningi, sem fylgir þessu frv., hefur Ísland á friðartímum og að því er virðist ótilneytt gerzt hernaðarlega verndarríki Bandaríkja Norður-Ameriku í friði og ófriði um ófyrirsjáanlegan tíma. Ísland hefur afsalað sér í hendur erlends ríkis einum þætti mála sinna, hluta af fullveldisrétti sínum, þeim rétti, sem hverju fullvalda ríki ber, réttinum til þess að verja land sitt og þjóð. Um það verður ekki deilt, að fullveldi ríkis er stórkostlega skert og yfirráðaréttur þess yfir landi sínu mjög takmarkaður, ef það felur öðru ríki að fullu og öllu hervarnir sínar. Og veit ég engin dæmi þess, að slíkt ríki sé ekki sett í flokk hálfsjálfstæðra og lítt fullvalda ríkja.

Í rúman aldarfjórðung höfðum við erlendan, valdalausan þjóðhöfðingja og fólum öðru ríki meðferð utanríkismála okkar í umboði okkar. Við réðum öllu um meðferð þeirra, en við undum því ekki, fannst með réttu, að við værum ekki fyllilega sjálfstæð þjóð. Nú höfum við falið sterkasta herveldi veraldarinnar að fara með annan þátt fullveldismála okkar, landvarnir Íslands. Við ráðum engu um meðferð þeirra. Finnst okkur nú, að við séum raunverulega og fullkomlega sjálfstæð þjóð?

Nú kunna menn að segja, að við höfum áður falið sama ríki hervarnir Íslands, þ. e. með herverndarsamningnum frá 1941. Já, en á því að taka við erlendum her um stundarsakir af illri nauðsyn og jafnvel nauðbeygðir í ófriði með samningsákvæðum um, að hann skuli á brott jafnskjótt og ófriðnum sé lokið, og hinu, að fela ríki hernaðarlega forsjá sína á friðartímum um ótakmarkaðan og því ófyrirsjáanlegan tíma, er hinn mesti munur. Og því má heldur ekki gleyma, að við vorum þá hernumin þjóð hvort eð var.

Þetta mál er sögulegt stórmál fyrir þá sök, að það er væntanlega lokaþátturinn í og vonandi endahnúturinn á ömurlega þróun í íslenzkum sjálfstæðismálum, sem hófst árið 1945, er Bandaríkin settu fram kröfur sínar um herstöðvar á Íslandi á friðartímum. Fram að þeim tíma hafði hver áfangi í sögu þjóðarinnar í 100 ár verið spor fram á við til aukins sjálfstæðis og fullveldis, unz við töldum okkur hafa náð fullu sjálfstæði, bæði formlega og raunverulega, árið 1944. Síðan 1945 hafa sporin, sem stigin hafa verið í utanríkismálum okkar, og þó einkum Keflavíkursamningurinn og þessi samningur takmarkað bæði formlegt og raunverulegt sjálfstæði og fullveldi þjóðarinnar. Við höfum formlegt sjálfstæði. Við tökum þátt í félagssamtökum og bandalögum þjóða og ríkja, bæði friðsamlegum og því miður einnig hernaðarlegum. Við erum þar viðurkenndir sem formlega fullgildur aðili. En við megum ekki láta það villa okkur sýn. Við þurfum að gera okkur

það miklu betur ljóst en nú er, að margföld reynsla hefur sýnt það stærri og sterkari þjóðum en við erum, að það er hægt að halda fullkomlega formlegu sjálfstæði, en glata um leið með öllu raunverulegu sjálfstæði, þ. e. því að ráða sínum eigin málum sjálfir.

Enginn maður, sem hefur nokkurt yfirlit um viðskipti þjóða fyrr og síðar, mun halda því fram, að þjóð, sem býr við her annars ríkis í landi sínu, ráði málum sínum ein. — Þegar Roosevelt forseti staðfesti heit Bandaríkjastjórnar í herverndarsamningnum 1941 um, að allur her Bandaríkjanna skyldi hverfa héðan þegar að ófriðnum loknum, bætti hann við í orðsendingu til forsætisráðherra Íslands þessum orðum: „Svo að íslenzka þjóðin geti aftur ráðið öllum sínum málum.“ Honum var það ljóst, að íslenzka þjóðin réð ekki málum sínum ein, meðan erlendur her dvaldi í landinu, og var nógu víðsýnn til þess að viðurkenna það, þótt það væri ameríkskur her, sem ætti í hlut. En nú er það ekki Roosevelt forseti, sem ræður utanríkisstefnu Bandaríkjanna. Hershöfðingjar hafa ráðið henni síðustu árin. Þeir réðu því, að hinar óskammfeilnu kröfur Bandaríkjanna um herstöðvar hér á landi voru bornar fram 1945, þegar herinn átti að fara héðan, og nú hafa þeir fengið sitt mál fram. Þeir hafa samkvæmt þessum samningi herstöðvar hér á landi um óákveðinn tíma. Þeir, sem af einlægni vöruðu við þeim háska, sem því yrði samfara, hafa beðið fullkominn ósigur. Deilum um það, hvort við ættum að leyfa Ameríkumönnum herstöðvar eða ekki, getur eðlilega verið lokið.

Af andstæðingum þess að leyfa herstöðvar hefur aðallega verið bent á ferns konar hættur, sem því væru samfara:

1. Siðferðilegar, aðallega fyrir æskulýðinn og þá einkum ungar konur.
2. Menningarlegar, að tungunni sé hætta búin.
3. Stjórnarfarslegar, að sjálfstæðið sé takmarkað.
4. Lífshættu fyrir þjóðina og hættu á tjóni á eignum landsmanna.

Ég tel, að eins og nú er komið sé mest undir okkur sjálfum komið, að við gerum okkur hreinskilnislega grein fyrir öllum þessum hættum og reynum að verjast þeim. Ég mundi telja þær í öfugri röð við það, sem ég áðan gerði. Á friðartímum er vitanlega aðeins um það þrennt að ræða, að siðferði, menningu og raunverulegu sjálfstæði sé hætta búin. Á stríðstímum er fjórða hættan, lífshættan, eignatjóns og eyðileggingar, aðalatriðið. En þá er allt undir því komið, til hvers á að nota stöðvarnar á stríðstímum.

Í greinargerð samningsins — yfirlýsingu ríkisstj. frá í vor — er sagt, að „óþarft sé að taka það fram, svo sjálfsagt sem það sé, að ráðstafanir þessar séu eingöngu varnarráðstafanir. Aðilar samningsins séu sammála um, að ætlunin sé ekki að koma upp mannvirkjum til árása á aðra, heldur eingöngu til varnar“.

Þegar Atlantshafssamningurinn var til umræðu á Alþingi, lögðu fulltrúar Framsfl. í utanrmn. (HermJ og PZ) fram nefndarálit, þar sem þeir lögðu áherzlu á, að allar yfirlýsingar og fyrirvarar, sem við vildum gera, ættu að vera í samningnum sjálfum. Ég verð nú að segja eins og þeir sögðu þá: Hvers vegna má það ekki vera í samningnum sjálfum, að mannvirki hér á landi megi ekki undir neinum kringumstæðum nota til árása á aðra, heldur eingöngu til varna, ef á okkur yrði ráðizt? Hvers vegna mætti það t. d. ekki vera í samningnum sjálfum, að frá íslenzkum flugvelli mætti aldrei undir neinum kringumstæðum fara til árása á lönd í Evrópu *með atómvopnum*?

Við vitum, að amerískir hershöfðingjar byggja allar sínar áætlanir um næsta stríð á því, að atómsprengjur verði fljótt og auðveldlega fluttar til landa í Evrópu, bæði Rússlands og Vestur-Evrópulanda, sem kynnu að verða á valdi þeirra. Við vitum, að í því sambandi hafa þeir hugsað sér að nota stöðvar t. d. í Bretlandi, þar sem þær væru næstliggjandi. Við vitum líka, að sterk hreyfing hefur myndazt gegn þessu í Bretlandi, að brezka þjóðin hefur gert sér grein fyrir því, að þetta má ekki verða, ef hún á að halda lífi. Við vitum, að hershöfðingjar telja stórt og strjálbýlt land heppilegt sem atómstöð. Við vitum, að ef stöðvar í Bretlandi yrðu ekki taldar nothæfar, telja amerískir hershöfðingjar stöðvar á Íslandi næstbeztar á N.-Atlantshafssvæðinu. Hvers vegna skyldum við nú ekki þegar í upphafi og í þessum samningi eða í sambandi við hann tryggja okkur gegn þeim möguleika, að þeir notuðu Ísland sem slíka árásarstöð. Þetta kemur ekki við því, hvort um svokallað árásarstríð er að ræða eða ekki. Það er heldur ekki nóg, þótt í samningnum standi, að Bandaríkin taki að sér „varnir“ Íslands. Við vitum, að allir hershöfðingjar telja sóknina beztu vörnina. Þeir gætu hæglega sagt: Ísland verður bezt varið og jafnvel því aðeins varið, að héðan séu gerðar flugárásir með atómsprengjum á flugvelli í Evrópu, þar sem fyrir eru flugvélar með atómsprengjur, sem nota má til þess að gera árásir hingað. Til þess að fyrirbyggja það, verðum við að verða fyrri til og gera árás á þá. — Þá er spurningin, hvort íslenzka þjóðin vill verða fyrri til, hvort hún vill, að Ísland verði notað til þess að geta orðið „fyrri til“.

Ég mun við síðari umræðu gera mitt til þess, að það komi skýrt fram, hvort hv. þdm. hafa gert sér grein fyrir þessu atriði þessa máls, sem ég tel, eins og nú er komið, aðalatriði þess.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9:2 atkv.

Till. um að kjósa fimm manna nefnd (varnarsamningsnefnd) til að fjalla um málið samþ. með 9 shlj. atkv.

NEFNDARKOSNING.

Fram komu tveir listar, A og B, er á voru jafnmörg nöfn samtals og menn skyldi kjósa. Lýsti forseti þá menn rétt kjörna án atkvgr., en þeir voru þessir:

Jóhann Jósefsson (A),
Bernharð Stefánsson (A),
Karl Kristjánsson (A),
Haraldur Guðmundsson (A),
Finnbogi R. Valdimarsson (B).

Á 39. fundi í Ed., 7. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Ed., 10. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 17, n. 361 og 381, 382).

Brtt. 382 of seint fram komin. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þetta frv. hefur þegar sætt þinglegri meðferð í hv. Nd. og er því hér í seinni deild til athugunar. Í þetta mál var sett sérstök n. fimm deildarmanna. Fjórir standa að áliti meiri hl., en hinn fimmti, hv. 7. landsk., hefur gefið út sérstakt nál. á þskj. 381 og flytur sérstakar brtt. á þskj. 382, og kannast ég við þessar brtt. sem sumt af því, sem hann taldi að þyrfti að koma inn í málið í n. Meiri hl. áleit, að ekki væri þörf á því að gera þess konar breytingar á frv.

Það er vitað, að ástandið í heiminum er þannig, að okkar litla þjóð, sem byggir þetta eyland mitt á milli Ameríku og fastalandsins, getur ekki verið varnarlaus. Loft allt er svo lævi blandið, að enginn veit, hvenær sviptingar kunna að takast milli þeirra, er deila nú, en þegar þær eru hafnar, er orðið of seint að fara að hugsa fyrir vörnum landsins. Af því leiðir, að til þess að geta hrundið árás þarf að vera andstaða í landinu sjálfu, sem hefði tæki til að hrinda árásum á landið. Það er meginatriði málsins, að þetta er nauðsyn, og ég held, að allir hv. þm. muni geta sameinazt um það efni. Það er auðvitað, að við höfum allir lagt niður fyrir okkur þær ástæður, sem eru fyrir því að leyfa útlendum her að dveljast hér í landinu til varna. Og sjálfir sjáum við, að þetta er varnarsamningur, en ekki til að undirbúa eða stofna til árása á aðrar þjóðir. Það má einlægt deila um það, hvað beri að telja varnaraðgerðir, en það er óumdeilanlegt, að sá aðili, sem hefur árásarstríð, er í sökinni. En þungamiðja þessa máls er sú, að við gengum í bandalag þjóðanna, sem myndað hafa varnarbandalag Norður-Atlantshafsríkjanna, og sú staða okkar vita allir Íslendingar að er einn liðurinn í vörnum gegn þeirri aðsteðjandi hættu, sem yfir hinum frjálsa heimi vofir.

Íslendingar hafa allt fram á síðustu ár látið nægja að lýsa yfir hlutleysi sínu. En það kom í ljós í síðustu styrjöld, að þetta hlutleysi eitt nægði okkur ekki og það var rofið og það ekki af óvini, heldur af vinaþjóð, sem taldi það nauðsynlegt að hersetja landið, þar sem þjóð okkar gat ekki verndað landið. Og þó viljum við heldur þessa hersetu heldur en að hafa landið varnarlaust í ókominni styrjöld, sem búast má við að komi, en í henni höfum við enga tryggingu fyrir því, að okkar hlutleysi verði virt. Þetta varð ljóst í síðustu styrjöld, og það hefur haft áhrif á hugi manna til þess að skipa landinu í fylkingu lýðfrjálsra þjóða, sem hafa bundizt heitum um að standa á verði um frelsi sitt og lönd og þjóðerni. Þegar svo Íslendingar eru þess ekki umkomnir að verja land sitt sjálfir, verða þeir að hverfa að því ráði, að aðrir haldi hlífiskildi yfir þeim, og reynsla okkar úr síðasta stríði sannar, að þetta er sú eina leið, sem við getum farið.

Hv. 7. landsk. þm., Finnbogi R. Valdimarsson, hefur á sinn rökfasta hátt, eins og hans var von og vísa, dregið fram þau atriði, sem hann telur helzt vera til gagnrýni á þeim samningi, sem gerður hefur verið. Ég skal játa, að ég hef ekki getað kynnt mér nál. hans á þskj. 381, því að því var útbýtt í byrjun þessa fundar. Ég hef þess vegna aðeins gripið niður í það, en ekki getað kynnt mér það í ró og næði, þar sem stöðugar umr. hafa verið hér síðan fundur hófst. En ég rak strax augun í það, að hann segir, að með þessum samningi sé fullveldi okkar skert.

Það er nú svo, að það eru nokkuð mörg ríki, sem hafa orðið að skerða nokkuð sitt sjálfstæði í þessu skyni. Ég á þar við þau lýðfrjálsu ríki, sem líta á sameiginlega hagsmuni þeirra allra til að halda sjálfstæði sínu óskertu. Og þess er að geta í þessu sambandi, að viðhorfin hafa breytzt á síðustu árum. Það er hættan frá einræðisríkjunum, sem hefur gert það að verkum, að þessi sömu lönd hafa orðið að leyfa ýmsar aðgerðir í sínum heimalöndum og ganga í bandalög og gera samninga, sem segja má að skerði þeirra sjálfsforræði, eins og á það var litið áður en hið austræna einræði fór að ögra friðnum í heiminum. En sé það svo, sem ég skal ekki dæma um, að þessir samningar skerði á einhvern hátt sjálfstæði þeirra, þá er það gert til þess að varðveita hið raunverulega sjálfstæði þeirra, varðveita líf þessara þjóða, varðveita þær fyrir skyndiárásum óvinaherja og til þess að þær þurfi ekki að vera beittar ofbeldi og kúgun.

Ég skal svo ekki hafa miklu fleiri orð um þetta. Þær till., sem hv. 7. landsk. þm. leggur fram, eru svipaðs eðlis og þær till., sem meiri hl. hlaut að hafna á nefndarfundum, og get ég þess vegna ekki annað en lagt á móti þeim og heiti á hv. þm. þessarar hv. deildar að samþykkja frv. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Finnbogi R. Valdimarsson): Herra forseti. Hv. frsm. meiri hl. talaði ekki langt mál um þetta frv., og í því felst það, að hann leggur engan meginþunga á að andmæla nál. minni hl. Hann benti á það, að ég teldi í nál. mínu, að með samningi þessum væri sjálfstæði okkar stórlega skert.

Ég vakti sérstaklega athygli á því við 1. umr. málsins, að ég teldi þennan samning ekki gerðan að stjórnskipulegum hætti, með því að hér væri um að ræða fullkomið afsal á íslenzkum yfirráðarétti í hendur erlendu ríki, þar sem á vissum svæðum á Íslandi eiga að gilda útlend lög, þar sem íslenzk lög eiga annars að gilda samkvæmt ísl. stjórnskipunarlögum og almennum ísl. yfirráðarétti samkvæmt grundvallaratriðum þjóðaréttarins. Þetta er nefnt þjóðréttarleg kvöð, þegar annað ríki fer með yfirráðarétt á landi, þar sem önnur þjóð á yfirráðarétt, og það eru einmitt slíkar „kvaðir á landi eða landhelgi“, sem ræðir um í 21. gr. stjórnarskrárinnar.

Þó vildi hv. frsm. meiri hl. ekki mótmæla

því, að yfirráð Íslendinga væru skert, þar sem amerísk lög ættu að ráða úrslitum á vissum svæðum á Íslandi; þó að íslenzk lög gildi þar að einhverju leyti. Víðast hvar hefur það nú verið lagt niður, að tvö ríki fari þannig með rétt í sama landi, og er staða Íslands að þessu leyti einna líkust því, sem nú er á Súezsvæðinu og í Marokkó og Súdan. Það er um þá samninga að segja, sem gilda um þau svæði, að *voldug herveldi hafa neytt þessi ríki til þess* að gera þessa samninga og afsala sér rétti í hendur herveldunum, sem þau telja sig hafa *hag af og telja nauðsyn fyrir sig að hafa.* Ég efast um, að nokkur vilji mótmæla því, að sjálfstæði þessara ríkja sé skert. Hitt er þó miklu *alvarlegri hætta, sem í því felst,* að erlendur her dveljist í landi undir því yfirskini að vernda sjálfsforræði þess og verja sjálfstæði *þess og taki undir því yfirskini* við öllum hervörnum þess. Með því er raunverulegt sjálfstæði lands og yfirráðaréttur skertur svo, að varla má meir verða. Það er sú hætta, sem við eigum nú að mæta, og þessi hætta var viðurkennd af öllum forráðamönnum okkar 1946 og þá haldið fram, að slíkt kæmi ekki til mála. Þá viðurkenndu þeir, að af þessu stafaði hætta fyrir sjálfstæði okkar og það mætti ekki koma fyrir. En ég vil halda því fram, að nú, þegar þeir eru komnir á þá skoðun, að þetta sé ekki hætta fyrir okkur, þá sé einmitt í því fólgin sérstök hætta. Ef það er þeirra skoðun, að nú sé ekkert sérstakt að óttast, af því að útilokað sé, að hinn erlendi her muni hafa áhrif á innanlandsmál okkar, þá segi ég, að það sé sérstakur háski á ferðum, að í því út af fyrir sig sé fólgin sérstök hætta. En það er svo að heyra nú á sumum formælendum þessa samnings, að ekkert sé að óttast. Þessi her sé kominn til að varðveita raunverulegt sjálfstæði okkar. Hins vegar hafa ýmsir aðrir þeirra viðurkennt, að nokkur hætta væri á ferðum, ef her dveldist í landinu, og að það væri jafnvel hætta fyrir sjálfstæði landsins. Og þeir hafa bent á, að þegar krafan um hersetuna kom fram, hafi það verið öllum ljóst, að dvöl erlends hers í landinu væri ósamrýmanleg sjálfstæði þjóðarinnar.

Hv. meiri hl. segir, að þessi samningur stafi af ákveðnum skuldbindingum, sem við höfum tekizt á hendur í Norður-Atlantshafsbandalaginu, og segir, að það hafi verið tekið fram í upphafi, að ekki væri um annað að ræða en varnarbandalag. Ég veit nú ekki nákvæmlega, hvaða skuldbindingar hv. meiri hl. á við í þessu sambandi. (**JJós**: Má ég skjóta því inn í, að Ísland hefur engan her.) Það var tekið fram af Íslands hálfu við undirskrift N.-Atlantshafssamningsins, að Ísland hafi ekki her og vilji engan her hafa, og þessi samningur er ekki afleiðing af þeim yfirlýsingum. Ég skil að vísu, hvers vegna hv. meiri hl. vill ekki ræða þau ákvæði N.-Atlantshafssamningsins, sem þessi samningur á að vera afleiðing af. Ég held, að það verði erfitt að benda á þær greinar. Ég hygg, að þar verði ekki fundnar þær skuldbindingar, sem leiði af sér þennan samning. Ég hygg, að það verði ekki ráðið af þeim yfirlýsingum, sem gefnar voru, þegar sá samningur var gerður, af forustumönnum flokka hér á hv. Alþingi og af utanríkisráðherra í embættisnafni, að það hafi verið nein skylda fyrir Ísland að gera þann samning, sem hér liggur fyrir, sem afleiðingu af N.-Atlantshafssamningnum. Ég get skilið, hvers vegna hv. meiri hluti vill ekki minnast á þessar greinar og yfirlýsingar. Ég verð samt að gera ráð fyrir því, að allir viðurkenni, að það beri að skilja þann samning í ljósi þeirra yfirlýsinga, sem þá voru gefnar. Þær hafa sitt gildi, bæði réttarlega og pólitískt. Þegar sá samningur var gerður, fóru þrír af hinum íslenzku ráðherrum til Washington til að kynna sér, hvað hin einstöku ákvæði samningsins hefðu að þýða fyrir Íslendinga og hvaða skuldbindingar þeir tækjust með honum á hendur. Eftir að þessi för var farin, gaf hæstv. utanrrh. upplýsingar í útvarpsumr., og er ræða hans prentuð eftir handriti hans sjálfs. En hann segir svo um það, hvað niðurstöðurnar hafi að þýða, með leyfi hæstv. forseta:

„Í Washington ræddum við ýtarlega hlut Íslands í þessum samtökum, ef til kæmi, og skýrðum rækilega sérstöðu landsins. Við tókum fram, að Ísland hvorki hefði né gæti haft eigin her og mundi þess vegna hvorki geta né vilja fara með hernað *gegn* nokkurri þjóð, jafnvel þótt á þá yrði ráðizt. Ekki komi heldur til mála, að útlendur her fengi að hafa aðsetur á Íslandi á friðartímum né yrðu þar leyfðar erlendar herstöðvar.“

Þannig lögðu þessir þrír ráðherrar þetta fyrir utanríkisráðherra Bandaríkjanna. Og hæstvirtur utanrrh. heldur áfram:

„Utanríkisráðherra Bandaríkjanna, Dean Acheson, tók berum orðum fram, að ríki, sem aldrei hefði haft her, mundi ekki þurfa að hafa hann samkv. samningnum. Hann sagði og, að ljóst væri, að ekki kæmi til mála, að neitt samningsríki óskaði að hafa her í öðru þátttökuríki á friðartímum eða herstöðvar.“

Hæstv. ráðh. dregur svo að lokum fram niðurstöðurnar af þessum viðræðum:

„Í lok viðræðnanna var því lýst yfir af hálfu Bandaríkjanna:

1. Að ef til ófriðar kæmi, mundu bandalagsþjóðirnar óska svipaðrar aðstöðu á Íslandi og var í síðasta stríði og að það mundi algerlega vera á valdi Íslands sjálfs, hvenær sú aðstoð yrði látin í té.
2. Að allir aðrir samningsaðilar hefðu fullan skilning á sérstöðu Íslands.
3. Að viðurkennt væri, að Ísland hefði engan her og ætlaði ekki að stofna her.
4. Að ekki kæmi til mála, að erlendur her eða herstöðvar yrðu á Íslandi á friðartímum.“

Í þessari frásögn koma fram höfuðatriði í viðræðunum, sem fóru fram vestra. Hv. meiri hl. bendir ekki á þær gr. Atlantshafsbandalagssamningsins, sem hann telur felast í skuldbindingar til að gera slíkan samning sem þennan. Það er nú víst, að það eru ekki margar greinar, sem geta komið til mála í því sambandi. Í 5.—7. gr. er gert ráð fyrir því, að verði ráðizt á einhvern aðilann í bandalaginu, þá komi skuldbindingar, sem sérstaklega eru nefnd-

ar, til greina. En nú er það víst, að það hefur ekki til þessa dags, síðan samningurinn var gerður, verið gerð árás á bandalagsaðila, og því koma skuldbindingar samkvæmt 5.—7. gr. ekki til greina í þessu tilfelli. Af öðrum gr. samningsins geta þá ekki komið til athugunar í þessu sambandi nema 3. gr. í sambandi við 9. gr., þar sem gert er ráð fyrir því, hvernig málum skuli hagað á friðartímum, en í öllum samningnum er gert ráð fyrir, að friðartímar séu þangað til einhver bandalagsaðilanna hefur orðið fyrir árás. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Mér þykir miklu miður, að hæstv. utanrrh. og hv. frsm. meiri hluta n. eru hér ekki viðstaddir. (**Forseti:** Þeir voru hér báðir, þegar ég frestaði fundinum.) Mér skildist á hæstv. utanrrh., að hann vildi hlusta á mína ræðu og svara henni, svo að ég vildi spyrja, hvort þessir hv. þm. væru hér í húsinu, svo að hægt væri að koma til þeirra orðum, hæstv. utanrrh. og hv. frsm. meiri hluta n.

Ég hafði hugsað mér við þessa umr. málsins að ræða fyrst og fremst meginákvæði þessa samnings og einstök atriði hans. En það er nú svo að í samningnum sjálfum er í forsendum vikið að þeim ástæðum, sem taldar eru þar að hafi verið fyrir því, að hann var gerður. Og í nál. meiri hlutans var einnig, eins og ég gat um í upphafi máls míns, vikið að því, að þessi samningur væri eðlileg afleiðing af því, sem fram var tekið í upphafi, þegar Ísland gekk í Atlantshafsbandalagið, eins og þar segir. Ég vildi því rifja upp það, sem fram var tekið, þegar þessi samningur var gerður, og spyrja hv. meiri hluta n., hvaða ákvæði eða greinar Atlantshafssamningsins það væru, sem hann ætti við, þegar hann t. d. talaði um, að með þátttöku sinni í Atlantshafsbandalaginu hefðu Íslendingar tekið á sig ákveðnar skyldur, sem beint leiða til þessa samnings.

Ég get, á meðan ekki næst til þeirra hv. þm., sem ég tala hér til og mun tala til, rifjað upp, hvar ég var kominn í minni röksemdafærslu um þessi atriði. Ég sýndi fram á, að það gæti ekki verið 5. og 6. gr. Atlantshafssamningsins, sem hér væri átt við, því að þær greinar voru hvorki í maí 1951 né eru í dag komnar til framkvæmda. En einmitt í þeim liggur skilgreining á því, hvað það er, sem skilur á milli friðartíma og ófriðartíma, því að þar er skarplega skilið á milli í ákvæðum samningsins. Skuldbindingar koma þá fyrst til greina samkvæmt 1. grein þessa samnings, að tilefnislaus árás hafi verið gerð á einhvern samningsaðilann. Ég hafði rakið það, hvaða skýringar fylgdu ákvæðum þessa samnings yfirleitt af hálfu þeirra stjórnmálamanna, sem stóðu að því að gera hann, þeirra ráðherra, sem tóku sér ferð á hendur til Washington til þess að fá upplýsingar um, hvaða hugsanlegar skuldbindingar Íslendingar sérstaklega tækju á sig eftir að hafa gengið í bandalagið. Ég hafði þegar lesið yfirlýsingar hæstv. utanrrh. um það, hvaða árangurs þessi rannsóknarför hinna þriggja ráðherra hefði leitt til. En þær yfirlýsingar voru veittar af sjálfum utanrrh. Bandaríkjanna, ekki aðeins fyrir hönd Bandaríkjanna, heldur fyrir hönd allra væntanlegra samningsaðila að þessum samningi. — — — Herra forseti! Hefur ekki tekizt enn að ná til hv. frsm. meiri hlutans að minnsta kosti? (**Forseti:** Það er upplýst, að hann er ekki í húsinu og ekki hæstv. utanrrh. heldur, en ég hef gert ráðstöfun til þess að láta þá vita.

Ég kem hér að atriði, sem ég álít, að skipti höfuðmáli, þegar rætt er um þetta mál. (**Forseti:** Ég skal gjarnan gefa fundarhlé í 5 mín. Þá ættu þeir að geta verið komnir. Á hinn bóginn get ég ekki komið þeim hingað nauðugum.) — [Fundarhlé.]

Ég þóttist hafa sýnt fram á það, að ef leitað væri að því, hvaða greinar Atlantshafssamningsins það væru, sem leitt gætu til skyldu til þess fyrir Íslendinga að gera þennan nýja samning, þá gætu það að minnsta kosti ekki verið 5. og 6. gr. samningsins, sem hefðu orðið tilefni eða forsenda þessa varnarsamnings, þ. e. a. s. að samningsaðilar, einn eða fleiri, hefðu orðið fyrir tilefnislausri árás. Það hefur ekki átt sér stað enn. Og það kemur ekki til mála, að það hafi verið vegna þess, sem í þessum greinum felst, að þessi samningur hafi verið gerður eða að fram á það hafi verið farið með tilvísun til þessara greina, að hann yrði gerður.

Þá get ég ekki séð, að um aðrar greinar sé að ræða í þessu efni en 3. gr. N.-Atlantshafssamningsins, sem sé hugsanlegt tilefni til þessa samnings. En hún er svo hljóðandi:

„Í því skyni að ná betur markmiðum samnings þessa munu aðilar, hver um sig og í sameiningu, með stöðugum og virkum eigin átökum og gagnkvæmri aðstoð varðveita og efla möguleika hvers um sig og allra í senn til þess að standast vopnaða árás."

Það var þessi grein samningsins, sem var tilefni til þess, að margir óttuðust það og beittu sér gegn því, að Íslendingar gerðust aðilar að þessum samningi. Töldu þeir, að í henni gæti falizt það, að þess kynni að verða krafizt af Íslendingum á friðartímum, — þ. e. a. s., eins og ég sýndi fram á áðan, áður en 5. og 6. gr. kæmu til framkvæmda, — að Íslendingar tækju við her eða herstöð í landinu. En það var áður rætt mál hér á landi, fullupplýst og alkunnugt, að fram á það hafði verið farið af Bandaríkjunum árið 1945. En nú vill svo til, að einmitt hæstv. utanrrh. skýrði sérstaklega þessa grein samningsins í umræðum um samningsgerðina 1949. Ég vil því leyfa mér að minna á skýringar hans einmitt á þessari grein, og hann sagði svo í sinni ræðu, með leyfi hæstv. forseta:

„Menn eru að tala um það hér, að samkvæmt þessari grein væri hægt að skylda okkur til þess gegn vilja okkar að hafa erlendar herstöðvar, erlendan her og jafnvel að vígbúast sjálfir. Því er haldið fram, að aðrir gætu skipað okkur að gera þetta samkvæmt þessari grein. Nú er þessi grein auðvitað ekki samin með okkur fyrir augum. Hún er samin með allt annað fyrir augum. Hún er fyrst og fremst samin með það fyrir augum, að samkvæmt henni eiga Bandaríkin að láta öðrum þjóðum í té vopn og aðra aðstoð."

Og síðan heldur hæstv. ráðh. áfram að sýna

fram á, hver fjarstæða það væri, að Bandaríkin létu smáríkin í bandalaginu skylda sig til eins eða annars samkvæmt þessari grein. Og hann segir: „Enda hafa þeir aldrei hugsað sér neitt því líkt, vegna þess að jafnvel þótt litið sé á 3. greinina eina, þá er það greinilegt, þegar gætt er venjulegra lagaskýringa og þess, að samningurinn er gerður milli fullvalda ríkja, að hvert ríki hefur úrslitaákvörðunarvald um það, sem það lætur í té samkvæmt henni."

M. ö. o., það er ekki hægt að skylda neitt ríki samkvæmt þessari grein til þess að láta eitt eða annað í té. Og hann segir, eins og rétt er, að þessa grein verði að skýra í sambandi við 9. gr. samningsins, sem er um nýja stofnun, Atlantshafsbandalagsráðið, og hann heldur áfram: „Þarna segir berum orðum, að þessi samkoma má eingöngu gera till., — og til hverra gerir hún till.? Til hinna einstöku ríkja, sem hvert um sig hefur úrslitaráðin varðandi það efni, sem það ríki snertir eða á að láta í té. Til viðbótar þessu, sem er alveg ótvírætt, þá spurðum við ýtarlega um þetta, og af hálfu bandalagsríkjanna var því lýst yfir og lögð áherzla á, að samkvæmt þessari grein væri fyrst og fremst um siðferðilega yfirlýsingu að ræða, þess efnis, að ríkin vildu standa saman, en jafnframt væri gengið út frá því, að hver aðili gerði það, sem hann gæti, eftir því sem sanngjarnt mætti teljast. Ef hins vegar væri neitað um aðstoð, gætu hin ríkin ekkert gert við því frá lagalegu sjónarmiði, og væri t. d. ljóst, að ekki væri hægt að bera málið undir dómstól, og í því sambandi var svo sérstaklega tekið fram, að það yrði ekki talið sanngjarnt að krefjast þess af Íslendingum, að þeir létu í té her og herstöðvar á friðartímum eða vígbyggjust sjálfir."

Og hann heldur áfram: „3. gr. skýrir sig auðvitað sjálf í augum þeirra manna, sem kunna að skýra samninga. Hún verður enn þá ótvíræðari, þegar hún er borin saman við 9. gr., en eftir þau samtöl, sem átt hafa sér stað, og þær ótvíræðu yfirlýsingar, sem við höfum gefið, — og þær ótvíræðu yfirlýsingar, sem utanríkisráðherra Bandaríkjanna hefur gefið og hans aðstoðarmenn, — allir í embættisnafni og í nafni allra bandalagsþjóðanna, — þá er það svo ótvírætt sem frekast er unnt, að þess verður aldrei óskað af Íslendingum, að þeir stofni eigin her, að þeir vígbúist, að þeir hafi erlendan her hér á friðartímum eða þeir hafi erlendar herstöðvar hér á friðartímum."

Ég veit ekki, hvernig ætti að skýra þessa grein skýrar og afdráttarlausar á þann veg, að samkvæmt henni verði aldrei hægt að fara þess á leit við Íslendinga, að þeir hafi herstöð hér í landinu. Hæstv. ráðh. skýrði frá því, að þessi yfirlýsing hafi verið gefin af utanrrh. Bandaríkjanna, ekki aðeins í nafni Bandaríkjanna, heldur fyrir hönd allra samningsríkjanna. Hér er því um viðbótarsamkomulag eða samning að ræða milli þeirra og Íslands um skilning á þessari grein, að því er Ísland snertir. Það getur því ekki verið, að af þessari grein hafi í maí 1951 leitt neina skyldu til þess fyrir Íslendinga að gera þennan samning, sem hér liggur fyrir og felur í sér það, að Íslendingar taki við erlendum her. Og hér er alltaf tekið fram, að það eigi við friðartíma. Eins og ég hef sýnt fram á, þá getur orðið „friðartími" ekki þýtt annað ástand í þessum samningi en það, sem er, þangað til 5. og 6. gr. koma til framkvæmda. Þangað til er að skilningi þessa samnings friðartími, friðartími á Atlantshafssvæðinu öllu, — þangað til eitthvert ríki á því svæði hefur orðið fyrir tilefnislausri árás. Það kemur ekki þessu máli við, hvort friður er alls staðar í heiminum á sama tíma, því að ófriður annars staðar í heiminum utan Atlantshafssvæðisins er ríkjum Atlantshafssvæðisins óviðkomandi og leiðir ekki neina skuldbindingu af sér samkvæmt þeim samningi. Það leiðir af sjálfu sér, að stríðið í Kóreu og Japan, þó að það hefði breiðzt út og Bandaríkin hefðu átt hlut að því og allt lagaði í stríði í Austur-Asíu, þá hefði það ekki leitt til þess, að ófriðartímar væru komnir á Atlantshafssvæðinu samkvæmt ákvæðum Atlantshafssamningsins.

Ég get því ekki séð, að það fái staðizt, sem hv. meiri hluti n. heldur fram, að í Atlantshafssamningnum séu nokkrar skyldur, sem hafi leitt af sér það, að Íslendingar þyrftu að undirgangast slíkan samning sem hér liggur fyrir, jafnvel þótt fram á það hafi verið farið af Atlantshafsráðinu. Þannig að ég álít, að það hefði verið sjálfsagt af forsvarsmönnum Íslendinga að vísa þá Atlantshafsráðinu, ef það hefði farið fram á slíkt, á þær yfirlýsingar, sem ég las áðan eftir hæstv. utanrrh. og hann hafði eftir sjálfum utanrrh. Bandaríkjanna fyrir hönd allra bandalagsríkjanna. En hv. forkólfar þessa samnings hafa sagt og í samningnum sjálfum er sagt, ekki að það sé ófriðartími, heldur að það sé „tvísýnt útlit" í alþjóðamálum. En ef litið er á ástandið í alþjóðamálum í maí 1951 og það borið saman við ástandið í alþjóðamálum í apríl 1949, þegar þessi Atlantshafssamningur var gerður og leitað var eftir skýringum á skuldbindingum hans og þær fengnar, eins og ég hef rifjað upp, — var þá skuggalegra útlitið í alþjóðamálum árið 1951 heldur en 1949? Til hvers var Atlantshafsbandalagið stofnað? Það var talið nauðsynlegt að stofna til samtaka ríkjanna beggja vegna Atlantshafsins og sérstaklega í Vestur-Evrópu, vegna þess að í Vestur-Evrópu væru sama og engar varnir og að það ástand, að það væru ekki nema nokkrar herdeildir í Vestur-Evrópu, væri beinlínis freisting fyrir Austur-Evrópuríkin til þess að taka fyrirhafnarlítið og á skömmum tíma þessi lönd. Og hvað hefur verið gert síðan? Það var að vísu svo 1949, að það virtist ekki vera gífurleg hætta á ferðum, því að það var ekki farið hart af stað, þar sem mestallt árið 1949 leið svo, að ekkert hafði verið gert. En síðan hefur verið unnið að því að koma upp fullbúnum herjum í Vestur-Evrópu og það svo, að nú í sumar lýsti einn æðsti fulltrúi Atlantshafsbandalagsins því yfir, eftir því sem stórblaðið Times hafði eftir honum og ég hef áður í umræðu hér á Alþingi nýlega sagt frá, að styrkleiki Atlantshafsríkjanna væri svo margfaldur og svo yfirgnæfandi miklu meiri orðinn nú í ágúst 1951 heldur en járntjaldsríkjanna og þeirra bandalagsríkja, eins og

þar var komizt að orði, að það væri kominn tími til þess, að menn hættu að tala með hræðslu og móðursýki um þessi mál eins og menn gerðu stundum. M. ö. o., það er engin ástæða í þessum efnum til hræðslu. Styrkur þessara Atlantshafsríkja er svo mikill nú, að hættunni í Vestur-Evrópu á árás er fullkomlega afstýrt.

Ég gæti nefnt mörg ummæli hershöfðingja og ráðh. Atlantshafsríkjanna, sem mjög eru á þessa leið. Alveg nýlega rakst ég á ummæli í dönsku blaði eftir einum ráðh. úr brezku stjórninni, mjög mikils metnum ráðh., þar sem hann lýsir yfir, að hann telji ekki hættu á styrjöld næstu 10 ár, og telur enga ástæðu til að ætla, að kommúnistaríkin séu að undirbúa neina styrjöld. Þetta var sir Hartley Shawcross, viðskmrh. í Attlee-stjórninni. Á sömu lund tók amerískur hershöfðingi til orða einmitt sömu dagana og hv. alþm. hér hafa setið við að gera þennan samning á þeim forsendum, að nú væri einhver gífurleg styrjaldarhætta. Síðustu dagana í apríl mætti Mac Arthur frammi fyrir nefnd Bandaríkjaþings til yfirheyrslu vegna þess, eins og menn vita, að honum var vikið frá. Mestöll n. var á einu máli um, að það hefði verið rétt af þeim ástæðum, að það þótti hafa verið hætta á því, að hans herstjórn leiddi til styrjaldar í Asíu. Menn segja, að Kóreustríðið sé nýtt atriði síðan 1949, þegar N.-Atlantshafssamningurinn var gerður, og það sé ein ástæðan til þess, að þessi samningur hafi verið gerður, — eins og ég veit að hæstv. utanrrh. hefur bent á, — að það sé bein styrjöld í Asíu og þess vegna séu ekki friðartímar í heiminum. — En ef rætt er um Kóreustyrjöldina, má t. d. taka til athugunar og samanburðar, hver styrjaldarhættan var í maí 1951 og í des. 1950, þegar Mac Arthur vildi hefja árás á nágrannalönd Kóreu. Þá — í des. 1950 — var talin svo mikil hætta á því, að það, sem hann gerði og vildi gera, leiddi til styrjaldar, að forsrh. Bretlands taldi rétt að fljúga til Washington til að láta Bandaríkjastjórn vita, að Bretland yrði ekki með í styrjöld, sem hlytist af slíku frumhlaupi. En það varð til þess, að Mac Arthur var vikið frá og þessi hætta á heimsstyrjöld, vegna Kóreustyrjaldarinnar, leið hjá. Ef þetta er tekið til athugunar, þá kemur í ljós, að sjaldan hefur verið friðvænlegra í heiminum síðan 1945 en einmitt í maí í vor, þegar mönnum varð orðið ljóst, að Kóreustyrjöldin — eina stríðið í heiminum — mundi lognast út af. Og eins og ég benti á áðan, þá hefur styrkur Atlantshafsríkjanna aldrei verið svo yfirgnæfandi, að því er sjálfur yfirhershöfðinginn álítur, og þess vegna ekki líkur til þess, að á þau verði ráðizt.

Ég veit, að það er auðvelt að koma af stað hræðslu, stríðshræðslu og móðursýki, svo að notuð séu orð hershöfðingjans. Það hefur verið gert á óskammfeilinn hátt í vissum blöðum hér á landi að ala á stríðsótta og móðursýki. Ég minnist þess, að haustið 1948 skrifaði rithöfundur einn ferðasögu í ísl. blað um för sína til Englands. Hann lýsti því, hvernig hér hefðu allir verið skjálfandi af ótta við stríð, en þegar hann kom til Englands var eins og að koma í annan heim. Þar talaði enginn um stríðshættu. Það væri hægt að benda á mörg ummæli í þá átt, að stríðshættan síðan 1945 er ekki mest nú. Það hefði mátt tala um hana 1947—48.

Það er alveg víst, að það var ekki af neinni sérstakri, yfirvofandi stríðshættu, að þessi samningur var gerður. En það var önnur hætta yfirvofandi. Það var hætta á því, að Keflavíkursamningurinn félli úr gildi. Í gær birtist í Morgunblaðinu smáfrétt þess efnis, að nú væri í Þýzkalandi allt undirbúið undir það að fella hernámsreglugerðina amerísku þar úr gildi. Þegar þetta átti að gerast, þá átti Keflavíkursamningurinn að falla úr gildi samkvæmt ákvæðum hans. Það var forsendan fyrir honum, að hann gilti meðan á Bandaríkjunum hvílir skylda til herstjórnar og eftirlits í Þýzkalandi. Þegar hann var gerður, þá var ekki gert ráð fyrir því, að það ástand, að Bandaríkin hefðu herstjórn í Þýzkalandi, héldist lengur en þau 6½ ár, sem gert er ráð fyrir að samningurinn gildi. Ef honum væri sagt upp, eins og gert var ráð fyrir í uppsagnarákvæðum hans, þá gat hann fallið úr gildi snemma á árinu 1953. En hann hefði fallið úr gildi hvenær sem hernámsreglugerðin í Þýzkalandi er felld úr gildi, og þetta vissu Ameríkumenn í fyrrasumar, því að þeir höfðu stefnt að því um nokkurn tíma að láta hernám Þýzkalands af þeirra hálfu falla niður og lofa Þjóðverjum sjálfum að koma upp her að einhverju leyti. Þetta var hin yfirvofandi hætta frá sjónarmiði Bandaríkjanna. Þess vegna þurfti að hafa til samning við Ísland um hernaðarafnot af Íslandi, sem kæmi í stað Keflavíkursamningsins. Ég veit ekki, hvað þingmönnunum 43, sem mættu á fundi hér í vor út af þessum samningi, hefur verið sagt um yfirvofandi stríðshættu eða um yfirvofandi hættu á árás á Ísland í byrjun þess stríðs, ef til stríðs kæmi. En ég efast um, að þeim hafi verið sagt neitt um það, að það gæti komið til þess, að Keflavíkursamningurinn félli niður.

Ef litið er á þennan samning í meginatriðum, þá held ég, að enginn muni neita því, að með honum sé Bandaríkjunum veitt svipuð aðstaða á Íslandi eins og þau höfðu með herverndarsamningnum 1941. Einmitt þessi orð voru notuð af hæstv. utanrrh. í sambandi við þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu 1949. Það var vitanlega ekki gerður um það samningur, en hann komst svo að orði í yfirlýsingu hér á Alþ., að það væri fastmælum bundið, að ef til ófriðar kæmi, þá fengju Bandaríkin svipaða aðstöðu eins og þau hefðu haft í síðustu styrjöld, þ. e., að þá kæmi væntanlega samningur, sem veitti þeim svipaða réttarlega aðstöðu, en aðeins ekki fyrr en ófriður væri skollinn á. En í þessum samningi sjálfum er gert ráð fyrir því, að þessi aðstaða verði veitt þegar og hvenær sem þau atvik verða, sem gert er ráð fyrir í 5.—6. gr. Atlantshafssamningsins, þ. e. a. s., ef ófriðarástand kemst á af þeim sökum, að einhver samningsaðili hefur orðið fyrir árás. Það sést ekki annað af þessum samningi en hann eigi að gilda þegar til styrjaldar kæmi og hann sé því að öllu leyti sambærilegur við herverndarsamninginn frá 1941. Bæði af 7. gr. þessa samnings, þar sem það er ákveðið, að hann

gildi hvenær sem kæmi til ófriðarástands vegna Atlantshafssamningsins, jafnvel þótt Bandaríkin hafi áður farið með her sinn af landinu, og síðast í greinum viðbótarsamningsins, þar sem talað er um tjón, sem hljótist beinlínis eða óbeinlínis af Bandaríkjaliði í orrustu, virðist mega draga þá ályktun, að þessi samningur eigi ekki aðeins að gilda á friðartímum, heldur einnig ef til ófriðar kæmi. Því ætti að vera heimilt að bera hann saman við herverndarsamninginn frá 1941.

Efni herverndarsamningsins frá 1941 var í fáum greinum, og honum fylgdi ekki svo nákvæmur samningur eins og viðbótarsamningurinn, sem fylgir þessum samningi. En ég verð þó að efast um, að með þessum samningi séu betur tryggðir hagsmunir Íslands og Íslendinga heldur en með herverndarsamningnum. Herverndarsamningurinn var þó gerður á stríðstíma og að vissu leyti með nauðung, a. m. k. var það upplýst, að sumir forráðamenn Íslands á þeim tíma hafi þótzt mjög nauðugir til að gera hann. En 5. gr. hans var svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Bandaríkin taka að sér varnir landsins Íslandi að kostnaðarlausu og lofa að bæta hvert það tjón, sem íbúarnir verða fyrir af völdum hernaðaraðgerða þeirra.“

En í 2. gr. þessa samnings, sem hér liggur fyrir, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ísland mun afla heimildar á landssvæðum og gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að í té verði látin aðstaða sú, sem veitt er með samningi þessum, og ber Bandaríkjunum eigi skylda til að greiða Íslandi, íslenzkum þegnum eða öðrum mönnum gjald fyrir það.“

Í herverndarsamningnum var lofað að bæta hvert það tjón, sem íbúarnir yrðu fyrir, og allar athafnir Bandaríkjahers á Íslandi skyldu vera Íslandi að kostnaðarlausu. Skv. þessum samningi er þessu alveg snúið við. Nú skal allt þetta Bandaríkjunum að kostnaðarlausu.

Í 3. gr. herverndarsamningsins er því lofað, að Bandaríkin hlutist ekki til um stjórn Íslands, hvorki meðan herinn er í landinu né síðar, og í viðbótarsamningi við þann samning er þetta tekið fram eins afdráttarlaust eða enn þá afdráttarlausar. Þar segir: „og með þeim fulla skilningi, að amerískt herlið eða sjóher, sem sendur er til Íslands, skuli ekki á nokkurn hinn minnsta hátt hlutast til um innanríkismálefni íslenzku þjóðarinnar.“

Í b-lið 1. gr. viðbótarsamningsins við varnarsamninginn eru tilsvarandi ákvæði. Þar segir: „Liði Bandaríkjanna og skylduliði liðsmanna á Íslandi ber að virða íslenzk lög og hafast ekkert það að, sem fer í bága við anda þessa samnings, og einkum skulu þeir forðast að hafa nokkur afskipti af íslenzkum stjórnmálum.“ — Liðsmenn og skyldulið þeirra skal forðast að hafa afskipti af íslenzkum stjórnmálum, en ekkert sambærilegt ákvæði er um það, að Bandaríkin sjálf og herstjórnin lofi að hlutast ekki á nokkurn minnsta hátt til um innanlandsmál Íslands.

Samanburður á þessum samningum gefur líka góða hugmynd um það, að samningsaðstaðan virðist hafa verið erfiðari nú í maí 1951 heldur en í miðju stríðinu 1941.

Í 4. gr. herverndarsamningsins skuldbinda Bandaríkin sig til þess að styðja hagsmuni Íslands á allan þann hátt, sem í þeirra valdi stendur. Ef nú er gengið út frá því, að þessi samningur og viðbótarsamningur, sem gerður var í maí í vor, eigi einnig að gilda á ófriðartímum, þá held ég, að það finnist ekki í honum neitt sambærilegt ákvæði þessu. En á þetta ákvæði herverndarsamningsins frá 1941 var lögð sérstök áherzla t. d. af atvmrh. þáverandi, Ólafi Thors, þegar flokksmenn hans á þingi 1941 létu í ljós vissa andstöðu við herverndarsamninginn. Og þetta væri vissulega höfuðatriði, ef þessi samningur á að gilda á stríðstímum eins og herverndarsamningurinn gerði 1941.

Í 4. gr. herverndarsamningsins skuldbundu Bandaríkin sig til þess að haga vörnum landsins þannig, að þær veiti íbúunum eins mikið öryggi og frekast er unnt og að þeir verði fyrir sem minnstum truflunum af völdum hernaðaraðgerða, og séu þær gerðar í samráði við íslenzk stjórnarvöld að svo miklu leyti sem mögulegt er. En í hinum nýja herverndarsamningi eru engin ákvæði um það, að herstjórn Bandaríkjanna sé skyldug til að taka tillit til óska íslenzkra stjórnarvalda um tilhögun hervarna, þar eru engin ákvæði um, að hervörnum skuli haga í samráði við íslenzk stjórnarvöld. En þetta er í mínum augum mjög mikið atriði, og skal ég koma að því í sambandi við brtt. mínar.

1. gr. herverndarsamningins frá 1941 er um það, að Bandaríkin skuldbindi sig til að hverfa héðan undireins og ófriðnum er lokið. Ef þessum nýja samningi er ætlað að gilda, eins og hann vafalaust mun gera, bæði í friði og ófriði, þá er uppsagnarákvæði hans á engan hátt sambærilegt við þetta, því að af því verður ekki annað ráðið en það, að þó að Íslendingar vildu segja upp samningnum í styrjaldarlok, þá yrði að bíða a. m. k. 18 mánuði eftir því, þangað til að hann félli úr gildi. Það yrði enn fremur að bíða eftir því, að ráð Atlantshafsbandalagsins gerði till. um það, hvort þessi samningur mætti falla úr gildi. — Það ber svo undarlega við, að þetta ákvæði — uppsagnarákvæði þessa samnings — er nærri því samhljóða ákvæði í samningi, sem gerður var milli Bretlands og Egyptalands 1936, þar sem var um að ræða herstöðvar við Súez. Þar var hliðstætt ákvæði, nema að því breyttu, að það atriði, að ef aðili óskaði endurskoðunar þess samnings, átti að bera það undir ráð Þjóðabandalagsins, hvort ástæða væri til þess, að Egyptar tækju við yfirráðum í sínu landi. Sá samningur hefur verið skýrður af Bretum á þann hátt, að vitanlega haldi samningurinn áfram og það bandalag, sem með honum var stofnað, jafnvel þó að ráð Þjóðabandalagsins, sem Egyptaland var tekið í, mælti með því eða teldi ástæðu til að endurskoða samninginn, af því að þetta bandalag og samstjórn Breta og Egypta á þessu svæði væri ekki háð samþykktum Þjóðabandalagsins. Ef ráð Atlantshafsbandalagsins teldi nú ekki rétt, að þessi samningur félli niður, mundu þá þeir menn,

sem hafa komið Íslandi í Atlantshafsbandalagið, telja ráðlegt, að það væri farið gegn till. ráðs þess bandalags? En hvað er ráð Atlantshafsbandalagsins? Eins og ráð Þjóðabandalagsins var fyrst og fremst Bretland, þá er ráð Atlantshafsbandalagsins fyrst og fremst Bandaríkin. Ef þau telja ekki ráðlegt, að amerískt herinn fari af Íslandi, þá er óliklegt, að ráð Atlantshafsbandalagsins geri till. um það, að svo skuli vera, svo að ég held, að með því uppsagnarákvæði, sem fylgir þessum samningi, þá geti hann orðið nokkuð langær og nokkuð torsótt að komast undan honum. En það er, eins og við andstæðingar þessa samnings höfum bent á í nál., alkunnugt, að Bandaríkin hafa árum saman talið það sína hagsmuni að hafa herstöðvar á Íslandi. Það er sú staðreynd, sem við þurftum að gera okkur ljósa, þegar er þær kröfur komu fram, að það yrði erfitt að standa á móti þeim. Þegar Bandaríkin gerðu slíkar kröfur til Íslands árið 1945 og héldu því fram, að það væri þeim nauðsynlegt að hafa hér herstöðvar, þá var það mín sannfæring, að þau mundu ekki hverfa fljótt frá þeim kröfum né láta þær niður falla. Úr því að þau dirfðust að láta það í ljós frammi fyrir heiminum, að þau vildu fá hér herstöðvar í 100 ár, á sama tíma sem þau áttu skv. gerðum samningum að vera horfin burt af Íslandi með her sinn frá stríðsárunum, þá var augljóst, að hershöfðingjar Bandaríkjanna teldu nauðsynlegt, hvað sem það kostaði, að fá því framgengt, að Bandaríkin fengju herstöðvar hér, og mundu ekki fljótlega hverfa frá þeirri kröfu. Það er þetta, sem verið er að gera, og það verður ekki horfið frá því í bráð. Það eru ekki nema 6 ár síðan kröfur komu fram um þetta, og það er enn unnið að því í Bandaríkjunum með ýmsum ráðum að hafa herstöðvar á Íslandi í friði og ófriði næstu 100 árin, vegna þess að herveldi, sem telur það bráðnauðsynlega hernaðarlega hagsmuni sína að hafa herstöðvar í einu landi, er ekki strax horfið frá því. Allar líkur benda til þess, að Bandaríkin haldi áfram að vera þeirrar skoðunar, að herstöðvar á Íslandi séu þeim nauðsynlegar. Þetta er sú staðreynd, sem við þurfum að gera okkur ljósa og sameinast um að standa gegn, því að í mínum augum er það ekki aðeins sú hætta, sem af veru herliðsins sjálfs stafar um skemmri tíma, sem er aðalhættan í þessu sambandi, heldur hitt, að stórveldi telur sér nauðsynlegt um langan, ófyrirsjáanlegan, ókominn tíma að hafa tök og völd í þessu landi vegna sinna hagsmuna.

Ég vil nú fara nokkrum orðum um þær brtt., sem ég hef flutt, en ég tel þær svo ljósar, að þær þurfi varla skýringar við.

Fyrri till. er um það, að samningssvæðin verði ákveðin að lögum. Það er ótækt, að þessi svæði skuli ekki vera tiltekin í samningnum. Ég tel það sjálfsagt, að það sé Alþ., en ekki ríkisstj., sem ákveður, hvar íslenzk lög skuli gilda og ekki gilda á Íslandi, og ég tel, að á friðartímum þurfi það ekki að vera neitt hernaðarleyndarmál, hver þessi svæði eru. Það mætti kannske segja, að á ófriðartímum væri ástæða til þess, en alls ekki nú.

Önnur brtt. mín felur í sér, að það verði skýrt tekið upp í samninginn, að ekki verði undir neinum kringumstæðum gerðar árásir að fyrra bragði frá Íslandi. Ég stend í þeirri trú, að það sé tvímælalaust vilji íslenzku þjóðarinnar, að Ísland verði ekki notað til árása. Ég er reiðubúinn að viðurkenna, að á meðan Ísland hélt uppi hlutleysi, sem ég tel og hef alltaf talið langæskilegast, þá breyttust viðhorf manna, þegar árásir voru gerðar á skip hlutlausra ríkja, og menn komust á þá skoðun, að hin hlutlausu ríki hefðu leyfi til að leita til varnaraðila til að halda uppi nauðsynlegum samgöngum. Ég tel því, að um árás sé að ræða, ef ráðizt yrði á íslenzk skip eða loftför fjarri heimalandi sínu, þar sem þau eru í löglegum erindagerðum.

Síðasta hluta síðari till. minnar tel ég langþýðingarmestan, en þar segir: „Flugárásir á önnur lönd með kjarnorkuvopnum er með öllu óheimilt að gera frá Íslandi, nema landið hafi áður orðið fyrir slíkri árás.“ Það er kunnugt, að hernaðaráætlun Atlantshafsbandalagsins byggist að sumu leyti á kjarnorkuárásum með flugvélum til annarra landa. Ég álít það því ekki tilefnislaust, að slík till. komi fram, né ástæðulaust, að þetta komi fram í samningnum. Það er kunnugt, að Bandaríkjamenn hafa í Bretlandi stöðvar, sem þeir ætla til kjarnorkuárása, en nú eru uppi miklar kröfur um það í Bretlandi, að Bretar búi svo um, að þeir geti bannað árásir frá þessum stöðvum, vegna þess að þeir óttast, að ef þær yrðu notaðar til árása, þá kalli þær árásir í sömu mynt yfir Bretland. Það er því enn ríkari ástæða en ella að fá þetta ákvæði inn í samninginn, því að ef svo færi, sem allt útlit er fyrir, að Bandaríkjamönnum yrði bannað að gera kjarnorkuárásir frá stöðvum í Bretlandi, þá liggur það beinast við, að þeir fái augastað á Íslandi.

Að síðustu vil ég benda á það, að þessar till. eru í fullu samræmi við yfirlýsingu ríkisstj. þegar samningurinn var gerður, þar sem lýst var yfir, að hér væri eingöngu um varnarsamning að ræða og stöðvar hér yrðu aðeins notaðar í varnarskyni. Ég álít því, að þetta megi koma inn í frv. sjálft, því að ég get ekki séð, að neinn hafi á móti því, að það, sem aðilar eru sammála um, komi inn í samninginn.

Ég vona svo, að hv. þdm. taki ekki á sig þá ábyrgð að fella till. mínar.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Hv. frsm. minni hl. hefur gert grein fyrir sínum skoðunum. Segja má, að þar hafi komið fram ýmsar skarplegar rökfærslur, en gallinn er sá, að þær hvíla allar á röngum forsendum, og er því um rangar ályktanir að ræða. Hv. frsm. vildi halda því fram, að varnarsamningur sá, sem hér liggur fyrir til umræðu, skerti sjálfstæði landsins og væri líkastur þeim samningum, er stórveldin beittu gegn Súdan, Egyptalandi og fleiri ríkjum. Sannleikurinn er hins vegar sá, að slík dvöl varnarliðs eins og er hér er einnig í þeim ríkjum, sem engum dytti í hug að segja um, að misst hefðu sjálfstæði sitt. Það er kunnugt, að Bandaríkin hafa margar flugstöðvar í Bretlandi og miklu meira lið en

þeir hafa hér á landi. Sama er að segja í Frakklandi, bæði í heimalandinu og eins í löndum Frakka í Norður-Afríku. Svipað má segja um Þýzkaland. Það má að vísu halda því fram, að lið það, sem þeir hafa þar nú, hafi þeir sem sigurvegarar, en vitað er, að Þjóðverjar sækjast eftir því, að þetta lið haldi áfram að vera þar, jafnvel eftir að sú breyting á stjórnskipun landsins, sem fyrirhuguð er, er komin á. Það má því ætla eftir ummælum hv. frsm. minni hl. (FRV), að þessi ríki hefðu misst sjálfstæði sitt, en engum hefur dottið í hug, að þessi dvöl varnarliðs hafi á neinn hátt skert sjálfstæði þessara ríkja, og sannleikurinn er samt sá, að það er að ýmsu leyti verr um hnútana búið hjá þessum ríkjum en okkur, — svo að ekki sé nú talað um löndin í Austur-Evrópu, þar sem Sovétríkin hafa alls staðar setulið, t. d. í Finnlandi, sem eftir kenningu hv. þm. hefði þá átt að hafa misst sjálfstæði sitt. Sama er að segja um Pólland, Rúmeníu, Búlgaríu og Ungverjaland. Í öllum þessum ríkjum er rússneskt setulið, og hefur ekki heyrzt, að þessi hv. þm. eða flokksbræður hans hafi haldið því fram, að þessi ríki hafi misst sjálfstæði sitt af þessum sökum.

Það er einkennilegt að heyra þennan hv. þm. tala nú um og skýra Atlantshafsbandalagið. Það er kunnugt, að hann var því andvígur og hann og skoðanabræður hans héldu því fram, að það ætti að vera á móti inngöngu Íslands í það, vegna þess að það legði skuldbindingar á þjóðina. Eftir því sem þessi hv. þm. segir nú, þá er á honum að heyra, að svo hafi ekki verið, en þótt sá samningur væri allt öðruvísi en þessi hv. þm. og aðrir andstæðingar samningsins vildu halda fram, þá hafði hann í sér fólgna skuldbindingu fyrir íslenzka ríkið, og hv. þm. komst ekki hjá því að minnast á, í hverju sú skuldbinding var fólgin, en hún var sú að láta bandalaginu í té á ófriðartímum svipaða aðstöðu og Bandaríki Norður-Ameríku höfðu hér á landi í síðustu styrjöld. Nú má deila um tvennt í þessu sambandi, en það er, hvenær eigi að fullnægja þessum skyldum, og í öðru lagi, hver eigi að ákveða, hvenær þeim verður fullnægt. Hv. þm. las upp mörg ummæli eftir mig frá 1949 um það, að það væri íslenzka ríkið, sem hefði þar ákvörðunarvald. Þetta er rétt. Það var íslenzka ríkisstj., sem réð því, að varnarliðið kom til landsins, og þótt aðrir hefðu þar tillögurétt, þá hafði íslenzka stjórnin þar úrslitavald, og varnarliðið hefði ekki komið hingað, ef stjórnin hefði ekki samþ. það.

Hins vegar er svo að skilja á hv. þm. og ýmsum öðrum, að framkvæmdavaldið, þ. e. a. s. ríkisstj. og forseti væru ekki réttir aðilar, samþykki Alþingis þyrfti einnig við samningsgerðina. Við skulum láta það vera svo og segja, að samþykki Alþingis hefði þurft. Eina afleiðing þess yrði þá sú, að samningurinn yrði ógildur, þangað til hann yrði endanlega samþykktur af Alþingi, en hann verður jafnskjótt gildur og hann hefur hlotið samþykki Alþingis, og ef nú svo fer sem allt bendir til, að Alþ. samþykki samninginn, þá er óþarfi að deila um stjórnskipulegan rétt hans. Það skiptir því ekki máli um gildi samningsins, er Alþingi hefur samþykkt hann í því frv.-formi, sem ríkisstj. hefur lagt hann hér fram. Ef ríkisstj. hefði, eins og hv. þm. vill halda fram, borið skylda til að leita samþykkis Alþ. áður en samningurinn var undirritaður, þá er ekki annað hægt að gera en koma fram ábyrgð á hendur stjórninni. En ríkisstj. leit öðrum augum á þessa stjórnskipulegu hlið. Það var álit hennar og þeirra sérfræðinga, sem hún hafði sér til aðstoðar við samningsgerðina, og það var einnig skoðun meginþorra þeirra alþingismanna, er til voru kvaddir, að ekki þyrfti að leita samþykkis Alþingis, þar eð varnarsamningurinn væri aðeins framkvæmd á samningnum um Atlantshafsbandalagið. Ef Atlantshafsbandalagssamningurinn hefði ekki verið til, hefði orðið að leggja samninginn, áður en hann yrði gildur, fyrir Alþingi, en vegna þess að Atlantshafsbandalagssáttmálinn var til, var það álit okkar, að hann væri nægileg heimild til samningsgerðarinnar, og þá verður að athuga, að vitanlega er ríkisstj. bæði skylt og heimilt að rannsaka, hvenær atvik séu slík, að skuldbindingar Atlantshafsbandalagsins nái til eða ekki, því að ástandið getur verið þannig, að það sé aðeins á hennar valdi að finna, hvenær landinu sé hætta búin. Atlantshafsbandalagið varð til vegna þess, að hætta var talin yfirvofandi, og forseti og ríkisstj. eru einu aðilarnir, sem geta með skjótum hætti metið, hvort slík hætta vofir yfir eða ekki. Það var því eingöngu á valdi ríkisstj. og forseta að ákveða, hvort slík skilyrði væru fyrir hendi, að Íslendingar tækju á sig þær kvaðir, sem fylgja þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu.

Nú er það eftirtektarvert, að hv. þm. byggir allan sinn málflutning á því, að engar skuldbindingar hvíla á okkur samkvæmt bandalagssáttmálanum fyrr en árás hafi verið gerð. Eftir þeim kenningum ætti stjórninni að vera óheimilt að aðhafast neitt, fyrr en árás hefði verið gerð á einhvern samningsaðilann og þá ef til vill á Ísland sjálft. Nú er það vitað, að vegna hins illa útlits í alþjóðamálum hafa öll ríki eflt varnir sínar nema Ísland, svo að segja mátti, að Ísland væri eina landið, sem var algerlega varnar- og vopnlaust. Það sýndi sig í Kóreu, að varnarleysið bauð innrásinni heim. Það er því greinilegt, að ef ekkert mátti gera fyrr en árás hefði verið gerð, var sama sem verið að bjóða til innrásar og leiða meiri hættu yfir Ísland en nokkurt annað land. Það var því ekki hægt að taka þessu á þennan hátt, og eins og ég hef áður sýnt fram á, þá varð það að vera á valdi forseta og ríkisstj. að meta það og slá því föstu — ekki hvort árás hefði verið gerð, heldur hvort árás væri svo yfirvofandi, að óhjákvæmilegt væri að gera eitthvað í varnarskyni. Mér hefur aldrei dulizt, að ríkisstj. hafði bæði rétt og skyldu til að fara svo að í þessu máli. Og það var ekki aðeins álit stj., heldur einnig sérfræðinga hennar og þeirra alþm., sem settir voru inn í málið.

Að öðru leyti má segja, að þó að gaman sé að ræða við hv. þm. um þessi mál, þar sem hann ræðir þau af skarpskyggni út frá sínu sjónarmiði, þá sé þessi deila um stjórnskipuleg við-

horf deila um keisarans skegg, því að með samþykki Alþ. nú fær samningurinn fullt gildi, þó að hv. þm. sanni út frá sínum sjónarmiðum, að samningurinn hafi áður verið ógildur. Hvernig sem þessu er velt, er því ekki hægt að deila um það, að samningurinn verður endanlega fullgildur, þegar Alþ. hefur samþ. hann. Með endanlegri afgreiðslu málsins á Alþ. ætti því þessi deila að vera úr sögunni.

En það, sem skiptir mestu máli, er það, hvort ástandið í heimsmálunum er þannig, að ástæða sé til þess að halda uppi vörnum. Hv. þm. vildi láta líta svo út, að það væri hreinn óþarfi, því að eftir að Mac Arthur hefði verið vikið frá störfum, væri hættan á heimsstyrjöld vegna Kóreustríðsins liðin hjá og við þar með úr allri hættu. Þarna kemur það fram, sem okkur ber á milli, en það er, hvort hættan af árás stafar frá Bandaríkjunum eða það er annar aðili, sem árásarhættan stafar frá. Það leiðir af því, sem hv. þm. sagði, að hann er þeirrar skoðunar, að hættan stafi frá Bandaríkjunum, en meginhluti Alþ. og meiri hluti þjóðarinnar hefur allt aðrar skoðanir á þessum málum, enda eru til sannanir fyrir því, hvaðan þessi hætta stafar.

Við skulum vona, að sættir komist á. Allir hafa ástæðu til að vona það, en enginn hefur þó meiri ástæðu til þess en Íslendingar. En það er því miður ekki hægt að halda því fram, að nú sé friðvænlegra í heiminum en var vorið 1949. Það er vitanlegt, að allar lýðræðisþjóðir tóku á sig stórauknar byrðar eftir að Kóreustyrjöldin hófst. Það getur verið, að hv. þm. viti betur, en ég efast um, að hann hafi svo nánar fregnir, að hann geti sagt, að þessi árás hafi verið stöðvuð. Hinar frjálsu lýðræðisþjóðir telja sig ekki hafa fengið sannanir fyrir því.

Við verðum því að slá því föstu, að mikil og óvænt hætta hafi komið í ljós, er árásin var gerð á Suður-Kóreu, en hún bar vott um kaldrifjaðri óskammfeilni en búizt hafði verið við.

Það dylst engum, að á slíkum hættutímum er óverjandi að láta land sitt vera óvarið, enda er það skoðun meiri hluta íslenzku þjóðarinnar.

Hv. þm. vitnaði til ummæla Eisenhowers hershöfðingja, er hann á að hafa viðhaft í ágúst, að Atlantshafsbandalagsríkin væru nú þegar búin að koma sér upp svo miklum herstyrk, að ekki væru líkur til þess, að á þau væri ráðizt. Þó að hv. þm. hafi lesið þetta í Times, er hér áreiðanlega um misskilning að ræða. Það er hugsanlegt, að Eisenhower hafi sagt, að Atlantshafsbandalagsríkin hefðu möguleika til að vígbúa sig og sækja í sig kraft, ef til styrjaldar kæmi, svo að óhugsandi væri, að Sovétríkin gætu unnið í langri styrjöld. En jafnvel þótt Eisenhower hefði sagt þetta, er hitt staðleysa, þó að hv. þm. hafi það eftir Times, því merkilega blaði. Hv. þm. var í mörg ár blaðamaður, og ég efast ekki um það, að hann hefur aldrei viljað, að hallað væri á sannleikann, en þó að honum hafi sjaldan skotizt í þeim efnum, er ekki nema von, að það geti hent Times.

Ég sé, að í Þjóðviljanum er það haft eftir Manchester Guardian — ég hef ekki séð það í Manchester Guardian — að Eisenhower hafi heimtað 20 þús. menn frá Íslandi til myndunar herdeildar. Ég get ekki sagt annað en það, að ef þetta er rétt, þá er það í fyrsta skipti, sem Eisenhower hefur komið fram með þá ósk. Það er sjaldgæft, að blöð hafi milligöngu í slíkum málum, og er auðséð, að þessi fregn hefur ekki komið eftir réttri leið, þó að Manchester Guardian sé bezta blað í heimi. Hér er málum blandað, og gildir í því efni hið sama um bæði blöðin, sem vitnað hefur verið til. Eitt er víst, að Eisenhower, er ég heyrði í Róm, hélt öðrum skoðunum fram um styrk beggja aðila en hv. þm. segir að komið hafi fram í Times.

Það kemur líka í ljós, að mörgum getur skotizt yfir. Hv. þm. er búinn að finna það út, að samningurinn hafi ekki verið gerður vegna þess, að varnarleysið hefði hættu í för með sér fyrir Ísland, heldur vegna þess, að Bandaríkjamenn hefðu séð, að Keflavíkursamningurinn mundi falla úr gildi við þá breyttu stjórn á Þýzkalandi, sem fyrirhuguð er. Þannig hefðu þm. verið ginntir til að gera þennan samning. Nú segir svo, með leyfi hæstv. forseta, í 12. gr. samningsins frá 1946:

„Samningur þessi skal gilda á meðan á stjórn Bandaríkjanna hvílir sú skuldbinding að halda uppi herstjórn og eftirliti í Þýzkalandi.“

Ég veit ekki, hve glöggar fregnir hv. þm. hefur af ráðagerðum Bandaríkjastjórnar gagnvart Þýzkalandi, en samkvæmt þeim gögnum, sem ég hef, hefur það ekki komið til mála, að Bandaríkjamenn flyttu burt frá Þýzkalandi, og meðan þeir halda uppi eftirliti þar, þá gat það ekki verið álitamál, að samningurinn héldi gildi sínu. Auk þess er það víst, að Bandaríkjamenn ætla sér ekki að semja um þessi mál við Þjóðverja, heldur byggja á Potsdamsamþykktinni, eins og gert hefur verið til þessa. Hitt er svo allt annað mál, að þeir ætla að hætta að hafa occupations-stjórn yfir þeirra civil-málum, eftir sem áður ætla þeir að halda áfram að hafa herlið í landinu. Allar bollaleggingar hv. þm. um þetta eru því úr lausu lofti gripnar.

Eins er um það, að Churchill ætli að banna Bandaríkjamönnum að hafa flugstöðvar í Bretlandi, eins og hv. þm. segir í nál. sínu. Eftir ummælum Churchills sjálfs að dæma er þetta rangt, því að hann bendir á, að Bretar láti þessi hlunnindi í té vegna þess, að það sé nauðsynlegt vegna heimsfriðar og öryggis.

En það er ekki nema von, að margt skolist til hjá hv. þm.

Út yfir tók þó, þegar hv. þm. fór að tala um brottfall samningsins og útskýra ákvæði samningsins milli Bretlands og Egyptalands, sem hann sagði að líktust ákvæðum þessa samnings. Ég held, að betra væri að gera sér grein fyrir ákvæðum samningsins milli Íslands og Bandaríkjanna. Íslendingar geta, frá því að þeir fyrst bera fram ósk um það, losnað við samninginn að 18 mánuðum liðnum. Ef Íslendingar telja, að ástandið í heimsmálunum hafi breytzt svo, að landið eigi að vera varnarlaust, geta þeir sagt þessum samningi upp með 18 mánaða uppsagnarfresti. Hv. þm. brá sér á skeið og sagði, að ef ráð Atlantshafsbandalagsins teldi það óráðlegt, að samningurinn félli úr gildi að 18 mánuðum liðnum, þá mundu Íslendingar telja það líka. Aðalatriðið

er, að réttarlega séð er það öruggt, að Íslendingar geta sagt samningnum upp og losnað við hann eftir 18 mánuði, ef þeir óska þess. Þetta stendur skýlaust í greininni, en hv. þm. byggir á svo mörgum skökkum forsendum, að hann góða greind kemst ekki að.

Hv. þm. fór að bera saman ýmis ákvæði þessa samnings og samningsins frá 1941. Sannleikurinn er sá, að í samningnum frá 1941 var ýmislegt tekið fram, sem kannske var óþarft, en þótti réttara, því að Ísland var þá hernumið land og hafði ekki endurheimt sitt gamla sjálfstæði. Þá þótti því ástæða til að taka ýmislegt fram, sem ekki þykir ástæða til að taka fram nú. En Ísland heldur öllum sínum rétti, engu hefur verið afsalað með þessum samningi. Ef borið er saman orðalag samningsins frá 1941 og orðalag þessa samnings, þá sést, að mjög miklar hömlur eru lagðar á Bandaríkin með þessum samningi og að réttur okkar er meiri en hann var samkvæmt samningnum 1941. Það hefur líka komið í ljós, að þó að margt hafi verið gagnrýnt, hafa einstök samningsatriði ekki verið gagnrýnd svo mjög og flestum finnst að vel hafi tekizt hvað þau varðar. Þess ber einnig að gæta varðandi þetta atriði, að 1941 var Ísland hernumið land, en nú erum við jafnréttháir og viljum ekki koma fram eins og betliaðili í samningum.

Varðandi brtt. hv. þm. er það að segja, að hann hefur reynt að setja upp áferðarfallegar till., en þær eru að því leyti óþarfar, að tekið er fram í samningnum sjálfum, að hann sé varnarsamningur, og réttur Íslands er þar tryggður, svo að ekki þarf frekari túlkun á því í lögum. Till. hv. þm. eiga að girða fyrir árás frá Íslandi, en þetta er varnarsamningur, eins og margtekið er fram, og vitanlega hvílir fylgi manna við samninginn á því, að hann er varnarsamningur. Hitt er ekki undarlegt, að þeir, sem telja þennan samning vera árásarsamning, geti ekki verið honum fylgjandi. Þar er um svo mikinn skoðanamun að ræða, að það bil verður ekki brúað.

Frsm. minni hl. (Finnbogi R. Valdimarsson): Herra forseti. Hæstv. utanrrh. lauk máli sínu með því að segja, að svo mikið djúp væri milli skoðana okkar, að það yrði ekki brúað. Þess sé því ekki að vænta, að brtt. mínar séu bornar fram í sama anda og samningurinn, sem hér liggur fyrir. Það má vera, að ég hafi aðra skoðun en hann virðist hafa á fyrirætlunum Bandaríkjanna, eins og þær hafa komið í ljós í ótvíræðum yfirlýsingum og kröfum til Íslendinga um það, að þau vilji hafa og þykjast þurfa að hafa hér herstöðvar næstu 100 árin. Ég held, að vissir menn vilji reyna að gleyma þessum staðreyndum, og ég er á þeirri skoðun, að Bandaríkin muni leita ýmissa ráða til að koma fram þessum vilja sínum gagnvart okkur, en reyni að láta þær aðgerðir líta nógu sakleysislega út, þótt þær hafi þann tilgang að ná þeim ítökum, sem Bandaríkin telja nauðsynlegt að hafa hér á landi. Þarna er að finna meginskoðanamuninn á milli mín og hæstv. ráðh. Meginskoðanamunurinn milli mín og stuðningsmanna þessa frv. er sá, að þeir álíta, eins og hv. frsm. meiri hl. varnarsamningsnefndar sagði í kvöld, að hið bandaríska herlið sé nauðsynlegt til að verja sjálfstæði landsins, en ég held, að það sé mjög hættulegt sjálfstæði landsins. Og mín skoðun samrýmist einmitt skoðun hæstv. ráðh. og annarra stuðningsmanna þessa frv., eins og hún var til skamms tíma, að það væri stórhættulegt að hafa hér her á friðartímum, en þeir eru bara búnir að snúa við blaðinu núna.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri hin mesta firra að halda því fram, að sjálfstæði Íslands væri skert með þessum samningum, og benti hann á máli sínu til stuðnings, að það væri amerískt herlið í Bretlandi og Frakklandi og hefði verið síðan stríðinu lauk. Það gegnir allt öðru máli um þetta herlið, þar sem það eru eftirstöðvar af herliði stríðsáranna, og því er það alls ekki sambærilegt við okkar herlið. Bretar og Frakkar hafa ekki falið Bandaríkjunum hervarnir sinna landa, eins og við höfum gert, og það er reginmunur.

Þá taldi hæstv. ráðh., að dvöl ameríska herliðsins hér væri sambærileg við það, að bandamenn hafa haft síðan stríði lauk og hafa enn herlið í sigruðum löndum, og minntist á Þýzkaland í þessu sambandi. Nú veit ég, að hæstv. ráðh. hefur alls ekki meint það, sem hann sagði. Það herlið, sem dvelst í Þýzkalandi, er þar beinlínis samkvæmt samningum, sem bandamannaríkin gerðu sín á milli eftir stríðið til þess að tryggja það eða að reyna að tryggja það, að Þýzkaland risi ekki upp aftur sem stórt herveldi. Og þegar hæstv. ráðh. talar um rússneskt herlið í Þýzkalandi í þessu sambandi, þá er það vitanlega öldungis ósambærilegt við hið bandaríska herlið hér, þar sem herlið Rússa dvelur þar samkvæmt samningum, sem bandamannaríkin gerðu sín á milli, og ég hef ekki haft fregnir af því, að rússneska herliðið hafi gengið þar feti framar en leyfilegt er samkvæmt þeim samningum. Þessi samanburður hæstv. ráðh. var því alveg út í loftið.

Þá ræddi hann um afstöðu mína til Atlantshafsbandalagssamningsins og taldi mig og aðra andstæðinga þess samnings hafa alveg snúið við blaðinu. Í öllu því, sem ég hef sagt um þann samning, hef ég verið að benda á skýringar þær, sem hæstv. ráðh. gaf á samningnum, þegar hann var gerður. Á þeim skýringum hef ég byggt minn málflutning hér í kvöld, að ef þær skýringar hæstv. ráðh. voru réttar, þá leiddi ekki af samningnum þá skyldu fyrir Íslendinga að ganga til þessa samnings, sem nú liggur fyrir, um herlið á friðartímum. Hins vegar vildi ég ekki trúa því, er Atlantshafssamningurinn var gerður, að öruggt væri, að það yrði aldrei farið fram á það af Atlantshafsbandalaginu, að hér yrði her á friðartímum, og reynslan hefur sýnt, að þessu var ekki trúandi. En hæstv. ráðh. lét þá svo, að til þessa kæmi aldrei. — Hæstv. ráðh. minntist á það, að í sambandi við inngönguna í Atlantshafsbandalagið hefði hann og meðráðh. hans lofað því, að ef til ófriðar kæmi, þá yrði Bandaríkjunum veitt svipuð aðstaða hér á landi og þau höfðu í síðasta stríði. Það, sem ég lagði áherzlu á í minni ræðu, voru þessi

loforð hæstv. ráðh., að ef til ófriðar kæmi, þá skyldi þessi aðstaða veitt, en nú hefur hún þegar verið veitt, án þess að til ófriðar sé komið, því að ég veit, að hæstv. ráðh. geta ekki talið, að nú sé komið til ófriðar. Þótt skilgreining á því, hvað sé ófriður og hvað ekki, kunni að valda ágreiningi, þá verður því ekki mótmælt, að til ófriðar á sama hátt og árið 1941 er ekki komið. Á þessum atriðum hef ég byggt minn málflutning hér í kvöld.

Þá vék hæstv. ráðh. að skoðun minni á gerð þessa samnings, og þótt hann færi viðurkenningarorðum um rök mín í því sambandi, vildi hann ekki fallast á niðurstöður mínar, því að þegar Alþ. hefði staðfest þennan samning, tæki hann sitt gildi, en hann efaðist um, að hann hefði gildi fyrr. Þetta sagði ég einmitt, að ég gerði ráð fyrir, að gengið yrði út frá því, að samningurinn tæki ekki sitt gildi fyrr en Alþ. hefði samþ. hann, en stjórnskipulega séð breytir þetta engu, því að Alþ., með því að samþ. samning, sem gerður var fyrir sjö mánuðum, gefur hér fordæmi, sem hefur stjórnskipulega þýðingu. Það er hægt að breyta stjórnskipulagi í einu landi án þess að breyta stjórnarskránni, og ef Alþ. staðfestir þennan samning nú, löngu eftir að hann hefur verið gerður, er það með þeim hætti að breyta stjórnskipulaginu. Það verður hægt að vitna til þeirrar aðgerðar síðar. Og einn hv. nefndarmanna í varnarsamningsnefnd vildi meira að segja halda því fram, að samningurinn mundi hafa sitt gildi í 18 mánuði frá því hann var gerður, þótt Alþ. samþ. hann ekki. Ég vildi við 1. umr. þessa máls leggja sérstaka áherzlu á það, hve varhugavert væri að samþ. þennan samning, vegna þess að það hefði þá stjórnskipulegu þýðingu, sem mundi felast í þessu fordæmi, að hægt væri að gera samninga slíka sem þennan án þess að hafa samþykki Alþ. til þess. Hæstv. ráðh. reyndi að láta sýnast sem svo, að ég teldi, að ríkisstj. hefði verið óheimilt að gera ráðstafanir til varnar Íslandi, ekki aðeins af stjórnskipulegum ástæðum, heldur og að henni hefði verið óheimilt að gera nokkuð til varnar Íslandi, eins og hann sagði. Þetta er ekki rétt túlkun á mínum orðum. Ég hef aðeins haldið því fram, að það hafi ekki hvílt nein skylda á Íslendingum samkvæmt Atlantshafsbandalagssamningnum að ganga til þessa samnings, eins og hv. frsm. meiri hl. og fleiri hafa viljað halda fram. Hitt er svo annað mál, hvaða ábyrgð ríkisstj. var reiðubúin til að taka á sig í þessu efni og hvaða mat hún lagði til grundvallar því, að rétt væri að gera þessar ráðstafanir. Ég hef beðið eftir því, að hæstv. ríkisstj. sýndi fram á, hvaða ástæður lágu til grundvallar því, að hún gerði ráð fyrir yfirvofandi styrjöld. Ég hef haldið, að ríkisstj. hljóti að hafa metið svo styrjaldarhættuna, að óumflýjanlegt væri annað en gera þær ráðstafanir, sem áður var ekki gert ráð fyrir að gera fyrr en út í ófrið væri komið. Mat hæstv. ráðh. og annarra stuðningsmanna þessa samnings á ástandinu í heiminum í vor hlýtur að hafa verið það, að heimsstyrjöld væri sama sem skollin á. Og hverjar voru ástæðurnar fyrir slíku mati? Hvaða ástæður lágu fyrir því, að hæstv. ríkisstj. hélt, að styrjöld væri yfirvofandi? Hvað getur réttlætt það spor, sem hún steig þá, því að ríkisstj. hafði ekki gert ráð fyrir því 1949, þegar Atlantshafssamningurinn var gerður, að stíga slíkt spor fyrr en ófriður væri skollinn á? Sé nokkurt mark takandi á yfirlýsingum hæstv. utanrrh. og félaga hans frá 1949, virðist það ótvírætt, að hæstv. ráðh. töldu ástandið í vor samsvara því, að ófriður væri skollinn á.

Hæstv. ráðh. mun ekki geta sannað það, að Keflavíkursamningurinn hafi ekki átt að falla úr gildi, þegar skylda Bandaríkjanna til að halda uppi herstjórn í Þýzkalandi félli niður. Þegar sú skylda var útrunnin, féll niður forsendan fyrir Keflavíkursamningnum, og það voru einmitt þau rök, sem urðu til þess, að menn samþ. þann samning, að þarna væri þannig ástatt fyrir Bandaríkjunum, þar sem þau væru skyld til að halda uppi hernámi í Þýzkalandi, að annað væri ógerningur en veita þeim þessa aðstöðu; þau þyrftu óhjákvæmilega að hafa hér flugstöðvar, svo að þau gætu haldið uppi flugsambandi milli Bandaríkjanna og Þýzkalands vegna þessarar skyldu sinnar. Það, sem gerist svo við það, að hernámsreglugerðin í Þýzkalandi fellur úr gildi, er það, að Bandaríkin eru ekki lengur skyld til að hafa áfram her í Þýzkalandi, þótt þau hafi her þar áfram, en sá her er þar ekki sem hernámslið Bandaríkjanna. Bandaríkin höfðu fulla ástæðu til að ætla, að Íslendingar vildu losna við Keflavíkursamninginn, og ef ekki yrði búið að gera annan samning fyrir þann tíma, þegar hann félli úr gildi, vegna þess að skylda Bandaríkjanna til herstjórnar og eftirlits í Þýzkalandi félli niður, var sýnilegt, að ítök Bandaríkjanna, sem þau hafa samkv. Keflavíkursamningnum, mundu glatast.

Hæstv. ráðh. mótmælti því, að þau ummæli, sem ég hafði eftir Eisenhower, hefðu stuðzt við góðar heimildir, en ég sé þó ekki ástæðu til að fara að endurtaka þær góðu heimildir hér. Mér þykir trúlegt, að mér gefist tækifæri einhvern tíma síðar til að sýna hæstv. ráðh., að þessi ummæli stóðu í Times í sumar, þann 14. ágúst. — Þá vildi hann rengja það, að Churchill hefði í huga að setja reglur um herstöðvarnar í Bretlandi, sem bönnuðu kjarnorkuárás á önnur lönd frá þeim stöðvum. Ég held það hafi verið í Manchester Guardian, sem ég sá þetta, en þar var birt eins konar prógram í þrem liðum, þegar Churchill tók við stjórnartaumunum. En ég hef hér hjá mér blað, sem þrír ráðh. í verkamannaflokksstj. gáfu út sem sína stefnuskrá fyrir kosningarnar í Bretlandi, þar sem sett er fram sú krafa, að brezka stjórnin geri Bandaríkjunum ljósan óskoraðan rétt sinn til að banna amerískum flugvélum að fara til árása frá þessum stöðvum nema með leyfi brezku stjórnarinnar. Þetta var á þeirra stefnuskrá, og þetta er krafa fjölda manna í Bretlandi, og það er vegna þess, að þau ár, sem liðin eru síðan styrjöldinni lauk, hefur brezku þjóðinni orðið það betur og betur ljóst, að viðhorfið í þessum málum er allt annað en það var í síðasta stríði. Brezka þjóðin tók á móti flugárásum í

síðasta stríði, en mönnum er það nú ljóst, að ef slíkar árásir yrðu gerðar á hana með atómvopnum, mundi það kosta líf hennar. Ég held því, að það muni koma á daginn, að það verði settar reglur um það, að Ameríkumönnum verði ekki leyfilegt að fara í árásarflug frá brezkum stöðvum, samsvarandi reglur og ég legg til að við setjum, að ekki verði leyfilegt að fara í árásarflug frá okkar landi. Og ég álít, að þótt okkar land sé strjálbýlla en Bretland, þá megum við ekki frekar verða fyrir slíkum áföllum sem sprengjuárásir geta haft í för með sér og eiga það á hættu, að okkar þjóð verði þurrkuð út. Við höfum síðasta áratuginn verið að gera tilraun til að hefja nýtt þjóðlíf hér á landi, m. a. með því að stofna sjálfstætt ríki. Við vitum ekki enn, að hve miklu leyti það tekst. En við vitum, að við megum ekki við slíkum áföllum. Og því eigum við ekki að blanda okkur inn í hersamtök við aðrar þjóðir, sem gætu leitt af sér þau áföll, sem við megum ekki við.

Ég ætla ekki að fara að deila öllu meira við hæstv. ráðh. um þetta mál. Ég hef gert grein fyrir mínum skoðunum á því, og ég veit, að hér verður engu breytt. Það bætir ekkert úr, þótt ég haldi hér uppi meiri rökræðum um málið. Þessi samningur er gerður, og þeir, sem hann hafa gert, bera alla ábyrgðina á honum. Við vitum ekki, hvað hann muni geta leitt af sér. En ég veit það með vissu, að það mundi ekki þyngja þá ábyrgð, sem Alþ. tekur á sig með afgreiðslu þessa máls, ef mínar brtt. yrðu samþ., en það mundi þýða aukna ábyrgð, ef þær væru felldar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11:2 atkv.
Brtt. 382,a felld með 10:2 atkv.
— 382,b felld með 11:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BrB, FRV.
nei: HG, JJós, KK, LJóh, RÞ, SÓÓ, VH, ÞÞ, BBen, GJ, BSt.
4 þm. (HermJ, PZ, StgrA, HV) fjarstaddir.
2 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Haraldur Guðmundsson: Þar sem það er greinilega tekið fram í grg., sem frv. fylgir, að hér er eingöngu um varnarlið að ræða, þá tel ég till. óþarfa og segi af þeim sökum nei.

Bernharð Stefánsson: Ég vísa til grg. hv. 4. þm. Reykv. og rökstuðnings hæstv. dómsmrh. og tel ákvæði brtt. óþörf og segi því nei.

2. gr. samþ. með 11:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:2 atkv.

Á 41. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12:1 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HG, JJós, KK, LJóh, RÞ, SÓÓ, VH, ÞÞ, BBen, GJ, HV, BSt.
nei: BrB, FRV, StgrA.
PZ greiddi ekki atkv.
1 þm. (HermJ) fjarstaddur.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Hannibal Valdimarsson: Ég var á sínum tíma andvígur því, að Ísland gengi í Atlantshafsbandalagið, en þegar svo er orðið, tel ég ósæmilegt, að Íslendingar verða að standa við skuldbindingar sínar, og tel ég því, að þeir eigi ekki annars kost en ganga til þessara samninga, og segi því já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 405).

---

15. Togarakaup ríkisins.

Á 1. fundi í Sþ., 2. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um viðauka við l. nr. 50 25. maí 1950, um togarakaup ríkisins [6. mál] (stjfrv., A. 6).

Á 3. fundi í Nd., 4. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Þetta frv., sem er viðauki við l. frá 25. maí 1950, um togarakaup ríkisins, er borið fram til staðfestingar brbl. frá 9. apríl 1951. Þessi brbl. fela í sér, að til viðbótar þeim 10 togurum, sem ríkisstj. var heimilað að láta smíða í Englandi, var henni heimilað að kaupa einn togara innanlands til viðbótar. Ástæðan til þess, að þessi brbl. voru sett, var sú, að allalvarlegt ástand hafði skapazt í atvinnumálum á Siglufirði, og bar nauðsyn til þess, að einum togara yrði ráðstafað þangað, en ekki var hægt að ráðstafa þangað neinum af þeim 10 togurum, sem samið hafði verið um smíði á í Bretlandi, því að þeim hafði þegar verið ráðstafað til annarra staða. Í fjárlögum þessa árs er ríkisstj. falið að úthluta nokkrum hinna nýju togara til þeirra staða, sem við erfitt atvinnuástand búa, sbr. XVII. lið 22. gr. fjárlaganna. — Ég vænti þess, að Alþ. fallist á brbl. þessi, og legg til, að málinu verði vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Nd., 29. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 6, n. 121).

Frsm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Nefndin hefur athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþykkt með lítilli formsbreytingu. En hún gerir ráð fyrir því, að þessi málsgr., sem gert er ráð fyrir að bætt verði við 1. gr., falli inn í 1. gr. á eðlilegan hátt, en þar er gert ráð fyrir heimild fyrir ríkisstj. til að kaupa tíu togara. Þetta er aðeins formsbreyting, en ekki efnis.

1. málsgr. 1. gr. þessara l. nr. 50 1950 hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Ríkisstjórninni er heimilt að láta smíða allt að tíu togara í Bretlandi með það fyrir augum, að þeir verði seldir einstaklingum, félögum eða bæjar- og sveitarfélögum.“

Og 2. málsgr. þessara l. hljóðar svo: „Til þessara framkvæmda er ríkisstjórninni heimilt að taka allt að kr. 57125000 eða £ 1 250 000 lán til þess tíma og með þeim kjörum, sem um semst. Veðsetja skal togarana með 1. veðrétti til tryggingar láninu, og skal sú veðsetning halda fullu gildi, þótt togararnir verði seldir.“

Ef frv. verður samþ. með þessari breyt., sem n. gerir ráð fyrir, mundi þessi nýja málsgr. um heimild fyrir ríkisstj. til að kaupa einn togara innanlands koma þarna inn á milli, og leggur n. til, að frv. verði samþ. með þeirri breytingu.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég vil þakka fjhn. fyrir afgreiðslu hennar á þessu máli. En það, að ég stóð upp, stafar af því, að ríkisstj. er að athuga, hvort ekki þyrfti í sambandi við þetta mál að afla frekari heimilda varðandi togarakaup, og á það við gömlu togarana, en ríkisstj. var heimilað að ábyrgjast lán til þess að láta endurbæta þá. Þetta mál er í athugun nú, og munu sennilega liggja fyrir niðurstöður þeirrar athugunar nú eftir fáa daga. Ég vil því beina þeim tilmælum til hæstv. forseta, hvort ekki sé rétt að fresta þessari umr. eða láta 3. umr. bíða, unz ríkisstj. hefur athugað þetta og haft samband við fjhn. um málið.

Umr. frestað.

Á 32. fundi í Nd., 23. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 6, n. 121, 247).

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Það er alllangt síðan þessi umr. um þetta mál hófst hér og var frestað að ósk minni, vegna þess að ríkisstj. hefur haft til meðferðar nokkur atriði í sambandi við þetta mál, sem lögin frá síðasta Alþingi um togarakaup ríkisins og brbl. fjalla um. Ég hef leyft mér að bera fram fyrir hönd ríkisstj. brtt. á þskj. 247 og vil leyfa mér að fara um hana nokkrum orðum.

Eins og hv. þm. vita, fékk ríkisstj. heimild á síðasta Alþ. til að ábyrgjast allt að 2 millj. kr. lán til kaupa á gömlu togurunum og til að setja olíukyndingu í þá gegn 1. veðrétti í þeim. Ábyrgðin skyldi þó ekki fara fram úr 75% af matsverði skipanna með olíukyndingu. Urðu allmiklar umr. um þetta mál þá, og vildu sumir hv. þm., að veitt yrði rýmri heimild. Ríkisstj. óskaði ekki eftir því, þar sem allt var á huldu um, hvort nokkurt vit væri að ráðast í þetta. Nú hefur stj. notað þessa heimild og raunar nokkru meira, þ. e. a. s. gerðar hafa verið tvær ákvarðanir í sambandi við þetta. Það er togari, sem Höfðakaupstaður keypti, sem að vísu ekki heyrir undir þessi lög hér, heldur nýbyggingarlög frá fyrri tíð um Höfðakaupstað, og var þessi ábyrgð samkv. þeim lögum. Hinn togarinn, sem búið er að ganga frá samningum um, er fyrir Þingeyri, og er hann bráðum tilbúinn, en Skagastrandartogarinn er þegar kominn úr kví og tilbúinn til veiða. Auk þessa hefur stj. samþ., þó að ekki sé búið að ganga frá því, að Flateyri kaupi einn slíkan togara, og þessi rýmkun, sem hér er farið fram á í brtt. minni, byggist á því, að verja megi allt að 6½ millj. kr. til þessa og að í stað 75% í lögunum, eins og þau nú eru, megi ábyrgjast 90% af kostnaðarverði togaranna, þ. e. a. s. kaupverði og kostnaði við breytinguna. Á þetta að vera nóg til að ganga þannig frá 4 togurum, þeim 3, sem ég hef nefnt, og auk þess vill stj. gjarnan hafa heimild fyrir einn til, ef hyggilegt þykir. Þetta er upphaflega byggt á því að reyna að láta þessi atvinnutæki koma að gagni á þeim stöðum, þar sem bátaútvegurinn hefur algerlega brugðizt á síðasta ári, og þetta hefði ekki verið gert á öðrum grundvelli. Ríkisstj. hefur látið sérfræðinga athuga hvert skip og alveg farið eftir þeirra umsögn. — Það hefur komið í ljós, að þessi 75% af kostnaðarverðinu er ekki nóg, því að eigendurnir eru allir févana, eins og að líkum lætur, þar sem þetta eru þorp, þar sem algert veiðileysi hefur verið undanfarin ár, og hefur því stj. talið, að ábyrgðin yrði að fara í 90%, til þess að skipin kæmust á veiðar og úr því fengist skorið, hvert gagn er að þessari tilraun. — Ég veit, að sumir eru á móti þessu, og ég ber ekki mikið skynbragð á þessi mál, en ég og öll ríkisstj. lítum svo á, að hér sé um að ræða tilraun, sem vert sé að gera, þar sem hér er annars vegar um að ræða skip, sem eru ónýt eins og þau eru, og hins vegar að þessi viðgerð á þeim fer fram innanlands, svo að ekki er um stórkostlega gjaldeyriseyðslu að ræða, nema hvað efni snertir. Þessir togarar, sem þegar eru útbúnir, munu kosta á aðra millj. kr., en hvorugur fara upp í 2 millj. þannig fullgerður.

Ég vænti þess, að ég hafi með þessum fáu orðum gert hv. þm. ljóst, hvers vegna ríkisstj. fer fram á þessa auknu heimild. Það ætti að fást fljótlega reynsla um, hvernig þetta gengur, og mundi það þá hafa áhrif á, hvort stj. vildi fara lengra í þessum efnum eða ekki. En sem sagt, stj. vill gjarnan hafa heimild fyrir einum togara til, og er þá gert ráð fyrir, að gengið verði frá samningum um Flateyrartogarann.

Pétur Ottesen: Ég hafði raunar búizt við, að hæstv. forsrh. hefði í þessu sambandi flutt brtt. um heimild handa stj. til að ábyrgjast lán fyrir Akraneskaupstað til togarakaupa, að vísu ekki gamlan togara eins og gert er ráð fyrir með þessu, heldur togara af nýrri gerð. Ég hreyfði hér á síðasta þingi allmiklum andmælum gegn ráðstöfun nýju togaranna þá, sem gekk í þá átt að hafa Akranes afskipt frá því að geta fengið einn af hinum nýju togurum, og færði ég þá fram ástæður fyrir því, að með þessu væru Akurnesingar rangindum beittir. Ég hef svo rætt við hæstv. ríkisstj. um ábyrgð og fengið góðar undirtektir og vil aðeins nota þetta tækifæri til að lýsa því yfir, að ég mun ræða um það við hæstv. stj., að brtt. í þessa átt verði komið að í sambandi við þetta frv. fyrir 3.

umr., og vænti þess, eftir það sem undan er gengið, að gott samkomulag náist um þetta mál við hæstv. ríkisstj. og Alþ.

Emil Jónsson: Herra forseti. Í sambandi við þetta mál í fyrra fluttum við — hv. þm. V-Ísf. og ég — till. um, að stj. yrði heimilað að ábyrgjast 2 millj. kr. lán til að koma fyrir olíukyndingu í gömlu togurunum. Þetta lán átti þó ekki að nema meiru en 75% af því, sem breytingin kostaði. Þessi till. okkar náði þá ekki fram að ganga, og frv. stj. var samþykkt með þeim breytingum einum, sem hún óskaði eftir. Beindist viðleitni hennar í þá átt að taka fáa togara, kaupa þá, setja í þá þessi tæki og staðsetja þá úti um land, þar sem þörf var fyrir þá vegna atvinnuleysis. Þessu lýsti forsrh. áðan, en ég vil vekja athygli á því, að þessi viðleitni ríkisstj. um breytingu á togurunum miðaðist fyrst og fremst við það að hjálpa þeim stöðum til að kaupa atvinnutæki, þar sem ástandið var alvarlegt og lélegar atvinnuhorfur. Hins vegar var horft minna á að koma í gagn gömlu togurunum, er hér hafa legið að undanförnu og grotnað niður. Það er vitanlegt, að hér liggja margir gömlu togararnir, sem sumir eru allgóð veiðiskip, og ef sá kostur hefði verið tekinn að hjálpa eigendum þeirra til að koma í þá olíukyndingu, væru þeir kannske allir komnir á veiðar. Það hefur eingöngu verið litið á atvinnuþörfina hjá þeim smákaupstöðum og kauptúnum, þar sem ástandið er erfitt, og keypt handa þeim skip og þeim breytt. Þannig hefur orðið miklu minna úr þessum peningum en hefði getað orðið, ef þeir hefðu verið notaðir til að hjálpa eigendum gömlu togaranna til að breyta þeim. Ég vil nú skjóta því til hæstv. ríkisstj. og þeirrar nefndar, sem hefur þetta mál til athugunar, hvort ekki sé möguleiki til að breyta um stefnu og stuðla að því auk þessa að koma togurunum *sem flestum á veiðar, ef eigendurnir vildu fara* í að breyta þeim sjálfir og gera þá út. Þannig væri hægt að spara allt kaupverðið og þyrfti aðeins að leggja fram fé til að gera breytinguna. Ég vil mjög eindregið skjóta því til hæstv. ríkisstj. og þeirrar nefndar, sem um málið fjallar, hvort ekki er möguleiki á þessu og að tiltaka til viðbótar upphæð til að koma þessari breytingu á. Ég vildi aðeins láta þetta koma fram, og vona ég, að þeir, sem með málið fara, taki það til athugunar.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Út af því, sem hv. þm. Hafnf. sagði, að ríkisstj. hefði keypt togara í þessu skyni, vildi ég aðeins segja örfá orð.

Aðferðin er sú, að þegar sveitarfélag, þar sem atvinnuástandið er alvarlegt, hefur séð sig knúið til að reyna eitthvað til að bæta úr atvinnuleysinu, hefur ríkisstj. komið á móti því með því að aðstoða það til að geta eignazt skip og látið rannsaka hæfni skipanna. Hitt er svo rétt, að ábyrgðin nær líka til kaupverðsins, og er það sennilega það, sem hv. þm. Hafnf. á við. En stj. hefur ekki keypt neitt skip og ætlar ekki að gera það. Ég hef ekki enn fengið svo mikla sannfæringu um, að þessi gömlu skip, sem hafa verið skinnuð upp, séu fær um að byggja upp skipastólinn, að ég hafi trú á að setja slík tæki í stóran hóp af þeim. Ég held, að með því, sem nú hefur verið gert, ætti að fást reynsla á næstu vertíð, og verður þá tími til að athuga, hvort á að fara út í stórframkvæmdir. Ég vildi vona, ekki sízt vegna þeirra byggðarlaga, sem hafa reytt sinn síðasta eyri til að mynda félög um þessa útgerð, — og ég veit, að allir hv. þm. taka undir þá ósk, — að þessi tilraun heppnaðist. En mér er sagt, að margir gömlu togaranna séu þannig, að ekkert vit sé að fara þannig með þá.

Vegna ummæla hv. þm. Borgf. þá er það rétt, að hann hafði mikla ástæðu til að ætla, að í þessari till. kæmi fram ósk um heimild til að ganga í ábyrgð fyrir kaupum á einum nýsköpunartogara handa Akranesi á svipuðum grundvelli og gert var í brbl., þegar keyptur var togari handa Siglufirði. Akurnesingar óskuðu þess mjög eindregið í vor að fá einn af þessum 10 togurum. Þar er rekin ein blómlegasta og bezta útgerð hér á landi og ekki nema eðlilegt og gott, að þeir fengju slíkt tæki, en því miður var ekki hægt að sinna þessu, eins og síðar kom í ljós. Útgerðarfélag Akurnesinga var langt komið með að kaupa togara hér í Reykjavík, en þá kom í ljós, að ekki var talið hægt að selja þann togara út úr bænum. — Út af þessu vil ég svo taka það fram, að þótt stj. hafi þótt leitt að þurfa að neita þeim um einn af togurunum í vor og vilji koma á móti óskum þeirra, vill stj. þó ekki leggja til, að inn í lögin verði sett slík ábyrgðarheimild, því að það er náttúrlega ekkert glæsilegt fyrir ríkið að ætla að ganga í ábyrgð í þessum efnum fyrir miklu hærri upphæð en hvílir á skipunum, ef eigendaskipti verða. Ég vil taka það fram, að ég og ég held öll ríkisstjórnin viljum ekki blanda okkur inn í það, sem snertir rétt Reykjavíkurbæjar til þess að hindra það, að þeir togarar, sem hér eru, verði seldir úr bænum, og viljum ekki afla okkur heimildar í því skyni. Þær ákvarðanir verða að gerast á annan hátt. — Ég vil aðeins taka þetta fram út af því, sem hv. þm. Borgf. sagði. En ég veit, að fullur vilji er fyrir því í ríkisstj. að koma á móti Akurnesingum hvað þetta snertir vegna þess, hve mikill myndarskapur er á útgerðinni þar og vel hefur gengið.

Ásgeir Ásgeirsson: Herra forseti. Á síðasta þingi bar ég fram till. um, að breytt væri kyndingu nokkurra gamalla togara. Í því sambandi átti að heimila ríkisstj. að ábyrgjast nokkurt lán. Þessi till. var ekki samþ., heldur aðeins sú till., sem samkomulag var um milli þeirrar n., sem fór með þetta mál, og hæstv. ríkisstj. Í því sambandi lét ég þess getið, að ég efaðist um, að sú ábyrgðarheimild, sem var í þeirri till., mundi nægja til þess að hrinda málinu í framkvæmd. Ég óskaði því eftir því, að hæstv. ríkisstj. sýndi lipurð í framkvæmd þessara ákvæða, ef eitthvað vantaði á. Um það atriði, hvort þessar tilraunir eigi að vera viðtækar, má alltaf deila. Ég hygg, að hæstv. ríkisstj. fari alls ekki of langt, þótt gerð verði tilraun með fjóra togara, þó að hitt kunni að vera

álitamál, hvort geta eigi tilraun með 4, 5, 6 eða jafnvel 7 togara. Ég viðurkenni þá röksemd hæstv. forsrh., að á þessu stigi sé um tilraun að ræða, en um leið tilraun, sem ekki sé svo dýr, miðað við þær vonir, sem hún gefur um árangur, að skylt sé að gera hana. — Þessi till., sem hæstv. forsrh. hefur lagt hér fram, hefur ekki verið til umr. í n., og hefur ekki verið boðað til sérstaks fundar um hana. Ber að skilja það svo, að allir nm. muni sammála um að fylgja þessari till. Ef það koma aftur fram nýjar brtt. fyrir 3. umr., eins og hv. þm. Borgf. eða hv. þm. Hafnf. hafa gert grein fyrir, tel ég rétt, að þær færu til n., þó að málinu væri ekki sérstaklega vísað til n. af þeirri ástæðu. Vil ég þakka fyrir það, hvernig hæstv. ríkisstj. hefur haldið á þeirri heimild, sem hún hefur til þess að gera tilraunir í þessu efni, og sömuleiðis fyrir þessa till. Mun ég ekki bera fram brtt.

Pétur Ottesen: Ég vil taka það fram að gefnu tilefni frá hæstv. forsrh., að sú brtt., sem hér um ræðir og er um ábyrgðarheimild fyrir ríkisstj., snertir að engu leyti þau kaup, sem stofnað hefur verið til á togurum, sem Reykjavíkurbær hefur nú. Samkvæmt heimild telur hann sig geta lagt bann á, að þeir verði seldir út úr bænum. Till. miðast eingöngu við kaup á skipum, þar sem ekki væri um neitt slíkt að ræða. Mun ég, eins og ég sagði áðan, ræða þetta nánar við hæstv. ríkisstj. Tel ég, að eftir málavöxtum hafi ég nokkuð ríkan rétt til þess að ganga eftir því við hæstv. ríkisstj., að hún veiti mér eða öllu heldur Akurnesingum brautargengi í þessu efni.

Emil Jónsson: Herra forseti. Það hefur nú verið upplýst, að málið mun ekki verða rætt frekar í n., nema sérstakar till. komi fram. Við 3. umr. mun ég því bera fram viðbótartill., eins og ég bar fram í fyrra, um það, að ríkisstj. verði heimilað að ábyrgjast allt að 75% af þeim kostnaði, sem það nemur að setja olíukyndingu í nokkra af gömlu togurunum. Er gengið út frá því, að ekki þurfi sérstaklega að verða eigendaskipti til þess að þetta verði gert. — Hæstv. forsrh. sagði að vísu, að hann teldi, að ekkert hefði upplýstst um það, að sumir af gömlu togurunum væru þannig, að það borgaði sig að setja þessi tæki í þá. Þetta er alveg rétt. En það mun líka jafnrétt, að þeir togarar munu vera miklu fleiri en fjórir, sem eru í þannig ásigkomulagi, að það mun þykja vel fært að setja í þá olíukyndingu. Það er þess vegna, sem ég tel rétt að bera fram þessa till. Mér er það líka fullljóst, sem hæstv. forsrh. minntist einnig á, að það er ekki ríkissjóður, sem kaupir þessi skip og gerir þau út, heldur eru það aðrir. En hæstv. ríkisstj. hefur veitt aðstoð, og gert er ráð fyrir, að hún gangi fyrir hönd ríkissjóðs í ábyrgð fyrir 90% af kostnaðarverði. Þó að ekki sé veitt framlag úr ríkissjóði, þá er auðvitað ekki öruggt nema því kunni að fylgja einhver áhætta, eins og hæstv. ráðh. gerði sér ljóst. En ég æski þess, að sú till., sem ég mun flytja milli umr., verði athuguð í n., eins og hv. þm. V-Ísf. hét í sinni ræðu, og verði samþ. Hún er flutt til þess að reyna að koma í gang þessum atvinnutækjum, sem mörg eru þannig, að þau eru fullkomlega nothæf, ef horfið er frá kolakyndingu, og munu þá geta aflað tekna fyrir þjóðarbúið.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forsrh. og ríkisstj. fyrir þá till., sem hér liggur fyrir um að hækka ábyrgðarheimild ríkissjóðs vegna gömlu togaranna, og einnig fyrir þá aðstoð, sem hæstv. forsrh. hefur veitt í þessu efni. En ég vil um leið vekja athygli á því hér í þessari hv. d., að þessi viðleitni, sem hér um ræðir varðandi útgerð á gömlu togurunum til þess að bjarga við atvinnulífinu, er að vissu leyti undanhald viðkomandi þeim stöðum, sem hér eiga hlut að máli, eins og t. d. Höfðakaupstað. Sá staður hefur reynt að fá nýjan togara, en það tókst ekki. Til þess að bjarga við atvinnulífinu var þá horfið að því ráði að leita aðstoðar ríkisins. Nú er það svo, að þörfin á því að fá þessa ábyrgðarheimild hækkaða er miklu ríkari en ella mundi vera vegna þess, hve mjög erfiðlega það gengur að fá rekstrarfé fyrir þennan atvinnuveg eins og allan rekstur í þessu landi, sem þarf rekstrarfé til. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál.

ATKVGR.
Brtt. 121 samþ. án atkvgr.
1. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 247 (2 nýjar gr., verða 2.—3. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., 26. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 262, 263).

Emil Jónsson: Herra forseti. Eins og ég gat um við 2. umr., hef ég leyft mér að bera fram brtt. við þetta mál á þskj. 263, um það, að ríkisstj. verði enn fremur heimilað að ábyrgjast allt að 2 millj. kr. lán til þess að setja olíukyndingartæki í þessi skip. Eftir því sem mér er kunnugt, þá kostar það 500—600 þús. kr. að setja slík tæki upp í hvert skip. Með þessu ætti því að mega takast að setja slík tæki í fjögur skip, og það eru áreiðanlega það mörg skip til, sem vert er að gera þessa tilraun á. Ég vænti þess, að hv. þm. taki þessari till. vinsamlega, þannig að hún fái þá afgreiðslu, sem hún á skilið.

ATKVGR.
Afbrigði um brtt. 263, sem of seint var útbýtt, leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Brtt. þessi er nýlega fram komin og lá ekki fyrir, þegar fjhn. athugaði málið. Ég tel því eðlilegt, að umr. um þetta mál verði frestað, svo að fjhn. geti athugað þessa till., áður en lengra verður gengið.
Mér finnst það skorta í till., að það komi fram, hvaða aðilar eiga að fá þessa aðstoð. Það

er oft, að það koma fram óskir um slíka ríkisábyrgð, en þá liggur það venjulega fyrir, hverjir það eru, sem slíkrar ábyrgðar óska, en hér liggur þetta ekki fyrir, eins og fram kom í ræðu hv. flm. Ég tel rétt, að þetta liggi fyrir, og enn fremur, að þessi brtt. verði lögð fyrir fjhn. til athugunar.

Emil Jónsson: Herra forseti. Það er síður en svo, að ég hafi nokkuð við það að athuga, þó að þessari umr. verði frestað, svo að nefndin geti athugað þessa brtt. Hins vegar varðandi það, hvaða aðilar það séu, sem þessarar ábyrgðar óski, þá er það alveg rétt hjá hv. þm. V-Húnv., að það er ekkert óeðlilegt, að það liggi fyrir, hverjir það eru, sem þessarar ábyrgðar óska. En það er nú svo, að í þessu frv. er ekkert sagt, hverjir það séu, og samdi ég þessa viðbótartill. með tilliti til þess. Hins vegar skal ég gefa nefndinni allar þær upplýsingar, sem ég get, um þetta, og ég get þegar sagt það, að ég veit um að minnsta kosti tvo menn, sem þessa ábyrgð vilja nota, og mér þykir ekki ólíklegt, að það muni finnast fleiri. Ég gerði þetta sem sagt af ráðnum hug að nefna ekki þessa menn, þar sem það var ekki gert í frv.

Forseti (SB): Það hefur borizt ósk um, að þessari umr. verði frestað. Ég mun verða við þeirri ósk, en hins vegar vil ég beina þeim tilmælum til allra þm., að þeir geri ekki mikið að því að biðja um frestun mála, því að það kann að hafa það í för með sér, að þau sömu mál nái ekki fram að ganga á þessu þingi.

Umr. frestað.

Á 35. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36. fundi í Nd., 4. des., var fram haldið 3. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 263 felld með 15:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JPálm, JÁ, LJós, SG, ÁS, EOl.

nei: HelgJ, IngJ, JG, JS, JR, JörB, KS, ÓTh, PO, SkG, StgrSt, AE, ÁB, BÓ, SB.

MJ, ÁkJ, GTh greiddu ekki atkv.

11 þm. (GÞG, HÁ, JóhH, PÞ, SÁ, GÍG, ÁÁ, EmJ, EystJ, FJ, GG) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 37. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 38. fundi í Ed., 6. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég tel rétt að fylgja þessu frv. úr hlaði með nokkrum orðum. Það er komið frá hv. Nd. í því formi sem það er nú. Upphaflega var það lagt fyrir Nd. til staðfestingar á bráðabirgðal. frá síðastliðnu vori, en í þeim var fólgið, að nauðsynlegt væri vegna hins hörmulega atvinnuástands á Siglufirði, að ríkisstj. aðstoðaði Siglufjörð til að ná í togara, sem þá væri hægt að fá keyptan, einn af hinum eldri togurum, en ríkisstj. hafði ekki heimild frá Alþingi til þessa, og voru þá sett um það bráðabirgðal. Þessi togari, Garðar Þorsteinsson, hefur gengið frá Siglufirði síðan. Inn í mál þetta hefur svo verið bætt nýjum ákvæðum í Nd., og er það í sambandi við heimild, sem ríkisstj. fékk frá síðasta þingi, 2 millj. kr. til að ábyrgjast lán handa þeim félögum, sem keyptu gömlu togaraana og vildu kosta til að setja í þá olíukyndingu, ef það að dómi sérfróðra manna væri talið líklegt til árangurs. Nú er orðin mikil breyting á útgerðarmálum, og stendur hún í sambandi við aflabrest þann, sem svo mjög hefur gert vart við sig á undanförnum árum, þannig að vélbátar hafa ekki fengið bein úr sjó. Þannig hefur það verið í mörgum verstöðvum á Norður- og Vesturlandi. Var þetta því eingöngu komið fram af hálfu ríkisstj. sem bjargarráðstöfun, ef togararnir gætu komið í stað vélbátanna. Nú gekk ríkisstj. einnig frá kaupum á tveim öðrum togurum, öðrum fyrir Höfðakaupstað, en hinum fyrir Þingeyri. Upphæð sú, sem ríkisstj. hafði til umráða, dugði ekki fyrir báðum togurunum, og voru þá notuð gömul l. um ábyrgðarheimild frá árunum 1944—46 vegna nýbygginga í Höfðakaupstað, og var hún notuð. Á þennan hátt var togarinn fenginn, og er hann nú í sinni fyrstu veiðiferð, og ætti þá að fást úr því skorið, hvort þetta sé líklegt til frambúðar eða ekki. Þingeyrartogarinn mun verða tilbúinn nú fyrir áramótin. Auk þess hefur ríkisstj. samþ. kaup á togara, er Gyllir heitir, fyrir félag á Flateyri, en eftir er að kaupa í hann olíukyndingartæki. Nú fellur þessi gamla heimild, sem notuð var vegna Höfðakaupstaðartogarans, úr l. um áramótin. En þessi 6½ millj. er vegna þess, að ríkisstj. fer þess á leit við Alþingi, að það veiti heimild til þess að hún geti ábyrgzt kaup á einum togara í viðbót við hina 3 til þess að hafa til ráðstöfunar.

Önnur breyt. frá l. er sú, að lagt er til, að ábyrgðin hækki úr 75% í 90% af kaupverði togaranna. Þetta er gert vegna þess, að það hefur sýnt sig, að staðir þeir, sem taka togarana, hafa ekki ráð á að taka þá með þessum skilmálum. Þess vegna er lagt til, að þetta hækki úr 75% í 90%.

Þetta er efni þessa frv., sem nú er lagt fyrir hv. deild. Ég skal geta þess, að ég get lýst því yfir fyrir hönd ríkisstj., að hún hafðist ekkert að í þessu máli fyrr en hún hafði leitað álits sérfróðra manna um, hvort þetta mundi vera skynsamlegt eða ekki. Ríkisstj. fól tveim sérfróðum mönnum að athuga þetta, þeim Ólafi Sveinssyni skipaskoðunarstjóra og Viggó Jessen. Ég veit, að það eru ekki allir sammála um það, hvort hér sé rétt stefnt eða ekki, og ætla ég mér ekki þá dul að dæma um það. En það, sem vakað hefur fyrir ríkisstj., er eingöngu það að reyna að bæta úr hinu alvarlega ástandi í efnahags- og atvinnumálum, og þar sem um svo gömul skip var hér að ræða, þá lá ekki annað fyrir þeim en verða seld sem brotajárn úr landi, og þar sem viðgerð fór hér fram, þá fór

ekki í þetta svo mikill gjaldeyrir, að okkur fyndist ekki rétt að gera þessa tilraun, ef hún mætti verða til einhverra úrbóta. En ríkisstj. lítur þannig á, að með þessum þrem togurum hljóti að fást nægileg reynsla um það, hvort rétt sé að halda áfram á sömu braut eða ekki.

Ríkisstj. lagði sem sé í þessa áhættu eingöngu vegna hins alvarlega ástands í þessum málum, ef togararnir gætu komið í stað vélbátanna, en þeir standa auðvitað betur að vígi en vélbátarnir, þar sem þeir geta sótt lengra á miðin. — Sé ég ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, en leyfi mér að leggja til, að að lokinni þessi umræðu verði frv. vísað til 2. umræðu og fjhn.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég hef ekki tekið til máls í þessu máli áður og kveð mér nú aðeins hljóðs til að undirstrika það, sem hæstv. forsrh. sagði, ef einhver kynni að álíta, að ég væri öðrum mönnum dómbærari um þessi mál. — Ég vil aðeins undirstrika það, að ríkisstj. gerði þetta vel vitandi það, að nokkur fjárhagshætta fylgdi þessu, en ég tel, að rétt hafi verið að gera þetta til þess að reyna að bjarga atvinnumálum þessara staða. Ég vildi, að þetta kæmi fram, vegna þess að hæstv. forsrh. gerði minna úr þekkingu sinni um þessi efni en ástæða var til.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það er mál til komið, að bent sé á, inn á hvaða braut er verið að ganga í þessum málum. Og gaf það aðaltilefnið til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, að hæstv. forsrh. lýsti því yfir, að þetta hafi verið gert að vel athuguðu máli og fengnir hafi verið tveir sérfróðir menn til að athuga það. Ég skal ekki ræða mikið um það, hvaða menn voru valdir. Sú skoðun mín á þessu máli hefur ekki breytzt, að hér sé verið að fara inn á braut, sem sé ekki til að bjarga málinu. Ég vil aðeins benda á það, að ef hægt er að láta þessa togara bera sig fjárhagslega, hvers vegna gerðu þeir menn, sem þá áttu, það þá ekki? Hvers vegna gerðu þessir menn ekki togarana út sjálfir? Vegna þess að reynslan hefur sýnt, að útgerð þessara skipa hefur alltaf verið dauðadæmd. Held ég því, að ríkisstj. hafi átt að athuga þetta betur. Ég vil einnig benda á það, að Höfðakaupstaðartogarinn, sem átti að vera tilbúinn í júní, var afhentur í nóvember, og eigandinn, sem seldi í klössuðu ástandi, mun ekki hafa fengið einn eyri, því að kostnaður reyndist meiri en söluverð. Þetta skip hefði mátt seljast út úr landinu sem brotajárn á 6—7 þús. £. Nú er þetta skip komið á veiðar, og tel ég vafasaman hagnað fyrir þennan stað að fá skipið til þess að gera það út með rekstrarhalla. Það er sýnilegt nú, að jafnvel með nýjum, ágætum togurum berjast menn í bökkum við að fá þá til að bera sig. Hver á þá að greiða þennan rekstrarhalla, sem hér er um að ræða? Þessi héruð eru mjög fátæk, eins og t. d. Höfðakaupstaður, sem ekki getur staðið skil á greiðslum af lánum, sem hann hefur fengið. Ætti því öllum að vera það ljóst, að hér er verið að halda inn á hála braut. Ég tel því, að þeir menn, sem hæstv. ráðh. afhenti mál þetta til rannsóknar, hafi ekki gefið ríkisstj. rétta skýrslu um það.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Þetta verða aðeins örfá orð. Ég ætla ekki að fara að ræða þau ummæli, sem hv. þm. Barð. hafði hér í frammi. Hv. þm. er fróður maður um flest, sem útgerð viðvíkur, en skoðun hans á þessu máli er ekki í samræmi við skoðanir ríkisstjórnarinnar.

Það hefur mikið að segja fyrir þessi héruð, sem gert er ráð fyrir að fái þessi skip, að fá þau til þess að bæta úr atvinnuástandinu og glæða atvinnulífið. Hvað á t. d. að gera við Þingeyringa, þegar slíkt vandræðaástand um atvinnuskilyrði hefur skapazt? Á að flytja þá í burtu eitthvað annað? Að athuguðu máli þótti sýnt, að hér væri um úrræði að ræða, sem reynandi væri. Ég vona, að spár hv. þm. Barð. rætist ekki. Hins vegar getum við deilt um þetta mál síðar, þegar sýnt verður, hvernig úr rætist. Hins vegar vildi ég mótmæla þeim ummælum, sem hv. þm. hafði hér í frammi varðandi þau skip, sem tekin voru til meðferðar í þessum efnum. Hv. þm. má vera ljóst, að ríkisstj. hefur ekki verið með neinn leikaraskap í þessu máli og gerir þetta ekki að gamni sínu, en þarna var um innlend skip að ræða, sem margir töldu að gera mætti út.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég held nú, að það sé sannað á viðgerðarkostnaðinum, að eitt skip hefur farið langt fram úr áætlun. Mér skildist nú á hæstv. félmrh., að það hefði verið athugað, hvort vit væri í þessu máli fjárhagslega séð. Ég vil nú leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh.: Hvernig er ætlazt til þess, að greitt verði úr þeim vanda, er komið er í höfn með tap eftir veiðiför? Þetta er nýr vandi, sem verið er að skapa. Ekki er hægt að leggja tapið sem útsvör á þorpsbúa. Fólkið á skipinu á forgangskröfu til launa sinna, en það rýrir veðhæfni skipsins. Skipverjar geta þá selt skipið til greiðslu á launum sínum. Því er ekki horft á málið til enda? Ég skal ekki tefja málið nú og ekki ræða það frekar, en ég mun gefa út sérstakt álit við 2. umr.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég vil taka fram út af ræðu hv. þm. Barð., að ég reikna með, að það séu menn með fullu viti, sem gera samninga þessa. Skipið var keypt af seljanda í því ástandi, sem kaupendur vildu. Hins vegar er mér ljóst, að slíkt skip verður erfiðara í rekstri en nýtt skip, og ef rekstur þess bregzt, þá mun það koma til meðferðar hér sem önnur slík mál.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., 13. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 262, n. 389).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft þetta frv. til athugunar eins

og sjá má á nál. á þskj. 389. N. hefur auk þess kallað á sinn fund skipaskoðunarstjóra og Viggó Jessen vélaeftirlitsmann og átt viðræður við þá, en það er upplýst af hæstv. forsrh., að þeir hafi verið ríkisstj. til ráðuneytis um þau togarakaup, sem þetta frv. fjallar um.

Þetta frv. var í fyrstu borið fram til staðfestingar á brbl. frá 9. apríl í ár, en við meðferð málsins í Nd. bar hæstv. forsrh. fram brtt. við frv., sem gera það víðtækara en brbl. voru. Samkv. þessum brtt. er stj. heimilað, til samræmis við ráðstafanir, sem ríkisstj. hefur þegar gert í þessu efni, að ábyrgjast lán til kaupa á nokkrum gömlum togurum vegna bæjarfélaga og sjávarþorpa, til þess að bæta úr atvinnuástandinu á þessum stöðum.

Það er sameiginlegt álit fjhn., að staðfesta beri þessar ráðstafanir ríkisstj., en hvað forsögu málsins snertir kom fram gagnrýni á gerðum ríkisstj. í þessu efni og sérstaklega frá hv. þm. Barð., enda skrifar hann undir nál. með fyrirvara, sem mun frekar lúta að meðferð málsins heldur en því, að hann hafi sérstöðu að því er varðar samþykkt frv.

Ég skal taka það fram, að n. fékk ekki ýkja mikinn fróðleik frá þeim mönnum, sem hún kallaði á sinn fund og átti viðræður við. Þeir töldu sig ekki muna, hvað staðið hefði í álitsgerðum þeim, sem þeir hefðu sent ríkisstj. viðvíkjandi þessu máli. Ég gerði tvær tilraunir til þess að fá þessi skjöl til athugunar, en það virðist svo sem þau hafi farið milli ráðuneyta. (**Forsrh.**: Þau liggja í forsrn.) Það kann að vera. Mér var bent á það að síðustu, þegar þeirra hafði verið leitað bæði í atvmrn. og fjmrn., en það komst ekki í verk að ná þeim þar.

Hæstv. forsrh. gerði grein fyrir þessu máli við 1. umr., og sé ég ekki, að það mundi upplýsa málið frekar, þó að ég hefði um það fleiri orð, en ég vil endurtaka, að n. — a. m. k. fjórir nm. — leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það er rétt hjá hv. frsm. n., að ekki er ágreiningur í n. um staðfestingu brbl., sem prentuð eru á þskj. 106. Þau segja aðeins í 1. gr., að ríkisstj. sé heimilt að kaupa einn togara innanlands og taka til þess nauðsynleg lán. Samkv. aths. var þetta gert til þess að bjarga Siglufirði sökum þess neyðarástands, sem þar hafði skapazt vegna langvarandi atvinnuleysis. Síðan var hins vegar frv. breytt í Nd., eins og sést á þskj. 262, þar sem bætt var inn í nýrri gr. samkv. ósk hæstv. forsrh. Brtt. hans er á þskj. 247, og um hana er ágreiningur, en ekki um brbl. Ég hef gert ágreining út af þessu og þess vegna skrifað undir nál. með fyrirvara og mun því gera sérstaklega grein fyrir afstöðu minni.

Þegar samþ. voru á Alþ. l. nr. 50 frá 16. marz 1951, um breyt. á l. um togarakaup ríkisins, var ríkisstj. heimilað að ábyrgjast allt að 2 millj. kr. lán til kaupa á gömlum togurum og til að setja olíukyndingu í þá, enda skyldi ábyrgðin ekki fara fram úr 75% af kostnaðar- og matsverði skipanna með olíukyndingu. Þá lýsti hæstv. forsrh. yfir því, að þetta yrði ekki gert nema að undangenginni athugun sérfróðra manna og að þeir teldu það geta komið að gagni og náð því takmarki að bæta ástandið í atvinnumálum á viðkomandi stöðum.

Ég tel, að þetta hafi ekki verið uppfyllt. N. kallaði þessa menn á sinn fund, og þeir segja, að þeir hafi aðeins verið beðnir um að skoða skipin, en ekki að kveða upp dóm um það, hvort hægt væri að gera við þau eða hvað viðgerð og breytingar mundu kosta, nema að því er varðar „Búðanesið“, sem þeir hafa gert áætlun um. Hins vegar hafa þeir t. d. verið beðnir um að skoða „Belgaum“ og sent skoðunarskýrslu, en enga áætlun um kostnaðinn, og sömuleiðis hafa þeir sent skoðunarskýrslu um „Júpíter“, en ekkert mat hefur farið fram í þessu sambandi. Þetta eru þær upplýsingar, sem n. hefur fengið, og ég get því ekki talið, að loforð hæstv. forsrh. hafi verið uppfyllt. Ég tel því víst, að fyrir ríkissjóð, sem ber ábyrgð á viðgerðunum og kaupverðinu, hafi skipin hækkað tvöfalt og jafnvel þrefalt í verði, og er það illa farið.

Ég tel ekki enn úr því skorið, hvort þessi skip geta gegnt sínu hlutverki. Þau eru úrelt og geta ekki verið á sömu miðum og önnur skip, heldur verða þau að vera á öðrum miðum, enda hefur það sýnt sig, að „Belgaum“ hefur ekki aflað meira en helming móts við önnur skip á sama tíma. Þetta óttaðist ég alltaf, og bætir það ekki úr skák, að ekki hefur verið farið eftir þeirri stefnu, sem lofað var.

Þar sem ég lít þannig á þetta mál, er ekki nema eðlilegt, að spurt sé, hvað ég vilji þá gera, og ég skal lýsa yfir því, að ég tel, að betra væri, að þetta fé væri veitt til iðnaðar á þessum stöðum. Það er vert að hafa það í huga, að hér er aðeins um byrjun að ræða og að sýnilegt er, að aðrir staðir munu koma á eftir. Ég vænti því þess, að þá verði þessu máli sinnt og að stj. sýni það í verki, að hægt er að breyta til í þessum efnum og veita þessa aðstoð á ódýrari hátt.

Að síðustu vildi ég segja þetta: Þegar umr. um l. nr. 50 frá 16. marz 1951 fóru fram í þessari hv. d., þá lýsti hæstv. forsrh. því yfir, að hann mundi ekki nota heimild þá, sem ríkisstj. var gefin í 2. gr. l., nema það að dómi sérfróðra manna þætti líklegt til góðs árangurs. Af skjölum, sem fyrir liggja, er upplýst, að slíkt álit sérfróðra manna liggur ekki fyrir, enda engir sérfræðingar kvaddir til þess að gefa slíkt álit, heldur eru tveir vélfræðingar útnefndir til þess að gefa lýsingu á 4 skipum, en slík lýsing segir ekkert um það, hvort líklegt sé, að góður árangur verði af því að styrkja menn til að kaupa og breyta hinum gömlu togurum og gera þá út hér eftir slíkar breytingar. — Þá verður ekki séð, að l. um Höfðakaupstað heimili ríkisstj. að verja fé til togarakaupa á þann hátt, sem hér hefur verið gert. Virðist því hæstv. ríkisstj. hafa veitt að sumu leyti ábyrgð þessa án heimildar og að öðru leyti vanrækt að láta fara fram athugun á málinu, eins og lofað var, áður en ábyrgðin var gefin. Vegna þess og með því enn fremur, að ég tel, að sú hjálp, sem hér er um að ræða, leysi ekki atvinnuörðugleika þeirra aðila, sem hugsað er að

hjálpa með þessari aðstoð, og að ríkissjóður hljóti fyrr en varir að greiða allar þær upphæðir, sem hér um ræðir, og þar sem ég enn fremur vil ekki eiga þátt í slíkri meðferð á fé ríkissjóðs, tek ég ekki þátt í afgreiðslu frv. og mun því sitja hjá við atkvgr.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég vissi áður um afstöðu hv. þm. Barð. til þessa máls og gerði því ekki ráð fyrir því, að hann mundi styðja það.

Það er slæmt, að hv. n. hefur ekki fengið þessar skoðunargerðir, því að þær liggja fyrir, og n. þarf auðvitað að fá þær til athugunar. Þessir menn voru líka beðnir að segja til um það, hvort rétt væri að gera við skipin og hvað til þess þyrfti, að hægt væri að gera þau út á veiðar. Ég man, að niðurstaðan var sú, að þegar þessari aðgerð væri lokið, töldu þeir, að skipin væru í allgóðu lagi. Ég mun leyfa mér að senda öll skjöl varðandi málið til hv. n., svo að hún geti kynnt sér þau.

Það kann að vera, að jafnfróður maður um þessi mál og hv. þm. Barð. telji, að átt hefði að spyrja á annan hátt en gert var, en ég fullyrði, að það loforð var uppfyllt að leita til sérfróðra manna. Um það er enginn ágreiningur innan ríkisstj.

Ég skal svo ekki deila frekar um þetta mál. Það er öllum ljóst, að hér er um neyðarúrræði að ræða til þess að bjarga við atvinnulífinu á þessum stöðum.

Varðandi það, að lögin um Höfðakaupstað heimili ekki ríkisstj. að verja fé til þessara togarakaupa, vil ég geta þess, að leitað var umsagnar lögfræðinga um þetta atriði og þeir fullyrtu, að svo væri.

Annað sé ég ekki ástæðu til að taka fram, en ég mun, eins og ég áður sagði, gera ráðstafanir til þess, að öll skjöl varðandi málið verði send hv. n., svo að hún geti athugað þau.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að tefja það, að málið gangi til 3. umr., enda ætla ég ekki að greiða atkv. á móti málinu, heldur sitja hjá við atkvgr. Hitt er annað mál, að ef það er rétt, sem hæstv. ráðh. segir, þá hefur hann verið hlunnfarinn af þessum mönnum, því að n. spurði þá að þessu, og þeir viðurkenndu ekki annað en að hafa skilað skoðunargerð.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af því, sem hæstv. forsrh. sagði við 2. umr. Ég vildi skýra frá, að ég hef fengið þau gögn, sem hann talaði um, og fæ ekki séð annað en að þau staðfesti það, sem ég sagði. Að öðru leyti skal ég ekki ræða þetta mál.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 448).

---

16. Tekjuskattsviðauki, lækkun skatts af lágtekjum o. fl.

Á 29. fundi í Nd., 16. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um tekjuskattsviðauka, lækkun skatts af lágtekjum o. fl. [117. mál] (stjfrv., A. 229).

Á 30. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 31. fundi í Nd., 22. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 38. fundi í Nd., 7. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 229, n. 322, 351).

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil biðja hæstv. forseta að afsaka, að ég hef líklega ekki verið viðstaddur, þegar þessi umr. byrjaði. Var búið að hafa framsögu af hálfu fjhn. í þessu máli? **(Forseti:** Já, svo mun hafa verið.) Ég hef á nál. fjhn. áskilið mér rétt til þess að flytja brtt. við þetta frv., þó að ég sé annars í aðalatriðum samþykkur því, sem í frv. er.

Vildi ég í fyrsta lagi gera brtt. við 3. gr., sem er ný gr. í þessari lagasamstæðu. Hún hefur hingað til verið sem sérstök lög og framlenging, en er nú tekin upp í þessi lög. Þessi 3. gr. fer fram á sérstaka lækkun tekjuskatts af lágtekjum, og skulu ákvæði laga frá 1950 gilda til ársloka 1952. Samkvæmt þessum l., nr. 60 frá 1950, á skattlækkunin að nema 33⅓%. Þessi sérstaka lækkun tekjuskatts af lágtekjum er aðeins þegar árstekjur eru ákaflega lág upphæð. Það eru aðeins þeir gjaldendur tekjuskattsins, sem hafa 20 þús. kr. í hreinar árstekjur og konu og barn á framfæri, sem fá þessa 33⅓% lækkun. Ég álít, að þetta lágmark sé allt of lágt. Hv. þm. vita það allir, að nú er svo komið, að maður, sem hefur konu og barn á framfæri, ætti engan tekjuskatt að hafa, jafnvel þótt hann hefði 30 þús. kr. í hreinar árstekjur. Það hefur verið sýnt fram á það hér og viðurkennt af öllum, að t. d. Dagsbrúnarmaður með konu og

barn á framfæri, sem slapp nokkurn veginn við að greiða tekjuskatt fyrir t. d. árið 1934, þarf nú að greiða tekjuskatt, sem nemur mörgum hundruðum króna. Tekjuskatturinn leggst sem sagt hlutfallslega þyngra á menn nú, vegna þess að skattstiganum hefur ekki verið breytt frá 1935. Hins vegar er það svo, að tekjur, sem eru um 30 þús. kr., eru fyrir fjölskyldumann hreinustu þurftarlaun, þannig að það er ekki nema eðlilegt, að slíkir menn sleppi við tekjuskatt. Nú er komið fram frv. um að bæta úr þessu með því að hækka persónufrádráttinn. Ég hef borið fram frv. um persónufrádrátt, sem hefði þýtt, að skattur Dagsbrúnarverkamanns með 30 þús. kr. laun hefði orðið lítill sem enginn. Því var svarað í fjhn. af nm. annarra flokka en Sósfl., að slíkur persónufrádráttur mundi koma að litlu gagni fyrir lágtekjumenn, en verða stórkostlegur hagnaður fyrir hátekjumenn, vegna þess að þessi persónufrádráttur kæmi þeim að svo miklum notum. Ég hef því reynt að finna aðferð, sem ég held að fullnægi kröfum hv. þm. V-Húnv. um, að slík hækkun yrði ekki til þess að létta skatta hátekjumanna. Brtt. mín tryggir þetta. Þá, sem hafa 30 þús. kr. tekjur, ber að losa algerlega við tekjuskatt. Einnig felst í frv. að fella niður mjög mikið af sköttum gjaldenda, sem hafa milli 30 og 40 þús. kr. hreinar árstekjur og konu og barn á framfæri. Þannig fer fram nokkurs konar stigsminnkun á því, hve mikið er fellt niður af tekjuskattinum. Tekjuskattur gjaldanda með 30 þús. til 33 þús. kr. hreinar árstekjur og konu og barn á framfæri skal falla niður að þremur fjórðu hlutum, af 33—36 þús. kr. árstekjum skal tekjuskattur falla niður að hálfu leyti, og tekjuskattur þeirra, sem hafa 36—40 þús. kr. árstekjur, skal falla niður að fjórða hluta. Eftir minni brtt. fá þeir, sem hafa yfir 40 þús. kr. í hreinar árstekjur, enga rýmkun á skattinum, en hinir nokkra. Ég vona, að mér hafi tekizt með þessari brtt. minni að fullnægja þeim óskum, sem komið hafa fram um að létta skattinum af þeim mönnum, sem hafa þær tekjur, sem ég greindi.

Ég flyt einnig aðra brtt. við frv. Hún er um, að á eftir 4. gr., sem fjallar um tekjuskatt, skuli bætast ný grein, sem feli í sér þrjár málsgr. 1. málsgr. er svo hljóðandi: „Giftri konu, sem stundar sjálfstæða atvinnu utan heimilis síns, er heimilt að telja fram sérstaklega til skatts þær tekjur, sem hún hefur af þeirri atvinnu, enda sé teknanna ekki aflað í fyrirtæki, sem maður hennar er meðeigandi að eða hluthafi í, og skal þá leggja á hana samkvæmt því.“ Ég geri ekki ráð fyrir, að ég þurfi að tala frekar fyrir þessari till. Allir hv. þm. vita, að það hafa komið fram eindregnar kröfur kvenna og samtaka þeirra um allt land um, að skattar væru rýmkaðir hjá viðkomandi skattgreiðendum. Slíkar kröfur hafa komið fram varðandi giftar konur, að þær mættu telja sérstaklega fram til skatts. Sérstaklega á þetta við um giftar konur, sem stunda atvinnu utan heimilisins. Ég veit, að allar þessar kröfur hafa átt erfitt uppdráttar hér innan þingveggja. Mér virðist, þar sem ég hef flutt þessa till. með það fyrir augum að fá hana samþ., að ég hafi farið eins hóflega í sakirnar og frekast var unnt, án þess að hægt væri að segja, að verið væri að draga stórkostlega úr þeim tekjustofni, sem tekjuskatturinn er, en sýna samt í nokkru, að Alþingi vill taka nokkurt tillit til þessa réttlætismáls og sýna sanngirni gagnvart þeim kröfum, sem fram hafa komið í þessu efni. Ef ég man rétt, þá byrjaði hæstv. forseti fundinn á því að lesa upp fjöldamargar óskir um, að Alþingi yrði við þessum kröfum um skattafyrirkomulag. Ég hef haft orðalagið á þessari brtt. eins og Sósfl. hefur haft það áður, bæði í sérstöku frv. og í brtt. við breyt. á l. um tekjuskatt.

Ég vil leyfa mér að vænta þess, að hv. þm. sýni þá sanngirni að samþ. brtt. og létta þannig álögunum af í fyrsta lagi fátækum mönnum með lágar tekjur, sem eiga erfitt með að draga fram lífið, eins og nú er ástatt í fjárhagsmálunum, og í öðru lagi að sýna nokkra sanngirni gagnvart kröfum, sem bornar hafa verið fram, t. d. af kvenfélögum, með tilliti til þess, að þegar gift kona vinnur utan heimilis síns, eigi hún rétt á að telja fram sínar tekjur sem sérstakar tekjur og að á þær sé lagt sem sérstakar tekjur. Ég vildi því mega vænta þess, að hv. þm. geti samþ. þessa brtt. mína við þessa umr. Að öðru leyti þarf ég ekki að ræða frekar um það lagafrv., sem hér liggur fyrir. Það er gamall kunningi og þrautrætt hér í þessari hv. d.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 39. fundi í Nd., 10. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 351,1 felld með 17:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÁ, LJós, SG, GÍG, ÁS, EOl, EmJ, GÞG.

nei: JS, JR, JörB, ÓTh, PÞ, PO, SkG, MJ, StgrSt, AE, ÁB, EystJ, GG, HelgJ, JóhH, JG, SB.

JPálm, KS greiddu ekki atkv.

8 þm. (SÁ, ÁkJ, ÁÁ, BÓ, FJ, GTh, HÁ, IngJ) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Magnús Jónsson: Ég er þeirrar skoðunar, að nauðþurftartekjur eigi að vera undanþegnar skattal. En þar sem hér er um allverulega breyt. að ræða, sem gæti haft allmikil áhrif á afgreiðslu fjárl., og í fullu trausti þess, að ríkisstj. taki skattamálin til rækilegrar athugunar fyrir næsta Alþ., m. a. til að athuga þetta, segi ég nei.

Jóhann Hafstein: Þar sem ég hef borið fram þáltill. í Sþ. um heildarendurskoðun skattal. og óska, að hún verði samþ. og endurskoðunin framkvæmd samkvæmt henni, en einstakar lagfæringar, þótt til bóta séu, gætu orðið til þess að tefja heildarendurskoðun, segi ég nei.

Pétur Ottesen: Ég segi nei með tilvísun til grg. hv. 2. þm. Eyf.

3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 351,2 felld með 17:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GÞG, JÁ, KS, LJós, SG, ÁS, EOl, EmJ.
nei: EystJ, GG, GTh, HÁ, HelgJ, JóhH, JG, JPálm, JS, JR, JörB, PÞ, PO, SkG, StgrSt, AE, ÁB.
MJ, SB greiddu ekki atkv.
8 þm. (FJ, IngJ, ÓTh, SÁ, GÍG, ÁkJ, ÁÁ, BÓ) fjarstaddir.
3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég tel þá lausn, sem hér er gert ráð fyrir á því vandamáli að leiðrétta það ranglæti, sem felst í núgildandi skattal., t. d. varðandi samsköttun hjóna, ekki vera nægilega og verulega gallaða, enda hef ég flutt frv., sem gerir ráð fyrir gagngerðum breyt. til úrbóta á því vandamáli. Hins vegar tel ég, að í þessari brtt. felist bót frá því ástandi, sem nú er og ég tel vera fráleitt, og segi því já.

Kristín Sigurðardóttir: Með skírskotun til grg. hv. 3. landsk. segi ég já.

Jóhann Hafstein: Með skírskotun til grg. hv. 3. landsk. þm. segi ég nei.

5.—6. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 40. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 41. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 229, n. 428 og 446).

Frsm. meiri hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem hér er á ferðinni, er ekki annað en framlenging á l., sem áður hafa verið samþykkt á fyrri þingum. Fjhn. hefur athugað frv. og sér ekki ástæðu til annars en að verða við því að leggja til, að l. þessi verði framlengd. Hins vegar hefur einn nm., hv. þm. Barð., sett það að skilyrði fyrir fylgi sínu við frv., að á eftir 5. gr. komi ný grein, þar sem ríkisstj. verði gert að láta fara fram endurskoðun á skattalöggjöfinni, sem lokið verði áður en næsta reglulegt Alþingi kemur saman. Meiri hl. fjhn. áleit, að þetta viðbótarákvæði, sem felst í brtt. hv. þm., ætti ekki heima í þessu frv., en væri mál út af fyrir sig. Þess vegna var það, að við í meiri hl. vildum, að frv. yrði samþ. óbreytt, en við erum reiðubúnir að fylgja hv. þm. Barð. um þetta sama atriði, þegar aðstæður eru aðrar. Við höfum orðið sammála um það, að réttara væri að koma þessum fyrirmælum til ríkisstj. með öðrum hætti. Við í meiri hl. leggjum því til, að málið verði samþ. óbreytt. — Einn nefndarmanna (BrB) var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Eins og frsm. meiri hl. fjhn. tók fram, er hér um að ræða framlengingu á l., sem framlengd voru á fyrra ári, en var þá látið í veðri vaka, að yrði í síðasta sinn. Það er öllum þm. kunnara en frá þurfi að segja, að er þessi l. voru samþ. í fyrsta sinn, var gert ráð fyrir, að þau giltu í aðeins eitt ár. Var þetta gert í sambandi við verðlagsmálin og var fyrst nefnt verðlækkunarskattur og síðan tekjuskattsviðauki, en síðan hefur þessi liður orðið að föstum tekjustofni ríkissjóðs. Hins vegar tel ég óhæfu, að þessi skattur verði framlengdur í meira en eitt ár nú, og ég er því ósamþykkur, að þetta frv. nái fram að ganga nú, nema trygging verði fyrir því, að skattalögin verði endurskoðuð fyrir næsta reglulegt Alþingi.
Ég hef gefið út minnihlutaálit um þetta, sem prentað er á þskj. 446. Mér er það vel ljóst sem form. fjvn., að fjárlögin þola ekki, að þessir tekjustofnar verði teknir út nú, og ég er ekki tilbúinn að benda á nýja tekjustofna. Fylgi mitt við þetta frv. er aftur á móti bundið því, að skattalöggjöfin verði endurskoðuð og niðurstöður og till. þeirrar rannsóknar verði lagðar fyrir næsta þing. Í sambandi við þetta vil ég benda á, að á síðasta þingi bar ég fram brtt. við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt *og eignarskatt*. Lagði ég til, að skattalögin yrðu felld úr gildi frá 1. jan. 1952. Enn á ný hef ég borið fram frv. um sama efni, að skattalögin falli úr gildi um áramót 1952—53, en nefndin hefur ekki viljað fallast á þetta sjónarmið og ekki einu sinni viljað fallast á, að frv. yrði þannig breytt, að ríkisstj. yrði skylt að láta fara fram endurskoðun á skattalögunum. Í þessu sambandi vil ég einnig benda á, að nú liggja fyrir þinginu a. m. k. 7 frv. um breyt. á skattalögunum og leiðréttingar á þeim. Sú mergð af frv. um breyt. á þessum l. ætti að sýna það hvað gleggst, hve brýn nauðsyn það er, að endurskoðun þessarar löggjafar fari fram sem allra fyrst. Þáltill. liggur einnig fyrir þinginu varðandi málið, en þótt hún yrði samþ., þá er hún ekki eins trygg og ef ríkisstj. yrði skylduð með löggjöf að láta endurskoðunina fara fram. Hún kemur því að litlu haldi, nema ráðh. gefi yfirlýsingu um það, að hann láti endurskoðunina fara fram. Ef hæstv. fjmrh. vill nú lýsa því yfir, að hann muni láta þessa endurskoðun fara fram á næsta ári, mundi ég geta fallizt á að

taka brtt. mína til baka, m. a. vegna þess ef hægt væri að samræma þær kröfur, sem komið hafa fram hér á Alþ. Ætti þá að vera hægt fyrir hæstv. ríkisstj. að leggja fram till. sínar fyrir næsta Alþingi. Að öðru leyti get ég fylgt þessu máli.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Eins og minnzt hefur verið á, liggur fyrir þinginu till. til þál. um endurskoðun á skattalöggjöf ríkisins og skattaákvæðum bæjar- og sveitarfélaga. Ég hef áður lýst því yfir, að ég væri samþykkur þessari till. Mér hefur og skilizt, að fylgi væri fyrir því máli. — Varðandi till. hv. þm. Barð., þá legg ég til, að hún verði felld. Vildi ég fara fram á það við hv. þm., að hann taki till. sína til baka, þar sem ég tel, að efni hennar eigi betur heima í þáltill. en lagafrv. — Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að kappræða um þetta, en ég er sammála meiri hl. fjhn. varðandi afgreiðslu þessa frv.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég get ekki fallizt á að taka brtt. mína til baka. Hæstv. fjmrh. hefur aðeins lýst yfir, að hann fylgi þáltill. varðandi þá endurskoðun á skattalögunum, sem hér er farið fram á. Hæstv. fjmrh. hefur greitt fé úr ríkissjóði svo tugum þúsunda skiptir án þess að hafa leyfi Alþingis til þess, og býst ég varla við, að hann virði frekar viljayfirlýsingu þingsins varðandi endurskoðun skattalöggjafarinnar um skattaálagningu.

Það er misskilningur, að till. mín eigi ekki heima í þessum l. Það er ekkert eðlilegra en að bera till. undir atkv. í sambandi við þetta mál. Og mér er nær að halda, að hæstv. ráðh. vilji ekki láta endurskoða l., ef hann vill ekki láta gera það nú. Till. fer ekki fram á neitt annað en að láta endurskoða l. Ég held, að hæstv. ráðh. geti fallizt á það, nema hann beinlínis ætli sér ekki að hlíta vilja Alþingis. Þess vegna get ég ekki tekið till. mína aftur og óska, að hún komi til atkv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 446 felld með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SÓÓ, StgrA, BrB, FRV, GJ, JJós.
nei: PZ, RÞ, VH, ÞÞ, HermJ, KK, BSt.
LJóh, BBen, HV, HG greiddu ekki atkv.
5 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Þorsteinn Þorsteinsson: Það mun liggja fyrir þáltill. í þinginu um að endurskoða skattalöggjöfina, og sé ég því ekki ástæðu til að setja ákvæði um það hér og segi nei.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Með skírskotun til grg. hv. 11. landsk. þm. segi ég nei.

Jóhann Jósefsson: Það mun að vísu vera svo, að fyrir liggi þáltill. í Sþ. um endurskoðun, en mér finnst, að hæstv. ráðh. ætti að vera nokkuð bundinn af vilja þingsins um þetta, og þar sem þessari deild gefst tækifæri til þess að láta uppi sína skoðun, segi ég já.

Karl Kristjánsson: Ég segi nei með skírskotun til grg. hv. 11. landsk. þm.

Bernharð Stefánsson: Með skírskotun til grg. hv. 11. landsk. þm. segi ég nei.

6. gr. samþ. með 9:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:1 atkv.

Á 47. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 495).

---

17. Dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna (stjfrv.).

Á 5. fundi í Sþ., 17. okt., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um framlenging á gildi III. kafla l. nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna** [60. mál] (stjfrv., A. 86).

Á 14. fundi í Nd., 18. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það er sama að segja um þetta frv. og hið næsta á undan, það fjallar um að framlengja ákvæði um tekjuöflun, sem sett voru með lögum um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, III. kafla laga nr. 100 frá 1948. Leyfi ég mér að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og fjhn. að lokinni þessari umr.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Þetta litla frv., sem hæstv. fjmrh. mælti með nokkur orð, er stærra en það virðist vera við lauslega athugun þskj. og ræðu hæstv. ráðh. Hér er um að ræða framlengingu á söluskattinum, sem settur var á 1948, en hækkaður 1950, að framlengja hann út árið 1952. Það dylst engum, sem fylgist með almennum málum, hve mikilli óánægju meðal almennings þessi skattur hefur valdið og hve þungt hann liggur á landsbúum. Einnig veldur þessi skattur mikilli hækkun á dýrtíð og gerir sitt til að viðhalda háu vöruverði. Sú dýrtíð er orðin mikil og þungbær. Það hefur líka komið í ljós, er söluskatturinn var hækkaður 1950 í 7%, að hann hefur gefið meiri tekjur en áætlað var 1951 eða yfirstandandi ár. Mér virðast einnig líkur til, að hann gefi meiri tekjur en ætlað er í fjárl. Alþ. nú. Eftir upplýsingum hæstv. fjmrh. mun söluskatturinn nema 50 millj. kr. En fróðir menn telja, að

hann verði nær 90 en 80 millj. kr. Þar sem það er og upplýst af hæstv. ráðh., að verulegur rekstrarafgangur verði á fjárl., þá held ég, að Alþ. ætti að hugsa sig um tvisvar að framlengja þennan háa skatt fyrir árið 1952.

Flokksstjórn Alþfl., sem nýlega var saman á fundi, ræddi meðal annars tolla- og skattamál og ályktaði, að það bæri að vinna að afnámi söluskatts af nauðsynjavörum. Í samræmi við þetta vildi ég láta í ljós andstöðu mína við þetta frv. um framlengingu söluskatts árið 1952. Ég hygg, að það mundi vera hægt að færa tvenn rök fyrir afnáminu eða stórlegri lækkun söluskattsins. Í fyrsta lagi mundi allt verðlag fara lækkandi í landinu. Í öðru lagi mundi ekki stefnt í ófæru varðandi tekjuöflun til handa ríkissjóði. Af þessum tveim ástæðum og því, hvað skatturinn hefur verið óréttlátur og einnig reynzt meiri en áætlað var, held ég, að færa megi fullgild rök fyrir lækkuninni. Hann var á lagður 1948 til þess að standa straum af styrk til bátaútvegsins og til að greiða niður verð á nauðsynjavörum. Nú er þessum tveim ástæðum ekki til að dreifa, þar sem styrkur til bátaútvegsins hefur verið felldur niður og niðurgreiðslu á vörum er hætt. Með þessu tvennu er fallin niður sú ástæða, sem var orsök til þess, að hann var lagður á í árslok 1948. Þótt ég og minn flokkur stæðum að því að leggja hann á, — að vísu vildum við hafa hann lægri, — þá eru ástæðurnar fyrir álagningu hans ekki lengur fyrir hendi. Mér hefur skilizt, að sú ríkisstj., sem stóð fyrir gengislækkuninni, hafi ætlað að draga úr þeim sköttum og tollum, sem lagðir voru á til þess að forðast gengisfellingu með því að styrkja bátaútveginn og greiða niður vörur. Vil ég því láta þetta koma í ljós á þessu stigi málsins. Auk þess hefur legið á því grunur, að skattur þessi hafi verið misnotaður. Erfitt hefur verið um framkvæmdir á innheimtu söluskattsins. Hygg ég, að söluskattinn, sem lagður var á alla þjónustu, sé erfitt að tryggja þannig, að hann renni allur í ríkissjóð. Þetta er einn af þeim göllum, sem eru á framlengingu skattsins. Það ætti að vera nægilegt fyrir almenning að greiða 80—90 millj. í skatt, þótt ekki sé þannig frá honum gengið. Þetta vildi ég einnig segja, áður en málið fer til atkvgr. Við 2. umr. mun tækifæri gefast til að koma með breytingartillögur.

Umr. frestað.

Á 16. fundi í Nd., 22. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Mér þótti satt að segja framsöguræða hæstv. fjmrh. um þetta mál vera nokkuð stutt. Þetta er nú í þriðja sinn, sem verið er að setja ákvæði um þennan síhækkandi og þunga skatt, söluskattinn, og venjulega hafa nokkur orð verið látin fylgja með um það, hvernig fyrirhugað væri að verja þessum skatti, og um leið, að þetta væri aðeins bráðabirgðaráðstöfun til að létta undir með atvinnuvegunum og vinna gegn dýrtíð í landinu og við þetta þyrfti ekki lengi að búa, þetta væri neyðarúrræði. Ég skil því varla, að nokkur efist um það, og það jafnvel ekki hæstv. ríkisstj., að ástandið í landinu er nú orðið svo, að gjaldþoli almennings er algerlega ofboðið. Það er ekki hægt fyrir fólkið í landinu að rísa undir þeim álögum, sem nú eru á það lagðar. Allt fram á síðustu tíma var þó sá munurinn fyrir fólkið, að atvinna var töluvert mikil og kaup lengi vel allhátt, þannig að viðnámsþol almennings var nokkru meira en nú, en nú er orðið ljóst, að tvenns konar þróun hefur átt sér stað í senn, tollaþunginn — og á þar söluskatturinn drýgstan hlut — hefur sífellt farið vaxandi, um leið og viðnámsþol almennings hefur verið minnkað með lækkun kaupgjalds og minnkandi atvinnu. Ég fæ ekki betur séð en nú sé ástandið í þessum málum orðið þannig, að viðnámsþol almennings bókstaflega bresti, ef haldið verður áfram að leggja á hann alla þá tolla og skatta, sem hann verður nú að bera. Satt að segja hefur nú upp á síðkastið orðið vart slíkrar andstöðu gegn skattaálögum ríkisstj., og þá einkum gegn söluskattinum, að maður hefði getað haldið, að hæstv. ríkisstj. treystist ekki til að halda áfram á sömu braut. Innan sjálfra stjórnarflokkanna hafa raddir um tolla- og skattaþungann verið svo óvægar, að þær hafa jafnvel gefið mönnum undir fótinn með það, að söluskatturinn mundi skjótlega verða afnuminn eða þá stórlega lækkaður. Enn fremur voru bæjar- og sveitarfélögin farin að kvarta mjög undan því, að þau væru að sligast undir útgjöldum sínum, og svo framarlega sem þau ættu að geta staðið undir þeim byrðum, sem á þau væru lagðar, yrðu þau að fá nokkurn hluta af tekjum, sem nú renna í ríkissjóð. Ástæðan fyrir hinni slæmu afkomu bæjar- og sveitarfélaganna er m. a. sú, að ríkissjóður gengur svo nærri gjaldþoli almennings með tollum og sköttum, að útsvörin innheimtast alls ekki að fullu. Ríkið gengur svo nærri skattþegnunum, að geta þeirra til að greiða útsvör verður hverfandi. Á nýafstöðnum bæjarstjórafundi var samþykkt ályktun þess efnis að fara fram á við ríkisstj., að helmingur söluskattsins, ef á yrði lagður framvegis, yrði látinn renna til bæjarfélaganna. Nú, þegar þetta mál er lagt fyrir þingið, er á hvorugt það minnzt, sem menn höfðu gert sér vonir um í sambandi við söluskattinn, annaðhvort að létta hann, svo að fólkið í landinu gæti risið undir honum, eða þá að láta hluta hans renna til bæjar- og sveitarfélaga eins og þau höfðu gert sér vonir um. Hæstv. fjmrh. minnist ekki einu orði á þessi atriði, og er það þó venja hæstv. ríkisstj., þegar hún hyggst koma fram svo óvinsælum málum sem þessu, að beita öllum ráðum, sem fögur orð leyfa, til þess að gera þau vinsælli.

Af því að þetta frv. heitir nú frv. til l. um framlengingu á l. um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, hefði maður getað ætlað, að eitthvað hefði verið komið inn á þau atriði, hver áhrif skatturinn hefði á dýrtíðina í landinu og á hvern hátt hann gæti dregið úr henni. Á þetta var þó ekki minnzt, enda sannast mála, að eins og sakir standa er söluskatturinn hinn mesti dýrtíðaraukandi skattur, sem nokkurn tíma hefur verið lagður á á Íslandi. Dýrtíðin

vex hröðum skrefum, ef þessi skattur verður lagður á áfram, og það verður þeim mun erfiðara að ráða bót á henni, því lengur sem hann helzt. Og mér finnst það því sýna ótrúlegt sinnuleysi af hálfu hæstv. ríkisstj. um það, hvað hægt sé að bjóða gjaldþoli almennings, að ætla nú enn að leggja þennan þunga skatt á herðar honum, þegjandi og hljóðalaust, án afsökunar, án viðurkenningar á því, hve erfitt er fyrir fólkið að bera hann, án þess að láta skína í möguleika á að verja skattinum betur en hingað til hefur verið gert og án þess að gera nokkrar ráðstafanir til þess að gera fólkinu mögulegt að standa undir honum. Það má minna á það, að tolla- og skattaálögur fara nú að nálgast 400 millj. kr., en allur útflutningurinn náði ekki 400 millj. kr. síðastl. ár, — mun á þessu ári sennilega fara fram úr 600 millj. króna, — og fer þá að verða nokkuð iskyggilegt ástand í þessum efnum, ef ríkissjóður tekur til sín af fólkinu í landinu jafnmikinn krónufjölda og nemur andvirði allrar framleiðslu landsmanna til útflutnings. Ég fæ ekki betur séð en nauðsyn beri til að stinga fæti við, þegar þannig er komið hlutfallinu á milli álagðra skatta og tolla annars vegar og verðmæti útflutningsins hins vegar. Ég tala nú ekki um, ef þetta hlutfall er borið saman við hlutfall sömu pósta eins og þeir voru fyrir stríð, en þá hygg ég að tollar og skattar hafi ekki numið nema ⅛ af útflutningsverðmætinu, og þótti það mikið þá. Hvað alþýðuheimilin í landinu snertir er það vitað mál, hvílíkur ógnarþungi skattbyrðin á þeim er orðin, að óbeinu skattarnir einir nema um 7000 krónum á hvert alþýðuheimili, og ætti hverjum manni að vera ljóst, að ómögulegt er fyrir þau að standa undir þvílíkum álögum, ef ekki eru gerðar samtímis ráðstafanir til að efla gjaldþol fólksins.

Það er rétt í sambandi við þetta frv., sem er kallað „frv. til l. um framlenging á gildi III. kafla l. nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna“, að rifja lítillega upp, um hvað þessi III. kafli er. Við framlengingu á þessum söluskatti á nú að fara svo einkennilega að að framlengja ákveðin ákvæði í ákveðnum lögum, án þess að tilgreina lögin, sem framlengd eru. Það á að klípa út úr þessum l. sérstök ákvæði, ákvæðin um tekjuöflun, en tilgreina ekkert um það, hvaða greinar falli úr gildi. Það á með öðrum orðum að leggja 80 millj. kr. skatt á þjóðina án þess að semja sérstök l., sem leyfa það. Og hver eru nú þessi l., sem þarna er verið að narta í? 1. gr. í III. kafla, sem er 19. gr. l., hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Stofna skal sérstakan sjóð, er nefnist dýrtíðarsjóður ríkisins. Skal honum varið til þess að standa straum af greiðslum vegna ábyrgðar ríkisins á verði útfluttrar vöru, svo og greiðslum til lækkunar á vöruverði og framleiðslukostnaði innanlands.“ Hér er um að ræða l., sem sett voru til að gera ríkissjóði fært að standa undir hugsanlegu tapi af rekstri sjávarútvegsins og halda niðri verðlaginu í landinu. Þau voru beinlínis sett til að draga úr dýrtíðinni og tryggja gang atvinnutækjanna. Nú, þegar búið er að eyðileggja þann tilgang, sem setning l. skyldi hafa, er komið fram með frv. um, að ákvæði þessara l. um tekjuöflunina skuli ein standa. Ég held það væri skemmtilegra að leggja fram lagafrv. um þetta efni, þar sem tekið sé skýrt fram, hvað verið er að gera, en allt hitt, sem ekkert gildi hefur lengur og er innan um allar þessar greinar, fellt burtu. Þegar þessi l. voru sett, þótti ekki fært að leggja þá kvöð á landsfólkið að inna af hendi greiðslur til bátaútvegsins öðruvísi en gera það að lögum. Nú gerist sú hlutur, að ríkisstj. tekur upp þá aðferð að leggja skatt á almenning, sem síðan er ráðstafað til bátaútvegsins, án þess að hagnýta þessi lög að nokkru, en ætlar að framlengja um leið ákvæði þessara l. um tekjuöflun. Það hefur hingað til verið aðalréttur Alþingis að geta ákveðið um allar álögur, sem lagðar eru á almenning. Nú gerist það, eftir að síðasta þingi var slitið, að lagt er á almenning af hálfu ríkisstj. sérstakt gjald, gjald, sem skyldi ekki renna í ríkissjóð, heldur til ákveðinna aðila í landinu. Ég á hér við bátagjaldeyrisskattinn. Það var gefin út reglugerð um þetta í vor, þar sem er leyfð 25—60% álagning á sérstök gjaldeyrisleyfi og mönnum áskilið að greiða þetta álag inn í sérstakan sjóð. Slíkt er að mínu áliti gert án lagaheimildar, og ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. fjmrh. að því, samkvæmt hvaða l. og hvaða gr. í þeim l. sú reglugerð, sem leyfir 25—60% álagningu á ákveðnar vörutegundir, hefur verið gefin út. Ég vil vekja athygli á því, að hér í þessum lögum um dýrtíðarsjóð, í 32. gr., eru sérstök fyrirmæli um það, að leyfisgjald megi innheimta á árinu 1949 með 100% álagningu. Til þess að þetta væri hægt, þurfti sérstök lagaákvæði, en nú leyfir hæstv. ríkisstj. sér að gefa út reglugerð, sem styðst ekki við nein l., um að leggja gjald, sem nemur 25—60%, á ákveðna vöruflokka. Ég skal geta þess, að þessi álagning getur ekki verið heimiluð með l. um fjárhagsráð, því að í l. er tekið fram og fjárhagsráði fyrirskipað, að svo miklu leyti sem það hefur á hendi úthlutun gjaldeyrisleyfa, að úthluta þeim leyfum þannig, að allir hafi sem jafnastan rétt til innkaupa og menn geti gert innkaup sem ódýrast, í staðinn fyrir að bátaútvegsgjaldeyrinum er úthlutað með það fyrir augum, að menn leggi sem mest á hann og selji vöruna sem dýrasta, þannig að þetta er að öllu leyti brot á l. um fjárhagsráð og fleiri lögum. Ég er með þessu ekki að ræða út af fyrir sig um bátaútvegsgjaldeyrinn, hvort hann sé heppilegur, nauðsynlegur, réttlátur eða citthvað slíkt, heldur einvörðungu um þetta spursmál: Er hann löglegur eða ekki löglegur? — en það hefur ríkisstj. ekki fært sönnur á.

En það, sem ég vildi gera að umtalsefni, eru þessi l., framlenging á gildi III. kafla dýrtíðarl. frá 1948, en hann fjallar um vissan styrk til bátaútvegsins til þess að halda honum gangandi. Og ég vildi leyfa mér í sambandi við þetta að spyrja hæstv. fjmrh.: Er það máske meiningin, að í sambandi við framlenginguna á söluskattinum nú eigi að einhverju leyti að fara að greiða aftur fé til bátaútvegsins og fella niður bátaútvegsgjaldeyrinn? Ég álít, að þetta geti ekki gengið, að Alþ. hafi ekki hugmynd um,

hvaða álögur á að leggja á landsmenn; ég álít ólöglegt að leggja á álögur nema með samþykki Alþ. og það eins þótt álögurnar séu lagðar þannig á, að það sé lagður sérstakur tollur eða skattur á einhverja vöru og hann síðan látinn renna til einstakra manna. Það hefur engin ríkisstj. rétt til að leggja þannig skatt eða toll á almenning, hvorki handa sjálfri sér né handa einstaklingum í landinu. Ég álít þess vegna, að það sé ekki nema eðlilegt og í rauninni óhjákvæmilegt í sambandi við umr. um söluskattinn nú, að það komi í ljós, hver er stefna ríkisstj. í þessu máli og hvað hún ætlar sér að gera. Ég vil benda á, að ef hæstv. ríkisstj. álítur sig hafa lagaheimild til að leggja á bátagjaldeyrinn þannig að leggja á ákveðna vöruflokka 25—60%, þá hefur hún slíka lagaheimild á morgun til þess að taka alla vefnaðarvöru og alla nauðsynjavöru í landinu og leggja á hana samsvarandi skatt til handa bátaútveginum eða einhverjum öðrum. Ef það er svo, að ríkisstj. hefur svona lagaheimild einhvers staðar, þá er það aðeins komið undir hennar áliti og geðþótta, hve víðtækt hún notar það. Ef hún getur notað það til þess að leggja svona toll á bílavarahluti eða eitthvað slíkt, hvað bannar henni þá að leggja hann á matvöru og alla vefnaðarvöru eða aðra vöru? Ég fæ ekki betur séð heldur en að með svona aðförum sé verið að eyðileggja allan rétt Alþ. til þess að kontrolera, hvaða álögur eru lagðar á fólkið, og það er til lítils að vera að biðja Alþ. um að samþ. söluskattinn eða eitthvað slíkt, ef á að vera hægt að bæta ofan á þann skatt til handa einstökum mönnum í landinu 25—60% álagningu. Ég vil taka það fram, að ég ræði þetta spursmál lagalega séð. Ég er engan veginn að ræða sjálfan vísdóminn í því að gera þetta. Það getur vel verið, að hæstv. ríkisstj. gæti sannfært Alþ. um það, að það væri sjálfsagt að haga þessu svona með bátagjaldeyrinn, en hún getur ekki sannfært mig um, að það hafi verið gert lögum samkvæmt og hún hafi haft heimild til þess. Þess vegna held ég, að þegar Alþ. í sambandi við söluskattinn á að dæma um það, hvort fært sé að leggja svona þungan skatt áfram á almenning, þá eigi Alþ. kröfu á að fá að vita, hvað miklir þeir skattar og gjöld eru, sem á að fara að leggja á, jafnvel utan við öll lög, eins og t. d. í sambandi við bátagjaldeyrinn. Og út af fyrir sig er bátagjaldeyririnn ekki þyngri en allt, sem síðan er leyft að leggja ofan á hann. En einokunaraðstaðan, sem sköpuð er til verzlunarinnar, gerir það að verkum, að það, sem fer til bátaútvegsins, er ekki nema lítill hluti af því, sem almenningur verður að borga, þegar hann á að fara að kaupa þessar vörur. Ég vildi þess vegna vænta þess, af því hvernig þessi mál eru í eðli sínu, að hæstv. fjmrh. sæi sér fært að gefa upplýsingar um þetta mál um leið.

Ég vil svo að lokum segja það viðvíkjandi söluskattinum, að ég álít, að Alþ. verði að reyna að finna aðferð til þess að breyta hér um stefnu. Það verður að afnema — a. m. k. að draga úr söluskattinum, og hæstv. fjmrh. veit betur en ég, hvað það mundi þýða í raunverulegum sparnaði fyrir ríkið hvað snertir greiðslur til launafólks, og enn fremur að finna út aðra gjaldstofna, sem koma síður við almenning en söluskatturinn gerir. Ég held, að ef haldið verður áfram með tollana eins og nú er lagt til með söluskattinn, þá fari svo eftir nýárið, að fleiri og fleiri fyrirtæki og einstaklingar brotni efnahagslega undan þessu. Ég býst við, að hæstv. ráðh. sé ekki ókunnugt um, að það er búið að segja upp nú frá áramótum fjölda fólks í fyrirtækjum hér í Reykjavík, fyrirtækjum, sem eru að loka vegna þess, að þau standast ekki lengur þær byrðar, sem á þau eru lagðar, m. a. með söluskattinum, bátagjaldeyrinum og öðru slíku. Það er komið tilfinnanlegt atvinnuleysi úti um land og yfirvofandi efnahagslegt hrun hjá bæjarfélögum utan Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, og allar ráðstafanir ríkisstj. miða að því að draga úr getu almennings til þess að standa undir þessum álögum, og ef svo á að halda áfram þessum skattþunga, þá fer ekki hjá því, að fólkið brotnar undan því. Það vildi ég, að hæstv. ríkisstj. reyndi að gera sér ljóst við 1. umr. þessa máls og að Alþ. fengi að heyra, hvort ríkisstj. er viðmælandi um að draga úr útgjöldum ríkissjóðs og hins vegar að taka upp aðra tekjustofna, sem liggja ekki svona þungt á almenningi og einhver von er um að hægt yrði að innheimta. Ég held, að það, sem yrði uppskorið með því að halda áfram eins og nú er stefnt með þessum gegndarlausu skattaálögum, sé meiri og minni eyðilegging á efnahag fjölda einstaklinga og fyrirtækja í landinu, og ekki verður þá léttara fyrir fólkið að standa undir þeim byrðum, sem ríkisstj. leggur á það.

Ég vildi svo mælast til þess, að hæstv. fjmrh. gæfi, eftir því sem hann bezt gæti, svör við spurningum þeim, sem ég hef sett fram í sambandi við þetta mál, því að ég býst ekki við, að spursmálið um bátagjaldeyrinn sé öðru máli skyldara, sem fyrir þingið kemur, heldur en þessu, þannig að ég sé ekki betur en að það sé nú einmitt gott tækifæri til að bera fram slíkar fyrirspurnir og ræða það mál við hæstv. ríkisstj.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Mér þykir viðeigandi að láta nokkur orð falla, eftir að talsmenn stjórnarandstöðunnar hafa sett fram sínar skoðanir um þetta mál. Þeir hafa talað mjög í sama tón báðir um þetta, hv. 8. landsk. og hv. 2. þm. Reykv., og ég get þess vegna að miklu leyti svarað þeim sameiginlega.

Svo er að heyra á hv. þm., að þeim hafi komið á óvart, að farið er fram á að framlengja söluskattinn. En það getur ekki verið, að þetta komi hv. þm. á óvart, þar sem það var ýtarlega gerð grein fyrir því í sambandi við 1. umr. fjárl. af minni hendi, hvernig ástatt er um framtíðarhorfur í útgjaldaþörf ríkisins, og þar sem enn fremur fjárlfrv. ber þetta alveg greinilega með sér. Hv. þm. þarf því ekki að koma á óvart, þó að ég héldi ekki langa ræðu eða framsögu fyrir þessu máli, þar sem ég hélt þá framsögu, sem fyrir því þarf, í sambandi við fjárlagaumr. Þetta mál er aðeins hluti af fjárl., þótt það sé sérstakt lagafrv., og í fjárl. er

reiknað með tekjum af söluskattinum, og hv. þm. hafa séð, að þótt reiknað sé með tekjum af söluskattinum, þá er svo sem enginn greiðsluafgangur ráðgerður í fjárlfrv. Þess vegna þurfti það ekki að koma neinum á óvart, að fram er lagt frv. um söluskattinn.

Þá minntist hv. þm. á það, að gjaldþoli væri mjög ofboðið með sköttum og það væri rík nauðsyn að framlengja ekki söluskattinn, og mér skildist á þeim, að þeir vildu einna helzt, að hann yrði ekki framlengdur; þó kom það ekki greinilega í ljós. Ég vildi þá leyfa mér að spyrja þessa hv. þm., hvaða úrræði þeir sjái um afgreiðslu fjárl., ef söluskatturinn er ekki framlengdur. En söluskatturinn verður væntanlega á árinu í kringum 80 milljónir — hann er áætlaður í frv. 77 millj. — af 360 milljóna ríkistekjum, þannig að hann er upp undir ¼ af öllum tekjum ríkissjóðs. Ég vildi því leyfa mér að spyrja þessa hv. þm., því að það er leiðinlegt að tala um þetta mál alveg svart, hvaða úrræði þeir sjá til þess að lækka fjárl., þannig að hægt sé að afnema söluskattinn að einhverju leyti eða öllu leyti, og ég vildi leyfa mér að spyrja þá, hvað það er í fjárl., sem þeir vilji láta breyta, þannig að möguleiki sé að afnema söluskattinn að einhverju eða öllu leyti. Þetta er nauðsynlegt að gera til þess að reyna að skilja, hvaða áhrif mundi hafa fyrir þjóðina niðurfelling þeirra útgjalda, sem af fjárl. yrði að færa, til þess að hægt væri að létta skattana.

Það kom aðeins fram hjá hv. 8. landsk., að kannske væru tekjurnar svo varlega áætlaðar, að óhætt væri að fella niður söluskattinn að einhverju leyti, þótt ekki væri breytt gjaldabálki frv. Ég hygg, að hv. þm. mundi komast á aðra skoðun, ef hann kynnti sér þetta mál rækilega. Það er að vísu gerandi ráð fyrir því, eins og ég útskýrði nokkuð í framsöguræðu minni fyrir fjárl., að tekjur af verðtolli og söluskatti verði nokkru hærri á árinu en áætlað er nú í fjárl. En þá kemur það til athugunar, sem miklu máli skiptir, að innflutningurinn í ár er óvenjulega hár, vegna þess að verið er að safna verzlunarbirgðum með sérstakri hjálp og fjárhagslegri aðstoð erlendis frá, og það er ekki hugsanlegt, að það endurtaki sig. Þess vegna er ekki hægt með neinni skynsemi að reikna með því, að þessi tekjustofn gefi jafnmikið af sér á næsta ári eins og í ár, og verða menn þess vegna annaðhvort að framlengja söluskattinn eins og hann hefur verið eða finna leið til þess að lækka fjárl. Það er ekki hugsanlegt, að sú afgreiðsla geti orðið forsvaranleg að fella niður söluskattinn án þess að fjárlfrv. sé lækkað um leið og þá ekki lækkað til málamynda, heldur yrðu ríkisútgjöldin raunverulega að lækka frá því, sem áætlað er í fjárl. Þess vegna vil ég endurtaka spurningu mína til þessara hv. þm., sem svo mjög lýsa því, að það þurfi að finna leiðir til þess að lækka söluskattinn, hvað það sé af ríkisútgjöldunum, sem þeir telja fært að lækka eða vilja losa sig við.

Í þessu sambandi er fróðlegt að athuga, þegar hv. þm. tala um skattabyrði, hvort skattabyrðin hefur verið aukin alveg nýlega eða ekki, og í því sambandi vil ég leyfa mér að upplýsa, sem ég upplýsti við fjárlagaumr., að skattstofnar ríkisins eru núna þeir sömu — nærri því nákvæmlega — eins og þeir voru fyrir tveim árum, þannig að ríkið hefur ekki aukið sínar skattaálögur eða aukið sína skattstofna. Enn fremur vil ég leyfa mér að vekja athygli manna á því, að tekjuhlið fjárlfrv. er um 19% hærri en tekjurnar 1949, þ. e. a. s. fyrir gengislækkun, og held ég, að vandfundinn sé nokkur aðili í þessu landi nú, hvort sem það eru stofnanir eða fyrirtæki, sem eitthvað hliðstætt stendur á um og ríkisreksturinn, sem getur sýnt, að ekki hafi aukizt meira en um 19% það, sem fyrirtækið þarf til þess að halda sams konar rekstri við og var fyrir gengislækkun. Þess vegna er það allt úr lausu lofti gripið og ómerk orð, þegar talað er um aukna skattabyrði ríkisins. Hún er hlutfallslega sízt þyngri en hún var fyrir gengislækkun og er í rauninni sú sama.

Þessir hv. þm. tala um fyrirheit um það að draga úr sköttunum og lækka skattana, sem ekki hafi verið efnt. En í því sambandi vil ég minna þessa hv. þm. á, að slíkt fyrirheit hefur aldrei komið frá mér. Ég hef aldrei imprað á því, að þetta væri mögulegt, og það er af því, að mér sýndist augljóst, þegar ég tók við þessum málum, að söluskatturinn yrði að standa áfram. Hitt er svo annað mál, að ég gerði mér í vor sem leið vonir um, að það mundi fara svo, að hægt yrði að létta á einhverjum skattgreiðslum til ríkissjóðs, en þær vonir fóru út um þúfur við þær hækkanir, sem urðu á þessu ári erlendis og innanlands, og vegna þess kostnaðarauka, sem þær hækkanir höfðu í för með sér, var auðséð, að þær vonir, sem menn gerðu sér um það, að eitthvað væri hægt að lækka skattana til ríkisins, voru farnar út um þúfur, nema við ættum að vænta óvenjulegs góðæris, en því hefur ekki orðið til að dreifa.

Hv. 8. landsk. talaði um, að menn væru óánægðir með söluskattinn og hann hefði áhrif á dýrtíðina til hækkunar, og ég efast ekkert um, að þetta er hvort tveggja alveg rétt, en það breytir ekki því, að við neyðumst til þess að halda áfram innheimtu þessa skatts af ástæðum, sem ég hef rakið.

Í sambandi við þennan söluskatt vil ég svo segja það, að ég þekki ekki neina þjóð, sem ekki hefur orðið að grípa til þess að innheimta skatt af almennri verzlunarumsetningu svipað og þennan skatt, sem við innheimtum. Með vaxandi kröfum þegnanna á hendur ríkinu um hvers konar þjónustu, svo sem tryggingar og annað slíkt, hafa allar þjóðir neyðzt til þess að leggja á slíkan skatt, og undanfarið hefur verið sú þróun í nágrannalöndunum, að þar sem ekki hefur áður verið slíkur skattur, þar hefur hann verið tekinn upp, og þar sem slíkur skattur var áður, þar hefur hann verið hækkaður. Mér er t. d. minnisstætt í þessu sambandi, að Norðmenn hafa haft um nokkurra ára skeið 6½% söluskatt á allri umsetningu, en þeir hækkuðu hann á þessu ári upp í 10%, og þannig hefur þróunin verið í flestum löndum. Þegar kröfurnar eru svo miklar og löggjafarvaldið vill láta ríkið skipta sér af jafnmörgum atriðum og

orðið er hér og annars staðar, þá hefur ekki hrokkið til það, sem menn hafa tekið með tekjusköttum, ekki heldur það, sem tekið er með aðflutningsgjöldum, og þá hefur þetta orðið þriðja leiðin, sem hver þjóðin af annarri hefur farið inn á, þ. e. að leggja á þessa almennu söluskatta.

Það má minna á það í sambandi við þetta, þegar rætt er um dýrtíðina og söluskattinn, að vissulega er það rétt, að söluskatturinn hlýtur að hafa áhrif í þá átt, að vörurnar verða dýrari en ella mundi, en hitt fullyrði ég, að ef söluskatturinn yrði afnuminn, án þess að ríkisútgjöldin lækkuðu, og afleiðing þess yrði sú, að ríkissjóður yrði rekinn með stórkostlegum halla, þá mundi það koma fram í vaxandi dýrtíð, sem ekki væri léttara fyrir menn að bera en söluskattinn nú.

Hv. 8. landsk. minntist á það, að söluskatturinn væri óréttlátur. Það má lengi deila um það, hvernig heppilegast sé að koma fyrir skatta- og tollaálögum, hvaða vörur á að undanþiggja og á hvaða vörur á að leggja þetta eða hitt gjaldið. En ég vil minna hv. 8. landsk. á það, að þessi skattur er ekki uppfinning núverandi ríkisstj., heldur er hann lagður á af ríkisstj., þar sem hann átti sjálfur forsæti. Ég veit, að hann gat ekki einn um það ráðið, hvernig þeim skatti var fyrir komið, sem þá var á lagður, en mér virtist ástæðulaust af honum, þegar á það er litið, að þessi skattur er á lagður á þeim tíma og af þeirri stjórn, að vera nú allt í einu að tala um, að skatturinn sé sérstaklega óréttlátur. Ég held, að við, sem stóðum að söluskattinum, höfum séð, að beinu skattarnir væru orðnir svo háir, að ekki væri hægt að bæta við þá og ekki hægt að leggja á innflutningsgjöldin heldur. Þess vegna kann ég ekki við, þegar þessi þm., hv. 8. landsk., er að tala um það nú, að þessi skattur sé sérstaklega óréttlátur.

Út af því, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði um bátagjaldeyrinn, vil ég aðeins taka það fram, að ég mun ekki ræða um hann hér sérstaklega, og vil benda honum á að gera fyrirspurn um það í þinginu. Þetta mál heyrir ekki undir mig, og ég er ekki undir það búinn að upplýsa það, en slíkt mundi viðkomandi ráðh. gera, ef fyrirspurn væri borin upp.

Um söluskattinn er það að segja, að ætlunin er, að hann renni beint í ríkissjóð, en ekki að honum verði varið í eitthvað annað; annars yrði það að koma sérstaklega fram í fjárlögum.

Ég vildi svo láta þetta svar nægja, en enda þessi orð á því, að ekki er hægt að afgreiða tekjuhallalaus fjárlög, nema ríkissjóður fái söluskattinn — og allan söluskattinn, nema önnur leið yrði fundin, sem menn gætu komið sér saman um til **tekjuöflunar í ríkissjóð.**

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Dagana 10.—13. okt. var haldin í Reykjavík ráðstefna allra bæjarstjóra á landinu. Verkefni þessarar ráðstefnu var að ræða fjárhags- og atvinnumálefni bæjarfélaganna. Það kom í ljós, að hið alvarlegasta ástand ríkir bæði í fjárhags- og atvinnumálum bæjarfélaganna. Sums staðar stafar þetta ástand af margra ára aflaskorti, einkum í síldarbæjunum. En þessi vandamál ná til fleiri bæja. Var það álit mikils meiri hluta bæjarstjóranna, að við þetta ástand verði ekki unað og að sérstakar ráðstafanir yrði að gera í þessu efni af hálfu þings og ríkisstj. til úrbóta, ef vel ætti að fara.

Í umræðum á ráðstefnu bæjarstjóranna var það mjög athugað og rætt, hvernig mætti létta byrðum af bæjarfélögum og afla nýrra tekna. Ég skal ekki ræða þetta frekar, en vegna þess að framlenging söluskattsins er hér á dagskrá, vil ég koma þeirri tillögu á framfæri, að hluti söluskattsins renni í jöfnunarsjóð sveitarfélaganna. Tekjustofn sveitarfélaganna er einn, útsvörin. Verði hallarekstur, kemur það því niður á útsvörunum. Auk þess er að því að gæta, að er ríkisstj. herti innheimtu söluskattsins, jók það mjög á erfiðleika við innheimtu útsvaranna. Í þessu sambandi vil ég geta þess, að á þessum fundi samþykktu bæjarstjórarnir einum rómi, að ekki væri unnt að byggja á einum tekjustofni, útsvörunum. Það yrði að finna fleiri tekjustofna og þá óbeina. Ástandið í ýmsum bæjarfélögum er þannig, að þau verða að fá nýja tekjustofna án tafar, ef ekki á illa að fara. Af þessum ástæðum var samþykkt á fundinum að fara þess á leit við Alþ. og ríkisstj., að á meðan innheimtu söluskattsins sé hagað svo sem nú er, skuli hann að hálfu renna til jöfnunarsjóðs sveitarfélaganna og skiptast síðan milli sveitar- og bæjarfélaga eftir reglum þeirra laga, er um það gilda, en þar er einkum miðað við fólksfjölda. Enn fremur, að í lok ársins 1951 skuli renna í jöfnunarsjóð 25 millj. kr. af þessa árs söluskatti. Í lok fundarins var kosin 3 manna nefnd til að koma þessum óskum á framfæri við Alþ. og ríkisstj., og kom það í minn hlut að flytja málið hér fyrir hv. Alþ. Ég skal taka það fram, að þótt kaupstaðirnir standi að þessum samþykktum, þá eiga þær engu síður við hin smærri sveitarfélög, sem eiga mörg hver við hina sömu erfiðleika að etja og eiga að öllu leyti samflot með þeim. Ég skal bæta því hér við vegna ummæla hæstv. fjmrh., að þótt á hæstv. ríkisstj. hvíli að sjálfsögðu sú skylda að halda fjárhag ríkisins í góðu lagi, þá hvílir einnig á henni sú skylda að halda fjárhag sveitar- og bæjarfélaga í lagi.

Gylfi Þ. Gíslason: Mig langar að víkja nokkrum orðum að einu atriði varðandi söluskattinn. Tilgangurinn með lagasetningunni um söluskattinn var í upphafi sá, að skatturinn væri notaður til að greiða uppbætur á útflutningsafurðir í því skyni að koma í veg fyrir gengislækkun. Álagning söluskattsins var því einn liður í ráðstöfunum að halda niðri framleiðslukostnaði og dýrtíð. Þegar breytt var um stefnu og gengið lækkað, átti að vera hægt að losna við söluskattinn. Svo var ekki gert. Til þess tíma var söluskatturinn innheimtur til að koma til leiðar millifærslu á tekjum milli neytenda og útflytjenda. Hann átti ekki að staðnæmast í ríkissjóði. En við gengislækkunina breyttist eðli hans og hann varð venjulegur ríkisskattur, hætti að vera sérstakur skattur til að halda

niðri dýrtíðinni og varð dýrtíðaraukandi. Þess vegna er það sérstaklega mikilvægt að athuga, hver áhrif söluskatturinn hefur á dýrtíðina. Í byrjun ágúst var gerð athugun á því, hvað söluskatturinn svaraði til margra stiga í vísitölunni, og kom í ljós, að hann svaraði til 4.86 stiga. Nú má fullyrða, að hann svari til a. m. k. 5—6 stiga. Málsvarar hæstv. ríkisstj. hafa fjölyrt mjög um það, að meginerfiðleikarnir í viðskiptalífinu hafi stafað af erlendum verðhækkunum, sem hafi orðið svo miklar og ruglað allar áætlanir. Athuganir á vísitölunni, sem nú er 150 stig, sýna, að erlendar hækkanir, þ. e. hækkun erlendra liða í vísitölunni umfram afleiðingar gengislækkunarinnar, hafa valdið 13 stiga hækkun. Þetta eru öll áhrif þeirra voðalegu erlendu hækkana, sem málsvarar hæstv. ríkisstj. hafa alltaf verið að tala um, aðeins 13 stig af 50, og þegar þess er gætt, að söluskatturinn svarar til 5—6 stiga af þessu, sér maður, hversu fráleitar staðhæfingar hæstv. ríkisstj. eru, að kenna erlendum hækkunum um erfiðleikana. Eins og nú er komið, að söluskatturinn er orðinn venjulegur ríkisskattur, er í raun og veru fráleitt að halda því áfram að leggja hann á með sama lagi og verið hefur og jafnt á allar vörur. Er löngu orðin brýn nauðsyn á að undanþiggja a. m. k. nauðsynjavörur, en leggja heldur á luxusvörur. Þá er enn fremur nauðsyn að endurskoða ýmislegt í framkvæmd innheimtu söluskattsins. Á sumar vörur er lagður söluskattur 4—5 sinnum, og sjá allir, hvílík fjarstæða slíkt er, og það verður að bæta eftirlit með söluskattsinnheimtunni. Ekki er jafnauðvelt að skjóta sér undan greiðslu á nokkrum skatti og þar sem skattgreiðendur sjálfir innheimta hann, um leið og þeir selja vörur fyrir peninga. Er það beinn hagnaður, hreinn innborgaður gróði, að skjóta honum undan.

Hæstv. fjmrh. spyr, hvaða tekjustofna stjórnarandstaðan vilji benda á og hvar eigi að fá fé í ríkissjóð í staðinn, ef söluskatturinn væri felldur niður. Það er of flókið mál og umfangsmikið til að gera því skil í stuttri ræðu. En það er margt, sem þarf að athuga og má gera í því sambandi. Vil ég í fyrsta lagi benda á, að tekjuáætlunin virðist mjög varlega gerð, og í því sambandi vil ég minna á, að brýna nauðsyn ber til, að gagngerð endurskoðun fari fram á skattakerfinu í heild. Enn er það, að alla útgjaldahlið fjárlaganna þarf að taka til rækilegrar athugunar. Það versta er að fljóta sofandi að feigðarósi, og hér dugir ekkert kák lengur, heldur þarf gagngerða heildarathugun og vafalaust beinar skurðaðgerðir sums staðar.

Stefán Jóh. Stefánsson: Ég vil víkja nokkrum orðum að ræðu hæstv. fjmrh. Að vísu hefur hv. 3. landsk. þm. tekið af mér ómakið að mestu, og get ég því verið stuttorður.

Hæstv. fjmrh. heldur því fram út af framlengingu söluskattsins, að ekki sé unnt að afgreiða hallalaus fjárlög nema framlengja söluskattinn með 7% álagi, og spyr okkur, hvað sé hægt að fella niður af fjárlögum og hvaða nýjar leiðir við viljum benda á til að afla fjár í ríkissjóð í staðinn. Gæti ég að vísu vísað til hv. 7. þm. Reykv., sem er stuðningsmaður ríkisstj., þar sem hann sagði, að það væri skylda fjármálastjórnarinnar að sjá útvegi, þegar hætt væri að taka óréttláta skatta til ríkissjóðs. Ég get líka tekið undir þær athugasemdir hv. 3. landsk. þm., að það er ekki auðvelt við þessa umr. málsins að benda á ótvíræða og glögga leið við afgreiðslu fjárlaga, sem sé miðuð við að afgreiða þau tekjuhallalaus, þó að söluskatturinn væri felldur niður. Þetta er stórt og mikið mál, og ég veit, að hæstv. fjmrh. getur varla til þess ætlazt, að við Alþfl.-menn getum á þessari stundu bent á með nákvæmum tölum, hvernig væri hægt að afgreiða fjárlög tekjuhallalaus með því þó að sleppa söluskattinum. En eins og ég tel þá fullyrðingu órökstudda, að þetta sé ekki hægt, svo sem hæstv. fjmrh. sagði, — en hann rökstuddi á engan hátt þá fullyrðingu sína, — að ómögulegt væri að afgreiða fjárlög án tekjuhalla, ef söluskattur félli niður, þá getum við Alþfl.-menn sagt með engu minni rökum, að það sé engu síður hægt með öðrum aðgerðum að afgreiða fjárlög tekjuhallalaus, þó að dregið sé verulega úr söluskattinum. Fyrst og fremst má benda á það, eins og hv. 3. landsk. þm. tók fram, að tekjur til ríkissjóðs munu mjög varlega áætlaðar á fjárlagafrv. því, sem nú liggur fyrir, svo varlega, að allar líkur benda til þess, að þær verði miklum mun meiri en þar er áætlað. Þetta atriði hlýtur því að gera nokkuð stórt strik í reikninginn, þegar talað er um að afnema eða draga úr söluskattinum. Í öðru lagi má benda á, eins og hv. 3. landsk. þm. sýndi glögglega fram á, að ef söluskatturinn er felldur niður eða dregið er úr honum, hefur það í för með sér beinan sparnað á útgjöldum ríkisins, því að söluskatturinn orkar mjög á allt verðlag í landinu til hækkunar. Það þýðir, að eftir þeirri stefnu, sem fylgt er varðandi kaupgjald og launagreiðslur, gæti orðið hér lækkun, ef söluskatturinn lækkaði, þar sem dýrtíðin mundi annaðhvort standa í stað eða jafnvel lækka, ef slíkar ráðstafanir væru gerðar. Svo má líka benda á það, að ég hygg, að það sé hægt með breytingum á öllu skattakerfinu — og þá kannske ekki síst með breytingum á lögum um tekju- og eignarskatt — að gera þær ráðstafanir, að tekjulindirnar verði mun drýgri fyrir ríkissjóð en nú. Það er kunnara en frá þurfi að segja og opinbert leyndarmál, að verulegur hluti af tekjum hátekjumanna sleppur undan skatti vegna ákvæða skattalöggjafarinnar og vegna lélegra framkvæmda á skattalögunum. — Fyrir tveimur eða þremur árum var skipuð milliþinganefnd til þess að endurskoða tekju- og eignarskattslögin. Sú mþn. starfaði töluvert um tíma og að því er ég hygg vel. Hún lagði frv. fyrir hæstv. ríkisstj. Ég held, að eitt af ákvæðum þessa frv. hafi miðað að því, að tekjuskatturinn innheimtist betur en áður. Ég hef oft heyrt, bæði af ræðum framsóknarmanna og málgögnum þeirra fyrr og síðar, að nauðsyn væri að gera ráðstafanir til þess, að tekjuskattsinnheimtan gæti orðið betri en hún hefur verið um skeið. Nú hefur einn höfuðforustumaður Framsfl. tekið sæti fjmrh. í ríkisstj. og setið þar rúmlega hálft

annað ár. Ég hefði því getað búizt við samkvæmt yfirlýsingum hans og hans flokksbræðra, að hann hefði látið eitthvað að sér kveða um endurbætur á skattalögunum yfirleitt. En á því Alþingi, sem nú situr, hefur ekkert komið frá hæstv. ríkisstj. annað en þau hæstu fjárlög, sem lögð hafa verið fram á Alþingi Íslendinga, framlenging á skattalögunum, sem áður voru ákvörðuð, og brbl. svo að skiptir tugum. Ég man satt að segja aldrei eftir því að hafa séð jafnfáskrúðugan akur stjórnarfrv. á Alþingi eins og nú er, fáskrúðugan að því leyti, að þar er ekki um nein nýmæli eða endurbætur löggjafarinnar að ræða, heldur geysihá fjárlög og framlengingu hárra skatta, sem áður hafa verið í landinu. Það mun nú vera sá góði ásetningur hæstv. ríkisstj. að ljúka þingi fyrir áramót og afgreiða fjárlög fyrir þann tíma. Síðan getur hún þá tekið til sinnar fyrri iðju að gefa út brbl. til þess að geta lagt eitthvað fyrir Alþingi, þegar það kemur saman næst. Ég held, að nú séu það 12 eða 14 brbl., sem lögð hafa verið fyrir. En þegar hæstv. ríkisstj. fær frí frá nagginu í okkur um áramót, getur hún tekið til sinnar löggjafariðju og bundið svo sína stuðningsmenn til að fylgja þeim lögum, sem hún setur. Þetta virðist vera stefna hæstv. ríkisstj. Það er afar óþingræðisleg stefna, ódemókratísk stefna, sem hún fylgir í þessum efnum.

Hæstv. fjmrh. talaði um — og hefur reyndar gert það áður, bæði í sinni fjárlagaræðu og oftar — að það hafi ekki orðið nein sérstakleg hækkun á sköttum eða útgjöldum ríkisins frá árinu 1949 til 1952, miðað við fjárlög, eða hækkunin hafi numið eftir athugun á reikningum um það bil 19%. — Það er ágætt að fá tækifæri til þess nú að benda hæstv. fjmrh. á, að þessi fullyrðing hans er byggð á heldur vafasömum forsendum. Ég er satt að segja undrandi yfir því, að hann skuli hafa leyft sér að endurtaka þetta, því að þessi samanburður er byggður á ríkisreikningi ársins 1949 og áætlun fyrir 1952. Nú veit hæstv. fjmrh. það eins vel eða jafnvel betur en flestir aðrir, jafnlengi og hann hefur setið í fjmrh.-sæti, að oft vill skakka nokkru og breytast frá áætlun fjárlaga þar til fjárlögin eru uppgerð með ríkisreikningi. Það er ekki hægt að bera eðlilega saman ríkisreikning ársins 1949 og ríkisreikning ársins 1952, fyrr en árið 1952 er liðið. En hræddur er ég um, að það verði meir en 19% hækkun, sem kemur í ljós, þegar reikningar ársins 1952 eru uppgerðir og bornir saman við reikninga ársins 1949. Vildi ég þess vegna ráðleggja mínum gamla og góða samstarfsmanni, hæstv. fjmrh., að haga ekki samanburði sínum á þá leið, sem nú hefur verið gert. Hann er allt of rökfastur maður og glöggur til þess að grípa til slíks vopnaburðar sem hann hefur gert í þessu tilfelli.

Hæstv. fjmrh. sagði út af því, sem ég og fleiri hafa látið koma fram í umr., að í sambandi við setningu gengislækkunarlaganna hafi verið gefin fyrirheit um að létta af sköttum, að það hefðu aldrei verið gefin af honum slík fyrirheit. Ég vil ekki mótmæla þessu. Ég man ekki til þess að hafa heyrt af hans munni nokkur fyrirheit um þetta, en jafnvíst er hitt, að málsvarar gengislækkunarlaganna lögðu ríka áherzlu á það, að með þeim ca. 100 millj. kr., sem þjóðfélagið fengi með gengislækkuninni, væri hægt að létta af þeim sköttum, sem áður voru á lagðir sem dýrtíðarráðstöfun. Í grg. fyrir gengislækkunarfrv. stendur hjá hinum talnavísu hagfræðingum, með leyfi hæstv. forseta: „Við teljum, að þegar frá líður muni með varkárri fjármálastjórn verða hægt að lækka skattana frá því, sem nú er.“ Nú er liðið hálft annað ár frá því, að gengislækkunin var gerð. Ég hygg, að hæstv. fjmrh. vilji halda því fram, að þetta 1½ árs tímabil hafi verið varkár fjármálastjórn, en ekki bólar enn á uppfyllingu fyrirheitsins um skattalækkun frá hæstv. ríkisstj., heldur þvert á móti. Þetta komst með réttu móti inn í vitund fólksins í landinu í sambandi við gengislækkunarákvæðin. Með gengislækkuninni átti að hætta að styrkja bátaútvegsinn, og það átti að afnema eitthvað af þeim dýrtíðarsköttum, sem áður höfðu verið mjög gagnrýndir — eða ég vil segja ræðir — og lagðir voru á á árunum 1947—49. Þetta komst inn í vitund fólksins. Það var líka svo, að í síðustu alþingiskosningum var höfuðstjórnarflokkurinn, Sjálfstfl., með þá yfirlýsingu, að hætta ætti að styrkja atvinnureksturinn, nú ætti að reka styrklausan atvinnurekstur í landinu. En það brá nú svo við þrátt fyrir gengislækkun, að gerðar voru framkvæmdir, sem höfðu í för með sér fjáröflun, sem var beinn styrkur til bátaútvegsins, svo að nam mjög hárri upphæð, þar sem er hinn alkunni bátagjaldeyrir. Þó að ég sé ekki oft sammála hv. 2. þm. Reykv., vil ég taka undir það með honum, að ég tel mjög vafasöm þau atriði, að það sé nægilega traustur lagalegur grundvöllur undir framkvæmdum í sambandi við bátagjaldeyrinn og óvarlegt að framlengja söluskattinn með því að samþ. frv. á þskj. 86, sem hér liggur fyrir til umr. og er með mjög böngulegum hætti, þar sem verið er að framlengja ákvæði ákveðins kafla í áður gildandi lögum, án þess eiginlega að taka fram, hvað er framlengt og hvað er úr gildi fallið. Þessi lög eru hrákasmíði. — Hvað sem má segja um dýrtíðarlögin frá 1948, þá voru þau mjög rækilega undirbúin af færustu lögfræðingum, og þau voru skýr og ákveðin, en varðandi framlengingu ákveðinna ákvæða laga, þá er það hrákasmíði, sem ég tel örðugt fyrir fólkið í landinu að átta sig á.

Hæstv. fjmrh. sagði með nokkrum rökum, að söluskatturinn hefði fyrst verið lagður á í tíð þeirrar stjórnar, sem ég átti forsæti í og hafði þá ánægju að hafa hæstv. fjmrh. núverandi við hlið mér. Rétt er það, að lög þessi voru fyrst sett í tíð þeirrar stjórnar, sem oft hefur verið kölluð nýsköpunarstjórn, en voru með nokkuð öðrum hætti, þar sem skatturinn var lagður á dreifendur varanna, kaupsýslumennina í landinu. Það höfðu komið fram harðvítug mótmæli gegn þeim lögum, bæði af hálfu kaupsýslumanna og samvinnufélaga í landinu. Þess vegna þótti víst ekki árennilegt að leggja söluskattinn á með sama hætti og gert var í tíð stjórnar Ólafs Thors á árunum 1944—46 og ekki hvað

sízt vegna mjög ákveðinna andmæla samvinnuhreyfingarinnar í landinu. Eins og hv. 3. landsk. þm. tók skýrt fram og rökstuddi, þá var söluskatturinn, sem lagður var á af þeirri ríkisstj., sem ég átti forsæti í, lagður á í alveg sérstökum tilgangi og með sérstakri grg. og með sérstökum ákvæðum. Vil ég, með leyfi hæstv. forseta, leyfa mér að lesa upp 19. gr. í lögum nr. 100 frá 1948: „Stofna skal sérstakan sjóð, er nefnist dýrtíðarsjóður ríkisins. Skal honum varið til þess að standa straum af greiðslum vegna ábyrgðar ríkisins á verði útfluttrar vöru svo og greiðslum til lækkunar á vöruverði og framleiðslukostnaði innanlands.“ Í tíð þeirrar ríkisstj., sem ég átti forsæti í, var söluskatturinn eingöngu lagður á í þessu skyni. Nú er söluskatturinn lagður á sem almennur eyðslueyrir ríkissjóðs, enda sagði hæstv. fjmrh., að söluskatturinn rynni nú eins og hverjar aðrar skatt- og tolltekjur beina leið í ríkissjóð og væri varið eins og hverjum öðrum tekjum, sem þangað rynnu. Þegar þar við bætist, að beint úr ríkissjóði er hætt að greiða peninga til þess að halda áfram ábyrgð á verði útfluttra afurða, hætt að verulegu leyti, að undanteknum landbúnaðarafurðum, að greiða niður verðlag á almennum neyzluvörum, þá er grundvöllurinn fallinn undan álagningu söluskattsins, miðað við það, sem gert var 1948. En þetta skýrði hv. 3. landsk. þm. svo rækilega, að ég þarf ekki að hafa um það fleiri orð. Ég held því, að þegar á það er litið í fyrsta lagi, að söluskatturinn er nú ekki lengur til þess að forðast gengislækkun eða halda niðri verðlagi á nauðsynjavörum innanlands, heldur lagður á einungis sem venjulegur skattur eða tollur til ríkisins, og þegar í öðru lagi er á það litið, að tekjuáætlun fjárlaga fyrir 1952 er ákaflega varleg, og þegar í þriðja lagi er á það litið, að söluskatturinn verkar stórkostlega dýrtíðaraukandi, eins og hv. 3. landsk. þm. sýndi fram á með tölum, þá er það krafa Alþfl. á Alþingi, að breytt verði ákvæðum um söluskattinn á þann veg, að hann verði afnuminn af brýnustu nauðsynjum almennings. Vera kynni, eins og hv. 3. landsk. tók fram, að hægt væri að hreyfa skattinn og hækka hann á miður nauðsynlegum vörum. Ég hygg, að tilfærsla á skattinum mundi ekki hafa meiri rýrnun á tekjum ríkissjóðs í för með sér en svo, að hæstv. fjmrh. gæti samt sem áður lagt fram tekjuhallalaus fjárlög. Það hefur verið fullyrðing hæstv. fjmrh., að það væri alls ekki hægt að slaka til um eyri á sköttunum, ef það ætti að vera hægt að koma saman greiðsluhallalausum fjárlögum. Ég áskil mér á seinna stigi málsins að færa að því rök, að það er hægt að koma saman greiðsluhallalausum fjárlögum án þess að hafa skatt á brýnustu nauðsynjum. Ég er sammála hæstv. ríkisstj. um það, að það er *nauðsynlegt að afgreiða tekjuhallalaus fjárlög*, en það er ekki ástæða til þess að safna í ríkissjóð tugum milljóna króna og halda svo uppi ranglátum sköttum að óþörfu. Þarna skilur á milli mín og hæstv. fjmrh.

Ég vona, að við getum, þegar við athugum málið, verið sammála um að hafa áætlun fjárlaganna sem réttasta. Ég hygg, að hægt sé að afgreiða tekjuhallalaus fjárlög, þó að lagður sé niður sá rangláti söluskattur, sem nú er lagður á og hefur breytt um eðli síðan hann var fyrst lagður á. Ég ætla að taka eitt lítið dæmi: Hv. 3. landsk. þm. tók fram og hafði undir því hagfræðilegan útreikning, að söluskatturinn mundi hækka verðlagsvísitöluna um ca. 6 stig. Ég vil minna á, að hæstv. fjmrh. sagði í fjárlagaræðu sinni hér á Alþingi, að hvert vísitölustig kostaði ríkið um 600—700 þús. kr. Þá mundi með því að afnema söluskattinn vera hægt að spara ríkissjóði um það bil 4 millj. kr. kostnað. Ég veit, að það er lélegt sjónarmið hjá hæstv. fjmrh. að vilja fylla ríkiskassann svo, að út úr flóir, hvernig sem líðan fólksins í landinu er.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér inn í umr. þessar almennt, en út af nokkrum orðum, sem hv. 8. landsk. sagði, vildi ég aðeins setja fram stutta athugasemd. Þessi hv. þm. hélt því fram, að núverandi ríkisstj. seildist óeðlilega djúpt í vasa skattþegnanna. Hann staðhæfði þó, að það væri boðorð, sem ekki mætti brjóta, að fjárlög væru greiðsluhallalaus. Það er sannarlega rétt. Nú finnst þessum hv. þm., að það sé alveg óhætt, án þess að hlýðni við þetta boðorð sé stefnt í hættu, að afnema nokkra af þeim tekjustofnum, sem ríkið byggir nú á sínar tekjur. Er þar fyrst og fremst deilt um söluskattinn. Ég hef áður heyrt þau rök, að þetta megi gera, vegna þess að þessi skattur stóð undir útgjöldum ríkissjóðs vegna fiskábyrgðarinnar, en fiskábyrgðin sé nú fallin niður og hafi fallið niður vegna gengislækkunarinnar og gjöld af fiskábyrgðinni hvíli því ekki á ríkissjóði og með þeim höfuðrökum megi krefjast þess, að þessi þungi skattur verði afnuminn. — Nú spyr ég: Er það misminni hjá mér, að þegar hv. 8. landsk. þm. var forsrh., þá hafi verið undirbúin fjárlög fyrir 1950 og útbýtt á Alþingi 29. nóv. 1949, meðan hann enn var forsrh.? Ég veit, að mig misminnir þetta ekki. Það er staðreynd, að fjárlagafrv. var undirbúið af hans stjórn og þá auðvitað mörkuð stefnan af forsrh. eins og öðrum ráðherrum í ríkisstj., en enginn þeirra gerði tilraun til að mælast undan ábyrgðinni. Þetta eru staðreyndir. En er hitt ekki líka staðreynd, að reiknað var með tekjum af núverandi skattstofnum og á þessu fjárlagafrv. var ekki einn einasti eyrir ætlaður til fiskábyrgðarinnar? Í fjárlagafrv., sem stj., sem hv. þm. hafði forsæti í, undirbjó og lagði fram á Alþingi, var ekki gert ráð fyrir neinum útgjöldum ríkissjóðs vegna fiskábyrgðar. Var þar reiknað með öllum tekjustofnunum eins og þeir eru nú, og þó var greiðsluafgangur ekki nema 4.5 millj. kr. Þetta eru staðreyndir, sem ég tel mér skylt að minna á. *Það raskar svo ekki hinu, að athuga þarf*, hvað óhætt er að gera, og er það til athugunar hjá fjvn. Það er hins vegar ekki óhætt að leggja þungan bagga á ríkissjóð eins og flokkur hv. 8. landsk. þm. vill gera, enda þótt hv. þm. telji, að það eigi að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög. Það er ekki hægt að þjóna þessu öllu í einu, en það er verkefni ríkisvaldsins, Alþ.

og ríkisstj., að athuga, á hvern hátt auðið sé að mæta eðlilegum þörfum almennings í vandamálum hans með því að létta skattabyrðina, án þess þó að með því sé teflt í hættu þessu meginboðorði. Það verður ekki sagt, að þessi hv. þm., sem var forsrh. í ríkisstj., er tók alla þessa skattstofna án þess að ætla eyri til fiskábyrgðarinnar, tali nú af sanngirni um þessi mál eða skynsemi, þó að hann eigi hvort tveggja til. Mér þótti rétt að benda á þetta, því að þessi hv. þm. hefur átt svo ríkan hlut að þessu máli, að rétt væri fyrir hann að athuga fortíðina, áður en hann fer út á hála braut í þessum efnum.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Hv. 7. þm. Reykv. minntist á þá erfiðleika, sem bæjar- og sveitarsjóðir eiga nú við að stríða. Ég skal ekki fara frekar inn á það á þessu stigi málsins. Hvað sem þeim vanda líður, er svo ástatt um afgreiðslu fjárlaga, að ekki er hægt að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög nema með því að leggja á söluskatt.

Ástæðan til þess, að ég stóð upp, var annars hin hvassyrta ádeila, sem hv. 8. landsk. þm. kom hér með. Hann taldi það óverjandi af mér að bera saman niðurstöður ríkisreikningsins 1949 um tekjur ríkissjóðs og áætlun fjárl. fyrir árið 1952, en samkvæmt þeim samanburði hafa tekjurnar aðeins hækkað um 19%. Ég vil mótmæla þessu, þar sem ég tók það skýrt fram, að þessi samanburður byggðist á ríkisreikningnum 1949 og áætlun fjárl. fyrir árið 1952, sem er það eina, sem hægt er að miða við nú. Enginn veit með vissu, hvað tekjurnar verða, en ég hef leyft mér að gera þennan samnburð, og það skakkar áreiðanlega ekki miklu, að hann sé réttur. — Þá sagði hv. 8. landsk., að það væri ekki rétt að ætlast til, að hann kæmi með till. um lækkun á útgjöldum fjárl. Ég álít þvert á móti, að það sé skylda þm., sem vilja fella niður tekjuliði á fjárl., að benda á aðra í staðinn eða þá að sýna fram á, hvaða útgjöld sé hægt að lækka. Það er því bezt, að þessi hv. þm. geri grein fyrir því, hvernig hægt er að afgr. fjárl. án söluskattsins. — Þá sagði hv. 8. landsk., og einnig hv. 3. landsk., að söluskatturinn væri nú allt annars eðlis en áður, eftir að gengisbreyt. hefði átt sér stað. Hv. 8. landsk. sagði, að þegar hann hefði haft stjórnarforustuna, hefði söluskatturinn verið lagður á til þess að standa undir útgjöldum vegna dýrtíðarráðstafana og til þess eins hefði hann verið lagður á. En ég vil benda á það, eins og hæstv. atvmrh. gerði, og hv. þm. þurfa að minnast þess, að þegar fyrrv. ríkisstj. lét af völdum, þurfti á öllum söluskattinum að halda til þess að mæta almennum útgjöldum ríkissjóðs, svo að ekkert var afgangs til annarra framkvæmda. Ef halda átti áfram uppbótaleiðinni, varð því að leggja á nýja skatta vegna bátaútvegsins. Þannig var málum komið, og því mega menn ekki gleyma. — Loks átaldi hv. 8. landsk. það, að skattar væru innheimtir um of og án tillits til þess, hvernig hag landsmanna væri komið. Það verður ekki annað sagt en að það komi úr hörðustu átt, að þessi hv. þm. skuli ásaka ríkisstj. í sambandi við tekjuafganginn, því að hann fer að verulegu leyti til greiðslu á vanskilaskuldum fyrrv. ríkisstj. Ég vil spyrja hv. 8. landsk., hvort hann ætlast til þess, að þessar vanskilaskuldir, m. a. 100 millj. kr. hjá Landsbanka Íslands, verði aldrei greiddar. Það er svo að heyra, fyrst það er talinn glæpur að grynna á þessari súpu. Í þessu sambandi er það annars líka athyglisvert, að þeir sömu hv. þm. sem tala um tekjuafganginn sem eins konar blóðpeninga sjá ekkert annað úrræði til þess að standa undir þeim málum, sem almenningi koma að gagni, en að leita í þennan tekjuafgang. Um tekjuafganginn er ég reiðubúinn að ræða frekar, en ég vil ljúka máli mínu með því að endurtaka spurningu mína til hv. 8. landsk.: Var það ætlun hans, að vanskilaskuldirnar yrðu aldrei greiddar, fyrst það er talinn glæpur að grynna á þeim?

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur varið hér söluskattinn og segir sem áður, að ríkissjóður geti ekki af þessum skatti séð. Aðalröksemd hæstv. ráðh. er, að ekki sé hægt að draga úr útgjöldum ríkissjóðs. Ég minnist þess þó, að hæstv. fjmrh. þóttist sjá ýmis ráð til þess að draga úr útgjöldum ríkissjóðs, áður en hann varð fjmrh., en nú sér hann enga leið. Ég álít hins vegar, að ekki verði lengur komizt hjá því að draga úr útgjöldum ríkissjóðs í sambandi við embættisreksturinn. Fjárlagafrv. nú felur í sér stórfelldar hækkanir frá því, sem áður var. Embættiskostnaðurinn hefur aukizt, embættismönnum fjölgað, það hefur beinlínis verið bætt við mönnum og reksturinn orðið dýrari. Þó að hæstv. ráðh. neiti að viðurkenna það nú, er hægt að draga úr þessum kostnaði, ef viljinn er fyrir hendi. Þá er þess að geta, að á yfirstandandi ári verður um verulegan tekjuafgang að ræða, og þess vegna er hægt að létta af óhæfilega háum sköttum. Afsökun hæstv. ráðh., að skilyrði þess sé, að þm. bendi á leiðir til útgjaldalækkana, stenzt ekki. Það mætti benda á ýmsar leiðir, og það hefur verið gert áður, eins og hæstv. ráðh. veit, en það er fyrst og fremst verkefni ríkisstj. að sjá um, að útgjöld ríkissjóðs hækki ekki. **(Atvmrh.:** Er hv. þm. andvígur kauphækkuninni, sem starfsmenn ríkisins fengu? Hækkun útgjaldanna stafar fyrst og fremst af þeirri kauphækkun.) Nei, það er hægt að spara án þess að lækka laun einstakra manna, það er t. d. ástæðulaust að fjölga opinberum starfsmönnum. **(Fjmrh.:** Það hefur nú lítið verið gert að því. — **EOl:** Hvað kostar Benjamín?) Þá heldur núverandi ríkisstj. því fram, að hún hafi ekki hækkað skatta og tolla frá því, sem áður var. Þetta er rangt. Söluskatturinn hefur hækkað, og ekki nóg með það, hann kemur nú fram sem nýr skattur. Söluskatturinn var upphaflega lagður á til þess að greiða útflutningsuppbætur og til niðurgreiðslna á háu verðlagi innanlands. Nú hefur verið hætt við þetta, sem kom landsmönnum að góðu í hærra fiskverði og lægra verði á neyzluvörum en ella hefði verið. Skatturinn er nú tekinn til almennra útgjalda og kemur því fram sem nýr skattur og stórkostlega auknar álögur. Það er því aug-

ljóst mál, að röksemdir ríkisstj. í þessu efni eru ekki haldbærar. Þá sagði hæstv. ráðh., að hann þekkti enga þjóð, sem ekki legði á söluskatt, og að Norðmenn legðu á 10% söluskatt. En hæstv. ráðh. gleymdi að geta þess, að Norðmenn verja gífurlegum fúlgum til þess að greiða niður vöruverðið. Þegar þess er gætt, er það augljóst mál, að röksemdafærsla hæstv. ráðh. fær ekki staðizt. Hæstv. ráðh. heldur því fram, að ríkissjóður þurfi þessar tekjur til þess að mæta óhjákvæmilegum útgjöldum, og út frá því sjónarmiði virðist útilokað, að neitt tillit sé tekið til þess, hvernig þessi skattur fer með aðra aðila. Hefur hæstv. ráðh. gert sér það ljóst, að nýi söluskatturinn er álíka hár og öll útsvör á viðkomandi stöðum? Hefur hann gert sér það ljóst, að þessi nýi skattur jafngildir því, að útsvörin væru tvöfölduð? Og þetta á að gera samtímis því sem flest bæjarfélög hafa hopað á hæl með útsvörin. Afleiðingin hefur líka orðið sú, að neyðarkall hefur komið frá svo að segja öllum bæjarfélögum á landinu. Ég hélt, að hæstv. ríkisstj., sem veit, hvernig fjárhagsmálum bæjar- og sveitarfélaga er komið, teldi sér skylt að reyna að mæta kröfum þeirra. En nú endurtekur hæstv. ráðh., að söluskatturinn verði að vera jafnhár og áður og að ríkissjóður verði að fá hann allan. Hann getur ekkert slakað til.

Þá er einnig vert að minnast á það, hvernig þessi skattur kemur niður á framleiðslunni og atvinnulífi landsins. Það er vitanlegt, að hann torveldar stórlega allt atvinnulíf í landinu. Þegar svo er komið, að ríkissjóður innheimtir jafnmikið í sköttum og verðmæti alls útflutningsins nemur, geta aðalatvinnuvegirnir ekki sýnt hagstæða útkomu. Rannsókn á verðlagsmálunum, sem nýlega hefur farið fram, sýnir, hvert stefnir. Samkvæmt henni nam innkaupsverð þeirra bátaútvegsgjaldeyrisvara, sem rannsóknin náði til, 1.9 millj. kr., bátaútvegsgjaldeyrisálagning 738 þús. kr., verzlunarálagning 2.4 millj. kr. og tollar, frakt og söluskattur 2.4 millj. kr. Útsöluverð þessara vara er þannig 7½ millj. kr., en innkaupsverðið tæpar 2 millj. kr. Útflutningsframleiðslan verður að skipta með sér þessari 1.9 millj. kr., en er boðið upp á verðmæti, sem kosta 7½ millj. kr. Þetta leiðir svo af sér kaupgjaldshækkanir, og ástandið er þannig, að ekki er hægt að finna neitt fyrirtæki, sem sýni hagstæðan rekstur. Hinar miklu álögur ríkisins eiga tvímælalaust mestan þátt í þessu, og þarf vissulega að draga úr þeim. Það stendur nær hæstv. fjmrh. að finna leiðir til þess að draga úr útgjöldum ríkissjóðs heldur en að slá útgjöldunum föstum og jafnvel hækka þau án tillits til þess, hvernig útkoman er á rekstri atvinnuveganna. (**Forseti:** Ég vil benda hv. þm. á, að fundartíma er að verða lokið.) Já, ég er að ljúka máli mínu. — Vegna þess, sem hér hefur komið fram, vildi ég því eindregið mælast til þess, að sú n., sem fær þetta mál til athugunar, hugleiði það vandlega, sem hér hefur komið fram í þessum umr., hvað þessi hái skattur torveldar mikið allan eðlilegan rekstur í landinu, gerir almenningi erfitt um að draga fram lífið og hve þetta greinilega ræðst á tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga og gerir þeim lítt mögulegt að standa við skuldbindingar sínar.

Umr. frestað.

Á 17. fundi í Nd., 23. okt., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. sagði í sinni svarræðu til mín og þeirra, sem eru í stjórnarandstöðu, að það væri bezt, fyrst við værum svona óánægðir með hans álögur á þjóðina, að við kæmum með till. um það, hvernig ríkið skyldi afla sér tekna. Ég veit ekki, hvort hæstv. ráðh. hefur gert sér ljóst, hvað felst í þessum orðum, að hann nú biður stjórnarandstöðuna um ráð til þess að stjórna landinu. Ég veit ekki betur en hæstv. ráðherra og ríkisstjórn hans séu búin að gera allt, sem þau geta, til þess að stjórna landinu og draga úr álögum á fólkið og varðveita borgara þess. Og nú gefst hann upp og segir: Nú get ég ekki neitt. Komið nú og hjálpið mér. — Ég veit ekki, hvort hæstv. fjmrh. gerir sér ljóst, hvað hann er að fara með þessu, að hann skuli nú auglýsa svona til stjórnarandstöðunnar um að koma með ráð og bjarga þessu við. Vaninn er nú sá, áður en byrjað er á svona tilmælum, að ráðherrar segi af sér, áður en þeir tilkynna, að allt sé að fara niður á við, og spyrji stjórnarandstöðuna, hvort hún geti ekki bætt eitthvað úr þessu. Mér fyndist nú viðeigandi að ræða fyrst svona mál eftir að ríkisstj. hefði sagt af sér. En ég hef hugmynd um, að ríkisstj. vilji gjarnan sitja, jafnvel þótt hún verði að þiggja ráð frá stjórnarandstöðunni. En þá verður hæstv. ráðh. að athuga, að það nægir ekki, að stjórnarandstaðan komi með tillögur um nýjar sparnaðarráðstafanir fyrir ríkissjóð. Það er meira, sem þarf að gera. Að heimta fé af almenningi er ekki nema önnur hlið málsins, önnur hliðin á því að stjórna landinu. Það, sem fyrst og fremst veltur á, er það, hvernig atvinnulífið er, að búa þannig að landsmönnum, að þeir geti greitt fé í ríkissjóðinn. Það er því ekki til neins að auglýsa eftir nýjum álögum og nýjum sparnaðarráðstöfunum fyrir ríkissjóð, nema búið sé að ræða um það fyrst, hvernig stjórna á atvinnuvegum landsins, því að undir því, hvernig atvinnulífinu er stjórnað, er það að miklu leyti komið, hvernig gengur að fá fé í ríkiskassann. Ef atvinnulífið er blómlegt, þá er alltaf auðvelt að skaffa fé í ríkissjóð, ef ríkisstj. hefur vald yfir atvinnulífinu, og þá getur verið auðvelt um annan sparnað. En það getur farið svo, að ríkisstj. brjóti niður atvinnulífið með stjórn sinni og geri ómögulegt að ná sæmilegum og réttlátum tekjum í ríkissjóð. Og það er þetta, sem hæstv. ríkisstj. er að gera. Það er ekki nóg, eins og hæstv. ráðh. virtist halda, að leggja bara á nýjar álögur og koma með nýjar sparnaðarráðstafanir. Það er skylda hæstvirtrar ríkisstjórnar að stjórna landinu þannig, að í því þróist blómlegt atvinnulíf. Þegar hæstv. ráðh. er að auglýsa eftir, hvaða ráð stjórnarandstaðan mundi hafa, þá verður hann að gera sér ljóst, að hann er að biðja um, að sér sé

vísað á aðra stefnu en hann hefur sjálfur. Meginvilla hæstv. ráðh. liggur í því, að hann heldur áfram að láta leggja á landsmenn þyngri skatta í stað þess að auka atvinnulífið í landinu og bæta kjör fólksins. Það er ekki hægt að fara út í þetta án þess að ræða alla stefnu ríkisstj. í atvinnumálum og fjármálum.

Ég vil segja hæstv. ráðh. það, að það hefði verið hægt á síðasta ári og væri hægt á næsta ári að nýta þau framleiðslutæki betur, sem við höfum, t. d. togaraflotann, bæta við hraðfrystihúsum, þótt aflinn sé ekki meiri en nú í ár, til þess að framleiða til útflutnings 2—3 millj. kr. virði fram yfir það, sem nú er gert. Ég álít, að hæstv. ríkisstj. með sinu skeytingarleysi og vanrækslu að stjórna atvinnulífinu hafi eyðilagt fyrir landsmönnum verðmæti, svo að hundruðum milljóna skipti, útflutningsverðmæti, sem hægt hefði verið að framleiða. Það er vitað mál, að hægt er að framleiða miklu meiri hraðfrystan fisk með því að láta togarana leggja upp aflann í hraðfrystihúsin. Það væri hægt að skapa hér blómlegt atvinnulíf vegna þeirrar aðstöðu, sem Ísland hefur, og framleiða alveg ótrúlega mikið. Það var hægt að selja allt þetta, á sama tíma sem ríkisstj. fyrirskipaði að selja það út 30% undir því verði, sem hægt var að selja það fyrir. Er það ekki rétt hjá mér, að ríkisstj. bannaði að flytja inn ákveðna vörutegund, nema lagt væri á hana 60%? Fá kaupmenn að kaupa inn vörur sínar? Nei, það er ríkisstj., sem fyrirskipar þetta okur.

Ég sé, að hæstv. ráðherra ókyrrist í sæti sínu, þegar ég fer að taka fyrir óstjórn hans á landinu. En ríkisstj. hefur með sínum afskiptum og afskiptaleysi eyðilagt útflutningsverðmæti fyrir hundruð milljóna króna. Ég ætla ekki að fara að ræða um það núna, hvernig ríkisstj. bannaði mönnum að byggja yfir sig og sína, hvernig ríkisstj. hefur bannað mönnum að flytja inn sement og timbur. En ég ætla bara að slá því föstu, að ríkisstj. hefur gert framleiðslu landsmanna miklu minni og þar af leiðandi smám saman komið atvinnulífinu í öngþveiti og komið á atvinnuleysi. (Viðskmrh.: Það er nóg vinna.) Jæja, getur ráðh. vísað á þá staði, þar sem vantar vinnu? Þeir vita þá, hvert þeir eiga að snúa sér. Ef ráðherra getur útvegað þessum mönnum vinnu, skora ég á hann að gera það, en segja af sér ella. Ríkisstj. hefur eyðilagt atvinnulífið. Þar, sem var áður blómlegt, er nú að verða hörmungarástand. Svo framarlega sem hér væri önnur stjórnarstefna, þá mundi verða blómlegt atvinnulíf í landinu, og mundi þá vera hægt að bæta á allmiklu af þeim álögum, sem fólkið nú kiknar undan. Þetta vildi ég segja hæstv. fjmrh. um það, hvernig taka eigi tekjur í ríkissjóð. Það á að gera almenningi mögulegt að reka sína atvinnu. Það á að lofa fólkinu að framleiða í friði, það á að fá að vinna og skapa sér atvinnu. Og fólkið á að fá að vinna í friði fyrir ríkisstj.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. ráðh. óskaði eftir, hvað ætti að gera til þess að útvega tekjur í ríkissjóðinn og til þess að spara, vil ég minna ráðh. á, að Sósfl. hefur gert tilraun til að koma fram með slíkt. En hvernig hefur farið um allt slíkt? Er það ekki stjórnarliðið, sem hefur fellt samstundis allt slíkt? Það mun ekki vanta viljann til sparnaðar, en þeir, sem hafa meiri hlutann á Alþingi, drepa þetta niður og bæta svo bara við útgjöldin. Það er ekki til neins að benda á þetta, þegar allt slíkt er eyðilagt. Það er hægt að benda á leiðir til sparnaðar, en ráðherra gengur ekki inn á þær leiðir, hann bara bætir við nýjum útgjöldum til þess að eyðileggja meira og stjórna landinu enn þá vitlausar. Hvað gerir ráðherra til þess að auka gróða í landinu? Af álagningunni á bátagjaldeyrinn fóru 700 þús. kr. til bátaútvegsmanna, en 2.4 millj. kr. til annarra einstaklinga. Ríkisstj. hefði t. d. eins getað tekið þessar milljónir í ríkissjóð. Það hefði verið nær en að láta þetta renna í sjóð einstakra manna. En hún vill ekki taka gróðann frá sínum gæðingum. Það er ekki til neins að benda ráðh. á slíkt.

Ef hæstv. fjmrh. væri dálítið einarðari, mundi hann segja sem svo: Áður en ég legg til að bæta við álögur á fólkið, þá er rétt að taka ofur lítið af einstaklingum og stofnunum, sem gróðanum safna. — En hæstv. ráðherra sér aldrei neina aura nema aura fátæklinganna.

Hér hinum megin við Austurvöll er stofnun, sem græðir 20 millj. kr. á ári, það er Landsbankinn. Ef Landsbankinn væri prívateign, mundi hann ekki verða skattfrjáls. Ef einstaklingur hefði tekjur á borð við Landsbankann, mundi hann greiða háan skatt. Mætti nú ekki taka ofur lítið af þessum gróða í ríkissjóð? Það er von, að það þýði lítið að benda ríkisstj. á það, hvar hún geti fengið tekjur. Allt slíkt er til lítils, því að ríkisstj. er sköpuð til þess að reyta af almenningi allt, sem hægt er af honum að reyta, að því er virðist, þannig að nú er farið að ganga að mönnum og bjóða upp kofana, sem þeir búa í, til þess að ná sköttum í ríkissjóð. Þannig er verið að ræna almenning í landinu. Þegar hæstv. ráðh. er að auglýsa eftir því, hvaða ráð séu til þess að bjarga afkomu ríkissjóðs, þá er hann að auglýsa gjaldþrot ríkisstj. sinnar og stefnu sinnar.

Hæstv. ráðh. svaraði minum spurningum út af bátaútveginum, að ég skyldi bera fram fyrirspurn um það hér á hæstv. Alþingi. Hann sagðist ekki hafa með þetta að gera, og mér skildist, að það væri hæstv. viðskmrh., sem væri þar ábyrgur. Hæstv. ráðherra virðist ekki kæra sig um að verja þennan samstarfsmann sinn. Ég vil segja hæstv. fjmrh. það, að ég hef litla trú á að bera fyrirspurnir undir hæstv. viðskmrh., því að ef honum þykir óþægilegt að svara þeim, neitar hann því. Það hefur sýnt sig, að hann neitar að svara slíkri fyrirspurn. Það er ekki þess vert, að hv. þm. spyrji þjóna sína, ef þeir neita að gefa upplýsingar. Ég bendi hæstv. fjmrh. á, að auglýsingin um bátagjaldeyrinn er gefin út 7. marz s. l. Auglýsingin er gefin út af fjárhagsráði samkv. ósk ríkisstj., og stendur þar í byrjun: „Samkvæmt ósk ríkisstjórnarinnar og með tilvísun til samkomulags, sem hún hefur gert við Landssamband ísl. útvegsmanna hinn 24. febr. s. l., er hér með birt eftirfarandi auglýsing.“ Af þessu er augljóst, að þessi auglýsing, sem fjmrh. treystir

sér ekki til að verja að sé lögleg, er gefin út samkv. ósk hans sjálfs. Þess vegna vill hann koma sökinni á hæstv. viðskmrh., þó að hann sé meðsekur, og hann upplýsir, að hann hafi ekki hugmynd um, hvort þessi ráð stjórnarinnar hafi við l. að styðjast eða ekki.

Hæstv. fjmrh. kallaði fram í umr. áðan, er ég benti á, að það væri skynsamlegra að létta á álögunum á almenningi, „að það væri léleg forretning". Það er „léleg forretning" að létta á álögunum á almenningi, ef það sleppir einhverju af tekjum ríkissjóðs. Það er augsýnilegt, að hæstv. ráðh. lítur á það sem sitt verk og stj. sinnar að reyta inn allt af almenningi eins og slæmur okrari, en slíkt er „léleg forretning". Ég vil benda hæstv. ráðh. á, að það er ekki í þessum tilgangi, sem ríkissjóður er rekinn, heldur til að hjálpa fólkinu í landinu, og að stofna til mikilla óþarfa útgjalda er „léleg forretning". Ef þessi hugsun býr á bak við stjórnarstefnu hæstv. ráðh., þá fer ég að skilja, hvers vegna stefnt er að því að reyta allt af almenningi, sem hægt er. Það er litið á það sem slæma forretningu að skila fólkinu aftur peningunum, þegar það á við atvinnuleysi að búa og er að brotna undan álögum, sem skapast undir hans eigin fjármálastjórn. Er slík hugsun gægist upp, fer óstjórn sú, sem hann er sekur um, að verða skiljanleg. En við slíkri stjórnarstefnu er erfitt að gefa holl ráð. Raunverulega er eina ráðið fyrir hann að segja af sér. Þó að hann sjái, að allt er að brotna saman undan hans eigin óstjórn, sér hann ekki ástæðu til að breyta stjórnarstefnu sinni. — Ég býst við, að þetta verði rætt ýtarlegar við næstu umr., og ég fæ tækifæri til að ræða þetta í n. Þá ætla ég að freista þess, hvort ekki sé hægt að koma vitinu fyrir hæstv. ríkisstj., og læt því útrætt um þetta núna.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Það voru nokkur atriði í ræðu hæstv. ráðh., er hann vék að því, hvað ég hefði sagt hér í umr. í gær. Hæstv. fjmrh. talaði um í ræðu sinni, að ekki þyrfti að undra, þó að hér væri lagður á söluskattur, því að þessi leið væri farin annars staðar, og nefndi hann sem dæmi, að í Noregi væri 10% söluskattur. Þetta er rétt, en það þarf að skýra það nánar. Áður en söluskatturinn í Noregi var hækkaður upp í 10%, var honum varið *til niðurgreiðslu á nauðsynjum. En eftir* að skatturinn var hækkaður í 10%, er hann notaður til að bera kostnað af sívaxandi hervæðingu. En nú er svo komið, að niðurgreiðslur er litlar á Íslandi og við þurfum ekki að standa straum af hervæðingu. Þess vegna þurfum við ekki að sækja fyrirmyndina til Norðurlandanna, þar sem þau hafa við önnur viðfangsefni að glíma.

Hæstv. ráðh. sagði, að ekki væri um annað að ræða en samanburð á ríkisreikningnum 1949 og áætlun 1952. Ég játa, að hæstv. ráðh. tók skýrt fram, að samanburðurinn var gerður á reikningi og áætlun. Hæstv. ráðh. hafði líka annað til samanburðar, þ. e. áætlun 1949 og 1952, hann hefur ekki athugað þetta, en ég ætla, að niðurstaðan verði nokkuð önnur en hæstv. ráðh. fékk. — Hann sagði einnig, að ef hv. þm. vildu bera fram till. um að minnka tekjur ríkissjóðs, yrðu þeir að benda á, hvernig ríkið ætti að standa straum af kostnaði sínum. Ég gat þess, að það væri sannfæring mín, að hægt sé að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög, þó að söluskatturinn verði afnuminn. Við afgreiðslu fjárl. mun gefast tækifæri til að ræða þetta nánar. Ég hygg, að við Alþfl.-menn munum bera fram rök fyrir því, að hægt sé að afnema söluskattinn án þess að afgr. fjárl. með greiðsluhalla.

Hæstv. ráðh. spurði mig, hvort það væri mín ætlun, að ekki ætti að greiða lausaskuldir, sem safnazt hafa fyrir undanfarið. Ég segi, að það sé óeðlilegt og óréttlátt að skattpína almenning til að greiða á örskömmum tíma skuldir, sem af illri nauðsyn varð að stofna til. Ég álít, að skuldir eigi að greiðast, en það eigi ekki að skattpína almenning til að greiða þær á skömmum tíma.

Hæstv. atvmrh. er ekki staddur hér í d. núna, en hann virtist ætla að koma fram stefnubreyt. í þessu máli, — enda virðist hnífurinn ekki ganga á milli þessara ráðh. í stefnu ríkisstj. — Þegar hann varpaði fyrirspurn til mín, þóttist hann hafa matadora á hendi, en ég held, að þeir hafi reynzt lághundar. Hann sagði, að mín ríkisstj. hefði lagt fjárl. fyrir árið 1950 fyrir þingið í nóv. 1949 og þar hafi verið gert ráð fyrir söluskatti, en ekki útflutningsuppbótum til bátaútvegsins. Þetta er rétt, það sem það nær. En það þarf ekki að skoða þau fjárl. lengi til að sjá, að söluskattur er áætlaður 36 millj. og dýrtíðarráðstafanir nærri jafnmiklar. Í beinu framhaldi af l. frá 1948 var lagt til, að söluskatturinn yrði notaður til að greiða niður nauðsynjar og til að styðja bátaútveginn. Það þarf ekki annað en fletta upp í fjárl. frá þeim tíma til að sjá þetta. Rétt eftir kosningarnar 1949 baðst ég lausnar fyrir mig og ráðuneyti mitt, því að þeir flokkar, sem gengu til kosninga, voru með gengislækkun á prjónunum. Ég og minn flokkur vorum andvígir þessu og töldum rétt, að aðrir flokkar kæmu með sín úrlausnarefni. Þáverandi stjórn taldi rétt að binda ekkert fyrir hið nýkjörna Alþingi, þó að hún hafi lagt fram fjárl., sem gerðu ráð fyrir söluskatti og svipaðri upphæð til dýrtíðarráðstafana. Það má segja, að samanburður á fjárl. 1950 og nú sýni sitt hvað, þar sem ráðh. áætlar söluskattinn 77 millj. kr., en dýrtíðarráðstafanir 25 millj. Eftir áætlun eru því 52 millj. af söluskatti, sem fara til beinna útgjalda ríkissjóðs. Tilgangur söluskattsins er því allt annar nú en 1948 og 1949. Það lágu bein og óbein loforð um, að gengislækkunin létti af skattaálögunum. Það er ekki von, að við stjórnarandstæðingar göngum inn á að leggja á þungan söluskatt sem almennan eyðslueyri fyrir ríkissjóð. — Ég sé ekki ástæðu til að taka fleira fram um þetta núna. Það gefst tækifæri til þess síðar að ræða höfuðatriði þessa máls og stjórnarstefnuna.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég ætla aðeins að segja örfá orð út af því, sem

hv. 8. landsk. þm. tók fram. Ég bendi á það á ný, að áður en gengislækkunin kom til framkvæmda, var þessum málum svo komið, að þeir tekjustofnar, er þá voru og eru þeir sömu nú, þó örlitið breyttir fram og aftur, hrukku ekki fyrir gjöldum, og þá var ekkert til í útflutningsuppbætur. Það er rétt, að ráðgert hafi verið að greiða niður verðlag, og það var gert, þó að upphæðin hafi verið lægri núna. Útgjöld ríkissjóðs hafa farið hækkandi vegna hækkaðra launa. Megnið af söluskattinum varð að fara til almennrar greiðslu og niðurgreiðslu. Þess vegna gat ekki orðið af útflutningsuppbótum.

Út af því, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði, vil ég benda á, að það voru mest vafningar og hann fór alveg fram hjá kjarna málsins í ræðu sinni. Hann gerði sér upp spurningu til að svara, sem hann sagði, að ég gæti ekki svarað. Ég spurði aldrei að því, hvernig ætti að afla tekna í ríkissjóð. Ef að þeirra ráði væri horfið, að fella niður söluskattinn, veit ég ekki, hvar þeir ætla að afla tekna í ríkissjóð. Eins og búast mátti við, reyndu þeir nokkuð að svara, þó að ég kalli þetta ekkert svar. Í fjvn. komu þeir með till., sem eingöngu miðuðu að því að lækka tölur í fjárlfrv., án þess að það komi til mála, að útkoman verði betri.

Hv. þm. talaði um, að stjórnarstefnan drægi úr atvinnulífinu og þess vegna yrðu tekjur ríkissjóðs minni, en ef stjórnað væri af meiri skynsemi, væri atvinnulífið blómlegra og skattarnir minni. Ég botna hvorki upp né niður í þessu, en bendi á, að vegna núverandi stjórnarstefnu í atvinnu- og framleiðslumálum hefur framleiðslan aukizt stórlega á síðasta missiri. Ef litið er á afkomu ríkisins, þá hrukku sömu tekjustofnar ekki til að standa undir gjöldum ríkisins, sem hrökkva nú til þess, þannig að nokkuð er greitt af lausaskuldum, án þess að nokkrir skattar séu hækkaðir. Ég benti á í framsöguræðu minni með fjárlfrv., að afkoma ríkisins hefði batnað vegna þess, að stefnan er rétt í framleiðslumálum og atvinnumálum. Ég gæti skilið þessa menn, ef hér væri um að ræða að hækka skatta og tolla, en það hefur orðið hlutverk Alþ. undanfarin ár, að undanteknu þinginu í fyrra og vonandi núna. Ég þekki enga þjóð, sem nú lækkar skatta, og þó ætla þessir hv. þm. að rifna út af því, að stj. haldi óbreyttum sköttum. Andstaða þessara manna væri eðlileg, ef stj. ætlaði að halda þessum sköttum óbreyttum til að safna í sjóði. En þegar það má ekki tæpara standa að koma saman fjárl., þá finnst mér óskiljanlegt þetta málavafstur. — Ég ætla svo ekki að hafa þetta lengra.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Mér þótti hæstv. fjmrh. breyta um spurninguna, sem hann lagði fyrir mig. Ég man ekki betur en hann hafi spurt mig, ef ég vildi afnema söluskattinn, hvar ætti þá að afla tekna í ríkissjóð. Ég held, að spurningin hafi áreiðanlega verið þannig, og held, að ég hafi drepið á þetta. — Ég skil vel, að hæstv. fjmrh. botni hvorki upp né niður í minni ræðu samkv. hans sjónarmiði um atvinnulíf og fjármálalíf. Þó að gjaldþol almennings fari þverrandi, finnst honum sjálfsagt, að hann beri allan þungann eins og áður. Ég treysti mér ekki til að láta hann botna í þessu. — Hæstv. ráðh. gat þess, að framleiðslan hafi aukizt stórlega í tíð núv. ríkisstj. Mér þætti vænt um að fá skýrslu um aukningu t. d. í íbúðabyggingum. Hann sagði, að afkoma landsins væri stórum betri. Ég hef aldrei getað skilið þessa batnandi afkomu. Ég veit ekki, hvar þetta endar með svona rekstri. Það eru kannske skuldir ríkisins út á við, sem hann átti við. Erlendar skuldir eru nú 106 millj. kr. og innlendar 356 millj. kr., eða 100 millj. kr. hærri en í fyrra. Ég veit ekki, hvort þetta er afkoma til að stæra sig af. Ég held, að hún sé með endemum. — Hæstv. fjmrh. sagði, að hér væri ekki verið að fara fram á neinar nýjar álögur. Ég er ekki búinn að sjá fyrir endann á því á þessu þingi enn þá. Venjan hefur verið sú undanfarin ár að láta þær koma fram í þinglok — svona tvo síðustu daga þingsins — oftast rétt fyrir jólin.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18:5 atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Á 37. og 38. fundi í Nd., 6. og 7. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Nd., 10. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 86, n. 343, 344 og 354, 347, 383).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 383. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Frv. þetta var til athugunar hjá fjhn. deildarinnar, og varð ekki samkomulag þar um afgreiðslu málsins. Tveir nm. skila sérstökum nál., þ. e. hv. 2. þm. Reykv., sem leggur til, að frv. verði fellt, og hinn er hv. þm. V-Ísf., sem lagt hefur fram sérstakt álit og lýsir sig þar andvígan frv. Meiri hlutinn hefur hins vegar lagt fram álit á þskj. 343 og lýsir þar yfir fylgi sínu við frv. með nokkrum breyt., sem hann flytur till. um á þskj. 347. Um þessar brtt. meiri hlutans er það að segja, að einni undanskilinni, að þar er ekki um efnisbreytingu að ræða. Það er að segja, framkvæmdin mundi verða hin sama og að undanförnu, þótt þær yrðu samþ., að frádreginni síðustu till. Fyrsta brtt. er umorðun á 1. gr., en engin efnisbreyting verður á greininni frá því, sem hún er. — Í a-lið 2. brtt. eru nánari ákvæði um heildsölu, sem undanþegin er söluskatti samkv. 22. gr., og er þessi brtt. eingöngu flutt til þess að gera þau ákvæði skýrari og ótvíræðari, að heildsala sé undanþegin söluskatti. „En til heildsölu telst ekki sala fyrirtækja á eigin framleiðslu. Einnig er undanþegin söluskatti samkvæmt 22. grein umboðsþóknun fyrir að útvega vörur frá útlöndum“, eins og segir í brtt. Hefur þetta hvort tveggja verið framkvæmt þannig, en rétt þótti að hafa skýrara orðalag á þessu ákvæði. — Þá er b-liður 2. brtt. Þar er ákveðið, að af sölu bóksala á bókum í umboðssölu skuli þó aðeins greiða skattinn af

umboðsþóknun hans. Þetta er í samræmi við niðurstöðu máls, sem kom fyrir hæstarétt, og ákvað hann, að þannig skyldi þetta reiknast. — Þá er síðari liður þessarar brtt. Þar er lagt til, að ekki skuli greiða skatt af söluskatti eins og gert hefur verið undanfarið. Um þetta urðu málaferli, og var svo úrskurðað í hæstarétti, að söluskatt skuli greiða af brúttó-verði vörunnar, og hefur svo verið undanfarið. Hins vegar þykir sanngjarnt að gera á þá breytingu, að ekki þurfi að greiða söluskatt af söluskatti. Að öðru leyti leggur n. til, að frv. verði samþ., og sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um málið.

Frsm. 1. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Það urðu við 1. umr. þessa máls allýtarlegar umr. um söluskattinn, en hér er um að ræða einn þyngsta skatt, sem nú er lagður á til þess að afla tekna í ríkissjóð, og óvanalegan skatt. Ég leyfði mér að leggja til við þá umr., að söluskatturinn yrði felldur niður. Ég býst ekki við, að ég þurfi að koma fram með rök fyrir því, hve þungt þessi skattur liggur á öllum almenningi nú sem stendur. Hæstv. ríkisstj. er kunnugt um það, hversu þungt þessi skattur kemur niður á mönnum og í mörgum tilfellum ákaflega óréttlátlega. T. d. kemur hann einna þyngst niður á nauðsynjavörum almennings og ýmsum atvinnugreinum eins og iðnaði, sem er að kikna að nokkru leyti undan þessum skatti. En svar hæstv. ríkisstj. mun vera það, að ríkissjóður komi til með að vinna tekjur á þessum skatti, það miklar, að fjárlögin fái staðizt. Nú vil ég segja, að á síðasta ári hefði verið hægt að sleppa söluskatti. En hæstv. fjmrh. svarar með því að segja, að ekki megi vænta þess, að innflutningur til landsins verði eins mikill og þá varð, því að við höfum verið að safna birgðum og höfum fengið gjafafé til þess, eða um 100 millj. kr.

Til þess að gera þetta mál stutt, vil ég segja, að svo framarlega sem þær ráðstafanir verða nú gerðar, sem nauðsynlegar eru, þá er hægt að tryggja eins mikinn innflutning til landsins á næsta ári og var þetta síðasta ár án þess að taka til þess gjafafé. En til þess að þetta sé hægt, verðum við líka að gera aðrar ráðstafanir til þess að auka þjóðarframleiðsluna. Það þarf að gera ráðstafanir til þess að hagnýta betur okkar stórvirku framleiðslutæki, togara og frystihús, til þess að framleiða meiri freðfisk og fleiri tegundir af fiski. Ég vil leyfa mér að halda því fram og skal færa fram sönnunargögn fyrir því, að nú í ár hefði verið mögulegt fyrir þjóðina að selja milli 30 og 40 þús. tonn af hraðfrystum fiski, ef ríkisstj. hefði gert þær ráðstafanir, sem með þurfti, og leyft landsmönnum frjálsan útflutning fisksins. Þetta mun vera um 200 millj. kr. verðmæti, eða 50—100 millj. kr. meira útflutningsverðmæti fyrir fiskinn en nú er. Ísland er nú nægilega ríkt af framleiðslutækjum til þess að hafa meiri útflutning en það hefur. Það er líka viðurkennt af hæstv. ríkisstj., að markaðir, sem Íslandi standa til boða, nægi til þess að tryggja okkur einn til tvo tugi millj. kr. í viðbót, ef landsmenn fá leyfi til þess að nota þá. Og ef þetta frelsi fengist, þá hefði Ísland 100—200 millj. kr. meira í ár til þess að kaupa vörur fyrir og flytja til landsins nú í ár en á síðasta ári. Ef ekki á að verða skömmtun og vöruskortur, verður að gera ráðstafanir til að auka útflutninginn. Ég tók eftir, að fjmrh. sagði, að stj. hefði ekki getað vitað, þegar söluskatturinn var framlengdur, að eins mikið mundi safnast fyrir af vörum og nú hefur gert. Ég get að vísu ekki sannað, að stj. hafi vitað þetta, en hitt veit ég, að 1. des. var farið að gera ráðstafanir til að fá fé til að flytja meira inn. Hún gat því vitað, að með því að afgr. fjárlögin þannig í fyrra gæti orðið þessi greiðsluafgangur, en nú lætur hún sem hún hafi ekki búizt við því. Hins vegar vil ég leyfa mér að halda fram, að á komandi ári sé hægt að láta innflutninginn gefa jafnmiklar tekjur og s. l. ár. En raunverulega er ómögulegt að ræða með fullri beitingu raka um mál eins og söluskatt og fjárlög, án þess að fyrir liggi eitthvað um þá efnahagspólitík, sem stj. hyggst reka. Fjmrh. átti að útbúa áætlun um útflutning og innflutning, sem átti að fylgja fjárlögunum. Það er ekki hægt að ákveða í janúar eða febrúar að auka innflutninginn til landsins gífurlega, á hvern hátt sem það er gert, því að slíkt brenglar alla afgreiðslu fjárlaga. Og eitt af þeim verkefnum, sem fjárhagsráði var falið, var að semja slíka áætlun. Það minnsta, sem stj. getur gert, er að lýsa sjálf yfir sínum pólitíska vilja í þessu eða afgr. á jákvæðan hátt þau lagafrv., sem liggja fyrir um þetta. Ég veit, að það er hægt að slá niður öll rök um, að óhætt sé að fella niður söluskattinn, með því að yfirlýsa, að innflutningurinn verði ekki meiri en þetta og þetta. En það er líka hægt að koma tveim mánuðum síðar og breyta því öllu. — Ég er sannfærður um, að ríkissjóður getur komizt af, þó að mín till. um niðurfellingu söluskattsins verði samþ., svo framarlega sem einnig verður samþ. 12. mál þingsins, sem hér er á dagskrá í dag. Ég vil þess vegna í fyrsta lagi halda fram, að fjárhag ríkissjóðs væri ekki stofnað í voða með niðurfellingu söluskattsins, svo framarlega sem landsmenn mættu framleiða og flytja út með eðlilegum hætti. Í öðru lagi minnist ég ekki, síðan ég kom á þing, að hafi komið eins alvarleg og harðvítug mótmæli og gegn söluskattinum. Hef ég í nál. leyft mér að prenta upp nokkur sýnishorn af þessum mótmælum. Þar sem áður var vani hér fyrr, að mótmælin komu öll úr þeirri stétt, sem álögurnar komu þyngst niður á, koma mótmælin gegn söluskattinum víðar að. Hér eru prentuð upp ekki aðeins mótmæli frá einstökum verkalýðsfélögum, heldur líka samtökum eins og Landssambandi iðnaðarmanna, Bandalagi kvenna, einu afturhaldssamasta bændafélagi í landinu, sem er hægra megin við Framsókn, einu sterkasta atvinnurekendafélaginu eins og Félagi ísl. iðnrekenda. Þannig eru lesin upp hér daglega mótmæli gegn þessum skatti. Ég álít, að Alþ. beri að verða við þessum kröfum og afnema þennan skatt og eigi svo annaðhvort að gefa svo frjálsa innflutnings- og útflutningsverzlunina, að hægt sé að komast af án söluskattsins, eða — ef á að halda áfram

að hindra menn í að afla gjaldeyris og vinna fyrir gjaldeyri — verði fundnir aðrir og réttlátari tekjustofnar. — Söluskatturinn var upphaflega lagður á til að standa undir fiskábyrgðinni. Með gengislækkuninni var svo meiningin að létta af ríkinu þunga fiskábyrgðarinnar. Gengislækkunin var framkvæmd, en söluskattinum haldið áfram. Eftir það að þungur tollur hafði verið lagður á innfluttar vörur með gengislækkuninni, var svo á næsta þingi söluskatturinn hækkaður og um leið eða rétt á eftir bátaútvegsgjaldeyrinum skellt á eða raunverulega nýrri gengislækkun, því að reglugerðin, sem stj. gaf út án þess að hafa nokkra stoð í lögum, þýðir, að stj. taki í sínar hendur vald hvorki til meira né minna en gengislækkunar, eftir því sem henni þóknast. Því hefur ekki verið mótmælt, að ef stj. hefur rétt til að taka þessar vörur á listann og leyfa að leggja á þær 60% toll, hafi hún líka heimild til að taka aðrar vörur á þennan lista, jafnvel allar vörur, sem fluttar eru til Íslands. Eða hvað hindrar, ef hún hefur rétt til að leggja þennan toll á 10—20 vörutegundir, að hún hafi þá rétt til að leggja hann á 30—40% eða á allar vörutegundir. Og ef hún hefur rétt til að leggja 60% á þessar vörur, hefur hún líka rétt til að leggja 100% á þær. Og ef Englendingar fella pundið í næstu viku, mun þurfa gengislækkun, og ef stj. telur sig hafa rétt til að leggja á bátagjaldeyrinn, hlýtur hún líka að telja sig hafa rétt til þess. En það er bara eitt, sem ruglar þá í höfðinu. Þeir hafa stoð í leyfi frá alþjóðagjaldeyrissjóðnum og halda, að það séu íslenzk lög. Þeir eru farnir að rugla saman, hvort heimildin komi frá Washington eða frá Alþingi Íslendinga.

Ég vildi taka þetta fram enn einu sinni, vegna þess að þeirri fiskábyrgð, sem söluskatturinn átti að standa undir, hefur nú verið skellt yfir á almenning, fyrst með gengislækkuninni og síðan bátaútvegsgjaldeyrinum. Og nú er margfalt erfiðara að standa undir aðstoðinni við útvegsmenn en var meðan fiskábyrgðin var. Hefði verið nær að halda henni áfram og sjá svo um, að ekki væri þessi okurálagning á vörur. M. ö. o., allt, sem hæstv. stj. hefur gert í sambandi við þetta mál, er tóm vitleysa, og það fást engar upplýsingar um, hvaða heimild sé til viðkomandi bátaútvegsgjaldeyrinum, hvernig sem skorað er á hana að upplýsa það, og í reglugerðinni, sem gefin var út daginn eftir að þingi var slitið, er ekki vísað í nein lög, aðeins óskir ríkisstj.

Ég held, að það sé þess vegna rétt af Alþ. að fella nú þessa lagaheimild, sem stj. hefur til að innheimta söluskattinn, og að það sé rétt að knýja stj. til að leggja fyrir Alþ. áætlun um, hvernig hún hugsar sér að haga útflutningi og innflutningi á næsta ári og hvað eigi að leggja mikið af ólöglegum gjöldum á almenning. Á að gefa þeim útvegsmönnum, sem einoka útflutninginn, einnig rétt til að einoka innflutning margra vörutegunda? Á að leysa deiluna um saltfiskinn með því að bjóða S. Í. S. upp á ákveðinn kjötútflutning, til þess að betra samkomulag verði á stjórnarbúinu? Ég vil benda á þetta sem eitt dæmi þess, hvernig stj. getur farið að því að leysa öll mál í þjóðfélaginu, ef rétt er að leysa þau með samkomulagi um fríðindi handa einstökum stofnunum. En hví er þá verið að biðja Alþ. um fjárlög? Hingað til er það eitt, sem öll þjóðþing hafa haldið fast í, og það er rétturinn til að leggja álögur á almenning í landinu. Uppruni þinganna er beinlínis í sambandi við það. Núverandi stj. hefur hins vegar fundið ráð til slíks og beitt því þvert ofan í fyrirmæli stjórnarskrárinnar og sýnt sig í því að leggja á álögur án allra lagaheimilda. Ég álít þess vegna, að söluskattinn eigi nú að fella niður, en hins vegar, svo framarlega sem sú till. verður ekki samþykkt, þá mun ég við 3. umr. flytja brtt. um að reyna að draga úr því versta við hann.

Eins og vitað er, hefur söluskatturinn lent sérstaklega illa á innlendum iðnaði og það þannig, að oft hefur verið lagt þrisvar sinnum á sömu vöruna í sambandi við innflutning hráefnis og sölu innanlands. Þar sem aðrar þjóðir reyna að stuðla að því, að iðnaður myndist, reynir stj. hér að drepa iðnaðinn og skapa atvinnuleysi á Akureyri, í Reykjavík og þar, sem mest er byggt á iðnaði, og jafnframt rýra gjaldeyristekjur þjóðarinnar. Það er vitað, að þessi pólitík er vísvitandi stefna, rekin í samræmi við hagsmuni þeirra, sem nú virðast ráða efnahagskerfi Íslendinga. Ein meginstefna auðvalds Bandaríkjanna er að eyðileggja innanlandsiðnaðinn til að skapa markað fyrir stóriðjuvörur sínar. Eins og vitað er, hefur Marshallaðstoðin hjálpað til, að þeirra stóriðja eigi sem greiðastan aðgang að mörkuðunum, og hjálpað til að brjóta niður iðnað viðkomandi lands. Hér er nú svo komið, að í þeim iðnaði, sem starfaði í Reykjavík, er með þessum ráðstöfunum stj. búið að fækka um helming, ef iðnaðurinn er tekinn sem heild, en ef litið er á einstakar verksmiðjur, verða í verksmiðjum, þar sem störfuðu 500 manns, aðeins 70 starfandi eftir nýár. Og ýmsir, sem lagt höfðu fé í að kaupa vélar, sem hefðu getað gefið gjaldeyri, ef frelsi hefði verið til að framleiða til útflutnings, verða nú að loka. Það er að vísu gefið, að þó að söluskattinum væri létt af iðnaðinum, mundi það ekki hjálpa nema að litlu leyti, því að hér er um samfelldar aðgerðir að ræða. Jafnhliða því, að söluskatturinn var lagður á iðnaðinn, var um leið verið að stöðva hann með því lánsfjárbanni, sem stj. setti á, og gera honum erfiðara fyrir með því að flytja ekki inn hráefni, en í þess stað fullunnar iðnaðarvörur. Það er þó örlítið í áttina, ef söluskatturinn er afnuminn. — Það hafa komið fram kröfur um, að svo framarlega sem söluskatturinn haldist, verði honum skipt öðruvísi, m. a. að bæjarfélögin fái a. m. k. helming hans, og hafa sósíalistar flutt tillögu í Ed., sem enn hefur ekki fengið afgreiðslu, um, að söluskatturinn í ár verði að nokkru leyti þannig hagnýttur. — En ef þessi brtt. verður felld, mun ég flytja frekari brtt. við 3. umr.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Ég hef flutt brtt. við þetta frv. á þskj. 383. Þær fela í sér, að fjórði hluti söluskattsins skuli renna í

jöfnunarsjóð sveitarfélaganna, en tekjum jöfnunarsjóðs af söluskattinum skuli síðan skipt milli bæja og hreppa eftir fólksfjölda. — Við 1. umr. um þetta frv. benti ég á, að brýn þörf væri að gera einhverjar ráðstafanir í sambandi við fjármál sveitarfélaganna almennt, annaðhvort með því að létta af þeim gjöldum eða með því að láta þau hafa nýja tekjustofna. — Það er alkunna, sem ekki þarf að útskýra mikið fyrir hv. þm., að bæði bæjar- og sveitarfélögin eiga við vaxandi fjárhagslega örðugleika að etja vegna margra orsaka. Á því er enginn vafi, að allur almenningur á nú erfiðara með að greiða sín opinberu gjöld en áður var. Enn fremur er þess að gæta, að ríkið tekur það mikið í álögum, bæði beint og óbeint, að það kemur nú alvarlega við hag sveitarsjóðanna. Og það er ekki aðeins, að þessar álögur séu miklu hærri að krónutölu, heldur eru líka innheimtuaðferðirnar harðskeyttari en þær voru, einkum við innheimtu söluskattsins, en hann er innheimtur að því viðlögðu að loka fyrirtækjunum, ef hann er ekki greiddur í tæka tíð. Hefur þessi innheimtuaðferð orðið til þess, að mun tregar hefur gengið fyrir bæjar- og sveitarfélögin að innheimta útsvörin. Auk þess hefur ríkisvaldið á undanförnum árum gengið mjög í þá átt að hækka ýmis lögboðin gjöld á sveitarfélögunum. Hins vegar hefur jafnhliða þessari þróun ekki verið séð fyrir nýjum tekjustofnum handa sveitarfélögunum. Þannig hafa þau samkv. lögum aðeins einn tekjustofn, útsvörin, og sem sagt, þó að álögurnar hafi þannig með lögum hækkað ár frá ári, hefur sveitarfélögunum ekki verið séð fyrir nýjum tekjustofnum. Auk þessa bætist það svo ofan á, að ríkissjóður hefur ekki staðið í skilum um ýmsar þær greiðslur, sem hann á að inna af hendi til sveitarfélaganna. Það er svo um allmargar framkvæmdir, sem löggjafarvaldið ætlast til að bæjarfélögin hafi með höndum, svo sem skólabyggingar, hafnargerðir og sjúkrahúsabyggingar, að þar hefur því verið með lögum lofað, að ríkissjóður greiddi hluta af byggingarkostnaði þessara framkvæmda. En nú er svo komið um flestar þessar framkvæmdir, að það stendur upp á ríkissjóðinn um meira eða minna af slíkum greiðslum. Nú vil ég taka fram, að hér gegnir nokkuð ólíku máli eftir því, hvers konar framkvæmdir þetta eru. Um sumar þeirra er svo fyrir mælt í lögum, að sveitarfélögin eigi að fá vissan hundraðshluta af byggingarkostnaðinum úr ríkissjóði, en það er sett að skilyrði, að það greiðist, þegar fé sé veitt til þess á fjárlögum. Hins vegar er í öðrum lögum svo ákveðið, að sveitarfélögin skuli fá vissan hluta byggingarkostnaðar framkvæmda sinna greiddan úr ríkissjóði, en þar ekki tekið fram, að greiðsla þessa hluta skuli innt af hendi, þegar fé sé veitt til þess á fjárl. Sérstaklega á þetta við um skólabyggingar. Og af því lít ég svo á, að jafnóðum og skólabyggingum miðar áfram hjá sveitarfélögunum, þá falli í gjalddaga það, sem ríkið á að greiða, vitanlega með því skilyrði, að fræðslumálastjórnin hafi samþykkt teikningar að þessum framkvæmdum og fyrirkomulag allt. Nú er það svo varðandi skólabyggingar eftir þeim skýrslum, sem hér liggja fyrir og fræðslumálastjórnin hefur sent öllum þm., að 1. nóv. s. l. skuldar ríkissjóður sveitarfélögunum vegna skólabygginga hvorki meira né minna en 13 millj. kr., sem að minu áliti eru gjaldfallnar og ríkissjóður er skyldur til að greiða. Auk þessarar stóru upphæðar er það svo, að í allmörgum sveitarfélögum eru sjúkrahúsaframkvæmdir langt á veg komnar, en framlag ríkissjóðs til þeirra er ekki að fullu greitt. En ég vil taka skýrt fram, að hér ber nokkuð á milli, þar sem skýrt er tekið fram í l., að greiða skuli hluta af kostnaði við þessar framkvæmdir úr ríkissjóði, þegar fé sé veitt til þess á fjárl. Um framlag ríkissjóðs til skólabygginga er því eins ástatt og um jarðræktarstyrkinn, að skylda er til að greiða hann strax að fullu, eftir því sem bændum miðar áfram við ræktunarframkvæmdir. — Af þessum ástæðum, sem ég hef nú greint, og sjálfsagt mörgum fleiri, sem hins vegar eru mismunandi í ýmsum byggðarlögum, t. d. aflaleysi ár eftir ár á sumum stöðum o. s. frv., varð það að ráði, að nú um miðjan okt. s. l. var efnt til ráðstefnu hér í Reykjavík með fulltrúum allra þrettán kaupstaða landsins til þess að bera saman bækurnar og ráða sínum ráðum um vandamál, sem að steðjuðu. Á þeim fundi lögðu þessir fulltrúar bæjarstjórnanna fram ýtarlegar upplýsingar um fjárhagsástæður og afkomumöguleika hver viðkomandi sínu byggðarlagi. Þessi mál voru rædd ýtarlega á fundinum og samþ. ýmsar till., bæði um, að nauðsynlegt væri, að létt væri ýmsum lögboðnum gjöldum af bæjar- og sveitarfélögunum, og í öðru lagi, að nauðsynlegt væri, að ríkissjóður greiddi jafnóðum sitt lögboðna framlag til ýmissa framkvæmda, — og síðast, en ekki sízt, að sveitarfélögum yrði séð fyrir nýjum tekjustofnum. Bæjarstjórafundurinn taldi nauðsynlegt, að fram færi heildarendurskoðun á þessum málum, þannig að tekin yrðu til endurskoðunar öll gildandi lagaákvæði um tekjur kaupstaðanna með það fyrir augum að setja heildarlöggjöf um tekjustofna þeirra og sveitarfélaganna almennt, þar sem tryggilega verði búið um fjárhagsgrundvöll þeirra og tryggt, að ekki verði beint eða óbeint gengið á þá tekjustofna, sem sveitarfélögum verða fengnir. Hins vegar taldi fundurinn, að þar sem slík löggjöf þyrfti bæði mikinn og nákvæman undirbúning, væri ekki unnt að bíða með allar aðgerðir, þar til slík löggjöf yrði til, heldur þyrfti að gera einhverjar ráðstafanir til úrbóta nú þegar. Sumir bæjarstjóranna upplýstu, að það mætti heita ógerningur að koma saman fjárhagsáætluninni hjá sumum kaupstaðanna að óbreyttum ástæðum, nema nýir tekjustofnar kæmu til. Af þeim ástæðum samþ. fundurinn, að til bráðabirgða yrði farið fram á það við Alþ., að meðan söluskatturinn er á lagður og innheimtur, skyldi helmingur hans ganga til jöfnunarsjóðs sveitarfélaganna, en þaðan vera dreift til sveitarfélaganna. Það er ekki ætlazt til, að þetta sé til kaupstaðanna eingöngu, heldur til allra bæjar- og sveitarfélaga og að þessu skyldi skipta eftir fólkstölu. Þessar till. bæjarstjórafundarins voru síðan bornar fram við ríkisstj., og flutti sú þriggja manna nefnd, sem

bæjarstjóraráðstefnan kaus til þess, mál þetta við fors- og félmrh., sem málefni sveitarfélaganna heyra fyrst og fremst undir, rétt eftir miðjan októbermánuð og óskaði þess, að hann legði þær fyrir ríkisstj. Nú er komið hátt á annan mánuð síðan, og því miður hefur hæstv. ráðh. ekki séð sér fært að leggja fyrir Alþ. neinar till., hvorki til þess að létta útgjöldum af bæjar- og sveitarsjóðum né um að afla þeim nýrra eða aukinna tekjustofna. Þó að liðið sé nú hátt á annan mánuð síðan, hefur því miður svo farið, að hæstv. ráðh. og ríkisstj. hefur ekki treyst sér til að verða við einni einustu till., sem bæjarstjórafundurinn bar fram, og verð ég að telja það mjög miður farið. Ég skal að vísu taka fram, að eitt frv. liggur fyrir þinginu, flutt að tilhlutun hæstv. fjmrh., sem snertir nokkuð hag bæjar- og sveitarfélaganna. Það er þó ekki borið fram í tilefni af óskum bæjarstjórafundarins, heldur er það frv., sem einnig var borið fram í fyrra, sem fer fram á, að nýtt fasteignamat skuli fram fara og semja skuli það að nýju til samræmis við núgildandi verðlag í landinu, og þegar þessu sé lokið, skuli fasteignaskatturinn, sem nú rennur í ríkissjóð, renna til sveitarfélaganna. Ég skal ekki ræða endurskoðun á fasteignamatinu í þessu sambandi. Það hefur verið gert hér allrækilega í sambandi við það frv., sem líka er hér á dagskrá. En ég vil taka það fram á þessu stigi, að sú hjálp, sem bæjar- og sveitarfélögunum yrði að samþykkt þess og framkvæmd, kæmi ekki að gagni fyrr en eftir tvö eða þrjú ár eftir þeirri reynslu, sem maður hefur af því, hvaða tíma það tekur að framkvæma hin nýju fasteignamöt. Fasteignaskatturinn á fyrst og fremst að ganga til þess að greiða þann kostnað, sem leiðir af framkvæmd fasteignamatsins, sem mundi vafalaust nema nú mörgum milljónum, ef miðað er við þann mikla kostnað, sem af því varð fyrir tíu árum. M. ö. o., jafnvel þótt menn vildu afgr. það frv. á þessu þingi, þá mundi það ekki koma að haldi fyrir sveitarfélögin fyrr en eftir langan tíma. Hér hefur því ekki orðið þess vart, að hæstv. ríkisstj. hafi gengið til móts við þessar óskir bæjarstjórafundarins til þess að mæta hinum brýnu þörfum sveitarfélaganna. Hins vegar hefur verið borið fram hér eitt frv., sem ég vil ekki láta hjá líða að minnast á í þessu sambandi, sem hæstv. ríkisstj. flytur, um breyt. á almannatryggingalögunum, sem felur í sér að skylda sveitarfélögin til þess að greiða stórhækkuð framlög til Tryggingastofnunarinnar á næstu árum. Það á að skylda þau til að greiða framlag sitt með kaupgjaldsvísitöluhækkun, sem taki gildi í marz n. k. Og eftir því sem tryggingastjórnin sjálf upplýsir, reiknar hún með 150 stigum. Þetta eitt mundi hækka lögboðin framlög sveitarfélaganna til Tryggingastofnunarinnar svo millj. kr. skiptir. Mér þykir harla undarlegt, að um leið og ríkisstj. hunzar gersamlega allar þessar till. bæjarstjóranna, virðist þetta vera svarið, sem hún ætlar að tjá bæjar- og sveitarfélögunum, að stórhækka með löggjöf framlög sveitarfélaganna til Tryggingastofnunarinnar.

Það verður vafalaust spurt um það hér, hvar ríkissjóður eigi að fá þær tekjur, sem hann hefur gert ráð fyrir að fá af söluskattinum, ef taka eigi hluta af honum handa sveitarfélögunum, eða beðið um að benda á þá gjaldaliði í fjárlagafrv., sem eigi þá að lækka eða skera niður. — Ég vil nú fyrst spyrja: Þegar Alþ. og ríkisstj. hefur á undanförnum árum verið að leggja nýjar álögur á bæjar- og sveitarfélögin, hvenær hefur þá verið bent á nýja tekjustofna handa sveitarfélögunum? Þegar m. a. með tryggingalöggjöfinni eru lagðar ekki aðeins milljónir, heldur milljónatugir í útgjöldum á sveitarfélögin, þá er ekki bent á neina nýja tekjustofna handa þeim. Þegar sveitarfélögin voru lögskylduð til að greiða visst framlag á íbúa í byggingarsjóð, var ekki bent á nýja tekjustofna handa þeim. Þegar hækkað var tillagið til bjargráðasjóðs, var ekki bent á nýja tekjustofna handa þeim. Þegar skylda var lögð á þau viðkomandi skólabyggingum, var ekki bent á nýja tekjustofna handa þeim. Þegar ríkisvaldið fyrirskipaði kaupstöðum landsins, t. d. Reykjavík, að hafa tvo lögregluþjóna á hvert þúsund íbúa, þá var ekki bent á neina nýja tekjustofna handa þeim til þess að standa undir þeim milljónum í útgjöldum, sem t. d. Reykjavík verður að greiða vegna aukins kostnaðar við löggæzluna og annað af þessum ástæðum. Þó að ríkið hafi sem sagt ár eftir ár lagt ný og margs konar lögboðin gjöld á sveitarfélögin, hefur ríkisvaldið ekki haft fyrir því að benda þeim á eða útvega þeim neina nýja eða aukna tekjustofna. En þegar farið er fram á, að bæjarsjóðir fái eitthvert fé til þess að standa undir öllum þessum útgjöldum, m. a. sem af því leiðir að greiða gjald til trygginganna með vísitöluhækkun, þá er þess krafizt, að bent sé á nýja tekjustofna fyrir ríkissjóð eða leiðir til lækkunar útgjalda ríkissjóðs. Ég skal taka fram á þessu stigi, að vafalaust mundi vera hægt að taka ýmsa liði út úr gjaldabálki fjárlagafrv., eins og það liggur fyrir nú, eða greiða þá af tekjuafgangi ársins 1951 til þess m. a. að mæta þessu, sem hér er farið fram á. Í öðru lagi tel ég, að sumir tekjuliðir fjárlagafrv., eins og það liggur fyrir, séu það varlega áætlaðir, að mjög vel megi hækka þá nokkuð.

Ég skal ekki fara öllu fleiri orðum um þetta að sinni. En ég vil þó aðeins leyfa mér að benda á það, að þótt hæstv. ríkisstj. telji það fyrst og fremst skyldu sína að sjá um, að ríkissjóður sé rekinn hallalaust, — og er það virðingarvert og sjálfsagt að styðja hana af öllu megni í því, að búskapur ríkisins sé greiðsluhallalaus, — þá hefur ríkisvaldið líka skyldur gagnvart sveitarfélögunum og þeirra fjárhag, og ekki sízt hefur það skyldur til að sjá þeim fyrir nýjum tekjustofnum, þegar hvort tveggja fer saman, að ríkisvaldið hefur lagt þungar byrðar og margar á sveitarsjóðina og auk þess stendur það ekki fyllilega í skilum með ýmsar greiðslur til þeirra. En ef hæstv. ríkisstj. og Alþ. vill ekki sinna á neinn hátt hinum réttmætu óskum bæjar- og sveitarfélaganna, þá er rétt, að þeir sömu aðilar geri sér grein fyrir, hvað gerist, ef þessu er að engu sinnt. Meðal stærstu útgjaldaliða sveitarfélaganna eru hin lögboðnu

framlög til tryggínganna. En samkv. l. stendur ríkissjóður í ábyrgð fyrir þessum framlögum, ef sveitarsjóðir inna ekki þessar greiðslur af hendi. Ef sveitarsjóðir geta ekki aflað sér þeirra tekna, sem til þess þarf að standa í skilum með þetta, eða létt af sér útgjöldum, sem nauðsynlegt er til þess, getur ekki orðið önnur afleiðing þess en sú, að meira eða minna af sveitarfélögum getur ekki staðið í skilum með tryggingagjöldin, með þeim afleiðingum, að þau koma á ábyrgðarmanninn, þ. e. a. s. ríkissjóðinn. Og um leið og bæjar- og sveitarsjóðir lenda í verulegri fjárþröng, — og slíku má búast við með því atvinnuástandi, sem nú er að skapast, — þá hljóta kröfurnar til ríkissjóðs að vera miklu háværari en áður um, að ríkissjóður geri eitthvað til þess að efla og auka atvinnuna í kaupstöðunum. En það er nú þegar svo komið, að ýmis bæjarfélög, — og ekki aðeins bæjarfélög, heldur líka jafnvel fleiri önnur sveitarfélög, — hafa ekki getað staðið í skilum með lán, sem ríkissjóður er í ábyrgð fyrir, og á ég þar bæði við hafnarmál, rafveitumál og jafnvel fleira. Ég ætla, að það séu nú þegar orðnar 7—8 millj. kr., sem ríkissjóður beinlínis hefur orðið að greiða vegna vanskila sveitarfélaga á vöxtum og afborgunum, sem ríkissjóður er í ábyrgð fyrir. Og ég er hræddur um, að þetta fari ört vaxandi. Ég býst við, að það stærsta fram undan í því efni séu rafveitumálin, en hafnargerðir og vegagerðir og verksmiðjumál koma þar líka nokkuð við sögu.

Ég vil nú taka skýrt fram, að það, sem ég hér hef talað um fjárþörf sveitarfélaga, á ekki fyrst og fremst við um það bæjarfélag, sem ég er fulltrúi fyrir, heldur tala ég fyrst og fremst sem fulltrúi fyrir þá bæjarmálaráðstefnu, sem haldin var um miðjan október í haust s. l. og fól mér að koma þessum till. á framfæri við hæstv. ríkisstj. og Alþ. En það eru ekki eingöngu kaupstaðirnir, sem hér eiga hlut að máli, þó að þeir einir hafi átt fulltrúa á þessari ráðstefnu, heldur eru mörg stærri kauptún, sem eiga hér hlut að máli og eiga ekki síður í miklum erfiðleikum en kaupstaðirnir.

Ég vænti þess, að þessar till. mínar á þskj. 383 fái hér góðar viðtökur í hv. d. Hér er farið miklu skemmra en bæjarstjórafundurinn óskaði, en þar var farið fram á, að helmingur söluskattsins rynni til jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga, og í þá átt gengur það frv., sem flutt var í hv. Ed. af hv. þm. úr öllum fjórum þingfl. Hér er aðeins farið fram á, að einn fjórði hluti söluskattsins renni til þessa, í þeirri von, að um það geti náðst samkomulag.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það eru nokkur orð út af þeim brtt., sem fram hafa komið við frv. Fyrst er þá sú brtt. frá hv. 2. þm. Reykv. að fella söluskattinn alveg niður. Í sambandi við hana vil ég upplýsa, að nú er komið í ljós eftir athugun, sem alveg nú síðustu dagana var gerð um afkomu ríkissjóðs á þessu ári, að ef söluskatturinn hefði verið felldur niður í fyrra, hefði orðið margra milljónatuga greiðsluhalli í ár þrátt fyrir alveg óvenjulega mikinn innflutning. Á þessu sést, hve mjög á sandi allar þær ræður hv. 2. þm. Reykv. eru byggðar og annarra, sem talað hafa líkt og hann um þessi mál. En varðandi næsta ár í þessu efni, sem nú er aðalatriðið í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna, vil ég leyfa mér að benda á nokkur atriði og þá sérstaklega út af því, sem hv. 7. þm. Reykv. sagði hér, þegar hann mælti fyrir sinni till., sem er um það, að einn fjórði hluti söluskattsins renni til jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga á næsta ári. — Fjárlagafrv., sem við nú erum með til umr., er orðið með 370 millj. kr. útgjöldum. Og það er nokkuð augljóst, að það þarf að gera á því enn nokkrar leiðréttingar til hækkunar þessu. Það er t. d. ekki búið að taka á fjárlagafrv. hækkun vegna þess, að vísitalan er hærri en gert var ráð fyrir, er það var samið, sem nemur nokkurra millj. kr. útgjöldum. Auk þess eru eftir leiðréttingar, sem nema nokkurri fjárhæð. Og svo verða alltaf einhverjar hækkanir við 3. umr., hversu varlega sem þingmeirihlutinn fer. Það er því víst, að gjaldaáætlun fjárl. fyrir næsta ár verður ekki undir 380 millj. kr., og má alltaf gera ráð fyrir einhverjum umframgreiðslum, hvernig sem allt veltist. Og viðkomandi tekjumöguleikunum er það að segja, að nú er komið tekjuuppgjör fyrir nóvembermán. s. l. til 1. des., og mér sýnist, að árstekjurnar muni ætla að verða um 405 millj. kr., eftir því sem næst verður komizt, þegar áætlað er um einn mánuð. Á því sjáum við myndina, hvernig hún er. Það kemur sem sé í ljós, að tekjurnar í nóv. og des. verða ekki tiltölulega eins miklu hærri en í öðrum mánuðum ársins eins og undanfarin ár hefur verið, og er það af því, að innflutningur hefur verið óvenjulega mikill á árinu, sem hlýtur að segja til sín m. a. nú síðustu mánuðina. M. ö. o., eftir því sem næst verður komizt, eru þetta rúmar 400 millj. kr. Nú er ómögulegt að gera ráð fyrir sömu tekjum t. d. af verðtolli næsta ár. Það er ekki útlit fyrir, að hægt sé að gera sér vonir um, að innflutningur verði eins mikill næsta ár, eftir að aflað hefur verið birgða fyrir milljónatugi á þessu ári. Á þessu ári sjáum við það, sem alltaf hefur vofað yfir og ég tók fram í framsöguræðu minni um málið, að það er fullhart á því, að auðið verði að afgr. tekjuhallalaus fjárlög með því, að ríkissjóður haldi öllum söluskattinum eins og nú er. Sjáum við það af þeim tölum, sem ég hef nefnt. M. ö. o., það, sem gjöldin eru að verða á fjárlagafrv., nálgast það, sem tekjurnar verða í ár hjá ríkinu. Og þó höfum við verið sammála um, að næsta ár verði ekki eins gott tekjuár og yfirstandandi ár. Þetta sýnir alveg glöggt, að það er ekki til þess að hugsa, að ríkissjóður megi missa af þeim tekjum, sem hann nú hefur. Og þess vegna er ekki hægt — ekki nokkur möguleiki til þess — að leysa fjárhagsvandræði eins né annars með því að taka hluta af þeim tekjustofnum, sem ríkissjóður hefur nú, nema því aðeins að menn vilji hætta við að afgr. greiðsluhallalaus fjárlög. En það er grundvallaratriði í stefnu núverandi ríkisstj. að afgr. fjárl. greiðsluhallalaus, og frá því getur hún ekki með nokkru móti vikið. — Þetta vildi ég leyfa mér að upplýsa og taka fram

í sambandi við þessar umr. — Ég ætla ekki að ræða almennt um fjárhagserfiðleika sveitarfélaganna. Ég veit, að ýmsir erfiðleikar hafa verið á að halda þar í horfinu. En þau vandkvæði geta ekki orðið leyst með því að taka af tekjustofnum ríkisins, eins og nú horfir. Það er óhugsandi.

Hv. 7. þm. Reykv. minntist í þessu sambandi á ýmsa löggjöf, sem þingið hefði sett. Og ég skal ekki fara út í að ræða það í einstökum atriðum. En ég vil bara benda á út af einu atriði, sem hann tók fram, skólalöggjöfinni, að í fræðslul. nýju var náttúrlega létt byrðum stórkostlega af sveitarfélögunum og færðar yfir á ríkissjóð, bæði hvað viðkemur rekstri skólanna, miklu meira en áður, en eins var þá tekið upp að greiða úr ríkissjóði byggingarkostnað skólanna, sem ekki hafði áður verið gert nema í sumum tilfellum.

Varðandi það frv., sem fyrir þinginu liggur um greiðsluna til tryggingganna, þá er þess að geta, að þar er ekki á nokkurn hátt gengið á hlut bæjanna í því frv. Þar er gert ráð fyrir, að haldið verði áfram því hlutfalli, sem frá öndverðu hefur verið þar sett í tryggingal. um framlög til tryggingganna, og ekki raskað neinu í því, þannig að þar sé velt neinu yfir á bæina, sem áður hefur hvílt á öðrum. Það er bara gert ráð fyrir í því frv. að greiða vísitöluhækkun á tryggingagjöldin, og skiptist það í jöfnum hlutföllum eins og áður hefur verið.

Ég verð því að mælast mjög eindregið til þess, að hv. þd. aðhyllist ekki þessar till., sem fram eru komnar á þskj. 383, því að samþykkt þeirra getur ekki samrýmzt afgreiðslu greiðsluhallalausra fjárl. Það er alveg augljóst.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Vegna þess að frsm. hv. 2. minni hl. fjhn. er forfallaður, hv. þm. V-Ísf., ætla ég að segja fáein orð í hans stað. — Hv. þm. V-Ísf. hefur lagt til í nál. sínu á þskj. 354, að söluskatturinn verði ekki framlengdur, en að öðrum kosti sé hann fús til viðræðna og samninga um undanþágu frá söluskattinum fyrir vörur og þjónustu, sem mest áhrif hafa á framfærslu- og framleiðslukostnað. — Alþfl. hefur frá öndverðu tekið fram, að hann væri andvígur framlengingu söluskattsins. Hann taldi við meðferð fjárlagafrv. í fjvn., að það hefði komið í ljós, að á ríkisbúskapnum mundi verða verulegur tekjuafgangur, eða upp undir 90 millj. kr., þannig að óhætt væri að fella söluskattinn niður, þar sem gera mætti ráð fyrir ekki minni tekjum á næsta ári en á yfirstandandi ári og útgjöldin mundu ekki hækka svo mjög, að þær áætlanir, sem gerðar hafa verið um þau, mundu ekki standast. Nú var hæstv. fjmrh. að segja það áðan, að samkvæmt nýrri athugun á afkomu ríkissjóðs væri þetta ekki rétt. Þau plögg, sem legið hafa fyrir hjá hæstv. fjmrh., virtust gefa í skyn, að tekjuafgangur yrði 80—90 milljónir. Sé þetta ekki rétt, væri æskilegt, að fyrir lægju aðrar skýrar og ótvíræðar upplýsingar um það, hver tekjuafgangurinn yrði í ár. Um það er ekki ágreiningur, að æskilegt er að láta ríkisbúskapinn á þessu ári og næsta verða hallalausan, og að svo miklu leyti sem nauðsynlegt kann að vera að halda söluskattinum og ekki hægt að koma við beinum sparnaði við samningu fjárl., þá er ekki um annað að gera en að framlengja hann að einhverju leyti. Þess vegna er það tekið fram í nál. 2. minni hl., að komi það í ljós, að óhjákvæmilegt sé vegna greiðsluhallaafkomu ríkissjóðs að halda söluskattinum að einhverju leyti, þá verði a. m. k. að létta honum af brýnustu nauðsynjavörum almennings og þeim vörum, sem mest áhrif hafa á framleiðslukostnaðinn. En á því sýnir hæstv. ríkisstj. engan lit og vill fá í ríkissjóðinn sömu tekjur á næsta ári og innheimtar eru á þessu ári.

Ég hef áður sýnt fram á, að söluskatturinn hefur mikil áhrif á dýrtíðina, svarar til a. m. k. 6 stiga í framfærsluvísitölunni, svo að þar mundi ríkissjóður spara veruleg útgjöld, ef innheimta söluskattsins hætti. Annars er það að segja í sambandi við söluskattinn, að spurningin er ekki um það eitt, hvort æskilegt sé eða óæskilegt að innheimta hann af öllum vörum eða aðeins nokkrum vörum. Um söluskattinn er það að segja, að allt fyrirkomulag hans og innheimta er mjög miklum annmörkum háð. Ég hygg, að söluskatturinn sé í engu landi innheimtur með sama hætti og á Íslandi. Söluskattur er algengur í löndum Vestur-Evrópu, en hann mun hvergi vera innheimtur með sama hætti og hann er innheimtur hér. Þegar hann var á lagður í ýmsum löndum í stríðinu og eftir styrjöldina, þá var hann víða innheimtur eins og hér hefur verið gert og gert er enn, þ. e. a. s. reynt að leggja hann á alla veltu, hverju nafni sem nefnist, en alls staðar hefur verið frá þessu horfið. Síðast var nýlega gerð víðtæk breyt. á söluskattinum og innheimtu hans í Noregi, því að Norðmenn ráku sig á það sama sem mér finnst að íslenzkir skattheimtumenn ættu að vera búnir að uppgötva, að þetta fyrirkomulag, að gera tilraun til þess að innheimta skattinn af bókstaflega allri veltu, er ranglátt, óeðlilegt og óframkvæmanlegt og skapar svo gífurlegan rugling og svo mikið ósamræmi, að af hljótast endalausar deilur, sem eru mjög óheppilegar fyrir alla framkvæmd skattheimtunnar. Sem einstaks dæmis skal ég geta þess, að fyrir fáum dögum var mér sagt frá deilumáli milli skattstofunnar og fyrirtækis hér í bænum um tiltölulega mjög einfaldan hlut. Fyrirtæki hér í bænum hafði fengið pöntun utan af landi á bifreiðavarahlutum, mest af þeim átti það sjálft, en sumt ekki, og keypti það því í annarri verzlun og bætti því síðan á reikninginn án álagningar, þ. e. a. s. með innkaupsverði sínu hjá hinni verzluninni, og af því var auðvitað greiddur söluskattur í verzluninni, sem af var keypt. En söluskatts var líka krafizt af þessari verzlun af upphæð þeirrar vöru, sem hún hafði keypt frá hinni verzluninni og eingöngu haft milligöngu um að útvega. Ég skal nefna annað dæmi, sem ég frétti um samtímis. Fyrirtæki hér í bænum sendi vörur út á land og tók að sér að sjá um útskipun á vörunum, greiða útskipunargjald og flutningsgjald. Allt þetta var talið söluskattsskylt hjá viðkomandi fyrirtæki, þó að í rauninni væri ekki um vörusölu að

ræða, heldur útvegun og útskipun. Þannig gæti ég haldið áfram að telja langa lengi dæmi um það, að framkvæmd söluskattsins eftir núgildandi reglum, sem um hann gilda, er mjög á reiki og í mörgum tilfellum óeðlileg, enda ríkir með það megn óánægja, svoleiðis að af þessum meginreglum leiðir, að 2—4 sinnum er lagt á sömu vöruna, en það verður að telja óverjandi skattheimtuaðferð. Aðferðin, sem Norðmenn hafa tekið upp, er að innheimta söluskattinn, þegar varan fer frá síðasta sölustigi yfir í hendur neytenda, og það mun vera skoðun flestra manna annars staðar, sem reynslu hafa á þessu sviði, að eðlilegast væri að innheimta slíkan skatt annaðhvort við uppruna vörunnar hjá fyrsta framleiðanda eða hjá síðasta aðila, sem afhendir hana til neytenda. En hér reyna skattyfirvöldin að troða sér inn með skattinn á öll stig vöruafhendingar, með þeim afleiðingum, að skatturinn er innheimtur margfaldur. Það er algengt annars staðar, að söluskattur er ekki lagður á allar vörur, heldur eingöngu á óhófsvörur og þær vörur, sem ekki teljast brýnustu lífsnauðsynjar, t. d. í Englandi og Bandaríkjunum. Það er eitt atriði enn, sem ekki hefur verið mikið að vikið og ég tel, að skattyfirvöldin hafi vanrækt mjög verulega. Það er að gera ráðstafanir til þess að hafa náið eftirlit með skattheimtunni, þ. e. a. s. að gera tryggar ráðstafanir til þess, að allur skatturinn komi til skila í ríkissjóð.

Í sambandi við þetta er því í rauninni mjög margt að athuga, þótt ekki skuli ég orðlengja um það frekar, en ég tel, að hæstv. ríkisstj. gæti á þessu sviði gert fjölda margt, sem hún því miður lætur ógert. Meginniðurstaðan er því sú, að samkvæmt upplýsingum, sem fyrir hafa legið tölulega fram til þessa, þá hefur ekki virzt ástæða til að innheimta söluskattinn allan, og þá er sjálfsagt að létta honum af brýnustu nauðsynjum. Það er enn fremur sjálfsagt að breyta verulega innheimtuaðferð skattsins til að koma í veg fyrir, að hann leggist oftar en einu sinni á sömu vöru, og það þarf að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að auka eftirlitið með skattheimtunni. Meðan hæstv. ríkisstj. sýnir ekki meiri lit á að framkvæma þessar aðgerðir, sem ég hef lýst, þá munum við Alþfl.-menn í þessari d. greiða atkv. gegn framlengingu söluskattsins.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, aðallega út af því, sem hv. 7. þm. Reykv. sagði áðan varðandi brtt. hans. Þó ætla ég ekki að ræða brtt. sjálfar, heldur það, sem hv. þm. minntist hér á till. svonefnds bæjarstjórafundar frá því í haust og fleira í sambandi við það. Hv. þm. lýsti því réttilega, að bæjarfélögin mjög mörg ættu við aukna erfiðleika að stríða varðandi tekjuöflun fyrir sig og innheimtu útsvaranna. Veit ég, að það er mikið rétt í því, sem hann sagði um það atriði. En mér virtist á hv. 7. þm. Reykv., að honum þætti það undarlegt og sýna mikið tómlæti, bæði hjá mér sem forsrh. og ríkisstj. allri, að hafa ekki tekið til greina að einhverju leyti till. frá bæjarstjórafundinum í haust. Ég verð að segja það, að þó að jafnvel eins góðir menn og bæjarstjórar komi saman á skyndifund í 2 eða 3 daga og semji þar nokkrar till., þá er tæplega að vænta þess, með algerlega einhliða sjónarmiði á þarfir sveitarfélaganna, að hægt sé að gleypa þær till. lítt meltar, þó að þær komi fram á slíkum fundi. Ég hygg, að hæstv. Alþ., og ekki síst hv. 7. þm. Reykv., sé algerlega á því máli, að ekki megi koma til þess, að fjárl. verði afgr. þannig, að tekjuhalli verði á næsta ári, og sannleikurinn er sá, eins og hv. þm. veit, að hvorki ég né ríkisstj. hafa treyst sér til þess að gera neitt varðandi aðaltill. bæjarstjóranna, að hálfur söluskatturinn renni til bæjarfélaganna, fyrr en það lægi fyrir, hvernig afkoma ríkissjóðs yrði á árinu í sambandi við það, hvers mætti vænta um afkomu ríkissjóðs á næsta ári með þeim sömu tekjustofnum sem nú er byggt á. Hæstv. fjmrh. hefur nú lýst viðhorfinu eins og það horfir við frá hans sjónarhól nú eftir uppgjör síðasta mánaðar, og það virtist samkvæmt því vera ljóst, að það er komið á yztu nöf um það að hlaða á fjárlfrv., sem þingið er nú með til meðferðar, þannig að ég hygg, að engum detti í hug eftir þær upplýsingar, sem nú liggja fyrir og verða enn ljósari næstu daga, að það sé hægt að taka af tekjustofnum ríkissjóðs nema jafnframt að fella niður einhverja stóra hluti af gjaldabálknum. Hefur ríkisstj. og fjvn., sem um þetta mál hafa mikið fjallað, ekki komið auga á, að hægt sé að bæta stórum upphæðum á fjárl., til þess að hægt sé að veita sveitarfélögunum einhverjar tekjur af þeim tekjustofnum, sem ríkið hefur nú. Ég skil vel aðstöðu hv. 7. þm. Reykv. sem umboðsmanns fyrir bæjarfélögin og þann fund, sem haldinn var í haust, að hann telji sér skylt að gera það, sem hann getur, til þess að koma fram þeim málum, sem þar voru efst á baugi. En hvað sem öðru líður, þá er það fyrst og fremst skylda Alþ. að sjá hag ríkissjóðs borgið. Þetta er meginkjarni málsins, en ekki það, að ég viti ekki vel, að einhverra aðgerða sé þörf í þessu máli, ef unnt er.

Ég tel það ekki rétt, að ekki hafi neitt verið gert, sem bæjarstjórafundurinn benti á í þessu sambandi. Mig minnti, að það væri till. frá honum, að tekin væru til gagngerðrar meðferðar skattalögin, bæði bæjar og ríkis, og það ætti að endurskoða og leggja till. um þetta fyrir Alþ. Ríkisstj. hefur orðið sammála um það, án þess að sú till. kæmi fram, að þessa leið ætti að fara, að taka þetta til endurskoðunar og hraða þeirri endurskoðun eftir því, sem unnt er, og væntanlega verður sú till. afgr. áður en þessu þingi lýkur, enda er þetta sjálfsagður hlutur í þessu máli, að þegar það sýnir sig, eins og nú er, að erfiðleikar steðja að, þá verður að taka slíka hluti til endurskoðunar og finna lausn á því máli.

Hv. 7. þm. Reykv. nefndi í þessu tilliti fasteignamatið og það frv., sem liggur fyrir frá hæstv. fjmrh. um endurskoðun á því og um, að skatturinn falli til sveitarfélaganna. Ég álít það út af fyrir sig rétt, að fasteignaskatturinn fari til sveitarfélaganna, og munum við í sam-

bandi við þá endurskoðun, sem fer fram á næstunni, geta hugsað okkur að sveitar- og bæjarfélögin fái þann tekjustofn, sem fasteignaskatturinn er núna, og gæti ég vel hugsað mér til bráðabirgða, þangað til fasteignamatinu er lokið, svipaða aðferð eins og þegar stóreignaskatturinn var lagður á. Það mætti margfalda skattmatið og gefa svo sveitarfélögunum heimild til þess að einhverju vissu marki að skattleggja fasteignir og skapa sér þannig tekjustofn. Það er mín sannfæring, að það sé bezt farið með fasteignaeigendur í þessu landi af öllum, sem einhverjar eignir eiga. Þeir þurfa að greiða miklu minna af sínum fasteignum en þeir, sem eiga peninga, auk þess sem fasteignaeigendur sleppa alltaf, þótt röskun sé á peningagildinu, gengisfelling eða annað slíkt. Þess vegna álít ég, að það væri mjög sanngjarnt að öllu leyti, þótt hækkaður væri allverulega skattur af fasteignum. Ég álít hægt að gera þetta, ef vilji er fyrir hendi, til bráðabirgða á þann hátt, sem ég nefndi, með því er hægt að skapa sveitarfélögunum tekjustofna, auðvitað tekjustofna, sem teknir eru hjá þeim sjálfum, en það er varla hægt að taka tekjustofnana öðruvísi. Ég álít nauðsynlegt að leiðrétta fasteignamatið verulega sem allra fyrst og einmitt þannig, að það verði nokkurs konar tekjustofn. Það er eftirtektarvert, að sums staðar í nágrannalöndunum taka þeir allt að helming allra útgjalda fyrir sveitarfélögin með fasteignaskatti, t. d. á Norðurlöndum og víðar, og það er áreiðanlega ekki gert til þess að níðast á þeim, sem eru þar fasteignaeigendur, heldur af því að það er réttlátt vegna þeirra aðstöðu.

Ég lít þannig á, að það sé ekki alveg rétt, þegar hv. 7. þm. Reykv. heldur því fram, að ríkisstj. hafi nú verið að leggja nýjar, miklar álögur á sveitarfélögin, t. d. með frv. um almannatryggingar, sem nú liggur fyrir Ed. Þar er í rauninni bara um breytta innheimtu að ræða, nánar sagt er verið að færa innheimtu iðgjaldanna sem allra næst vísitölu þess árs, sem þau eru innheimt. Þegar jafnmiklar breyt. eru á vísitölunni eins og nú, þá kemur þarna mikil breyting á eftir því, hvort innheimt er eftir meðalvísitölu næsta árs á undan eða það er fært fram á gjaldárið, eins og gert er með þessari till. En ef lítil eða engin breyt. verður á vísitölu, þá hverfur þetta um leið, þetta hefur þá enga breyt. í för með sér. Það er ekki reynt að breyta hlutfallinu milli þess, sem ríkið greiðir og einstaklingar og bæjarfélögin greiða, og ég veit ekki, hvað hv. 7. þm. Reykv. hefði viljað gera í þessu sambandi. Hér er ekki um annað að ræða en það að breyta tryggingalöggjöfinni þannig, að þeir tryggðu bæru minna úr býtum, ef ekki væri reynt að haga innheimtunni þannig, að hún gæti verið í samræmi við þau gjöld, sem tryggingarnar ættu að greiða. Það er aðeins þetta, sem verið er að reyna með þessu.

Ég fyrir mitt leyti vil því halda því fram, að hér sé ekki um neitt ámælisvert að ræða, hvorki hjá mér sem félmrh. né ríkisstj., þó að ekki hafi komið fram till. nú á þessu þingi um sérstakar tekjur fyrir sveitarfélögin. Það er yfirleitt ekki hægt að koma með slíkar till. á Alþ., meðan það stendur yfir, slíkt verður að undirbúa. Ef Alþ. ætlar að afgr. till. um það, þá verður að skipa mþn. í það mál; það er rétta leiðin í málinu, en það væri ekki fyrr en það sýndi sig, að búast mætti við, að söluskatturinn næsta ár og tekjur ríkissjóðs yrðu það miklar, að nokkurn veginn væri alveg víst fyrir fram, að um mjög verulegan tekjuafgang yrði að ræða, sem neitt vit væri að fara að tala um að taka hluta af söluskattinum handa bæjarfélögunum. Þess vegna hefur ríkisstj. tekið þá einu aðferð, sem rétt er í þessu máli, það er að bíða fram undir áramót til að sjá, hvað gerist í því máli. Liggi það fyrir, að afkoman verði trygg hjá ríkissjóði, er ekki útilokað, að það verði veitt nokkuð í þessu skyni, auk þess sem ég tel eðlilegt, að það komi allt sem einn tekjustofn, en verði ekki farið að krukka í það nú. Það verður þá að finna einhverjar aðgerðir til að bæta úr brýnustu þörfum sveitarfélaganna. Ég skal geta þess, að þótt ég bendi á einstök atriði í þessu sambandi, þá vil ég reyna að vinna að því, eftir því sem mögulegt er, að hægt sé að einhverju leyti að koma þarna á móti hvað einstök atriði snertir, þó að ekki sé hægt að veita sveitarfélögunum beina tekjustofna frá ríkinu á næsta ári.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 41. fundi í Nd., 11. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 347,1 (ný 1. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
— 347,2 (2 nýjar gr., verða 2.—3. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
— 383 (4 nýjar gr., verða 4.—7. gr.) samþ. með 16:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MJ, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, EOl, EmJ, GTh, GÞG, JóhH, JÁ, JR, KS, LJós, SÁ, SG, SB.

nei: StgrSt, AE, ÁB, EystJ, GG, HÁ, HelgJ, IngJ, JG, JS, JörB, PÞ, PO, SkG.

5 þm. (GÍG, BÓ, FJ, JPálm, ÓTh) fjarstaddir.

7 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Magnús Jónsson: Ég geri ráð fyrir, eins og fjárl. liggja fyrir, að það geti orðið erfitt fyrir ríkissjóð að missa nokkuð af tekjum sínum. En þar sem ég tel nauðsyn til bera, að einhverjar virkar ráðstafanir verði gerðar til þess að létta undir með bæjarfélögunum, þá segi ég já.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Ég vil leyfa mér að taka það fram, að samkvæmt því, sem ég bezt veit um afgreiðslu fjárl. og möguleika til að samþ. þau þannig, að afgreiðslan verði nokkurn veginn örugg, þá sé ég mér alls ekki fært að taka við till. eins og þessari og segi því nei.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Eins og ég hef tilkynnt meðráðherrum mínum, mun ég ekki taka við fjárl. og mun segja af mér, ef brtt. verður samþ. og frv. ekki leiðrétt aftur. Ég segi því nei.

Gunnar Thoroddsen: Eins og fram kom í umr. um þetta mál, hefur hæstv. ríkisstj. sýnt tómlæti í því að reyna að greiða úr erfiðleikum, sem bæjar- og sveitarfélögin eiga við að etja. Þess vegna er óhjákvæmilegt í sambandi við framlengingu þessa skatts, að einhverjar ráðstafanir verði gerðar til þess að bæta þar úr. Enn fremur er ekki úr því skorið við 3. umr. fjárl., hvort unnt er að afgr. þau án greiðsluhalla, en ég tel sjálfsagt, að svo verði gert. Að því leyti má segja, að yfirlýsing hæstv. fjmrh. sé nokkuð einkennileg, þar sem afgreiðslu málsins í fjvn. er ekki lokið og 3. umr. eftir. Ég segi því já.

Jóhann Hafstein: Ég hef skrifað undir nál. meiri hl. fjhn. á þskj. 343, þar sem lagt er til, að frv. verði samþ. með breyt., sem meiri hl. n. flytur á þskj. 347. Um efni brtt. á þskj. 383, sem segja má að sé annað mál, sem flutt er inn í þetta mál, enda flutt í sérstöku frv. í Ed., hef ég óskað eftir að ræða við nm. og hæstv. fjmrh. Þær umræður hafa ekki farið fram, og tel ég mig því óbundinn um afstöðu til þessara brtt. og segi já.

Pétur Ottesen: Í samkomulagi, sem á sínum tíma varð um samstarf þeirra stjórnmálaflokka, sem nú standa að ríkisstj., var það eitt atriðið að afgr. hallalaus fjárl., og að afgreiðslu fjárl. á síðasta Alþ. var unnið með það fyrir augum, og allt til þessa hafa Alþ. og fjvn. unnið að afgreiðslu fjárlaga út frá þessu sama sjónarmiði. En eins og málin standa nú sé ég ekki, að hægt sé að framfylgja þessu, ef skertar verða tekjur ríkissjóðs. Þess vegna segi ég nei við þessari till.

Skúli Guðmundsson: Í nál. um þetta mál frá meiri hl. fjhn. á þskj. 343 hafa 3 af nm. mælt með frv. þessu með breyt., sem meiri hl. flytur till. um á sérstöku þskj. og nú hefur verið samþ. Mér þykir því einkennilegt, að einstakir menn í meiri hl. skuli nú greiða atkv. með öðrum brtt., sem gerbreyta efni frv. Ég segi nei við þessari brtt.

2. gr. (verður 8. gr.) samþ. með 19:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JPálm, JS, JR, KS, ÓTh, PO, SÁ, SkG, MJ, StgrSt, AE, ÁÁ, EystJ, GG, GTh, HelgJ, IngJ, JóhH, SB.

nei: EOl.

JÁ, JörB, LJós, PÞ, SG, ÁkJ, ÁB, ÁS, EmJ, GÞG, HÁ, JG greiddu ekki atkv.

3 þm. (GÍG, BÓ, FJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14:7 atkv.

Á 49. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 402, 494).

Brtt. 494 of seint fram komin. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég boðaði við 2. umr. þessa máls, að svo framarlega sem d. færi ekki eftir mínum till. um að fella söluskattinn, þá mundi ég reyna að fá fram nokkra lagfæringu á þessu. Ég ber fram brtt. á þskj. 494, það er að vísu ekki búið að útbýta þeim enn þá, en ég vona, að það verði gert fljótlega. — 1. brtt. er við 1. gr.: „Í stað orðanna „2. og 3. gr.“ komi: 2.—5. gr.“ — 2. brtt. er um nýja gr. á eftir 3. gr.: „Við A-lið 23. gr. l. nr. 100/1948 bætist: svo og allar íslenzkar iðnaðarvörur.“ M. ö. o., eins og landbúnaðarvörur eru undanþegnar söluskatti og allar *brýnustu* vörur *sjávarútvegsins*, þá skulu íslenzkar iðnaðarvörur líka undanþegnar söluskatti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta. Þinginu hafa borizt margar óskir um þetta frá almennum samtökum verkafólks og iðnrekenda. Þetta er ekki óeðlileg krafa, því að söluskatturinn hefur ekki lent eins þungt á neinni atvinnugrein og iðnaðinum. Söluskatturinn er innheimtur tvisvar til þrisvar af þessum vörum. Þó að þetta verði samþ. eins og ég legg til, lendir erlent hráefni til iðnaðar í söluskattinum. Það eru aðeins vörurnar, eins og þær eru seldar frá verksmiðjunni, sem eru undanþegnar honum. Ég vil vekja eftirtekt á því, og ég býst við, að það færi heim sanninn um það, hvernig íslenzkur iðnaður er staddur nú, að það mun láta nærri, að við iðnaðinn hér í Reykjavík starfi ekki eftir nýár nema ⅓ hluti þess iðnverkafólks, sem fyrir einu ári starfaði við hann, og virðist iðnaðurinn þokast að hruni. Ég viðurkenni, að það er fleira en söluskatturinn, sem kemur hér til greina. Það er lánsfjárkreppan og innanríkispólitíkin, sú stefna stj. að láta stóriðnaðinn njóta sérréttinda og drepa með því smáiðnað landsins. Það er því raunverulega það minnsta, sem hægt er að gera fyrir þennan iðnað, að koma því til leiðar, að söluskattur sé ekki innheimtur 2—3 sinnum oftar af honum en af öðrum afurðum. Hann mundi lenda á hráefninu, en iðnaðurinn væri undanþeginn söluskatti á framleiðsluvörum sínum. Nú liggja *þær upplýsingar hér fyrir, að í milli 10 og 20* atvinnufyrirtækjum, þar sem unnu um 470 manns árið 1950, verði ekki eftir nema um 70 manns eftir nýár. Ég veit, að nú er verið að segja upp um 60 iðnverkamönnum, sem ekki eru taldir með í þessum upplýsingum. Þessar upplýsingar hafa verið lagðar fyrir formenn þingfl. af fulltrúum iðnaðarmanna, og býst ég við, að þær verði lagðar fyrir iðnn. beggja deilda. Ástandið verður því verra eftir nýár. Nú er svo komið, að sum fyrirtækin reyna að tóra svolítið enn þá til að vita, hvort jólasalan hjálpar þeim ekki eitthvað. Samþykkt þessarar till. er bæði sjálfsögð og eðlileg, þegar tillit er tekið til þess neyðarástands, sem ríkir í þessum atvinnuvegi.

3. brtt. á þskj. 494 er um það, að ný gr. komi í frv., umorðun á 24. gr. l. nr. 100 frá 1948, sem breytt var með 3. gr. l. nr. 112 frá 1950. Þetta eru ákvæði um hina harkalegu innheimtu söluskattsins, sem nú hefur verið beitt í eitt ár. *Ég man eftir því, að ég talaði á móti þessari* gr. og greiddi atkv. á móti henni. Ég áleit, að það mundi sýna sig, að þessi aðferð yrði of harðvítug gagnvart almenningi. Það, sem ég legg til, er, að 24. gr. verði orðuð nákvæmlega

eins og hún er í l. frá 1948, nema ártölum verði breytt. M. ö. o., að í staðinn fyrir þessa harkalegu innheimtuaðferð, sem samþ. var á síðasta þingi, komi sú aðferð, sem samþ. var með l. frá 1948. Það er vítaverð aðferð að innheimta söluskattinn með því að loka þeim atvinnufyrirtækjum, sem ekki geta greitt hann. Það hefur komið fyrir, að þessari aðferð hefur verið beitt svo harkalega, að atvinnufyrirtækin hafa verið innsigluð á meðan fólkið var við vinnu. Það hefur komið fyrir, þótt eigendurnir ættu fé til að greiða skattinn með. Nú er svo komið, að menn leita í vaxandi mæli til þeirra okurstofnana, sem þrífast í skjóli lánsfjárbannsins og þeirrar innheimtuaðferðar, sem ríkisstj. beitir við innheimtu söluskattsins. Það er gengið svo hart í að innheimta söluskattinn, að aðrar innheimtur, bæði skattar og útsvör, verða að þoka til hliðar. Með breyt. á l., sem gerð var 1950, er ríkisstj. að gefa fordæmi um alla aðra skattheimtu í landinu. Það sýndi sig á síðasta ári, að ríkisstj. innheimti mestallan söluskattinn án þess að hafa þörf fyrir hann. Með þessu hefur hún tekið úr umferð hjá atvinnufyrirtækjum brýnasta nauðsynjafé og látið liggja svo að segja ónotað í ríkissjóði og safnað sjóðum, á meðan fjölda atvinnufyrirtækja vantar þetta fé. Ég álít, að þessi aðferð geti ekki gengið. Ég veit dæmi um menn, sem áttu dýrmætar vélar á verkstæði hér í Reykjavík, sem þeir skulduðu lítils háttar í og þurftu að nota við sína iðn og sérstaklega við framleiðslu til jólasölunnar. Þær voru innsiglaðar, og var þá ekki hægt að nota þær, svo að þær voru teknar og seldar við afsláttarverði. Ef vélarnar hafa kostað 50—60 þús. kr. og þeir verið búnir að borga 50 þús. kr., gátu þeir ekki fengið lán, og þá var gengið svo harkalega að þeim, að allt var innsiglað og boðið upp. Með þessu er verið að ræna menn eignum sínum, og þannig er farið að nú eins og þessir menn þurftu að horfast í augu við.

Ég býst ekki við, að það hafi mikil áhrif á hv. þm., þó að ég lýsi ástandinu eins og það er nú hér í Reykjavík. Menn fá ekki að vera í friði með atvinnu sína, svo að þeir fá ekki peninga til að framfleyta fjölskyldu sinni, og fer þá svo, að fullorðnir og ungbörn verða að svelta. Það hefur ekki mikla þýðingu að rekja þetta, en hitt geta hv. þm. skilið, að það er nauðsynlegt að hafa bjargálna millistétt. Nú er verið að féfletta þessa millistétt á þann hátt, að eignir hennar eru teknar upp í söluskatt og útsvar. Söluskatturinn rekur mest á eftir, vegna þess að innheimta hans er harðvítugust af öllu.

Ég álít, að sú ríkisstj., sem stærir sig af því að vera betri og mildari en ríkisstj. 1948, sem kom söluskattinum á, ætti að geta sætt sig við sömu innheimtuaðferð. Ég held, að ríkisstj. ætti að geta gengið inn á, að innheimta söluskattsins sé eins og öll önnur skattheimta í þjóðfélaginu. Þess vegna legg ég til, að innheimtuaðferðin verði aftur færð í sama horf og hún áður var.

Að öðru leyti ætla ég ekki að orðlengja um þetta frv. Ég var við 1. umr. búinn að láta í ljós álit mitt á því og hef engu við það að bæta, en þessar brtt. eru aðeins til að sníða mestu vankantana af því.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég vil ákveðið mótmæla því, að brtt. um að fella niður söluskatt af iðnaðarvörum nái fram að ganga. Þetta mundi skerða tekjur ríkissjóðs að verulegu leyti. Frá öndverðu hefur söluskatturinn verið lagður á iðnaðinn, og er því ekki fyrirhugað að leggja hann öðruvísi á á næsta ári.

Varðandi það, sem hv. þm. sagði, að fyrirtækin ættu örðugt uppdráttar vegna innheimtu söluskattsins, vil ég taka það fram, að í þessu tilfelli er söluskatturinn aukaatriði. Það, sem hér um ræðir, eru skóvinnustofur, og af þeim vörum, sem keyptar eru inn til þessarar framleiðslu, eru 70—80% fyrir utan söluskattinn. Tollarnir eru svo stórkostlegir, að söluskatturinn er alveg aukaatriði, og eru því önnur öfl að verki hér en hann.

Varðandi till. um breyt. á innheimtu söluskattsins er það að segja, að eftir því sem hv. 2. þm. Reykv. talaði, virðist honum eðlilegt, að fyrirtækin innheimti söluskattinn frá almenningi og taki hann til sín sem tekjur ríkissjóðs og hafi hann í sinni veltu, en skili honum ekki til ríkissjóðs. Ef þessari innheimtuaðferð yrði breytt, þá mundu skilamenn skila skattinum strax, en aðrir ekki og mundu þá lenda í vanskilum, sem þeir gætu ekki losnað úr, vegna þess að þeir hafa ekki skilað skattinum. Ég held, að margir hafi hreint ekkert haft á móti því, að þessi aðferð var tekin upp, og að þeir telji það ekki í þágu þessara atvinnustétta, að sá háttur verði upp tekinn, sem hv. 2. þm. Reykv. stingur upp á, að ginna menn út í þá freistingu að halda peningunum hjá sér og eiga á hættu að geta ekki skilað þeim síðar. En fyrir þeirri freistingu mundu margir falla.

Frsm. 1. minni hl. (Einar Olgeirsson): Viðvíkjandi aths. hæstv. fjmrh. um söluskatt á íslenzkar iðnaðarvörur vil ég minna á, að það liggja fyrir þinginu eindregin tilmæli, ekki aðeins frá samtökum iðnrekenda og iðnverkafólki, heldur fjölmörgum öðrum samtökum, um að létta þessum söluskatti af. Ég hafði í minu nál. fyrir 2. umr. prentað nokkur sýnishorn af slíkum áskorunum, þar sem er sérstaklega tekið fram um iðnaðarvörur, þannig að engum efa er bundið, að þó að afléttíng söluskattsins gæti ekki bjargað sumum af þeim fyrirtækjum, sem er verið að loka eða búið er að loka, mundi afléttíng þessa skatts hjálpa iðnaðinum nokkuð. Það er alveg rétt, að það er ekki fyrst og fremst söluskatturinn, sem er að sliga nú, það er líka um að ræða afleiðingar af stefnu, sem tekin var. En að létta söluskattinum af, þegar maður veit, að ekki fæst breyt. viðvíkjandi sjálfu lánsfénu né heldur stefnu í innflutningsmálum, mundi vera ofur lítill vottur þess, að menn vildu eitthvað hjálpa innlenda iðnaðinum.

Viðvíkjandi innheimtu söluskattsins og því, sem hæstv. ráðh. sagði um það mál, vil ég taka það fram, að það er að vísu svo, að allir þeir tollar, sem innheimtir eru, greiðast af þeim mönnum, sem taka að sér að innheimta þá, um

leið og þeir fá vöruna inn. Og það er gífurlega mikið, sem er lagt á þá atvinnurekendur og þá, sem verzlun reka, með því að skylda þá til að greiða allan þann hluta út, sem ríkið tekur til sín, — að snara út öllum tollum, sem ríkið leggur á, í annarri eins lánsfjárkreppu og nú. Og sannleikurinn er, að þegar ríkið felur þessum atvinnurekendum ýmsum og viðskiptastofnunum ýmsum, verzlunarfélögum og verzlunum, þessa innheimtu á tollum, væri ekkert óeðlilegt, þó að ríkið hugsaði betur um lánsfjárþörf þessara aðila en nú er gert. Ég álít þess vegna ekki ósanngjarnt, þó að þessar stofnanir, sem innheimta fyrir ríkið svo mikið fé, hafi eitthvað af því í veltu um tíma, þegar þeir verða að snara megninu af því út, áður en það kemur raunverulega í veltuna. Það mun vera svo, að ýmsir erfiðleikar eru nú orðnir á að greiða þetta, og er svo um fjöldann allan af útsvörum og sköttum. Ég veit ekki betur en ríki og bæjarfélög feli ýmsum fyrirtækjum að innheimta tekjuskatt og útsvar, t. d. atvinnufyrirtækjum af verkamönnum, og þeir hafa það ákveðinn tíma í sinni veltu, þannig að söluskatturinn er ekki undantekning. En ríkisstj., sem bannar svo að segja bönkunum að lána þessum verzlunum og atvinnurekendum til rekstrar síns nauðsynlegt lánsfé, ætti bara ekki að vera svo aðgangshörð, a. m. k. þegar hún stendur eins vel að vígi og nú með innheimtu söluskattsins, að hún gangi að mönnum og setji þá á hausinn. Ég held þess vegna, að þessi till. mín styðjist við fulla sanngirni og að hæstv. ríkisstj. geti eins unað við þá innheimtuaðferð, sem ákveðin var 1948 og beitt næstu árin þar á eftir, enda þótt viss óþægindi séu fyrir ríkissjóð, eins og að beita þeirri aðferð, sem nú tíðkast, sem eyðileggur eignir og rekstur manna, sérstaklega þeirra tiltölulega fátæku og lánsfjárlitlu smáatvinnurekenda. Ég skil vel, að stórríkir atvinnurekendur og þau fyrirtæki landsins, sem hafa sérréttindi gagnvart bönkunum, kvarti ekki undan þessu. Það er ekki erfitt fyrir slíka aðila, og þeim stendur líka oft á sama, þótt þeir smærri séu drepnir. En ég álít, að ríkið eigi ekki að innheimta með sams konar aðferðum og dönsku yfirvöldin gerðu harðvítugast, sem létu greipar sópa um eignir bænda. Ég álít, að frekar mætti horfa upp á það, að ríkissjóður tapaði einhverju.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Það er satt að segja dálítið skoplegt að heyra hv. 2. þm. Reykv. halda langar ræður um það, hvað illa sé farið með kaupmannavaldið í landinu. Hann hefur ekki hingað til staðið í fylkingarbrjósti til að verja kaupmennina, hvorki í einu né öðru, að því er mér er kunnugt.

Hv. þm. virðist gera lítinn mun á því, hvort um er að ræða skatta eða innheimtufé. Ég held mér sé óhætt að segja, að þar sem söluskattur er ákveðinn, sé litið allt öðrum augum á að innheimta hann en annan skatt, sem er eðlilegt, því að hér er um beina innheimtu að ræða fyrir ríkissjóð, sem menn eiga að standa skil á. Hitt viðurkenni ég fyllilega, að þegar hart er í ári eins og nú, kemur óþægilega við marga að þurfa að greiða út þetta fé skömmu eftir að þeir hafa tekið það inn, af þeirri einföldu ástæðu, að þeir hafa freistazt til að taka það í reksturinn. Annars hefur hv. þm. ekki lagt þessa till. fram hér til þess að hjálpa þessum mönnum, sem hann er að lýsa hér, hvað eigi í miklum erfiðleikum, heldur til þess að tefja málið hér á þingi. Og ég vil því eindregið leggja til, að hans brtt. verði felld og að frv. eins og það liggur fyrir geti gengið óbreytt til Ed.

Frsm. 1. minni hl. (Einar Olgeirsson): Það kemur satt að segja úr hörðustu átt frá hæstv. ríkisstj. að heyra, að hér sé verið að tefja málið. Ég vil láta hæstv. viðskmrh. vita, að hefði ég ætlað að tefja málið, þá var enginn vandi að tefja það í allan dag og nótt. Hæstv. ríkisstj. virðist alls ekki gera sér ljóst, að þegar mál sem þetta á ekki að fá umr. nema einn klukkutíma, þá er það bara af kurteisi við hæstv. ríkisstj., að það er hægt, og ætti hún að þakka fyrir og sízt af öllu láta sér til hugar koma að viðhafa svona ummæli.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. viðskmrh. sagði, að ekki væri vani, að ég verði kaupmannavaldið, vil ég segja þetta: Það er nú kannske sitt hvað, smáar verzlanir og smá atvinnufyrirtæki hér í Reykjavík og annars staðar á landinu eða stórfyrirtæki eins og hæstv. viðskmrh. á og stjórnar. Ég býst við, að bæði smærri kaupmenn og smærri atvinnurekendur þurfi fyllilega á því að halda, að þeirra hlutur sé varinn betur á Alþ. En þeir hafa alls ekki átt hauk í horni þar, sem hæstv. viðskmrh. er, vegna þess að hann hefur þá stóru á þessu sviði í huga meir en þá smærri. Og það er dálítið hart af honum að standa upp og vera á móti mannúðlegri innheimtuaðferð á þessum rangláta skatti. Hann er með annarri hendinni að skrifa bréf til bankanna til þess að leggja fyrir þá að veita ekki lán til smærri atvinnurekenda og smærri kaupmanna til þess að gefa þeim stóru nægilega góða möguleika til þess að féfletta þá og gleypa þá, eins og nú er verið að gera. Það er ákaflega hentug féflettingaraðferð að loka bönkunum fyrir smærri atvinnurekendum og smærri kaupmönnum, svo að ég tali ekki um, hvernig er farið að því að ná húsunum af þeim, sem hafa eignazt þau. Það þarf ekki annað en lesa Lögbirtingablaðið undanfarið. Hverjir kaupa húsin upp, þegar dýrmætar eignir eru seldar fyrir slikk, eins og nú er farið að gera? Hverjir nema þeir, sem hafa látið loka bönkunum fyrir öðrum?

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Út af umr. um innheimtuaðferð við söluskattinn, sem tekin var upp í fyrra, vil ég taka það fram, að þegar flutt var till. um það að heimila að loka fyrirtækjum, eins og nú er í l., þá var töluvert hik á mér og fleirum. Það lét ég greinilega koma fram í fjhn. d. þá. Ég átti auk þess nokkrar viðræður við tollstjóra, sem hafði með höndum framkvæmd innheimtunnar. Það var mjög eindregin skoðun hans þá, að hjá því yrði ekki komizt að taka upp þessa innheimtuaðferð,

m. a. af því, sem bent var einnig á af hæstv. fjmrh., að annars yrði skattur þessi aðeins greiddur á réttum tíma af þeim skilvísu, en þeir miður skilvísu drægju að greiða hann, og vildi við bera, að þeir greiddu hann aldrei, þó að þeir hafi lagt fyrir þessum skatti á vöruna og fengið hann greiddan.

Þá vil ég einnig taka fram, að ég átti í fyrra ásamt viðskmrh. sérstakar viðræður við umboðsmenn smásala og iðnrekenda og annarra kaupsýslumanna um þessa innheimtuaðferð. Til þeirra viðræðna var stofnað vegna efasemda minna um, að rétt væri að hverfa inn á þessa braut. Og ég vil segja hér, að niðurstaða af þeim viðræðum var sú, að innheimtuaðferðinni var breytt. Fyrir mér stendur það hins vegar svo, að framkvæmdar hafi verið miklu fleiri lokanir en tollstjóri vildi vera láta í viðræðum, sem ég átti við hann um þessi mál. Þess vegna kom það atriði til umr. að nýju í fjhn. Var sérstaklega rætt við tollstjóra, sem enn hélt fram sömu skoðun og í fyrra, að þetta væri óhjákvæmileg framkvæmd þessarar löggjafar, ef hún ætti ekki að fara úr reipunum. Vitnaði hann einnig til þess, sem hæstv. fjmrh. hefur gert hér, að umboðsmenn og eigendur þeirra fyrirtækja, sem ættu í hlut, sættu sig ekki illa eftir atvikum við þessa aðferð. Ég býst við, að meint sé með því, að þegar allt kemur til alls, sé þeim ljóst, að viss hætta er við það að láta þetta fé verða fast í fyrirtækinu, svo að menn verði máske óhæfir til að greiða það. Slíkt getur leitt til gjaldþrots.

Þessar viðræður urðu nú til þess, að ég treysti mér í fjhn. ekki til annars en að fylgja því, að þessari aðferð yrði beitt, enda þótt ég væri deigur í fyrstu. En að lokum vil ég segja, að mér er ekki grunlaust um, að framkvæmd þessarar innheimtu sé með þeim hætti, að um of sé hagnýtt þessi aðferð að loka fyrirtækjum. Ég segi ekki, að það sé gert að tilefnislausu. Og ég beini til hæstv. fjmrh. að taka til athugunar þessi ummæli mín, að það er auðvitað til hins verra fyrir þessi mál, ef í einhverjum tilfellum hefur komið fram hneigð til að beita þessari aðferð að tilefnislausu, eða m. ö. o. ef ekki hefur áður til fremstu hlítar verið reynt að ná skattinum með öðru móti. Það tel ég að með engu móti mætti koma til greina.

ATKVGR.

Brtt. 494,1.a felld með 20:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁkJ, ÁS, EOl, JÁ, LJós, SG.

nei: AE, ÁB, BÓ, EystJ, GG, GTh, HÁ, HelgJ, JóhH, JG, JPálm, JS, JR, JörB, KS, PÞ, PO, SÁ, SkG, SB.

9 þm. (MJ, StgrSt, ÁÁ, EmJ, FJ, GÞG, IngJ, ÓTh, GÍG) fjarstaddir.

Brtt. 494,1.b felld með 18:6 atkv.

— 494,2 kom ekki til atkv.

Frv. samþ. með 19:6 atkv. og afgr. til Ed.

Á 47. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 48. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11:2 atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Þetta frv., sem er hingað komið frá hv. Nd., fjallar um framlengingu söluskattsins. Á því var gerð sú breyting í Nd. frá því, sem var þegar það kom frá stj., að nokkur hluti söluskattsins skuli renna til bæjar- og sveitarfélaga. Nú álítur ríkisstj., að ekki sé hægt að afgreiða greiðslulaust fjárlög, nema ríkið haldi tekjustofnunum óbreyttum frá því, sem var s. l. ár. Vil ég því beina því til hv. deildar að fara fram á það, að hún breyti frv. aftur í sama horf og það var lagt fram í af hálfu stj.

Í sambandi við þetta mál vil ég skýra frá því, að stj. hefur gert samkomulag um að leggja til við Alþ., að af greiðsluafgangi þessa árs verði varið nokkru fé til viðbótar þeim 30 millj., sem áður var orðið samkomulag um. Þetta viðbótarsamkomulag er um að leggja til við Alþ. að verja 5 millj. kr. af þessum afgangi til greiðslu á vangoldnu ríkissjóðsframlagi til skólabygginga og 2 millj. til greiðslu vangoldinna framlaga til hafnargerða og lendingarbóta. Auk þess verði ein millj. veitt til veðdeildar Búnaðarbankans sem lán. Þannig er lagt til, að ráðstafað verði 8 millj. til viðbótar við þær 30 millj., sem áður hafði náðst samkomulag um og tilkynnt hafði verið um hér á Alþ. Með þessu er að vísu teflt á tæpasta vaðið, þar sem ráðgert er að verja 38 millj. af 50, sem gizkað er á að afgangurinn nemi, einkum þegar þess er gætt, að komið hefur í ljós, að í desember muni tekjurnar reynast lakari en ráð var fyrir gert. Samt hefur stj. ákveðið að hætta á að gera þetta, vegna þess að nauðsynlegt er að greiða nokkra fúlgu upp í þau vanskil, sem orðið hafa í framkvæmd þessara mála, bæði skóla- og hafnarmála.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég tel mér skylt að þakka þær stórmerkilegu upplýsingar, sem hæstv. fjmrh. gaf, þar sem mér skilst, að ætlunin sé að friða þá stuðningsmenn stj., sem studdu að því, að þær breytingar voru gerðar á frv. í Nd. að taka ¼ hluta söluskattsins til bæjanna, — það eigi að friða þá með því að úthluta 7 millj., 5 millj. vegna skulda við skólabyggingar og 2 millj. vegna hafnarframkvæmda, og svo eigi að setja 1 millj. í veðdeild Búnaðarbankans, svo að hún ein allra lánsstofnana í landinu geti keypt veðdeildarbréf fyrir nafnverð, eða kannske það sé meining ráðh., að hún verði notuð svo lengi sem hún hrekkur til að greiða mismuninn á nafnverðinu? — Það er að sjálfsögðu ekki á mínu færi né Alþfl. að hafa áhrif á það, hvort þessi verzlun innbyrðis á sér stað á stjórnarbúinu, en heldur finnst mér bæirnir og Sjálfstfl. fara halloka. En þetta breytir ekki afstöðu Alþfl. til frv. Fyrir okkur eru þetta ekki nógu gögn til að hverfa frá, að ríkissjóður eigi að láta ¼ söluskattsins renna til sveitarfélaganna, jafnmikið og búið er að segja hér á Alþ. um nauðsyn sveitarfélaganna til að fá fé, ef þessi á að verða endirinn á þeim málum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11:5 atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr., og lagt var fram skrifl. nál. frá meiri hl. fjhn. (sjá þskj. 503). — Afbrigði leyfð og samþ. með 9:4 atkv.

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Ég þarf litlu við það að bæta, sem í nál. meiri hl. fjhn. segir. Við meðferð málsins í hv. Nd. var því ákvæði bætt inn í frv., að ¼ hluti söluskattsins skyldi renna í jöfnunarsjóð sveitarfélaga, og eru nánari reglur um það í 4. gr. frv. Það er nú vitað mál, að sveitarfélögunum veitir ekki af að fá auknar tekjur, en á hitt ber líka að líta, að þetta hafa verið tekjur ríkisins. Ef tekjur og gjöld ríkisins eiga að geta staðizt á og ef nokkur vissa á að vera fyrir því, þá veitir ríkissjóði ekki af þessum tekjum. Þess vegna sér meiri hl. n. sér ekki annað fært en að leggja til, að þessi ákvæði, sem hv. Nd. setti inn í frv., verði látin falla burt. En það hefur hæstv. ríkisstj. og þeir flokkar, sem hana styðja, fullkomlega viðurkennt, að líta þarf til sveitarfélaganna og mæta óskum þeirra og þörfum að nokkru í þessu efni. Vegna þess hefur það samkomulag verið gert, sem frá greinir í nál. Er ekki nokkur vafi á því, að þær ráðstafanir, sem um ræðir í nál., að verja 5 millj. kr. til þess að greiða það, sem kalla má skuldir ríkissjóðs við skólabyggingar, og 2 millj. kr. til þess að greiða upp í það framlag, sem ríkinu ber að leggja fram til hafnargerða, munu hvorar tveggja koma mörgum sveitarfélögum mjög vel. Þarna á meðal eru sveitarfélög, sem eru illa stödd fjárhagslega, meðfram vegna þess, að þau hafa lagt fram bæði til skólabygginga og hafnargerða meira í bráðina en ætlazt er til, að þeirra hlutur verði. Mun það verða töluvert mikið hagræði fyrir mörg af sveitarfélögum landsins að fá þessa upphæð greidda. Ég get fullyrt það, að meiri hl. n. hefði gjarnan óskað að mæta óskum sveitarfélaganna frekar en hér er gert. Þarf ekki að taka það fram, að það er einungis vegna þarfa ríkissjóðs og vegna þess, að ekki er hægt að koma fjárlögum saman öðruvísi en að ríkissjóður haldi sínum tekjum, að þessi lausn á málinu er hér lögð til.
Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meir um þetta mál, það er öllum hv. þm. vel kunnugt.

Forseti (ÞÞ): Borizt hefur nál. um frv. frá hv. minni hl. fjhn., sem ég skal lesa upp: [Sjá þskj. 504].

Frsm. minni hl. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. Það ber nú heldur brátt að um afgreiðslu þessa máls. Það er að minnsta kosti mjög skrýtið, sem fram hefur komið í meðferð þess. Nefndin klofnaði mjög fljótt, og var ekki mikill tími til þess að ræða málið, enda var sýnilega búið að gera það á öðrum vettvangi, og meiri hl. þurfti því ekki neitt að ræða það. Hann var ákveðinn og vildi ekki samþ. frv. óbreytt eins og það kom frá hv. Nd., en er með þeirri breytingu, að niður falli þau ákvæði, sem um það fjalla, að ¼ hluti söluskattsins skuli renna til bæjar- og sveitarfélaga. Ég er hins vegar algerlega andvígur málinu og legg til, að það verði fellt.
Sósfl. hefur frá upphafi verið andvígur þessum skatti, sem er ekki aðeins ranglátastur af öllum ranglátum sköttum, sem nú eru innheimtir, heldur hefur líka valdið þjóðinni böli og þjóðfélagslegu tjóni. Það höfðu ekki allir áttað sig á því, þegar þessi skattur var á lagður fyrst, hversu skaðlegur hann mundi vera og hversu ranglátlega hann mundi koma niður. Þó var sýnt fram á það þá þegar af andstæðingum skattsins. Nú held ég, að flestir séu búnir að átta sig á því, nema kannske hæstv. ríkisstj. og stuðningsmenn hennar á Alþingi, en ég held allir aðrir. Það er sama, hvar haldnir eru fundir, þar sem rætt er um stjórnmál, — alltaf og alls staðar á hverjum slíkum fundi eru samþ. einróma mótmæli, harðorðuð mótmæli, gegn þessum skatti, sem sagt hér um bil alltaf einróma og næstum undantekningarlaust í einu hljóði. Þar virðast þá engir stjórnarstuðningsmenn vera til. Það er ekki ein stétt, sem stendur að öllum þessum mótmælum, heldur næstum allar stéttir í landinu. Það eru hin ólíkustu samtök og stéttir, sem kannske hafa að öðru leyti afar ólíkar skoðanir. Og þessi samtök stétta, sem eru að öðru leyti andstæðar stéttir, samþ. einróma mótmæli gegn þessum skatti. Þjóðin er sem sagt á móti þessum skatti og krefst þess, að hann verði afnuminn. Ég held, að eins og sakir standa sé þjóðin einhuga á móti söluskattinum. En þessi samkunda, sem hér er saman komin í þessum sölum Alþingis, á að vera fulltrúasamkunda þjóðarinnar. Verði þessi skattur samþ., þá er það gert algerlega gegn vilja þeirrar þjóðar, sem hefur falið hv. þm. umboð sitt.
Þegar þessi skattur var lagður á fyrst, þá hét hann „ráðstafanir gegn dýrtíðinni og til þess að tryggja rekstur atvinnuveganna“ og var lagður á í þeim tilgangi, enda hétu lögin: „Lög um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna“. Rökin fyrir því, að skatturinn var lagður á, voru þau, að brýna nauðsyn bæri til þess þá að fá þennan tekjustofn til þess að halda dýrtíðinni í skefjum og til þess að greiða uppbætur á fisk, til þess að framleiðslan gæti haldið fram, til þess að hægt væri að framleiða áfram til útflutnings. Nú eru allar uppbætur á fisk niður felldar, en samt er haldið áfram að innheimta skattinn, en hann er nú ekki orðinn uppbætur á fisk, heldur eins og hver annar almennur tekjustofn ríkisins. Í fyrra fullyrti hæstv. fjmrh., að það væri alveg óumflýjanleg nauðsyn að hafa þennan skatt til þess að tryggja hallalaus fjárlög. Nú hefur reynslan talað. Tekjuafgangurinn reyndist meiri en söluskattinum nemur. Hvaða markmið hefur þá þessi skattur? Í fyrsta lagi hefur hann orðið til þess að stórauka dýrtíðina í landinu, eins og allir vita og að því er fróðir menn telja um allt að 12%. Í öðru lagi hefur hann orðið til þess að drepa niður framleiðslu landsmanna.

Nýlega var hér n. frá fulltrúaráði verkalýðsfélaganna í Reykjavík, sem átti erindi við þm. Reykv. vegna hins mikla atvinnuleysis og beinlínis neyðarástands hjá fjölda fólks hér í bæ. Hún skýrði svo frá, að í Reykjavík væri á annað þúsund atvinnulausra manna. Þessi n. hafði þá sögu að segja, að fólki í 18 iðnfyrirtækjum í Reykjavík hefði fækkað um 86%, þ. e. a. s., að af 481, sem störfuðu í þessum iðnaði við síðustu áramót, hefur 411 verið sagt upp á árinu. Árið 1949 starfaði að iðnaðinum í Reykjavík um 1200 manns; nú um áramót verður það 500—600 manns. Starfandi fólki að iðnaði hér í Reykjavík hefur fækkað um meira en helming. N. rakti fyrir okkur þm. það, sem hún taldi hafa verið orsök þessarar þróunar. Eitt af þeim atriðum, sem hún taldi eiga sök á því, hvernig komið er, var söluskatturinn, og var hún þar öll sammála. Er ekki heldur að undra, þegar þess er gætt, að söluskatturinn er oft lagður margsinnis á sömu vöru og í nokkrum tilfellum, sem snerta iðnaðinn, kemst hann upp í 15—16%. Það segir sig sjálft, hvílík byrði þetta er fyrir innlenda framleiðslu, sem þarf að keppa við erlenda framleiðslu, sem hefur verið flutt inn í ríkum mæli.

Kröfur þær, sem þessi n. gerði til okkar, var beinlínis neyðarkall til þm. Reykv. og annarra þm. um að duga nú til þess að bæta úr þessu ískyggilega ástandi, sem sífellt fer versnandi. Ein höfuðkrafa þessarar n. var, að söluskatturinn yrði afnuminn. Ég veit ekki, hverju þeir hv. þm. stjórnarfl., sem n. talaði við, hafa svarað þessu. En atkvgr. hér mun gefa gildasta og ótvíræðasta svarið.

Þegar söluskatturinn var lagður á, var tilgangurinn með honum að vinna gegn afleiðingum dýrtíðarinnar og tryggja rekstur atvinnutækjanna. Nú er þetta beinlínis skattinnheimta til þess að auka dýrtíðina í landinu og til þess að stöðva rekstur atvinnutækjanna. Auðvitað halda fulltrúar stj. og hæstv. ráðh. því fram nú eins og fyrri daginn, að skattinnheimta þessi sé alveg bráðnauðsynleg fyrir ríkissjóð til þess að tryggja hallalaus fjárlög. Þetta er alveg það sama og hæstv. fjmrh. sagði s. l. ár, er hann taldi, að ríkissjóður kæmist ekki af án þessa skatts. Eftir þá reynslu, sem fengin er, held ég, að við höfum lært að trúa hæstv. ráðh. svolítið varlegar nú en þá. Ég held, að ef vilji er fyrir hendi, þá séu til leiðir til þess að koma saman að minnsta kosti rekstrarhallalausum fjárlögum fyrir næsta ár án þess að innheimta þennan skatt. Sú áætlun gæti staðizt, ef stefnan í efnahagsmálum væri þannig, að hægt væri að nýta til fullnustu framleiðslutækin til útflutnings. Hvað gerist, fer eftir þeirri pólitík, sem ríkir í efnahagsmálum landsins. Það má benda á, að ef söluskatturinn er ekki innheimtur, mun ríkissjóður spara sér mikið fé, svo að tugum millj. kr. næmi. (**Fjmrh.**: Er ekki bezt að afnema allar ríkistekjurnar til þess?) Þetta sjónarmið sem kom fram í athugasemd hæstv. fjmrh., er eina sjónarmiðið, sem til er hjá honum. En hvað sem reikningshlið fjárl. líður, er ekki hægt að finna ranglátari og skaðlegri tekjustofn en þennan. Ég fullyrði, að ekki er hægt að finna ranglátari tekjustofn og skaðlegri fyrir allan fjárhag og atvinnulíf þjóðarinnar. Svo illir sem aðflutningstollarnir eru, var þó miklu betra að hækka þá heldur en halda áfram að innheimta söluskattinn. Ég tel það hættulega stefnu að líta einungis á tölur ríkisreikningsins án þess að láta sig nokkru skipta afkomu þjóðarinnar. Ef skattheimtan er þannig, að menn missa eigur sínar og atvinnufyrirtæki stöðvast, hlýtur svo að fara um síðir, að það kemur niður á ríkissjóði sjálfum. Þegar til lengdar lætur, fer afkoma ríkissjóðs eftir afkomu þjóðarinnar.

En mér virðist af því, sem hér er búið að tala, að fullljóst sé, að skatturinn verði samþ. Þá tel ég mikla bót í máli, ef frv. verður samþ. eins og það kom frá hv. Nd., þ. e. a. s., að ekki verði felldar úr því þær gr., sem kveða svo á, að ¼ af þessum skatti renni til jöfnunarsjóðs sveitarfélaganna. En þessa breytingu gerði hv. Nd. á frv. eins og það kom frá hæstv. ríkisstj., en nú er lagt til af hv. meiri hl. fjhn., að þetta verði fellt niður. Hefur sú yfirlýsing verið gefin af hálfu meiri hl. n., að það sé samkomulag milli stjórnarflokkanna. Það er svona, sem farið er að því að afgreiða mál á Alþingi, og samkomulagið er svona. Hluti Sjálfstfl. hafði ákveðið að afgr. þetta frv. þannig, að sveitarfélögin fengju nokkurn hluta hans. Það hafa komið fleiri frv. um þetta áður, en ekki fengið afgreiðslu. Meðal annars flutti ég frv. um það, að ⅓ af þessum skatti á síðasta ári rynni til bæjar- og sveitarfélaga. Samkomulagið, sem nú hefur verið gert, er þannig, að þessi hluti Sjálfstfl. hefur gengið inn á að falla frá þessu, gefast algerlega upp og falla frá því að láta sveitarfélögin fá nokkurn hluta af þessum skatti gegn því, — og nú kemur það skrýtnasta, — að hæstv. ríkisstj. lofi því á móti, að hún skuli borga 5 millj. kr., sem vangoldnar eru úr ríkissjóði, til skóla og 2 millj. kr. til hafnargerða, þ. e. a. s. borga lítinn hluta af lögboðnum greiðslum til bæjar- og sveitarfélaga, sem enn eru ógreiddar. En hvað er þetta mikið af því öllu saman? Eftir því, sem mér hefur verið tjáð, eru þessi vangoldnu framlög hvorki meira né minna en 20.6 millj. kr. alls, sem greiða á til skóla, hafna og sjúkrahúsa, þ. e. 7 millj. kr. af rúmum 20 millj. kr., sem ríkinu ber að greiða, lofar ríkisstj. að greiða. Þeir þm., sem afstöðu sinnar vegna hafa orðið að taka tillit til krafna bæjarfélaganna, lögðu ríka áherzlu á það að fá þennan ¼ hluta skattsins til bæjar- og sveitarfélaga og fengu það samþ. í Nd. Hæstv. fjmrh. hefur hótað að segja af sér, ef þetta verður látið standa. Ég leyfi mér að veita honum mín beztu kompliment fyrir svo fullkominn sigur. Hann stendur hér með pálmann í höndunum. Sjálfstfl.-menn þeir, sem vildu koma þarna nokkuð til móts við kröfur bæjarfélaganna, hafa verið svínbeygðir. Ég veit raunar ekki, hvort rétt er að nota þetta orð. Eða er þetta kannske bara loddaraleikur? En ef þeim hefur verið nokkur alvara, þá hafa þeir verið svínbeygðir. Og aðferðin, sem notuð hefur verið í þessu máli, er líka æði skrýtin og rétt að gefa henni gaum. Þetta samkomulag milli stjórnarflokkanna mun

ekki hafa verið gert seinna en í dag. Það var að minnsta kosti auðheyrt á umr. í Nd. í dag, að þetta samkomulag var þá þegar fyrir hendi, en um það veit enginn. En hvernig stendur þá á því, að það var látið eins og ekkert væri? Þetta er látið fara í gegnum Nd. eins og ekkert sé um að vera og frv. látið fara hingað óbreytt. Það er alveg augljóst, hvernig í þessu liggur. Þetta var náttúrlega nokkuð þungur kross fyrir þessa vesalinga, sem að þessu standa í hv. Nd. Og þeir hafa beðið um þetta síðast allra orða: „Ó, takið þennan kaleik frá okkur, takið frá okkur þennan kross að þurfa að snúast öndverðir gegn máli, sem við höfum barizt fyrir í deildinni og borið fram til sigurs.“ Og þessi kross, þessi kaleikur, hefur verið frá þeim tekinn. Nú hafa fulltrúar Sjálfstfl. hér í þessari hv. d. tekið á sig þennan kross. Ég veit ekki, hversu þungbær þessi kross er. Það fer eftir því, hve mikil alvara hefur verið í þessu máli frá upphafi. En þessir þm. hafa sem sagt tekið þennan kross á sig. Svo þegar málið kemur aftur til Nd., þá er eftir að vita, hvaða grein þessir hv. þm., sem fengu krossinn af sér tekinn, geta gert fyrir atkvæði sínu. Ætli þeir segi ekki eitthvað á þessa leið: „Það er búið að samþ. þetta í hv. Ed., og hvað getum við þá gert? Það verður að afgreiða þetta fyrir áramót, og við getum því ekki gert annað en að samþ. þetta, fyrst Ed. hefur farið svona með okkur.“ Svona hefur samningurinn verið. — Ég ætla svo ekki að orðlengja þetta frekar, en ég legg til, að frv. þetta verði fellt.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það voru örfá orð út af því, sem hv. frsm. minni hl., hv. 1. landsk., tók fram.

Það er þá fyrst það, að hann sagði, að þetta væri ranglátur skattur, en ég vil minna hv. þm. á, að þegar hann var sjálfur í ríkisstj., þá var farið inn á þá braut að leggja á almennan umsetningarskatt, sem var svipaður þessum skatti. Ég veit, að hægt er að fá samþ. andmæli gegn tollum og sköttum og þá ekki sízt söluskattinum, sem mætt hefur mikilli andúð. En ég vil benda hv. þm. á, að allar nágrannaþjóðir okkar hafa lagt á söluskatt, og bendir það til þess, að ekki verði komizt hjá þessum skatti. Það er ekki hægt að innheimta allar tekjur ríkisins með beinum sköttum og innflutningsgjöldum. Það er einfalt að fá samþ. mótmæli gegn skattinum, og það er sagt, að óþarfi sé að taka söluskattinn í ríkissjóð, en ég er sannfærður um, að þessar samþykktir væru ekki gerðar, ef réttar upplýsingar væru gefnar um nauðsyn hans fyrir ríkissjóð.

Hv. þm. sagði, að í fyrra hefði fjmrh. fullyrt, að nauðsynlegt væri að leggja á söluskatt, en að stjórnarandstaðan hefði verið á móti því. Nú hefði komið í ljós, að fjmrh. hefði haft rangt fyrir sér, en stjórnarandstaðan rétt. Ég vil benda hv. þm. á, að ef söluskatturinn hefði ekki verið lagður á, hefði orðið stórfelldur greiðsluhalli þrátt fyrir óvenjumikinn innflutning og þar af leiðandi auknar tollatekjur. Það var því ekkert vit í því að vera á móti söluskattinum. Ef farið hefði verið að ráðum stjórnarandstöðunnar, hefðu hlotizt af því stórslys og fullkomið öngþveiti.

Hv. þm. sagði, að söluskatturinn hefði óheppileg áhrif á iðnaðinn og gæti komizt upp í 15%. En þetta er alveg út í bláinn, enda er öllum ljóst, að söluskatturinn er algert aukaatriði í sambandi við vandamál iðnaðarins og að það væri engin lausn á þeim, þó að skatturinn væri afnuminn. Það þarf ekki annað en að hafa það í huga, að í fyrra var söluskatturinn jafnhár og nú, en þá voru fyrirtækin rekin með miklum blóma. Það hlýtur því að vera eitthvað annað en söluskatturinn, sem hér kemur til greina.

Viðvíkjandi nauðsyn þess, að skatturinn verði innheimtur á næsta ári, þá geta hv. þm. sjálfir dæmt um það. Á fjárlagafrv. nú eru útgjöldin áætluð 37 millj. kr., en vegna hækkana, sem þarf að gera, verða þau um 380 millj., og þau fara ævinlega eitthvað fram úr áætlun, svo að það er sennilegt, að þau verði um 400 millj. kr. Með hvaða tekjuliðum á að mæta þessum útgjöldum? Það vita allir, að við getum ekki gert ráð fyrir jafnmiklum innflutningi á næsta ári og í ár, er sérstakt framlag fékkst til þess að standa undir birgðasöfnun. Það er því teflt á tæpasta vaðið eins og nú er og þarf allt til, og gæti farið svo, að ríkisbúskapurinn yrði ekki greiðsluhallalaus. Ef framleiðslan verður minni næsta ár en á þessu ári eða eins, er hætta á því, þar sem ekki verður um birgðasöfnun að ræða. Það þarf því betra ár, ef vel á að fara. Mér vitanlega er enginn ágreiningur um það, að málin standa þannig, og þess vegna hefur stj. staðið saman um þetta mál, og þeir, sem vilja breyta frv. í Ed. nú, eru á sömu skoðun. Það er þess vegna út í bláinn, að hér sé verið að leggja fyrir peninga. Og það má minna hv. þm. á, að af tekjuafganginum nú verður 38 millj. kr. ráðstafað til bráðnauðsynlegra framkvæmda.

Svo klykkti hv. þm. út með því, að það væri sparnaður fyrir ríkissjóð að afnema söluskattinn. Með sama rétti mætti segja, að það væri sparnaður að afnema verðtollinn, og ef þessi röksemd væri yfirleitt nokkurs virði, ætti ríkissjóður að afnema allar tekjur sínar til þess að spara sér útgjöld.

Þá er það varðandi þá afgreiðslu málsins, sem hv. meiri hl. n. hefur lagt til. Hv. 1. landsk. sagði, að þetta væri einkennilegt samkomulag, þar sem ríkisstj. féllist á að greiða framlög, sem henni væri skylt að greiða hvort sem væri. Þetta er algerlega út í bláinn talað. Ríkisstj. er ekki skylt að greiða til skóla eða hafnargerða meira en það, sem veitt er til þessara framkvæmda á fjárlögum. Þó að einhverjir leggi fé í skóla og hafnargerðir, þá geta þeir ekki komið með reikningana upp í stjórnarráð. Alþ. ræður því, hvenær ríkið greiðir þessi mótframlög. Hér er fallizt á, að Alþ. veiti aukafjárveitingu til þess að greiða þessi framlög, og verður það gert með sérstökum l. um ráðstöfun tekjuafgangsins. Annars væri það óheimilt.

Þetta vildi ég taka fram, og með þessu falla um sjálf sig öll gífuryrði og hæðiyrði hv. þm.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það voru aðeins nokkur orð í tilefni af ræðu hv. 1. landsk. —

Ég vil geta þess, að í fjvn. kom fram till. um það frá stjórnarandstöðunni að fella söluskattinn alveg niður. Þessi till. var felld, og er það sönnun þess, að stuðningsmenn stj. vildu ekki láta skattinn falla niður. Þá var þess óskað, að stjórnarandstaðan bæri fram till. til lækkunar, sem næmu upphæð söluskattsins. Þær till. voru bornar fram, en samkv. þeim hefði orðið 20 millj. kr. greiðsluhalli á fjárl. Þessar till. þóttu ekki aðgengilegar og voru því felldar, og við afgreiðslu fjárl. í Sþ. voru þær einnig felldar. Það er því ekki um neinn snúning í málinu að ræða. Það er skoðun þm., að ekki sé hægt að afgr. fjárl. án söluskattsins.

Ég vil benda á, að meðan þetta mál var rætt, kom nefnd frá Sambandi íslenzkra sveitarfélaga og óskaði þess, að einhver hluti af tekjunum af söluskattinum yrði afhentur sveitarfélögunum. Ég lýsti því þá yfir, að það kæmi ekki til mála, að neitt af tekjum ríkissjóðs yrði afhent sveitarfélögunum, enda æskilegra, að þau fengju meira af ógreiddum hluta ríkisins til skólabygginga og hafnargerða heldur en hluta af tekjum ríkissjóðs. Ég taldi, að sveitarfélögin mættu vel una við þá lausn á málinu og að ekki væri hægt að afgr. jafnstórt mál og þetta á einu þingi. Þessu var ekki mótmælt, og nefndin fór þannig, að hún gat ekki haft neinar vonir um þetta. Ég hef því ekki snúizt í þessu máli, — þetta hefur alltaf verið mín skoðun, og það er skoðun meiri hl. fjvn. Þetta þykir mér rétt að komi fram.

Ég vil svo víkja að því, sem hv. þm. sagði, að þetta væri ranglátur skattur og að betra væri að innheimta þetta með tollum. Ég vil benda á það, að ef innheimta ætti þessar 77 millj. kr. með tollum, sem lagðir væru á innkaupsverð, þá kæmi þar ofan á meðalálagning, sem ekki mun vera undir 30%. Til þess að ríkissjóður fengi þessa upphæð, yrðu því neytendurnir að greiða til milliliðanna 23.1 millj. kr. í viðbót. Ég tel því, að það mundi vera ranglátara gagnvart neytendum.

Ég tel, að ríkisstj. hafi gert rétt, er hún ákvað að veita þessar 8 millj. kr. til skólabygginga, hafnarmannvirkja og til veðdeildar Búnaðarbankans. Með þessu er bætt úr margri aðkallandi þörf, þó að vandræði bæjar- og sveitarfélaganna séu ekki leyst með því, en þau verður að leysa í sambandi við endurskoðun skattalöggjafarinnar. Ég held því, að n. þurfi ekki að vera óánægð með þessa afgreiðslu. — Þetta þótti mér rétt, að kæmi hér fram.

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Ég þarf sáralítið fram að taka, sökum þess að bæði hæstv. fjmrh. og hv. þm. Barð. hafa svarað ræðu hv. 1. landsk., frsm. minni hl. n. Ég ætla því að spara mér svarið og víkja aðeins að einu atriði í ræðu hv. þm., sem oft heyrist frá honum og hans flokki og raunar fleirum.

Langur kafli í ræðu hv. 1. landsk. var um það, að söluskatturinn væri óvinsæll. Ég efast ekki um það, en það er ekkert sérstakt um söluskattinn. Hvaða skattar eru það, sem ekki eru óvinsælir? Ekki er tekjuskatturinn vinsæll. Ef þetta er hinn rétti mælikvarði að áliti hv. þm., þá hlýtur hann að vera fylgjandi frv. hv. þm. Barð. um að afnema tekju- og eignarskatt. — Hann talaði um, að fólkið krefðist þess, að söluskatturinn væri afnuminn, en samtímis koma líka fram aðrar kröfur um útgjöld úr ríkissjóði. Það er hægt að vera á móti öllum tekjuöflunarleiðum og með öllum útgjöldum, en það er stjórnmálastefna, sem þægilegt er að halda fram, en enginn flokkur getur fylgt í framkvæmd. Og það ætla ég, að austur í Rússíá séu einhverjir skattar og sumir ekki betri en söluskatturinn. Það er ekki óvenjulegt, að sami fundur krefjist alls konar útgjalda fyrir sína sveit, en sé á móti öllum sköttum. Og það má minna hv. þm. á það, að þegar hann var sjálfur í ríkisstj., þá voru líka lagðir á skattar. Ég man ekki betur en að þá væri lagður á skattur, sem var ákaflega líkur söluskattinum. Hann bar ekki sama nafn, en var sama eðlis, og ég man ekki betur en að hv. þm. hafi verið með honum. Það kvað vera skopleikur á ferðinni í Reykjavík, sem heitir: „Þetta er ekki hægt". Ég vildi líka segja í þessu sambandi: þetta er ekki hægt. Ríkissjóður verður að hafa sínar tekjur á móti útgjöldunum. Ef ekki er samræmi milli þessa, er búið að vera með heilbrigðan fjárhag ríkissjóðs og hætt við, að sama verði um atvinnuvegina og einstaklingana.

Það hefur enginn gaman af því að samþ. að leggja skatta á fólk, en það er óhjákvæmilegt, og það er vert að líta á það, að fá þjóðfélög í heiminum munu, að því er ég hygg, taka að sér eins mikla þjónustu fyrir almenning og íslenzka þjóðfélagið gerir. Fólkið fær töluvert í aðra hönd fyrir þá skatta, sem það greiðir, og það mega allir vita, að ef það á að afnema þennan skatt eða aðra skatta yfirleitt, þ. e. að lækka tekjur ríkissjóðs, þá hlýtur eitthvað af því að hverfa, sem ríkið nú leggur fram til almenningsheilla. Og ég efast um, að hv. þm. geti bent á leið til þess að gera hvort tveggja í einu, sem virðist vera stefna hans og hans flokks, að lækka tekjur ríkissjóðs, skatta og tolla, en auka útgjöldin. Þætti mér fróðlegt að sjá hann sem fjmrh. eftir svona tvö ár, ef þeirri stefnu væri framfylgt.

Ég mun svo ekki þreyta umr. um þetta öllu lengur, ég álít þær fremur tilgangslitlar, en gat ekki stillt mig um að benda á þetta.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Hv. þm. Barð. lét svo um mælt í ræðu sinni áðan, að það yrði stórum dýrara, ef söluskatturinn yrði felldur niður og lagður á innflutningstollur í staðinn, að greiða þann toll, því að auk sjálfs tollsins yrði að greiða a. m. k. 30% verzlunarálagningu á tollinn sjálfan, en þessu væri ekki til að dreifa að því er söluskattinn snerti, því að ekki mætti leggja verzlunarálagningu á söluskatt. Ég vil fullyrða, að þessar málsbætur söluskattinum til handa eru nú ekki lengur fyrir hendi. Það er rétt, að þegar söluskatturinn upphaflega var lagður á til þess að greiða uppbót á útfluttan fisk og bæta þannig afkomu útvegsins, þá var þetta ákvæði sett inn í l. En meðan þessi l. voru í gildi, var verðlagseftirlit og hámarksálagning í l. Nú er því ekki til að dreifa

nema í örfáum tilfellum, þannig að ekki er lengur hægt að koma við þessu eftirliti. Þess vegna er nú sama um söluskattinn eins og hverja aðra tolla, innflutningstolla, að þar sem ekki er verðlagseftirlit, er lagt á söluskattinn á sama hátt og aðra tolla, sem eru greiddir af hendi. Má því strika út þennan sparnað, sem leiðir af söluskattinum.

Hæstv. ráðh. sagði í sinni fyrstu ræðu, að allar nálægar þjóðir legðu á söluskatt. Ég er nú ekki kunnugur því, hvort þetta er fyllilega rétt, ég veit, að hann er lagður á í ýmsum nálægum löndum, en veit ekki til, að hjá nokkurri þjóð sé lagður á söluskattur á sama hátt og hjá okkur. Ég held, að söluskattur á brauðvöru sé lagður á þrisvar sinnum, fyrst á innkaupsverð efnisins til Rúgbrauðsgerðarinnar, þar næst þegar Rúgbrauðsgerðin selur vöruna til heildsala og svo loks, þegar heildsalar selja hana út í brauðsölubúðirnar. Ég vil fullyrða, að hvergi annars staðar í heiminum tíðkast önnur eins álagning á slíka vöru sem brauð. — Eins og hv. þm. Barð. er kunnugt, er í Englandi söluskattur á lagður allt niður í 2% og yfir 100% og flokkaður eftir tegund vörunnar, eftir því, hvort um er að ræða þarfavöru, óhófsvöru eða nauðsynjavöru. Í Noregi er söluskatturinn jafnhár á öllum vörum og er þar ekki lagður á nema einu sinni og aðeins í smásölu. Hér getur hann komizt upp yfir 15% með álagningu, þegar skattur er lagður á skatt, sem áður er búið að leggja á, því að það er ekki eingöngu, hversu óeðlilegur söluskatturinn er í heild, heldur er hann einnig lagður hér á með þeim hætti, að það lítur út fyrir, að leitazt sé við að láta hann koma sem allra ranglátast niður, og allar þær hömlur, sem settar voru fyrir því í byrjun, að honum yrði ranglega beitt, hafa gersamlega verið þurrkaðar út. Ég held því, að tilvitnun til annarra þjóða í þessu efni veiti ekki þessu frv. hæstv. ríkisstj. mikinn stuðning.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri gersamlega úr lausu lofti gripið, að söluskatturinn gæti haft nokkur áhrif á starfsmöguleika íslenzkra iðnaðarfyrirtækja, vegna þess, sagði hann, að á fullunninni vöru væri 72% verðtollur og væri einn veigamesti þátturinn í verðinu, en söluskatturinn hefði þar ekkert að segja. — — — Ég er að vísu sammála hæstv. fjmrh. um, að það beri að afgr. greiðsluhallalaus fjárl. Nú hefur reynslan sýnt, að tekjuafgangurinn hefur farið fram úr þeirri áætlun um 15—20 millj. kr., sem hann var áætlaður áður en endurskoðun fór fram í des., en þá var hann áætlaður 10.7 millj. Þegar fjárl. voru undirbúin, reyndi hæstv. ráðh. að fullvissa þm. um, að það yrði aldrei svo mikill tekjuafgangur. Þegar seinustu fjárl. voru til umr., lézt hæstv. ráðh. sannfærður um, að ekki væri nóg til fyrir öllum gjöldum, þó að hann vissi fullvel, að svo væri. Svo á að friða menn með því að úthluta 7 millj. kr. Þetta er gert af þeim flokki, sem jafnan þykist hafa borið mál sveitarfélaganna fyrir brjósti. Með þennan tekjuafgang geta hæstv. ráðh. og ríkisstj. komið og tilkynnt Alþingi, að nú séu allar dyr lokaðar. — Svo fæst loks ráðstafað 7 millj. kr. til sveitarfélaga, þó að alltaf sé verið að tala um það hér á Alþingi, hversu illa þau séu stödd. En þetta breytir ekki afstöðu Alþfl. til þessa frv. Afstaða hans var strax skýrt mörkuð í Nd., og er hún enn sú sama, að okkur finnst að ríkisstj. eigi að láta ¼ hluta þessa skatts renna til sveitarfélaganna, þar sem vitað er, hversu illa þau eru stödd fjárhagslega. — Svo skal ég láta þetta nægja, þó að vissulega væri margt fleira um þessi vinnubrögð að segja.

Frsm. minni hl. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. Ég þarf ekki að taka margt fram í sambandi við ræðu hæstv. fjmrh. Hann sagði, að söluskatturinn hefði verið lagður á, þegar ég átti sæti í ríkisstj. Það var allt annar skattur, og að vísu ekki sambærilegur. Það var veltuskatturinn. Hann var ekki sambærilegur við þann skatt, sem nú er innheimtur og getur orðið 15%.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri gersamlega úr lausu lofti gripið, að söluskatturinn gæti haft nokkur áhrif á starfsmöguleika íslenzkra iðnaðarfyrirtækja. Hæstv. fjmrh. veit það að vísu fullvel, hversu þungur baggi þessi söluskattur hefur verið á þjóðinni, þó að hann tali svo. Hann veit það líka, að framlenging söluskattsins er til þess að draga allan mátt úr þjóðinni og iðnaðinum.

Hæstv. ráðh. segir, að tekjuafgangur hefði enginn orðið, ef söluskatturinn hefði verið afnuminn í fyrra. Þetta er alls ekki rétt hjá hæstv. ráðh. Nú hefur reynslan sýnt, að tekjuafgangur ríkissjóðs mun verða hátt á 2. hundrað millj. kr. á þessu ári, og er það allnokkur tekjuafgangur. Eins og ég sagði, mun tekjuafgangurinn verða hátt á 2. hundrað millj. kr. Söluskatturinn var hins vegar áætlaður 50—60 millj. kr. Tekjuafgangurinn verður því miklu meiri en söluskatturinn var áætlaður eða tekjurnar af honum reyndust. Ég hefði því haldið, að það hafi verið hægt að komast hjá því að leggja þennan bagga á þjóðina í viðbót við alla hina þungu skatta, sem á henni hvíla. — Er það þetta, sem hæstv. ráðh. kallar að spara? Hvað er það, sem hann kallar að spara? Ef til vill það að leggja alltaf sífellt þyngri skatta og álögur á þjóðina. Er það sparnaður fyrir þjóðina að borga 80 millj. kr. í skatt, sem engin þörf er að leggja á? Svo á að friða bæjar- og sveitarfélögin, sem berjast í bökkum, með því að verja 7 millj. kr. til greiðslu á vangoldnum gjöldum. Þessi vangoldnu gjöld eru vegna framkvæmda, sem ríkissjóði ber raunverulega skylda til að styrkja. Það er sennilega þetta, sem hv. 1. þm. Eyf. kallar, að fólkið fái í aðra hönd fyrir þá skatta, sem það verður að greiða.

Þá talaði hv. 1. þm. Eyf. um óvinsældir skatta. Ég ætla ekki að fara að rökræða það, en ég get ekki skilið, að það detti nokkrum í hug að halda því fram, að söluskatturinn sé vinsæll skattur. Það eru allir skattar óvinsælir, og söluskatturinn er þeirra ekki vinsælastur.

Það er nú vitað af öllum, að tollarnir samtals eru nú orðnir 8 þús. kr. að jafnaði á hverja 5 manna fjölskyldu í landinu, ef jafnað er niður. Og hvernig er svo afkoma þeirra þegna,

sem eiga að greiða þessa geysilega háu skatta, sem að mestu leyti eru nefskattar, sem koma jafnt niður á alla, og þó að það séu þegnar, sem hafa þung heimili? Nú er ástandið þannig hér í Reykjavík, og það er langt frá því, að það sé eitthvað sérstakt, að ef atvinnan brestur, þá beinlínis sveltur fólkið. Hér á Alþingi — í hv. Nd. — hefur verið sagt frá einu dæmi um, að hringt hafi verið til lögreglunnar frá einu heimili og hún beðin um að taka börnin og flytja þau á spítala, vegna þess að þau liðu af hungri. Þetta dæmi er samtvinnað þessum þungu skattaálögum. En það kemur einnig dálítið málinu við, hvernig ástandið er í atvinnulífinu í landinu, þegar lagðir eru á skattar og tollar. Það kemur málinu við, hvort atvinnutækin ganga með hálfri afkomu eða fullri. Og eftir því fer einnig, hvernig hagur ríkissjóðs er og hvað þarf að leggja á háa skatta. Þetta er ekki bara mál ríkisreikninganna, heldur mál, sem snertir efnahagsafkomu þjóðarinnar. Þegar tekjur af tekjuskattinum minnka vegna vaxandi fátæktar almennings, og þegar tollar minnka vegna þess, að kaupgeta manna minnkar, þá er ráðið hjá hæstv. fjmrh., að hann bara hækkar skattana og tollana á almenning, — aðeins eitt ráð. Þegar tekjurnar minnka vegna vaxandi fátæktar, þá er bara að hækka skatta og tolla, — allt í lagi, að það geti bara verið færður hallalaus rekstur á ríkisreikningunum. Þetta hefur svo aftur á móti í för með sér enn meiri tekjurýrnun og minni kaupgetu. Og þá þarf aftur að hækka skatta og tolla og svo koll af kolli. — Þetta er eina ráðið, sem hæstv. fjmrh. virðist kunna til þess að sjá fjárhag ríkissjóðs borgið. M. ö. o., ríkisstj. er í kapphlaupi við fátæktina, sem hún sjálf hefur skapað. Og með skattinnheimtunni skapar hún alltaf meiri og meiri fátækt. Spurningin er ekki um afkomu ríkissjóðs, ekki heldur um innheimtu skatta og tolla, heldur um afkomu þjóðarinnar, þ. e. a. s. spurning um sjálfa trygginguna í efnahagsmálum þjóðarinnar. Ef þjóðin er velmegandi, þá er hag ríkissjóðs einnig vel borgið.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki tefja tímann með löngum ræðuhöldum. En ég get ekki stillt mig um að minnast á einstök atriði, sem komu fram í ræðu hv. 1. landsk. þm. Hann minntist á veltuskattinn, sem ég minntist á áðan. Hann sagði, að það skipti nokkuð öðru máli um þennan skatt en söluskattinn, aðallega vegna þess, sagði hv. þm., að veltuskatturinn hefði ekki komið á almenning, heldur á veltu verzlunarfyrirtækja. Þetta minnir svo skemmtilega á þann skollaleik, sem leikinn er af kommúnistum. Aðferðin er að leggja á veltuskatt og svo tekið fram í l., að ekki megi leggja á vöruverðið. En á sama tíma er verzlunum leyft að leggja svo mikið á, að þau þoli að borga veltuskattinn. Hver borgar þennan veltuskatt? Ætli það séu ekki þeir, sem borga háa vöruverðið, sem er meðal annars til þess, að fyrirtækin þoli að borga skattinn? Ég veit, að hv. 1. landsk. þm. er ekki svo skyni skroppinn, að hann sjái ekki þennan skollaleik. Auk þess koma svo þessir skattar sem beinir skattar á alla þegnana. Svo þykist þessi hv. þm. vera algerlega á móti öllum sköttum á neyzluvörum, nema því aðeins, að þeim sé komið svo fyrir, að almenningur borgi ekki neitt, heldur fyrirtækin. En fyrirtækin verða samt sem áður að hafa þær tekjur, að þau þoli að borga skattinn.

Við skulum taka annað dæmi með iðnaðinn og söluskattinn. Árið 1950 var greiddur söluskattur, þá var iðnaðurinn rekinn með blóma. Árið 1951 var greiddur jafnhár söluskattur, en þá fer að halla undan fæti fyrir iðnaðinum.

Það þriðja, sem þessi hv. þm. talaði um, er samkomulagið um greiðslu til þeirra sveitarfélaga, sem hafa byggt skóla og hafnir, en hafa ekki fengið ríkisstyrk greiddan, en það sé svo bara út í bláinn, vegna þess að þessir aðilar geti bara gengið upp í stjórnarráðið og sótt þangað peninga. Þetta eru svigurmæli og deilur á þá, sem standa að þessum framkvæmdum. Hvað sýnir framkvæmd þessa hv. þm. sjálfs, þegar hann var menntmrh.? Taldi hann sér þá skylt að greiða bæjar- og sveitarfélögum samstundis þann hluta, sem ríkið átti að greiða? Nei, hann greiddi aðeins það, sem fjárlögin ákváðu, og ekki meira. Og þegar ég tók við menntamálunum af hv. þm., þá voru stórar fjárhæðir ógreiddar til sveitarfélaganna, vegna þess að hv. þm. hafði ekki talið sér skylt að greiða þær. Enginn ráðh. hefur talið skylt að greiða þannig. Og aldrei hefur nokkur ráðh. álitið skylt að greiða það, sem reikningarnir sýndu, heldur aðeins eftir því, sem fé var veitt á fjárlögum. Og þessi þm. gerði það líka, þegar hann var ráðh. Samt sem áður notar hann þessa röksemdafærslu nú.

Fjórða dæmið, sem ég nefni, er, að hv. þm. stendur hér og talar um, að það sé fátækt í landinu. Ég veit, að það er veruleg fátækt og að það hafa ekki allir atvinnu eins og þeir þyrftu að hafa. En hvernig er úrræðið, sem þessi hv. þm. og flokkur hans benda á og eru með uppástungur um? Það er að hætta að leggja á söluskatt, sem þýðir 80 millj. kr. tekjurýrnun fyrir ríkissjóð og mundi þá þýða, að tekjuhalli yrði á fjárlögum og stór stöðvun á verklegum framkvæmdum. Heldur hv. þm., að fyrir þá, sem eiga örðugt uppdráttar, af því að þeir hafa ekki næga atvinnu, sé betra að fella niður söluskattinn? Heldur hv. þm., að það bæti nokkuð úr fátæktinni? Ég held ekki.

Frsm. minni hl. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. Ég þarf reyndar ekki að svara þessu. Þetta voru engin svör. Fyrsta atriðið var, að veltuskatturinn hafi komið á almenning alveg eins og söluskatturinn. Þetta er náttúrlega hrein og klár fjarstæða. Almenningur var ekki látinn borga þetta, heldur verzlunarfyrirtækin, eins og ég sagði áðan. Og verzlunarfyrirtækin þoldu það þá. „Af hverju?“ spyr hæstv. ráðh. Vegna þess að fyrirtækin voru vel stæð, vegna þess m. a., að þessi fyrirtæki höfðu að undanförnu haft mikla möguleika til þess að leggja mikið á vörurnar, og þau gerðu það líka. Og þessi veltuskattur, sem lagður var á, þýddi í raun og veru, að álagning á vörurnar minnkaði. **(Fjmrh.:** Það

sýndi sig, hvernig það var.) Það sýndi sig, að álagningin hækkaði ekki vegna veltuskattsins. Þessi skattur þýddi, að álagning á vöruna minnkaði. Og hann kom ekki á almenning. Þetta veit hæstv. ráðh. vel. Og að bera þennan skatt saman við söluskattinn er fjarstæða.

Í öðru lagi talaði hæstv. ráðh. um söluskattinn og iðnaðinn. Það gæti ekki verið, að söluskatturinn mundi valda því, að iðnaðurinn hryndi niður vegna aðgerða ríkisstj. Ég hef aldrei haldið því fram, að aðeins söluskatturinn mundi valda því, að iðnaðurinn hryndi saman, heldur aðrar ráðstafanir þessa ráðh., sem valda fátækt hjá fólki — ekki aðeins í Reykjavík, heldur um allt landið, og svo lánsfjárkreppan, sem enn fremur er skipulögð af þessari ríkisstj. En söluskatturinn er stórt atriði. Það þýðir ekki að segja, að skattur, sem nemur allt að 15%, hafi enga þýðingu fyrir iðnaðinn hér í Reykjavík. Hvaða iðnrekanda er hægt að telja trú um það, að enga þýðingu hafi fyrir afkomu hans fyrirtækis, hvort hann þarf að borga allt að 15% af vöru eða ekki? (**Fjmrh.**: Það er ekki svo mikið.) Það getur komizt upp í 15%.

Þá er spurningin um, hvort ríkissjóði er skylt að greiða lögboðið framlag til skólanna. Hæstv. ráðh. getur ekki neitað því, að ríkissjóði er skylt að greiða þetta framlag samkvæmt lögum. (**BSt**: Ekki þegar fé er ekki veitt á fjárlögum.) Það er það, sem hæstv. viðskmrh. vildi fá í lög í fyrra, en var neitað um það. Hann vissi, að skylt var að greiða þetta. En þetta hefur ekki verið gert. Það er annað, að skyldan hefur ekki verið uppfyllt. Ég gerði allt, sem í mínu valdi stóð, til þess að þetta lögboðna framlag væri hækkað. En ég réð ekki yfir ríkisreikningunum þá. Og að því leyti var þetta lögboðna framlag ekki greitt að fullu, og þá var ríkissjóður laus við þá skyldu, sem honum ber samkvæmt lögum.

Þá var fjórða atriðið, að ráðh. fullyrti enn einu sinni, að það mundi þýða stórkostlegan greiðsluhalla á fjárlögum, ef söluskatturinn félli niður, og það mundi draga verulega úr framkvæmdum. Það hefur enginn haldið því fram, að það ætti að afgreiða fjárlögin með rekstrarhalla. En ég held ekki fram, að á þessum tíma sé nauðsynlegt að afgreiða fjárlögin endilega greiðsluhallalaus. En það hefur ekki nokkur haldið því fram, að það ætti að afgreiða þau með rekstrarhalla. Hefur það komið í ljós við afgreiðslu fjárlaganna. Og það er engin þörf, úr því sem komið er, að afgreiða þau nú fyrr en eftir nýár. En það mundi ekki standa á mér að taka það til athugunar, hvernig ætti að jafna niður, annaðhvort með því að draga úr útgjöldum, sem ég er sannfærður um, að hægt er með góðum vilja, eða með því að draga úr verklegum framkvæmdum eða þá með því að finna einhverja nýja tekjuöflun, sem áreiðanlega þyrfti ekki að vera nema lítið brot af söluskattinum. En ég hef margsýnt fram á, að þessi söluskattur er ranglát og skaðvænleg tekjuöflun.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það eru nokkrar leiðréttingar út af því, sem komið hefur hér fram. Hv. 4. þm. Reykv. vildi reyna að vefengja það, að ekki væri lögð verzlunarálagning á söluskattinn. Og ég spyr: Hvernig veit hann það? Ég veit ekki annað en allmiklar deilur hafi verið um það, hversu mikil álagningin skyldi vera á ýmsum vörum. Og ég spyr hv. 4. þm. Reykv.: Hefur hann þetta frá verzlunarlögunum, að það sé lögð álagning á söluskattinn? Ég veit, að hann hefur það ekki þaðan, því að útilokað er, að það sé lagt á hann.

Hv. þm. átaldi hæstv. ráðh. fyrir tekjuöflunina á síðasta ári. Mér þykir rétt að svara nokkrum þeim átölum. Ég tel ósanngjarnt að átelja ráðh. einan fyrir þessa áætlun. Og ég skammast mín ekkert fyrir það að taka með honum ábyrgðina í þessu máli. Það var fullkomið samkomulag í meiri hl. fjvn. um, að það skyldi ganga þannig frá tekjuáætluninni, að öruggt væri, að skilað yrði greiðsluhallalausum rekstrarreikningum, þó að ekki yrði breytt verzlunarálagningunni í landinu. Hv. þm. sagði einnig, að hann væri viss um, að tekjurnar færu langt yfir 400 millj. kr. Ég vil taka undir það með ráðh., að það er alveg útilokað, að það þurfi ekki meira en 400 millj. kr. til þess að skapa hallalausan ríkisrekstur á næsta ári. Það er þegar vitað, að gjöldin á þessu ári verða hátt upp undir 400 millj. kr. á ríkisreikningunum. Og það er ekki útlit fyrir, að minni útgjöld verði hjá ríkissjóði á næsta ári, svo að ábyrgðarleysi er að ætla sér að afgreiða nú fjárlögin ekki hallalaus, þar sem tekjurnar eru ekki 400 millj. kr.

Þá var hv. 1. landsk. þm. að tala um skyldur ríkissjóðs um að greiða framlag til skóla, og vil ég þá, að hv. þm. fái upplýsingar um það, úr því að hann veit ekki betur og þó að hann sjálfur hafi verið ráðh. og hafi haft þetta með höndum. Það er tekið fram í stjórnarskránni, að það megi enga greiðslu inna af hendi, nema standi í fjárlögum. Þess vegna væri ómögulegt að greiða þessi framlög, nema það standi í fjárlögum. Ætlast hv. þm. til, að ég geti breytt stjórnarskránni? Ég hef prófað, að þeir menn, sem vilja telja sig ábyggilega menn, halda því fram, að það sé ekki skylda að leggja fram umframgreiðslur í fjárlögum.

Ég vil einnig í sambandi við það, sem hefur komið fram hjá minni hl., hv. 1. landsk. þm., í sambandi við afgreiðslu fjárlaganna, benda á, að hann hefur hvað eftir annað lagt til, að söluskatturinn félli niður eða 77 millj. kr., og hvað eftir annað talað um, að þeir eða hans flokkur vildu fella niður svo og svo mikið af rekstrargjöldum ríkissjóðs. Og þessi hv. þm., sem er formaður kommúnistaflokksins og á að hafa einhvern snefil af ábyrgðartilfinningu, bar um daginn fram till. á þskj. 336 um að leggja á ríkissjóð meira en 60 millj. kr. byrði á næsta árs fjárlögum, m. ö. o. að fella niður greiðslur til almannatrygginganna frá einstaklingum og láta ríkissjóð taka við þeim, en það næmi 60 millj. kr. á ári. Svo er þessi maður að tala um, að það þurfi enga skatta og tolla í landinu. Hvaðan ætlar hann að taka þetta fé? Ætlar hann að láta því rigna niður úr himninum? Ég skil ekki, hvernig þm. getur komið með svona fjarstæðu og ætlað mönnum að taka hana gilda.

Ég ætla aðeins að benda á það til að sýna

þá fjarstæðu, sem hér kom fram, þegar hv. 1. landsk. þm. sagði, að lagðar séu þúsundir króna á hvern bita og sopa, sem fátæklingarnir í landinu kaupa. Það er ekki lítið, þegar allt er komið saman, ef lagðar eru þúsundir króna á hvern bita og sopa, sem hver fátæklingur neytir í landinu. — Þetta eru rökin, sem við eigum að mæta í þessu máli.

Frsm. minni hl. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. Mér dettur ekki í hug að halda fram við hv. þm. Barð., að það sé nein ástæða til að flýta þessari löggjöf. Hv. þm. Barð. gaf hér mjög misskildar upplýsingar. Hann heldur því fram, að það sé stjórnarskrárbrot, ef greitt sé úr ríkissjóði meira en heimilað er á fjárlögum. Það hafa þá margir brotið stjórnarskrána, og lýsi ég sök á hendur mér. Og ég tel, að það brot hafi fleiri gert. Stjórnarskráin hefur þá verið margbrotin. Ég held, að hv. þm. Barð. mætti gæta sín. (GJ: Ég hef aldrei brotið hana.) Nei, en þetta gæti komið fyrir. Hv. þm. hefur setið á mörgum þingum og fylgzt vel með þingmálum og að öðru leyti lagt mikla vinnu og sýnt ástundun við störf sín, og ætti hann því að vita, að fjárlög afnema ekki önnur lög. (GJ: Í vissum tilfellum.) Nei, það er ekki rétt.

Hv. þm. sagði, að ég hafi verið með till. um 60 millj. kr. álag á ríkissjóð á næsta ári. Ég vil biðja hv. þm. að nefna þskj., þar sem þetta er prentað. Ég kannast alls ekki við þetta. Ég hef ekki komið með neinar till. um milljónaálögur á þjóðina. Það, sem hv. þm. virðist eiga hér við, mun vera afnám greiðsluskyldu hinna tryggðu, sem kemur þá til framkvæmda á árinu 1953. Útgjöldin í sambandi við þetta eru heldur ekki 60 millj. Það er allt of há upphæð. Hér er um að ræða árið 1953, en ekki árið 1952. Það þarf að innheimta þetta fé af fólkinu, en það er óréttlátt að innheimta þetta með nefskatti. Það er því ekki fyrr en á árinu 1953, sem kæmi til kasta Alþingis varðandi það mál.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12:5 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 503 (4.—7. gr. falli niður) samþ. með 12:5 atkv.
8. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 12:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12:5 atkv.

Á 50. fundi í Ed., 19. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 505).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12:3 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12:5 atkv. og endursent Nd.

Á 50. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr. (A. 505, 511).

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 511 of seint fram komin. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Eins og nú er, þá er fjárlagafrv. að upphæð 370 millj. kr., og brtt. meiri hl. fjvn. munu auka tekjurnar um 10 millj. kr., þannig að frv. verður 380 millj. kr., þegar n. hefur endanlega afgreitt það. Nú sýnist augljóst, að tekjur þessa árs losa 400 millj. kr. Desembermánuður verður þó tekjuminni mánuður en undanfarið hefur verið. Ef nokkur von á að verða til þess að geta greitt allan þann búskaparhalla, sem orðið hefur hjá ríkissjóði, þarf hann að fá jafnmiklar tekjur á næsta ári og hann fékk í ár. Þetta er ískyggilegt. Og af þessum ástæðum er það skoðun ríkisstj., að það sé ekki hægt að afgreiða fjárlögin tekjuhallalaus, nema þeir tekjuöflunarliðir, sem verið hafa í því, haldist áfram, og Ed. hefur nú breytt frv. þessu með þetta fyrir augum, og ég vildi eindregið mælast til þess, að þessi hv. deild léti frv. standa óbreytt eins og það nú er.

Ég skal geta þess, að ríkisstj. hefur komið sér saman um að leggja til við Alþ., að 8 millj. kr. af tekjum þessa árs verði varið þannig, að 5 millj. fari til þess að greiða upp í vangoldin framlög til bæjar- og sveitarfélaga vegna skólabygginga, 2 millj. kr. til hafnargerða og 1 millj. fari til veðdeildar Búnaðarbankans. Þessar milljónir er ætlað að greiða til bæjar- og sveitarfélaga, vegna þess að ríkið hefur ekki getað greitt eins örugglega sitt framlag og æskilegt hefði verið. Ég vildi geta um þetta hér, af því að þetta snertir að sjálfsögðu nokkuð afgreiðslu þessa máls, þótt þetta sé lítill hluti þess, sem bæjar- og sveitarfélögin raunverulega ættu að fá greitt.

Frsm. 1. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég flyt brtt. á þskj. 511. — Það er auðséð, að Ed. hefur ekki viljað afgreiða frv. eins og það var samþ. hér í þessari deild, og var þó sú samþykkt, sem hér var gerð um að bæta fjórum gr. inn í frv., þar sem ákveðið var, að ¼ af söluskattinum skyldi renna til bæjar- og sveitarfélaga, gerð með hag bæjar- og sveitarfélaga fyrir augum. Ég býst við, að enginn hv. dm. álíti, að nokkrar aðrar ráðstafanir hafi verið gerðar til þess að bæta úr þörfum bæjar- og sveitarfélaganna á auknum tekjustofnum. Þegar þessu frv. var breytt hérna í Nd., þá var það vegna þess, að þm. álitu, að bæjar- og sveitarfélögin þyrftu þess með á næsta ári að fá hluta af söluskattinum. Enn fremur var það gert með það fyrir augum að hnekkja nokkuð þeirri tilhneigingu ríkisstj. að framlengja öll lög um tekjuöflun til ríkissjóðs. — Ég hef þess vegna leyft mér að taka aftur upp þær greinar, sem samþykktar voru við 2. umr. hér í þessari deild, og legg til, að þær verði settar inn í frv. aftur, og þarf ég ekki að rökstyðja þetta nánar, þar sem ætla má, að meiri hl. deildarinnar, sem áður studdi þessa kröfu, muni halda fast við sína stefnu.

Þá lýsti hæstv. fjmrh. því yfir, að innan ríkisstjórnarinnar hefði orðið samkomulag um nokkrar greiðslur. Hann lýsti því yfir, að ríkissjóður sem hefur e. t. v. tugi milljóna króna í tekjuafgang, muni nú láta svo lítið að greiða hluta af sínum skuldum, og finnst það víst fáum þakkarvert. Þar af eru 5 milljónir króna upp í ógoldin framlög til skólabygginga. En í lögum segir beinlínis, að þetta framlag skuli ríkið greiða úr sínum sjóði. Þetta stendur í lögunum, og það er ekki nokkur heimild fyrir ríkið að fresta þessum greiðslum. Það þýðir, að ríkið hefur engan rétt til að fresta þessum greiðslum. Það stendur beinlínis í lögunum, að ríkissjóði „beri" að greiða þetta framlag. Það er vitað, að ríkissjóður hefur líka skuldað Landsbanka Íslands, og það hefur verið látið sitja fyrir að greiða þær skuldir. Það væri gott að fá það upplýst frá hæstv. ráðh., hvað mikið ríkissjóður er búinn að greiða af skuldum sínum við Landsbankann, sem græðir 20 millj. kr. á ári. Honum eru greiddar skuldirnar. En fátæk bæjarfélög víðs vegar á landinu geta ekki náð inn útsvörunum hjá meðlimum sínum vegna þess, að ríkisstj. og bankarnir skipa svo fyrir, að það skuli greiða milljónir tuga af skuldum ríkisins við Landsbankann, án þess að ríkið greiði skuldir sínar við bæjar- og sveitarfélögin. Og svo kemur hæstv. fjmrh. fram á Alþ. og hótar að segja af sér, ef bæjar- og sveitarfélögin fái ofur lítinn hluta söluskattsins, en tilkynnir, að ríkissjóður muni greiða eitthvað smávegis af skuldum sínum til bæjar- og sveitarfélaga vegna skólabygginga.

Mér finnst, að það þurfi nokkra bíræfni til að koma og bjóða hv. deild upp á það loforð ríkisstj., að hún muni nú á næsta ári greiða upp í það, sem hún skuldar sveitarfélögunum, á sama tíma og búið er að greiða Landsbankanum sínar skuldir. Það hefði verið eðlilegt, að ríkisstj. hefði borgað allar sínar skuldir við bæjar- og sveitarfélögin fyrst, látið þær sitja fyrir. — Ég vil óska þess, að fjmrh. gefi upplýsingar um það, hve mikið ríkissjóður hefur greitt á þessu ári upp í skuldir sínar við Landsbankann og hvort hæstv. ríkisstj. muni hugsa sér að greiða meira af þeim skuldum á næsta ári, þannig að þingmenn gætu myndað sér nokkra hugmynd um hlutfallið þar á milli. Það er mesti óþarfi fyrir ríkið að borga til sinna eigin fyrirtækja, sem græða 20 millj. kr. á ári. Það virðist eðlilegra að láta bæjar- og sveitarfélög sitja fyrir um þessar greiðslur.

Ég vil þess vegna leyfa mér að vona, að hv. deild verði við minni till. um að færa frv. aftur í sama horf og það var áður afgreitt hér í Nd. Loforð hæstv. ríkisstj. um að greiða ofur lítið borð af sínum skuldum er að vísu ánægjulegt, þótt það sé hins vegar skylda ríkisins að greiða þessar skuldir alveg upp.

Emil Jónsson: Herra forseti. Mér skildist, að okkur þingmönnum þessarar hv. deildar séu hér boðin góð boð með því að éta ofan í okkur allt það, sem við samþ. hér fyrir nokkrum dögum og fá loforð hæstv. ríkisstj. um að greiða nokkurn hluta af þeim óreiðuskuldum, sem ríkissjóður á ógreiddar til bæjar- og sveitarfélaga víðs vegar um land. Mér er ekki kunnugt um það, hvað mikið ríkissjóður skuldar til skólabygginga, en hins vegar er þess getið í skýrslu frá fræðslumálastjórninni, sem útbýtt hefur verið hér á Alþ., að þessi upphæð nemi 13—14 millj. kr. Og nú gerir hæstv. ríkisstj. þann kost að greiða af tekjuafgangi ársins kringum ⅓ af þeirri upphæð og sömuleiðis ⅓ af því, sem hún skuldar til hafnargerða víðs vegar um land, 2 millj. kr., en þær skuldir munu nema á sjöttu millj. kr. Það, sem bæjunum er ætlað að fá fyrir þennan tekjustofn, er ⅓ af löglegri greiðslu ríkisins. Nú veit ég þess mörg dæmi, að bæjar- og sveitarfélög, sem ráðizt hafa í hafnarframkvæmdir og ráðið hafa við sitt framlag móti ríkissjóði, hafa tekið að sér hluta ríkissjóðs og verða að greiða vexti af þeim hluta. Þessir vextir eru svo ekki teknir með í framlagi ríkissjóðs. Þessi vaxtabyrði lendir öll á bæjar- og sveitarfélögunum. Þar sem þessi inneign hjá ríkinu nemur mörgum hundruðum þúsunda, þá er hér ekki um lága fjárhæð að ræða, sem bara fer til þess að greiða vexti af þessum skuldum ríkissjóðs. Svo þegar þessi þriðjungur kemur, þá kemur hann ekki að öðru gagni en því, að viðkomandi bæjar- eða sveitarfélag getur losað sig úr þeim skuldum, sem það er í sökum vanskila ríkissjóðs, en þetta kemur ekki til góða á rekstrarreikningi bæjar- og sveitarfélaganna, nema að því leyti, að þau losna við vaxtabyrðina. Það er allur hagnaðurinn, sem bæjar- og sveitarfélögin hafa af þessu framlagi.

Söluskatturinn, eins og hann er nú, mun nema jafnmikilli upphæð og öll útsvör í landinu, og fara þá hv. þm. að skilja, hversu örðugt það er að verða að innheimta útsvör hjá mörgum bæjarfélögum nú upp á síðkastið, þegar við þau hefur bætzt svona upphæð, sem nemur svo miklu sem öllum útsvörum á landinu. Og svo kemur útsvarið ekki fyrr en á eftir, bærinn verður að bíða með að fá sína skatta greidda. Auk þess kemur svo söluskattur hjá ýmsum fyrirtækjum, sem innheimtur er á þann hátt, sem nú er frægt orðið.

Ég skal ekki hafa langt mál um þetta. En mér þykir furðulegt, að hæstv. ríkisstj. skuli ekki skilja þá miklu og brýnu þörf, sem bæjarfélögin hafa fyrir tekjur, og að ríkisstj. skuli ekki vilja vera án nokkurs hluta söluskattsins, sem sýnt er, að hún getur verið án, og bezt sýnir sá greiðsluafgangur, sem orðið hefur á þessu ári, eftir að mikið hefur verið veitt úr ríkissjóði til greiðslu á skuldum ríkisins, eða upphæð, sem nemur 50—60 millj. kr. að minnsta kosti. Það mætti segja mér, að hæstv. ríkisstj. með þessu yrði til þess, að ýmis bæjarfélög geti ekki jafnað niður öllum útsvörum, sem þau þurfa til þess að standa undir útgjöldum sínum, og muni þá ekki fá þau innheimt.

Ég skal lýsa yfir því, að ég er sama sinnis og ég var síðast, þegar ég greiddi atkv. um þetta mál, — ég vona, að aðrir háttv. þm. séu það líka, — og mun greiða atkv. með brtt. hv. 2. þm. Reykv. um það að setja þessar greinar inn í frv. á ný, vegna þess að þau loforð frá ríkisstj., sem hér komu fram í nál. fjhn. Ed. um greiðslur

á nokkrum hluta af skuldum ríkissjóðs vegna skólabygginga og hafnargerða, nema ekki nema litlum hluta af því, sem ætlazt var til að greiðslurnar næmu. Þeim greiðslum er ráðstafað upp í lán, sem tekin hafa verið, og upp í væntanlegar greiðslur og bæta því ekki úr fyrir bæjar- og sveitarfélögum nema að því leyti að létta af þeim vaxtabyrðinni. Ég vænti því, að hv. þm. hafi ekki breytt um skoðun, frá því að málið var hér síðast til umr., og samþ. þær breyt. á frv., sem hér er farið fram á.

Það er eitt atriði, sem ég vildi spyrja hæstv. fjmrh. um, og það er, hvernig þessum greiðslum verði hagað til skóla og hafnargerða, hvort þessu verður jafnað niður og öllum greitt hlutfallslega jafnt eða hvort einum verði greitt að fullu, en öðrum kannske ekkert. (**Fjmrh.**: Um þetta hefur ekki verið tekin ákvörðun.)

Gunnar Thoroddsen: Það er óvefengjanlegt, að bæjar- og sveitarsjóðir þurfa nauðsynlega á nýjum tekjustofnum að halda til þess að standa undir sívaxandi útgjöldum, sem sumpart eru á þau lögð með lögum og sumpart stafa af aukinni dýrtíð. Þess vegna flutti ég brtt. við 2. umr. þessa frv., — í samræmi við óskir bæjarstjóra allra kaupstaða landsins, — um að fjórðungi söluskattsins skyldi skipt milli allra bæjarsjóða og hreppssjóða í réttu hlutfalli við íbúatölu. Var sú tillaga samþykkt.

Ráðherrar Framsfl. hafa lýst yfir því, að þeir muni rjúfa núverandi stjórnarsamstarf, ef Alþingi ákveður, að bæjar- og hreppsfélögin fái hluta af söluskatti. Þó að það sé varhugaverð braut að láta Framsfl. komast upp með að stöðva nauðsynjamál með slíkum viðbrögðum, hefur Sjálfstfl. ekki talið henta hagsmunum þjóðarinnar, að stjórnarsamstarfið verði rofið að svo stöddu.

Ég vil taka það fram, að ég er sömu skoðunar og ríkisstj. um það, að afgreiða beri greiðsluhallalaus fjárlög. Hef ég bent henni á leiðir, sem ég tel vel færar til þess að tryggja slíka afgreiðslu, þótt hluti söluskattsins rynni til sveitarfélaga.

Innan ríkisstj. hefur nú orðið samkomulag um að ganga nokkuð til móts við aðrar kröfur og þarfir sveitarfélaga á þann hátt að leggja til, að greiddar verði 7 millj. kr. upp í vangoldin framlög ríkissjóðs til skólabygginga og hafnargerða.

Þótt vopnahlé hafi verið samið í bili, verður haldið áfram baráttunni fyrir nýjum tekjustofnum sveitarfélaganna og fyrir löggjöf, sem skapar skynsamlegan grundvöll undir traustan fjárhag þeirra.

Með vísan til þessarar greinargerðar mun ég ekki greiða atkvæði um till. á þskj. 511.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins fá orð út af þessum athugasemdum, sem hv. 7. þm. Reykv. kom fram með. — Ég þykist hafa fært fyrir því fullgild rök, sem ekki verði vefengd, að það sé ekki hægt að gera ráð fyrir því að afgreiða tekjuhallalaus fjárlög, þannig að tekjur ríkisins geti staðið undir gjöldunum, nema ríkissjóður fái alla sína tekjustofna eins og þeir eru ráðgerðir. Hvað reynslan svo sýnir í þessu efni, er vitanlega ekki hægt að segja um, en mér virðist ekki nokkurt vit í því að gera ráð fyrir þessu ólíkt því, sem hér er gert. Ríkissjóður má ekki missa þá tekjustofna, sem hann hefur, ef Alþ. ætlar að afgreiða hallalaus fjárlög, og Alþ. verður að afgreiða tekjuhallalaus fjárlög. Það verður að benda á aðrar leiðir fyrir bæjar- og sveitarfélögin en að þau taki tekjur ríkissjóðs. Þetta spursmál allt um útgjöld ríkisins og tekjur bæjar- og sveitarfélaga verður að taka fyrir á næsta Alþ. á næsta ári, og enginn neitar þeirri þörf, sem bæjar- og sveitarfélög hafa fyrir auknar tekjur.

Út af því, sem hv. þm. Hafnf. sagði — og hv. 2. þm. Reykv., vil ég taka það fram, að mér finnst þeirra málflutningur einkennilegur. Þessir hv. þm. báðir halda því fram, að ríkið væri með því að gera þessar ráðstafanir — að greiða vangreidd skólaframlög og hafnargjöld — aðeins að gera það, sem því er skylt að gera. Þetta er byggt á misskilningi. Ríkinu er ekki skylt að greiða þetta umfram það, sem fé er veitt á fjárl., þannig hefur þetta verið framkvæmt alla tíð, það er a. m. k. hv. þm. Hafnf. vel kunnugt og hv. 2. þm. Reykv. líka. Þegar Sósfl. átti menntmrh., þá fór hann þannig að, að hann greiddi aðeins til skólanna það, sem veitt var á fjárl., en ekki meira, og það var stórkostleg súpa þá, sem var af ógreiddum framlögum til skóla. Það þarf sem sé tvímælalausa heimild til þess að greiða þetta fé. Það er óleyfilegt fyrir ríkisstj. að greiða framlög til þessara framkvæmda án heimildar Alþ., enda mun ríkisstj. leita sérstakrar heimildar frá þinginu til þess að greiða þessi fyrirhuguðu framlög. Það er þess vegna út í bláinn, sem þeir halda fram, að með þessu sé ekki komið til móts við óskir þessara bæjar- og sveitarfélaga. Þvert á móti er verið að greiða með þessu viðbótarfjárveitingu til þessara framkvæmda, sem nemur 7 millj. kr., sem þessir aðilar geta notað til að greiða sín lán heima fyrir, og þessar 7 millj. eru peningar, sem þessir aðilar geta ekki fengið annars og áttu ekki neina lagalega kröfu til að innheimta. Um þetta ætti ekki að þurfa að deila við þessa hv. þm., þar sem þeir eru það þingvanir og vanir að fylgjast með þessum málum, að þeim ætti að vera þetta ljóst.

Frsm. 1. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Hæstv. fjmrh. gleymdi að gefa mér upplýsingar um það, hvað búið er að borga í yfirdrátt af skuldum við Landsbankann. Hann vill líklega ekki fá þann samanburð, hvernig þeir borga bankanum og hvernig þeir borga bæjarfélögunum. Er hann kannske ekki búinn að borga þeim neitt í ár annað en ef til kemur að úthluta tekjuafgangi?

Hæstv. fjmrh. vill halda því fram, að í raun og veru væru þessar 7 millj. eins konar fjárveiting til sveitarfélaganna. Hvernig sem við viljum deila um það, hvort ríkissjóði bæri að borga þetta undireins, þá er það ekkert spursmál, að með l. viðvíkjandi skólabyggingum og hafnargerðum er lögð sú skylda á herðar ríkis-

sjóði að greiða ákveðinn hluta af kostnaði við þessar aðgerðir, þannig að sú lagalega skylda er fyrir hendi, svo að það er ekki verið að taka neinar nýjar byrðar á herðar ríkissjóðs. Bæjar- og sveitarfélögin eiga að fá greiddan þennan hluta ríkisins til skólabygginga, til hafnargerða og lendingarbóta, það er ótvíræð lagasetning. Þm. geta deilt um það, hvenær beri að greiða þetta, en ¼ af söluskattinum, það væri nýr fengur, ný réttarbót, það væri uppbót á þá aðstöðu, sem þau nú hafa. Það, sem þau fá í staðinn, er, að þeim er lofað, að það skuli ekki svikizt um að framkvæma gamla réttarbót, sem þau hafa. Það er allt, sem þau fá í staðinn. Hæstv. fjmrh. gat sagt við bæjar- og sveitarfélögin: Vissulega skulda ég ykkur þetta; vissulega eigið þið að fá þetta, en það getur verið, að ég dragi von úr viti að greiða þetta. Það getur verið, að ég greiði það, sem mér ber að greiða samkvæmt l., gegn því, að þið fallið frá því að fá nýja réttarbót, sem búið er að samþ. hér í Nd. — Ég býst við, að hæstv. fjmrh. reyni ekki, a. m. k. þegar hann talar í Framsfl., að draga dul á, hve góða verzlun hann hafi gert, þó að hann vegna samninga innan ríkisstj., ef hún gæti hangið dálitið saman, reyni að láta þetta líta út sem feng fyrir bæjarfélögin, — hvernig hann hafi sloppið við að þurfa að greiða nokkuð af söluskattinum til bæjarfélaganna með því að lýsa yfir, að hann muni ef til vill greiða eitthvað til bæjar- og sveitarfélaganna af skuldum, sem þau eiga hjá ríkinu. Hæstv. fjmrh. þarf ekki að vera með nein ólíkindalæti við okkur, þegar hann er að lýsa þessu.

Þá kom hæstv. ráðh. að því, að þetta væri mikill fengur fyrir bæjar- og sveitarfélögin að geta notað þessar 7 millj., og svo bætti hann við: ef þau hafa lagt þetta út sjálf, ýmist borgað skuldir eða lagt peninga út. — Með öðrum orðum: Er ekki meiningin hjá hæstv. fjmrh. að borga þessar 7 millj. beint út til bæjar- og sveitarfélaganna? Er meiningin að borga þetta kannske inn á reikning bæjar- og sveitarfélaganna hjá bönkunum? Er ekki meiningin, að þetta eigi að einhverju leyti að fá að notast af hálfu bæjarfélaganna til framkvæmda og ríkisstj. hjálpi bæjarfélögunum til að losna við skuldir við bankana í staðinn? Svo framarlega sem bæjar- og sveitarfélögin fengju þessa peninga beint og ríkisstj. sem sá voldugi aðili hefði áhrif um það, að þær skuldir, sem bæjarfélögin nú eru í við bankana, fengju að standa óhreyfðar, þá gætu bæjarfélögin notað þetta að einhverju leyti til framkvæmda. En það skauzt upp úr hæstv. ráðh., að það muni vera annað, sem er meiningin með þessu. Meiningin er, eins og hv. þm. Hafnf. drap á, að jafnvel fari meginið af þessu í skuldir bæjar- og sveitarfélaga til þess að borga eitthvað upp af þeim. Með öðrum orðum: Í viðbót við það, að svo og svo mikið af tekjuafgangi ríkissjóðs fari til að greiða skuldir ríkissjóðs við Landsbankann, þá ætlar nú hæstv. fjmrh. og ríkisstj. að hugga bæjar- og sveitarfélögin með því að létta af þeim þungum byrðum — og svipta þau ¼ af söluskattinum — með því að borga líka til Landsbankans og annarra banka ofur lítinn part af þeim skuldum, sem bæjar- og sveitarfélögin eru í. Ég held, að þetta sé anzi hart að farið og minni nokkuð á, hvernig hreppstjórar stundum höguðu sér í gamla daga, þar sem þeir voru í góðum kunningsskap við selstöðukaupmenn, þegar þeir voru að meðhöndla kotungana, sem voru í skuld við þá. Það er svipuð meðferð, sem hæstv. fjmrh. virðist nú ætla að hafa gagnvart fátækum bæjar- og sveitarfélögum í landinu. Og sá ráðh., sem næstur honum situr, hæstv. viðskmrh., skrifar um leið bönkunum og segir við þá: Nú megið þið ekki vera að lána meira, nú verðið þið að setja hömlur á lánastarfsemina. — Sem sé, um leið og hæstv. fjmrh. tekur peningana frá bæjar- og sveitarfélögum, sem hann þó ætti að greiða þeim, þá skrifar hin hönd ríkisstj. og segir: Verið þið ekki að lána þessum bæjarfélögum meira. — Það er eins og það séu samfelldar aðgerðir gegn bæjar- og sveitarfélögunum til þess að minnka þeirra möguleika á framkvæmdum. Ég held, að þetta ætti að nægja til þess að sýna fram á, hvers eðlis þetta bein er, sem Framsfl. kastar í Sjálfstfl. í skiptunum innan ríkisstj.; það er nokkuð lítið á því.

Þá sagði hæstv. ráðh. út frá spurningunni, sem hv. þm. Hafnf. lagði fyrir hann, hvernig ætti að skipta þessu, að það væri óákveðið, það væri alls ekki ákveðið, hvert þetta færi til bæjar- og sveitarfélaga, það væri bara búið að ákveða, að þetta skuli borga út til einhverra bæjarfélaga, ef samkomulag næðist í ríkisstj. um, hvernig skyldi borga þetta. Það er vitanlegt, að það er kominn glundroði í ríkisstj., hæstv. fjmrh. hótar að segja af sér við 2. umr. Ef það fer þannig, þegar ríkisstj. fer að ræða skiptinguna á þessari bráð, að hæstv. fjmrh. finnist hann ekki fá nægilega mikið fram af sínum kröfum og hótar að segja af sér, — því að það er ekki alveg víst, að hann beygi Sjálfstfl. eins og nú, því að það er stundum slæmt að vega tvisvar í sama knérunn, — þá gæti farið svo, að ekkert samkomulag næðist í ríkisstj. um þessa skiptingu og ríkisstj. spryngi á því, að löggjafinn var ekkert búinn að samþykkja um það. Hvar stendur þetta þá? Það gæti þá farið svo, fyrst ríkisstj. er enn þá, eftir 3 mánaða þingsetu, ekki búin að koma með löggjöf um það, hvernig eigi að skipta þessum tekjuafgangi, að ríkisstj., sem var nærri því sprungin á því, hvort ætti að setja ¼ af söluskattinum til bæjarfélaganna, spryngi á þessu atriði eða á því, hvað mikið af mótvirðissjóðnum ætti að fara til landbúnaðarins. Það gæti farið svo, að ríkisstj., sem er eins viðkvæm og hæstv. fjmrh. lýsir yfir að hún sé, væri búin að sprengja sjálfa sig, áður en hún væri komin að því að skipta þessum 7 millj. Þá er þetta orðin góð verzlun, sem hæstv. fjmrh. er búinn að gera á móti hagsmunum bæjar- og sveitarfélaga. Það er ekki að vita, hverju hæstv. fjmrh. býr yfir, en fastheldinn er hann á auðinn í ríkissjóðnum og hættir við að gleyma bæjar- og sveitarfélögunum, þegar hann er kominn til Reykjavíkur, þó að hann muni þau vel, þegar hann er í sínu kjördæmi.

Það eru svo nokkur orð út af því, sem hv. 7. þm. Reykv. sagði. Ég hafði eiginlega hugsað, að þessi skörulega samþykkt, sem hér er gerð

í Nd. fyrir hans tilstuðlan, væri í raun og veru framkvæmd á þeirri yfirlýsingu Sjálfstfl. á síðasta landsfundi, að það væri Sjálfstfl., sem hefði forustu í ríkisstj. og markaði stefnuna, og ég sé, að Framsfl. mun líklega hafa tekið þetta nokkuð þungt upp — þessa yfirlýsingu Sjálfstfl. — og fjmrh. hans hafi ætlað að láta Sjálfstfl. finna, að það væri ekki Sjálfstfl., sem markaði stefnuna, Sjálfstfl. skyldi fá að beygja sig. Hins vegar heyrði ég það á ræðu hv. 7. þm. Reykv., að hann mun ekki líta á þetta sem neinn frið innan ríkisstj., heldur væri hér aðeins um vopnahlé að ræða, eins og hann orðaði það, vegna þess að jólahelgin væri í nánd. Ríkisstj. kunni sjálf ekki við að hafa svona reidd vopnin hver gegn öðrum, meðan jóladagarnir eru. Hins vegar eigi að kalla þing saman aftur eða þingfundir að halda áfram 3. jan. og þá muni að öllum líkindum jólahátíðin vera búin og vopnahléinu lokið og Sjálfstfl. muni draga sverð sitt úr sliðrum og sýna, hver hefur forustuna. Þess vegna er ég hræddur um, að þessi samþykkt verði skammgóður vermir fyrir bæjar- og sveitarfélögin, þegar ekki er gengið betur frá hlutunum en þetta.

Ég vil þess vegna leyfa mér að vonast til þess, að hv. þdm., sem áður samþ. þessar brtt., þegar þær komu frá hv. 7. þm. Reykv., standi nú fast með þeim, enda hefur það komið í ljós, að það samkomulag, sem innan ríkisstj. hefur verið gert, er engan veginn haldgott og aðeins um vopnahlé að ræða, sem líklegt er að ekki standi lengi, og þess vegna illa um hnútana búið, ef bæjar- og sveitarfélögin fengju ekki einu sinni þetta litla bein, sem til þeirra er hent með yfirlýsingu í nál. frá meiri hl. fjhn. á þskj. 503. Þess vegna vonast ég til þess, að þessi brtt. á þskj. 511 verði samþ.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Mig langar til þess, vegna þess að það er okkar hugarfar allra að gleðja hver annan fyrir jólin, að hugga hv. 2. þm. Reykv. Hann hefur tvenns konar áhyggjur — mjög þungar. Annars vegar, að það hefur hent ríkisstj. og fjmrh. að hafa tekið upp á að borga skuldir — og ekki aðeins það, heldur hefur líka tekizt að borga Landsbankanum skuldir, sem er náttúrlega næst á eftir Unilever. Ég vil aðeins í skini hugarfars jólanna benda honum á, að það er gleðiefni hverjum ábyrgum manni, ef honum tekst að borga skuldir, jafnvel þó að þjóðbankinn fái skuldirnar í því skyni að borga þær aftur í atvinnurekstur þjóðarinnar. Svo var hann með enn þyngri áhyggjur um, að þessi ágæta ríkisstj. sé nú í mikilli hættu. Ég get huggað hann með því að segja honum, að það er hreinn jólafriðarkærleiksandi ríkjandi á stjórnarheimilinu, og ég vona, að svo verði líka eftir nýárið. Þess vegna er óhætt að taka sína fullu jólagleði nú þegar. Út úr þessu máli vil ég að það liggi skýrt fyrir, að frá mínu sjónarmiði tel ég þörf bæjar- og sveitarfélaganna fyrir auknar tekjur mjög brýna, og mér þykir eðlilegt, að borgarstjórinn í Reykjavík, sem var forseti þeirrar samkundu bæjarstjóra landsins, sem kom saman snemma á þessu hausti, hafi leitað allra úrræða til þess að reyna að bera fram til sigurs þær óskir, sem þar voru fram bornar og af ríkri þörf sprottnar. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, að þessari þörf sé ekki hægt að fullnægja nú með því að taka hluta af tekjum ríkissjóðs, og hefði þess vegna, ef ég hefði staðið hér við 2. umr. þessa máls í þessari d., greitt atkv. á móti hans till. Nú er ég hvorki spámaður né spámannlega vaxinn, né heldur ætla ég að varpa yfir mig neinum slíkum hjúp, og ég er ekki bær um að segja fyrir um það, hver raunveruleg niðurstaða ríkisbúskaparins verður næsta ár. En ég lít þeim augum á ástandið, að ég mundi ekki sem fjmrh. þora, þrátt fyrir það, sem ég nú hef lýst um þörf bæjar- og sveitarfélaga, að rýra tekjur ríkissjóðs, — ég mundi ekki þora það með þeirri verkun, sem hefur verið á gjaldahlið fjárl. að lokinni 3. umr. yfirleitt, og út frá því grundvallarsjónarmiði, sem okkur öllum er að verða æ ljósara, að greiðsluhallafjárl. leiða til mikils ófarnaðar í öllu efnahagslífi þjóðarinnar. — Þetta vil ég að liggi skýrt fyrir hvað mig áhrærir og okkur umboðsmenn Sjálfstfl. í ríkisstj.

Emil Jónsson: Herra forseti. Það er sjálfsagt þýðingarlaust að fara um þetta mál mörgum orðum héðan af eftir þá yfirlýsingu, sem forsvarsmaður þess, hv. 7. þm. Reykv., gaf hér áðan, að hann mundi nú ekki lengur greiða atkv. með þeim till., sem hann bar hér sjálfur fram. Það hefur þess vegna farið fyrir honum eins og hv. 2. þm. Reykv. lýsti áðan, að Sjálfstfl. virðist hafa glúpnað fyrir hinum kreppta hnefa fjmrh. og forsrh., sem báðir lýstu yfir við 2. umr., að þeir segðu af sér, ef þessi till. næði fram að ganga. En ég stóð hér upp til þess að benda á það, sem hv. 7. þm. Reykv. gerði að meginmáli í sínum málflutningi, bæði fyrr og nú, nefnilega það, að hans skoðun væri, að það mætti vel afgreiða tekjuhallalaus og greiðsluhallalaus fjárl., þó að þessi samþykkt væri nú gerð. Það kom skýrt fram hjá honum við fyrri umr. og kom enn fram hjá honum í þessari yfirlýsingu, svo að það, að hann glúpnar fyrir fjmrh., getur ekki stafað af öðru en ofríki hans, því að meginkjarni málsins stendur enn óhaggaður að hans dómi, að þetta sé hægt án þess að koma út með greiðsluhalla, þó að þessi samþykkt verði gerð. Mér finnst ekki skelegg þessi forusta Sjálfstfl. í þessu máli, og þó að viðurkennt sé, eins og gert er nú af hæstv. atvmrh. og ýmsum öðrum sjálfstæðismönnum, sem um þetta mál hafa talað, að þörf bæjarfélaga sé brýn, og farið um hana viðurkenningarorðum, þá lifa þau ekki á því; því aðeins lifa þau, að það fylgi einhver verk á eftir, sem þau geta haft gagn af. En hæstv. atvmrh. sagði í sinni ræðu, að nú væri þessu máli svo langt komið og gengið svo langt til móts við óskir framsóknarmanna í því, að það ríkti jólafriðarkærleiksandi, eins og hann orðaði það, á stjórnarheimilinu, og þá er sjálfsagt vel, enda víst fyrir þennan jólafriðarkærleiksanda fórnað hagsmunum bæjarfélaganna.

Það var enn eitt atriði, sem ég vildi minnast á í þessu sambandi, það er, að mér finnst hæstv. fjmrh. í sinni ræðu rugla saman tveimur óskyldum hlutum, óskyldum hugtökum. Annars vegar

því að bæta úr brýnni þörf bæjanna fyrir auknar tekjur og hins vegar að standa í skilum með einhvern hluta af þeim skuldum, sem ríkissjóður á ógreiddar til bæjanna. Þetta er tvennt óskylt, og þó að leyst sé úr öðru, þá bætir það ekkert úr hinu. — Ég sýndi fram á það áðan, að þó að ríkissjóður tæki sig til og greiddi ⅓ af skuldum sínum við bæjar- og sveitarfélögin vegna hafnargerða og ⅓ af skuldum vegna skólabygginga, þá kemur það tæplega öðrum að notum en þeim, sem losna við þá vaxtabyrði, sem á þeim hvílir, vegna þess að þau hafa orðið að standa undir þátttöku í lánum, sem tekin hafa verið gegn greiðslu, þegar þessi ríkissjóðsframlög yrðu innt af hendi. Með öðrum orðum: Það, sem skeður, þegar þessar greiðslur eru inntar af hendi frá ríkissjóði, er, að þær eru veðsettar, en vextirnir fara til lánardrottnanna, og þeir verða þeim mun betur stæðir. Bæjarfélögin eiga ekki heldur inni hjá ríkissjóði sömu upphæð, en losna við vaxtabyrði, sem á þeim hefur hvílt þyngst. Það er eini ávinningurinn. En þeirra rekstur er á eins völtum fótum eftir sem áður. Þetta er höfuðkjarni málsins. Það er því ekkert verið að koma til móts við óskir bæjar- og sveitarfélaga um bætta rekstraraðstöðu.

Það hefur verið sýnt fram á það með rökum, hve geysilega miklu örðugri öll aðstaða bæjanna hefur verið gerð með innheimtu skatta, sem í heild sinni nema jafnhárri upphæð og útsvörin. Söluskatturinn veldur því, hversu torveld er innheimta útsvara. En á móti þessu kemur sú bót frá ríkinu, að það borgar hluta af gömlum skuldum, sem lítið kemur þessu máli við. Ég vildi aðeins benda á þetta og jafnframt hitt, að mér finnst forusta Sjálfstfl. í þessu máli og stjórnarsamvinnunni vera með ólíkindum, eftir því sem maður hefur heyrt því lýst að undanförnu, þar sem það hefur ráðið úrslitum mála hér, að það þarf ekki annað en að hæstv. fjmrh. ybbi sig dálítið, þá lyppast sjálfstæðismennirnir niður og gera eins og Framsókn óskar eftir, til þess að jólafriðarkærleiksandi megi ríkja á stjórnarheimilinu, og hagsmunum bæjar- og sveitarfélaganna er fórnað.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Aðalatriði þess máls, sem hér hefur verið mest rætt, er í sambandi við tekjuþörf bæjar- og sveitarfélaga. Mér hefur skilizt, að allir væru á einu máli um það atriði, að bæjar- og sveitarfélög landsins þurfi verulega á því að halda að fá auknar tekjur. Ég hef ekki heyrt neinn þm. vefengja það. En þrátt fyrir það að þessi staðreynd er viðurkennd af öllum og þótt svo langt sé komið málum, að meiri hl. þm. hér í Nd. hafi samþ. ákveðnar ráðstafanir til þess að bæta úr í þessum efnum, þá á nú að kippa þessu öllu til baka, og eftir það að hafa hlýtt á ræðu hæstv. fjmrh., form. þingflokks Framsfl., þá hefur maður ekki orðið var við, að það sé meining ríkisstj. að sinna að nokkru leyti þeim meginóskum bæjar- og sveitarfélaganna að greiða eitthvað fram úr í sambandi við tekjuöflun þeirra. Með öðrum orðum: Það á að neita algerlega beiðni þeirra um auknar tekjur. Hæstv. atvmrh., form. Sjálfstfl., undirstrikaði að vísu í sinni ræðu, að um það væri ekkert að efast, að tekjuþörf bæjar- og sveitarfélaga væri sannarlega mikil. En ég býst við, að hv. þm. hafi tekið eftir því, að hann innti ekki að því, að í ráði væri að bæta úr þessu á nokkurn hátt, því að það er væntanlega hv. þm. öllum ljóst, að þau loforð, sem hér liggja fyrir um það, að bæjar- og sveitarfélögunum skuli greiddar 5 millj. upp í vangreidd framlög ríkisins til skólabygginga og 2 millj. upp í vangreidd framlög ríkisins til hafnarframkvæmda, — það er öllum ljóst, að slíkar greiðslur eru ekki á neinn hátt tekjur fyrir bæjar- og sveitarfélög landsins. Hér er aðeins um að ræða, að ríkissjóður greiði til þeirra þá skuld, sem hann er í við bæjar- og sveitarfélögin. En það veit ríkisstj. vel, að flest bæjar- og sveitarfélögin eru þegar búin að fá lán út á þessar innstæður hjá ríkinu, og því mundu þessu efni og lofaði því beinlínis að greiða úr fjárhagsvandræðunum nema í örfáum tilfellum.

Ég þjóst við, þar sem ég veit, að í Sjálfstfl. eru menn, sem hafa hug til að skilja, að ekki verður lengur vikið sér undan að verða við óskum bæjar- og sveitarfélaganna um aukna tekjustofna, og þar sem þeir höfðu stigið svo stórt spor til úrbóta í þessu máli, að um leið og þeir voru knúðir til að stíga það til baka, yrði þó gefin yfirlýsing um, að ríkisstj. ætlaði sér á síðara stigi málsins að koma með úrlausn í þessu efni og lofaði því beinlínis að greiða úr þessum vanda með auknum tekjustofnum. Það er viðurkennt, að söluskatturinn, sem ríkisstj. innheimtir, er álíka hár og allar útsvarsálögur í landinu eru. Þegar ríkisstj. innheimtir hann með jafnmikilli hörku og nú er gert af gjaldendum bæjar- og sveitarfélaganna, hefur farið þannig, að þau hafa orðið að draga sig til baka með sínar álögur og ekki treyst sér til að halda uppi innheimtu þeirra. — Það, sem ég tel að hafi komið fram í þessu máli, er, að Sjálfstfl. hafi ætlað að verða að nokkru við óskum bæjar- og sveitarfélaganna og meiri hluti hans unnið að því, en verið rekinn til baka af Framsókn og hún beri ábyrgð á og verði að standa við þá ábyrgð, að þessu var neitað. Framsfl. getur ekki skotið sér undan því, að hann ber ábyrgð á þessari neitun. Sjálfstfl. hefur ekki einu sinni getað fengið því lýst yfir, að til stæði að verða við óskum bæjar- og sveitarfélaganna að einhverju leyti. Því verður hv. 7. þm. Reykv., sem vel vill þessu máli, að viðurkenna, að hann sé knúinn til þess með hótunum Framsfl. að víkja í þessu máli, en ætli hins vegar að halda áfram baráttunni fyrir því síðar. — Svona finnst mér þessi mál líta út.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég vil að gefnu tilefni frá hv. þm. Hafnf. taka fram, sem ég hélt að væri óþarfi, að bæði forsrh. og fjmrh. lýstu yfir, að Framsfl. er fylgjandi þeim till., sem hér hafa verið bornar fram af tveim flokksbræðrum mínum, þeim hv. þm. Ak. og hv. 5. þm. Reykv., um að skattalöggjöfin verði öll endurskoðuð. Í því sambandi verður auðvitað tekið til athugunar, hvaða leiðir eru færar til að ráða bót á viðurkenndri þörf á auknum tekju-

stofnum fyrir bæjar- og sveitarfélögin. Það er m. a. í trausti þess, að sú endurskoðun leiði til úrbóta, að ég get ekki með góðri samvizku samþ., að ríkisstj. afsali sér nú hluta af tekjum sínum. Auk þess þorir stj. ekki að taka við fjárlögum með þeim gjöldum, sem vitað er að verða á þeim, ef tekjustofnar ríkissjóðs verða rýrðir.

Út af þessum metnaði um stjórnarforustu býst ég við, að stjórnarflokkarnir haldi þar hvor sínum hlut fyrir hinum. Ég hef aldrei sagt annað en að Sjálfstfl. hafi borið fram fyrstur þær tillögur, sem stjórnarframkvæmdirnar byggjast á, en í þeim till. er meginatriðið að afgreiða ekki fjárlög með greiðsluhalla. Það er því óþarfi að brýna okkur á því, að við svíkjum okkar yfirlýsingar og lútum öðrum. Hitt er svo fróðlegt að heyra, að nokkrir af þm. telja það einskis virði fyrir sín kjördæmi, sem ríkisstj. hefur haldið sig gera þeim í vil með því að greiða vissar skuldir. Er ekki sízt fróðlegt að heyra, að hv. þm. Hafnf. telur þetta einskis virði fyrir sitt kjördæmi, ef má ganga út frá því, að hann meini það, og má þá greiða öðrum meira.

Emil Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki vera langorður. Það er aðeins tvennt, sem mig langar til að benda á. Hæstv. atvmrh. sagði út af forustuhlutverki Sjálfstfl., að uppistaðan í yfirlýsingu, sem hann hefði gefið í sambandi við efnahagsmálin, væri, að gengið væri frá greiðsluhallalausum fjárlögum. — Ég benti á í minni ræðu áðan, að hv. 7. þm. Reykv. hefði bæði fyrr og nú talið þessa framkvæmd, að bæjarfélögin fengju hluta af söluskattinum, mögulega án þess að afgreiða fjárlög með greiðsluhalla og þannig samrýmanlega þeirri yfirlýsingu, sem ríkisstj. hefði gefið. Þess vegna undrar okkur hina, að skuli hafa verið horfið af þessari braut, vegna þeirrar yfirlýsingar hv. 7. þm. Reykv., að hægt væri að gera þetta innan ramma yfirlýsingar Sjálfstfl.

Hitt atriðið er svo það, að hann lét einnig óbeinlínis í ljós, að sjálfsagt þyrfti ég ekki að vænta mikils af þessu fyrir mitt kjördæmi. Það er kannske, — ég vil ekki segja óeðlilegt, — en mér finnst það eftir öðru hjá hæstv. ríkisstj., ef þm. má ekki láta í ljós skoðun sína án þess að vera heitið straffi. Ég þykist hafa málfrelsi hér, en ef það málfrelsi á að kosta það, að mitt kjördæmi verði afskipt, þá fer að verða vandlifað. — Ég spurði hæstv. fjmrh. að, hvernig ætlunin væri að skipta þessu, hvort ætti að gera það í hlutfalli við inneign bæjar- og sveitarfélaganna. Hann gaf loðin svör og sagði, að enn hefði ekki verið tekin ákvörðun um það. En ef það er eins og hæstv. atvmrh. lét skína í, að það ætti að mismuna mönnum eftir skoðunum, styrkir það þann grun, að ekki eigi að skipta því alveg hlutfallslega rétt, en það kemur í ljós á sínum tíma.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Mig grunaði, að þegar hv. þm. Hafnf. væri gegnumlýstur, kæmi sannleikurinn í ljós. Og það kom líka í ljós, að hann metur þessi fríðindi allmikils, og það var til þess að fá þá játningu, að ég setti hann undir smásjána. Vil ég þakka honum fyrir, að hann lætur sannleikann koma í ljós, að hann telur þetta frv. mikils virði, og hygg ég, að hann þurfi ekki að kvíða því, að hann verði þar útundan. Okkar viðskipti hafa ekki verið þannig undanfarið, að við þyrftum hvor undan öðrum að kvarta.

Hvað viðvíkur því, sem hv. þm. sagði um, að hv. 7. þm. Reykv. hefði talað um, að hægt væri að fullnægja þörf bæjar- og sveitarfélaganna án þess, að greiðsluhalli yrði á fjárlögunum, þá treysti ég mér líka til að benda á leiðir til þess með því að leggja á nýja skatta. En að því slepptu er eðlilegt, að geti orðið skoðanamunur stundum milli manna, sem að öðru leyti fella vel saman skoðanir. Við vitum, að þegar velt er yfir 400 milljónum, getur slíkt sem þetta alltaf verið álitamál. Og enda þótt hv. 7. þm. Reykv. sé í tölu þeirra manna, sem ég hef ástæðu til að spyrja ráða, þá er það svo með mig gagnvart honum eins og hann gagnvart mér, að báðir þykjast mega dæma út frá sínum sjónarhól, og ef við ætlum okkur það mannlega eðli að vera hætt við að vernda sérstaklega þá hagsmuni, sem manni er falið að gæta, er eðlilegt, að ég vilji gæta þess, að tekjur ríkissjóðs verði ekki skertar, og að hann sæki þar á fyrir bæjar- og sveitarfélögin. Þetta skýrir þennan skoðanamun milli okkar, og eðli málsins er þannig, að eðlilegt er, að nokkurs skoðanamunar gæti. — Það er varla hægt að búast við, þó að sú ósk sé fram borin að skipta tekjum milli bæjar- og sveitarsjóða og ríkissjóðs, að það geti náð fram að ganga á því þingi, sem það er borið fram á. Það vilja ævinlega vakna í hugum hinna sanngjörnustu manna efasemdir um það, hve mikið sé óhætt að láta af hendi og hve rík þörfin sé og hvernig eigi að bæta úr henni. Það tekur alltaf sinn tíma að athuga þetta og bæta úr því, þó að allir séu af bezta vilja gerðir. — Þarf ég svo ekki frekar um þetta að ræða.

Frsm. 1. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég verð að segja, að mér fannst leggjast lítið fyrir kappann, þegar hæstv. atvmrh. — nýbúinn að leggja sig í duftið fyrir Framsfl. — kemur hingað í Nd. og fer að koma með hótanir við þá þm., sem hann þykist geta náð sér niðri á sem ráðh. Mér datt í hug: „Þú hefnir þess í héraði, sem hallaðist á Alþingi.“ — Hæstv. fjmrh. telur það sjálfsagðan hlut, að ríkið borgi skuldir sínar við Landsbankann. En bæjar- og sveitarfélögin eiga að líta á það sem rausn og þakka þau fríðindi, að ríkið borgi þeim lögboðnar greiðslur, sem það skuldar þeim. En að borga Landsbankanum, það er sjálfsagður hlutur! — Hæstv. atvmrh. sagði, að Sjálfstfl. mundi halda sínu forustuhlutverki, en ég býst ekki við, að neinn muni efast um, að Sjálfstfl. fór í undanhaldi fyrir Framsfl. í þessu máli.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Mér datt í hug að gera fyrirspurn í sambandi við þessa umræðu. Mér skilst, að höfuðrök hæstv. atvmrh. fyrir, að hann geti ekki orðið við þessu, sé ótti við, að geti orðið greiðsluhalli á fjárlög-

unum, og í þeim efnum falli ekki saman skoðun hans og hv. 7. þm. Reykv., og í rauninni má segja, að svipuð rök komi fram hjá hæstv. fjmrh., — en mér dettur þá í hug að spyrja, hvort þeir gætu ekki fallizt á þessi ákvæði þannig, til þess að þeir sýndu greinilega sinn vilja, að það, sem innheimt verður af söluskattinum fram yfir ákvæði fjárlaganna, rynni til bæjar- og sveitarfélaganna. — Ég óska eftir, að þeir vildu svara þessu, því að það er veruleg bót að fá þó þetta.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég vil þakka samúð og virðingu í ræðu hv. 2. þm. Reykv. Honum finnst sýnilega, að þegar ég er í stjórn, eigi ég einn að ráða öllu, og byggir það þá sennilega á því, sem var, þegar hans flokkur var í stjórn. — Út af fyrirspurn hv. 2. landsk. vil ég segja það, að ég tel nógan tíma til að ráðstafa tekjuafgangi ríkissjóðs, ef hann verður, en í öðru lagi, og það er aðalatriðið, er ekki hægt að gefa slík fyrirheit, því að ef tekjustofnarnir fara ekki fram úr áætlun, verður greiðsluhalli, því að við vitum, að það má alltaf búast við umframgreiðslum, og það er ekkert nýtt, heldur reynsla margra ára.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég vildi gjarnan fá tækifæri til að bera fram brtt. í þessa átt, en hef enn ekki samið hana.

Forseti (SB): Það má doka við augnablik, meðan hv. þm. gengur frá till. — — — Mér hefur borizt svo hljóðandi skrifleg brtt. frá hv. 2. landsk. og hv. þm. Hafnf.:

„Á eftir 3. gr. frv. komi ný grein, svo hljóðandi:
Fari söluskatturinn fram úr þeirri upphæð, sem áætlað er í fjárlögum, rennur það, sem umfram er, til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til skipta í hlutfalli við íbúatölu sveitarfélaganna.“

Um þessa till. þarf tvöföld afbrigði, þar eð hún er of seint fram komin og auk þess skrifleg.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 517) leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 511 felld með 18:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÞG, JÁ, LJós, SG, GÍG, ÁS, EOl, EmJ.

nei: EystJ, GG, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JG, JPálm, JS, JörB, ÓTh, PÞ, PO, SkG, StgrSt, AE, ÁB, BÓ.

GTh, SÁ, MJ, SB greiddu ekki atkv.

5 þm. (FJ, JR, KS, ÁkJ, ÁÁ) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Gunnar Thoroddsen: Með tilvísun til þeirrar yfirlýsingar, sem ég gaf í umr. hér áðan, greiði ég ekki atkv.

Jóhann Hafstein: Í trausti þess, að það samkomulag innan ríkisstj., sem samþykkt tillagna hv. 7. þm. Reykv. (GTh) við 2. umr. þessa máls hér í d. hefur áorkað, sé aðeins upphaf að því, að ríkisstj. sinni þeirri skyldu við endurskoðun á tekjuskiptingu ríkisins annars vegar og bæjar- og sveitarfélaga hins vegar að sjá bæjar- og sveitarfélögum fyrir nýjum verulegum tekjustofnum til þess að mæta þeim síauknu álögum, sem ríkisvaldið hefur lagt þeim á herðar, — af þessum ástæðum segi ég nei við till. hv. 2. þm. Reykv.

Jón Pálmason: Með tilvísun til grg. hv. 5. þm. Reykv. segi ég nei.

Magnús Jónsson: Með skírskotun til grg. hv. 7. þm. Reykv. og þar sem stjórnarsamvinnan mundi vera í hættu, ef till. þessi yrði samþ., þá greiði ég ekki atkv.

Sigurður Bjarnason: Með skírskotun til grg. hv. 7. þm. Reykv. greiði ég ekki atkv.

Brtt. 517 felld með 17:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÞG, JÁ, LJós, SG, GÍG, ÁS, EOl, EmJ.

nei: GG, HÁ, HelgJ, IngJ, JG, JPálm, JS, JörB, ÓTh, PÞ, PO, SkG, StgrSt, AE, ÁB, BÓ, EystJ.

GTh, SÁ, GÍG, SB greiddu ekki atkv.

6 þm. (JóhH, JR, KS, ÁkJ, ÁÁ, FJ) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 19:8 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 518).

18. Almannatryggingar (stjfrv.).

Á 21. fundi í Sþ., 3. des., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau [139. mál] (stjfrv., A. 318).

Á 37. fundi í Ed., 4. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég vildi aðeins láta nokkur orð fylgja þessu frv. úr hlaði.

Það eru þrjár breyt. hér, sem ætlazt er til að gerðar séu á l. um almannatryggingar.

Fyrsta brtt. er um breyt. á 21. gr. l., þannig að í stað orðanna „samkvæmt vísitölu“ komi: samkvæmt kaupgjaldsvísitölu. — Þetta er í raun og veru aðeins skýring, en ekki efnisbreyting. Eins og nú er háttað, er um fleiri en eina vísitölu að ræða, og gat því orðið misskilningur á því, um hvaða vísitölu væri að ræða. Nú er gerður munur á kaupgjalds- og framfærsluvísitölu. Þarf ekki að eyða um þetta fleiri orðum, þar sem þetta er í raun og veru aðeins skýringaratriði.

Í 2. gr. er hins vegar um nokkra efnisbreytingu að ræða. Framlag ríkisins til almannatrygginga hefur verið miðað við meðalvísitölu næsta árs á undan, m. ö. o., þegar ákveðið er framlag ársins 1952, þá er miðað við meðalvísitölu þessa árs, og er það hún, sem upphæðin á fjárlögum er miðuð við. En þegar jafnmiklar breytingar á vísitölu eiga sér stað og nú, þá myndast bil á milli tekna og útgjalda, þannig

að tekjurnar hrökkva ekki fyrir útgjöldum. Á miðju þessu ári veitti ríkisstj. nokkra upphæð til að brúa þetta bil, en það hjálpaði ekki nema að nokkru leyti. Framlagið til tryggingannna var miðað við 131 stig, en nú er vísitalan komin upp í 144 stig. Nú er lagt til að breyta þessu þannig, að í staðinn fyrir meðalvísitölu næsta árs á undan komi kaupgjaldsvísitala marzmánaðar sama árs. M. ö. o., hér er lagt til, að framvegis verði iðgjöld hinna tryggðu og atvinnuveitenda, svo og framlög ríkissjóðs og sveitarsjóða, ákveðin samkvæmt kaupgjaldsvísitölu marzmánaðar það ár, sem gjöldin eru á lögð. Á þennan hátt er reynt að komast sem næst því, að stofnunin geti staðið undir rekstrinum hvert ár. Forstjóri og starfsfólk stofnunarinnar álíta, að hægt sé að miða við vísitölu marzmánaðar, án þess að það trufli verulega reksturinn. Hér er því um efnisbreytingu að ræða, sem miðar að því, að tekjur og gjöld Tryggingastofnunarinnar verði meira í samræmi hvað við annað en verið hefur.

Þriðja breyt., sem hér er um að ræða, er varðandi bráðabirgðaákvæði almannatryggingalaganna, sem gilt hafa frá 1946 og eru á þá leið, að greiðslur ellilífeyris samkvæmt 15. gr., örorkulífeyris samkvæmt 18. gr. og barnalífeyris samkvæmt 20. gr. verði næstu 5 ár háðar nokkrum takmörkunum. Nú eiga þessi lagaákvæði að falla úr gildi um áramót, og er hér lagt til, að þau verði framlengd um eitt ár, en það er út frá því sjónarmiði ríkisstj., hvort ekki muni vera hægt á þeim tíma að skapa traustan grundvöll, því að ríkissjóður er ekki viðbúinn þeim útgjöldum, sem af því leiðir, að lagaákvæði þessi falli nú úr gildi, en þau munu nema 5 millj. kr. til viðbótar við tekjuhalla stofnunarinnar. Það þarf að finna henni grundvöll til að afla sér tekna á sama hátt og áður. En hvað viðvíkur því að framlengja um eitt ár þessi ákvæði, sem hafa verið í gildi síðastl. 5 ár, þá vil ég lýsa því yfir fyrir hönd félmrn., að það er ákveðið, að á þessum tíma verði fundin leið til úrlausnar, svo að ekki þurfi að framlengja þessi ákvæði lengur en þetta eina ár.

Ég vildi aðeins leyfa mér að taka þetta fram, en sé ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, en það er augljóst mál, að frv. þetta verður að afgreiða fyrir áramót, þar sem ákvæði þessi falla þá úr gildi. Vildi ég því leyfa mér að biðja þá nefnd, er mál þetta fær til athugunar, að hraða afgreiðslu þess eins og unnt er. — Legg ég svo til, að málinu verði vísað til 2. umr. og heilbr.- og félmn.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Hæstv. félmrh. hefur fylgt þessu frv. úr hlaði með nokkrum orðum, og þarf ég ekki að endurtaka neitt af því. Ég vil aðeins geta þess í sambandi við 1. gr., að tilefni hennar er það, að eitt sveitarfélag hefur ekki viljað fallast á að greiða framlag sitt miðað við kaupgjaldsvísitölu, heldur var talið, að önnur vísitala ætti þar betur við, og vænti ég, að ráðuneytið taki þetta til athugunar. — Það er rétt, sem hæstv. ráðh. sagði um ástæðuna fyrir 2. gr., og það er sýnilegt, að bilið milli tekna og greiðslna stofnunarinnar er orðið of mikið. Sá halli, sem varð á rekstrinum, er ekki að fullu uppgerður, en það má vænta þess, að hann verði ekki undir 8 millj. kr. Það er því sjáanlegt, að þetta bil er orðið allt of mikið. Hins vegar finnst mér ekki fullkomlega öruggt að leysa málið á þennan hátt, þó að gr. þessi verði samþ. Ráðherrann gat þess, að síðastl. sumar hefði vísitalan hækkað úr 131 upp í 144 stig, eða um 13 stig. Á yfirstandandi ári hefur vísitalan hækkað úr 123 í 144, eða um 21 stig. Það liggur í hlutarins eðli, að ef vísitalan tekur svipuðum breytingum á næsta ári og nú síðan í ársbyrjun, þá er í því fólgin hætta fyrir starfsemi tryggingannna. Setjum t. d. svo, að vísitalan hafi í árslok 1952 hækkað um 10 stig, miðað við marzvísitöluna. Ég þykist mega gera ráð fyrir því, að hæstv. ríkisstj. byggi sínar till. á því, að dýrtíðin haldi ekki áfram að vaxa verulega. Áhætta er því ekki mikil, sem ríkisstj. tekur á sig. Ég get ekki neitað því, að mér virðist ástæða til að óttast, að svo kunni að fara, að dýrtíðin vaxi enn. Ég vildi spyrjast fyrir um það, hvort ekki sé hægt að finna betri leið. — Varðandi 3. gr. gat hæstv. ráðh. þess, að ríkisstj. mundi fyrir lok ársins 1952 leggja till. fyrir hv. Alþ. um það, hvar ætti að afla fjár til að mæta því, sem af því leiðir að fella bráðabirgðaákvæðið niður. Mér þykir gott að heyra, að það er ekki dregið í efa, að till. verði komnar frá ríkisstj. Ef ætlunin er þessi hjá ríkisstj., finnst mér eðlilegt, að ákvæði sé sett inn í frv. á þessu þingi, og mun ég ræða það við hv. n. og ríkisstj. Að sjálfsögðu greiði ég atkv. með því að vísa málinu til n. og 2. umr. Nú liggur fyrir Nd. frv. um breyt. á almannatryggingunum, og finnst mér rétt að taka til athugunar, hvort ekki sé hægt að fella efni þess inn í þetta frv., ef hv. d. og n. gætu fallizt á það.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég ætla að segja örfá orð vegna ummæla hv. 4. þm. Reykv. varðandi 2. gr. frv. Hv. þm. talaði um, að ekki væri enn þá nógu tryggilega um hnútana búið gagnvart almannatryggingunum. Fyrst og fremst er hér um geysimikla breytingu að ræða. Í staðinn fyrir að miða við meðalvísitölu ársins á undan á að miða við vísitölu marzmánaðar ársins. Það má segja, að það sé komizt eins nærri þessu eins og hægt er með því að miða við marz. — Ríkisstj. lítur svo á, að rétt sé að raska ekki hlutfalli milli einstakra sveitarfélaga og ríkissjóðs og eitt og sama verði yfir þau að ganga. — Ég vil enn fremur segja það, að hv. Alþ. verður að gera það upp við sig, hvort það eigi að mæla svo fyrir, að athugun skuli fara fram á bráðabirgðaákvæðinu, en mér finnst þetta vera óþarfa vantraust á ríkisstj. og félmrh. — Annars sé ég ekki ástæðu til að ræða þetta frekar á þessu stigi málsins. N. mun fá þetta til meðferðar og athuga alla þessa hluti og sjálfsagt fleiri.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 12 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., 10. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Ed., 11. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 318, n. 365).

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Frv. það, sem hér er til umr., er borið fram af hæstv. ríkisstj., og hafði heilbr.- og félmn. það til umsagnar. N. athugaði málið, og það, sem henni fannst aðalatriði þess, er, að stemma verði stigu við því, að gengið verði á sjóði stofnunarinnar, og ber í því skyni fram brtt. Nú hefur það komið í ljós, að hæstv. fjmrh. er ekki ánægður með þessa till., og hefur n. því ákveðið að taka hana til baka til 3. umr. og væntir þess, að frv. verði látið ganga til 3. umr. eins og það kom frá hæstv. ríkisstj.

Brynjólfur Bjarnason: Ég vil gera þá grein fyrir atkv. mínu, að ég get ekki fallizt á þessa iðgjaldahækkun hinna tryggðu. Þess vegna hef ég flutt hér frv. um afnám iðgjalda hinna tryggðu með öllu, og ég hefði óskað eftir, að n. tæki það frv. til athugunar milli umræðna um þetta frv.

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): N. hefur lítillega rætt frv. það, er hv. þm. gat um, en ekki tekið afstöðu til þess að svo stöddu, en væntanlega vinnst tími til þess síðar.

ATKVGR.

Brtt. 365 tekin aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 42., 45. og 46. fundi í Ed., 13. og 17. des., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 47. fundi í Ed., 18. des., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 318, 365, 461, 462, 476).

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Meiri hl. heilbr.- og félmn. hefur lagt hér fram brtt. á þskj. 461, og er hún við brtt. á þskj. 365. Við 2. umr. hér í hv. deild var boðað af hálfu n., að hún mundi leggja fram nýja brtt., og er hún flutt hér með.

Aðalbreytingin, sem meiri hl. n. leggur til að gerð verði frá því, sem er í frv. nú, er viðbót við 2. gr. frv. og er á þessa leið: „Nú hefur vísitöluálag á tekjustofna Tryggingastofnunarinnar næstliðið ár verið lægri en vísitöluuppbót á bætur hennar, og er þá ráðh. heimilt, að fengnum till. tryggingaráðs, að hækka álagið á tekjuliðina um allt að því, sem vísitölumunurinn nam.“ M. ö. o., í þessum málslið er gert ráð fyrir því, að þegar gengið hefur verið á sjóði Tryggingastofnunarinnar á einu ári með því að leggja hærra vísitöluálag á bætur hennar en fengizt hefur á tekjuliðunum, þá er ráðh. heimilt að hækka álagið á tekjustofnunum árið eftir. Þetta er sú trygging, sem meiri hl. n. vildi reyna að fá gegn því, að gengið sé um of á sjóði stofnunarinnar. Ég vil vekja athygli á því, að hér er um heimild að ræða, en ekki kvöð.

3. málsliður var áður leiðréttur, en þar hafði af vangá fallið niður úr frv., því að í frv. sjálfu er gert ráð fyrir, að álagning á iðgjöldin miðist við kaupgjaldsvísitölu marzmánaðar það ár, sem gjöldin eru á lögð, en við gerum ráð fyrir, að iðgjöld lögskráðra sjómanna skuli innheimt samkv. kaupgjaldsvísitölu janúarmánaðar, þar til vísitöluálag ársins hefur verið ákveðið.

Þá flytur meiri hl. n. einnig brtt. á þskj. 462. Það hefur verið venja, í stað þess að láta hinar mörgu lagabreyt. vera hingað og þangað, að fella þær inn í meginmál l., og er gert ráð fyrir því með þetta atriði. — Ég vil svo geta þess, að n. var sammála um það, að hún teldi sig ekki geta orðið við tilmælum, sem hún hafði fengið frá hv. 1. landsk. um þessi mál.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég vil aðeins segja nokkur orð um þessa till. frá hv. heilbr.- og félmn., sem hér liggur fyrir. Ég er samþykkur sumu af þessu, eins og t. d. breyt. við síðasta málslið, sem mun eiga að vera leiðrétting. Hins vegar vil ég taka það fram út af breyt. í sömu till., að ef vísitöluálag á tekjustofna Tryggingastofnunarinnar á næstliðnu ári hafi verið lægra en vísitöluuppbót á bætur hennar, sé ráðh. heimilt, að fengnum tillögum tryggingaráðs, að hækka álagið á tekjuliðina um allt að því, sem vísitölumismunurinn nam, — þá vil ég taka það fram, að ef á að nota heimild þessa að fullu t. d. í marz nú, þá mundi þessi breyting hafa um 5½ millj. kr. hækkun í för með sér á útgjöldum fyrir þá aðila, sem standa eiga undir þessu. Þetta mundi þá verða hjá sveitar- og bæjarfélögum rúm 1 millj. kr., einstaklingum 1750 þús. kr., ríkissjóði 1750 þús. kr. og hjá atvinnurekendum 850 þús. kr. Hér er að vísu aðeins um heimild að ræða, en ég vil taka það fram, að ég veit ekki til þess, að fundin hafi verið nein leið til þess að standa undir þessum kostnaði á fjárlögum. Framlagið á undanförnum fjárlögum hefur ekki hrokkið fyrir útgjöldum; því er áreiðanlega ekki nein leið fyrir hendi til þess að standa undir öllum þessum greiðslum. Ég tel ekki heldur rétt að taka þetta á sig nú, þar sem ekki hefur gengið svo vel með innheimtu frá sveitarsjóðum og einstaklingum. Ég tel þetta því ekki réttan grundvöll, eins og fjárlögin eru nú, því að það er ekki heldur fengin nein vissa fyrir því, að heimild þessi yrði notuð. Í öðru lagi virðist mér, að breyt. um það, hvernig iðgjöldin skuli á lögð, sé þannig varið, að Tryggingastofnunin megi vel við una. Mér er sárt um, að stofnunin skuli þurfa að ganga á sína sjóði, eins og hún hefur þurft að gera allverulega, þó að nú sé reynt að hindra slíkt með þeim breyt., sem hér eru gerðar. — Ég sé svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum. Þó svo fari, að heimild þessi verði veitt, þá sé ég ekkert vit í að framkvæma hana, og liggur það í hlutarins eðli; það mun og hv. deild sjá, þegar til kemur, að hún þurfi að taka ákvörðun um málið. Vildi ég og mælast til þess, að hv. n. láti sér þessar breyt. nægja

og geri ekki frekari kröfur í þessu efni. — [Fundarhlé.]

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Mér þykir miður, að hæstv. félmrh. skuli ekki vera viðstaddur þessar umr., einkum vegna ummæla, er hann hafði hér um þetta mál. En mér er kunnugt um, að hæstv. félmrh. hefur verið lasinn. **(Forseti:** Hæstv. viðskmrh. ætlaði að vera viðstaddur umr.) Má ég bíða, þar til hann kemur? **(Forseti:** Já. — — — Það er ekki hægt að bíða lengur eftir hæstv. ráðh.)

Mér eru það mikil vonbrigði, að hæstv. ráðh. skyldi taka þá afstöðu til brtt. á þskj. 461, sem hann gerði. Ég tel, að með henni hafi verið gengið mjög til móts við óskir hæstv. ríkisstj. Eins og þinginu er ljóst og n. er sammála um, er ekki hægt að halda áfram þeim taprekstri, sem verið hefur á Tryggingastofnuninni nú í tvö ár, og ganga á sjóði stofnunarinnar. Hæstv. ráðh. hefur látið n. vita það, að stj. muni ekki geta sætt sig við, að þessi útgjöld verði borin uppi af ríkissjóði einum. Þess vegna vildi meiri hl. n. koma til móts við hæstv. stj. með till. þeirri, er ég gat um. Hæstv. ríkisstj. mun hafa talið þessa till. óaðgengilega, en meginefni hennar er, að lagt er til, að stj. skuli vera heimilt að bæta á iðgjöldin álagi, sem nemur allt að þeim mismun, sem varð á tekjum og gjöldum árið á undan. M. ö. o., það er ætlazt til þess, að þannig mætti fá eitthvað upp í tap næsta árs á undan og þessi hækkun skuli koma jafnt niður á alla aðila, ríkið og aðra gjaldendur. Ég skal ekki búa til neinar ágizkanir um, hverju þetta mundi nema. En hvort grípa þyrfti til þessa ráðs, yrði stj. að meta, og væri þá annars vegar að athuga, hver væri raunveruleg útkoma liðna ársins, og hins vegar, hvernig horfði með hækkun vísitölunnar á árinu, sem væri að byrja. Sést þetta betur þegar kemur fram um mánaðamótin febrúar—marz. Ef líkur væru litlar fyrir hækkun, þyrfti ekki að nota heimildina. Ég fæ því ekki betur séð en þessi till. sé aðgengileg fyrir hæstv. ríkisstj. Hitt er annað mál, að með vaxandi atvinnuleysi og dýrtíð sé ég annmarka á því að hækka iðgjöldin. En allt þetta verður að meltast, og auðvitað er, að þessi heimild yrði ekki notuð nema í knýjandi nauðsyn. En ef þessi till. verður ekki samþ., verður Tryggingastofnunin að halda áfram að tapa og ganga á sjóði sína. Ef miðað er við, að vísitalan hækki um 8 stig, þ. e. meðaltalsvísitöluhækkun næsta árs yrði 8 stig, munar það Tryggingastofnunina á 4 millj. kr., og er þá ekki tekið tillit til þess, að útgjöld stofnunarinnar mundu aukast með auknu atvinnuleysi. Og mér finnst það fullkomið ábyrgðarleysi að leggja nú upp með fyrirsjáanlegan taprekstur á Tryggingastofnuninni þriðja árið í röð.

Yfirlýsing hæstv. ráðh. var, að því er mér skildist, á þá leið, að stj. sæi sér ekki fært að nota heimildina, nema gert væri ráð fyrir fé til þess á fjárl. Ég veit ekki betur en verið sé að taka inn á 19. gr. upphæð til þess að mæta kostnaði vegna aukinnar dýrtíðar. Vísitalan nú er 144 stig, en sú upphæð, sem framlag til Tryggingastofnunarinnar var miðað við, er bundin við 142 stig. Er það algerlega eftir venju að taka þetta inn á 19. gr. fjárl., og yrði þá að áætla, hvað þetta mundi nema miklu. Ég sé því ekki, að yfirlýsing hæstv. ráðh. geti verið því til trafala að samþ. þessa till., þar sem ófært er að leggja í þriðja rekstrarárið með fyrirsjáanlegu tapi.

Ég tók eftir því áðan, að hv. frsm. drap á það, að síðasti málsl. á þskj. 461 svaraði til 2. málsl. á þskj. 365, en þessir liðir segja fyrir um, hversu haga skuli til innheimtu iðgjalda vegna lögskráðra sjómanna samkv. 112. gr. laganna. Ef báðar þessar till. verða felldar, vantar öll ákvæði um þetta í frv. sjálft. En iðgjöld þessi eru innheimt um leið og skráð er á skipin, og verður því að hafa ákvæði um, hvernig þau skuli á lögð.

Það er augljóst mál, að ef halda á áfram að eyða sjóðum Tryggingastofnunarinnar, þá hlýtur að reka að því, að veita verði stóra upphæð í eitt skipti fyrir öll eða draga stórlega úr bótum. Hið síðara er ófært með öllu, en það fyrra mjög óheppilegt. Ég get ekki annað séð en Tryggingastofnunin verði að fá tekjur sínar með vísitöluálagi, ef hún greiðir bætur með því. Og ef á að gera stórt átak síðar til að rétta þetta við, verður það miklu erfiðara en fara þessa leið, sem ég hef hér sýnt fram á með rökum.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég verð að segja, að mér eru það mikil vonbrigði, að hæstv. félmrh. skyldi taka svona í málið, og enn meiri vonbrigði, að hann skyldi ekki geta verið viðstaddur umr. Hefði því verið ástæða til að fresta umr. Hæstv. ráðh. hefur ekki heldur getað talað við n. um þetta mál, sem þó er nauðsyn að leysa í samráði við stj. Mín skoðun er sú, að n. hafi farið svo vægt í þetta mál sem unnt var. En hæstv. ráðh. lýsir ekki aðeins yfir, að hann muni ekki nota heimildina, heldur óskar einnig eftir því, að hún verði alls ekki samþykkt. Ég segi það enn, að mér þykir mjög fyrir því, að hæstv. ráðh. getur ekki verið við umræðuna, og ég tel, að það ætti að fresta henni. **(Forseti:** Ef hv. ræðumaður vill fresta umr. stutta stund, er það heimilt. En eftir því sem hæstv. ráðh. hefur tjáð mér, er nauðsynlegt að afgreiða málið áður en þingi verður frestað, og er því ekki hægt að fresta umr. nema stutta stund.) Hér eru nú viðstaddir tveir ráðh., og mun ég halda ræðu minni áfram.

Hæstv. félmrh. lýsti því yfir, að hann mundi því aðeins nota heimildina, að fé yrði veitt til þessa á fjárlögum, og óskaði einnig eftir því, að till. yrði ekki samþ. eins og hún er. Ég vil í sambandi við þetta benda á, hvernig fór um þetta mál í fyrra. Hæstv. ráðh. vildi þá ógjarnan taka við sams konar heimild, en þó fór svo að lokum, að nauðsynlegt reyndist að nota hana, enda hefði það orðið mjög mikill og tilfinnanlegur skellur fyrir Tryggingastofnunina, ef það hefði ekki verið gert.

Ég vil þá í nokkrum dráttum benda á, hvernig málið er nú vaxið. Hæstv. ráðh. lýsti því yfir, að það mundi kosta þá, sem standa undir

tryggingunum, 5 millj. kr., ef heimildin yrði notuð, þar af ríkissjóð 1.75 millj. Þá er sýnilegt, að sjóðir Tryggingastofnunarinnar eru settir í þessa hættu. Verður þá ríkissjóður síðar að leggja fram stóra fúlgu til að bæta þetta eða þá að grípa verður til þess að lækka bætur. Ég skal taka það fram, að þessi laun, þessar bætur, eru þau lægstu laun, sem greidd eru í landinu. Því er mér óskiljanlegt, að meðan stj. greiðir vísitöluuppbót á öll önnur laun, hugsi hún sér að skerða þessi laun, sem eru langlægst, nú þegar verið er að taka inn á 19. gr. fjárl. 3.5 millj. til aukinna launagreiðslna til opinberra starfsmanna. Ef ætlunin er ekki að draga úr bótum, getur þetta ekki endað á annan hátt en þann, að ríkissjóður verður, þegar allt er komið í þrot, að taka á sig þessar greiðslur, sem hann verður ekki færari um að bera þá en nú. Þau ár geta komið, þegar ríkissjóður hefur engan ágóða, en neyðist til þess að greiða gjöldin og verður að taka lán til þeirra greiðslna. Það er þess vegna óskiljanlegt, hvernig hæstv. ráðh. brást við, þegar hann sagði, að Tryggingastofnunin mætti vel við una að hafa marzvísitölu. Ég veit ekki, hvað hæstv. ráðh. á við. Tryggingarnar eru stofnun, sem verður að greiða sínar bætur og hefur ekki aðra möguleika til þess að afla fjár til þeirra greiðslna en með þeim iðgjöldum, sem hún fær. Og það er ekki sök þessarar stofnunar, þó að vísitalan stígi, hún ræður þar engu um. Hún getur ekki unað við annað en fá jafnmikið inn og hún verður að greiða í bætur.

Ég vil í þessu sambandi benda á, að það er nýlega búið að samþ. að taka 600 þús. kr. til þess að greiða í lífeyrissjóð til uppbóta á laun embættismanna. Hæstv. félmrh. var sammála um, að þetta væri nauðsyn. En ef þetta hefur verið nauðsyn, hversu miklu nauðsynlegra er ekki að greiða til trygginganna, til þess að þær geti greitt sín laun til þeirra, sem lægstar tekjur hafa til þess að lifa af á landi hér. Og sé það svo, að það sé ekki meiningin að greiða til trygginganna þann mismun, sem kann að verða, þá er þar verið að fremja slíkt ranglæti sem ég vil ekki trúa að gert verði.

Ég vil ekki mælast til þess, að stj. samþ. till. óbreytta, heldur að hún taki höndum saman við heilbr.- og félmn. þessarar hv. deildar og að hæstv. ráðh. endurskoði sína afstöðu og lýsi því yfir, að verði samþ. heimild handa honum til þess að greiða þetta, þá muni hann nota þá heimild. En á þeim tíma mun hann hafa getað rannsakað, hvort dýrtíðin muni hækka og hvað ríkissjóður muni þola. Það er mjög varhugavert að samþ. ekki þessa till., og hitt er þó enn varhugaverðara, að lýsa því yfir, að þó svo að heimildin verði samþ., þá muni ráðh. ekki nota hana né þá fjárveitingu, sem til þess verður ætluð á fjárlögum. Það hefur áður orðið að greiða stórar fjárhæðir vegna dýrtíðarinnar utan fjárlaga, og það er því ekki nein undantekning, sem hér er verið að gera, og ég skil ekki, hvers vegna á þá að gera þetta að undantekningu og spyrna við fótum í því.

Ég vil vænta þess, að þetta mál gangi fram og ríkisstj. endurskoði sína afstöðu í því.

Finnbogi R. Valdimarsson: Herra forseti. Ég hef flutt tvær brtt. á þskj. 476, og liggja þá fyrir fjórar brtt. við þetta frv. og þar af þrjár við 2. gr. Þar af eru tvær frá heilbr.- og félmn., en þá verður að líta svo á sem hún sé fallin frá frumtill. sinni og haldi í þess stað við þá síðari. En hvað ríkisstj. viðvíkur, þar sem hún hefur lýst því yfir, að hún muni ekki nota sér heimildina, þó að samþ. yrði, þá sé ég ekki betur en það sé gagnslaust að vera að samþ. hana. Á hinn bóginn veit ég ekki heldur, hvað fyrir nefndinni hefur vakað, því að ég var ekki viðstaddur, þegar hún gerði sínar till. Og ég veit ekki heldur, hvort allir gera sér ljóst, hvað liggur í öllum þessum till. Og það er svo yfirleitt um tryggingalöggjöfina í heild, að hún er svo flókin, að menn vita ekki gerla, hvað er í gildi og hvað ekki, og ég vil leyfa mér í því sambandi að benda á, að í 37. gr. í l. nr. 51 1951 er kveðið svo á, að Tryggingastofnunin skuli eins fljótt og auðið sé láta semja handbók um tryggingarmál, er veiti upplýsingar um það, hvaða ákvæði séu í gildi, og einkum þó um réttindi og skyldur hinna tryggðu. Mér er ekki kunnugt um, að Tryggingastofnunin hafi gert þetta, þó að nokkuð sé nú um liðið. Ég tel, að þetta sé hin mesta nauðsyn og ekki síður eftir að fleiri breytingar kunna að hafa verið gerðar.

Það er ekki mitt að gera grein fyrir þeim mun, sem er á frv. ríkisstj. og till. hv. heilbr.- og félmn., en ég get ekki betur séð en það sé gagnslaust að samþ. brtt. á þskj. 461, eftir að ríkisstj. hefur lýst því yfir, að hún muni ekki nota sér þá heimild, sem henni er þar gefin, þó að hún yrði samþ. Ég sé þess vegna ekki betur en það sé ekki annað fyrir heilbr.- og félmn. að gera en annað af tvennu að samþ. 2. gr. eins og hún hefur verið borin fram eða að fylgja mínum till. á þskj. 476. Í mínum till. felst það, að 2. gr. frv. falli niður, svo að lögin frá 1951 verði óbreytt að því leyti, en það þýðir, að 25. gr. verður óbreytt, en ákvæði hennar eru þessi, með leyfi hæstv. forseta, þ. e. síðasta málsgr.: „Iðgjöld samkvæmt 107. og 112. gr. og framlög samkvæmt 114. og 116. gr. laganna, sbr. 24. gr. þessara laga, skulu innheimt með álagi samkvæmt vísitölu næsta árs á undan.“ Þessi regla hefur gilt og mun samkv. mínum till. gilda áfram, en hallann af rekstri trygginganna greiðir þá ríkissjóður samkv. gildandi bráðabirgðaákvæðum þessara laga, en þar er ríkisstj. heimilað að greiða þann halla, sem kann að verða á iðgjöldum annars vegar og hins vegar bótagreiðslum.

Ef farið væri að till. meiri hl., þá mundi það m. a. leiða til stórfelldrar hækkunar á útgjöldum til trygginganna þegar í marz, því að sjáanlegt er, að vísitalan verður þá allmiklu hærri en hún er nú. Það er gert ráð fyrir, að hún verði 144 stig, en hún getur vel verið orðin 150 stig, auk þess sem hallinn á rekstri trygginganna mundi þá taka stórt stökk, sem svo kæmi enn harðar niður á gjaldþoli bæjar- og sveitarfélaga. Það mundu verða stórfelldar skattahækkanir enn ofan á allt það, sem á undan er gengið, og þvert ofan í allt það, sem búið er að fallast á að reyna til þess að létta undir með þessum

aðilum. Bæjar- og sveitarfélög hafa ekkert að gera gegn þessu nema að leggja enn út í að hækka útsvör til þess að reyna að reyta eitthvað saman til að láta í tryggingarnar.

Nú er það fullyrt af þeim, sem kunnugastir eru þeim málum, að það komi ekki til mála að hækka útsvör í þeim tilgangi að reyna að afla tekna. Í samþykkt bæjarstjórafundarins var því slegið föstu, að það kæmi ekki til mála að hækka útsvörin, því að væri sú leið farin, mundi það leiða til þess, að þau mundu ekki innheimtast og hækkunin ekki koma að neinum notum. Hækkun mundi þess vegna ekki gera annað en leiða þetta allt í fullkomið strand. Mér er nokkuð kunnugt um þessi mál, og ég get ekki samþ. að auka enn kröfur um hækkun framlaga. Ég held, að niðurstaðan skíni fullljóst í gegn, að greiðslugeta almennings í landinu er þrotin, og það er tilgangslaust að hækka skattana, því að þeir munu ekki nást inn. A. m. k. var það álit bæjarstjórafundarins, að aukin hækkun mundi ekki gefa miklar tekjur, og þótt ekki liggi annað fyrir, er vitað, að hún mun ekki gefa þær tekjur, sem ætlazt er til. Það er vitað, að skattþunginn hefur aukizt vegna verðbólgunnar, vegna þess að það er viðhafður sami skattstigi og áður og auknar tekjur eiga að gefa stóraukinn skatt, stórum hærri en sem nemur hlutfallslega hækkun á tekjunum. Auk þess hafa bæirnir orðið að hækka skattstiga sinn. En frumorsökin er þó sú, að ríkissjóður hefur gengið svo freklega nærri greiðslugetu almennings, að hann er að þrotum kominn. Hann hefur innheimt sín gjöld með þeim þrælatökum, að nú er svo komið, að bæirnir ná ekki lengur inn sínu. Þetta liggur ljóst fyrir af þessu áliti bæjarstjórafundarins, og það er óhrekjanlegt.

Ég mun ekki treysta mér til þess að greiða atkvæði með frekari hækkunum en felast í mínum till. En með þeim er stefnt að því, að framlögin hækki, en eftir sömu reglu og gilt hefur um það hingað til. Svo langt vil ég ganga til móts við þá þörf, sem fyrir er, og því til viðbótar vil ég leggja það til, að ríkissjóður greiði þann halla, sem kann að verða af því, að bæturnar nemi meiru en tekjurnar.

Ég ætla svo ekki að hafa mál mitt lengra, en ég held, að till. meiri hl. n. séu gagnslausar, og ég held, að hv. meiri hl. hennar ætti að gera sér það ljóst, að ríkisstj. er hér sá aðili, sem mest valdið hefur, og með því að samþ. mínar till. er þetta í sem svipuðustu horfi og verið hefur.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki halda langa ræðu, en ég vil segja nokkur orð út af því, sem hv. 7. landsk. þm. sagði hér, og út af þeim till., sem hann flytur hér á þskj. 476. Og vil ég þá benda honum á, að það er sami gallinn á þeim, þar sem um heimild eina er að ræða. Ef ráðh. vill ekki nota heimildina, þá ná hans till. ekkert lengra, svo að þetta bjargráð hans er ekki alveg öruggt.

Út af því, sem hann sagði um handbók trygginganna, þá er það alveg rétt, að það er ákaflega bagalegt, að hún skuli ekki hafa getað komið út, en það stendur þannig á því, að sá maður, sem um það ætlaði að sjá fyrir Tryggingastofnunina, veiktist, svo að af því hefur ekki getað orðið enn þá, en vonir standa til, að úr því rætist á næstunni.

Út af þeim ummælum, hvað hækkandi vísitala hefði áhrif á framlögin til tryggginganna, er rétt, að menn geri sér það ljóst, hvað það nemur miklu. Hvert vísitölustig veldur fyrir ríkið 170—174 eða 175 þús. kr. og fyrir bæjar- og sveitarfélög 100 þús. kr. Á sama hátt hefur það áhrif á iðgjaldahækkunina. Á 1. verðlagssvæði nemur hækkunin kr. 3.90 fyrir giftan mann. Segjum, að miðað sé við vísitöluna 150, þá hækka iðgjöldin úr 390 í 588 kr. Nú eru þau 473 kr., svo að þarna munar liðugum 100 kr. Lægstu iðgjöld, þ. e. ógiftra kvenna í sveit, mundu hækka um kr. 2.30 fyrir hvert vísitölustig, eða mundu fara upp í 345 kr. við 150 stig. Út af fyrir sig er þessi iðgjaldahækkun ekki tilfinnanleg, heldur eru það aðrar greinar, sem þar verða miklu verri, þar sem eru sjúkrasamlagsiðgjöldin, en þau nema nú t. d. í Sjúkrasamlagi Reykjavíkur 22 kr. á mánuði fyrir hvort hjóna, eða rúmum 500 kr. á ári. Og ég held, að þessi gjaldahækkun sé miklu meiri en kauphækkunin frá því að tryggingalögin voru sett, en nú er þess líka að gæta, að atvinna er nú miklu minni en hún var þá, og almenningur getur miklu verr risið undir þessu. Svo er t. d. um marga unglinga milli 16 ára og tvítugs.

Það kom fram hjá hæstv. forsrh., að hann teldi, að Tryggingastofnunin mætti eftir atvikum vel við una, ef hún fengi tekjur sínar greiddar eftir marzvísitölu, þótt vísitalan hækkaði nokkuð úr því, og yrði þá að ganga á sjóði stofnunarinnar. Nú er það svo, að þótt gengið hafi nokkuð á sjóði stofnunarinnar undanfarið, — ég held, að hallinn hafi verið um 9 millj. kr., — þá eru þeir sem betur fer ekki svo mjög uppétnir enn. En það er rétt að skýra frá því, að Tryggingastofnunin hefur tekið á sig ýmiss konar skuldbindingar, sem hún þarf að inna af hendi. Þannig hefur Tryggingastofnunin lofað allt að 15 millj. kr. láni til tryggginganna í Reykjavík og sjúkrahúsa og gamalmannaheimila úti um land. Ég tel henni skylt að standa við þessi loforð, og því er óhæft að ganga svo að sjóðum stofnunarinnar, að hún geti ekki innt þessar skuldbindingar af hendi; annað tel ég óhæft, ekki sízt vegna þess, að þessar stofnanir eru í nánu sambandi við tryggingastarfsemina í landinu. Ég vil ekkert um það fullyrða, hver vísitalan verður næsta ár, en ég hef séð það í blöðum og heyrt það, að Reykjavíkurbær telur rétt að reikna með, að meðalvísitala ársins verði 155 stig, eða 9 stigum hærri en nú. Hvort þetta er of hátt áætlað, skal ég ekkert um segja.

Hv. þm. Barð. benti réttilega á það, að ef þetta frv. yrði samþ., þyrfti að bæta við framlagið til tryggginganna á fjárlögunum, og vil ég fullyrða, að miðað við afkomu ríkissjóðs að undanförnu er auðvelt að fá fé til að mæta þessum auknu útgjöldum.

Þessar upplýsingar vildi ég gefa, áður en umr. um þetta mál lýkur hér. Það er ekki hægt að mæta lengur væntanlegum halla á rekstri Trygg-

ingastofnunarinnar með því að ganga á sjóði hennar, nema menn ætlist til, að bætur verði lækkaðar eða lánastarfsemi stöðvuð, sem einnig mundi hafa þau áhrif, að dregið yrði úr þeim stuðningi við landsmenn, sem tryggingunum er ætlað að veita.

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að bera hér fram brtt., sem yrði varatill. við brtt. á þskj. 365 og er í þá átt, að iðgjöld vegna lögskráðra sjómanna samkv. 112. gr. laganna skuli innheimt með álagi samkv. kaupgjaldsvísitölu janúarmánaðar, þar til vísitöluálag ársins hefur verið ákveðið. Þetta er í rauninni aðeins leiðrétting, sem verður að koma inn í lögin, og þótti mér öruggara að leggja hana fram sem varatill. nú. Ég leyfi mér að leggja þessa till. fram nú sem varatill. frá meiri hl. heilbr.- og félmn. og legg hana fram til hæstv. forseta til fyrirgreiðslu.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt svo hljóðandi skrifleg brtt., það er varatill. frá meiri hluta heilbr.- og félmn.: „Við 2. gr. Aftan við greinina bætist: Iðgjöld vegna lögskráðra sjómanna samkv. 112. gr. laganna skulu innheimt með álagi samkv. kaupgjaldsvísitölu janúarmánaðar, þar til vísitöluálag ársins hefur verið ákveðið." Þessi till. er skrifleg og of seint fram komin og þarf því afbrigði.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 500) leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Það eru aðeins fáein orð í sambandi við formið á till., sem ég vil gefa skýringu á. Brtt. á þskj. 461 er við brtt., sem prentuð er með nál. meiri hl. á þskj. 365. En fari svo á móti vonum meiri hl., að fyrst yrði felld till. á þskj. 461 og síðan till. á þskj. 365, þá höfum við engan möguleika til að koma fram þessu ákvæði, sem felst í báðum till. og varatill. er um, en það er aðeins leiðrétting, sem allir eru sammála um. En því er varatill. lögð fram sem varatill. við brtt. á þskj. 365, að sú till. kemur til atkv. á eftir till. á þskj. 461. Varatill. kæmi þá til atkv. að hinum tveim föllnum.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég vil lýsa því yfir, að verði fjárhagsafkoma Tryggingastofnunarinnar verri en horfur eru nú á, en afkoma ríkissjóðs betri á árinu 1952, þá mun ríkisstj. beita sér fyrir ráðstöfunum hliðstæðum þeim, sem brtt. heilbr.- og félmn. gerir ráð fyrir, þó að hún verði ekki samþ.

Gísli Jónsson: Eftir að hafa heyrt yfirlýsingu hæstv. ráðh. vildi ég fara þess á leit við hv. frsm. n., að hann taki aftur brtt. á þskj. 461 og 365, en vil óska eftir, að skriflega brtt. komi til atkv.

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Ég vil lýsa því yfir fyrir hönd meiri hl. heilbr.- og félmn., að brtt. á þskj. 461 og 365 eru teknar aftur, en ég vil óska þess, að skriflega brtt., þar sem er aðeins um lagfæringu að ræða, komi til atkv.

ATKVGR.
Brtt. 476,1 felld með 12:2 atkv.
— 461 og 365 teknar aftur.
— 500 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 476,2 felld með 10:2 atkv.
— 462 samþ. með 14 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 13:2 atkv. og afgr. til Nd.

Á 50. fundi í Nd., 19. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 501).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Þetta frv. hefur gengið í gegnum hv. Ed. og tekið þar aðeins lítilfjörlegum breyt. Það var borið þar fram sem stjfrv., vegna þess að nauðsynlegt þótti að gera tvenns konar breyt. á l. um almannatryggingar. Fyrsta breyt., sem felst í 1. gr. frv., er aðeins leiðrétting eða nánari skilgreining, og þarf ekki orðum um að fara, af því að nú er talað um fleiri en eina vísitölu. En meginbreyt. á sjálfum almannatryggingunum felst í 2. gr. frv., þar sem í gildandi lögum er nú farið þannig að, að vísitöluálag grunnupphæðarinnar er miðað við meðalvísitölu næsta árs á undan greiðslunum. Og þegar jafnörar breyt. eru á vísitölunni eins og nú upp á síðkastið, hefur það leitt til þess, að tekjustofnar almannatrygginganna hafa orðið nokkuð langt á eftir því, sem þurfti að greiða, og hefur munað mjög verulegu. Sú breyt., sem hér er lagt til að gera, er í því fólgin, að í stað þess að miða við meðalvísitölu næsta árs á undan er lagt til að miða við meðalvísitölu marzmánaðar sama ár og á að greiða. Það er talið, að ekki þurfi fyrr að ákveða um innheimtu og framlag sveitarfélaga, og er farið eins langt og fært er af tæknilegum ástæðum. Þetta hefur þótt nauðsynlegt að gera til þess að tryggja, að ekki gangi um of á sjóði almannatrygginganna, og fellst ríkisstj. á þetta. Að öðru leyti er ekki að ræða um neina breyt. á iðgjöldum eða framlagi sveitarfélaga. — Ed. gerði nokkra breyt. við þessa gr., og er það raunverulega leiðrétting, vegna þess að ekki þótti fært að innheimta iðgjöld lögskráðra sjómanna samkv. marzvísitölu. Er því lagt til, að þau verði fram til marzmánaðar innheimt samkv. janúarvísitölu sama árs, og mun það réttara af tæknilegum ástæðum.

Þá er 3. brtt., sem felst í þessu frv. og er í 3. gr. þess. Er hún varðandi bráðabirgðaákvæði almannatryggingal., þar sem talað er um það, að nokkrar skerðingar, sem voru á elli- og örorkulífeyri til ársloka 1951, skuli ekki koma til framkvæmda. Nú þótti ekki fært að taka upp fjárgreiðslur, sem hefðu numið allmiklu, til að mæta þessu að þessu sinni. Er því lagt til, að þetta bráðabirgðaákvæði verði enn framlengt um eitt ár. En jafnframt lýsti ég því yfir í hv. Ed. og skal endurtaka hér, að meiningin er á þessu ári að taka til athugunar, á hvern hátt

eða hvort ekki mundi unnt að afla almannatryggingunum tekjustofna, til þess að hægt sé að afnema þessar skerðingar, annaðhvort að fullu eða í áföngum, frá árslokum 1952 að telja. Verður þetta tekið mjög alvarlega til athugunar á þessu ári í samráði við almannatryggingarnar sjálfar, hvernig með þetta mál skuli farið. Mér er vel ljóst, að það eru ýmsir sjóðir, sem þarna heyra undir, sem þarfnast þess, að frestur verði nokkru lengri, og mun því nauðsynlegt að finna einhver ráð til þess, að úr verði bætt. En sem sagt, það þótti alls ekki fært að taka þetta upp að þessu sinni, hvorki vegna ríkissjóðs sjálfs né annarra þeirra, sem undir þeim gjöldum ættu að standa.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta frv. við 1. umr. En málið þarf að afgr. áður en þingi er frestað, sennilega innan tveggja daga, og vildi ég því óska, að hv. n. mætti vinna eins hratt í málinu og hún sér sér fært, til þess að frv. mætti afgreiðast. Leyfi ég mér svo að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og heilbr.- og félmn.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Það eru nokkrar aths. við þetta frv., sem ég vildi beina til heilbr.- og félmn., sem fær málið til meðferðar.

Varðandi 1. gr. gat hæstv. forsrh. þess, að um leiðréttingu væri að ræða. Þetta er ekki rétt, heldur er hér efnisbreyt., sem þýðir töluverða lækkun á greiðslum, þar sem því er slegið föstu, að greiða skuli samkv. kaupgjaldsvísitölu í stað vísitölu. Ég skal ekki fara nánar inn á þetta, en beini til hv. n. að athuga það.

Í 2. gr. frv. er um stórfellda breyt. að ræða, sem hefur það í för með sér, að þeir aðilar, sem eiga að greiða til Tryggingastofnunarinnar, þurfa að greiða miklu hærra en nú er. Í stað þess að í núgildandi l. á sveitarfélag að greiða sitt framlag fyrir árið 1952 samkv. meðalvísitölu í ár, sem er 131 stig, þá er lagt til að miða við vísitölu í marz n. k., sem má gera ráð fyrir að verði kringum 150. Hér er því um nær 20 stiga hækkun að ræða á framlagi sveitarfélaganna til trygginganna. Þetta atriði á við 114. gr. sérstaklega. Varðandi 107. gr. er líka um að ræða nokkra hækkun fyrir þá aðila, sem greiða til Tryggingastofnunarinnar, sveitarfélögin sérstaklega.

Hæstv. forsrh. færði þau rök fyrir þessu frv., að vegna hinna öru breyt. á vísitölunni væri nauðsynlegt að breyta þessum mælikvarða. Það er að vísu rétt, að breyt. á vísitölu hafa verið örar á þessu ári eða frá ársbyrjun, þegar vísitalan var 123, þangað til nú, að hún er 144 stig, þ. e. a. s. kaupgjaldsvísitalan, sem hefur þannig hækkað um 21 stig. Hitt veit þingheimur, að það er ekkert nýmæli í ár, að vísitalan hækki ört, heldur hefur svo verið um undanfarinn áratug, að veruleg vísitöluhækkun hefur orðið á hverju ári. Og ég hef fyrir mér umsögn kunnugra um það, að vísitala hækki á næsta ári og verði hækkunin eins ör og á þessu ári, nema eitthvað alveg óvænt komi fyrir. Ég get þó ekki fallizt á þau rök hæstv. ráðh., að þessa breyt. þurfi nauðsynlega að gera, vegna þess að líkur séu til, að vísitalan hækki örar næstu ár en hún hefur gert undanfarinn áratug eða síðan almannatryggingalögin voru sett. Hæstv. ráðh. sagði, að þessi ákvæði þyrftu að koma til að tryggja það, að ekki yrði gengið um of á sjóði Tryggingastofnunarinnar. Ég skal ekki draga í efa, að stofnunin þurfi á nokkuð auknu fé að halda til þess að mæta þeim halla, sem ég hef heyrt að hafi verið á rekstri hennar að undanförnu. En menn verða jafnframt að gera sér grein fyrir því, að þetta þýðir ekki annað en það, að sveitar- og bæjarfélögin í landinu verða að hækka útsvörin til þess að geta staðið undir þessum hækkuðu framlögum til trygginganna, sem ég hygg að muni nema allmörgum millj. kr. Ég hef látið reikna það, hverju þetta viðbótarframlag mundi nema hjá Reykjavíkurbæ, og er það um 2 millj. kr., og þá þyrfti að sjálfsögðu að hækka útsvörin um þá upphæð. Hitt er svo matsatriði, hve langt hv. þm. vilja ganga í því að leggja aukin gjöld á sveitar- og bæjarfélögin án þess að láta nokkrar tekjur koma á móti í því augnamiði að tryggja það, að ekki verði gengið á sjóði almannatrygginganna. — Ég taldi rétt að láta þetta koma fram þegar við 1. umr. málsins hér í deildinni.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Ég skal ekki hefja deilur um þetta mál hér. Ég sé ekki ástæðu til að svara neinu af því, sem hv. 7. þm. Reykv. mælti. Hann mælti fyrir hönd sveitar- og bæjarfélaganna, og skil ég vel, að það er eðlilegt. En hins er að gæta, að ef það á að halda uppi tryggingastarfsemi í landinu, verður að horfast í augu við það, að til þess verður að afla fjár. Það er líka vitað, að það hefur að undanförnu gengið nokkuð á sjóði Tryggingastofnunarinnar, og minn dómur er það, að ekki sé hægt að ganga lengra á þeirri braut. Hitt er og vitað, að Ed., er hún hafði frv. til umræðu, vildi ganga enn þá lengra en þetta til að mæta óskum almannatrygginganna í þessu efni. Ég varð að standa þar uppi gegn þm. úr ýmsum flokkum, sem vildu ganga enn lengra til móts við Tryggingastofnunina. Hér koma svo fram andmæli um það, að of langt sé gengið í að mæta óskum stofnunarinnar með þessu frv. Ég gæti því hugsað, að hér sé reynt að ganga meðalveginn, án þess þó að tekin sé til greina hin fulla þörf trygginganna fyrir meira fé. Þannig horfir málið við fyrir mér, eftir að hafa heyrt umr. um það í Ed.

Mér finnst heldur ótrúleg orð hv. 7. þm. Reykv. um það, að þessi ákvæði mundu hafa í för með sér 2 millj. kr. kostnað fyrir Reykjavíkurbæ. Það er þá ekki samræmi í því og þeim upplýsingum, sem ég hef fengið um þetta mál, að það muni ekki kosta ríkissjóð nema lítið yfir 2 millj. kr. Að vísu er ekki vitað með vissu, hver vísitalan verður í marzmánuði næsta ár. En að sjálfsögðu er það vitað, að samþykkt þessa frv. mundi hafa í för með sér nokkur útgjöld fyrir Reykjavíkurbæ.

Ég vildi svo aðeins segja hv. 7. þm. Reykv. það, að það átti ekki að liggja í orðum mínum áðan, að ég reiknaði með örari breyt. á vísitölunni á næstunni en hefur verið, og ég vil

taka undir þau orð hv. þm., að breyting hlýtur að verða, og við vonum, að hún verði miklu hægari á næstunni en undanfarin ár. Hitt virðist mér auðsætt, að þegar þetta mál er athugað út af fyrir sig, þá sé það eðlilegt, að reynt verði að koma á betra samræmi á milli innheimtu teknanna og greiðslu gjaldanna, þannig að bilið milli þeirra verði sem stytzt. Mér er ekkert ljúft að mæla hér með till. um að leggja aukna byrði á sveitarfélögin sem og fjölda einstaklinga; ég er ekkert ginnkeyptur fyrir því að leggja aukin álög á fólkið í landinu, en ég sá mér bara ekki fært að ganga skemmra í þessu máli.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í sambandi við 3. gr. þessa frv. Hæstv. forsrh. sagði í sinni fyrri ræðu hér um þetta mál, sem ég fagna, að það mundi verða tekið til athugunar næsta ár, hvort ekki sé hægt að breyta þeim bráðabirgðaákvæðum almannatryggingalaganna, sem kveða á um það, að það fólk, sem nýtur einhvers konar styrks úr opinberum sjóðum, skuli fá það fé dregið frá sínum ellilífeyri. En ég harma það samt, að hæstv. ríkisstj. skyldi ekki treysta sér til að gera á þessu nokkra breytingu þegar á þessu ári, og mér hefði fundizt, að það hefði mátt byrja á að gera á þessu breyt. nú þegar. Það er í rauninni dálítið broslegt, að þegar hér á Alþ. er verið að veita fólki fjárstyrk með 18. gr. fjárlaganna, þá er þar raunverulega um að ræða, að verið er að greiða fé til Tryggingastofnunar ríkisins, vegna þess að þessir fjárstyrkir koma til frádráttar þeim styrkjum, sem Tryggingastofnunin á að greiða þessu fólki. Og þá er það svo, að þessir styrkir koma ekki fram sem neinir viðbótarstyrkir til þessa fólks. Nú má gera greinarmun á því fólki, sem nýtur styrks samkvæmt 18. gr. fjárlaganna, og því, er nýtur hinna lögboðnu lífeyrissjóðslauna, þar sem hið síðarnefnda greiðir ekki nema hluta af venjulegum greiðslum í sjóði almannatrygginganna. En hitt kemur óeðlilega út, og fólki finnst það undarlegt, að þegar það er að taka út sína styrki frá tryggingunum, þá fær það þá ekki alla, heldur koma þar til frádráttar þeir styrkir, sem það nýtur frá hinu opinbera samkv. fjárlögunum. Ég vil því leyfa mér að beina því til þeirrar hv. nefndar, sem fær þetta frv. til athugunar, að hún rannsaki möguleikana á því að breyta þessum ákvæðum nú þegar, að þessir styrkir samkv. 18. gr. fjárlaganna komi ekki til frádráttar lífeyrisgreiðslum frá almannatryggingunum og sömuleiðis t. d. styrkir, sem menn kunna að njóta frá bæjarfélögunum, því að það er efalaust ekki hugmyndin með þessum styrkjum að svipta fólk ellilífeyri, sem það á annars kröfu á. En mér finnst rétt að gera nokkurn greinarmun á því fólki, sem fær greidd lögboðin eftirlaun úr lífeyrissjóði, og því, sem fær greidda þessa sérstöku styrki. Það er óeðlilegt að hafa þann hátt á, að tekið sé með annarri hendinni það, sem gefið er með hinni. Og það er dálítil blekking fólgin í þessu fyrir fólkið, sem verður aðnjótandi þessara styrkja samkv. 18. gr. fjárlaganna. — Ég ætla ekki á þessu stigi málsins að fara að koma með brtt. um þetta, en ég leyfi mér að beina því til hv. nefndar, að hún taki þetta atriði til athugunar, því að enn er tími til að breyta þessu nú þegar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 22 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., 20. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 501, n. 529, 528).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Helgi Jónasson): Herra forseti. Ég skal ekki hafa um þetta mörg orð, því að það mun ætlunin, að þetta verði að lögum fyrir áramót, og er því skammur tími til stefnu fyrir jól. Þetta er stjórnarfrv. og borið fram í hv. Ed. Kom það til þessarar deildar í gær, svo að það hefur ekki verið mikill tími fyrir n. að athuga þetta. N. hafði þó fund í gærkvöld, og allir nm. hafa skrifað undir nál., þótt ýmsir þeirra áskilji sér rétt til þess að bera fram brtt. eða fylgja þeim brtt., sem fram kunna að koma.

Efni frv. er í þremur gr. og er aðallega um tekjuöflun Tryggingastofnunar ríkisins. Undanfarin ár hefur vísitöluálagið á grunnupphæðirnar verið miðað við meðalvísitölu næsta árs á undan. Þetta hefur komið sér illa nú á seinni árum, því að vísitalan hefur farið hækkandi með hverju ári og Tryggingastofnunin hefur orðið að greiða öll gjöld og bætur með vísitölu hvers tíma. Mismunurinn á greiðsluvísitölunni, sem bæturnar eru greiddar með, og meðalvísitölu næsta árs á undan, sem tekjurnar eru miðaðar við, hefur verið afar mikill 2 s. l. ár. Árið 1950 var vísitalan, sem bæturnar miðast við, um 108 stig, en tekjuálagsvísitalan um 100 stig. Þetta frv. gengur í þá átt að reyna að samræma hlutfallið á milli bótanna og framlaga til stofnunarinnar, sem skulu nú vera miðuð við vísitölu yfirstandandi árs. Skal marzvísitalan vera lögð á gjöldin, sem greidd eru til Tryggingastofnunarinnar til þess að standa undir kostnaði. En þetta er ekki nægilegt þegar svo kann að fara, að vísitalan hækki meira, og verður þá Tryggingastofnunin sjálf að taka á sig þann halla, sem verður fram yfir áramót. En það er þó mikil bót að þessu.

Nú er talið, að meðalvísitala yfirstandandi árs sé 131 stig, en kaupgjaldsvísitalan, sem bæturnar greiðast með, er komin upp í 144 stig. En þetta er þó mikið til bóta, og verður ekki lengra komizt. Það var reynt að komast lengra í hv. Ed., með því að ríkið taki á sig nokkurs konar ábyrgð, þannig að ef vísitalan yrði hærri á árinu en hún var í marzmánuði, þá verði ríkið að borga þann halla, svo að hægt sé að greiða bætur með fullri uppbót samkvæmt kaupgjaldsvísitölu án þess að skerða tryggingasjóðinn. En á þetta var ekki fallizt. Heilbr.- og félmn. þessarar d. fellst á hitt sjónarmiðið. En tveir þm., þeir hv. 3. landsk. þm. og hv. 10. landsk. þm., bera fram brtt., sem fer fram á, að ríkissjóður taki á sig ábyrgð og greiði það, sem á vísitöluna

vantar, svo að Tryggingastofnunin geti á árinu 1952 greitt bætur með fullri uppbót samkvæmt kaupgjaldsvísitölu. Þessi brtt. gengur að mínu áliti allt of langt, þannig að ekki mun verða samkomulag um hana. Þess vegna mæli ég á móti henni og legg til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Í 3. gr. frv. er líka brtt. um, að þau bráðabirgðaákvæði um takmörkun á lífeyrisgreiðslum, sem sett voru 1946 og áttu að gilda til 5 ára, verði framlengd um eitt ár, eða til ársloka 1952. Hæstv. ríkisstj. hefur boðað, að fyrir næsta þing verði lagðar fram till. um það, hvernig með þetta skuli fara. En eins og nú standa sakir og ef þetta frv. verður ekki samþ. fyrir áramót, þá verður ríkisstj. að taka að sér að greiða þessar uppbætur, sem eru mikil útgjöld fyrir stofnunina. En þar sem það á að athuga þetta nánar á næsta ári, legg ég til, að frv. verði samþ. óbreytt. Með því er tekinn af allur vafi um það, með hvaða vísitölu skuli greiða gjöldin. Í raun og veru er til tvenns konar vísitala. En hér er tekin ákvörðun um, að það sé kaupgjaldsvísitala marzmánaðar, en ekki verðlagsvísitalan, sem ber að reikna með. Er þetta því leiðrétting, þannig að tekinn er af allur vafi um það, hvort verðlagsvísitalan eigi að reiknast eða ekki. — Vona ég, að þetta frv. verði samþ. og nái fram að ganga.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég flyt hér ásamt hv. 3. landsk. þm. tvær brtt. við þetta frv. Brtt. þessar eru samhljóða brtt., sem hv. 7. landsk. þm. *flutti* við afgreiðslu þessa máls í hv. Ed., en d. bar ekki gæfu til að samþ. þær. Hv. þm. er vafalaust ljóst, hvaða afleiðingar þetta frv. mundi hafa, ef það yrði að lögum. Það mundi hafa í för með sér gífurlega hækkun á gjöldum til Tryggingastofnunarinnar, hækkun, sem mundi koma harðast niður á þeim, sem hafa mesta fjárhagslega erfiðleika við að etja, en það eru bæjar- og sveitarfélögin og alþýðuheimilin. Það þarf ekki að spyrja að því, hvaða aðili muni helzt vera þess megnugur að rétta þann halla, sem verður hjá Tryggingastofnuninni. Gjaldgeta bæjar- og sveitarfélaganna og alþýðuheimilanna er þrotin, og öllum mun ljóst, að þau geta ekki meira. Vanmáttur þeirra í þessum efnum stafar einmitt af því, að þriðji aðilinn, þ. e. a. s. ríkissjóður, hefur gengið svo hart að þeim. Það er einmitt ríkissjóður, sem er sá aðili, sem er þess megnugur að rétta þennan halla. Það er því von mín og hv. 3. landsk. þm., að ákvæðin um gjöldin verði hin sömu og verið hafa í lögum, en ríkissjóði sé hins vegar skylt að greiða það, sem á vantar, svo að Tryggingastofnunin geti á árinu 1952 greitt bætur með fullri uppbót samkv. kaupgjaldsvísitölu án þess að skerða tryggingasjóðinn. Með öðrum orðum er till. okkar sú, að stórveldið þyrmi nú hinum veiku aðilum og láti þann aðilann, sem sterkastur er, þ. e. a. s. ríkissjóð, rétta hallann.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls benti ég á, hversu mikla útgjaldaaukningu fyrir bæjar- og sveitarfélögin samþykkt þessa frv. hefði í för með sér. Í gærkvöld átti ég þess kost að sitja fund með n., þar sem þetta var rætt, og útskýra þetta fyrir henni. En n. hefur ekki treyst sér til þess að flytja brtt. í tilefni af upplýsingunum, en ætlar að vísu að gera þrjár kröfur í þessu máli.

Í framhaldi af því, sem ég sagði hér í gær við *fyrri umr. málsins, vildi ég bera fram* tvær brtt. Önnur þeirra er um, að í stað orðanna „kaupgjaldsvísitölu marzmánaðar það ár, sem gjöldin eru á lögð“ komi: kaupgjaldsvísitölu desembermánaðar næsta árs áður en gjöldin eru á lögð. — Með þessu er gengið til móts við óskir og þarfir Tryggingastofnunar ríkisins, en þó ekki alveg eins langt og farið er fram á. Ég vonast til þess, að samkomulag geti orðið um þetta atriði. — Hin till. er ný gr., brtt. við 109. gr. almannatryggingalaganna, og hljóðar svo: „Nú sækir maður til sveitarstjórnar um, að sveitarsjóður greiði fyrir hann iðgjöld hans, sakir þess að hann sé ekki fær um það af eigin rammleik, og tekur þá sveitarstjórn ákvörðun um umsóknina með tilliti til ástæðna hlutaðeiganda.“ — Þetta er eðlileg regla, og tel ég rétt, að hún standi óbreytt. En ég legg til, að viðbótin falli niður, þar sem lögð er sú skylda á sveitarsjóðina að greiða iðgjöldin. Sú hefur orðið raunin á, að sveitarfélögin hafa orðið að greiða iðgjöldin fyrir marga unglinga, 16 ára og eldri, sem hafa ekki greitt til Tryggingastofnunarinnar, vegna þess að þeir hafa verið í skóla, en eiga foreldra í góðum stöðum og því ástæðulaust, að sveitarsjóðir greiði gjöldin í þeim tilfellum. Hins vegar hefur þessi brtt. verið gerð til þess að halda áfram að greiða þessi gjöld fyrir þá aðila, sem hafa þörf fyrir það, og athugun fari fram á ástæðum manna, svo að ekki sé farið að greiða fyrir þá, sem ekki er minnsta ástæða til að greiða fyrir. — Þessar brtt. verða skriflegar, en eru því miður ekki alveg tilbúnar, en verða það eftir örskamma stund, og vil ég því biðja hæstv. forseta að hafa biðlund.

Frsm. (Helgi Jónasson): Herra forseti. Út af brtt., sem fram hafa komið hér og eru á þskj. 528, frá hv. 10. landsk. þm. og hv. 3. landsk. þm., vil ég taka það fram, að það er rétt, að það kemur nokkur hækkun á framlag frá bæjar- og sveitarfélögum. Brtt. fer fram á, að ríkissjóður greiði þann mismun, sem verður, ef gjöldin eru miðuð við marzvísitölu á árinu og desembervísitalan verður hærri en marzvísitalan. Ég skil þessa till. þannig, og það má kannske segja, að hún sé að vissu leyti sanngjörn, en á það hefur ekki verið fallizt af hæstv. ríkisstj., og hv. Ed. felldi till., sem gekk í sömu átt og þessi. Ég mun leggja á móti því, að till. verði samþ., af þeirri ástæðu, að ef þetta frv. á að verða að lögum fyrir áramót, verður það að haldast óbreytt frá því, sem það nú er. Ég veit, að ríkisstj. vill ekki taka á sig þá ábyrgð, sem fylgdi því að láta ríkissjóð taka á sig þessar viðbótargreiðslur.

Það er rétt, að hv. 7. þm. Reykv. kom á fund í gær, og kom þá í ljós, að hann hafði reiknað fullríflega, þegar hann reiknaði hér í gær, hvað útgjöld bæjarsjóðs Reykjavíkur mundu hækka,

ef samþ. væri frv. eins og það liggur hér fyrir. Munaði það allt að ½ millj. kr. Mér skilst, að það mundi hækka útgjöld bæjarsjóðs um 1.2 millj. kr., en hann taldi, að það yrðu um 2 millj. kr. Stafar þetta af því, að borgarstjóri Reykjavíkur reiknar með miklu hærri vísitölu en þetta frv. gerir ráð fyrir. En hann mun ekki vera krafinn um meira af Tryggingastofnuninni heldur en sem nemur því, að gert sé ráð fyrir 147 stigum, en hann reiknar með 155 stigum. Ekki rétt? (GTh: Nei.) Þarna kemur fram sá mismunur, sem er. Þetta eru allmikil aukaútgjöld; því er ekki að neita. En það verður að líta á málið eins og það liggur fyrir. Tryggingastofnunin hefur undanfarin ár greitt allar bætur með miklu hærra álagi en framlagið til hennar hefur verið greitt með. Er svo komið, að s. l. tvö ár hefur verið 8 millj. kr. halli á Tryggingastofnuninni, sem hún er ekki fær um að bera. Það verður að segja þetta eins og það er. Þetta fé, sem ríkissjóður greiðir, gengur til einstaklinga í hinum ýmsu bæjarfélögum. En ef halda á áfram þá leið, sem farin hefur verið undanfarin ár, þá þýðir það, að Tryggingastofnunin getur ekki staðið undir þeim skyldum, sem á henni hvíla, og verður þá ekki hægt að gera annað en breyta lögum. Það verður þá að vinna að því að breyta þeim lögum eða jafnvel fella niður tryggingalögin. Þá mundi koma hljóð úr horni, bæði úr Reykjavík og annars staðar frá. Það sjá allir, að það er ekki hægt að halda svona áfram. En ég held, að þetta mundi létta mikið fátækraframfærið hér í Reykjavík.

Um hina brtt. er það að segja, að það er í sjálfu sér eðlilegt, að bæjarfélögin kvarti yfir því að verða að greiða iðgjöldin fyrir menn, sem ekki er þörf að greiða fyrir. Mig minnir, að það sé í lögum heimild fyrir bæjarfélögin að endurheimta þessar greiðslur, ef það kemur í ljós, að einstaklingurinn hefur efni á að greiða sjálfur gjöldin. En það er rétt, að það er vandræðamál með unglingana á aldrinum 16—20 ára, og það er atriði, sem þarf að endurskoða. Ég er þeirrar skoðunar, að þeir eigi að borga minna gjald en þeir, sem fá laun. Margt af þessu fólki er í skóla og þarf styrk frá foreldrum eða aðstandendum, svo að þessu þarf að breyta. En ef þetta verður samþ. nú og sveitarstjórnirnar hætta að greiða fyrir það fólk, sem þær hafa borgað fyrir, mundi það missa réttindi sín. Úrskurður viðkomandi bæjar- eða sveitarstjórnar mundi taka langan tíma, svo að það er að minnsta kosti hætt við því, að margt af því yrði réttindalaust mestan hluta ársins. Ég býst við því, að það sé fullur vilji fyrir hendi hjá Tryggingastofnuninni að athuga það, hvort fólk á aldrinum 16—20 ára ætti ekki að fá að greiða lægri iðgjöld. Það hefur að jafnaði engar eða litlar tekjur og er líka venju fremur hraust fólk, sem stofnunin hefur lítinn kostnað af.

Ég verð því að mæla á móti því, að till. verði samþ. að þessu sinni, þó að ég geti ekki gert það fyrir hönd n., þar sem henni hefur ekki gefizt tækifæri til að athuga málið.

Kristín Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég gat ekki orðið sammála meðnm. mínum um afgreiðslu þessa máls, og hef þess vegna skrifað undir nál. með fyrirvara. — Nú hefur hv. 7. þm. Reykv. lagt fram brtt., sem ég get fallizt á, og mun ég því greiða atkv. með henni.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Hv. 1. þm. Rang. taldi það upplýst, að þegar ég gaf upplýsingar í gær um það, hvað þessi lagabreyt. mundi kosta Reykjavíkurbæ, þá hefði ég reiknað fullflott. Mínar upplýsingar voru miðaðar við það, að vísitala marzmánaðar yrði 150 stig, þar sem ég tel það skammsýni að halda, að vísitalan þá verði óbreytt frá því sem nú er. Það er að vísu rétt, að í fjárhagsáætlun Reykjavíkurbæjar er miðað við 155 stig, en þó ekki framlagið til Tryggingastofnunarinnar, það er miðað við 150 stig.

Hv. frsm. n. taldi, að þó að þetta mundi hafa aukinn kostnað í för með sér, þá mundi það hins vegar létta fátækraframfærsluna. Ég skal ekki draga úr þýðingu tryggginganna, ég var eins mikill stuðningsmaður þeirra og hv. frsm. Hitt vildi ég segja, að það hefur valdið vonbrigðum, að þær skuli ekki hafa létt fátækraframfærsluna meira en raun er á.

Ég vil taka það fram, að þessi ummæli fela ekki í sér gagnrýni á Tryggingastofnunina. En hitt er ábyrgðarhluti fyrir Alþ., ef það neitar bæjar- og sveitarfélögum um aukna tekjustofna, samtímis því sem það samþykkir l., sem hafa í för með sér milljónaútgjöld fyrir þau.

Frsm. (Helgi Jónasson): Það má vera, að hv. 7. þm. Reykv. hafi verið eins mikið með tryggingalöggjöfinni og ég, þegar hún var sett. Ég benti þá á, að ég teldi vafasamt, hvort fært væri að leggja í svo fullkomna löggjöf. En árið 1945 var mikið peninga- og veltuár, svo að Alþ. áleit þá allt fært. Nú er svo komið, eftir 5—6 ár, að búið er að nema margt úr gildi og það fer að verða erfitt að halda tryggingalöggjöfinni við. Það er komið í ljós, sem ég spáði 1945, að erfitt ætlar að reynast að standa undir löggjöfinni fjárhagslega.

Ég veit, að Reykjavíkurbær og fleiri bæjarfélög eiga erfitt með að greiða framlög sín til tryggginganna. En eins og ég gat um, er ekki annað fært, ef stofnunin á að inna af hendi þær greiðslur, sem l. mæla fyrir um, en að henni séu tryggðar samsvarandi tekjur. Ég held, að það hafi verið álit allra, að Tryggingastofnunin gæti ekki greitt hærri bætur en tekjunum nemur og að forðast yrði að ganga á sjóði stofnunarinnar. Það er því ekki um það að deila, annaðhvort verður að draga úr tryggingunum eða ganga til móts við stofnunina, svo að hún fái að hækka álögin að einhverju leyti gegn auknum bótum. Í frv. er ekki gengið lengra en það, að ákveðið er, að miða skuli við vísitölu marzmánaðar, en stofnunin ber áhættuna af því, ef marzvísitalan verður lægri en meðalvísitala ársins. Ég álít, að öll sanngirni mæli með því, að Tryggingastofnunin fái þetta álag.

Það má vera, að það sé misskilningur hjá mér, að hv. 7. þm. Reykv. hafi miðað upplýsingar sínar við vísitöluna 155. En hitt mundi ég, að í heild var fjárhagsáætlunin miðuð við vísi-

töluna 155, og hélt því, að það sama mundi gilda um þetta.

Viðvíkjandi iðgjöldum ungmenna eða fátæklinga er það svo, að bæjarfélagið hefur endurkröfurétt á hendur öllum þeim, sem færir eru um að greiða skatt. Ef þetta fólk ætti að bíða eftir úrskurði sveitarstjórnar, er hins vegar, eins og ég áður sagði, hætt við, að það yrði réttindalaust mestan hluta ársins.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð, en vona bara, að brtt. verði felldar.

Forseti (SB): Mér hafa borizt skriflegar brtt. frá hv. 7. þm. Reykv. Hv. þm. hafa heyrt brtt. Þær eru skriflegar og of seint fram komnar, og þarf því *tvöfaldra afbrigða* við.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 531) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 528,1 felld með 14:8 atkv.

— 531,1 felld með 14:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EOl, EmJ, GTh, JóhH, JÁ, JR, KS, SG, MJ, ÁÁ, ÁS.

nei: EystJ, GG, GÞG, HÁ, HelgJ, JG, JPálm, JörB, PÞ, SkG, StJSt, StgrSt, AE, ÁB.

PO, SB greiddu ekki atkv.

8 þm. (FJ, IngJ, JS, LJós, ÓTh, SÁ, ÁkJ, BÓ) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 17:3 atkv.

Brtt. 531,2 felld með 16:4 atkv.

3. gr. samþ. með 15:3 atkv.

Brtt. 528,2 felld með 15:8 atkv.

4 gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17:2 atkv.

Á 52. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 533).

---

19. Fjárlög 1952.

Á 1. fundi í Sþ., 2. okt., var útbýtt:

Frv. til fjárlaga fyrir árið 1952 [1. mál] (stjfrv., A. 1).

Á 3. fundi í Sþ., 8. okt., var frv. tekið til 1. umr. (útvarpsumr.).

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Þegar núverandi ríkisstjórn tók við völdum, gerði forsrh. grein fyrir stefnu stjórnarinnar og komst þá meðal annars þannig að orði:

„Ríkisstjórnin er fyrst og fremst mynduð til þess að koma á, eftir því sem unnt er, jafnvægi í viðskipta- og atvinnu- og fjármálalífi þjóðarinnar.“

Síðan skýrði forsrh. frá því, að stuðningsflokkar stj. hafi samið um afgreiðslu á frv. um gengisskráningu o. fl. — gengislækkunina — enda var það fyrsta ráðstöfunin, sem ríkisstj. beitti sér fyrir til þess að ráða bót á því geigvænlega misræmi, sem orðið var á milli framleiðslukostnaðar og afurðaverðs. Síðan segir forsrh. í þessari yfirlýsingu um stefnu stjórnarinnar:

„Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því af alefli, að fjárlög verði afgreidd án greiðsluhalla og að lausaskuldir ríkisins verði lækkaðar eftir megni.“

Ríkisstj. var það ljóst og fór ekki dult með, að eitt helzta grundvallarskilyrði þess, að hún gæti komið í framkvæmd stefnu sinni, var greiðsluhallalaus ríkisbúskapur, — að takast mætti að stöðva þegar í stað þann mikla hallarekstur ríkisins, sem undanfarið hafði ýtt svo mjög undir verðbólguþróunina og átt drjúgan þátt í að færa fjárhagskerfi landsins úr skorðum. Því aðeins var hægt að gera sér vonir um aukið jafnvægi í fjárhags-, viðskipta- og atvinnumálum og því aðeins var hægt að búast við, að mögulegt yrði að losa um höft á viðskiptum og ráða bót á vöruskortinum, að fullur jöfnuður næðist í ríkisbúskapnum. Á Alþingi 1950 var þetta sjónarmið haft í huga við afgreiðslu fjárlaga fyrir það ár, og stóð þingmeirihluti sá, sem stj. styður, fast saman við afgreiðslu fjárlaga á þessum grundvelli.

Upplýsingar um afkomu ársins 1950 lágu fyrir nokkurn veginn í febrúarmánuði síðastl., og gaf ég yfirlit um hana til bráðabirgða þá. Sýndi þetta bráðabirgðayfirlit, að greiðslujöfnuður hafði náðst á árinu 1950, þótt sumir tekjuliðir hefðu brugðizt mjög verulega frá því, sem ráð var fyrir gert. Nú hefur farið fram fyrir nokkru endanlegt uppgjör ársins 1950, og sýnir það, að hin endanlega niðurstaða á rekstri ársins hefur orðið nokkru betri en bráðabirgðauppgjörið sýndi. Í því var áætlað, að tekjuafgangur á rekstrarreikningi hefði orðið 34.010 millj., en endanleg reikningsskil sýna, að afgangur á rekstrarreikningi hefur orðið 41.080 millj. kr. Útgjöldin á rekstrarreikningi höfðu samkvæmt bráðabirgðauppgjörinu verið 263.220 millj. kr., en urðu 265.150 millj. kr. Gjöldin á fjárl. voru hins vegar 262.070 millj. Heildargjöld á rekstrarreikningi fóru því samtals um 3.080 millj. kr. fram úr áætlun. Tekjur reyndust 306.230 millj. kr., en höfðu samkv. bráðabirgðayfirlitinu verið 298.300 millj. kr. Á áætlun fjárl. höfðu þær verið 298.320 millj. kr. Tekjurnar fóru því aðeins 7.910 millj. kr. fram úr áætlun.

Eins og áður segir, varð tekjuafgangur á rekstrarreikningi 41 millj., eða tæpum 5 millj. kr. hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir og tæpum 7 millj. kr. hærri en bráðabirgðauppgjörið gerði ráð fyrir.

Á eignahreyfingum varð endanleg niðurstaða sú, að hreinn greiðsluafgangur telst mér hafi orðið 3.4 millj. kr., og eru þá í því sambandi taldar til útgjalda afborganir af föstum ríkislánum að fjárhæð 15.7 millj. kr. Lækkun skulda,

sem ríkissjóður stendur sjálfur straum af, og hækkun sjóðs og innstæðna á árinu hefur því numið 19 millj. kr.

Það var mjög þýðingarmikið, að fullur greiðslujöfnuður í rekstri ríkisins skyldi nást þegar á árinu 1950. Þokaði það stórum í jafnvægisátt í peningamálum. Ef mistekizt hefði að ná þessu marki á árinu 1950, þá hefði það torveldað mjög í framkvæmd stefnu ríkisstj.

Enn þá er ekki hægt að segja með vissu um afkomu ríkisins á því ári, sem nú er að líða, en ég hef hér í höndum yfirlit um tekjur og gjöld ríkissjóðs fram til 1. sept., og eftir nokkra daga fæ ég í hendur sams konar yfirlit fram til 1. okt.

Samkvæmt þessu yfirliti hafa tekjur ríkissjóðs á rekstrarreikningi orðið rétt um 234 millj. kr. fram að 1. sept., en voru í fyrra 156 millj. kr. á sama tíma. Þær hafa því orðið um 78 millj. kr. hærri á þessu ári en í fyrra á sama tíma.

Gjöldin á rekstrarreikningi hafa hins vegar orðið 173 millj. kr. til 1. sept., en 145 millj. kr. á sama tíma í fyrra. Gjöldin hafa því orðið á þessu tímabili 28 millj. kr. hærri en í fyrra til jafnlengdar.

Á þessum mánuðum hefur því afkoma ríkissjóðs í ár orðið miklum mun betri en á síðastl. ári.

Ég get ekki sagt með neinni nákvæmni, hvernig niðurstaðan verður á árinu, eins og ég tók fram áðan. Það er þó sýnilegt, að tekjur ríkissjóðs fara mikið fram úr áætlun, en hitt er einnig augljóst, að gjöldin fara mjög verulega fram úr áætlun af óviðráðanlegum ástæðum, og eru þar víða að verki sömu ástæður og valda tekjuaukanum.

Þeir tekjuliðir, sem mest fara fram úr áætlun á þessu ári, verða verðtollurinn og söluskatturinn. Verðtollurinn fer eitthvað yfir 100 millj. kr. og söluskatturinn sennilega eitthvað yfir 80 millj. kr. samtals. Ástæðurnar fyrir því, að þessir liðir fara svona mjög fram úr áætlun, eru þessar helztar:

Báðir þessir liðir — og einkum verðtollurinn — brugðust mjög á árinu 1950, eins og hv. þingmenn muna. Vantaði þá um 20 millj. kr. til, að verðtollurinn næði áætlun. Þetta hafði vitanlega sín áhrif, þegar þessir liðir voru áætlaðir í fjárl. fyrir 1951. Menn vildu ógjarnan brenna sig aftur á sama soðinu. Óvæntar, stórfelldar verðhækkanir erlendra vara hafa átt sér stað á þessu ári, sem ekki voru fyrirsjáanlegar, þegar fjárl. voru samin. Hækkar þetta bæði verðtoll og söluskatt. Tilslökun sú á innflutningshöftunum, sem gerð var á þessu ári, eftir að fjárl. fyrir árið 1951 voru samþykkt, hefur haft í för með sér allmikið aukinn innflutning þeirra vara, sem hár verðtollur er greiddur af, og aukin verzlunarviðskipti innanlands. Hið sérstaka fjárframlag, sem fékkst á vegum Marshallaðstoðarinnar til þess að standa undir eðlilegri birgðaaukningu neyzluvara í landinu, sem varð að fylgja auknu frjálsræði í viðskiptum, hefur aukið innflutninginn og tolltekjurnar í eitt skipti, á meðan verið er að koma upp auknum verzlunarbirgðum. Innflutningurinn í ár verður því meiri en neyzlan og verðtollstekjurnar og söluskattstekjurnar af innflutningi óvenju háar í eitt skipti af þessum ástæðum.

Allur kostnaður við ríkisreksturinn hefur hækkað mjög mikið á þessu ári, og sumir lögboðnir liðir fara langt fram úr áætlun. Vegaviðhald, jarðræktarstyrkur, útgjöld vegna sauðfjárskipta og útgjöld vegna trygginga fara fram úr áætlun svo milljónum skiptir hver liður. Þá hljóta launagreiðslur að fara svo milljónum skiptir fram úr áætlun. Taldi ríkisstj. óhjákvæmilegt að gefa út lög um það á miðju ári, að starfsmönnum ríkisins yrði greidd sams konar launauppbót og samið var um á milli samtaka verkamanna og atvinnuveitenda. Þá hafa útgjöld til vörukaupa yfirleitt hækkað stórkostlega. Umframgreiðslur verða þess vegna verulegar á þessu ári, en of snemmt að spá um það, hversu miklu þær munu nema.

Samt sem áður er það augljóst, eins og áður er fram tekið, að afkoma ríkissjóðs á þessu ári verður hagstæð, og verður allríflegur greiðsluafgangur á árinu. Mun ég gefa fjvn. og Alþ. nánara yfirlit um þessi mál, þegar betur sést, hvert stefnir um endanlega niðurstöðu.

Það er augljóst af því, sem ég hef nú upplýst, að á þessu ári mun einnig takast að standa fullkomlega við það stefnuskráratriði ríkisstj. að hafa hallalausan ríkisbúskap. Vegna þess, hve fjárlög fyrir þetta ár voru gætilega úr garði gerð, verður verulegur afgangur og skuldalækkun ríkisins, sem styrkir mjög í framkvæmd alla stefnu ríkisstj. í fjárhags-, atvinnu- og viðskiptamálum.

Aukið frjálsræði í viðskiptum, sem komið hefur verið í framkvæmd á þessu ári og gerbreytt hefur ástandinu í verzlunarmálum, hefði verið óhugsandi, ef afkoma ríkissjóðs hefði ekki tekið svo algerum stakkaskiptum á árinu 1950 og þó einkum nú í ár.

Ríkissjóður hefur nú á þessu ári getað komizt af með miklu minna yfirdráttarlán í Landsbankanum en hann hefur áður haft. Hefur ríkissjóður venjulega nú á þessu ári skuldað 30—40 millj. kr. minna í Landsbankanum en á sama tíma í fyrra, en hefði orðið að skulda enn meira en í fyrra, ef ekki hefði verið gerbreyting á afkomunni, vegna þess að velta ríkissjóðs hefur yfirleitt aukizt.

Það er augljóst mál, að ef ríkissjóður hefði þurft að gera jafnmiklar kröfur á hendur Landsbankanum um lánsfé og gerðar hafa verið undanfarin ár, þá hefði bankinn ekki getað aukið útlán til framleiðslu og verzlunar, svo sem óhjákvæmilegt var vegna hækkandi verðlags og vaxandi vörubirgða, sem verða að fylgja frjálsri verzlun.

Þeim, sem kunnugir eru þeim lánsfjárerfiðleikum, sem menn eiga við að búa, og rekstrarfjárskorti, hlýtur að vera það ljóst, hvílíkt ástand hefði skapazt, ef afkoma ríkissjóðs hefði eigi tekið svo snöggum stakkaskiptum til bóta sem raun hefur nú á orðið. Ef ekki hefði tekizt að gerbreyta afkomu ríkisins svo sem raun er á orðin, hefði hin nýja stefna í verzlunarmálum og framleiðslumálum orðið alveg óframkvæmanleg.

Þá verður aldrei nægilega lögð áherzla á, að

bætt afkoma ríkissjóðs er undirstaða þess, að hægt sé að halda áfram með hin stóru fyrirtæki, Sogsvirkjun, Laxárvirkjun og áburðarverksmiðju, sem þjóðin hefur nú í ráðizt. Eins og menn vita, þá er ætlunin að reisa þessi stórvirki aðallega fyrir lánsfé úr mótvirðissjóði, að því er innlent fjármagn snertir. Mótvirðissjóður getur þó alls ekki orðið notaður til slíkra lánveitinga, nema því aðeins að ríkisreksturinn sé hallalaus. Ef rekstur ríkisins væri með halla og lausaskuldir söfnuðust í bönkum hér, þá mundi mótvirðissjóður jafnharðan étast upp eða standa frystur á móti slíkri skuldasöfnun. Mundi þá horfa til stórfelldra vandræða um framhald þessara fyrirtækja — og raunar stöðvast framkvæmd þeirra — og allar fyrirætlanir um, að meginhluti mótvirðissjóðs verði undirstaða að öflugum fjárfestingarlánasjóði, sem staðið geti undir nýjum fjárfestingarframkvæmdum þegar stundir líða, fara út um þúfur. Mótvirðissjóðurinn yrði þá að eyðslueyri til óbætanlegs tjóns fyrir þjóðina. Það er því sama, hvar á þessa mynd er litið, alls staðar sést, hve háskalegt það væri, ef aftur sigi á ógæfuhlið um afkomu ríkisins, og hve þýðingarmikið það er, að sá árangur hefur náðst í þessum efnum, sem nú er fyrirsjáanlegur orðinn.

Þá vil ég víkja að framtíðinni og fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir.

Það hefur komið betur og betur í ljós, þegar skyggnzt hefur verið fram í tímann í sambandi við samningu fjárlagafrv. fyrir næsta ár, að líklegt er, að viðhorfið á næsta ári verði talsvert ólíkt því, sem það hefur verið í ár. Kemur þar aðallega tvennt til greina. Annars vegar, að tekjur ríkissjóðs í ár eru óvenju háar, m. a. vegna innflutnings til birgðaaukningar, svo sem ég gerði áðan grein fyrir. Á hinn bóginn, að enda þótt útgjöldin vaxi allverulega í ár — fram yfir það, sem gert var ráð fyrir — vegna kauphækkana og hækkunar á verðlagi, þá falla þær hækkanir þó fyrst á með fullum þunga næsta ár. Því kemur nú fram, að ríkisútgjöldin á næsta ári munu hækka mjög.

Í fjárlagafrv. því, er hér liggur fyrir, eru tekjur ríkissjóðs á rekstrarreikningi og í 20. gr. samtals áætlaðar 363.868 millj. kr., eða um 60 millj. hærri en í fjárl. þessa árs. Gjöldin í fjárlagafrv. á rekstrarreikningi eru hins vegar áætluð 314.577 millj. kr., og á eignahreyfingum eða 20. gr. eru áætlaðar útborganir 45.196 millj. kr., eða samtals 359.773 millj. kr., og er það um 57.160 millj. kr. hærri útgjöld en í fjárl. yfirstandandi árs. Þetta er á milli 18 og 19% hækkun á útgjaldahlið fjárlaganna frá því 1951 og veruleg hækkun frá því, sem útgjöldin verða í ár, þótt þau fari talsvert fram úr fjárlögum.

Tekjuáætlun frv. eru gerð töluverð skil í grg. fyrir frv. Hér vil ég benda á, að þar hafa fjórir liðir höfuðþýðingu: tekju- og eignarskattur, verðtollur, söluskattur og hagnaður af ríkisfyrirtækjum.

Tekju- og eignarskattsáætlunin er hækkuð um 6 millj. frá gildandi fjárl., og er það fullílagt.

Verðtollurinn er áætlaður 20 millj. kr. hærri en í gildandi fjárl., eða 93 millj. kr. Hann sýnist ætla að verða í ár yfir 100 millj. kr., en með tilliti til þess, sem ég hef upplýst um birgðasöfnun í ár og sérstakar tolltekjur af henni, getur ekki komið til mála að áætla verðtollinn hærri en gert er í frv.

Það er mjög örðugt að segja um, hvað söluskatturinn verður endanlega á þessu ári, en eins og segir í grg. frv., þá nam hann fyrri helming ársins 37 millj. kr. Ég geri samt ráð fyrir, að hann verði eitthvað yfir 80 millj. kr. á þessu ári. Hann er áætlaður 77 millj. kr. í frv., og er það vel ílagt með tilliti til þess, að vörukaup manna hljóta að hafa verið á þessu ári óvenjulega mikil fyrst í stað, þegar slakað var á höftunum og ýmsar vörur komu í búðir, sem menn höfðu ekki getað fengið lengi, og enn fremur með tilliti til þeirra upplýsinga um birgðaaukningu á þessu ári, sem ég gat um í sambandi við verðtollinn.

Hagnaður af áfengis- og tóbakseinkasölum er áætlaður fyrir næsta ár samtals 79 millj. kr., og er það 10 millj. kr. hærra en áætlað er í fjárl. yfirstandandi árs. Hins vegar gefa þessar einkasölur í tekjur á þessu ári heldur meira en árið 1950 og aðeins ríflega þá fjárhæð, sem hér er áætluð. Samt sem áður er þessi áætlun á tekjum af einkasölu sett hærri en venja er til um þá tekjuliði.

Tekjuáætlun fjárl. í heild má áreiðanlega ekki hærri vera en hún er hér sett.

Hækkun gjaldanna á fjárlagafrv. er mikil, eins og ég gat um áðan, og má ekki tæpara standa, að hægt sé að gera ráð fyrir, að undir þeim verði staðið að óbreyttum sköttum og tollum, eins og frv. ber með sér, þar sem greiðsluafgangur er ekki áætlaður nema 4.1 millj. kr. Kemur þá til skoðunar, í hverju þessi mikla hækkun á útgjöldunum er fólgin, og um ástæður fyrir henni.

Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir kaupgjaldsvísitölunni 141 stig, sem líklegt var talið, að yrði í ársbyrjun 1952. Í júlímánuði þurfti að ákveða, með hvaða vísitölu skyldi reikna, og þótti þá líklegt, að kaupgjaldsvísitalan yrði nálægt þessu í ársbyrjun 1952, eftir að hausthækkanir væru þar komnar til greina. Verður þetta tæplega nógu hátt. Ógerningur er að segja, hvort vísitalan nemur þar staðar eða ekki, sem hún verður í ársbyrjun, en yfirleitt munu allar nú fyrirsjáanlegar hækkanir verða þá komnar inn í vísitöluna, og ætti hún þá ekki að hækka úr því, nema utanaðkomandi áhrifa gæti til hækkunar eða nýjar ráðstafanir verði gerðar innanlands til þess að knýja hana enn áfram. Er raunar allt í óvissu um það, hvernig fer um þetta mikilvæga atriði á næsta ári, og er nauðsynlegt að hafa það í huga við athugun frv. á Alþ. og meðferð þess alla, að svo gæti til tekizt, að vísitalan hækkaði frá þessu, og þá aukast útgjöld ríkissjóðs verulega við það.

Um hinar almennu ástæður fyrir hækkun á ríkisútgjöldunum er þetta helzt að segja:

Mönnum telst svo til í fjmrn., að hækkun á launum ríkisstarfsmanna frá gildandi fjárl. nemi um 11 millj. kr. í frv. Erfitt er að sjá með nákvæmni, hversu mikið af öðrum hækkunum frv. stafar beinlínis af launahækkunum. Þar koma margir liðir til greina, en við athugun á ýmsum liðum fjárl., þar sem um er að ræða

launagreiðslur til annarra en fastra starfsmanna, þá sýnist mönnum ekki fjarri lagi að áætla hækkun á frv. vegna launagreiðslna til annarra en fastra starfsmanna um 7 millj. kr. Samtals mundu þá launa- og kaupgjaldshækkanir nema um 18 millj. kr. til hækkunar á frv. frá því, sem er í gildandi fjárl. Hér er þó aðeins átt við beinar vinnulaunagreiðslur, en auðvitað eiga margar aðrar útgjaldahækkanir á frumvarpinu rætur sínar að rekja til hækkaðra launa og kaupgjalds.

Matvörur og annar varningur, sem keyptur er í ýmsum stofnunum til rekstrar, hefur stórlega hækkað. Í áætlun ríkisspítalanna t. d. er gert ráð fyrir mikilli hækkun á matvöru frá því, sem var í fjárl. þessa árs. Rafmagnsverð í Reykjavík hefur hækkað um 48%, og er það víða verulegur liður. Hitakostnaður hefur hækkað stórkostlega. Þá hefur húsaleiga fyrir húsnæði til atvinnurekstrar hækkað stórlega, vegna þess að niður féllu ákvæði húsaleigulaganna um leigutakmarkanir á atvinnu- og skrifstofuhúsnæði. Hefur því orðið um að ræða allmikla hækkun á húsaleigu hjá ríkisstofnunum, sem eru í leiguhúsnæði. Í samræmi við þetta hafa svo fjöldamargir aðrir liðir hækkað. Útgjöld til heilbrigðismála vegna hækkaðra daggjalda á sjúkrahúsum, útgjöld til tryggingganna vegna aukins kostnaðar við tryggingar og hækkaðra iðgjalda. Loks er þess að geta, að nokkrir liðir fjárl. hafa hækkað vegna þess, að þeir eru enn færðir til sannari vegar en verið hefur í fjárl. undanfarið.

Á þessu sést og þó raunar enn betur á því, sem ég upplýsi síðar um einstaka liði frv., að hækkun ríkisútgjaldanna stafar yfirleitt af kaupgjalds- og verðlagshækkunum, sem orðið hafa á þessu ári. Hefði verið hægt að komast hjá þessum hækkunum, þá hefðu að vísu tekjur ríkissjóðs og tekjuvonir verið eitthvað minni en nú, en ríkisútgjöldin á hinn bóginn verið svo miklu lægri en frv. sýnir nú, að hægt hefði verið að lækka skatta og tolla eitthvað og vera samt öruggur um afkomu ríkissjóðs.

Það er augljóst af þeim upplýsingum, sem nú hafa verið gefnar, að ætli menn að stefna enn að greiðsluhallalausum ríkisbúskap ríkissjóðs, sem er eitt meginatriði í stefnu núverandi ríkisstj., þá er ekki hægt að lækka skattané tolltekjur nema með því að lækka ríkisútgjöldin frá því, sem þau eru fyrirhuguð í þessu frv. eða öllu heldur í gildandi löggjöf.

Í fjmrn. hefur verið tekin saman skrá um hækkun á nokkrum útgjaldaliðum í fjárlagafrv. miðað við gildandi frv., og ætla ég að lesa þessa skrá:

	Áætlað 1952.	Hækkun.
1. Dómgæzla og lögreglustjórn	12 366 460	2 113 245
2. Landhelgisgæzla	9 259 000	3 259 000
3. Innheimta skatta og tolla	8 562 945	1 687 335
4. Sími, burðargjöld og pappír	2 250 000	700 000
5. Halli sjúkrahúsanna	8 464 106	2 231 173
6. Berklavarnir	4 484 041	682 963
7. Styrkur vegna langvarandi sjúkdóma	5 600 000	1 640 000
8. Viðhald þjóðvega	17 500 000	3 700 000
9. Strandferðir	3 620 000	1 838 000
10. Rekstrarkostnaður vitanna	1 750 000	290 000
11. Flugmál	3 582 617	1 354 470
12. Kirkjumál	5 491 442	1 074 201
13. Kostnaður við framhaldsskóla	6 218 506	936 840
14. Gagnfræðamenntun	12 419 876	2 845 054
15. Barnafræðslan	21 901 782	5 070 787
16. Atvinnudeild háskólans	2 360 754	527 775
17. Jarðræktarstyrkir	8 755 226	3 560 226
18. Sandgræðslan	816 127	215 052
19. Skógræktin	1 619 180	459 794
20. Fjárskipti og sauðfjárveikivarnir	14 940 000	4 945 000
21. Tryggingastofnun ríkisins	22 800 000	3 950 000
22. Sjúkrasamlögin	7 500 000	2 500 000
23. Eftirlaun	3 660 000	654 000
24. Áætlað fyrir ábyrgðartöpum	7 000 000	1 500 000
Samtals kr.	193 922 062	47 734 915

Langmest af þeim hækkunum, sem hér eru taldar, stafar af þeim almennu ástæðum, sem ég hef þegar gert grein fyrir, launa- og verðlagshækkunum o. s. frv., en um einstaka liði er þó þessa að geta: Landhelgisgæzlukostnaður hækkar einnig vegna þess, að nýju skipi er bætt við flotann. Var þó gert ráð fyrir því í gildandi fjárl., að hið nýja skip starfaði hálft þetta ár. Innheimtukostnaður skatta og tolla hækkar einnig vegna þess, að þar er áætlunin nú sönnu nær en verið hefur. Styrkir vegna langvarandi sjúkdóma hækka einnig vegna reglugerðarbreytingar frá síðasta ári. Kostnaður við flugmál hækkar einnig vegna aukins kostnaðar á Keflavíkurflugvelli vegna nýrrar skipunar þar. Kostnaður við fjárskipti og sauðfjárveikivarnir hækkar vegna þess, að sífellt er færzt meira og meira í fang og stækkuð þau svæði, sem fé er fellt á. Er þetta gert til þess að flýta því verki. Áætlun fyrir ábyrgðar-

töpum er hækkuð vegna fenginnar reynslu, og eru nú áætlaðar 7 milljónir til þess að mæta þessum áföllum.

Um aðra liði í frv. er þess helzt að geta, að sett er inn fjárveiting til kaupa á vatnsréttindum í Þjórsá, 1570 þús. kr. Íslendingar verða að eiga vatnsréttindi sín sjálfir, og hafa tekizt samningar við erlenda eigendur þessara réttinda um sölu á þeim fyrir þetta verð. Framlag til hlutabréfakaupa í áburðarverksmiðjunni er hækkað um 1.5 millj. kr. Veitt er til sementsverksmiðjunnar 1 millj. kr. Loftvarnakostnaður er hækkaður um 500 þús. kr. upp í 1 millj., og fjárveitingar til verklegra framkvæmda eru yfirleitt hækkaðar um 10% frá því, sem þær eru í gildandi fjárl.

Loks er rétt að geta enn um tvo nýja liði: fjárveitingu til þess að koma upp kynbótabúi nautgripa á Suðurlandi, 225 þús., fyrri fjárveiting af tveimur, og framlag til kaupa á sérstökum rannsóknartækjum fyrir Fiskifélag Íslands, 358 þús.

Allar hækkanir, sem ég nú hef nefnt, nema samtals 54939915 kr., en heildarhækkun á frv. nemur 57134950 kr.

Sérstök ástæða er til að benda á, að vaxtagreiðslur ríkissjóðs lækka enn frá því, sem verið hefur. Eru vaxtaútgjöld nú áætluð 3783000 kr., en voru fyrir tveimur árum tæpar 8 millj. kr. Er ekki gert ráð fyrir neinum lausaskuldavöxtum á næsta ári, og er þetta sumpart vegna þess, að ríkissjóður nýtur mótvirðissjóðsins, sem stendur í Landsbankanum, en sumpart vegna þess, að ríkissjóður hefur af tekjum sínum lækkað þær skuldir, sem hann stendur straum af á árinu 1950 og þó einkum nú á þessu ári.

Fróðlegt er að athuga, hvernig ríkisútgjöldin eru fyrirhuguð á næsta ári, samanborið við það, sem þau voru fyrir gengislækkunina árið 1949. Árið 1949 voru öll útgjöld ríkisins á rekstrarreikningi og þau útgjöld á 20. gr., sem sambærileg eru við það, sem sett er í fjárl., samtals 336 millj. kr., en eru nú áætluð, eins og ég hef áður getið um, 360 millj. kr. Útgjöldin eru því á næsta ári áætluð um 24 millj. kr. hærri en þau voru 1949, fyrir gengislækkunina, eða um 7% hærri. Er það ekki mikil hækkun, þegar dæmið er sett upp þannig, miðað við þær hækkanir, sem yfirleitt hafa orðið á þeim tíma, bæði að sjálfsögðu nokkuð af völdum gengislækkunarinnar og þó ekki síður af völdum hinna almennu verðhækkana í heiminum og kaupgjaldshækkunum, sem eru gengislækkuninni óviðkomandi. En við þetta er þá einnig það að athuga, að 1949 voru dýrtíðarútgjöld svokölluð 48 millj. kr. hærri en þau eru áætluð á frv. 1952. En þá ber einnig þess að geta, að ef borin eru saman launaútgjöld ríkisins árið 1949 og áætlaðar launagreiðslur næsta ár, bæði launagreiðslur til opinberra starfsmanna og kaupgjaldsgreiðslur vegna ýmiss konar starfrækslu ríkisins, þá mun ekki fjarri lagi að áætla, að þær greiðslur einar séu nú 40 millj. kr. hærri en þær voru 1949.

Raunverulega hafa útgjöld ríkisins lækkað stórkostlega frá 1949, þegar tillit er tekið til hins breytta verðgildis peninganna.

Mönnum þykja há ríkisútgjöldin, og er það að vonum, og mikið er og hefur verið rætt um möguleika til sparnaðar og lækkunar á ríkisútgjöldunum. Ég hef ætíð við þær umræður bent á, að þótt það væri sjálfsagt að leita eftir möguleikum til þess að spara í mannahaldi og skrifstofukostnaði hjá ríkinu og það væri bæði fjárhags- og menningaratriði að halda ekki í þjónustu ónauðsynlegu starfsliði eða þola óeðlilega eyðslu, þá yrðu menn samt sem áður að gera sér ljóst, að þótt fullri ráðdeild yrði komið á í þeim efnum, þá yrði aldrei um stórfelldan sparnað að ræða eða verulega lækkun á ríkisútgjöldunum eftir þeirri leið. Ég hef ætíð bent á það, í hvert skipti sem ég hef haft tækifæri til þess, að ef lækka ætti ríkisútgjöldin svo, að stefnuhvörfum gæti valdið, þá yrði að framkvæma stórfelldar breytingar í rekstri ríkisins með því að draga saman eða leggja niður ýmiss konar þjónustu, sem ríkið hefur á undanförnum árum með löggjöf tekið að sér í þágu landsmanna.

Ég mun nú í örstuttu máli geta um þær ráðstafanir, sem núv. ríkisstj. hefur gert til sparnaðar í ríkisrekstrinum. Það verður upptalning án útleggingar um einstök atriði.

Grunnlaunauppbót sú, sem greidd var, þegar stjórnin tók við, var lækkuð úr 20% í 10—17%. Starfstími var nokkuð lengdur á flestum opinberum skrifstofum. Leitazt hefur verið við að draga úr eftirvinnu. Verðlagsuppbót og grunnlaunauppbætur hafa ekki verið greiddar að fullu á nefndalaun og aukalaun. Dagpeningar hafa verið lækkaðir í utanlandsferðum. Settar hafa verið nýjar reglur um greiðslu bifreiðakostnaðar til embættismanna. Lögð hafa verið niður milli 20 og 30 störf og embætti og fækkað um 40 manns við eftirlit með innflutningi og dreifingu vara. Lagt var niður sendiráðið í Moskvu. Lagður var niður taprekstur á áætlunarbifreiðum. Lagt var niður tilraunabúið í Engey. Fellt var niður ríkisframlag til vinnumiðlunar. Í samvinnu við þingmeirihluta þann, sem stj. styður, hefur verið komið á styttra þinghaldi, sem sparað hefur verulega fjármuni.

Þetta er það helzta, er gert hefur verið í þessa átt. Auk þess hefur ýmiss konar auknu aðhaldi og eftirliti verið komið á til þess að tryggja betri og heilbrigðari rekstur ríkisins, forðast umframgreiðslur, tryggja innheimtu og réttmæt skil ríkistekna og draga úr tjóni af ábyrgðum. Hafa sumar þær ráðstafanir haft mjög mikla þýðingu fyrir afkomu ríkisins og hjálpað til að valda stefnuhvörfum í þeim efnum.

Eins og ég sagði frá hér á Alþingi í fyrra, þá hafði ríkisstj. samið um það við Marshallstofnunina, að hingað kæmi sérfræðingur til þess að líta yfir ríkisrekstur inn og gefa ráð og leiðbeiningar í því sambandi. Þessi sérfræðingur kom hér á síðastl. hausti, en gat ekki dvalið þá nema rúma viku. Gerði hann bráðabirgðaskýrslu að lokinni þessari dvöl hér, og voru þar í ýmsar bendingar, sem ríkisstj. hefur haft til hliðsjónar og athugunar. Það kom fram við þessa athugun, að erfiðleikar mundu vera á því að koma við vinnusparnaði með aukinni vélanotkun og öðrum slíkum ráðstöfunum, sem

stj. hafði gert sér vonir um að gætu komið til greina, þar sem skrifstofur ríkisins eru yfirleitt það smáar, að slíkum vinnubrögðum yrði tæpast við komið nema hjá þeim allra stærstu. Eftir að hafa athugað þessa bráðabirgðaskýrslu fór ríkisstj. þess á leit, að framhaldsathugun yrði gerð, sem beindist að því að koma á sparnaði í stærstu stofnununum með aukinni vélanotkun. Hafa staðið yfir samningar um þetta, og er það von mín, að í haust og vetur fari fram athugun á því, hvort hægt sé að gera vinnubrögð við skatt- og tollheimtu einfaldari en þau eru nú.

Ég vil ekki taka að mér að segja með nákvæmni, hver árlegur sparnaður er orðinn af þeim ráðstöfunum, sem ríkisstj. hefur nú þegar komið í framkvæmd og ég taldi upp hér áður, en hann er áreiðanlega á milli 10 og 20 millj. kr. á ári. Það er sjálfsagt að halda áfram þessari viðleitni, en eins og ég sagði áðan, þá er ekki hægt að gera ráðstafanir hliðstæðar þeim svo umfangsmiklar, að þær valdi straumhvörfum, þó að þær séu góðar og nauðsynlegar.

Útgjaldabálkur fjárl. er nær alveg sniðinn eftir tillögum þeirra ráðuneyta, sem stýra hinum einstöku starfsgreinum ríkisins, nema þar sem fjmrn. hefur sums staðar dregið úr tillögum um fjárveitingar til þeirra útgjalda, sem ekki eru fastbundin með lögum eða fastskorðuð vegna starfa, sem ríkið verður að láta framkvæma. Það eru samtök um það í ríkisstj., að hver ráðherra um sig leitist við af alefli að komast af með sem minnst fé til beins starfrækslukostnaðar þeirra greina, sem þeir stýra, og samráð um almennar ráðstafanir til þess að halda útgjöldum í skefjum. Ég efast ekki um, að samstarfsmenn mínir í ríkisstj. hafa miðað tillögur sínar um starfrækslukostnaðinn við það, sem þeir telja minnst hægt að komast af með, en þá einnig hitt, að ekki þýðir að blekkja sig með því að setja kostnaðinn lægri í fjárl. en hann fyrirsjáanlega verður.

Það er ástæða til þess, að menn geri sér það fullkomlega ljóst, að ef menn ætla að lækka ríkisútgjöldin verulega, þá verður að grípa til stórfenglegra ráðstafana, og þegar menn ræða um sparnað á ríkisútgjöldunum, þá verða menn að temja sér að horfast í augu við staðreyndir og nefna hlutina réttum nöfnum.

Þeir, sem ætla að tala um að valda straumhvörfum með lækkun ríkisgjalda, verða að gera sér grein fyrir, hvort þeir vilja t. d. draga úr lögreglu- og dómgæzlukostnaði, fækka dómurum, lögregluliði eða draga úr landhelgisgæzlunni. Eða vilja menn t. d. draga saman sjúkrahúsareksturinn eða lækka framlög til styrktar sjúkum? Eða skera niður framlög til vegagerða eða spara enn á viðhaldsfé frá því, sem verið hefur? Eða minnka enn eða jafnvel afnema styrki til strandferðanna? Eða fækka skólum, stytta verulega skólatímann eða krefjast meiri kennslu af *kennurunum*? Eða *draga saman tryggingakerfið*, eða minnka framlög til landbúnaðar, sjávarútvegs eða raforkumála? Þessar og fleiri svipaðar spurningar mæta mönnum, þegar þeir ræða þessi mál í alvöru, og fram hjá þeim verður ekki komizt.

Fjárlagafrv. það, sem hér liggur fyrir, sýnir mönnum það alveg glöggt, að annaðhvort verður að halda nokkurn veginn núgildandi tekjustofnum ríkissjóðs eða að framkvæma verulegan niðurskurð á útgjöldum ríkisins, og það mundi óhjákvæmilega þýða, eins og ég sagði áðan, að það yrði að draga stórkostlega saman eða fella niður ýmiss konar starfsemi í þjónustu borgaranna, sem ríkið hefur tekið að sér á undanförnum árum. Menn verða að velja á milli þess nauðugir viljugir að halda sköttunum eða fella niður þessa starfsemi að meira eða minna leyti.

Allar tillögur um að fella niður skattana eða tollana án þess að gera jafnframt rökstuddar tillögur um það, hvaða starfsemi ríkisins á að draga saman eða fella niður á móti, eru alveg ábyrgðarlausar og marklausar, nema þá ef skoða ber slíkar tillögur eða uppástungur sem tillögur um að taka upp aftur hallarekstur ríkissjóðs með þeim afleiðingum, sem það óhjákvæmilega hefur í för með sér.

Afleiðingar þess yrðu meðal annars þær, að tilraun sú, sem nú er verið að gera til þess að ráða bót á verzlunarástandinu og gera verzlunina frjálsari, hlyti að fara algerlega út um þúfur og aftur yrði að innleiða verzlunarhöft, skömmtun og margvíslegar slíkar ráðstafanir, sem þjóðin hefur orðið fegnari en frá verði sagt að losna við smátt og smátt nú undanfarið.

Hallarekstur ríkisins mundi einnig óhjákvæmilega leiða til þess, að mótvirðissjóðurinn yrði étinn upp í eyðslu ríkisins og stöðva yrði framkvæmd þeirra stóru fyrirtækja, sem nú er verið að vinna að og eiga að verða undirstaða margs konar framfara í framtíðinni. Á ég þar sérstaklega við Sogsvirkjunina, Laxárvirkjunina og áburðarverksmiðjuna, en þetta nær þó auðvitað til fleiri fyrirtækja, sem eiga að framkvæmast jafnhliða þeim eða síðar.

Hallarekstur ríkisins mundi innleiða hér á nýjan leik vöruskortinn, svarta markaðinn og verzlunaránauðina, sem hér ríkti áður en rofaði til í þeim málum vegna ráðstafana stj. í fjárhagsmálum og atvinnumálum, en þær ráðstafanir hafa einnig aukið framleiðsluna og komið á jafnvægi í peningamálum.

Það lætur laglega í eyrum að tala um skatta- og tollalækkanir, og það væri gott að geta lækkað tolla og skatta, en hagnaðurinn fyrir almenning af slíkum ráðstöfunum gæti þó orðið skammvinnur, ef það fylgdi með, að annaðhvort yrði að skerða stórkostlega þau hlunnindi, sem ríkið lætur borgurunum í té með heilbrigðri þjónustu, tryggingum, verklegum framkvæmdum og margvíslegum framlögum til atvinnuveganna, eða þá að innleiða á ný halla á ríkisrekstrinum, sem leiddi af sér sams konar öngþveiti í framleiðslu- og viðskiptamálum og menn bjuggu við og hlutu búsifjar af, þangað til hin nýja fjármálastefna stj. fór að bera árangur.

Um skattana og tollana er það að segja til viðbótar, að núverandi ríkisstj. hefur gert tvennar ráðstafanir til lækkunar á sköttum og tollum. Önnur var sú að lækka tekjuskatt á lágtekjum og hin að lækka viðauka á verðtolli úr 65% í 45%. Hins vegar hefur ríkisstj. gert þær ráðstafanir til hækkunar á sköttum og tollum,

að söluskattur á innflutningi var hækkaður úr 6% í 7% í fyrrahaust og nokkurt álag sett á aukatekjur og hluta af vörutolli á síðasta þingi til þess að koma þá saman fjárl. miðað við þær horfur, sem þá voru, og þá reynslu, sem menn höfðu þá á að byggja um tekjur ríkissjóðs. Mér telst svo til, að þær hækkanir, sem þá voru gerðar, muni nema sem næst jafnmiklu og þær lækkanir, sem stj. hefur beitt sér fyrir. Hafa því skattar og tollar staðið í stað á stjórnartímabili þessarar stjórnar.

Það er fróðlegt að athuga, að síðasta árið fyrir gengislækkunina, árið 1949, námu tekjur ríkissjóðs, þ. e. skattar og tollar og aðrar tekjur, 305 millj. kr., en eru í þessu frv. ráðgerðar 363 millj. kr. Hækkunin frá því fyrir gengislækkunina er því 19%, og er það mun minni hækkun en á flestu öðru.

Skuldir þær, sem ríkissjóður stendur sjálfur straum af, munu lækka mjög verulega á þessu ári. Þrátt fyrir það hefur ríkissjóður tekið ýmis lán á árinu vegna framkvæmda. Er það fé endurlánað ýmsum fyrirtækjum, sem standa straum af vaxta- og afborgunargreiðslum ríkissjóði að skaðlausu. Mun ég gefa stutt yfirlit um lántökur ríkissjóðs á þessu ári.

Á síðasta Alþingi voru sett lög um heimild fyrir ríkisstj. til þess að taka að láni jafnvirði 43 millj. ísl. kr. í erlendri mynt. Var ætlunin, að 25 millj. af þessu fé færu til þess að greiða eftirstöðvar af andvirði 10 togara, sem keyptir voru í Bretlandi, 15 millj. yrðu lánaðar stofnlánadeildum Búnaðarbankans, ræktunarsjóði og byggingarsjóði, og 3 millj. yrðu lagðar til iðnlánasjóðs.

Leitazt hefur verið við að útvega þetta lán, en það hefur enn þá ekki reynzt mögulegt. Var leitazt fyrir í Bretlandi, en ástæður eru nú þannig á lánamarkaði þar í landi, að þess hefur enginn kostur verið að fá þar slíkt lán. Ekki er þó vonlaust, að takast megi að útvega þar þann hluta af þessu fyrirhugaða láni, sem verja á til þess að greiða eftirstöðvar af andvirði togaranna, sem smíðaðir voru í Bretlandi. Gætu þá ef til vill flotið með þær 3 millj., sem ætlaðar voru iðnlánasjóði.

Skýrt var frá því hér í fyrra, að ríkið hefur tekið bráðabirgðalán í Bretlandi, að fjárhæð 350 þús. sterlingspund, til þess að greiða hluta eftirstöðvanna af andvirði togaranna. Þessi bráðabirgðalán eru til eins árs, og er því mjög aðkallandi að útvega fé til þess að endurgreiða þau. Verður reynt að fá þau framlengd eitthvað, ef ekki verður búið að koma í kring lántöku til lengri tíma, þegar að gjalddaga þeirra kemur. Er sífellt verið að vinna að þessu máli, en óvíst enn um árangur.

Takist ekki að útvega það lánsfé, sem ætlað var til iðnlánasjóðsins, þessar 3 millj. kr., sem ég nefndi áðan, mun ríkisstj. beita sér fyrir því, að sú fjárhæð verði lögð fram af öðru fé.

Svo sem kunnugt er, voru Íslendingar þátttakendur í stofnun alþjóðabankans og alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Þessum stofnunum er ætlað að vinna að aukinni fjárhagslegri samvinnu, og þeim er ætlað að verða þjóðunum til stuðnings, m. a. með lánveitingum frá alþjóðabankanum til þess að koma í framkvæmd heilbrigðum framfaraáætlunum.

Þegar kunnugt fór að verða um starfsemi alþjóðabankans, tóku menn að gera sér vonir um að sú stofnun gæti orðið okkur að liði við framkvæmd ýmissa þeirra fyrirætlana, sem við höfðum á prjónunum.

Á árinu 1950 samþykkti Alþingi lög um heimild fyrir ríkisstj. til þess að taka lán vegna Sogsvirkjunar og Laxárvirkjunar. Var gert ráð fyrir, að lánið samsvaraði þeim kostnaði við virkjanirnar, sem greiða þyrfti í Evrópugjaldeyri, en svo sem kunnugt er leggur Marshallstofnunin fram dollarakostnaðinn við framkvæmdirnar. Var þetta mál tekið upp við alþjóðabankann haustið 1950 og þess þá jafnframt getið, að síðar mundi óskað eftir lánum til áburðarverksmiðju og sementsverksmiðju. Bankinn lét fara fram sérfræðilegar athuganir á þessum framkvæmdaáætlunum og sendi hingað einnig fulltrúa til þess að kynna sér rækilega allar fjárhagslegar aðstæður hér og fyrirætlanir um framkvæmdir í nánustu framtíð, en þetta hvort tveggja gerir bankinn ævinlega, þegar slíkar lánbeiðnir berast. Á síðastliðnum vetri var ákveðið að leitast einnig við að fá hjá alþjóðabankanum lán til landbúnaðarframkvæmda, en heimild fyrir slíkri lántöku var þá samþ. á Alþingi. Þótti líklegt, að þangað mundi helzt að leita um fé til þeirra framkvæmda, enda hefur reynslan sýnt, að það var eina leiðin til þess að útvega erlent lánsfé í landbúnaðinn.

Til þess að gera langa sögu stutta er skemmst frá því að segja, að allt frá því að Jón Árnason bankastjóri lagði fram fyrir hönd íslenzku ríkisstj. fyrstu lánbeiðnina haustið 1950 hefur verið svo að segja stöðugt unnið að athugunum og samningum um öll þessi mál. Ýmist hafa fulltrúar frá alþjóðabankanum verið hér til þess að kynna sér ástæður allar eða héðan hefur verið farið til viðræðna vestur þangað, sem bankinn hefur aðsetur. Niðurstaðan er sú, að alþjóðabankinn hefur samið um að lána til virkjananna sem svarar 40 millj. ísl. kr. og til landbúnaðarframkvæmda og áburðarverksmiðju sem svarar 32.6 millj. ísl. kr.

Það er ákaflega þýðingarmikið, að tekizt hefur að koma þessum lántökum fram hjá alþjóðabankanum. Fyrirtækin og framkvæmdirnar, sem lánin eiga að styðja, eru mjög mikilsverð fyrir okkur, og þá er hitt einnig mikils um vert, að með þessu eru tengd viðskiptasambönd við alþjóðabankann. Sú stofnun er nú orðin stór og mikils megandi. Alþjóðabankinn er mjög vaxandi stofnun, og er ekki annað líklegra en að sú þróun haldi áfram og það verði einmitt sá banki, sem í framtíðinni annast flutning á lánsfé frá þeim löndum, sem hafa gnægð reiðufjár, til hinna, sem þurfa á lánum að halda til þess að notfæra sér landsgæði og sjávargagn. Það er ekki sízt ástæða til þess að fagna því, að þessi stofnun hefur fallizt á að lána fé til almennra landbúnaðarframkvæmda. Er vonandi, að framhald geti orðið á því síðar. Einnig er vonandi, að við getum fengið stuðning bankans í framtíðinni til annarra fyrirtækja, sem nauðsyn ber til, að komið verði á fót.

Ég geri mér eindregnar vonir um, að framhald verði á þeim viðskiptum, sem hafin eru við alþjóðabankann, en rétt er að gera sér þess fulla grein, að mjög er slíkt undir því komið, hvort okkur tekst að stýra þannig fjárhagsmálum okkar, að við höldum trausti þeirra manna, sem trúað er fyrir því vandasama starfi að ráðstafa fjármunum slíkrar stofnunar sem alþjóðabankinn er.

Rétt er að taka það fram, að vegna þeirra lántaka, sem nú hefur verið um samið, og þeirra stórframkvæmda, sem við höfum með höndum í sambandi við þær, verðum við að búast við, að einhver dráttur geti orðið á frekari lánveitingum af bankans hendi, enda hefur bankinn nú veitt hingað á þessu ári jafnvirði 72.6 millj. ísl. kr., eins og ég gat um áðan.

Þá vil ég minnast nokkrum orðum á út- og innflutninginn á þessu ári.

Útflutningurinn hefur fram að 1. okt. orðið 463 millj. kr., en var á sama tíma í fyrra 269 millj. kr., umreiknað með nýja genginu til samanburðar. Útflutningurinn hefur því aukizt mjög verulega, að nokkru leyti vegna verðhækkana, en einnig vegna aukinnar framleiðslu, og er ánægjulegt að sjá þann árangur.

Innflutningurinn á sama tíma hefur hins vegar orðið 575 millj. að frádregnum skipainnflutningi, en var í fyrra 413 millj. Innflutningurinn hefur því aukizt mikið í krónutölu, en þó minna raunverulega en halda mætti eftir þessum tölum, þar sem verðhækkanir á erlendum vörum hafa orðið mjög miklar. Erfitt er að gizka á, hve mikið innflutningurinn hefur í raun og veru aukizt að magni, en geta má þess, að vörutollurinn hefur fram að 1. sept. orðið aðeins 15—16% hærri en í fyrra á sama tíma. Þar sem meira er í innflutningnum nú en í fyrra af vörum í hærri vörutollsflokkum, má gera ráð fyrir, að aukningin á innflutningnum sé mun minni en 15—16%.

Það er erfitt að segja, hvernig viðskiptin við útlönd verða á árinu, þegar öll kurl eru til grafar komin, en útflutningurinn verður væntanlega mikill, það sem eftir er ársins. Hins vegar hlýtur að verða verulegur halli á vöruskiptajöfnuðinum. Bæði er skipainnflutningur talsverður, og þau skip hafa ýmist verið greidd áður eða eru greidd með lánum. Enn fremur verður mikill innflutningur véla til stóru fyrirtækjanna, sem greiddar verða með Marshallfé. Þá er innflutningur ætlaður til aukningar vörubirgðum í verzlunum, sem greiddur er með sérstöku framlagi frá greiðslubandalagi Evrópu, og loks er svo annað gjafafé, sem gengur til greiðslu á ýmsum öðrum varningi en vélum.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, þykir mér líklegt, að innflutningur greiddur af Marshallfé á þessu ári nemi um 10 millj. dollara eða um 163 millj. kr. Af því sýnist nálægt 2.9 millj. dollurum muni verða varið til vélakaupa fyrir stóru fyrirtækin og þá um 7.1 millj. dollara til greiðslu á venjulegum vörum og þar innifalið það, sem varið hefur verið til þess að auka verzlunarvörubirgðir. Þessi fjárhæð, um 163 millj. ísl. kr., er að vísu hærri en sú fjárhæð, sem notuð var af Marshallfé í fyrra. En sé það haft í huga, að mikið af þessari fjárhæð nú gengur til vélakaupa vegna framtíðarfyrirtækja og talsvert mikið til þess að auka vörubirgðir í landinu, og loks það tekið með í reikninginn, að verð á aðfluttum vörum hefur hækkað mikið frá því í fyrra, þá kemur í ljós, að til venjulegra þarfa þjóðarinnar verður notað mun minna af Marshallfé á þessu ári en í fyrra.

Þetta sýnir, að í rétta átt hefur miðað á árinu, þótt enn þá verði að herða stórkostlega róðurinn og auka framleiðsluna til þess að markinu verði náð.

Upplýsingar þessar sýna einnig, að á þessu ári er meira af Marshallfé en nokkru sinni áður notað til varanlegra framkvæmda. Er það í samræmi við stefnu stjórnarinnar, sem margsinnis hefur verið yfirlýst, að reyna að haga ráðstöfunum í fjármálum þannig, að sem mest af Marshallfénu verði notað til þess að koma upp varanlegum fyrirtækjum, og þessi árangur er beinlínis ávöxtur breyttrar fjármálastefnu. Hefði stefnunni ekki verið breytt, þá hefði Marshallféð í ár étizt upp í almennar þarfir.

Það er ástæða til að leggja áherzlu á þetta. Það er rétt að veita því athygli, sem gengur í rétta átt. Samt sem áður er ekki síður nú en fyrr ástæða til þess að leggja megináherzluna á nauðsyn þess að spenna ekki bogann heima fyrir hærra en framleiðslan getur raunverulega borið. Því aðeins að þetta verði gert, getur þjóðin séð sér algerlega farborða án styrkja, en því marki verðum við að ná og það fyrr en síðar.

Þá er það mótvirðissjóðurinn.

Það er ekki ósennilegt, að inn í mótvirðissjóðinn komi á þessu ári um 156 millj. kr., en í sjóðnum voru við ársbyrjun 100 millj. kr.

Fengizt hefur samþykki fyrir því að lána 15 millj. til Sogs- og Laxárvirkjana úr sjóðnum. Þá hefur verið sótt um samþykki fyrir því að lána úr sjóðnum á þessu ári 60 millj. til Sogs- og Laxárvirkjana og 25 millj. til áburðarverksmiðju, eða samtals til þessara fyrirtækja 85 millj. kr. Er þetta í samræmi við lagaheimild frá síðasta Alþingi. Enn fremur hefur í samræmi við sömu lög verið sótt um samþykki fyrir því að nota 50 millj. kr. af fé sjóðsins til þess að greiða upp í lausaskuldir ríkissjóðs. Verði þessar tillögur samþykktar, þá mundi sjóðurinn í árslokin núna verða álíka stór og hann var í ársbyrjun. Til fyrirtækjanna þriggja hefðu þá verið lánaðar 100 millj. kr. Upphaflega var gert ráð fyrir, að til þessara fyrirtækja allra saman þyrfti að lána úr sjóðnum rúmlega 170 millj. kr. Síðan hefur kostnaður hækkað. Þarf því áreiðanlega hærri lán úr mótvirðissjóði til þess að koma þessum fyrirtækjum í höfn en upphaflega var ráðgert, þó að allir aðrir möguleikar til fjáröflunar verði notaðir.

Þessar tölur sýna glöggt, hversu mikið og erfitt átak það er fyrir þjóðina að byggja upp þessi þrjú stóru fyrirtæki svo að segja samhliða á jafnstuttum tíma og til stefnu er. Þetta hefur þó orðið að leggja út í og verður að framkvæma, þótt erfitt sé vegna þess, að ekki hefði verið mögulegt að tryggja gjaldeyri til vélakaupa í þessi stórvirki nema með Marshallaðstoðinni.

Það er augljóst, að þessar framkvæmdir draga mjög úr möguleikum til annarra framkvæmda. Fram hjá því er ekki hægt að komast. Þykir vafalaust mörgum slæmt að þurfa að bíða með framkvæmdir áhugamála sinna um byggingar og aðrar framkvæmdir vegna skorts á lánsfé. En hvernig sem farið er að, þá er ómögulegt að koma í veg fyrir, að þessar stórframkvæmdir þrengi um lánsmöguleika og möguleika til útvegunar á fé til annars, þar sem þær soga til sín svo gífurlegt fé á okkar mælikvarða. Á hinn bóginn munu flestir vera sammála um það, að þessar þrjár framkvæmdir eru svo nauðsynlegar fyrir þjóðina, að ekki gat komið til mála að sleppa því tækifæri, sem gafst til að hrinda þeim áleiðis, þótt það hlyti að hafa þessi áhrif.

Það er stefna núverandi ríkisstj. að efla framleiðsluna og koma málum hennar þannig fyrir, að hún geti orðið rekin með góðum árangri án opinberra styrkja, og auka þannig framleiðsluna.

Það er stefna stjórnarinnar að koma á jafnvægi í fjármálum landsins, fyrst og fremst með því að reka greiðsluhallalausan ríkisbúskap, miða útlán bankanna við það fjármagn, sem raunverulega er fyrir hendi, og fjárfestinguna einnig við það, sem hægt er að finna fjármagn til með eðlilegu móti. Ríkisstj. stefnir að því að létta höftum og eftirliti með viðskiptum jafnóðum og aukið fjárhagslegt jafnvægi gerir það kleift.

Það er von ríkisstj., að með þessum ráðstöfunum sé hægt að halda uppi fjörmiklu og vaxandi atvinnulífi og verulegum framkvæmdum og ná því marki, að þjóðin geti staðið fjárhagslega á eigin fótum.

Ef við lítum á ástandið eins og það er nú, með þetta í huga, þá er ekki ástæða til þess að vera óánægður með þann árangur, sem náðst hefur síðan stefnubreyting hófst verulega vorið 1950.

Framleiðslan hefur vaxið stórkostlega frá því, sem hún var áður, og nýjar framleiðslugreinar hafa komið til sögunnar. Hins vegar hefur aflabrestur á grunnmiðum allvíða umhverfis landið valdið stórkostlegum erfiðleikum. Tekizt hefur að ná fullkomlega greiðslujöfnuði í ríkisbúskapnum í tvö ár, og með auknu frjálsræði í verzluninni hefur verzlunarástandið batnað stórlega og menn á þann hátt fengið talsvert upp borna þá dýrtíð, sem að öðru leyti hefur skollið á. Tekizt hefur að halda uppi miklum framkvæmdum og forðast atvinnuleysi, nema þar sem sérstakur aflaskortur eða örðug veðrátta eða önnur slík óhöpp hafa steðjað að.

Ýmislegt hefur þó komið fyrir, sem valdið hefur miklum almennum örðugleikum við framkvæmd stjórnarstefnunnar, og ber þar fyrst að nefna þá stórfelldu verðhækkun á útlendum vörum, sem orðið hefur síðan hin nýja stjórnarstefna var upp tekin, og aflabrest á síldveiðum. En þrátt fyrir þetta hefur stórfelldur ávinningur orðið, þegar á heildina er litið. Þessi áföll gera þó ástandið óvissara allt og málefni landsins erfiðari viðfangs en ella hefði verið og gera það að verkum, að hinar heppilegu afleiðingar stjórnarstefnunnar koma eigi svo glöggt í ljós sem ella hefði orðið.

Hinar miklu verðhækkanir erlendra vara á þessu ári, er voru gengislækkuninni óviðkomandi, urðu til þess að kaupgjald var hækkað. Var vafalaust eðlilegt að hækka nokkuð kaupgjaldið, þar sem verðhækkanir höfðu orðið svo stórfelldar. Þar eð útflutningsvörur íslenzkar höfðu hækkað nokkuð, þótt minna væri en þær aðfluttu, þá gat einhver kauphækkun væntanlega komið að gagni fyrir launafólkið. Það óhapp skeði þó í sambandi við þessi mál, að haldið var áfram þeim sið að mæla kaupgjaldið að miklu leyti eftir hækkun á vísitölu framfærslukostnaðar. Þetta hefðu menn ekki átt að gera, heldur hefðu menn átt að semja um einhverja hækkun á kaupgjaldi til ákveðins tíma og taka þá upp samninga að nýju. Sú aðferð að miða hækkun kaupgjalds við hækkun framfærsluvísitölu getur ekki staðizt og hlýtur að leiða til ófarnaðar, nema því aðeins að tilviljun komi til hjálpar, og því er auðvitað ekki að treysta.

Það er viðurkennt, að kauphækkanir geta ekki komið að gagni, nema þjóðartekjurnar vaxi fyrir það, að framleiðsluverðmæti aukist. Hækki hins vegar erlendar vörur, án þess að útflutningsvörurnar hækki að sama skapi, þá minnka þjóðartekjurnar. Samt ætti þá kaupgjaldið í landinu að hækka þrátt fyrir minnkaðar þjóðartekjur, ef vísitölureglunni er beitt. Þessi regla er því gersamlega ónothæf, þar eð samkvæmt þessu gæti það hæglega komið fyrir, að mönnum væru mæld út hækkuð laun á pappírnum, á sama tíma og það, sem raunverulega er til skipta, hefur minnkað. Af því mundu menn ekki hafa neitt gagn, því að slík ráðstöfun hefur í för með sér hækkun á verðlagi innanlands og aðrar búsifjar, þangað til pappírshækkunin væri öll uppétin og meira til. Á hinn bóginn mundi þetta hafa í för með sér margvíslegt tjón, þar sem það mundi grafa undan fjárhagskerfinu og hleypa af stað nýrri verðbólgu og upplausn.

Það var mikill skaði, að ekki var hætt við að nota vísitöluaðferðina við að mæla út kaup og í þess stað tekið upp að semja um fast kaup tiltekinn tíma og taka þá upp samninga á nýjan leik og hækka þá kaupið, ef menn kæmust að þeirri niðurstöðu, að það væri hagkvæmt fyrir launastéttirnar og heildina.

Það er ætlun ríkisstj. að halda áfram að framkvæma stefnu sína og reyna að láta það, sem þegar hefur áunnizt, verða upphaf að nýju tímabili, sem einkennast þyrfti af jafnvægi í fjárhagsmálum, trausti á fjárhagskerfi þjóðarinnar og þeim framförum og auknu athafnalífi, sem slíkt ástand mundi hafa í för með sér. Það sést bezt, hvílík nauðsyn er á því, að þetta gæti tekizt, ef við athugum ofur lítið, hvernig við erum á vegi staddir með eigið fjármagn til þess að standa undir nauðsynlegum rekstri og framkvæmdum.

Það er nú mikið talað um lánsfjárskortinn, sem von er. Alls staðar vantar lánsfé, bæði rekstrarfé og eins lánsfé til nýrra framkvæmda, er menn hafa áhuga fyrir. Hvernig stendur á þessum lánsfjárskorti? Fjármagn til útlána getur ekki myndazt nema við sparnað. Sparnaður verður ekki, nema því aðeins að einstaklingar þjóðfélagsins leggi fé til hliðar, eyði ekki öllum

tekjum sínum. Það verður að vísu einhver sparnaður árlega í sambandi við starfsemi tryggingarfélaga og annað þess konar, og einstaklingar spara með því að vinna að eigin framkvæmdum í byggingum, ræktun o. fl. En enginn verulegur sparnaður getur orðið, sem myndað getur grundvöll að lánastarfsemi eða safnað fjármagni til stórframkvæmda, nema margir einstaklingar þjóðfélagsins leggi reiðufé til hliðar.

Lánsfjárskorturinn stafar þess vegna af því, hve sparnaðurinn er lítill, hinn lausi sparnaður, þ. e. a. s. sá sparnaður, sem getur orðið grundvöllur að útlánum af hendi bankanna eða skuldabréfakaupum af hendi einstaklinga.

Það hættulegasta við ástandið nú er það, að þjóðin eyðir svo að segja öllum tekjum sínum árlega, og þarf því ekki að undra, þótt við búum við lánsfjárskort.

Nú ríður Íslendingum lífið á að geta notfært sér margs konar möguleika, sem landið hefur að bjóða, en það verður ekki gert nema með því að standa sífellt í stórframkvæmdum. Til þessara framkvæmda þarf lánsfé. Við getum að vísu tekið eitthvað af erlendum lánum, en við getum ekki byggt allar okkar framkvæmdir á erlendum lánum. Það er því augljóst mál, að það fer illa fyrir okkur og hlýtur að valda hér kyrrstöðu í framkvæmdum, ef ekki er hægt að auka lánsfjárframboð innanlands á næstu árum eða réttara sagt auka sparnaðinn.

Það verður þess vegna að vera sameiginlegt áhugamál allra landsbúa og ekki síst alþýðustétta landsins, sem eiga svo mikið undir því, að eðlilegar framkvæmdir geti haldið áfram, — bæði vegna atvinnunnar og vegna aukinnar framleiðslu, sem fylgir nýjum fyrirtækjum, — að lánsfjárframboðið innanlands, að sparnaðurinn geti aukizt.

Við teljum að vísu öll hér, að við höfum minni tekjur en við þurfum til þess að komast af með, eins og við orðum það. Samt sem áður er það nú þannig, að þegar tekjur Íslendinga eru bornar saman við tekjur annarra þjóða, þá *eru þær fremur háar, og hér ættu að vera möguleikar til þess,* að talsvert fjármagn myndaðist og þjóðin eyddi ekki öllum tekjum sínum jafnóðum.

Hér er á ferðinni stórkostlegt vandamál. Það *sjáum við á því, hve sparnaðurinn er nú sáralítill* í samanburði við fjármagnsþörfina og að öll stærstu fyrirtækin eru byggð á erlendum lánum og mótvirðissjóði og til mótvirðissjóðs mæna margra augu eftir lánum til framkvæmda, enda þótt hætt sé við, að hann verði farinn að skerðast, þegar fyrirtækjunum þremur hefur verið komið í höfn. Bankarnir eiga fullt í fangi með að lána rekstrarfé og hrökkva raunar ekki til, en verða að neita um fjárfestingarlán, *ekki af illvilja eða þröngsýni, heldur af því,* að fé er ekki til — sparnaðurinn — innlögin í bankana eru svo lítil.

Við vitum, að ástæður fyrir þessu eru margar og ein höfuðástæðan er það jafnvægisleysi og sú algera röskun, sem orðið hefur á fjárhagskerfi þjóðarinnar undanfarið og þar af leiðandi rýrnun á verðgildi peninga. Menn hafa ekki haft trú á því að geyma fjármuni sína, og við það hafa myndazt eyðsluvenjur, sem erfitt er að breyta, en verða að breytast, ef ekki eiga að verða stórkostleg óhöpp og kyrrstaða í framkvæmdum.

Hér er vitaskuld margt, sem kemur til greina, en höfuðatriðið er að skapa aukið jafnvægi í fjárhagslífi þjóðarinnar, eins og stefna núverandi ríkisstj. miðar að.

Nú eru allar hækkanir vegna gengislækkunarinnar komnar fram í verðlaginu hér, og nú ættu að vera miklir möguleikar til þess, að jafnvægi í verðlagsmálum gæti myndazt á næstu missirum, ef rétt er á haldið og utanaðkomandi ástæður ekki trufla. Það er stórkostlegt hagsmunamál allrar þjóðarinnar, að þetta geti tekizt, ekki sízt vegna þess, hve alvarlega horfir um nauðsynlegar framkvæmdir á næstunni, ef þetta ekki tekst.

Ríkisstj. er staðráðin í því að gera það, sem í hennar valdi stendur til þess að slíkt jafnvægi myndist og haldist, með því að halda áfram sömu stefnu og hún hefur fylgt í fjárhags- og atvinnumálum.

Það er á hinn bóginn nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, að það er ekki fullnægjandi, þótt stj. geri þetta og þingið fylgi einnig þessari stefnu. Þótt þetta væri gert, þá væri hægt að gera ráðstafanir utan við framkvæmdir stj. og Alþ., sem raskað gætu því, sem búið væri að vinna í rétta átt, og valdið stórkostlegu tjóni og óhöppum fyrir alla. Þetta gæti komið fyrir vegna þess, að til þess að fjárhagslegt jafnvægi myndist og til þess að sæmilega stöðugt verðlag og stöðugt verðgildi peninga haldist, er ekki nóg, að ríkisstj. og Alþ. haldi rétt á sínum spilum, heldur þarf kaupgjaldsstefnan í landinu einnig að vera miðuð við það að halda slíku jafnvægi í verðlagi og gildi peninga. Það er *höfuðatriði, að forráðamenn launastéttanna og* þjóðin öll geri sér grein fyrir þessu. Samtök launastéttanna eru svo sterk hér í þessu landi, og hér ríkir svo mikið frjálsræði í þessum efnum, að þau geta haft ákaflega mikið í sinni *hendi um þetta.*

Það kemur til bjargar í þessu máli, þegar til lengdar lætur, að saman fara þjóðarhagsmunir og hagsmunir verkalýðsins og launastéttanna. Það kann að vera, að ekki hafi enn þá allir, *sem hlut eiga að máli, komið fyllilega skýrt* auga á samhengið í þessum málum. En ég er sannfærður um, að þess er ekki langt að bíða, að svo verði. Reynsla manna er þegar orðin svo bitur og margþætt, að það hlýtur að vanta *aðeins herzlumuninn á,* að fullur skilningur vakni á þessum viðfangsefnum.

Ég vona fastlega, að skilningur sé orðinn almennur á því, hvílíkt tjón við höfum af verðbólguþróuninni, — að menn komi auga á, að nú *er tækifæri til þess að byrja nýtt tímabil meira* jafnvægis, ef utanaðkomandi atburðir ekki koma til og spilla, og að menn, áður en það er orðið of seint einu sinni enn, láti sér skiljast, að það, sem við þurfum umfram allt, er meira fjárhagslegt jafnvægi, traustara, stöðugra verðlag og peningagildi, — meiri fjármagnsmyndun innanlands — meiri sparnað. Annars hlýtur kyrkingur að koma í framkvæmdir vegna fjármagns-

skorts, því að við getum ekki byggt framkvæmdir að jafnmiklu leyti á gjafafé og lánum og við gerum nú. Takist ekki að auka innlenda fjármagnið, þá minnka framkvæmdirnar og atvinnuleysið heldur innreið sína.

Ef vel á að fara, þurfa ráðstafanir stjórnarvaldanna og sterkustu samtakanna að miða að þessu marki. Ef annar rífur niður það, sem hinn byggir, þá verður sú tilraun eyðilögð, sem nú er verið að gera til þess að gerbreyta ástandinu í þessum málum til bóta frá því, sem verið hefur. Það vonum við að ekki verði, því að mistakist nú að byggja nýtt ábyggilegra fjárhagskerfi á rústum hins gamla, þá verða afleiðingarnar alvarlegar.

Mörg undanfarin ár hefur framleiðslan verið of lítil og sparnaðurinn — fjármagnsmyndunin innanlands — allt of lítill til þess að halda uppi eðlilegum framförum og forðast atvinnuleysi. Þjóðin hefur flotið á því að eyða innstæðum sínum, þiggja gjafafé og taka erlend lán. Sá tími er hins vegar liðinn, að á slíku verði flotið á ófærunni. Mistakist að auka framleiðsluna og sparnaðinn, bitna mistökin nú óumflýjanlega á okkur með fullum þunga, því að við lifum ekki á innstæðum, sem búið er að eyða, gjafafé, sem hlýtur brátt að verða hætt að veita, né eingöngu á erlendum lántökum, þótt þau geti verið góð til framlags á móti eigin fé til einstakra framkvæmda.

Síðasta hálft annað árið hefur miðað stórum í rétta átt. Framleiðslan hefur aukizt, — afkoman út á við batnað, — afkoma ríkisins hefur gerbreytzt til bóta, og reynzt hefur kleift að létta á verzlunarhöftum. Markmiðið er aukin framleiðsla, fjárhagslegt jafnvægi, aukinn sparnaður, sem byggist á traustu fjárhagskerfi. Þetta er leiðin til þess að forðast kyrrstöðu, atvinnuleysi og lífskjararýrnun.

Við vonum, að nú verði ekki gerðar ráðstafanir til þess að hnekkja þessari stefnu, því að afleiðingarnar verða alvarlegri en nokkru sinni fyrr, ef nú ber út af réttri leið.

Ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði vísað til fjvn. þegar þeim hluta 1. umr. er lokið, sem samkvæmt þingsköpum fer fram nú í dag.

Ásmundur Sigurðsson: Um langt skeið hefur það tíðkazt á Alþingi að útvarpa 1. umr. fjárlaga. Mun það vera vegna þess, að afgreiðsla þeirra er talin skipta meira máli en afgreiðsla flestra annarra mála, enda má segja, að í fjárl. sjáist þess gleggst merki, hvernig þjóðarbúskapnum er stjórnað og hvernig valdhafar bregðast við þeim trúnaði, sem þeim hefur verið sýndur. En þegar dæma skal fjárlagaafgreiðslu og fjármálastjórn, þá verður fyrst og fremst að skoða hana í því ljósi, hvern þátt hún á í að tryggja öryggi atvinnulífsins og efnahagslega afkomu alls þorra þjóðarinnar.

Það fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, sýnir fjármálastefnu hæstv. ríkisstj. og þá fyrst og fremst fjmrh.

Fyrsta og gleggsta einkenni þess er það, að það er langsamlega hæsta fjárlagafrv., sem nokkru sinni hefur verið lagt fyrir Alþingi. Ef að vanda lætur, mun það þó eiga eftir að hækka í meðferð þingsins, a. m. k. ef gera skal framlögum til verklegra framkvæmda jafnhátt undir höfði sem öðrum útgjöldum ríkisins.

Heildarupphæð þessa frv. á sjóðsyfirliti er 363.8 millj. kr. og af því aðeins 4 millj. hagstæður greiðslujöfnuður. Er hér um að ræða 60 millj. kr. hærri upphæð en á síðasta árs fjárl. Má það teljast allgott stökk á einu ári og fróðlegt að minnast ummæla hæstv. fjmrh., er flokkur hans var í stjórnarandstöðu fyrir nokkrum árum. Í þingræðu, sem hæstv. ráðh. flutti þá, taldi hann það bera vott um hámark óstjórnar í fjármálum og eyðslusemi hvers konar, að fjárl. væru nú bara farin að nálgast 100 milljónir. Síðan er liðið á sjöunda ár, og langmestan þann tíma hafa hinir þrír íslenzku lýðræðis- og umbótaflokkar farið með stjórn landsins.

Nú væri e. t. v. ekkert við þessum háu upphæðum að segja, ef það væri vottur þess, að efnahagur þjóðarinnar færi batnandi, atvinnuvegirnir væru að blómgast, framleiðslan að vaxa, meira fé í framkvæmdir, atvinna færi vaxandi, efnahagur hinna einstöku heimila væri betri en áður og efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar gagnvart öðrum þjóðum færi batnandi. Ég þarf ekki að svara því, hvort staðreyndirnar eru þessar, því getur hver einstaklingur svarað fyrir sig. Allir vita, að þróun síðustu ára hefur gengið nákvæmlega í gagnstæða átt. Hagur atvinnulífsins hefur versnað, atvinnuleysið vex, heimilin safna skuldum eða skortir nauðsynjar, og þjóðin hefur verið bundin á jötu erlendrar betliframfærslu og landsréttindi afhent í staðinn.

Í ársbyrjun 1947 — eða fyrir nærri 5 árum — var mynduð samsteypustjórn „lýðræðisflokkanna“ þriggja. Síðan hafa þeir farið með völd ýmist þrír eða tveir. Um þau áramót átti þjóðin álitlega fúlgu í inneignum erlendis þrátt fyrir það fé, sem notað hafði verið til uppbyggingar atvinnulífsins næstu árin á undan. Samkvæmt skýrslum sjálfs Landsbankans nam gjaldeyriseign Íslendinga í árslok 1946 ca. 170 millj. kr. Engar ósannindafullyrðingar gerðar í pólitískum tilgangi geta afsannað þessa staðreynd. Framleiðslutekjur þessara ára hafa verið í meðallagi og stundum framúrskarandi góðar, eins og t. d. 1948. Þar við hafa svo bætzt hundruð milljóna í Marshallfé.

Það eru því engir smáræðis fjármunir, sem þessar ríkisstjórnir hafa haft til meðferðar, og því ekki fyrir fjárskort, að svo er komið, að allar framkvæmdir stöðvast, að atvinnuleysið er orðið svo, að sjálf ríkisstj. verður að skipuleggja tugi og hundruð af heimilisfeðrum úr ýmsum bæjum landsins í braggaviðlegur á Keflavíkurflugvelli og láta þá vinna þar hernaðarvinnu til framfærslu fjölskyldum sínum heima.

Barátta gegn verðbólgunni, viðreisn atvinnulífsins og fjárhagslegt sjálfstæði hafa verið kjörorð allra þessara ríkisstjórna. Og nú á síðasta ári var einu nýju bætt við. Það var jafnvægi. Ekki verður sagt að ófagrar hugsjónir liggi bak þessum hugtökum. Því hörmulegri árangur. Skal þá fyrst vikið að aðgerðum þess-

um og áhrifum þeirra, því að sú stefna er fjárlagafrv. mótar skilst bezt í því ljósi.

Á fyrra kjörtímabilinu var sett upp hið fræga fjárhagsráð og skömmtunarkerfi, stærsta embættisbákn, sem íslenzka ríkið hefur eignazt. Það er eftirtektarvert, að svo var kostnaðurinn við þetta bákn orðinn mikill, að á síðustu fjárl. var það tekið út, og mun ekki hafa þótt fært að láta þær tölur sjást. Að vísu var það gert undir því yfirskini, að breytingar svo miklar stæðu til, að erfitt væri að gera réttar áætlanir. Nú hafa þær verið framkvæmdar, aðallega með því að leggja niður skömmtunarskrifstofuna og nokkurri fækkun starfsfólks í innflutnings- og gjaldeyrisdeild, jafnframt því sem verðlagseftirlitið var afnumið. Er upplýst í greinargerð, að þessar breytingar muni spara 1 millj. 300 þús. kr. En samt sem áður er gert ráð fyrir að halda þessu bákni utan fjárl., en aðeins tekið fram, að líkur séu til, að leyfisgjöld muni hrökkva fyrir útgjöldum. En ég fæ ekki betur séð en með auknum innflutningi og þar með hækkandi tekjum af innflutningsleyfum eigi þau að gera miklu meira en að hrökkva fyrir útgjöldum og það sé í hæsta máta óviðfelldið, svo að ekki sé meira sagt, að hafa stærsta embættisbákn ríkisins utan fjárlaga.

Tvenn lög um dýrtíðarráðstafanir voru samþykkt á þessu tímabili, en samt óx dýrtíðin jafnt og þétt. Í hinum síðari, 1948, var lagður á sérstakur skattur, svokallaður söluskattur, og upplýst, að tekjur af honum yrðu sérstaklega notaðar til að greiða verðuppbætur á útflutningsvörur bátaútvegsins.

Þannig stóð fram á árið 1949. Var samkomulag stjórnarflokkanna hið bezta. En á miðju því ári fór að koma órói í vissa hluta stjórnarliðsins. Einkum var það Framsókn, sem þóttist verða halloka í öllum átökum innan stj. fyrir hinum flokkunum tveim. Í fjárhagsráði höfðu framsóknarmenn lagt fram sérstakar tillögur um að gera skömmtunarseðlana að innkaupaheimild og töldu þá tilhögun allra meina bót í verzlunarmálum þjóðarinnar. Einnig reis ágreiningur um annað, það, hvernig nú skyldi snúast við dýrtíðarmálunum, því að sú ömurlega reynsla lá fyrir, að allar dýrtíðarráðstafanir, sem þeir höfðu gert, höfðu aðeins aukið dýrtíðina.

Framsókn og íhaldið voru nú komin inn á þá skoðun, að gengislækkun væri eina bjargráðið, en þar var Alþfl. í andstöðu. Hins vegar taldi Framsókn ástandið í verzlunarmálunum algerlega óþolandi og kenndi samstarfsflokkunum um allt, sem miður fór í þeim málum. Mjög er fróðlegt að rifja upp ýmis blaðaummæli frá þeim tíma.

1. sept. 1949 birtist feitletraður leiðari í Tímanum, og segir þar m. a. þetta:

„Eitthvert helzta efni þessara blaða (þ. e. Morgunblaðsins og Alþýðublaðsins) eru ádeilur á verzlunarástandið í landinu .... Það er auðvitað ekki tilefnislaust, því að mikil þörf er á að friða landið fyrir þeim „óaldarlýð“, er þar fær að leika lausum hala og gera alþýðu manna þungar búsifjar.

En hitt er jafnframt vitað, að þessir sömu stjórnmálaflokkar, sem að ádeilunum standa, hafa skapað þetta ástand, sem þeir eru að deila á.“

Og í ávarpi miðstjórnar Framsóknar til kjósenda um allt land, sem birtist í Tímanum 4. sept. 1949, segir svo:

„Með myndun nýrrar ríkisstjórnar var á árinu 1947 hafið viðnám gegn öngþveitinu í fjármálum og þá fyrst og fremst verðbólgunni.“

Og í lok ávarpsins segir svo:

„Kosningarnar, sem nú fara í hönd, eru líklegar til að skera úr um fjárhagslegt sjálfstæði Íslendinga og afkomu í nokkra áratugi, e. t. v. það, sem af er þessari öld. Enn er tækifæri til að velja ábyrga og dugandi forustu í baráttunni gegn hinum þjóðhættulegu og andvaralausu upplausnaröflum, er ógna framtíð landsins og munu, ef ekki er að gert, leiða skuldir, fátækt og atvinnuleysi yfir meginþorra alþýðuheimilanna, bæði til sjávar og sveita. Framsóknarflokkurinn mun ekki skorast undan að taka að sér þessa forustu.“

Þá má ekki heldur gleyma loforðum einstakra frambjóðenda flokksins, svo sem þegar stríði var lýst yfir gegn allri fjárplógsstarfsemi, í hverri mynd sem hún birtist, o. fl. því líkt. Og síðast en ekki síst yfirlýsingar flokksins um, að ekki kæmi til mála, að hann tæki þátt í neinu því stjórnarsamstarfi, er ekki tæki verzlunarmálin til fullrar athugunar og lausnar.

Eftir kosningarnar hófust síðan viðræður um stjórnarmyndun, eins og kunnugt er. Úr þeim varð hið furðulegasta brölt. Minni hluta flokksstjórn íhaldsins felld á vantrauststillögu frá Framsókn, sem rökstudd var með því, að gengislækkunin væri svo stórt mál, að ekki mætti með nokkru móti láta íhaldið fá slíkt mál til framkvæmda. Átökin enduðu svo með innilegri sambræðslu þessara tveggja flokka og bráðralagi um framkvæmd þessa stóra máls.

Ein höfuðrökin, sem færð voru fram til varnar gengislækkuninni, voru þau, að tryggja þyrfti útflutningstekjur vélbátaflotans og spara ríkissjóði þau útgjöld, sem til þess höfðu farið og numið höfðu rúmum 50 millj. kr. samtals þau þrjú ár, sem það fyrirkomulag gilti. Af ábyrgðarlausum ráðherrum hefur þeirri firru hvað eftir annað verið slegið fram, að ef ekki hefði til gengislækkunar komið, hefðu þessar greiðslur getað orðið allt að 200 millj. kr. Ekki hefur verið reynt að rökstyðja svona fullyrðingar, enda ómögulegt. Staðreyndirnar, sem liggja fyrir, eru þessar: Áður en gengislækkunin kom til framkvæmda, bjó bátaútvegurinn við 75 aura fiskverð, og var dálítill hluti þess útflutningsuppbætur ríkissjóðs. Postular gengislækkunarinnar fullyrtu, að fiskverðið mundi hækka upp í 93 aura við lækkunina. Reynslan varð hins vegar sú, að hraðfrystihúsin treystust ekki til að greiða hærra verð en 75 aura pr. kg, eða sama og útvegurinn hafði búið við áður.

Þannig fékk útvegurinn ekkert hækkað verð, en hins vegar mjög hækkaðan tilkostnað. Enda sýndi það sig, að eftir eitt ár — eða um síðustu áramót — stóð hann verr en áður, og í stað þess að gengislækkunin átti að vera frambúðarlækning á efnahagsmeinum þjóðfélagsins, þurfti strax nýjar ráðstafanir, sem ég kem að síðar.

Þá hefur verið nokkuð reynt að eyða óánægju bændastéttarinnar af hinum gífurlegu búsifjum, er gengislækkunin bakaði henni, með því að benda á nýjan markað, er unnizt hafi fyrir dilkakjöt í Bandaríkjunum. En hver er svo staðreyndin í því máli? Jú, það hefur verið selt dilkakjöt í Ameríku síðan. En ástæðan er eingöngu sú, að það fór fram raunveruleg verðlækkun á kjötinu gagnvart hverri þeirri vöru, sem fyrir það var keypt. Það þurfti ekki færri dilka en áður fyrir hverja dráttarvél og hverja skurðgröfu. Vélarnar hafa tvöfaldazt í verði að krónutölu og hagnaðurinn enginn.

Þannig varð árangur gengislækkunarinnar. Vandamál útvegsins á engan hátt leyst. Grundvöllur alls verðlags í landinu stórhækkaður, svo að nú varð verðbólgan hálfu verri viðureignar en áður.

Eitt má að vísu segja að unnizt hafi við gengislækkunina, og það var að létta milli 20 og 30 millj. kr. greiðslu af ríkissjóði, en ég kem seinna að því, hversu verðmætur vinningur það er.

En eins og áður er sagt var komið í sama öngþveitið og sýnt, að allt mundi stöðvast um síðustu áramót, ef ekkert væri að gert að nýju. Þá áttu stjórnarflokkarnir um það að velja að gera nýja gengislækkun, sem þeim mun ekki hafa þótt fýsilegt, að hverfa aftur til gamla fyrirkomulagsins um útflutningsuppbætur eða finna einhverja nýja leið.

Það ráð er svo tekið, þegar í óefni er komið, að gefa frjálsa verzlun með nokkurn hluta þess gjaldeyris, sem vélbátaflotinn framleiðir, og heimila ótakmarkaða álagningu á þær vörur, sem leyft var að flytja inn fyrir þann gjaldeyri. Enn fremur að betla sér erlent lánsfé, svo að hundruðum millj. kr. nemur, hjá greiðslubandalagi Evrópu til að auka innflutning svo mjög, að innflutningur þessa árs mun nema ekki minna en 900—1000 millj. kr. Bankarnir eru svo látnir taka við að skipta innflutningsleyfunum milli þeirra aðila, sem í mestri náð eru hjá yfirvöldunum. Stærsta neytendafélag landsins, KRON, fær engin innflutningsleyfi og ekki heldur önnur einstök kaupfélög.

Í útflutningsverzluninni ríkir það dómadagsfrelsi, að enginn má selja fiskugga úr landi nema með leyfi ríkisstj. Og svo er þetta fyrirkomulag kallað frjáls verzlun.

Allar þessar nýju ráðstafanir voru gerðar án þess, að Alþingi fengi nokkuð um þær að fjalla. Mun þó a. m. k. mjög orka tvímælis, að þær *geti talizt löglegar*. Nú er nefnilega svo komið virðingu íslenzku lýðræðisflokkanna fyrir lýðræðinu, að ákvarðanir um örlagaríkustu málin, svo sem afdrifaríkar ákvarðanir í efnahagsmálum og um hernám og hersetu landsins á friðartímum, eru teknar af ríkisstj. utan Alþingis, *og í bezta lagi, að fylgismönnum stj. sé hóað saman á stutta klíkufundi og þar séu þeir látnir samþ. gerða hluti, ólöglegar ákvarðanir*, sem ekki verða afturkallaðar.

Það, sem þannig hefur einkennt allar stjórnaraðgerðir hv. lýðræðisflokka þetta tímabil, er að skjóta sér undan þeim vanda að finna neitt annað en bráðabirgðalausn á hverju því vandamáli, sem að höndum ber og alltaf hlýtur að koma fyrir í auðvaldsþjóðfélagi. Þannig verður með hverju ári sem líður erfiðara að finna ráð, sem fleytt geta til næsta árs, þótt aldrei hafi verið hugsað um annað. En afleiðingarnar liggja ljósar fyrir í efnahagsástandi þjóðarinnar nú og speglast m. a. í því fjárlagafrv., sem hér er til umræðu, og skal nú hvoru tveggja lýst nokkru nánar. Sýnir það, hversu vel hefur verið staðið við kosningaloforðin.

Eins og miðstjórn Framsóknar komst að orði í ávarpi sínu til kjósenda 4. sept. 1949, voru þær kosningar mjög líklegar til að skera úr um fjárhagslegt sjálfstæði þjóðarinnar um lengri tíma. Framsókn fékk aukið fylgi og alla aðstöðu til þess að auka áhrif sín á gang stjórnmálanna. En hverjar hafa svo orðið efndirnar, t. d. í stríðinu gegn fjárplógsstarfseminni eða að „friða landið gegn þeim óaldarlýð", sem flokkurinn *taldi*, að leikið hefði lausum hala í verzlunarmálunum og gert almenningi „þungar búsifjar"?

Fyrsta afrekið var það að kaupa sér forsæti í ríkisstjórn með því að leggja yfirstjórn verzlunarmálanna í hendur á sjálfum aðalforingja „óaldarlýðsins", sem Tíminn kallaði, Birni Ólafssyni. Síðan hafa þau komið hvert af öðru undir stjórn þessa ráðherra: gengislækkunin með öllum hennar afleiðingum, frjálsa verzlunin svokallaða og bátagjaldeyrisokrið, þar sem „óaldarlýðnum" var gefið betra tækifæri en nokkru sinni áður til að leika lausum hala.

Afleiðingar þessara ráðstafana hafa nú komið að nokkru fram í skýrslu verðgæzlustjóra, sem nú hefur verið birt í blöðum og valdið miklu umtali síðustu daga. Það nægir að nefna einstök *dæmi til að sýna* þessar afleiðingar, t. d. það, að á leir, gleri og búsáhöldum hefur hækkun álagningar í vissum tilfellum reynzt vera 47—48%, á vefnaðarvöru 5—70%, og í einstöku tilfellum hefur álagningin komizt upp í 155%. Þetta er árangurinn af stríðinu gegn fjárplógsstarfseminni. Þótt Tíminn sé nú af skelfingu við pólitískar afleiðingar þessara ráðstafana farinn að heimta nöfn þessara okrara birt og þykist fullur vandlætingar, þá þvær hann ekki Framsókn hreina af ábyrgð þeirra. Hún er sameiginleg fyrir Framsókn og íhaldið. Þær grundvallarráðstafanir, sem hér um ræðir, eru verk beggja flokkanna og af báðum taldar viðreisnarráðstafanir á sínum tíma.

Allar þessar ráðstafanir og afleiðingar þeirra hafa sannarlega sagt til sín í verðlaginu, og ég skal nefna hér nokkur dæmi um hækkun dýrtíðarinnar í landinu síðan 1947 með því að nefna tölur um verðhækkanir á ýmsum nauðsynjavörum og gera samanburð á verðlaginu þá og nú. Ég vel eingöngu nauðsynlegustu matvörur. En þær tölur líta þannig út:

Vara	1947 kg kr.	1951 kg kr.
Rúgmjöl	1.41	3.05
Hveiti	1.23	3.95
Hafragrjón	1.64	4.20
Hrísgrjón	2.00	4.95
Nýmjólk (l. m.)	1.83	2.90
Skyr	3.30	5.15
Nautakjöt (skj.)	8.50	17.00

Vara	1947 kg kr.	1951 kg kr.
Kindakjöt, nýtt	9.85	15.05
Ýsa (sl. m. h.)	0.95	1.85
Saltfiskur	3.25	5.35
Harðf. (ópakk.)	12.00	23.90
Smjör (sk.)	10.00	38.10
Strásykur	1.98	5.05
Hvítas. (höggv.)	2.02	5.35
Kaffi (br. og m.) ...	8.40	41.60

Þótt hér séu aðeins valdar nauðsynlegustu matvörur, sem ekkert heimili kemst af án, þá vil ég þó geta þess, að raunverulega er ástandið verra á ýmsum öðrum sviðum. T. d. er ekkert af þessum vörum flutt inn fyrir bátagjaldeyri, þar sem okurálagningin er mest. En þetta er barátta lýðræðisflokkanna við dýrtíðina.

Vísitalan segir líka fyllilega til um, hvernig ástandið er orðið. Í ársbyrjun 1947 var hún 310 stig. Reiknað út eftir sömu reglum og áður, var hún 1. sept. s. l. 574 stig. Af þessari 264 stiga hækkun síðan í ársbyrjun 1947 voru 219 síðan gengið var fellt, en 55 voru komin fyrir gengisfellinguna.

Hvað skyldi hafa sungið í tálknum þessara stjórnarherra, ef aðrir hefðu farið með völd á þessu tímabili og afleiðingar stjórnarfarsins orðið þessar?

Með gengislækkuninni var tekið upp nýtt form á útreikningi vísitölunnar, þar sem ákveðið var að færa þágildandi vísitölu niður í 100 og reikna framhaldandi breytingar út frá því. Höfundar gengislækkunarfrv. fullyrtu, að verðlagið mundi ekki stiga meira en 11—13%. Með þeim grundvelli var reiknað. En 1. sept. s. l. var vísitalan eftir þessum nýja útreikningi orðin 148 stig. Nú veit ég, að þar kemur fleira en gengislækkunin til greina. En skyldi vera til nokkur maður í landinu, sem ekki skilur, að höfundum gengislækkunarlaganna yfirsást svo hrottalega í fullyrðingum sínum, að það hafi gengið glæpi næst að láta jafnforheimskuð sjónarmið ráða í jafnörlagaríku máli?

Nú efast ég ekki um, að enn verður reynt að svara þessu með gömlu blekkingunni, að það sé hækkun kaupgjaldsins í landinu, sem sé ástæðan til þessa ástands. Ég vil fyrir fram sýna með óhrekjanlegum tölum, hver fjarstæða þetta er.

Í ársbyrjun 1947 var grunnkaup verkamannafélagsins Dagsbrúnar kr. 2.65 pr. klst. Vísitalan var þá 310, og var því tímakaup með vísitölu kr. 8.22. Miðað við 2400 vinnustundir á ári nam árskaup þá kr. 19728.00. Nú er þessi vísitala 574 stig, og þótt reiknað sé með því, að engin grunnkaupshækkun hefði átt sér stað, en aðeins verið greitt eftir hækkandi vísitölu, þá hefði tímakaup núna 1. sept. átt að vera kr. 15.21 eða 36504 kr. á ári miðað við sama vinnustundafjölda.

En staðreyndin er sú, að meðal Dagsbrúnarkaup, það sem af er þessu ári, hefur verið kr. 12.07 pr. klst., eða 28968 kr. á ári, einnig miðað við sama vinnustundafjölda. Þetta þýðir, að það vantar 7536 kr. á, að verkamaðurinn fái jafnhá laun og í ársbyrjun 1947, miðað við þá dýrtíðarhækkun, er orðið hefur síðan samkvæmt vísitöluútreikningnum. En auk þess vita það allir, að dýrtíðin hefur vaxið meira en vísitalan sýnir, en ég skal láta það liggja milli hluta núna. Hér er því um að ræða kauplækkun miðað við verðlagið, sem gersamlega afsannar þá blekkingu, að dýrtíðin sé kauphækkunum að kenna.

Þegar verðhækkanir síðustu „viðreisnarráðstafana“ voru farnar að gera vart við sig á síðastl. vori, flutti hæstv. viðskmrh. útvarpsræðu og ræddi um frjálsa verzlun. Taldi hann, að Íslendingar hefðu nú loksins eignazt það hnoss, en gat þó ekki komizt hjá að viðurkenna, að helztu áhrifin, sem almenningur þá hefði orðið var við af ágætum þessara ráðstafana, voru aukin dýrtíð. En að því loknu bætti ráðherrann við þessari stórmerkilegu setningu: „Þrátt fyrir þetta er hér ekki um verðbólgufyrirbrigði að ræða.“ Þessum ráðherra verður það stundum á, annaðhvort viljandi eða óviljandi, að segja hluti af meiri hreinskilni en aðrir ráðherrar þessara flokka. Ég veit, að hlustendur muna það, að í sambandi við þetta var fundið upp nýtt slagorð, „jafnvægi“. Það var kjörorð ríkisstj. á síðasta þingi. En þessi einfalda setning ráðherrans var hreinskilnari játning á því, hvað meint hefur verið með verðbólguskrafinu, heldur en nokkur annar úr þeim hópi hefði þorað að viðurkenna.

Ráðherrann hafði sýnilega í huga þessa staðreynd, sem ég var að lýsa, að hvorki verkamenn né aðrir launþegar hafa fengið dýrtíðina bætta með hækkuðum launum. Sama gildir um bændur landsins. Tekjur þeirra hafa ekki hækkað nema lítið brot af þeirri gífurlegu aukningu, sem orðið hefur á framleiðslukostnaðinum. Meðan þessar stéttir fengu að verulegu leyti hækkaðar tekjur á móti hækkuðu vöruverði, þá var það verðbólga, sem allt var að setja á hausinn. En þegar vöruverðið hækkar örar en nokkru sinni áður, án þess að tekjur einstaklingsins hækki á móti, þá er það jafnvægi. Meðan fjöldi bænda t. d. hafði möguleika og óskaði að fá sér dráttarvélar og jeppa, vegna þess að verðið var ekki nema 10 þús. kr., þá hét það óþolandi verðbólga, en þegar verðið er komið yfir 30 þús., svo að ekki getur nema 10. hver bóndi keypt slíkt áhald, þá er komið hið gullna jafnvægi.

Þá vil ég minnast frekar á fjárlagafrv. og stefnu þá, er í því felst.

Þess var áður getið, að heildarupphæð þess á sjóðsyfirliti er 363.8 millj., 60 millj. hærri en síðustu fjárlög og 150 millj. hærri en 1947. Þar af eru skattar og tollar áætlaðir 270 millj. 850 þús. kr. Þessi upphæð skiptist þannig, að beinir skattar, tekju- og eignarskattur, tekjuskattsviðauki, stríðsgróðaskattur og fasteignaskattur, nema samtals 43.2 millj. kr., en hinir óbeinu skattar og tollar nema samtals 277.6 millj. kr., og svo að segja allir leggjast þeir á vöruverð. Þessir tekjustofnar, sem að mestu eru tollar, nema rúmum 1600 kr. á hvert mannsbarn í landinu eða 8000 kr. á hverja 5 manna fjölskyldu.

Til samanburðar við þetta vil ég taka árið 1947. Þá var heildarupphæð fjárl. á sjóðsyfirliti 214 millj. Þar af voru tollar og skattar 148.1

millj. og skiptust þannig, að beinu skattarnir námu 38.6 millj., en óbeinir skattar 109.5 millj., eða ca. 780 kr. pr. einstakling, sem verður þó ekki nema 3900 krónur á hverja 5 manna fjölskyldu.

Þannig hefur tekizt að tvöfalda þessar óbeinu tolla- og skattatekjur, sem beint leggjast á vöruverðið og eru þannig stór þáttur í dýrtíðinni á þessum árum, þ. e. að láta hverja 5 manna fjölskyldu greiða 8000 krónur í ríkissjóð, í staðinn fyrir að það voru þó ekki fullar 4000 kr. 1947. Auk þessa hafa beinir skattar hækkað nokkuð. En það sér hver maður, hvaða áhrif það hefur á verðlag í landinu, þegar vörur til hvers 5 manna heimilis hafa hækkað yfir 4000 kr. vegna hækkunar tolla. Þó má geta þess enn fremur, að þessi áætlun fyrir næsta ár er miðuð við minni innflutning en verða mun á þessu ári, og er það skýrt tekið fram í grg. frv.

Það er nýlega upplýst í blaði hæstv. viðskmrh., að innflutningur þessa árs til septemberloka nemi 628.6 millj. kr. Með sama hlutfalli, það sem eftir er ársins, ætti heildarinnflutningur ársins að nema 840 millj. kr. Nú má fullyrða, að innflutningur síðustu mánaða ársins verði hlutfallslega mun meiri. Slíkt er algild reynsla, og má því fyllilega áætla heildarinnflutning ársins 900—1000 millj.

Fjmrh. segir í grg. frv., að innflutningur muni minnka á næsta ári, og eru því áætlanir þær, sem ég hef gert hér að umtalsefni, mun lægri en tekjur, sem ríkið tekur núna í þessum tollum.

Samkvæmt yfirliti, sem ég hef fengið frá ríkisbókhaldinu um innheimtuna eins og hún var í ágústlok, voru þá innheimtar af verðtolli 69.3 millj., en hann var áætlaður 73 millj. Og af söluskatti, sem áætlaður var 55 millj., voru þá þegar innheimtar 53.3 millj.

Ráðherra segir í athugasemdum við frv., að þessi skattstofn muni verða 80 millj., þ. e. fara 25 millj. fram úr áætlun. Ég hika ekki við að fullyrða, að þessi áætlun ráðherrans er allt of lág. Líklega verður hann nær 100 millj. en 80 á þessu ári. Sama verður um verðtollinn, með nærri 70 millj. innheimtar í ágústlok verði hann áreiðanlega nokkuð yfir 100 millj. Svipað mun verða um fleiri af hinum óbeinu sköttum. En þetta sýnir það, að á þessu ári tekur hið opinbera miklu meira en 8000 kr. af hverju 5 manna heimili í þessum tollum; mundi sanni nær að segja þessa upphæð 10—12 þús. kr.

Vitanlega skapar þetta stóran tekjuafgang hjá ríkissjóði, sem fjmrh. hefur einnig gert ráð fyrir og bæði hann og flokkur hans eru stoltir af. En það þýðir einnig hitt, að þessi tekjuafgangur hefur stóraukið vöruverð í landinu og kemur út sem skuldasöfnun alþýðuheimilanna til sjávar og sveita, bæði hjá kaupmönnum og kaupfélögum.

Í þessu sambandi er rétt að minnast ofur lítið frekar á söluskattinn. Þegar hann var lagður á upphaflega, var það beinlínis fram tekið, að það væri gert til að verðuppbæta útflutningsafurðir sjávarútvegsins. Rökrétt afleiðing þeirrar yfirlýsingar hefði verið sú að afnema þennan skatt, þegar gengislækkunin var gerð, þar sem þessi útgjöld ríkissjóðs féllu þá niður og aðalröksemd gengislækkunarmannanna var sú, að þessum álögum þyrfti að létta af ríkissjóði. En í stað þess að afnema söluskattinn, þá var hann hækkaður til stórra muna, hefur svo enn þá margfaldazt vegna hinnar stóraukna verðbólgu og mun á þessu ári nema a. m. k. þrisvar sinnum hærri upphæð en útflutningsuppbæturnar, þegar þær voru mestar.

Þannig er Framsókn og íhaldinu að takast svo dásamlega í innilegu bræðralagi að framkvæma það, sem Framsókn þóttist vera að vara við um síðustu kosningar, „að leiða fátækt, skuldir og atvinnuleysi yfir meginþorra alþýðuheimilanna, bæði til sjávar og sveita“. Og þó á þetta eftir að verða enn þá áþreifanlegra á næsta ári.

Þá vil ég að síðustu gefa stutt yfirlit yfir það, hvernig varið er þeim milljónatugum, sem frv. gerir ráð fyrir umfram áætlanir síðasta árs.

10. gr., þ. e. kostnaður við stjórnarráðið og utanríkismálin, hækkar úr rúmum 9 millj. á síðustu fjárl. upp í 10.8 millj. rúmlega, eða ca. 20%.

11. gr. A., sem er dómgæzla og lögreglustjórn, hækkar úr 16.25 millj. upp í 21.62, eða nærri 5.4 millj., sem er nærri 33%. — Svipað er um aðra liði þessarar greinar, og öll til samans hækkar sú grein úr 25.7 millj. í 34 millj., eða um 8.3 millj. Þannig hækkar kostnaðurinn við embættiskerfið jafnt og þétt.

12. gr., heilbrigðismál, hækkar úr 18 millj. upp í 24. — 13. gr., samgöngumál, úr 27 millj. upp í 32. — 14. gr., kirkju- og kennslumál, úr 44 millj. upp í 55. — 16. gr. A., landbúnaðarmálin, úr 27.8 millj. í 36.9, og þannig má halda áfram. — En það, sem eftirtektarvert er, er það, að meðan rekstrarútgjöld hinna ýmsu stofnana og ríkisins sjálfs hækka um 25—33%, þá eru framlögin til verklegra framkvæmda annaðhvort látin standa í stað eða hækka örfá %, upp í 10%, þar sem bezt er. Þannig verða þau sífellt minni hluti af útgjöldum ríkisins, en embættis- og skrifstofukostnaðurinn að sama skapi meiri.

Það er sannarlega furðulegt fjármálaástand, sem skapazt hefur á Íslandi síðustu árin. Landið er fyllt af neyzluvörum, þörfum og óþörfum, fyrir allt að 1000 millj. kr. á einu ári. Þessar vörur eru að verulegu leyti greiddar með erlendu láns- og gjafafé. Atvinnuvegirnir berjast í bökkum, og fjárhagur almennings fer versnandi. Ríkissjóður græðir og hefur marga tugi milljóna í tekjuafgang, en samt má ríkið ekki leggja í neina verklega framkvæmd nema með leyfi erlendra ríkisstjórna og stofnana. Í Landsbankanum liggur svokallaður mótvirðissjóður, sem nemur hundruðum milljóna og er óvefengjanleg eign Íslendinga. Ekki má heldur ráðstafa úr honum einni krónu nema gegn erlendu leyfi. Utanstefnur ráðherra gerast nú svo tíðar, að jafnan er þriðjungur til helmingur ríkisstj. erlendis í einu og allt útlit fyrir, að svo verði einnig nú um þingtímann. Þannig er nú komið fjárhagslegu sjálfstæði þjóðarinnar eftir 5 ára samstjórn „lýðræðisflokkanna“ þriggja. Þetta finnur þjóðin öll, hversu mikið sem gert er til að sveefa hugi fólksins út af þessu ástandi með lofræðum um Marshallaðstoð, ógnunum um

stríðshættu og fullyrðingum um Moskvaþjónustu sósíalista.

Fögru loforðin frá síðustu kosningum eru orðin að logandi háði, sem bergmálar um þjóðarsálina frá yztu nesjum til innstu dala.

Gísli Jónsson: Frumvarp það til fjárlaga fyrir árið 1952, sem fjmrh. hefur nú lagt fram og hér er til 1. umr., er langhæsta fjárlagafrv., sem nokkru sinni hefur verið lagt fram á Alþingi. Það virðist vera orðin ófrávíkjanleg regla, að fjárlög hækka árlega um nokkra tugi milljóna þrátt fyrir alla viðleitni til sparnaðar.

Gagnrýni þjóðarinnar á síhækkandi tolla- og skattaálögum á einstaklinga og atvinnufyrirtæki, sem allt séu að sliga, og kveinstafir bæjar- og sveitarfélaga um, að ríkið gangi svo nærri öllum skattstofnum, að ekkert sé eftir fyrir þau að seilast í til þess að standa undir nauðsynlegum útgjöldum, sýnist ekki hafa mikil áhrif á þessi mál, er þau eru undirbúin eða þegar endanlega er frá þeim gengið á Alþingi. Má segja, að hér eigi allir þingmenn einhverja hlutdeild í, þótt meginábyrgðin hvíli jafnan á ríkisstj. og stuðningsflokkum hennar. Þrátt fyrir þetta verður því ekki neitað, að hér stefnir að lokum of langt út í ófæruna, ef aldrei verður spyrnt við fótum.

Orsakirnar til þessarar þróunar eru margar og misjafnlega veigamiklar. En mestu valda þó um hinar taumlausu kröfur fólksins um, að ríkisstj. og Alþ. annist fyrirgreiðslur í smáu og stóru, sem einstaklingar áður urðu sjálfir að glíma við og hlaupa sjálfir áhættu um hvernig tækist. Sjálfstfl. hefur jafnan varað við þeirri hættu, sem í því felst að torvelda eðlilega starfsemi einstaklinganna á hinum ýmsu sviðum þjóðlífsins. Og fyrr en þeim á ný eru sköpuð eðlileg starfsskilyrði, er ekki að vænta, að útgjöld ríkissjóðs dragist saman að nokkru verulegu leyti, en eins og kunnugt er, hafa sjálfstæðismenn ekki haft nægilegan styrk á Alþ. til að koma á slíkum breytingum í löggjöf landsins.

Með tilvísun til skýrslu fjmrh. yfir afkomu ríkissjóðs á yfirstandandi ári er líklegt, að tekjurnar fari allt að 100 millj. kr. fram úr áætlun. Er þetta út af fyrir sig gleðiefni. Það sýnir fyrst og fremst, að fjárhagsgeta þjóðarinnar er mikil þrátt fyrir ýmsa aðsteðjandi erfiðleika, og þá eigi síður hitt, að nýtt og þróttmikið líf hefur færzt í verzlun og viðskipti við afnám þeirra hafta, sem óeðlilega hafa hert að þjóðinni um mörg undanfarin ár. Hér hefur bersýnilega komið í ljós, að þessi stefna, sem Sjálfstfl. hefur barizt fyrir að tekin væri upp, er bæði rétt og heilbrigð.

Á síðasta þingi tókust þeir samningar á milli stjórnarflokkanna að áætla tekjuliði fjárl. svo varlega, að engin hætta væri á því, að tekjuupphæðin brygðist, jafnvel í mjög óhagstæðu árferði. Jafnframt var samkomulag um að áætla gjöldin það hátt, að ekki þyrfti að reikna með neinum verulegum aukaútgjöldum að óbreyttu verðlagi og kaupgjaldsvísitölu á árinu. Var þetta gert til þess að tryggja greiðsluhallalausan ríkisreikning, jafnvel þótt heildartekjur þjóðarinnar og viðskiptavelta yrði undir meðallagi, svo framarlega sem fjmrh. héldi sér innan takmarka fjárl. í öllum útgreiðslum. Í fyrsta skipti í heilan áratug var engin togstreita um það, hvaða maður eða flokkur færi með fjármálin í landinu. Höfuðsjónarmiðið var að tryggja greiðsluhallalausan ríkisreikning, á sama hátt og fjárlögin skyldu afgr. með hagstæðum greiðslujöfnuði. Sjálfstfl. sýndi hér fjmrh. fullan trúnað, eins og vera bar, og veitti honum og flokki hans fulla aðstoð til að tryggja sem bezta afkomu ríkissjóðs. Frá þessari stefnu, sem Sjálfstfl. markaði hér við afgreiðslu fjárl., má aldrei víkja, hver svo sem fer með fjármál landsins á hverjum tíma. Enginn ábyrgur þingmaður má vera óábyrgur um afgreiðslu fjárl., ef hann á annað borð er ábyrgur á stjórn landsins. Virðing þingsins og öryggi ríkisins veltur eigi hvað sízt á því, að þingmenn séu þess jafnan minnugir og hagi störfum sínum eftir því. Slíkt dregur á engan hátt úr ábyrgð þeirri, sem hvílir á fjmrh. um meðferð á fé ríkissjóðs, nema síður sé. Hann er jafnábyrgur gagnvart þingi og þjóð um að eyða ekki meiru en fjárl. ákveða, nema brýna nauðsyn beri til, þótt umframtekjur ríkissjóðs leyfi. Verður fjmrh. jafnan að hafa það hugfast að haga sér eftir því. Allt annað væri brot á þeim trúnaði, sem honum er sýndur með því að áætla tekjur varlega og gera jafnframt ráð fyrir öllum gjöldum, sem vitanlegt er, að greiða beri á árinu.

Sjálfstfl. var það fullljóst, að til þess að tryggja, að þessu marki yrði náð, varð að gera hvort tveggja í senn, að hækka skatta og tolla og halda aftur tillögum manna um viðtækari framlög til ýmissa nauðsynlegra framkvæmda. Sjálfstfl. hikaði ekki við að taka á sig þá ábyrgð og þau óþægindi, sem því voru samfara, vegna þess að honum var það ljóst, hver höfuðnauðsyn það var að tryggja fjárhagsafkomu ríkisins til þess að veikja ekki álit þess út á við og inn á við. Við umræðurnar um fjárl. benti stjórnarandstaðan á það, sem vér vissum, að tekjuáætlunin væri allt of lág, miðað við að fyrirhugaðar breytingar á innflutningsverzluninni kæmu til framkvæmda á árinu. Á þessum forsendum bar stjórnarandstaðan fram margvíslegar tillögur til hækkunar á útgjöldum ríkissjóðs. Má vel vera, að enn verði bent á þetta hér við þessa umræðu. Í því sambandi þykir mér rétt að benda á, að stjórnarandstaðan barðist þó jafnframt hatrammlega gegn því, að þeir tekjustofnar yrðu lögfestir, sem standa áttu undir þessum sömu útgjöldum. Vildu þeir ólmir viðhalda haftakerfinu, þótt vitað væri, að almenningur gaf þannig meira fyrir vöruna, ef reiknað var með þeim fjárfúlgum, sem greiða varð á bak við tjöldin til tryggingar því að fá vöruna keypta. Af slíkum viðskiptum fékk ríkissjóðurinn engar tekjur, og verðhækkun sú kom heldur aldrei fram í kaupgjaldsvísitölu almennings. Afgreiðsla fjárl. var ekki byggð á því viðhorfi, sem kynni að skapast við meira frjálsræði í verzluninni, heldur á hinu, að hagstæður greiðslujöfnuður næðist örugglega, þótt öllu væri haldið óbreyttu í þeim málum.

Þegar vitað var, að verzlunin hafði verið gefin frjáls á ýmsum sviðum og að árið virtist

ætla að verða mjög hagstætt í verzlun og framleiðslu; kom það engum á óvart, að tekjur ríkissjóðs yrðu á þann hátt, sem raun ber vitni.

Þegar litið er á niðurstöðutölur fjárlagafrv., er ljóst, að fjmrh. gerir ráð fyrir því, að núverandi tekjustofnar gefi 60 millj. kr. meiri tekjur í ríkissjóðinn en áætlað var á þessu ári. Samkv. 2. gr. er áætlað, að tekjur af tekju- og eignarskatti og stríðsgróðaskatti hækki um 5.25 millj., af vörumagnstolli 1 millj., af verðtolli 20 millj., af stimpilgjaldi 600 þús., af söluskatti 22 millj. og af öðrum tekjum 700 þús., eða alls 50 millj. samkv. 2. gr. Virðist því fjmrh. ætlast til þess, að allir þessir tekjustofnar haldist næsta ár eða aðrir jafnöruggir verði teknir upp, ef þessir verði afnumdir. Ég get að sjálfsögðu ekkert fullyrt um það við þessa umræðu, hvort tiltækilegt þykir að halda þessum tekjustofnum öllum óbreyttum næsta ár eða hvort finna beri aðra nýja, ef eitthvað kynni að verða breytt um, en hitt þykist ég mega fullyrða, að það ber brýna nauðsyn til þess að endurskoða allt skattakerfi þjóðarinnar og skapa henni þá skattalöggjöf, sem laðar menn til að koma upp og starfrækja heilbrigðan atvinnurekstur í landinu, er verði óháðari ríki og lánsstofnunum en nú er, beinlínis vegna þess, hvernig skattamálunum er fyrir komið. Er þetta mál svo aðkallandi, að því má ekki skjóta á frest lengur.

Þótt ekkert verði enn fullyrt um endanleg rekstrarútgjöld ríkisins á þessu ári, bendir þó allt til þess, að þau verði allverulega hærri en áætlað er í fjárl. Rekstrargjöldin á frv. eru áætluð 63 millj. hærri en áætlað var á síðasta ári á fjárlagafrv. og 53 millj. hærri en endanlega var áætlað á fjárl. Bendir þetta nokkuð til þess, að umframeyðslan verði allveruleg á þessu ári, því að venjulega er nokkuð stuðzt við reynslu um gjöld á því ári, sem frv. er samið. En sé þetta nokkuð nærri sanni, verður ekki séð, að fjmrh. hafi gert sér allt far um að halda greiðslum innan þeirra takmarka, sem fjárl. ákveða. Og hvernig hefði þá farið um hagstæðan greiðslujöfnuð, ef tekjurnar hefðu ekki reynzt meiri en gert var ráð fyrir? Frv. ber það að vísu með sér, að meginástæðan fyrir vaxandi útgjöldum ríkissjóðs er hin sívaxandi dýrtíð í landinu og samfara henni síhækkandi kaupgjald, en það hefur eins og kunnugt er einna víðtækust áhrif á afkomu ríkisins.

Þegar fjárlagafrv. fyrir árið 1951 var samið, var reiknað með verðlagsvísitölu 115 á allar greiðslur launa. Allmiklar umræður urðu um það að hækka ekki launagreiðslur á árinu fram yfir það, hvað sem vísitalan kynni að hækka. Þótti ekki gerlegt að lögbinda það ákvæði. Hitt varð fullt samkomulag um, að hækka álagið upp í 122, og var lögfest í fjárlfrv., að greiða skyldi laun samkvæmt því, og útgjöld frv. áætluð með tilliti til þess. Til þess að torvelda ekki afgreiðslu fjárl. var fallið frá þeirri kröfu að láta einnig greiða vísitöluálag á framlög til verklegra framkvæmda, í fullu trausti þess, að þessum ákvæðum fjárl. yrði ekki breytt á fjárhagsárinu. Þetta hefur þó farið á annan veg, því að þ. 30. júní gefur forseti Íslands út bráðabirgðalög samkvæmt ósk ríkisstj., þar sem fyrirskipað er að hækka vísitöluálagið á laun opinberra starfsmanna frá því, sem ákveðið var í fjárl. Ég skal ekki gera hér að verulegu umræðuefni bráðabirgðalögin frá 30. júní, en aðeins benda á, að ef ríkisstj. hefur verið minnug þess samkomulags, sem gert var um þetta atriði, er fjárl. voru afgreidd, og jafnframt gert sér ljóst, hvaða áhrif þetta hlaut að hafa á vísitölu og verðlag í landinu og þá jafnframt á útgjöld ríkissjóðsins, — og ég efast ekkert um, að ríkisstj. og einkum fjmrh. hafa athugað öll þessi mál, — hljóta að hafa legið afar sterk rök fyrir því að dómi ríkisstj., að brýna nauðsyn bæri til þess að gefa út slík bráðabirgðalög á milli þinga, sem gengu í berhögg við ákvæði fjárl. og launalaga. Verður ekki annað skilið en að aðalástæðan hafi verið að fullnægja réttlætinu í launakjörum hinna lægst launuðu starfsmanna ríkisins. En hafi svo verið, eru sömu skyldur beinlínis lagðar á bæjar- og sveitarsjóðina með útgáfu bráðabirgðalaganna, þar sem tæplega hefur verið til þess ætlazt, að starfsmenn þeirra stofnana sættu sig við lakari kjör. En þegar þetta er vitað, verður torskilin sú gagnrýni, sem Framsfl. hefur haldið uppi á bæjarstjórnarmeirihlutann í Reykjavík fyrir það að afla sér aukatekna til þess að vega á móti óvæntum og ófyrirséðum útgjöldum, sem m. a. orsakast fyrir beinar aðgerðir ríkisstj. og fjmrh., því að vitað er, að bæjarsjóðurinn hafði hér engar umframtekjur af varlega áætluðum tollum og sköttum eins og ríkissjóður.

Ég mun ekki ræða hér meira en komið er hin einstöku atriði fjárlagafrv. Því verður nú, eftir að umr. hefur verið frestað, vísað til fjvn., þar sem tækifæri gefst til að athuga hinar ýmsu greinar þess og koma á framfæri breytingum, sem til bóta mættu verða. En með því að ýmis önnur vandamál en fjárl. koma einnig til umræðu á þessu þingi og afgreiðsla þeirra hlýtur að hafa víðtæk áhrif á afgreiðslu fjárlaganna, þykir mér rétt að fara um þau nokkrum orðum.

Þegar núverandi ríkisstj. settist að völdum, var það eitt af höfuðverkefnum hennar að tryggja öryggi landsins, ef til ófriðar kæmi í álfunni. Hefur Sjálfstfl. markað frá upphafi fasta og ákveðna stefnu í utanríkismálunum. Hann einn allra flokka hefur verið heill og óskiptur í þeim málum og haldið fast og farsællega á þeim alla tíð, eins og kunnugt er, enda hafa ekki einasta hinir lýðræðisflokkarnir á Alþingi, heldur og allir lýðræðissinnar í landinu, fallizt á nú orðið, að þessi stefna sé og hafi verið rétt. Þróun þessara mála hefur verið markviss. Fyrst Keflavíkursamningurinn, síðan aðild að samtökum Sameinuðu þjóðanna, og innganga í Atlantshafsbandalagið, aðild að efnahagssamvinnunni í Evrópu og aðnjótandi Marshallaðstoðarinnar. Meðlimir í alþjóðabankanum og alþjóðagjaldeyrissjóðnum, alþjóðaþingmannasambandi, vinnumálastofnun og Evrópuþingi. Allt hefur þetta að vísu kostað nokkurt fé, en sá kostnaður er ekki nema örlítið brot af þeim hagnaði, sem þjóðin hefur haft af því, að þessi stefna var mörkuð. Einn liðurinn í þessari starfsemi er herverndin, sem ekki einasta var talin

sjálfsögð, heldur beinlínis óhjákvæmileg til öryggis fyrir land og þjóð, eins og málunum er nú komið í heiminum. Þeir einir, sem meta meira hagsmuni annarra en Íslendinga, viðurkenna enn ekki þessa staðreynd, en Sjálfstfl. mun aldrei hirða um tillögur þeirra í þessum málum. Fullyrða má, að af öllum þeim málum, sem ríkisstj. hefur til meðferðar, séu utanríkismálin alvarlegustu og veigamestu málin. Framtíð landsins og fjárhagsafkoman á hverjum tíma veltur ekki hvað sízt á því, hvernig meðferð þeirra tekst. Um þetta stórmál hefur ríkt fullt samkomulag í ríkisstj. og það svo, að samstarfsflokkarnir hafa slakað til hvor fyrir öðrum í ýmsum öðrum málum til þess að tryggja sem bezt samvinnu til góðs árangurs í öryggismálum þjóðarinnar.

Þá hefur ríkisstj. einnig samið um að hrinda í framkvæmd raforkumálunum í stórum stíl, fyrst og fremst með því að ljúka viðbótarvirkjunum við Sogið og Laxá og síðan með áframhaldandi byggingu orkuvera og raforkulína, eftir því sem við verður komið og ástæður leyfa. Hefur afgreiðsla þessara mála gífurleg áhrif á afgreiðslu fjárl. eins og kunnugt er. Þá er enn fremur samkomulag um að koma upp áburðarverksmiðjunni svo fljótt sem verða má, og er undirbúningur undir það verk þegar hafinn. Hér er um að ræða eitthvert hið stærsta átak, sem gert hefur verið fyrir íslenzkan landbúnað og íslenzkan iðnað, átak, sem kostar marga tugi milljóna um það er lýkur. Einnig þetta mannvirki hlýtur að hafa geysiáhif á fjárfestinguna og afgreiðslu fjárl., þótt ekki sé tekið inn á frv. nema 2.5 millj. kr. framlag til verksmiðjunnar á þessu ári. Þá er einnig unnið að því að koma sem fyrst upp sementsverksmiðjunni, auk þess sem aflað er fjár til byggingar í kaupstöðum og sveitum landsins, en allt þetta hefur bein og óbein áhrif á fjárhagsafkomu þjóðarinnar.

Eins og kunnugt er hafa dýrtíðarmálin einna djúptækust áhrif á afgreiðslu fjárl. hverju sinni. Afkoma einstaklinga, bæjar- og sveitarfélaga og ekki hvað sízt atvinnuveganna er algerlega háð því, hvernig tekst um lausn þeirra mála. Því er það, að allar ríkisstj., sem setið hafa að völdum síðasta áratug, hafa ásamt Alþingi barizt gegn dýrtíðinni, vexti hennar og viðgangi, en ávallt borið lægri hlut í þeirri baráttu. Stundum hefur undanhaldið verið hægfara, stundum hratt, allt eftir því, hverjar aðstæðurnar hafa verið. Þrátt fyrir góðan vilja og mjög ákveðin loforð, sem Framsfl. gaf þjóðinni við síðustu kosningar um að stöðva dýrtíðina, ef hann fengi sterkari stjórnaraðstöðu í landinu, er undanhaldið síður en svo stöðvað. Með þessu er ég ekki að gagnrýna gerðir ríkisstj. í þeim málum eða aðild Framsfl. sérstaklega, heldur aðeins að benda á þá staðreynd, að erfiðleikarnir á lausn þessa vandamáls hafa sýnt sig að vera meiri en svo, að góður ásetningur og ákveðin loforð Framsfl. væru nægileg til að koma fram nauðsynlegum umbótum. Þeim, sem staðið hafa í baráttunni við dýrtíðarmálin undanfarin ár á Alþingi og þekktu alla þá erfiðleika, sem glíma þurfti við í þessu máli, kom þetta ekkert á óvart, og sjálfsagt hefur Framsfl. verið þetta einnig ljóst, þegar hann gaf hin hátíðlegu loforð, sem nokkur hluti kjósenda sýnist hafa tekið allalvarlega, ef miðað er við hið aukna fylgi, sem flokkurinn fékk við síðustu kosningar.

Jafnskjótt og vitað var, að ekki fékkst samkomulag um að brjóta niður kerfið, sem frá upphafi hefur borið í sér þær afleiðingar, sem því fylgja, þ. e. að láta kaupgjald og verðlag elta hvert annað takmarkalaust eða takmarkalítið, og taka upp í staðinn traustara kerfi og hagkvæmara gegn vexti dýrtíðarinnar, var sýnilegt, að undanhaldið mundi ekki stöðvast. Af fjárlagafrv. því, sem hér er til umræðu, verður ekki annað séð en að Framsfl. breiði með því að fullu yfir hin gefnu loforð, sem ég minntist hér á áðan.

Því verður ekki neitað, að margar þær ástæður, sem liggja til hækkandi verðlags og aukinnar dýrtíðar í landinu í stjórnartíð núverandi ríkisstj., voru slíkar, að hún átti þess engan kost að bægja þeim frá nema með því einu að leggja á þjóðina enn óbærilegri byrðar, svo sem aðstoðin við bátaútveginn og gengisfallið. Utanaðkomandi áhrif, svo sem gífurleg verðhækkun á erlendum vörum, urðu heldur ekki umflúin nema að greiða vörurnar niður með fé, sem taka varð þá með nýjum beinum sköttum. Sjá allir þá erfiðleika, sem því voru samfara. Ríkisstj. verður því á engan hátt ásökuð fyrir vaxandi dýrtíð af þessum ástæðum. Hitt er svo annað mál, hvort ekki hefði átt að taka upp kerfi í sambandi við kaupgjald og verðlagsvísitölu, er skapaði meiri áhuga hjá fólkinu sjálfu fyrir stöðvun dýrtíðarinnar en það kerfi gerir, er vér nú búum við.

Því verður heldur ekki neitað, að þrátt fyrir síaukna dýrtíð í landinu er það staðreynd, að lífskjör fólksins hafa aldrei verið betri hér eða jafnari en nú. Skýrasta sönnun þess er viðskiptaveltan, eftirspurn eftir öllum vörum, meiri ásókn í allar fjárfestingar en nokkru sinni áður þrátt fyrir mjög hækkandi verðlag, velta og hagnaður af áfengis- og tóbakssölu, ferðastraumur fólksins utanlands og innan, aðstreymi að skólum og skemmtistöðum, hvar sem er í landinu, bílakosturinn í bæjum og sveitum, og ekki sízt hinar stóru framkvæmdir á öllum sviðum, sem vekja hvað mesta undrun erlendra ferðamanna, sem hingað koma og skilja ekki, hvernig svo fámenn þjóð fær undir risið. Það er einnig staðreynd, að lífskjör almennings hér eru bæði betri og jafnari en lífskjör almennings í nokkru öðru landi álfunnar. Dýrtíðin hér er því síður en svo þungbærari fyrir almenning en dýrtíð annarra landa er fyrir fólkið, sem þar býr, þegar borið er saman verðlag allt og launakjör. — Hvaða álit sem menn annars hafa á dýrtíðinni hér á landi og því böli, sem henni fylgir, eða með hvaða hætti skuli draga úr því, þá er rétt, að menn viti það, að ástandið í þessum málum er ekki lakara hér en hjá nágrannaþjóðunum, og eins hitt, að dýrtíðin í þeim löndum, er vér skiptum við, hlýtur ávallt að hafa víðtæk áhrif á okkar eigin dýrtíðarmál.

Það má því raunverulega telja afar merki-

legt, að unnt skuli vera að halda hér uppi fullri atvinnu við að framleiða vöru til sölu í löndum, þar sem verðlag og launakjör er langt undir því, sem vér eigum við að búa. En til þess liggja þrjár eftirfarandi meginástæður:

1. Að hver einstaklingur hér framleiðir meira verðmæti en einstaklingur þeirra þjóða, er vér skiptum við, þrátt fyrir of stuttan vinnutíma í mörgum atvinnugreinum og þrátt fyrir margvíslegar umkvartanir um vinnusvik og óheppilegar vinnuaðferðir.

   Það er bæði jákvætt og gleðilegt að vita, að svo er. En ástæðurnar fyrir þessum hagkvæmu afköstum eru aftur þær, að þjóðin lifir við betri lífskjör, hefur meira að bíta og brenna og að vinnuvit og hagleiki almennings er hér á hærra stigi, sem að mestu er að þakka skólamenntuninni í landinu og svo því, að þjóðin á af þessum ástæðum kjarngóða stofna og ekkert hrak. Það er því ljóst, að ekki svo lítill árangur er kominn í ljós af því fé, sem varið er til fræðslumálanna.
2. Að ríkissjóður hefur um langt skeið gerzt miðlari á milli taps og gróða í atvinnurekstrinum, sbr. milljónauppbætur og styrki til lands og sjávar, þegar þessir atvinnuvegir hafa ekki getað staðizt þungann af kaupgjaldinu. Hvort sem slík starfsemi getur kallazt jákvæð eða neikvæð, þá er víst, að hún hefur verið óhjákvæmileg til þess að halda uppi framleiðslunni í landinu. Hitt er svo jafnvíst, að að því ber að stefna að afnema þetta kerfi svo fljótt sem verða má og tryggja jafnframt afkomu atvinnuveganna á annan hollari hátt.
3. Að landið hefur hlotið stórar fjárfúlgur sem styrk frá Marshallstofnuninni, bæði til uppbyggingar atvinnuvega og til eyðslu. Hefur þessi aðstoð ekki einasta hjálpað yfir erfiðleika, sem torvelt hefði verið að yfirvinna án hennar, heldur hefur hún einnig hjálpað til að tryggja framtíð landsins á mörgum sviðum. Og þó verður þjóðin að gera sér það ljóst í tíma, að hún byggir ekki afkomu sína á slíkum fórnum frá annarri þjóð um alla framtíð.

Það er ljóst, að dýrtíðin verður ekki sigruð nema með sameiginlegu, sterku átaki ríkisstj., Alþingis og þjóðarinnar og sameiginlegum fórnum. Þyngsta fórnin er skerðing lífskjara, minni tekjur og meira atvinnuleysi, þegar atvinnuvegirnir þola ekki lengur útgjöldin, ríkissjóður hættir miðlunarstarfinu og Marshallaðstoðin þrýtur. Minnsta fórnin er að leggja meira að sér, lengja vinnudaginn fyrir sömu laun á sem flestum sviðum, framleiða meira og bæta á þann veg afkomu einstaklinga og þjóðarinnar, draga sem mest úr hinum óarðbæru störfum og fyrirbyggja alla verkstöðvun í landinu, hverju nafni sem nefnist. Ef þjóðin vill sýna sama áhuga fyrir því að viðhalda mannsæmandi lífskjörum í landinu eins og hún sýndi í samnorrænu sundkeppninni, þá býr hún yfir þeim mætti, sem til þess þarf.

Einn áhrifamesti þáttur dýrtíðarmálanna eru þær ráðstafanir, sem gerðar eru í sambandi við bátaútveginn. Um hver áramót hafa verið gerðar nýjar og breyttar ráðstafanir til þess að tryggja afkomu útvegsins og frystihúsanna. Hafa margir haldið, að þetta væri gert til að tryggja hag útvegsmanna og frystihúseigenda, en þann misskilning ber að leiðrétta. Þessar ráðstafanir hafa verið gerðar til að tryggja þeim mönnum öllum, sem við þennan atvinnurekstur starfa, sambærileg kjör og mönnum, sem starfa við annan líkan rekstur. Lausn þessara mála, sem allmjög snerta afkomu ríkissjóðs, hefur jafnan tekið mikinn tíma og lengt þinghaldið á hverju ári. Hér verður að verða breyting á. Málum þessum verður í ár að ráða til lykta svo tímanlega, að þau tefji hvorki þinghaldið né afgreiðslu fjárl., hvort heldur hugsað er að framlengja það kerfi, sem nú er búið við, eða að taka upp annað.

Það eru að sjálfsögðu mörg önnur mál, smá og stór, sem ræða þarf í sambandi við afgreiðslu fjárl. Margir eiga erindi við fjvn., og verður vandi nú sem fyrr að greina á milli þess, sem mæla skal með, og hins, sem víkja ber til hliðar. En auk þeirra mála, sem ég þegar hef rætt um, og svo hinna, sem ekki verður komizt hjá að leggja framlag til, svo sem lögboðnar greiðslur, framlög til verklegra framkvæmda o. m. fl., tel ég, að meginátherzlu beri að leggja á framlög til heilbrigðis- og félagsmálanna. Þrátt fyrir margvíslegar umbætur á þessu sviði þjóðmálanna, sem Sjálfstfl. hefur dyggilega stutt að og barizt fyrir, er þó margt enn ógert, sem ekki þolir bið, því þegar að er gáð, þá er þetta þó eitt af allra veigamestu málum þjóðarinnar. Vér greiðum tugi millj. kr. í að útrýma búfjársjúkdómum og rækta sterkari og betri stofna, og öll þjóðin veit, að þetta er henni lífsskilyrði. En hversu miklu meira atriði er það ekki að útrýma meinum mannanna, ekki einasta til þess að lina þjáningar, sem oft eru óbærilegar, heldur og einnig til þess að tryggja þjóðinni milljónir dagsverka árlega, sem glatast vegna þess, að heilsugæzla og aðbúnaður sjúkra og sjúkrahjálp, bæði í bæjum og sveitum, eru allt önnur og lakari en æskilegt væri? Ekki einasta er þörfin fyrir bætt náms- og starfsskilyrði hjúkrunarkvenna aðkallandi og þörfin fyrir fleiri og betri sjúkrahús og heilsugæzlustöðvar gífurleg, hvar sem er á landinu, heldur er þörfin til að hjálpa fólkinu til að starfrækja slíkar stofnanir enn meira aðkallandi. Þúsundum gamalmenna og öryrkja er haldið uppi á framfærslu bæjar- og sveitarsjóða og ríkisins. Margt af þessu fólki gæti unnið og átt betri daga, ef því væri séð fyrir vinnuskilyrðum við þess hæfi. Þúsundir unglinga ráfa iðjulausir á öllum tímum ársins um götur kaupstaða og kauptúna og læra að verða ekki að mönnum. Með sérstökum vinnunámskeiðum mætti nýta allt þetta vinnuafl og bjarga jafnframt verðmætum, sem glatast og ekki verða metin til fjár. Þúsundir heimila stritast við verk, sem vélar eiga að vinna, og þúsundir manna búa í húsum, sem eru gróðrarstíur fyrir andlega og líkamlega sýkla. Að hefja ekki harða og vel skipulagða sókn gegn þessum voða, er að bjóða volæðinu heim, er að minnka möguleika þjóðarinnar til sjálfsbjargar. Ég ætl-

ast ekki til, að ríkisstj. eigi að hafa forustu um umbætur í öllum þessum málum, en ég lít svo á, að ríkissjóður verði að leggja fram allverulega hærri framlög til þessara mála en verið hefur og umfram allt að mæta jafnan með fullum skilningi hverri þeirri umbót, sem einstaklingar eða félagsheildir vilja gera á þessu sviði.

Ég vil mega vænta þess, að Alþingi hlúi að þessum hugsjóna- og menningarmálum þjóðarinnar og marki afgreiðslu fjárl. eftir því, að svo miklu leyti sem hagur ríkissjóðs leyfir.

Sjálfstfl. telur, að að því beri að vinna að hafa þinghald svo stutt að þessu sinni, að því verði lokið fyrir áramót, og þó einkum að afgreiðslu fjárl. verði lokið fyrir þann tíma og að þau verði afgr. á þann veg, að tryggður sé hallalaus rekstur ríkisins á næsta ári.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Eysteinn Jónsson fjármálaráðherra hefur nú lagt fram frv. til fjárlaga fyrir árið 1952. Það er langhæsta fjárlagafrv., sem nokkru sinni hefur legið fyrir Alþingi Íslendinga og á þó að sjálfsögðu eftir að hækka áður en það hlýtur sína lokaafgreiðslu.

Á rekstraryfirliti eru tekjur samtals áætlaðar 357 millj. 918 þús. kr. — Rekstrarútgjöldin eru áætluð 314 millj. og 577 þús., og er rekstrarafgangur þannig áætlaður 43 millj. 340 þús. kr.

Á sjóðsyfirliti er greiðslujöfnuður hagstæður um 4 millj. og 100 þús. kr. og endanlegar niðurstöður tekna- og gjaldamegin 363 milljónir 868 þúsund.

Samkvæmt frv. er íslenzkum skattþegnum ætlað að greiða 270 millj. 850 þús. kr. á næsta ári í skatta og tolla. Er það 49½ millj. kr. hærri skattabyrði í ríkissjóð en fjárlög þessa árs ákveða, og mun þó flestum þykja sem skattþunginn sé ærin byrði eins og stendur. Af þessum fjárfúlgum eru beinu skattarnir — tekjuskatturinn og eignarskatturinn — ekki nema smáræði eitt, samtals 41 millj. kr. Hrýs þó mörgum hugur við, er þeir fá í hendur þinggjaldsseðilinn sinn og vita naumast, hvernig staðið verði í skilum með greiðsluna. En þetta er þó, eins og ég áðan sagði, smápeningar einir móts við skattgjald það, sem tekið er af fólki, um leið og það kaupir nauðsynjar sínar. Þannig er vörumagnstollur áætlaður á fjárlagafrv. 22.5 millj. kr., verðtollur hvorki meira né minna en 93 millj. og söluskattur 77 millj., svo að nefnd séu aðeins stærstu og virðulegustu nöfnin á óbeinu sköttunum, sem plokkaðir eru af fólki í ríkissjóðinn, um leið og það gerir innkaup sín. Eru þó fjöldamargir smærri skattar ónefndir. — Þessir þrír óbeinu skattar, vörumagnstollur, verðtollur og söluskattur, slaga þannig hátt upp í 200 millj. kr. og leggja þannig sem næst 7000 króna skattabyrði á hverja 5 manna fjölskyldu í landinu. Er af þessu augljóst mál, að óbeinu skattarnir eiga nú orðið mjög verulegan þátt í hinni ægilegu dýrtíð, sem nú liggur eins og mara á íslenzku þjóðinni.

Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru á frv. áætlaðar 83 millj. og 600 þús. Eru það að langmestu leyti tekjur af Áfengisverzlun ríkisins og af Tóbakseinkasölu ríkisins, nefnilega 53 millj. áætlaðar af brennivíninu og 26 millj. af tóbakinu. Samtals 79 milljónir.

En þó að þessar tölur allar þyki svimandi háar, sem vonlegt er, þá er það samt sannast sagna, að þær segja ekki allan sannleikann. Þessar áætlunartölur munu flestar eða allar reynast lægri en skattarnir sjálfir, sem krafðir verða af borgurunum á árinu 1952. — Hæstv. fjmrh. hefur nefnilega þann hátt á að áætla stærstu tekjuliði fjárlaga stórum lægri en nokkrar líkur benda til, að þeir verði. Og þetta hlýtur hann að gera vísvitandi, svo glöggur fjármálamaður er hann, enda er ekkert undarlegt, þótt hann sé feiminn við að láta það sjást svart á hvítu, á hvert stig skattpíningin er komin undir fjármálastjórn hans. — Með of lágri tekjuáætlun fær ráðherra líka rýmra um hendur hvað snertir greiðslur úr ríkissjóði. Getur slíkt verið nógu freistandi út af fyrir sig, ef Alþingi lætur slíkt viðgangast. Og í þriðja lagi er það alkunnugt bragð íhaldssamra ríkisstjórna að áætla tekjur lægra en réttmætt er beinlínis í þeim tilgangi að synja svo um fjárveitingar til nauðsynlegra framkvæmda undir því yfirskini, að fé sé ekki fyrir hendi. Það verði þá að benda á nýjar tekjuöflunarleiðir, ef af þessari eða hinni framkvæmdinni eigi að geta orðið.

Ég minnist þess nú, að ég deildi nokkuð um tekjuáætlun fjárl. 1951 við hæstv. fjmrh. Ég leyfði mér þá að halda því fram, að tekjuáætlun ráðherrans væri a. m. k. 32 millj. kr. of lág. Á þetta vildi ráðherrann með engu móti fallast og hafði stór orð um. Fullyrti hann, að ef tillögur mínar yrðu samþ., þýddi það raunverulega, að fjárl. yrðu afgr. með 32 millj. kr. tekjuhalla. En nú hefur reynslan skorið úr þessum ágreiningi okkar.

Ég taldi varlegt að áætla tekju- og eignarskattinn með tekjuskattsviðauka 40 millj. á árinu 1951; ráðh. sagði í hæsta lagi 35 millj. Nú upplýsir hann þó sjálfur í skýringum sínum með fjárlagafrv., að í ár hafi tekju- og eignarskatturinn álagður numið rúmum 50 millj., og er það 3 millj. hærra en árið áður. Á árinu 1950 innheimtust rúmar 40 millj., og lætur því nærri, að hann verði í ár fullar 43 millj., þegar ráð hefur verið gert fyrir lækkunum yfirskattanefnda og ríkisskattanefnda og einnig gert riflega fyrir vanhöldum. Þetta er þá 8 millj. hærra en ráðherrann áætlaði og a. m. k. 3 millj. hærra en ég gerði ráð fyrir.

Á þessu fjárlagafrv. sér ráðh. sér heldur ekki fært annað en áætla tekju- og eignarskattinn 41 millj. kr., eða 6 millj. hærri en í fyrra, og er það óefað af mikilli varfærni gert.

Þá taldi hæstv. ráðh. það tvöfalda fjarstæðu, er ég vildi áætla verðtollinn 78 millj. Fullyrti hann, að verðtollurinn gæti naumast orðið hærri en 65 millj. Endanlega var hann þó áætlaður 73 millj. Nú upplýsir ráðh., að innheimtur verðtollur á yfirstandandi ári hafi verið orðinn 50 millj. þann 1. júlí í sumar, þ. e. á fyrri helmingi ársins. Út frá því fellst ráðh. þá á, að verðtollurinn muni jafnvel reynast rúmar 100 millj. kr. á árinu.

Nú í ágústlokin, eftir 8 mánuði, var verðtollurinn orðinn 69 millj. og 300 þús., og bendir

það til, að hann verði a. m. k. ekki undir 104—105 millj. kr. Þarna reynist áætlun ráðherrans, eins og hann að síðustu lét til leiðast að hafa hann, a. m. k. 30 millj. lægri en efni standa til. — Á næsta ári áætlar Eysteinn Jónsson verðtollinn 93 millj. og kveður þar teflt á tæpasta vað.

Þá taldi ráðh. enn versna og fjarstæðurnar keyra um þverbak, er ég vildi áætla söluskattinn mun hærra en hann gerði. „Áætlun fjárlagafrv. á honum," sagði Eysteinn fjármálaráðherra, „er byggð á algerri hliðstæðu við verðtollinn, og ég tel ekkert vit í að hækka þá áætlun."

Og hvað segir þá reynslan um þennan ágreining okkar? Jú, hún segir þetta:

Söluskatturinn var að kröfu ráðh. áætlaður 55 millj. á árinu 1951, en að loknum 8 mánuðum ársins var hann orðinn 53 millj. 344 þús. Þannig benda allar líkur til, að söluskatturinn verði fullar 80 millj. eða kannske meira, ca. 25 millj. hærri en ráðh. vildi vera láta í fyrra. Þetta viðurkennir hæstv. fjmrh. nú í athugasemdum sínum við fjárlfrv. næsta árs með svofelldum orðum:

„Til 1. júlí reyndist söluskatturinn ca. 37.5 millj. kr. Mun þá að mestu búið að innheimta söluskatt fyrir tvo ársfjórðunga. Þar sem telja má víst, að meiri innflutningur verði síðari hluta ársins, er gert ráð fyrir, að söluskatturinn muni verða rúmar 80 millj. kr."

Þarna var komið þó nokkuð annað hljóð í ráðherrastrokkinn, — en svo sér hann sér þó ekki fært að áætla söluskattinn nema 77 millj. á næsta ári.

Eitt af því, sem okkur hæstv. fjmrh. kom illa saman um í sambandi við afgreiðslu fjárl. fyrir yfirstandandi ár, var það, hvað óhætt væri að áætla tekjurnar af brennivíns- og tóbakssölu ríkisins miðað við reynslu undanfarinna ára. Ég vildi áætla brennivínstekjurnar 1951 52 millj. og tóbakstekjurnar 28—29 millj., samtals ca. 80 millj. Út af þessu brá hæstv. ráðh. á gaman, sem hann þó bregður sjaldan fyrir sig, og sagði, að ég gerði bersýnilega ráð fyrir „góðu brennivínsári", fyrst ég vildi hækka þennan áætlunarlið. Nú þykir mér auðsætt, að hæstv. ráðh. muni hafa fengið það, sem hann kallaði „gott brennivínsár", því að í fjárlagafrv. fyrir árið 1952 segir hann, að með hliðsjón af fenginni reynslu þyki sér óhætt að áætla hreinan rekstrarhagnað áfengisverzlunarinnar 53 millj. kr., eða 6½ millj. hærra en árið áður.

Tóbakstekjurnar áætlar ráðh. 26 millj. á næsta ári, og er það 3½ millj. hærri upphæð en á gildandi fjárl. Má af því draga þá ályktun, að árið 1951 hafi einnig reynzt honum sæmilegt „tóbaksár". — Því góðæri fagna ég þó hvorugu með honum, en ástæðulaust er, enda enginn greiði við bindindismálstaðinn, að vera að fela ljótar staðreyndir í þessum málum með lægri tölum en efni standa til.

Þetta, sem hér hefur verið sagt, sýnir ótvírætt, að allar tillögur mínar í sambandi við hækkun tekjuáætlunar fjárl. fyrir árið 1951 voru raunhæfar, — engin þeirra hefur reynzt of há. Áætlun ráðherrans var of lág, og efa ég ekki, að þannig hagi hann tillögum sínum af ráðnum hug.

Það er því staðreynd, að það var þannig hægt að samþ. tillögur okkar alþýðuflokksmanna um ríflegri fjárframlög til tryggginganna — til drykkjumannahælis — til nýbyggingar vega og vegaviðhalds og til hafnargerða. — Það var einnig fært að leggja fram 6 millj. kr. til síldveiðideildar hlutatryggingasjóðs og 8 millj. til niðurgreiðslu á kostnaðarliðum bátaútvegsins, 1½ millj. til atvinnuaukningar vegna aflabrests á Vestfjörðum og 5.6 millj. til launauppbóta vegna hækkunar vísitölunnar. Þetta var meira að segja allt saman fært án nokkurrar minnstu hækkunar á sköttum. En tillögunum var synjað með tilvísun til hinnar allt of lágu tekjuáætlunar, út frá þeirri fölsku forsendu, að fé yrði ekki fyrir hendi í ríkissjóði.

Og nú í dag hefur hæstv. fjmrh. staðfest þetta með því að upplýsa, að 41 millj. kr. rekstrarhagnaður sé á árinu 1950.

En það er ekki einhlít fjármálastefna að pína bara enn sem ríflegastar skattafúlgur í ríkissjóðinn. Slík stefna getur og hlýtur að enda með skelfingu. Nú þegar er svo komið, að ógerlegt er fyrir flest bæjarfélögin að innheimta sína beinu skatta, útsvörin, sökum þess, hve ríkissjóður gengur nærri gjaldgetu manna. Og þegar bæjarfélögin eru komin á vonarvöl, eiga þau einskis annars úrkosta en að leita á náðir ríkisins. Við það þyngjast verulega byrðar ríkissjóðsins, og næst kemur svo röðin að honum sjálfum með að ná ekki inn skatttekjum sínum. Og hvað þá? — Þá eru þrot fyrir dyrum.

Nú á næstunni mun standa til, að bæjarstjórar flestra kaupstaðanna komi saman til fundar hér í Reykjavík til þess að bera saman ráð sín og reyna að finna nýjar tekjuöflunarleiðir fyrir bæjarfélögin. En það mun vera sameiginlegt álit þeirra allra, að ríkið verði að gefa eitthvað eftir af sínum skattstofnum til sveitarfélaganna, ef þau eigi að geta staðizt, þar sem nýjar skattálögur séu óhugsandi.

Það mundi vera flestra mál, að það hafi verið höfuðhlutverk íslenzkra stjórnmála um það leyti sem núverandi stjórn tók við völdum að ráðast af þrótti gegn dýrtíðinni og þoka henni niður á við. En hver hefur orðið var aðgerða í þá átt? Í fyrstu var að vísu ýmislegt hjalað í stjórnarblöðunum um baráttu gegn dýrtíðinni, en það voru orð — bara orð innantóm — og ekkert annað. Því hjali fylgdi engin alvara — engar aðgerðir.

Fyrsta verk hæstv. stj. var að lækka gengi íslenzku krónunnar um 42.6%. Þessari aðgerð fylgdi stórkostleg dýrtíðaraukning, eins og við alþýðuflokksmenn og aðrir andstæðingar gengislækkunarinnar sögðum fyrir. Formælendur hennar, íhaldsmenn og framsóknarmenn, töldu kjósendum hins vegar trú um, að verðhækkanirnar, sem af gengislækkun leiddi, mundu verða smáræði eitt — í allra mesta lagi 11—13%. Fyrir þessari staðhæfingu báru þeir útreikninga tveggja hagspekinga. Og fólkið festi nokkuð almennt trú á þetta fyrirheit í bili, boðað í nafni óbrigðulla vísinda.

En nú hefur reynslan sýnt sjómönnum, bændum, iðnaðarmönnum og öllum neytendum, hvar í stétt sem þeir standa, að gengislækkunin

leiddi ægilegra dýrtíðarflóð yfir þjóðina en nokkurn hafði órað fyrir. Olli þar óefað nokkru um, að framkvæmd gengislækkunarlaganna var í höndum manna, sem margir hverjir höfðu beinan hag af vaxandi dýrtíð, sbr. prósentkerfið alræmda í álagningunni.

Verð það, sem sjómönnum hafði verið heitið fyrir fiskinn, 93 aurar pr. kíló, fékkst aldrei. Og áður en ár var liðið frá setningu gengislækkunarlaganna, var vélbátaútgerðin, sem gengislækkunarpostularnir þóttust einmitt ætla að bjarga, komin í rekstrarþrot og hefur nú nýskeð gengið undir almenn skuldaskil. Þá var stigið það skrefið, sem hleypti annarri dýrtíðarflóðöldu af stað. Það var leið bátagjaldeyrisins, sem þjóðin er nú þegar búin að fá nokkra reynslu af.

Það vakti mikla furðu, að Framsfl. skyldi nokkurn tíma samþ. þessa upplögðu leið til brasks og spákaupmennsku. Móti henni hafði ekki aðeins verið barizt af okkur alþýðuflokksmönnum og kommúnistum, heldur höfðu hagfræðingar ríkisstj., höfundar gengislækkunarfrv., þeir Benjamín Eiríksson og Ólafur Björnsson, fordæmt hana með öllu og fundið henni flest til foráttu. Um þetta sögðu þeir það, sem nú skal greina, í fylgiskjölum gengislækkunarfrv., með leyfi hæstv. forseta:

„Ekki er þó hægt að mæla með þessari leið. Má fyrst og fremst á það benda, að hún mundi hafa í för með sér engu minni almenna verðhækkun en almenn gengislækkun; það liggur í augum uppi, að eigi sjávarútvegurinn að fá jafnmikið í sinn hlut með þessari aðferð og með almennri gengislækkun, þá mundi verða mjög hátt verð á erlenda gjaldeyrinum, hærra en það, sem yrði með hinni almennu gengislækkun. Vísitalan mundi enn síður en nú sýna rétta mynd af hinu almenna verðlagi," sögðu hagfræðingarnir enn fremur.

„Með því að fara þessa leið mundi raunverulega sett tvenns konar gengi á íslenzku krónuna og þá um leið tvenns konar verðlag á innfluttar vörur. Í framkvæmdinni yrði þetta sennilega þannig, að frjálsa gjaldeyrinum yrði einkum varið til að flytja inn vörur, sem ekki gætu talizt bráðnauðsynlegar eða teldust jafnvel óþarfar, og yrði þetta gert til þess að koma í veg fyrir, að hinar óumflýjanlegu verðhækkanir kæmu fram í vísitölunni.

Þessi leið felur í sér fyrst og fremst, að sá gjaldeyrir, sem aflast, er notaður á ónytsamlegri hátt en áður."

Og enn segja þeir B. E. og Ó. B.:

„Hin tvö gengi og tvenns konar verðlag innanlands mundu gera nauðsynlegt að halda mjög strönga eftirliti með verðlagi og dreifingu allra innfluttra vara. Sterk öfl mundu reyna að hækka álagningu og verðlag á vörum, sem fluttar væru inn fyrir ódýrari gjaldeyrinn, til samræmis við verðlag á þeim vörum, sem fluttar væru inn fyrir frjálsa gjaldeyrinn. Með því móti væri skapaður jarðvegur fyrir margs konar brask og óheilbrigða verzlunarhætti. Þessi leið mundi því kalla á aukin verzlunarhöft og opinbera íhlutun um verðlagsmál og því ganga alveg í öfuga átt við megintillögur okkar, sem fyrst og fremst er ætlað að skapa skilyrði fyrir frjálsri verzlun.

Þar sem ein afleiðingin yrði hækkun á almennu verðlagi, er líklegt, að framleiðslukostnaðurinn innanlands mundi stiga, fyrst og fremst kaupgjald. Er þá hætt við, að verðið á frjálsa gjaldeyrinum hækkaði enn og um leið almenna verðlagið. Bilið milli hins tvenns konar innflutningsverðlags ykist, og mundi af því hljótast margs konar togstreita. Menn mundu fljótlega vilja breyta ástandinu í heilbrigðara horf, en þeim mundi verða ljóst, að ætti að framkvæma varanlega lausn, þá væri það ekki hægt án þess að hækka fyrst og fremst nauðsynjar í verði. — Húsaleigu-, kaupgjalds- og vísitölusjálfheldan yrði því margfalt verri viðureignar en nú. — Við mælum því eindregið gegn þessari leið."

Þannig vöruðu þeir hagfræðingarnir Benjamín Eiríksson og Ólafur Björnsson við bátagjaldeyrisleiðinni, en samt var hún farin og hefur sízt gefið betri raun en þeir og ýmsir fleiri sögðu fyrir.

Ég bið menn að taka eftir því, að þeir hagfræðingarnir Benjamín og Ólafur lögðu ríka áherzlu á, að ef þessi leið yrði farin, þá yrði að hafa sterkt og strangt eftirlit með verðlagi og dreifingu innfluttra vara, því að sterk öfl mundu reyna að hækka álagningu og verðlag á vörum, sem fluttar væru inn fyrir ódýrari gjaldeyrinn.

Og hefur þetta sterka og stranga verðlagseftirlit þá ekki verið haft til þess að koma í veg fyrir óhóflega álagningu, brask og óheilbrigða verzlunarhætti?

Nei, það hefur sem kunnugt er verið afnumið, enda hefur taumlaus okurstarfsemi komizt í slíkan algleyming, að öllu sæmilegu fólki stendur ógn af. Jafnvel stjórnarblöðin sum hlífast nú við að mæla því bót. Þó virðist Morgunblaðið vera að sækja í sig veðrið nú seinustu dagana og er farið að bera blak af okrurunum í nafnlausum greinum. Þar sannast hið fornkveðna: „Skrattinn þekkir sína" — og Morgunblaðið braskarana.

Skýrsla verðgæzlustjóra, sem nýlega var birt í blöðunum, sýnir ótvírætt, að afnám verðlagseftirlitsins er þriðja stóraðgerð hæstv. ríkisstj. til aukinnar dýrtíðar. Það er eins og kjörorðið sé: „Allt fyrir okrarana!" Og því virðist trúlega fylgt í allri stjórnarstefnunni.

Það var heldur aldrei við góðu að búast, þegar Framsfl. lét beygja sig undir það ok, að settur yrði einhver harðvítugasti heildsalinn úr flokki braskaranna, Sjálfstfl., yfir viðskiptamálin.

Hvernig voru viðbrögð hæstv. viðskmrh. á dögunum, þegar skýrslan um okrið var birt opinberlega? Var það ekki hann sjálfur, sem knúði fram birtingu skýrslunnar til þess að veita aukið aðhald í verðlagsmálunum? Nei, ekki aldeilis; hann stóð öndverður gegn birtingu skýrslunnar. Hann fór í reiði óvirðingarorðum í ríkisútvarpinu um formann verðgæzlunefndar, trúnaðarmann almennings, sem aðeins gerði skyldu sína með birtingu skýrslunnar. Hann hefur að sögn gefið út fyrirmæli um, að sá skolli megi ekki koma fyrir aftur, að formaður verðgæzlunefndar fái vitneskju um verzlunarokrið. Hann gæti nefnilega haft það til að láta vitneskjuna berast til almennings.

Og svo fór sjálfur viðskmrh. í útvarpið og vildi telja þjóðinni trú um, að okurálagningin væri hrein undantekning, yfirleitt væri álagningin hófleg og sanngjörn. Þetta sýnir bara, að hæstv. viðskmrh. er allt annarrar skoðunar í þessum málum en allur þorri þjóðarinnar. Það sýnir, að ráðh. hefur heildsalaafstöðu til málsins, en ekki afstöðu hins almenna borgara.

Það er bert af skýrslu verðgæzlustjóra, að almennt hefur álagningin tvöfaldazt og þrefaldazt síðan verðlagseftirlitið var afnumið. En í nokkrum og þó ekki svo fáum tilfellum hefur hún tí- til þrettánfaldazt.

Það er fullvíst, að þjóðin heimtar, að nöfn verstu okraranna verði birt, eins og eitt stjórnarblaðið — ég held það hafi verið Tíminn — hefur stungið upp á. Og í rauninni ætti að svipta þá, sem lengst hafa gengið í því að okra á almenningi, heimild til kaupsýslustarfa.

Einasta afsökun okraranna er sú, að þeir höfðu að mínu áliti nokkra ástæðu til að ætla, að þeir væru aðeins að notfæra sér aðstöðu, sem lögð hefði verið þeim upp í hendurnar til ýtrustu hagnýtingar, þar sem aukin dýrtíð væri einn meginþáttur stjórnarstefnunnar.

Það er algengt að heyra því haldið fram, að dýrtíðaraukningin hér á landi sé fyrst og fremst að kenna verðhækkunum á heimsmarkaðinum. En þetta fær ekki staðizt. Þar tekur af öll tvímæli skýrsla alþjóðavinnumálastofnunarinnar um breytingar á framfærslukostnaði í flestum löndum heims frá því í ársbyrjun 1950 þar til síðastl. vor. Þar er Ísland með langmesta dýrtíðaraukningu, full 32% á einu ári. Danmörk er með 10% verðhækkun, Bandaríkin með 9%, Bretland með 4%, Sviss með 3%, Ísrael með 2%, Írland með 3%, Vestur-Þýzkaland með 5% o. s. frv. Þar sannaðist, að Ísland hafði heimsmet í dýrtíð. Og þessi dýrtíð er framleidd heima fyrir að langmestu leyti. Heimsmarkaðurinn er sá sami fyrir okkur og aðrar þjóðir. Aðeins tvö ríki, Burma og Íran, bjuggu við lækkandi verðlag á sama tíma.

Alþfl. mun af ýtrasta megni beita sér fyrir breyttri stjórnarstefnu í skattamálum og dýrtíðarmálum. Hefur núverandi stjórn vissulega fyllt mæli synda sinna svo, að út af flóir í þessum stórmálum báðum.

Afstaða Alþfl. til dýrtíðarmálanna er mörkuð skýrt og skorinort í svo hljóðandi ályktun, sem gerð var einróma á miðstjórnarfundi 27. fyrra mánaðar:

„Með tilvísun til upplýsinga þeirra, sem birtar hafa verið um gífurlega hækkun álagningar á vörur, sem ekki eru háðar verðlagseftirliti, telur miðstjórn Alþýðuflokksins komið ótvírætt í ljós, að skipulagslaus innflutningur og sú „frjálsa samkeppni", sem ríkisstj. hefur stefnt að, tryggi ekki hóflega álagningu og sanngjarnt vöruverð.

Miðstjórnin mótmælir harðlega þeirri stefnu ríkisstj. að veita milliliðum frelsi til þess að okra á almenningi, samtímis því sem hann stynur undan byrðum sívaxandi dýrtíðar.

Hún krefst þess, að verðlagsákvæði verði þegar í stað sett aftur á allar vörutegundir og strangt eftirlit haft með því, að þeim sé hlýtt."

Í framhaldi af þessari ályktun miðstjórnar lögðu þingmenn Alþfl. í neðri deild strax eftir þingsetningu, 1. okt., fram frv. um að lögbjóða á ný verðlagseftirlit með öllum vörutegundum. Frv. felur í sér þá breytingu á verðlagslögunum, að fjárhagsráði sé skylt að ákveða hámarksverð á allar vörutegundir og hafa eftirlit með því, að ekki sé fram hjá því smogið. Sams konar ákvæði voru í lögum þar til rétt fyrir lok seinasta þings, er stjórnarflokkarnir, íhald og Framsókn, breyttu þeim á þá lund, að fjárhagsráði væri í sjálfsvald sett að ákveða, hvort verðlagseftirlitið væri haft áfram eða það fellt niður. Í skjóli þeirrar lagabreytingar var svo verðlagseftirlitið lagt niður í sumar með þeim afleiðingum, sem þjóðinni eru nú kunnar. Alþfl. hefur nú krafizt útvarpsumræðu um þessi þýðingarmiklu mál, og mun hún fara fram innan skamms.

Sjómönnum, verkamönnum og bændum og yfirleitt allri alþýðu manna er löngu orðið það ljóst, að spilling viðskiptamálanna verður aldrei upprætt með samstarfi við Sjálfstfl. um ríkisstjórn. Allra sízt með því að gefa honum kost á að láta heildsala stjórna málum heildsalanna úr ráðherrastóli, eins og nú er gert. En hvenær skyldu Hermann Jónasson og Eysteinn Jónsson öðlast þennan skilning?

Í þessum málum eru það verkalýðshreyfingin og samvinnuhreyfingin, sem verða að gera þá kröfu til allra þeirra flokka, sem nokkru láta sig varða hag almennings, að þeir sameinist um gagngera hreinsun í viðskiptamálunum, svo að Íslendingar þurfi ekki að verða að viðundri í hópi frjálsra þjóða fyrir prang og okur og hvers konar óheilbrigða verzlunarhætti, sem hvergi þekkjast aðrir eins, heimsendanna á milli.

Sumir hafa viljað færa núv. ríkisstj. til lofs, að henni hafi þó tekizt að ganga af svarta markaðnum dauðum. Og hvað er þá hæft í því?

Það var að vísu svo, að einstakar vörutegundir, sem ekki þóttu nauðsynlegri en svo, að verjandi þótti að takmarka mjög innflutning þeirra, voru samt fluttar inn með óleyfilegu móti og seldar með uppsprengdu verði. Þetta var leiðinlegt fyrirbæri og kom oft ónotalega við pyngju þeirra, sem gátu fengið sig til þess að verzla við svartamarkaðsbraskarana. En almenn áhrif á lífsafkomu fólks hafði svarti markaðurinn ekki að neinu ráði.

Og hvernig er það þá nú? Hvernig hefur svarti markaðurinn verið afnuminn? — Í stuttu máli sagt: Með því að selja bröskurunum sjálfdæmi um verðlag og álagningu. Með frjálsum bátagjaldeyri og afnámi verðlagseftirlitsins hefur verðið í fjöldamörgum tilfellum farið yfir það, sem nokkurn tíma þekktist áður á svörtum markaði, auk þess sem þetta okur nær nú til fjölda nauðsynjavara, sem almenningur getur með engu móti án verið. Það er því hárrétt, sem Alþýðublaðið hefur hvað eftir annað sagt: Svarti markaðurinn hefur fengið löggildingu af núverandi hæstv. ríkisstj. — Þetta er sannleikurinn í því máli og þess vegna af næsta litlu að státa hvað það snertir.

Fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, boðar enga nýja stjórnarstefnu. Það er alveg hárvíst, að

skattpíningin heldur áfram og dýrtíðarmálið verður óleyst og sívaxandi vandamál, þar til alþýða landsins snýr baki við óheillastefnu íhaldsins án tillits til þess, hverjir gerast svo lítilþægir að lána aðstoð sína til að framkvæma hana. — Íhaldið eitt er þess ekki megnugt.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Hv. þm. Barð. minntist á áðan, að bæjar- og sveitarsjóðir hefðu verið neyddir til að hækka launin, vegna þess að ríkisstj. ákvað að hækka laun opinberra starfsmanna. Ég vil taka fram, að ríkisstj. var kunnugt um, að Reykjavíkurbær vildi, að þessi breyting yrði gerð. Var hv. þm. Barð. að reyna að sneiða að Framsfl. og sagði, að hann hefði lofað að stöðva dýrtíðina. Þetta er ósatt hjá hv. þm. Það var sagt, að annaðhvort yrði að verða gengislækkun eða allsherjar niðurskurður. Engum hefur komið til hugar að segja, að verðlækkun yrði samfara gengislækkuninni.

Ég verð að segja, að ég get alls ekki verið óánægður með ræður stjórnarandstæðinga. Þeir hafa varla vikið að fjárl. sjálfum, og ber það vott um, að eigi sé um auðugan garð að gresja hjá þeim. Er það aðeins eitt eða tvö atriði, sem hægt er að festa hendur á, og mun ég koma að þeim síðar.

Þeir hafa haldið því fram, að ástandið í verzlunarmálum hafi farið versnandi og að flett hafi verið ofan af óheiðarlegum ráðstöfunum. Að vísu þrifst ýmislegt, sem mér dettur ekki í hug að verja, en því ber ekki að neita, að ástandið er ekkert sambærilegt nú við það, sem það var. Verzlunaránauðin var svartur blettur á þjóðinni, sem nú hefur tekizt að afmá. Áður þurfti fólk að knékrjúpa fyrir kaupmönnum til að fá helztu nauðsynjavörur. Verkamenn urðu að vera nær vinnufatalausir langtímum saman, og svo má lengi telja. Þessari plágu hefur nú verið aflétt til ómetanlegs hagræðis fyrir íslenzk heimili. Nú getur almenningur gert sína verzlun þar, sem kaupin eru hagfelldust og vöruval mest, og getur flutt verzlun sína á milli kaupmannaverzlana og kaupfélaga eftir vild. Nú geta menn látið okrarana eiga sjálfa sínar vörur. Menn mega ekki flana að því að kaupa að óathuguðu máli, heldur eiga menn að leita fyrir sér og stilla svo til, að sá, sem gerir hagkvæmust innkaup, njóti viðskiptanna, en hinir tapi. Það hefði verið nær fyrir þessa hv. þm. að skora á almenning að fara þannig að en kalla á verðlagseftirlit, sem þeir vissu, að var ekkert annað en nafnið tómt og gaf þegnunum litla sem enga vernd. Það væri hægt að nefna fjöldamörg dæmi um það, hvernig ástandið var í þessum efnum. Þrátt fyrir bátaútvegsgjaldeyrinn voru sumar vörur, sem inn voru fluttar eftir þeirri leið, ódýrari en þær voru áður á markaðnum hér innanlands. Ég vil nefna eitt dæmi, en það eru nylonsokkar, sem eru mjög nauðsynleg vara fyrir kvenfólkið, og eru þeir ódýrari nú en þeir voru meðan hitt fyrirkomulagið var, þrátt fyrir bátagjaldeyrinn. — Framsfl. hefur aldrei haft neina tröllatrú á verðlagseftirliti. Hann hefur keppt að því að auka fjárhagslegt jafnvægi til þess að auka frelsi í verzlun og leysa kaupfélögin úr verzlunaránauð, þannig að þau gætu keppt við kaupmenn og þannig orðið hið raunverulega verðlagseftirlit, sem kaupendur gætu treyst, og það er það ástand, sem nú er að skapast hér og vonandi heldur áfram að skapast. Og þegar talsmaður kommúnista, hv. 5. landsk. þm., var að kvarta undan þessu, þá láðist honum að geta þess, að kommúnistar hafa innan neytendasamtakanna ár eftir ár heimtað afnám á öllu verðlagseftirliti og það áður en vöruframboð fór að aukast í landinu. En af því að það hefur verið upplýst, að nokkrir einstaklingar hafa misnotað þetta frelsi, snýst þessi hv. þm. á móti þessu fyrirkomulagi, því að hann heldur, að það geti einhvers staðar orðið vinsælt. Ég vil að lokum endurtaka það, að það verður aldrei hægt að treysta verðlagseftirlitinu, heldur verður að koma á því ástandi, að vöruframboð sé nægilegt í hlutfalli við kaupgetuna.

Að því er snertir skýrslu þá, sem hér um ræðir og birt hefur verið, er það að segja, að hæstv. viðskmrh. hefur aldrei komið til hugar, að hún yrði ekki birt. Það eina, sem hann vitti, var það, að hún var birt án þess, að höfð væru um það samráð við viðskmrn., því að auðvitað átti það rn. að sjá um birtingu skýrslunnar, sem samin var gagngert í þeim tilgangi að fylgjast með því, hvernig þróunin yrði. Annars er einnig rétt að benda á, að vitanlega gefur það enga örugga mynd af því, hvernig þessi leið verður í framkvæmd, hvað gerzt hefur á þeim fáu mánuðum, sem þetta fyrirkomulag hefur staðið. Menn vita, að þegar þetta byrjaði, ætluðu ýmsir sér að flá feitan gölt og leggja meira á vörurnar en góðu hófi gegndi og spenntu bogann of hátt. En ef allir fá nægilegar vörur til að verzla með, gætu einstakir okrarar ekki komizt áfram með slíkt, þannig að þetta hlyti að leita jafnvægis og slík undantekningartilfelli hverfa úr sögunni.

Það má segja, að þessum þm. úr stjórnarandstöðunni blöskraði ekki smávegis, þegar þeir halda því fram, að dýrtíðaraukningin á árinu 1951 sé heimatilbúin. Ég tók hér af tilviljun með mér fáeinar setningar úr upplýsingum frá sendiráðum okkar í Kaupmannahöfn og London. Í upplýsingum sendiráðsins í Kaupmannahöfn segir, „að dýrtíð hafi aukizt hröðum skrefum í Danmörku, einkum síðustu 12 mánuðina, svo að nú er heildarsöluvísitalan þar 48% hærri en við gengisfellingu sterlingspundsins í september 1949". — Í skýrslu sendiráðsins í London segir, að karlmannafatnaður hækki um 20% á næstu vikum ofan á 35—50% hækkanir fram að þessu. Kvenfatnaður hefur hækkað hlutfallslega eins og karlmannafatnaður. Skófatnaður karla og kvenna hefur hækkað um 100% frá því 1948. Skósólanir og viðgerðir hafa hækkað um 75% og jafnvel meira í sumum tilfellum. Fargjöld í strætisvögnum og lestum hafa hækkað um 33⅓%. Brauð hefur hækkað um 25%, mjólk 20—25%, þvottur 75%, kol 100%, smjör 50%, kaffi 32%. — Þannig mætti halda áfram að lesa upp verðhækkanir þær, sem orðið hafa í viðkomandi löndum. En svo koma þessir þm. og segja: Dýrtíðaraukningin á þessu ári er heimatilbúningur íslenzku ríkisstj. — Hér hefur engin

dýrtíð orðið fyrir innlendar ráðstafanir síðan áhrif gengislækkunarinnar hættu að mega sín.

Ég get ekki gert þessu atriði frekari skil, en vil þá koma að því, sem þeir töluðu um fjárl., þó að það verði víst að vera mjög stutt, þar sem ég mun vera langt kominn með minn ræðutíma.

Hannibal Valdimarsson vildi ekki bera á móti því, að afkoma ríkissjóðs væri góð, og hafði að því leyti ekki neitt við ræðu mína að athuga, en sagði, að þessi ráðh. væri dálítið þröngsýnn og hefði asklok, þ. e. hirzlu ríkissjóðs, fyrir himin. Í ræðu minni lagði ég áherzlu á það, að góð afkoma ríkissjóðs er undirstaðan undir heilbrigðri stefnu í fjárhags- og atvinnumálum landsins yfirleitt. Ég ræddi ekki málið eingöngu frá sjónarmiði ríkissjóðs, en sýndi fram á, að það að ríkissjóður hefði rekstrarafgang væri undirstaða þess, að takast mætti að ráða við fjárhags- og atvinnumálin, eins og ástatt er í landinu, og að við gætum haldið uppi sömu framfarastefnu. — Ekkert af þessu reyndi hv. þm. að hrekja í fullyrðingum sínum.

Þeir tveir þm., sem talað hafa fyrir stjórnarandstöðuna, hafa talað um, að þetta væri hæsta fjárlfrv., sem lagt hefði verið fyrir Alþ., og aldrei hefði þurft að greiða svona mikla skatta og tolla. En ég vil benda á, að þótt við gerum ráð fyrir háum sköttum og háum tollum, er ekki gert ráð fyrir, að ríkissjóður hafi nema 19% hærri tekjur en hann hafði fyrir gengislækkunina. Hvaða stofnun, sem ekki hefur líka hærri útgjöld, hefur ekki hækkað tekjur sínar meira en um 19% frá því fyrir gengislækkun? Sannleikurinn er sá, að útgjöld ríkissjóðs hafa lækkað stórlega frá því fyrir gengislækkun, þegar tekið er tillit til verðlags þá og breytingar á gengi peninganna.

Nú sagði hv. þm., Hannibal Valdimarsson, að þinggjöldin væru óviðráðanleg og óbeinu skattarnir gífurlega þungir, sem er raunar rétt, en hv. þm. gleymdi að segja frá því, hvað hann eða hans flokkur vill gera. Ekki getur verið meiningin að hækka þinggjöldin, og þá víst ekki heldur óbeinu skattana, en þá gleymdi hann að geta um, hvað það er á fjárl., sem þeir ætla að fella niður, hvaða þjónustu ríkið á að hætta að inna af höndum fyrir borgarana, ef taka á mark á þessu skrafi hans, og sama er að segja um skraf hv. 5. landsk., Ásmundar Sigurðssonar.

Hannibal Valdimarsson sagði einnig, að auðséð væri, á hvert stig skattpíningin væri komin undir fjármálastjórn minni. En hvaða skattaákvæði og tollaákvæði eru það, sem ég hef farið eftir? Sömu skattaákvæðin, sömu tollaákvæðin og giltu áður en ég tók við þessum málum, sömu skattaákvæðin og sömu tollaákvæðin, sem giltu þegar flokksmaður hv. þm. var forsrh., og sömu skattstofnarnir og löggiltir voru yfirleitt til þeirrar stj. með sáralitlum breytingum til hækkunar og lækkunar. Það er m. ö. o. sama skattpíningin og landsmenn voru beittir, þegar formaður Alþfl. var stjórnarformaður, en hefur ekki verið komið á af mér, en sá er munurinn, að sökum þess, hve ríkisstj. hefur tekizt að færa aukið líf í atvinnureksturinn, þá gefa þessir skattstofnar nú nokkru meiri tekjur en þeir gerðu þá, og einnig vegna ýmissa annarra ráðstafana ríkisstj. getum við nú sýnt talsverðan tekjuafgang hjá ríkissjóði, en þegar formaður Alþfl. var stjórnarformaður, var stórfelldur halli á ríkissjóði þrátt fyrir það, að hann lagði á þessa sömu skatta og þessi sömu gjöld.

Hv. þm. sagði, að óhætt hefði verið að áætla tekjurnar hærri. Það voru engin rök fyrir því, þegar það var gert. Hann gat ekki vitað, að það mundi verða stórfelld hækkun á innflutningsverði erlendra vara, og vissi ekki frekar en ég, að þá mundi verða mögulegt að slaka á höftunum, eins og gert var, og auka birgðainnflutninginn, þar sem ekki var búið að koma því í kring, þegar fjárl. voru samþ. Hvernig hefði farið, ef till. hans hefði verið fylgt um að auka svo gífurlega tekjuáætlunina eins og hann vildi? Þá hefðum við varla getað mætt þeim hækkuðu gjöldum, sem urðu af þeim sömu ástæðum og tekjurnar hafa aukizt, en þessu sleppti hv. þm., þegar hann reyndi að gera grein fyrir, að hann hefði haft rétt fyrir sér. — Enn fremur er auðséð, að ef farið hefði verið eftir till. hv. þm., þá hefði enginn afgangur orðið þrátt fyrir þau mikið auknu viðskipti og tolltekjur, sem nú hafa átt sér stað, og þá hefðum við ekkert getað greitt niður af lausaskuldum og verzlunarstefna sú hin nýja orðið óframkvæmanleg, því að það, sem hefur gert hana framkvæmanlega, er það, hvað við höfum þurft að leita minna til Landsbankans vegna hinnar góðu afkomu ríkissjóðs, sem ég hef skýrt.

Ég skal svo láta þetta nægja. Það hefði verið til of mikils mælzt, að stjórnarandstæðingar lýstu ánægju sinni yfir góðri afkomu ríkissjóðs. En þeir hafa gert það óbeint með ræðum sínum, og hef ég því ekkert undan undirtektum þeirra að kvarta.

Forseti (JPálm): Þá hefur hæstv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, lokið máli sínu, og verður þá þessari umr. frestað.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjvn. með 28 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 19. fundi í Sþ., 29. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér fyrir hönd fjvn. að óska eftir því, að þessu máli verði vísað að lokinni þessari umr. til 2. umr.

Forseti (JPálm): Áður en gengið er til atkv., þarf ég að fá afbrigði varðandi eldhúsdagsumr., sem samkvæmt þingsköpum eiga að fara fram í lok þessarar umr. En það varð samkomulag um það milli mín sem forseta og formanna þingfl., að eldhúsdagsumr. verði í vikunni frá 9. til 16. des., en nánar ákveðið síðar, og helzt þá í byrjun 3. umr. Fyrir þessum ákvörðunum vildi ég leita samþykktar á afbrigðum.

ATKVGR.

Afbrigði um að fresta útvarpsumr. leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.

Forseti (JPálm): Það er fyrirhugað, að 2. umr. hefjist á morgun, föstudag, og eru hv. þm. beðnir að skila brtt. sínum til skrifstofunnar ekki síðar en í kvöld, svo að þær geti legið fyrir á morgun.

Á 20. fundi í Sþ., 30. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 1, n. 290, 292 og 296, 291, 300, 306, 307, 308).

Afbrigði um brtt. 306, 307 og 308, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Þegar fjárlagafrv. fyrir árið 1952 var lagt fram, voru tekjurnar áætlaðar um 358 millj. kr., en gjöldin rúmlega 312 millj. kr. Rekstrarafgangur var því áætlaður rúmar 43 millj. kr. Á sjóðsyfirliti var gert ráð fyrir, að um 364 millj. kr. greiddust inn, en 360 millj. kr. út, svo að greiðslujöfnuðurinn yrði hagstæður um 4 millj. kr. Eru þetta um 60 millj. kr. hærri tekjur og gjöld en áætlað var á fjárl. yfirstandandi árs.

Fjvn. hefur nú haft frv. til umræðu um tveggja mánaða skeið, kynnt sér öll fylgiskjöl, sem frv. fylgdu, og rætt við fjölda þeirra manna í þjónustu ríkisins, sem fara þar með umboð þess í hinum ýmsu málum og hafa því á margan hátt bein og óbein áhrif á rekstrarkostnaðinn og fjárhagsafkomuna. Nefndin hefur talið sér þetta skylt af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi til þess á þennan hátt að kynna sér sem bezt allan rekstur ríkisins, eftir því sem unnt er á svo skömmum tíma, og í öðru lagi að leitast við að fá samstarf við umboðsmenn ríkisvaldsins um skynsamlegan og hagkvæman rekstur hinna ýmsu stofnana, en á því veltur mjög mikið um afkomu ríkissjóðs, hvernig tekst um slíkt samstarf á milli umboðsmannanna, fjárveitingavaldsins og ráðuneytanna. Væri nokkur möguleiki til þess að skapa slíkt samstarf á milli þessara aðila, mætti tvímælalaust bæta úr mörgum þeim misfellum, sem eru á rekstrarkerfinu og eigi verða lagaðar, nema slíkt samstarf komist á með fullum heimildum. En á þessu hefur orðið misbrestur og það í mjög stórum stíl.

Í ljós kom, að langflestir umboðsmenn ríkisvaldsins hafa litið á þessa afskiptasemi n. sem hreinan óþarfa, aðrir sem andúð eða árásir á stofnanirnar, en langfæstir sem embættisskyldu og knýjandi nauðsyn til þess með eðlilegu samstarfi að skapa sem drýgstan skilning á þörfunum annars vegar og möguleikunum til þess að mæta þeim hins vegar. Við þetta hefur svo bætzt hin ríka tilhneiging mannanna að gera samanburð á milli stofnananna og eigi síður milli starfsmannanna í hverri stofnun og nota hann síðan til hins ýtrasta sér og sínum málum til framdráttar án þess að gera sér það ljóst, hvaða áhrif þetta hefur á rekstrarkostnaðinn. Samnefnarinn fyrir svörum umboðsmannanna má segja að sé þessi: „Við þurfum meira fólk, meira fé og meira húsnæði til þess að geta rækt þau verkefni, sem okkur eru falin, svo að vel sé.“ N. hefur að sjálfsögðu enga möguleika til þess að tryggja það, að skoðanir hennar á hinum ýmsu atriðum í rekstri ríkisins verði ráðandi í framkvæmdum, því að jafnvel þótt henni tækist að fá þær viðurkenndar í þinginu með því að skerða framlög ofan í þær upphæðir, sem hún alveg réttilega teldi hæfilegar til þess að mæta útgjöldunum, ef rétt og viturlega væri á málunum haldið í framkvæmdinni, þá hefur það mjög sýnt sig, að þessi beiting fjárveitingavaldsins er máttlaus og megnar ekki að knýja fram þær umbætur, sem þörf er að koma á í ríkisrekstrinum.

Reynslan hefur sýnt, að þessi aðferð ein leiðir til meiri umframgreiðslna á fjárl. og því hærri aukafjárl., því meira sem henni er beitt. Jafnvel ráðuneytin fá hér engu um þokað. Árangurinn af þessu starfi n., sem hún þó árlega hefur lagt mikla vinnu í, er að því leyti neikvæður, að hann hefur engin áhrif að svo stöddu á afgreiðslu fjárl. Hins vegar hefur n. öðlazt við þetta margvíslegar upplýsingar um einstök atriði í rekstri ríkisins og fengið á þennan hátt glöggt yfirlit yfir kosti og galla á því kerfi, sem vér búum við, og mun nefndin áður en þessu þingi lýkur gera tilraun til þess að fá þessu breytt til batnaðar.

Mér hefur þótt rétt og skylt að gefa þessar upplýsingar hér við 2. umr., m. a. vegna þess, að það er meginástæðan fyrir því, að meiri hl. n. gerir engar tillögur til lækkunar á frv. í sambandi við rekstur ríkisins, að ekki hefur tekizt að koma á því samkomulagi, sem að framan greinir og þó er grundvallarskilyrði fyrir raunverulegri niðurfærslu kostnaðar í rekstrinum.

Eins og nál. meiri hl. ber með sér, hækka rekstrargjöld ríkisins á frv. um 9.8 millj., ef allar brtt. verða samþ., og verður þá áætlun rekstrarútgjaldanna alls um 324.5 millj. kr., auk þess sem lagt er til, að greiðslur skv. 20. gr. hækki um tæplega 1.6 millj. kr. Yrði á þennan hátt óhagstæður greiðslujöfnuður rúmlega 7 millj. kr. Í þessari áætlun er tekjubálkinum ekkert raskað frá því, sem áætlað var í upphafi. Þótti meiri hl. rétt að fresta þeirri athugun þar til síðar, að séð yrði, hvaða afgreiðslu frv. fær við þessa umræðu, og vitað er betur um afkomu ársins í lok þessa mánaðar. Hitt er nú þegar ljóst, að ekki verður komizt hjá því að hækka enn allverulega gjaldabálkinn, þar sem óafgreidd eru enn ýmis veigamikil atriði, svo sem sjúkrahúsmálin, raforkumálin o. fl., er sýnilega hljóta að verka til hækkunar, en ekki verða að fullu afgr. fyrr en við 3. umr. Þætti mér ekki ólíklegt, að útgjöldin hækkuðu enn af þessum ástæðum um nokkrar milljónir króna. Gæti því vel svo farið, að gjaldabálkurinn allur yrði um 380 millj. kr. og þyrfti því að hækka tekjuáætlunina um 16 millj. kr., til þess að unnt yrði að skila greiðsluhallalausum fjárl., en að því ber að sjálfsögðu að stefna. Er þetta raunverulega hin rétta mynd af fjárlagafrv., eftir því sem unnt er að áætla á þessu stigi málsins.

Eins og tekið er fram í nál. minni hl., þá bar hann fram á fyrstu fundum n. till. um það að fella þegar niður úr tekjuáætluninni, fyrst alla söluskattsupphæðina, 77 millj. kr., og síðar einhvern óákveðinn og óvissan hluta þeirra tekna. Þegar spurzt var fyrir um það, hvaða tekjuliðir væru hugsaðir í staðinn, taldi minni hl.,

að hægt væri að hækka aðra tekjuliði frv. um 26 millj. kr. En hins vegar benti hann jafnframt á, að lækka mætti kostnað á hinum ýmsu rekstrargreinum sem hér segir:

	Millj.
Á 10. gr. Stjórnarskrifstofur og utanríkismál	1.8
Á 11. gr. Dómsmál, löggæzla og opinbert eftirlit, skatta- og tollamál	2.4
Á 12. gr. Heilbrigðismál	6.0
Á 13. gr. Strandferðir	1.8
Á 14. gr. Menntamál	11.0
Á 16. gr. Landb., sjávarútv.	9.0

Alls að upphæð 32 millj. kr. Með þessu móti yrðu fjárl. afgreidd með 19 millj. kr. óhagstæðum greiðslujöfnuði, og væri það engin goðgá að ganga þannig frá fjárl.

Meiri hl. gat ekki fallizt á þessa till. Fyrir lækkunartill. minni hl. voru aldrei færð fram nein frambærileg rök, heldur aðeins fullyrt, að unnt væri að starfrækja viðkomandi stofnanir með því fé, sem eftir yrði, þótt upphæðirnar yrðu lækkaðar skv. till. Þegar vitað er, að minni hl. greiddi jafnan atkv. með flestum hækkunartill. og bar auk þess fram í n. fjölda af hækkunartill., sem voru felldar þar, en nú er sumar hverjar bornar fram hér og skipta tugum milljóna, þá þarf ekki að lýsa því, hvaða fádæma ábyrgðarleysi minni hl. sýndi í sambandi við afgreiðslu málanna í n. Í nefndinni var ekkert ósamkomulag á milli þeirra tveggja (HV og ÁS) um afgreiðslu mála, þótt þeir hafi ekki treyst sér til að skila sameiginlegu minnihlutanál. Verður þetta fyrirbæri ekki skýrt á annan hátt en þann, að almenningur megi ekki fá vitneskju um þann andlega skyldleik, sem bindur þessa tvo andstöðuflokka stj. svo innilega saman í öllum málum í nefndum, en þeir svo sverja fyrir hvor í sínu lagi, þegar málin eru til umræðu hér í þingsölunum. Þykir mér rétt, að þetta komi hér fram í umr., vegna þeirra yfirlýsinga, sem báðir þessir menn hafa gefið, hvor í sínu nál.

Það dylst engum, að þjóðin í heild er ekki ánægð með þann öra vöxt, sem árlega á sér stað í útgjöldum ríkisins. Þess bera ljósast vitni allar þær kröfur, sem bornar eru fram um afnám skatta og tolla og um samdrátt í ríkisrekstrinum. En þessi mál lagast því miður ekki fyrir eintómar ályktanir og kröfur, einkum þegar þeim eru samfara aðrar ályktanir og kröfur um að leysa aðkallandi þarfir, sem kosta mundu margfalt fleiri milljónatugi, ef mætt yrði, en hinar veittu í sparnaði, þótt framkvæmanlegar væru. En um þetta er ekki ávallt hugsað.

Það er ekki vandalaust að draga úr kostnaði við ríkisreksturinn eða jafnvel að stöðva frekari aukningu, þegar vitað er, að það er þjóðinni lífsnauðsynlegt í baráttu fyrir betri og öruggari lífskjörum, að ríkisvaldið styrki þá viðleitni innan viturlegra takmarka, eftir því sem afkoma ríkissjóðs og gjaldþol þegnanna megnar á hverjum tíma. Veltur ekki hvað minnst á því, að veitingavaldið hafi jafnan það sjónarmið að verja fé ríkissjóðs til lífrænna framkvæmda, þ. e. til þeirra hluta, sem gefa þjóðinni ný verðmæti og skapa henni nýjar auð- og orkulindir, en minna til hins, sem er einskis nýtt. Út af þessu þykir mér rétt að gefa hér nokkurt yfirlit í stórum dráttum yfir það, hvernig því fé er varið, sem meiri hl. n. leggur til að tekið verði upp á fjárl. næsta árs, svo og hvernig ríkissjóður aflar sér þess fjár, sem þarf til að mæta þeim útgjöldum.

Laun embættis- og starfsmanna ríkisins nema nú um 90—100 millj. kr. Er þetta langstærsti útgjaldaliðurinn í rekstri ríkisins. Launabreytingar, hvort heldur þær eru til hækkunar eða lækkunar, hafa því hvað mest áhrif á afkomu ríkissjóðs, og þá ekki síður hitt, hve mikil vinna er látin í té í hverju starfi um sig. Rekstrarútgjöld ríkissjóðs og þar með skattabyrðin á fólkinu í landinu eru því beinlínis háð því, hversu vel þeir menn, sem ríkisvaldið felur umboð í hinum ýmsu embættum, rækja þessi störf. Skal ekki farið nánar út í þau atriði, en aðeins bent á, að ýmsar upplýsingar, sem fyrir liggja hjá fjvn., sýna, að margir starfsmenn ríkisins eru þar á 60—90 þús. kr. launatekjum, þótt launalög ákveði þeim eigi meira en 30—50 þús. í árslaun. Er þessum uppbótum náð eftir ýmsum leiðum. Má að sjálfsögðu ætla, að vinnudagur þessara manna sé langur, þótt ekki sé vitað, að nauðsynlegt sé enn að setja vökulög sérstaklega þeirra vegna. Hitt er sanni nær, að stéttvísin hafi þróazt hér um of og að stéttarvaldið sé hér að verða ofveldi líkt og á mörgum öðrum sviðum í þjóðfélaginu. Verður ríkisvaldið eitt varla sakað um þessa þróun málanna. Einmitt þessi staðreynd á e. t. v. sinn ríka þátt í því, hversu almenningi finnst rétt og sjálfsagt að knýja á dyr hjá ríkissjóði og þykir í því enginn vansi að tryggja sér þaðan greiðslur oft fyrir of litla verðleika. Að öðru leyti skiptast gjöldin í stórum dráttum sem hér segir:

	Millj.	Millj.
1. Póstmálin	10.3	
2. Símamálin	36.9	
3. Áfengis- og tóbakseinkasölur	10.2	
4. Ríkisútvarp með undirdeildum	6.8	
5. Aðrar ríkisstofnanir á 3. gr.	10.4	
		74.6
6. Vextir		3.8
7. Stjórn landsins	0.4	
8. Alþingi	3.5	
		3.9
9. Ráðuneytin og hagstofan	5.9	
10. Utanríkisþjónustan	4.9	
		10.8

		Millj.	Millj.
11.	Dómgæzla og lögreglustjórn	21.7	
12.	Opinbert eftirlit	3.6	
13.	Kostnaður við skatta og tolla	8.5	
14.	Sameiginlegur kostnaður	2.3	
			36.1
15.	Heilbrigðismálin		24.5
16.	Vega- og brúargerðir	33.7	
17.	Samgöngur á sjó	4.5	
18.	Ferðaskrifstofan	0.7	
19.	Vita- og hafnarmál	10.4	
20.	Flugmál	10.0	
			59.3
21.	Kirkjumál	5.5	
22.	Kennslumál	50.5	
			56.0
23.	Bókmenntir, listir og vísindi	4.0	
24.	Vísindarannsóknir	3.8	
25.	Veðurstofa	1.7	
26.	Húsameistari, landmælingar, tæknileg aðstoð o. fl.	1.0	
			10.5
27.	Landbúnaðarmál	41.1	
	Þar af til sauðfjársjúkdómavarna 15.9 millj.		
28.	Sjávarútvegsmál	5.0	
29.	Iðnaðarmál	1.2	
30.	Raforka og jarðboranir	13.1	
			60.4
31.	Almannatryggingar		32.5
32.	Önnur félagsmál		8.0
33.	Eftirlaun		10.4
34.	Dýrtíðarráðstafanir		26.5
	Alls millj. kr.		412.3

Að viðbættu þessu er svo varið til eignaaukningar á 20. gr. 46.3 millj. Alls nema þessar upphæðir 458.6 millj. kr.

Til að mæta þessum gjöldum áætlar frv. tekjur sem hér segir:

		Millj.	Millj.
1.	Vaxtatekjur		1.9
2.	Af tekju- og eignarskatti	42.5	
3.	Af innflutningsgjöldum og söluskatti	209.5	
4.	Af bifreiðaskatti, lestagjöldum og fasteignaskatti	3.9	
5.	Af ýmsum öðrum fastagjöldum skv. 2. gr.	14.9	
			270.8
6.	Pósttekjur	9.7	
7.	Símatekjur	35.5	
8.	Áfengis- og tóbaksverzlun	89.1	
9.	Ríkisútvarp með deildum	7.3	
10.	Aðrar ríkisstofnanir skv. 3. gr.	10.6	
			152.2
11.	Af opinberu eftirliti	2.0	
12.	Endurgreiddur skattur og innheimtukostnaður	1.3	
			3.3
13.	Frá ferðaskrifstofunni	0.7	
14.	Frá flugmálunum	6.4	
			7.1
15.	Af rannsóknum og vísindum á 15. gr. B.	1.0	
16.	Af raforku og jarðborun	7.4	
			8.4
	Alls millj. kr.		443.7

Gefur þetta yfirlit allskýra mynd af því, hvernig ríkissjóður ver fé sínu og hvernig hann aflar sér teknanna.

Skal þá gerð nokkur grein fyrir þeim breytingum, sem meiri hl. leggur til að gerðar verði á frv.

Við 3. gr., póstsjóður, er lagt til að lækka áætlaðar tekjur um rúmlega 592 þús., en hækka

hins vegar gjöldin um tæpar 8 þús. kr. Nefndin hefur árlega óskað þess að mega áætla nægilegar tekjur á móti gjöldum í þessari stofnun, svo að ríkissjóður þyrfti ekki sérstaklega að leggja henni til fé. Nú þykir þetta ekki gerlegt. Burðargjöld á milli landa eru þegar komin í hámark samkvæmt samningum. Þau verða því ekki hækkuð. Hins vegar er heldur ekki hægt að hækka burðargjöld innanlands ótakmarkað. Gert er þó ráð fyrir 25 aura hækkun á bréf innanlands, sem þó ekki er talið nægilegt til að áætla tekjur jafnháar gjöldum. Er því rekstrarhalli á póstsjóði áætlaður 600 þús. kr. Nefndin lítur þó svo á, að að því beri að stefna, að þessi stofnun geti sjálf staðið undir útgjöldum, svo að eigi þurfi að veita henni sérstakan styrk úr ríkissjóði.

Tekjur landssímans eru áætlaðar 950 þús. kr. hærri en á frv. Verður að hækka allverulega gjaldskrá landssímans til þess að ná þessari tekjuupphæð. Hækkunin getur þó ekki að fullu tekið gildi fyrr en á síðari helmingi næsta árs. Jafnframt er lagt til að hækka rekstrargjöld landssímans um tæpa 1.5 millj. Er þá gert ráð fyrir um 3.3 millj. kr. rekstrarafgangi á árinu. — Þá er enn fremur lagt til, að framlög til eignaaukningar séu hækkuð um 480 þús. kr. Er stærsti liðurinn hækkun á framlagi til notendasíma í sveitum, 200 þús. kr. Telur nefndin, að eigi megi draga úr þessum framkvæmdum, heldur beri að hraða þeim svo sem frekast er unnt. Vantar þá landssímann um 1.5 millj. kr. til þess að standa að fullu undir eignaaukningunni á því ári.

Lagt er til, að nokkrar breyt. séu gerðar til hækkunar á 11. gr. Er hér um að ræða fjölgun manna við dómgæzlu og lögreglustjórn vegna aukinna verkefna í einstökum embættum, og auk þess kaupverð tveggja nýrra bifreiða, 100 þús. kr., í sambandi við lögreglu á Keflavíkurflugvelli. Vísast að öðru leyti til nál. um þessi atriði.

Eins og tekið er fram í nál., telur n., að ræða þurfi nánar framlag til sjúkrahúsa fram yfir það, sem lagt er til í frv. Hér er um svo mikla nauðsyn að ræða, að sú upphæð, sem nú er í frv., getur engan veginn bætt úr þeim málum, svo að vel sé, auk þess sem ekkert fé er ætlað til byggingar hjúkrunarkvennaskólans, og er sú bygging þó einna mest aðkallandi sem liður í heilsugæzlunni almennt.

N. hefur lagt til að hækka framlög til vega um 900 þús. kr. og til brúa um tæp 800 þús. Nauðsyn á framkvæmdum í vega- og brúamálum er svo aðkallandi í sambandi við breytta atvinnuhætti, að ekki verður komizt hjá því að halda þessum framkvæmdum áfram á líkan hátt og verið hefur. Aðrar breyt., sem lagt er til að gerðar verði á 13. gr. A., eru frekast til samræmis á því, sem áður hefur verið í fjárlögum.

N. gerir engar till. til breyt. á framlagi til strandferða við þessa umr. Er þetta atriði til athugunar fyrir 3. umr.

N. leggur til, að framlög til hafnarbóta verði hækkuð um 825 þús. Gildir sama um þessar framkvæmdir og vegaframkvæmdirnar, að ekki þykir gerlegt að áætla þessa upphæð lægri, miðað við þær þarfir, sem fyrir eru. Í því sambandi þykir rétt að taka það fram, að ríkissjóður á nú ógreidd áfallin framlög til hafnarframkvæmda, rúmlega 5 millj. kr., eða hærri upphæð en lagt er til að tekin sé inn á fjárl. Er það hafnarsjóðunum mikill skaði, að ekki skuli vera unnt að greiða þessar upphæðir að fullu nú þegar.

Eins og fram er tekið í nál., urðu allmiklar umræður um áætlaðar tekjur af flugsamgöngum, þótt niðurstaðan yrði sú, að engar brtt. séu gerðar um hækkun á þeim lið, en þess er þó að vænta, að tekjurnar verði allverulega hærri en þær eru áætlaðar á frv. Og með því að það er frumskilyrði fyrir vaxandi tekjum af flugsamgöngum, að allt sé gert sem unnt er til þess að halda við flugvöllum, bæta þá og búa til nýja, þar sem þeirra er þörf, væntir n. þess, að þær tekjur, sem umfram kunna að verða á næsta ári, frá því, sem áætlað er, verði notaðar til að endurbæta flugvelli og öryggi allt í sambandi við flugsamgöngur.

Um breyt., sem lagt er til að gerðar séu á 14. og 15. gr., get ég að langmestu leyti vísað til þess, sem fram er tekið í nál. Þó skal ég leyfa mér að taka eftirfarandi fram um 100 þús. kr. framlag til Laugarvatnsskólans: Samkvæmt lögum skal stofna menntaskóla í sveit, þegar fé er veitt til þess í fjárl. Undanfarin ár hefur farið fram á Laugarvatni kennsla undir stúdentspróf, og er henni haldið þar áfram með samþykki rn., þótt skólinn hafi enn ekki verið gerður að menntaskóla. Upplýst hefur verið, að kostnaðurinn við nám þar sé að miklum mun lægri en bæði á Akureyri og í Reykjavík, og vitað er, að það væri nemendum, sem þar læra, þungur baggi að hverfa þaðan í aðra skóla til lokanáms sem stúdentar. Enn fremur er upplýst, að mjög miklir erfiðleikar séu á því, að þessir nemendur geti fengið að ganga undir stúdentspróf við menntaskólann í Reykjavík, af hverju sem það stafar. Öll sanngirni mælir því með því, að þessi upphæð sé veitt til skólans.

Ég get einnig vísað að mestu til þess, sem fram er tekið í nál. um breyt., sem lagt er til að gerðar séu á 16. gr., en vil þó taka eftirfarandi fram:

Hækkun til sauðfjársjúkdómavarna er gerð í því trausti, að ekkert sé látið ógert til þess að hefta útbreiðslu veikinnar á ný, hvort heldur um er að ræða nýjar girðingar, aukna vörzlu eða niðurskurð í þeim héruðum, sem veikin hefur komið upp í. Það tjón, sem bændur og ríkissjóður sameiginlega hafa haft af þessum voða, er svo gífurlegt, að allt verður að gera, sem unnt er, til að útrýma veikinni og ala upp á ný sterka og ósýkta fjárstofna í landinu. Á því veltur bókstaflega framtíð landbúnaðarins í þessu landi, að þetta megi takast. Jafnframt er nauðsynlegt, að bændum sé gert það ljóst, að sérhvert frávik af þeirra hálfu frá ströngu eftirliti, á meðan verið er að útrýma veikinni, getur valdið því, að öllum þeim milljónum, sem fjárskiptin hafa kostað, sé á glæ kastað. Þess vegna er það frumskilyrði, að sá árangur náist, sem að er stefnt, að þess sé gætt til hins ýtrasta að vera jafnan vel á verði um þessi mál, einnig í

hinum smæstu atriðum, sem vel geta eyðilagt alla tilraunina, ef einnig þar er ekki gætt fyllstu varúðar.

Ráðuneytið hafði óskað eftir því, að framlag til brennisteinsrannsókna yrði ákveðið 1 millj. kr. Hér er um að ræða mjög athyglisverða tilraun til þess að framleiða örugga og verðmæta vöru til útflutnings. En með því að allverulegt framlag er ætlað auk þessa til borunarframkvæmda, leit n. svo á, að rétt væri að láta þær framkvæmdir vikja að einhverju leyti fyrir þessari rannsókn, sem þykir svo mikils virði, og þyrfti hún því ekki að stöðvast, þótt öll upphæðin yrði ekki áætluð á næsta árs fjárlögum.

Þá skal einnig tekið fram, að ætlazt er til þess, að þær 150 þús. kr., sem lagt er til að varið sé til rannsóknar á kolalögum á Skarðsströnd, verði allar notaðar til frekari rannsóknar, en ekki til að greiða kostnað, sem orðið hefur í sambandi við rannsóknir kolalaganna að undanförnu.

Ég get að mestu vísað til nál. um þær breyt., sem lagt er til að gerðar verði á 17. gr. Vil ég þó taka fram, að framlag til Tryggingastofnunar ríkisins er að sjálfsögðu háð þeim breyt., sem kynnu að verða gerðar á lögunum á þessu þingi.

N. hefur lagt til, að tekinn verði upp nýr liður, 150 þús. kr., til dvalarheimilis fyrir afvegaleidd börn og unglinga. Ber ríkissjóði skv. lögum að leggja fram fé til að koma upp slíkum heimilum og reka þau. Er hér um svo aðkallandi mál að ræða, að því verður ekki slegið á frest. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur hefur athugað ýmsa staði á landinu, sem til greina gætu komið, og væri eðlilegast, að farið yrði um staðarval eftir tillögum hennar. — N. leggur einnig til, að teknar séu upp á 20. gr. 150 þús. kr. vegna byggingar sama hælis. Hafði hún fengið uppdrætti og áætlanir yfir 3 hæli, sem fyrirhuguð eru í þessu skyni og kosta um 6 millj. kr. Eftir að hafa rætt við barnaverndarnefndina er ljóst, að úr þessum málum má bæta allverulega nú þegar með mjög miklu smærri upphæðum, ef málunum er haganlega fyrir komið.

Aðrar hækkanir á 20. gr., sem mér þykir rétt að minnast á, eru: 500 þús. kr. til viðbótarbyggingar við ríkisspítalana. Er ætlazt til þess samkv. ósk ráðh. og landlæknis, að þessi upphæð verði notuð til að koma upp þvottahúsi spítalanna, þar sem það að dómi landlæknis er mest aðkallandi. N. getur að sjálfsögðu ekki lagt á það neinn dóm og telur því, að hér verði að fara eftir tillögum þeirra, sem þessum málum eru kunnugastir og þeim stjórna, nema annað reynist réttara. Hitt þykir skylt að upplýsa, að mér hafa borizt þau álit frá öðrum aðilum, sem einnig þykjast bærir að tala um þessi mál, að sama takmarki megi ná með því að stækka núverandi þvottahús landsspítalans, sem mundi kosta miklu minna fé og hefði auk þess þann kost í för með sér, að nota má þar heita vatnið frá hitaveitunni, en þetta verður ekki hægt í hinu nýja fyrirhugaða þvottahúsi. Er þetta aðeins sagt til ábendingar án þess að leggja nokkurn dóm á málið. En ráð er gert fyrir því, að þetta verði athugað fyllilega, áður en endanlegar ákvarðanir eru teknar.

Hækkun á framlagi til byggingar á prestssetrum er í samráði við ráðh. gert til þess að koma upp prestsbústað í Sauðlauksdal á næsta ári. Prestssetrið er svo að segja húsalaust, bæði fyrir menn og skepnur, og verður ekki unnt að halda þar presti né hafa jörðina í ábúð, nema úr verði bætt.

Ég sé ekki ástæðu til þess að gera sérstaka grein fyrir öðrum brtt. Þær skýra sig sjálfar, auk þess sem gerð er grein fyrir þeim í nál.

Ég vil þó að síðustu gefa hér yfirlit yfir, hvernig fjárl. koma til með að líta út, ef allar tillögur meiri hl. verða samþykktar:

Hækkun gjalda alls	9837130.00
÷ lækkun gjalda	51047.00
Raunveruleg gjaldahækkun	9786083.00

Lækkunin er laun próf. Sigurðar Nordals, sem nú hefur tekið við sendiherraembætti í Danmörku, og með því að honum voru greidd þessi laun án kennsluskyldu, er rétt að fella þetta niður, enda er samkomulag um það við ráðuneytið.

Hækkun alls á eignagrein er lagt til að verði kr. 1580000.00.

Rekstraryfirlitið lítur þá þannig út:

Tekjur alls	357918192.00
Gjöld alls	324363559.00
Rekstrarhagnaður alls	33554633.00

Sjóðsyfirlitið yrði þá sem hér segir:

Útborganir	371139634.00
Innborganir	363868192.00
Óhagstæður greiðslujöfn.	7271442.00

Ég vil að síðustu geta þess, að fyrir öllum brtt. er meiri hl. í n. Leyfi ég mér að síðustu að óska þess, að frv. að lokinni þessari umræðu verði vísað til 3. umr.

Frsm. 1. minni hl. (Ásmundur Sigurðsson): Það var fremur hógvær framsaga frsm. meiri hl. n. fyrir þessum till. og mun eiga að skiljast svo, að þær eigi að samþ. athugasemda- og umræðulaust. Ég get ekki fallizt á það. Hv. frsm. hefur stundum talað lengur, þegar sízt var meiri ástæða til að koma með gagnrýni en er nú. Ég veit, að það muna allir hv. þm., að tveir stjórnmálaflokkar hafa keppzt við það undanfarið að eigna sér þá stefnu, sem fylgt hefur verið í atvinnumálum. Fyrir nokkrum dögum sló aðalfundur Sjálfstfl. því föstu, að það væri sá flokkur, sem hefði markað þessa stefnu og bæri ábyrgð á henni að öllu leyti. Nokkru áður var það í útvarpsumræðum, að hæstv. fjmrh. sló föstu, að Framsfl. væri að þakka sú mikla og góða stefnubreyt. í fjármálum ríkisins, sem náðst hefði a. m. k. síðan hann skipaði það sæti. Rétt er að athuga í sambandi við afgreiðslu þessa frv., hvert þessi stefna, sem flokkarnir keppast við að eigna sér, er að leiða atvinnulífið í heild, vegna þess að fjárlfrv. sýnir þetta greinilega, eins og meiri hl. n. hefur afgr. það. Skal þá bera saman fjárlfrv. eins og það var afgr.

s. l. ár við fjárlfrv., sem nú liggur fyrir. Tekjur voru áætlaðar í fyrra 363.8 millj. kr., en gjöld 359.7 millj. og greiðslujöfnuður því hagstæður um rúmar 4 millj. Nú er samkv. áliti og till. meiri hl. fjvn., sem ég skal játa að ég er sammála í mörgu, en ekki öllu, orðin hækkun um 9.7 millj., og verður, eins og hv. frsm. meiri hl. gat um, rúmlega 7 millj. óhagstæður greiðslujöfnuður. Hann minntist einnig réttilega á, að í frv. vantaði vissa liði, eins og framlag til sjúkrahúsa, sem samþ. var í n., en dregið til baka að tilhlutun ríkisstj., þ. e. a. s. til 3. umr. Ég tel það mál samt sem áður útkljáð í n. Ég er því sammála, að miklar líkur eru til, að þegar frv. verður skilað sem l., verði gjaldaliðirnir komnir upp í 380 milljónir. En þá sjáum við, að þetta frv. verður 80 millj. kr. hærra en á síðasta ári. Er þetta nokkuð mikið stökk á einu ári. Er þess vegna mjög athugandi, hvort ekki sé hægt að gera tilraun til að laga þetta. Verði jafnmikið stökk á næsta ári, býst ég við, að ýmsum aðilum kunni að verða ærið þröngt fyrir dyrum í sínum eigin fjármálum.

Hv. formaður n. og frsm. eyddi töluverðum kafla af sinni ræðu í að tala um ábyrgðarleysi minni hl. í sambandi við till. á fundum n., og kem ég betur að því síðar. — Þegar maður lítur yfir tekjubálk þessa frv., sér maður fljótlega, að þær skiptast þannig: Skattar og tollar eru áætlaðir 270 millj. 850 þús. kr. Um aðra tekjuliði, sem áætlaðir eru, er það að segja, að tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar 83 millj. 623 þús. og aðrar tekjur áætlaðar 9 millj. Aðalliðir tekna af ríkisstofnunum eru tekjur af áfengis- og tóbakssölu. En skattar og tollar eru 271 millj. kr. hér um bil. Þeir skiptast aftur á móti þannig, að ef maður dregur frá beina skatta, tekju- og eignarskatt, tekjuskattsviðauka, stríðsgróðaskatt og fasteignaskatt, þá eru þeir þó ekki nema 43 millj. rúmlega. En óbeinir skattar og tollar nema 228 millj. 650 þús. kr. Til þess að skýra þetta enn þá betur skal ég greina þetta sundur þannig að taka út úr 5 aðalliði, hina óbeinu skatta, sem eru vörutollur og verðtollur, innflutningsgjald af benzíni, gjald af innlendum tollvörum og söluskattur. Þeir liggja beint í vöruverðinu, að vísu nokkuð misjafnt eftir því, hvaða vörur eru, en þó háir á mörgum neyzluvörum. En söluskatturinn er á hverri einustu vöru, og hann er stærsti liðurinn af þessum fimm. Vörumagnstollur er áætlaður 22.5 millj., verðtollur 93 millj., innflutningsgjald 9.5 millj., gjald af innlendum tollvörum 7.5 millj., söluskattur 77 millj., samtals 209.5 millj. Þessir tollar og skattar, sem liggja beint í vöruverðinu í landinu, eiga stóran þátt í því háa verðlagi, sem almenningur á að búa við, sem sagt í því fyrirbrigði, sem kallað er dýrtíð og verðbólga, en þeim orðum hefur verið reynt að útrýma úr ræðum og blöðum og öðrum málgögnum stjórnarflokkanna nú um nokkurt skeið.

Ef maður athugar nákvæmar, hvernig þessir tekjustofnar koma á einstaklinga, er gott að líta á verðtollinn, 93 millj. Ég skal viðurkenna, að hann kemur ekki jafnt á einstaklinga, en mjög mikið á alla. Aðallega kemur hann misjafnt að því leyti, að þeir, sem hafa efni á að kaupa meira af því, sem lúxusvörur heita, borga eitthvað meira en hinir. En heildarlega séð er niðurstaða verðtollsins þannig, að hann einn út af fyrir sig er 650 kr. á hvern einstakling í landinu eða 3250 kr. á hverja fimm manna fjölskyldu. Ofan á þetta bætist verzlunarálagning, hve mikil veit ég ekki, en áreiðanlega ekki svo lítil upphæð. Söluskatturinn einn er 77 millj., og allir vita, að hann er lagður á hverja einustu vöru, hverja einustu þjónustu og kemur oft á sumar vörur. Á ýmsan innlendan iðnað kemur hann allt upp að 6 sinnum. Það er líka upplýst, að hann hefur aukið dýrtíðina um 11—12% og vísitöluna um 5—6 stig. Þessi skattur einn nemur að meðaltali 540 kr. á hvern einstakling eða 2700 kr. á fimm manna fjölskyldu. Og svo harkalega er gengið að því að innheimta þennan skatt, að iðnfyrirtækum hefur verið lokað, ef hann er ekki greiddur á tiltekinni klukkustund. Hefur ekki verið gengið eins harkalega að því að innheimta nokkurn skatt, — líklega vegna þess, að hann er sérstaklega búinn til til þess að auka verðbólguna í landinu. Ef maður tekur alla óbeina skatta, sem eru 228 millj., verða þeir um 600 kr. á hvern einstakling og 8 þús. kr. á hverja fimm manna fjölskyldu. Fyrir nokkrum árum var hér staddur merkur gestur erlendis frá, fjármálaráðherra Dana. Þegar hann var kominn heim til sín, birti eitt danskt blað, Socialdemokraten, frétt um það, hvað honum hefði þótt merkilegast á Íslandi, en það var það, hvað mikils hluta ríkisteknanna væri aflað hér með óbeinum sköttum, tollum og söluskatti. Hve mikið álag er svo á þessar 1600 kr., sem lenda á hvern einstakling, eða 8 þús. kr., sem lenda á hverja 5 manna fjölskyldu, get ég ekki sagt um með vissu, en nokkuð er víst, að það er allverulegt, og það er því engin furða, þótt nú sé svo komið, að mikil þröng er fyrir dyrum með fjárhag hjá fjölda af einstaklingum. En miðað við það ástand, sem verið hefur í þessum málum og fyrirhugað er að halda, vil ég leyfa mér að halda því fram, eins og ég gerði í fjvn., að ýmsir tekjuliðir í þessu fjárlagafrv. séu of lágt áætlaðir, og mun ég betur koma að því síðar.

Þá vil ég næst koma að því, á hvern hátt sú þróun hefur orðið að skapa þessa gífurlegu skattaáþján á þjóðinni, samtímis því sem vöruverð hefur verið hækkað stórkostlega með öðrum leiðum. Það var mikið talað um það af stuðningsmönnum núverandi stj. og beitt sem stóru máli við síðustu alþingiskosningar, að nú yrði að vinda bráðan bug að því að hverfa frá þeirri stefnu, sem farin hafði verið með því að verja nokkrum millj. kr. á ári til að greiða útflutningsbætur á fisk, en þessi háttur var hafður á í 3 ár, og þessar greiðslur námu á þeim árum samtals rúmum 50 millj. kr. Það var eitt stærsta mál stjórnarflokkanna við síðustu kosningar, að nú yrði að afnema þessar greiðslur; að þessu markmiði yrði að keppa, og því þótti sjálfsagt að fella gengið, því að það mundi leysa vandann. Þeir sem sagt felldu gengið til þess að afnema þessar ægilegu greiðslur úr fjárlögum ríkisins. En þá var þegar búið að búa til söluskattinn, og þeir, sem vilja kynna sér þskj.

og ræður, sem fylgdu fæðingu þessa skatts, geta séð, að söluskatturinn var búinn til í þeim tilgangi að standa undir greiðslum vegna fiskábyrgðarinnar. Hver mundi því hafa orðið eðlileg afleiðing af því, er gengið var fellt um 74% til þess að geta losnað við þessa ábyrgð, sem söluskatturinn átti að standa undir? Jú, flestir ætluðu, að nú mundi þessi skattur verða felldur niður, nú þyrfti ekki lengur á honum að halda. En það fór á annan veg. Í stað þess að leggja hann niður var hann lagður á margfaldur á við það, sem hann var í upphafi, og þetta gerðist þrátt fyrir gengisfellinguna. Það mætti þó sannarlega ætla, að hagur ríkissjóðs hefði orðið betri en áður, þótt þessi skattur hefði verið lagður niður. Söluskatturinn var áætlaður árið fyrir gengisfellinguna 36 millj. kr., en gengisfellingarárið var hann síðan hækkaður upp í 47 millj. kr., jafnframt því að gengið var fellt um 74% í þeim tilgangi að losa ríkið við þau útgjöld, sem söluskatturinn átti að mæta. Þá var hann hækkaður um 11 millj. kr. eða um ¼ til þess að greiða hækkuð útgjöld vegna gengisfellingarinnar. Þannig varð útkoman nákvæmlega öfug við það, sem til var ætlazt. Nú átti gengislækkunin að vera framtíðarlausn í þessum málum, og var það æ ofan í æ fullyrt af stjórnarflokkunum. En aðeins einu ári síðar kom í ljós, að hún var það þó ekki, og þá var tekið til enn nýrra ráða, bátagjaldeyrisins svonefnda, án þess einu sinni að leita ráða Alþ., og þetta nýja úrræði hafði í för með sér gífurlega verðhækkun í landinu, en samt var ekki hægt að lækka söluskattinn, því að á þessu ári var hann áætlaður 55 millj. kr., eða um 8 millj. kr. hærri en 1949, líklega vegna þess, að nú var búið að búa til tvö úrræði, sem áttu að anna því hlutverki, sem söluskatturinn skyldi upphaflega gegna. En sagan er ekki öll sögð með þessu. Um síðustu mánaðamót var búið að innheimta í söluskatt á þessu ári hvorki meira né minna en 67 millj. kr., svo að það er sýnt, að hann verður ekki minni en 90—100 millj. kr. á þessu ári, enda reiknar hv. frsm. meiri hl. fjvn. með því, að tekjur ríkisins umfram áætlun verði um 150 millj. kr. á þessu ári. Þá lítur dæmið þannig út, að árið 1951 þarf að innheimta í söluskatt allt að helmingi hærri upphæð en fiskábyrgðin nam í öll þrjú árin, sem hún var greidd, og 1952 er söluskattur áætlaður fyllilega þriðjungi hærri upphæð en fiskábyrgðin samtals á þessum árum. Ofan á þetta allt bætist svo sívaxandi dýrtíð, og ef þessar aðgerðir hæstv. ríkisstj. eru ekki meistaraleg uppfinning til að skapa verðbólgu í landinu, veit ég ekki, hvað segja má um þær. Ef þarna hefði verið um þjóðþrifastarf að ræða, má segja, að sá, sem fundið hefði upp þessar leiðir, væri stórlega verðlauna verður, svo meistaralegar voru þær uppfinningar. Því miður er þó ekki um neitt slíkt starf að ræða, því að verðbólgan er eitt hið alvarlegasta, sem þjakar efnahagskerfi okkar nú. En aðgerðir ríkisstj. hafa verið meistaralega uppfundið ráð til að auka verðbólguna í landinu.

Út frá þessu sjónarmiði var það, að ég taldi í þingbyrjun sjálfsagt, að fjvn. tæki til athugunar alla möguleika á að fella þennan skatt niður úr fjárl. næsta árs. Það hafði komið í ljós svo sterk andstaða gegn þessum skatti frá almenningi og kröfur um að fella hann niður, að það var tæplega hægt að standa á móti þeim kröfum lengur. Ég taldi því, að fjvn. ætti að taka þetta mál til rækilegrar athugunar strax og hún hæfi störf sín, og þess vegna bar ég fram á fyrsta fundi nefndarinnar till. þá, sem prentuð er á þskj. 292 og ég ætla að lesa hér upp, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Þar sem verðlag allra nauðsynjavara í landinu er nú orðið mjög hátt og vitað er, að tekjur þær, sem ríkið tekur í tollum og öðrum óbeinum sköttum, ásamt verzlunarálagningu þeirri, er þeim fylgir, eru verulegur hluti vöruverðsins, og þar sem þegar hefur verið létt af ríkissjóði þeim útgjöldum, er söluskattinum var ætlað að mæta, þá er hann var lagður á fyrst, telur n. rétt að láta innheimtu þessa skattstofns niður falla um næstu áramót, þegar lög um hann falla úr gildi, og ákveður að starfa að afgreiðslu frv. með tilliti til þess, að svo verði gert.

2. Til þess að lækka útgjöld ríkisins svo sem unnt er og mæta þannig þeirri lækkun á tekjuáætlun frv., er afnám söluskattsins veldur, vill n. marka þá stefnu, að rekstrarútgjöld í starfskerfi ríkisins og ríkisstofnunum verði eigi hærri en á síðustu fjárl., nema þar sem sérstakar ástæður kunna að vera fyrir hendi.“

Fulltrúi Alþfl. í n. lýsti sig samþykkan þessari till. minni.

Hv. frsm. meiri hl. ræddi í ræðu sinni áðan nokkuð um þessa till. og benti á nokkra liði í því sambandi, sem við höfðum talið, að líkur væru til að mætti lækka, svo sem útgjöld samkv. 10. gr. um 1.8 millj. kr., heilbrigðismál um 6 millj., menntamál um 11 millj. og til landbúnaðarins og sjávarútvegsins um 9 millj. Hann passaði sig vandlega með það að tína allar þær till. um lækkun út úr, sem hann hélt að mundu vera almenningi viðkvæmastar. Þegar till. mín var borin fram í n., taldi hv. þm. Borgf., að ekki væri hægt að taka till. til afgreiðslu, nema frá okkur stuðningsmönnum hennar lægju fyrir beinar og nákvæmar till. um niðurfærslu einstakra liða fjárl. Við áttum með öðrum orðum að hafa þegar tilbúnar rökstuddar niðurstöður og till., sem n. hefur ekki treyst sér til að útbúa á þeim tveim mánuðum, sem hún hefur verið að störfum. Ég hélt því fram, að það væri mögulegt að ná þessu marki, ef starfsemi n. frá byrjun væri miðuð við það, ef n. ynni ötullega og hefði samstarf bæði við ríkisstj. sjálfa og þá menn, sem stjórna ríkisstofnunum, en fulltrúar stjórnarflokkanna töldu því allt til foráttu, og m. a. talaði hv. form. n. um það, hvað forstjórar ríkisstofnananna væru óþjálir í samstarfi. En ég held, að það hafi aldrei verið reynt að semja við þá um lækkun ríkisútgjaldanna til einstakra stofnana á þeim grundvelli, að vöruverð og allt verðlag í landinu yrði lækkað um leið, en slíkt mundi að sjálfsögðu hafa í för með sér stórfelldan sparnað fyrir þessar stofnanir. Þetta er eitt af þeim atriðum, sem ég tel mjög mikilsvert, þegar rætt er um lækkun útgjaldanna. Hitt er svo alveg rétt, og ég skal ekki draga dul á

það hér, að ég hélt því fram, að það mætti líklega í öllum greinum fjárl. lækka útgjöldin nokkuð, en ég hélt því líka fram, að sumir tekjuliðir væru of lágt áætlaðir, m. ö. o., að ríkisstj. væri að halda áfram á þeirri braut, sem hún hefur verið á, að afgr. fjárl. þannig, að tekjuafgangur yrði stórkostlegur, sem ríkisstj. gæti svo varið eftir eigin geðþótta án þess að spyrja Alþ. um. Ég tel, að þessi þróun í fjármálunum eigi ekki að halda áfram. — Eftir að þjarkað hafði verið um till. á þrem fundum, var henni vísað frá með rökstuddri dagskrá, er form. n. flutti og hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar sem engar ákveðnar tillögur eru gerðar um niðurfærslu útgjalda á fjárlagafrv. á móti lækkun þeirra tekna, er niðurfelling söluskattsins hlyti að hafa í för með sér, og ekki hefur heldur verið bent á aðra tekjustofna til þess að vega upp á móti söluskattinum, en n. litur hins vegar svo á, að fjárl. beri að afgr. greiðsluhallalaus, þykir ekki tímabært að láta fara fram sérstaka afgreiðslu um þennan lið og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá."

Í þessari till. koma fram þær sömu mótbárur, sem áður höfðu heyrzt, að ekki væri hægt að ræða um niðurfellingu söluskattsins, nema fyrir lægju nákvæmar till. um það, hvaða liði skyldi lækka, að þennan lið ætti að lækka um eina millj. kr., annan um 500 þús. kr., þriðja um 10 þús. og svo þar fram eftir götunum. En meiri hl. n. vildi ekki sinna þeirri till. minni, að n. reyndi að gera frv. þannig úr garði, að þennan tekjumissi mætti vinna upp. Fulltrúi Alþfl. einn greiddi till. minni atkvæði, hinir allir sjö á móti.

Þá skal ég benda á fáein atriði til sönnunar því, að hægt hefði verið að fella söluskattinn niður. Ég skal sanna það með rökum í þessum umræðum. Í fyrsta lagi vil ég benda á, að ríkið hefði getað sparað sér veruleg útgjöld með því að lækka verðlag í landinu, svo sem hægt hefði verið með niðurfellingu söluskattsins, um 11—12% og vísitöluna um 5—6 stig. Ég minnist þess, að hæstv. fjmrh. hélt því fram í umræðum um söluskattinn, að þessi vísitölulækkun mundi ekki spara ríkinu nema tiltölulega fáar millj. kr. í launagreiðslum til opinberra starfsmanna. En ég vil benda á, að það er ekki síður í öðrum útgjaldaliðum við rekstur hinna ýmsu ríkisstofnana, sem sparast mundi verulega. Póst- og símamálastjóri hefur upplýst á fundi í fjvn., að hvert vísitölustig hækki útgjöld póstsins um 42 þús. kr. og 6 stig þá um 252 þús. Við símann hækka útgjöldin um 272 þús. kr. við hvert stig, og kostar því 6 stiga vísitöluhækkun þessar tvær stofnanir um 2 millj. kr. Samkv. upplýsingum forstjóra Skipaútgerðar ríkisins kostar hvert vísitölustig 150 þús. kr. fyrir skipaútgerðina og landhelgisgæzluna. Þar væri því hægt að spara 900 þús. kr. með því að lækka vísitöluna um 6 stig. Svona mætti halda áfram, og þegar maður lítur á einstakar greinar fjárl., sem margar hverjar hlaupa á tugum millj. króna, og vitað er, að allir þessir liðir eru meira og minna háðir verðlaginu í landinu, þá liggur það ljóst fyrir, að ríkið mundi geta sparað sér margfalt hærri upphæð við slíka lækkun verðlagsins en sagt er, að það sparaði sér í beinar greiðslur til fastráðinna embættismanna.

Í sambandi við þetta skal ég benda á fjárveitingar til landbúnaðarins, og ég vel landbúnaðinn sérstaklega vegna þess, að ég veit, að það mundi helzt verða ráðizt gegn mér persónulega fyrir þá afstöðu, en ég álít, að bændur mundu miklu betur komnir, ef söluskatturinn yrði felldur niður og hið almenna verðlag lækkað um 11—12%, jafnframt því að fjárveiting ríkisins til þeirra yrði dregin ögn saman. Bændastéttin borgar áreiðanlega miklu hærri upphæð í söluskatt en nemur þeim 8 millj. kr., sem hún á að fá í jarðræktarstyrk næsta ár samkvæmt fjárl. Það er t. d. álitið, að söluskatturinn á einni dráttarvél muni nema um 2000 krónum, og af kostnaði við að rækta einn hektara lands mun skatturinn nema nokkrum hundruðum króna. Ég tel líklaust, að landbúnaðurinn mundi standa betur að vígi, jafnvel þótt þessar 8 millj. væru felldar niður, jafnframt því að söluskatturinn yrði afnuminn. Landbúnaðurinn í heild mundi ekki standa verr að loknum slíkum aðgerðum, en það eru nokkrir einstaklingar, sem mundu ekki standa jafnvel að vígi. Það var sagt frá því í sumar í útvarpinu, að maður, sem fæst við sandgræðslu austur í Rangárvallasýslu, hefði fengið hæstan jarðræktarstyrk á þessu ári, eða 45 þús. kr. Hvað skyldi þurfa marga miðlungsbændur í Rangárvallasýslu, Árnessýslu, Strandasýslu, Húnaþingi og öðrum sýslum landsins til þess að fá samtals 45 þús. kr. af þessum 8 millj., sem eiga að ganga til jarðræktar? Ætli þeir yrðu ekki nokkuð margir? Og það er þarna atriði, sem vert er að minna á, um leið og bent er á möguleikann á því að lækka fjárveitingu til landbúnaðarins gegn afnámi söluskattsins, og ég er reiðubúinn til að standa fyrir þessu máli á hvaða bændafundi sem er. — Þannig hygg ég, að það mundi verða hið sama upp á teningnum við athugun á heilbrigðismálum, menntamálum eða hvaða fjárlagagrein sem væri.

Þá vil ég benda á það næst, sem hv. fulltrúi Alþfl. í fjvn. hefur einnig rakið nokkuð, að það er enginn efi á því, að hægt væri að draga úr útgjöldum ríkisins með auknum sparnaði í ríkiskerfinu. Ég tek það fram, að þessi leið er ekki upp fundin af mér. Það munu vera 3—4 ár síðan öll fjvn. varð sammála um að flytja till. í þessu efni. Flutti hún þá margar till., sem miðuðu að sparnaði í embættisrekstri ríkisins, en það muna væntanlega allir, hvaða útreið þær till. fengu. Þáverandi ríkisstj. undir forustu Stefáns Jóhanns batzt samtökum um að fella allar þær till. Ég hef ekki lagt mig niður við að leita uppi ræðu hv. form. fjvn., sem hann hélt við það tækifæri, en þar eru áreiðanlega fróðlegar glefsur, er mætti benda honum á núna, þegar hann telur till. í þessa átt fáránlegar. Ég tók upp á næsta þingi mikið af þessum till., en þær voru þá aftur felldar allar saman, og þá greiddi meiri hl. fjvn. atkvæði á móti þeim, þar sem hann taldi þýðingarlaust og ekki rétt að fara inn á þá braut. Ég er alveg sammála hv. form. fjvn. um það, að það er fullt af því í embættisrekstri ríkisins, að einstaki-

ingar hafi 60—90 þús. kr. tekjur, þar sem eðlileg laun mundu vera 30—40 þús. Ég veit þess dæmi, að forstjóri hefur laun við tvær ríkisstofnanir, 43 þús. kr. við aðra og 34 þús. við hina. Um þetta þarf ég ekki að fara mörgum orðum, því að þetta er svo augljóst, en meiri hl. n. vildi þó ekki sinna því að lagfæra þetta mál. Ef farið er í gegnum þau skjöl, sem hægt er að afla sér um þetta efni, er hægt að finna mörg slík dæmi um eyðslu í ríkisrekstrinum.

En í sambandi við þetta atriði vil ég benda á annað. Með fjárlagafrv. því, sem hér er til umr., eru gerðar allvíðtækar athugasemdir og tekið fram á bls. 72 varðandi stjórnarráðið svo hljóðandi: „Bætt er við einum fulltrúa í dómsmálaráðuneytinu vegna aukins starfa við framkvæmd hinnar nýju löggjafar um meðferð opinberra mála. Gert er ráð fyrir, að í fjármála- og félagsmálaráðun. og forsætis- og menntamálaráðuneytunum verði fjölgað um fulltrúa í hverju ráðuneyti fyrir sig, er vinni hálfan daginn.“ En líti maður síðar í þessar athugasemdir, þá kemur fram, að í þessum sömu rn. eru starfandi 36 manns, en samt sem áður þarf að bæta við fulltrúum, sem vinna aðeins hálfan daginn. Mér finnst þetta bera meiri svip af því, að það séu vissir menn, sem stjórnarflokkarnir þurfa að koma í starf, en að ómögulegt sé að leysa þessi störf af hendi án þeirra. Í sambandi við þetta vil ég benda á atriði, sem var deilumál á milli Framsóknarflokksins og Íhaldsflokksins fyrir meira en 20 árum. Það var meðan þjóðin átti engan Sjálfstæðisflokk, heldur bara Íhaldsflokk. Það var eftir kosningarnar árið 1927. Þá var eitt af því, sem Framsfl. vann á stórsigra gagnvart íhaldinu, að hann réðst á óhóflega eyðslu ríkisins. Og þá var skipuð ríkisgjaldan. Hún gaf út bók, þar sem sýnt var um hvern einasta mann, sem tók laun hjá ríkinu, hve mikið hann fengi, þó að hann hefði laun á fleiri en einum stað. Síðan ég kom í fjvn. hefur hún óskað eftir því — og form. hennar einnig áreiðanlega óskað eftir því að fá svona skýrslu um launagreiðslur ríkisins. Hann hefur margtekið það fram við hæstv. fjmrh., að n. óskaði eftir skýrslu, þar sem sjá mætti, hvað hver einasti maður tekur í laun hjá ríkinu, hvort sem það er á einum stað eða fleiri. Þetta hefur ekki fengizt enn. Þegar núverandi hæstv. fjmrh. tók við sínu starfi, lét hann gera þessa starfsmannaskrá, sem sýnir bara hverja stofnun fyrir sig og sýnir að vísu, hve margir menn starfa í hverri stofnun og hvaða laun þeir hafa. En ekkert sýnir hún um það, hvað hver maður tekur í öllum stofnununum. Nei, þessi starfsmannaskrá er eins og svolítil snuðtútta, sem stungið er upp í fjvn. Og mér sýnist, að meiri hluti hv. fjvn. ætli að láta sér þetta nægja, sennilega fyrir það, að hann telur þýðingarlaust að heimta meira, kannske líka fyrir það, að Framsfl. hefur ekki eins mikinn áhuga á að fletta þessu sundur nú fyrir alþjóð eins og 1927, þegar hann hafði verið í stjórnarandstöðu fyrir þann tíma. Og ég skal nefna eitt dæmi úr þeirri ágætu skrá. Einn ágætur starfsmaður ríkisins, sem ég ekki nefni, enda er hann nú látinn, hafði jafnhá laun og öll farkennarastétt landsins, en í henni voru 75 einstaklingar. Vitanlega var um ólík störf að ræða. Á þessari skrá vann Framsfl. ekki litla sigra. En honum er einhvern veginn ekki eins mikið áhugamál að sýna þessa hluti nú.

Annað atriði vil ég benda á í sambandi við, hvað sýnt er, að hlýtur að mega bæta í ríkiskerfinu, fyrir utan þann sparnað, sem mundi verða við að afnema söluskattinn. Það vita allir hv. þm., að ríkið hefur ekki húsnæði fyrir sínar stofnanir nema að litlu leyti. Í sambandi við það var upplýst í skjali, sem fjvn. fékk, að ein einasta ríkisstofnun borgi 250 þús. kr. í húsaleigu, ljós og hita og ræstingu yfir árið. Þetta er að vísu í stórri stofnun. En mér ofbauð þetta. Fyrr má nú rota en dauðrota. Að greiða ¼ úr millj. í húsaleigu fyrir eina stofnun í þessu efni. Er nokkurt vit í þessu? Er ekki betra að byggja yfir þessa stofnun? Ég sé ekki betur en að hér sé verið að féfletta ríkissjóð. Og mér sýnist það koma fram, að það sé greitt af ríkinu 12 kr. fyrir fermetrann á mánuði í vörugeymsluskúr. Þetta er atriði, sem ástæða er til að athuga. En þetta er atriði, sem ég gat ekki komið með brtt. um áður en n. tók til starfa.

Þrátt fyrir það að svona væri tekið undir till., eins og ég gat um, og þar með sýnt, að meiri hl. n. vildi ekki sinna því að leggja á nokkurn hátt til lækkun á nauðsynlegum liðum í ríkiskerfinu, þá fluttum við í félagi, hv. 6. landsk. þm. og ég, milli 30 og 40 brtt. til lækkunar á ýmsum liðum. Við fengum þau svör, að þetta væri gert út í bláinn, þessir liðir væru ekki hærri en í fyrra og þar fram eftir götunum. Og hver einasta þessara brtt. var felld í n. Ég held, að það sé rétt, að ekki einn einasti maður þessara 7 þm. í meiri hl. n. hafi í eitt einasta skipti greitt nokkurri þessara brtt. atkv.

En svo að ég nefni dæmi, þar sem mér virðist keyra alveg sérstaklega úr hófi, þá ætla ég að fletta upp í 10. gr. frv., þar sem hún fjallar um utanríkismál. Ekkert efast ég um það, að við þurfum að hafa utanríkisþjónustu og sjálfsagt er að fara á ráðstefnur og margt annað fleira. Við höfum líka 6 sendiráð og 2 aðalræðismannsskrifstofur, og hefur það sannarlega verið álit margra, að fækka mætti þessum sendiráðum, að minnsta kosti á Norðurlöndum. Það var lagt niður sendiráð í Moskva, en það þótti sjálfsagt að hafa þrjú sendiráð á Norðurlöndum. En sleppum því. Þegar 10. liðurinn í 10. gr. er athugaður, þá er það kostnaður vegna samninga við erlend ríki á vegum utanrrn. að upphæð 650 þús. kr. Nú efast ég ekkert um, að það þarf að eyða einhverju verulegu fé til samninga við erlend ríki. En ég efast samt sem áður um, að þessi áætlun þyrfti að vera svona há til þess að greiða fyrir samninga við erlend ríki fyrir utan það, sem sendiráðin gera. Kostnaðurinn við sendiráðin er gert ráð fyrir að verði þessi: Í Kaupmannahöfn 267000 kr., í Stokkhólmi 311900 kr., í London 658200 kr., í Washington 702800 kr., í París 741900 kr., í Osló 262600 kr., við aðalræðismannsskrifstofuna í Hamborg 229100 kr. og við aðalræðismannsskrifstofuna í New York 62 þús. kr., og ég bendi á, að það er sú eina af þessum stofnunum, sem ekki á að verða

hærri kostnaður við en á síðustu fjárl., líklega af því að hún var lægst fyrir. Auk þess hefur verið gert hér ráð fyrir 170 þús. kr. til ferðakostnaðar. Svo bætist við þessi kostnaður vegna samninga við erlend ríki 650 þús. kr. Það getur vel verið, að stjórnarflokkarnir séu þeirrar skoðunar, að það sé ekki hægt að spara nokkurn hlut á þessum upphæðum. Ég er sannfærður um, að það má spara verulega. Þá kemur hér 11. liðurinn, kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum á vegum utanrrn., 600 þús. kr. Hann er nærri jafnhár og kostnaðurinn vegna samninga við erlend ríki. Já, miklir menn erum við Hrólfur minn, stendur í einni af fornaldarsögum okkar, og þótti sú persóna, sem þau orð viðhafði forðum, vera fremur lítt dugandi í þeim stórræðum, sem þar var um að ræða. Það leynir sér ekki, að Íslendingar eru nú orðnir miklir menn. Við erum komnir í Atlantshafsbandalag og Evrópuráð og fleira og fleira, og nýlega er búið að gera nokkurs konar hernaðarsamning við Grikki og Tyrki, og ég fæ ekki betur skilið en að samningurinn sé þannig, að það ber hver þjóð ábyrgð á landamærum annarrar. Ef við eigum að bera ábyrgð á landamærum þessara þjóða, þá mun það vitanlega kosta talsverðan pening. Það hefur líka fljótt komið fram, að við erum búnir að gera þessa samninga, því að utanrrh. hefur verið á ráðstefnu um þessi mál í Róm. Það er ekki undarlegt, þó að þurfi peninga til þess að senda fulltrúa til Rómar til að sitja þar á rökstólum eins og hann hefur gert undanfarna daga. Það er eðlilegt, að það komi einhvers staðar fram, að við erum orðnir svo stórir menn að vera farnir að taka þátt í ráðstefnum um styrjaldarmálin í heiminum og ráðstefnum viðkomandi átökum milli stórveldanna. En það er alveg víst, að þessar 600 þús. kr. eru teknar úr vasa íslenzkra skattgreiðenda og íslenzks atvinnulífs. — En sagan er ekki öll sögð með þessu. Það virðist ekki nægja, sem áður nægði, að utanrrn. hefði á hendi þessa starfsemi í sambandi við þátttöku í alþjóðaráðstefnum, því að 14. liður gr. er þannig: Kostnaður við alþjóðaráðstefnur á vegum annarra en utanrrn. og annar utanfararkostnaður, 200 þús. kr. — Og þetta er alveg nýr liður. Það er ekki nema eðlilegt, að önnur hæstv. rn. vilji líka hafa hönd í bagga um þessi stórmál og þykist ekki ofhaldin, þótt þau fái einar litlar 200 þús. kr. til þess að vera þó einhver þátttakandi í þessari starfsemi, sem íslenzka þjóðin nú er þátttakandi í. En ætli það geti ekki farið í þessu efni eins og fyrir persónunni, sem þótti duglítil í þeim átökum, sem þar var um að ræða, og ég nefndi? Ætli það geti ekki verið, að við Íslendingar séum varla svo mikils metnir í alþjóðamálum í þessu efni, að það svari kostnaði að taka þessar 800 þús. kr. úr vasa íslenzkra skattgreiðenda, sem hér er gert ráð fyrir, til þess að borga þetta flakk. Ef íslenzka þjóðin lifir af þau átök, sem einhvern tíma kunna að verða í heiminum, þá gæti svo farið, að þeir, sem eftir okkur koma, kynnu vægast sagt að brosa góðlátlega að þessu brölti öllu saman. Og það er þó að minnsta kosti gaman fyrir þá, að það verður líka skjalfest, hverjir að þessum ráðstefnum standa og hverjir bera ábyrgð á þeim. — Háttur íslenzku alþýðunnar á undanförnum áratugum og öldum hefur verið að setja alvöru lífsins oft fram á kímilegan hátt, og hefur þjóðin á þann hátt reynt að létta byrði sína. Og íslenzka alþýðan er beinlínis farin að skapa sér þjóðsögur um þessi ferðalög.

Þá þykist ég hafa fært rök fyrir því, að hægt hefði verið að spara á ýmsum greinum frv., ef nokkur vilji hefði verið fyrir því hjá hv. fjvn. og ríkisstj. að marka þá stefnu strax frá byrjun og reyna að fella söluskattinn niður og ná saman endum frv., að minnsta kosti að mestu leyti, þó að það væri gert. Og það hefði mátt ná verulegum hluta þeirrar upphæðar með slíkum sparnaði. En ég tel, að það séu full rök fyrir því, að tekjuliðir frv. séu of lágt áætlaðir. Og ég bendi á, að þetta kom fram í n. seinna, hjá hv. meiri hl. n. Og það kemur beinlínis fram í áliti n. Þar er gert ráð fyrir, að eftir sé að athuga þessi mál við 3. umr., og þar með getur komið til mála að hækka þessa tekjuliði til þess að mæta þeirri hækkun, sem getur orðið á greiðsluliðum frv. í meðferðinni.

Þá vil ég segja örfá orð út af því, sem hv. frsm. meiri hl. fjvn. gat um, þegar hann talaði um sérstakt ábyrgðarleysi í sambandi við það, að ég benti á, að það væri engin goðgá, — ég komst þannig að orði, — að fjárl. væri skilað með einhverjum greiðsluhalla í ár. Ég benti á það, sem þá var orðið ljóst og er miklu betur ljóst nú, að það yrði margra milljónatuga afgangur hjá ríkissjóði á árinu, sem ríkisstj. hefur ekki nokkra heimild til að ráðstafa án vilja þingsins. Það er beinlínis brot á hennar skyldum, ef hún ráðstafar greiðsluafganginum án vilja þingsins. Og þar sem þetta er sannað, þá er það engin goðgá að ná því marki að létta byrðar þjóðarinnar um þessar 77 millj. kr., sem söluskatturinn nemur, með því að greiða það að einhverju leyti með greiðsluafgangi þessa árs. Og nú er búizt við, að þessi tekjuafgangur verði mun meiri en búizt var við, þegar við í byrjun þingsins vorum að ræða þetta í n.

En til þess að sýna enn betur fram á þetta ætla ég að minna ofur lítið á afgreiðslu síðustu fjárl., hvernig hún var gerð. Það muna allir hv. þm., að fjárl. voru á síðasta þingi afgreidd fyrir áramót. Þá voru í gildi verzlunarhöft, og þá fengum að minnsta kosti við stjórnarandstæðingar í n. ekkert að vita um, að aukinn yrði innflutningur svo stórkostlega sem gert hefur verið. Þess vegna áætlaði ég ekki á þeim tíma, að innflutningstekjur ríkisins gætu numið jafnmiklu og þær hafa gert. En mér þykir trúlegast, að stjórnarflokkarnir hafi haft hugmynd um þetta. Þar af leiðir, að það, sem við vorum að gera í fyrra, var það, að verið var vísvitandi að setja tekjuáætlunina á frv. of lága til þess að fá margra millj. kr. tekjuafgang nú. Það er sá tekjuafgangur, sem hér um ræðir og hefur verið tekinn úr vasa almennings og dreginn út úr atvinnulífinu.

Þá er bezt að gefa dálitlar upplýsingar um, hvernig afkoma yfirstandandi árs muni verða. Við fengum í fjvn. um það leyti, sem frv. var skilað, ákaflega mikla skýrslu, sem sýnir, hversu

mikið tekjur ríkissjóðs árið 1951 fara fram úr áætlun. Skýrslan er miðuð við síðustu mánaðamót. Þar er það gefið upp, að vörumagnstollur, sem áætlaður er 21 millj. kr., er innheimtur nú þegar á 20. millj. kr. Verðtollurinn er innheimtur um síðustu mánaðamót 92 millj. kr., og það er sýnilegt, að hann fer nokkuð á annað hundrað millj. kr. Í október nam verðtollurinn 13½ millj. kr. Þó að maður reiknaði ekki nema með hlutfallslega sömu upphæð, þá mundi verðtollurinn verða 27 millj. kr. í nóvember og desember og þannig alls 119 millj. kr. En það er full vissa fyrir því, að innflutningurinn er ævinlega mikill í nóvember og desember, og þess vegna mun verðtollurinn fara upp í 120 eða 130 millj. eða meira. Í stað þess var hann áætlaður 73 millj. kr. Kannske eykst hann um helming. Innflutningsgjald af benzíni er innheimt nú rúmlega eins og það er áætlað. Það, sem kann að koma af innflutningi þessum í nóvember og desember, fer því fram yfir áætlun. Söluskatturinn, sem er áætlaður 55 millj. kr., er þegar innheimtur 67 millj. kr. Og reikni maður með tilsvarandi upphæð í nóvember og desember, þá ætti hann að verða um 90 millj. kr. og nálgast kannske 100 millj. kr.

Þetta sýnir bara það, að hér hafa verið áætlaðar gífurlega lægri tekjur en þær verða. Og það er gert til þess að draga inn í ríkissjóð hluta af því fé, sem var í umferð hjá þjóðinni, því fé, sem var í umferð í atvinnulífinu. Ég hef ekki þorað að segja meira í mínu nál. en það, að umframtekjurnar mundu áreiðanlega verða 120 millj. kr. En bæði frsm. meiri hl. fjvn. og frsm. 2. minni hl. áætla þessa umframupphæð 150 millj. kr., og ég er sammála um, að miklar líkur séu til, að þær verði 120 millj. kr. (**Fjmrh.**: Býður nokkur betur?) Ég veit það ekki. Kannske hæstv. fjmrh.

Nú skal ég reikna dæmið lengra og gera ráð fyrir, að form. fjvn. hafi ekki skjátlazt. Svo skulum við hugsa okkur, að þegar var verið að afgr. síðustu fjárl., þá hefðu verið lagðar fram till. um afnám söluskattsins, sem verður um 90—100 millj. kr. Hefði hann ekki verið innheimtur og allt annað staðið við sama, þá hefðu samt sem áður orðið verulegar umframtekjur. Þetta hefði orðið vegna þess, að við það að sleppa söluskattinum hefði ríkissjóður sparað mikla upphæð í gjöldum, sem hefðu komið sem umframtekjur.

Nú efast ég ekki um, að margir munu ætla, að gjöldin hljóti að hafa farið mjög mikið fram úr áætlun og þetta hafi orðið til þess að éta upp umframtekjurnar. En svo er ekki. Gjöldin hafa farið tiltölulega lítið fram úr áætlun, það sem af er árinu, og þess vegna er það sýnilegt á þessum plöggum, sem ég er með, að rekstrarafgangur ríkissjóðs verður gífurlega mikill. Hér sést t. d. upphæð, sem væntanlega verður á fjáraukalögum, 1.3 millj. kr., en ég býst við, að þar við bætist tölur fyrir nóvember og desember. En gjöldin hafa samt sem áður verið áætluð tiltölulega nokkru lægri á fjárl. þessa árs, en tekjurnar langt fyrir neðan það, sem verður. Það var verið með slíkum fjárl. að afhenda ríkisstj. leyfi til þess að taka úr vasa almennings og atvinnulífsins íslenzka nokkuð á annað hundrað millj. kr., sem ekki þurfti til þess að tryggja fjárhagsafkomu ríkisins. Og bara hluti af þessum 120 millj. kr., t. d. söluskatturinn, gildir hvað einstaklinga snertir ekki minna en 2700 kr. á hverja fimm manna fjölskyldu.

Heildarlega séð vil ég upplýsa, að samkvæmt þessari skýrslu eru gjöldin áætluð 297.9 millj. kr. og reyndust í lok október vera orðin 233.9 millj. kr. Mismunurinn var 64 millj. kr., og samkvæmt því liggur það þannig fyrir, að meðalgreiðslur á mánuði þessa 10 mánuði ársins hafa verið 23 millj. kr. En hæstv. ríkisstj. má eyða 32 millj. kr. í gjöld á mánuði, þessa tvo mánuði til áramótanna, áður en gjöldin fari fram úr áætlun. (**Fjmrh.**: Það er prentvilla í nál. upp á 36 millj. kr.) Þá bið ég menn að leiðrétta það. En það hefur sjálfsagt enginn maður í fjvn. varað sig á því. En þó að þessi upphæð sé dregin frá, þá er fyrirsjáanlegt, að reynslan verður sú, að það verður ekki minna en 100 millj. kr. greiðsluafgangur fyrir því. (**Fjmrh.**: Því miður er hann ekki nærri því.)

Ég vil taka það fram, að ég er samþykkur mörgum af brtt. meiri hl. fjvn., og þær tillögur, sem ég flyt hér, eru ekki sérstaklega brtt., sem hafa klofið n. Brtt. eru ekki stórvægilegar. Hefði ég verið sammála n. um allt annað, þá hefði ég getað skrifað undir nál. með meiri hl. n. og með fyrirvara. En ég er andvígur þessari stefnu, sem ég hef gert grein fyrir. Fyrir fáum árum var það orðtak mjög í tízku hjá stjórnmálaflokkunum, sérstaklega hjá forustumönnum Sjálfstfl. og þó allra mest Framsfl., að tala um ofþenslu í fjármálalífinu, of mikið fé í umferð og of mikla kaupgetu hjá alþýðunni sem heild. Og stefnan hefur verið sem sagt sú, sem ég minntist á í upphafi máls míns, og stefnan, sem báðir þessir hv. flokkar eru að keppa um að tileinka sér, er sú að draga úr ofþenslunni, draga inn fé, sem var í umferð, og draga úr kaupgetu almennings. Það er búið að fara margar leiðir til að gera þetta. Einu sinni var farin kaupgjaldsbindingarleiðin. Hún dugði ekki. Þá var farin gengislækkunarleiðin. Hún virðist ekki duga alveg. Það hefur verið farin bátagjaldeyrisleiðin. Síðan neita bankarnir um lán til að nota sem nauðsynlegt rekstrarfé atvinnufyrirtækja. Og þessi leið, sem nú er farin með því að draga inn svo mikið fé í ríkissjóð, er bara ein af þeim leiðum, sem verið er að fara til þess, sem talað er um, að minnka fé í umferð, minnka ofþensluna, minnka kaupgetuna í landinu. Og það er staðreynd, að það hefur tekizt að ná þessu marki mjög mikið. Það hefur tekizt að minnka svo fé í umferð, miðað við þörf þjóðarinnar, að atvinnulífið er komið í versta horf og blátt áfram strandað á mörgum sviðum fyrir það. Ég vil benda á nokkur dæmi til rökstuðnings þessu. Við vitum allir, hvernig það hefur verið um sjávarútveginn á undanförnum árum. Þjóðin hefur eignazt á síðustu 5 árum síðan 1947 40 nýja togara. Hún hefur eignazt mörg frystihús, margar verksmiðjur og mörg fiskþurrkunarhús á þessum tíma. Hvaða rökrétt ályktun verður dregin af þessari gífurlegu aukningu atvinnutækjanna? Hún verður sú, að það hlýtur að

þurfa stóraukið veltufé í landinu, til þess að þessi fyrirtæki geti gengið. En í staðinn fyrir að auka það í samræmi við þá þörf, þá hefur alltaf verið barizt við að draga úr veltufénu í umferð. Sem dæmi um það má nefna, að þegar gengislækkunin var gerð, þá lækkaði íslenzka krónan um 45% að verðgildi frá því, sem var. Afleiðingin verður sú, að til þess að framleiðslutæki geti gengið, þarf þeim mun meira fé en áður í veltufé. Og fyrirtækin, sem þurftu áður 3 millj. kr. í veltufé, þurfa nú um 5 millj. kr. Iðnfyrirtæki, sem þurfa verulegt fjármagn til að halda sínum daglega rekstri gangandi, þurfa nú að auka rekstrarfé sitt um helming. Nú hefur lánsfé bankanna aukizt dálítið, en ekki nærri því, sem þyrfti að vera. En seðlaveltan er nú svo að segja sú sama sem fyrir gengislækkunina, þó að þessar hækkanir hafi orðið. Af þessu leiðir, að atvinnulífið er að komast í þrot. Og á þann hátt hefur með ýmsum leiðum verið dregið úr fjármagninu, sem er í veltu í landinu og á að vera til þess að koma áfram atvinnulífinu. Það veltufé, sem er í gangi í landinu á hverjum tíma, má líta á sem blóð í lifandi veru, afl, sem á að knýja lífsstarfsemina áfram, til þess að hún stöðvist ekki. Það þýðir ekki mikið að eiga 40 togara, ef ekkert fé er til að reka þá. Stefnan er að draga úr þessari blóðrás atvinnulífsins, og árangurinn er svipaður og ef læknir tekur heilbrigðan mann og dælir úr honum nokkru af blóðinu og ætlast svo til, að hann sé eins starfshæfur eftir sem áður. Stefnan, sem stjórnmálaflokkarnir tileinka sér og kemur fram í þessu frv., er sú að dæla verulegu af þessu blóði, sem fjármagnið er í efnahagslífinu, og setja það annars staðar. Og svo langt getur þetta gengið, að iðnfyrirtækjunum sé beinlínis lokað, ef þau geta ekki greitt viss gjöld eins og söluskattinn á réttum tíma. Árangurinn sýnir sig líka vel. Ég skal taka eitt dæmi til að gera málið skýrara. T. d. það, að nú nýlega var talað um, hvort ætti að selja einn togara úr Reykjavík, sem eigendurnir urðu að selja. Þeir sönnuðu, að þeir ættu ekki minni eign en 4 millj. kr. í skipinu, en þeir gátu ekki fengið rekstrarfé til að reka það. Og svo stóð slagurinn um það, hvort ætti að selja togarann úr bænum eða ekki. Og gagnvart því stærsta iðnfyrirtæki, sem mér er kunnugt um, Héðni, vil ég taka fram, að mjög mikil vandræði eru hjá því fyrirtæki nú með rekstrarfé, þrátt fyrir það þó að þetta sé eitt af fullkomnustu fyrirtækjum af þeirri tegund og það líklega á Norðurlöndum. Og samt sem áður á þetta fyrirtæki í vök að verjast, af því að það hefur ekki rekstrarfé. Afleiðingin af þessu er sú, að það gengur eftir fyrirframgreiðslu fyrir þau verk, sem það tekur fyrir aðra. Ég hef sjálfur komizt í kynni við þetta í sambandi við viðskipti, sem ég hef haft meðgerð með við þetta fyrirtæki. Afleiðingin verður sú, að þeir aðilar, sem skipta við fyrirtækið, þurfa meira fé, og getur það hindrað ýmsa í því að láta vinna verk hjá þessu fyrirtæki, af því að þeir geta ekki fengið fé í bönkunum til þess að borga þetta fyrir fram fyrir verkið. Þetta þýðir það sama fyrir atvinnulífið eins og það þýðir fyrir starfandi mann, að dælt væri blóði úr líkama hans. Hvernig verkar þetta á iðnaðinn í Reykjavík? Í verksmiðjunum í Reykjavík á vegum Iðju voru um síðustu áramót 1000 manns að starfi. Nú er þar svo frá gengið, að í þessum iðnaði verður um 500 eða 600 manns, líklega nær 500. Við getum hugsað okkur, hvert stefnir í þessum bæ, þegar um 500 manns missa atvinnuna. Hér kemur að vísu dálítið til greina innflutningur á ullarvöru, sem flutt hefur verið inn fyrir gjafafé. Í skóiðnaði í Reykjavík var 120 manns, en eru nú naumast 30. Það er gott að taka Marshalllán til þess að kaupa skó og flytja inn í landið og þurrka með því út skóiðnaðinn. (**Fjmrh.**: Þeir voru fluttir frá Spáni til þess að geta flutt þangað fisk.) Það er hægt að selja fisk víðar en til Spánar. Það veit hæstv. ráðh. sjálfsagt. Ullariðnaðurinn í landinu er þannig, að á Álafossi voru um síðustu áramót 50—60 manns starfandi. Nú vinna þar 12—15 manns. Þetta eru einstök dæmi, sem sýna, hvert þessi stefna er að leiða að draga fjármagnið úr umferð í landinu. Og þetta fjárlagafrv. er stór þáttur í því að hjálpa til þessa. Ég tel, að með þessu fjárlagafrv. sé nákvæmlega haldið sömu stefnu og haldið hefur verið á þessu ári og ég var að lýsa. Og það er aðalástæðan til þess, að ég klauf n. og gerði grein fyrir minni afstöðu í sérstöku nál.

Þá ætla ég að fara nokkrum orðum um brtt., sem ég hef flutt hér á þskj. 306. Ég hef yfirleitt ekkert flutt af þeim brtt., sem við fluttum í félagi í fjvn., ég og hv. 6. landsk. þm., því að ég þóttist sjá, að það væri þýðingarlaust, — þær fengu þær undirtektir hjá meiri hluta n., — nema einstaka liði hef ég tekið hér upp.

Fyrsta brtt. er við 10. gr.: Kostnaður við alþjóðaráðstefnur á vegum utanrrn. — um, að í stað 600 þús. komi 400 þús. kr. Ég tel, að fyllilega sé séð fyrir þeirri starfsemi með 400 þús. kr., og er ég búinn að gera grein fyrir því. — Þá legg ég enn fremur til, að kostnaður við alþjóðaráðstefnur á vegum annarra lækki úr 200 þús. í 100 þús. kr. Þá er það 500 þús. kr., sem ríkisstj. hefur til að ferðast fyrir á alþjóðaráðstefnur, og sýnist mér það vera nóg, þegar þess er gætt, að kostnaður við verzlunarsamninga er greiddur þar fyrir utan.

Þá legg ég til, að liðurinn við 11. gr. A. 10. c. verði felldur niður, en hann er til vinnuhælis á Kvíabryggju. Það voru samþ. 125 þús. kr. fyrir þetta vinnuhæli á fjárl. yfirstandandi árs. Þær voru ekki notaðar. Það er ekki farið að vinna þar enn. Hér er farið fram á 125 þús. kr. í viðbót. Ég sé ekki annað en að það sé fjarstæða að hafa tvö vinnuhæli í þessu efni. Það væri þá nær að flytja vinnuheimilið á Eyrarbakka þangað vestur, ef á að byggja þarna slíkt vinnuhæli. En ekki virðist ástæða til að hafa það nema eitt.

Þá er till. um, að framlag til íþróttasjóðs sé aukið úr 600 þús. kr. í 800 þús. kr. Þessi liður var aldrei minni en 800 þús. kr. fyrir gengislækkun, og ég tel óþarft að lækka hann úr því. — Enn fremur legg ég til, að framlag til byggingar barnaskóla og skólastjóraíbúða verði hækkað um 1 millj. og 300 þús. kr. Þessi brtt. er flutt vegna knýjandi þarfar. Og ég tel, að mátt hefði lækka marga liði á móti því.

Einnig er hér till. um að greiða vísitöluuppbót á listamannastyrkinn. — Svo eru hér brtt. um nýja liði: til endurskoðunar á dansk-íslenzkri orðabók Freysteins Gunnarssonar 25 þús. kr. og til Bandalags íslenzkra leikfélaga 30 þús. kr.

Svo legg ég til viðvíkjandi 16. gr., að framlag til dieselrafstöðva verði hækkað þannig, að fyrir 500 þús. kr. komi 600 þús. kr. og fyrir 150 þús. kr. komi 300 þús. kr. Ég mun e. t. v. taka þessa till. aftur til 3. umr. til að vita, hvort n. vilji ekki taka þetta til athugunar, því að hún á eftir að taka fleira til athugunar fyrir 3. umr.

Þá er brtt. vegna Siglufjarðarkaupstaðar um að veita fé til að leita að heitu vatni í landi Siglufjarðarkaupstaðar gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að, 10 þús. kr.

Svo er till. um, að til atvinnu- og framleiðsluaukningar verði varið 10 millj. kr., sem ég tel óhjákvæmilegt að ætla fé til, miðað við það útlit, sem nú er. Og ef sú stefna, sem ég vildi marka með till., sem ég hef borið fram í fjvn., hefði verið tekin upp, þá hefði ekki þurft að flytja þessa till., þá hefði ekkert atvinnuleysi verið.

Þá legg ég til, að niður verði felldur 40. liðurinn á 17. gr., til Atlantshafsbandalagsins 260 þús. kr., sem hér eru á frv., auk þess sem gert er ráð fyrir, að fé verði varið að öðru leyti til þess að Íslendingar megi vera með í ráðum um þær stærri ráðagerðir, sem þar er fjallað um. En mér virðist, að þessi 260 þús. kr. liður sé til vansæmdar á íslenzkum fjárlögum.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að mæla hér fyrir neinum brtt. En mig langar til að vekja athygli á tveimur till. hv. fjvn. Önnur er við 14. gr., þar sem n. leggur til, að felld verði niður úr liðnum fyrsta málsgr., sem er um, að íslenzkir námsmenn í Ameríku og Sviss, sem hófu nám sitt 1949 eða fyrr, fái af þessari fjárveitingu allt að 350 þús. kr. Nefndin segir, að það sé rétt að leggja á vald menntamálaráðs, hvernig þessu sé hagað og hvort heppilegt sé að nema sumar námsgreinar, sem hér er um að ræða, annars staðar, þar sem það sé ódýrara. Mér virðist hér gæta misskilnings. Ástæðan fyrir því, að þessi grein kom inn, er sú, að þeir menn, sem hófu nám í Ameríku og Sviss fyrir gengisbreytinguna, hafa lent í greiðsluvandræðum með námskostnaðinn vegna þess, hversu greiðslur hans hafa hækkað við þær tvær gengisbreyt., sem farið hafa fram. Og það er ekki hægt fyrir þessa menn, þó að þeir vildu snúa við og fara eitthvað annað, nema byrja upp á nýtt með námið í öðru landi. Sumir þeirra eru komnir langt í sínu námi og reyna því að klífa þrítugan hamarinn til þess að reyna að ljúka námi í þessum löndum, þótt erfitt sé. Og ástæðan fyrir því, að þetta komst inn í fyrra, er sú, að það á að hjálpa þessum mönnum, sem stendur alveg sérstaklega á fyrir og þannig var komið fyrir, þegar gengisbreyt. kom, að þeir gátu ekki valið sér nám í öðru landi en því, sem þeir voru þegar komnir að námi í.

Hin brtt. kemur frá hv. fjvn. og er um það, að lagt verði til, að veittar verði 100 þús. kr. til menntaskólakennslu á Laugarvatni, og segir í nál.: „Hefur kennsla til stúdentsprófs farið fram á Laugarvatni, og þykir því rétt að leggja til að taka upp í frv. þessa upphæð til að mæta þeim kostnaði, sem af þessari kennslu leiðir.“ Þetta er ekki alls kostar rétt. Í l. nr. 58 frá 1946 er svo til tekið, að það skuli vera tveir menntaskólar, annar í Reykjavík, en hinn á Akureyri, en sá þriðji skuli stofnaður í sveit, þegar fé er veitt til þess í fjárl. Með því að veita fé á fjárl. nú til menntaskóla á Laugarvatni væri sá skóli stofnaður. Hér er ekki eingöngu verið að greiða þann kostnað, sem leiðir af kennslunni þarna, sem hefur verið undanfarið, að nokkrir nemendur hafa lært þar í vissum bekkjum lærdómsdeildar, — það væri ekki eingöngu verið með þessu að leggja fram fé til þessa kostnaðar, heldur væri með þessu slegið föstu, að það skuli hér eftir vera rekinn menntaskóli á Laugarvatni, enda væri það í samræmi við l. eins og þar er ákveðið. Ég hefði nú haldið, að áður en n. tæki svo stórt skref að stofna menntaskóla, mundi hún leita álits fræðslumálastjóra í málinu. En mér vitanlega hefur hv. fjvn. ekki leitað slíks álits og hefur því tekið alveg upp á sína arma að leggja fyrir þingið, að þessi skóli skuli stofnaður. Samkvæmt áætlun fræðslumálastjóra er ekki hægt að reka menntaskóla á Laugarvatni, hafa þrjá fasta kennara og skólastjóra eða rektor, með minna en 270 þús. kr. Það er því fyrirsjáanlegt, að þessar 100 þús. kr. endast kannske í vetur og fram á næsta haust. En um leið og skólinn er stofnaður þarna þarf hann miklu meira fé til sinna umráða en gert er ráð fyrir. Og þetta verður Alþingi að gera sér grein fyrir. Í lögunum stendur, að fastir kennarar skuli vera jafnmargir og deildirnar í menntaskólanum. Og núverandi skólastjóri á Laugarvatni hefur tekið það fram, að hann ætlist til þess, að skólinn hafi bæði máladeild og stærðfræðideild, svo að hér er ekki aðeins um það að ræða, að skólinn sé bundinn við máladeildina eina. Og þetta gæti krafizt að minnsta kosti 7 fastra kennara. En svo er annað, sem er nú þyngra á metunum. Fræðslumálastjóri lýsti því, að það sé ekkert húsnæði nú til á Laugarvatni fyrir héraðsskóla og menntaskóla. Héraðsskólinn hafði samb. á sínum tíma, að gamla húsnæðið á Laugarvatni skyldi selt íþróttakennaraskólanum. Íþróttakennaraskólinn er nú í alveg ófullnægjandi húsnæði og getur ekki verið þar framvegis. En þegar þessi hugmynd er komin fram, hefur héraðsskólinn, þrátt fyrir það að samningar höfðu verið gerðir um það, að íþróttakennaraskólinn skyldi fá þessa eign, skorazt undan því að halda áfram nokkrum samtölum um það efni, þó að búið sé að borga eina afborgun upp í eignina. En þetta stafar af því, að ef á að stofna menntaskóla á Laugarvatni, þá verður hann að taka til afnota gamla húsið, og það mun ekki hrökkva til, þannig að ef um þessa tvo skóla á að vera að ræða á Laugarvatni, menntaskóla og héraðsskóla, þá verður að byggja yfir annan hvorn þessara skóla, hvor þeirra sem tæki það húsnæði, sem nú er. Akureyrarskólinn hefur nú 300 nemendur. Hann gæti tekið á móti 500 nemendum. Oft hefur verið rætt um, að dvalar-

kostnaðurinn væri miklu lægri á Laugarvatni en á Akureyri og þess vegna mundi vera hagkvæmara að sækja menntaskólanám til Laugarvatnsskóla en til Akureyrarskólans. Eftir því sem mér er skýrt frá, er mánaðarkostnaðurinn á Akureyri 548.00 kr., en á Laugarvatni 465.00 kr. Þetta mun því vera 700—800 kr. munur á ári. Þeir, sem sækja skólann á Laugarvatni, þurfa hvort sem er að flytjast frá heimilum sínum, og meðan Akureyrarskólinn getur tekið við 200 nemendum til viðbótar, virðist ekki mikill hagur í því að halda menntaskóla á Laugarvatni með ærnum tilkostnaði. Þessi 100 þús. eru ekki nema brot af því. Laugarvatnsskólanum var gefið leyfi til að kenna nokkrum nemendum í lærdómsdeild, og þeir nemendur tóku síðan próf undir umsjón menntaskólans í Reykjavík. Þetta var gert fyrir nokkrum árum, þó að það væri ekki í samræmi við lögin. Nú hefur menntaskólinn í Reykjavík skorazt undan að annast þessi próf og Laugarvatnsskólinn því kominn í vandræði. Ég sagði við skólastjórann, að ég mundi ekki taka af þeim þennan rétt, þó að ég hefði ekkert formlegt leyfi til að leyfa slíkt, en hann yrði sjálfur að bera ábyrgð á því, að þessir nemendur gætu gengið undir próf. Næst skeði það svo, að Laugarvatnsskólinn fór að nota auglýsingastarfsemi og áróður til að ná í nemendur til sín, og nú eru þar 34 nemendur í lærdómsdeild, þar af 14 í 2. bekk og 6 í 4. bekk. Ég vildi aðeins vekja athygli hv. þm. á þessu. Og mín skoðun er sú, að mjög sé rasað að því ráði, ef þetta er gert nú. Spurningin er, hvort heldur eigi að vera héraðsskóli eða menntaskóli á Laugarvatni.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég vil fyrst þakka meiri hluta hv. fjvn. fyrir undirbúning þessarar umr. og vona, að áframhald verði á þeirri samvinnu um undirbúning 3. umr. Þá vil ég einnig þakka hv. fjvn. fyrir, hvernig hún hefur tekið á afgreiðslu málsins.

Ég ætla ekki að elta ólar við það, sem kom fram í ræðu hv. 5. landsk., frsm. 1. minni hl. Þó vil ég fara nokkrum orðum um ofur lítið af því, sem hann sagði. Það hefði verið æskilegra, að minni hl. hv. fjvn. hefði flutt hér í þinginu þær till., sem hann flutti í fjvn., svo að þm. geti vitað, hvað hann vill, en hafi það ekki eins og hann hefur haft það nú að flytja í n. aðrar till. en þm. fá almennt að sjá. Vona ég, að hann flytji hér þær till., sem hann flutti þar, svo að liggi ljóst fyrir, hvað hann vill.

Hv. 5. landsk. talaði hér um það, að ófullnægjandi upplýsingar væru t. d. um greiðslur til einstakra starfsmanna og starfsmannaskráin ófullnægjandi. Henni er aðeins ætlað að sýna, hve marga starfsmenn hverri starfsgrein er ætlað að hafa á næsta ári, en ekki ætlað að sýna hlut hvers, og er hægt að sjá á henni á eftir, hve vel hefur tekizt að fylgja fjárl. að því leyti að láta launagreiðslurnar vera eins og starfsmannaskráin sýnir, t. d. fyrir endurskoðendurna. Sams konar skrá fylgir fjárlögunum í nágrannalöndunum. Hitt, sem hann var að tala um, er svo annað mál, en hvers vegna tekur hann þetta ekki saman og gefur út skýrslu um það í þinginu eða utan þess? Ég veit, að hv. þm. er eljumaður og setur slíkt ekki fyrir sig. — Þá voru ýmsar fáránlegar mótsagnir í ræðu hans, sem ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um. T. d. leggur hann áherzlu á að lækka fjárl. og sagðist sjá blóðugum augum eftir hinni háu húsaleigu, sem ríkið greiðir, og talar um, hvers vegna sé ekki byggt. Hvers vegna leggur hv. 5. landsk. þm. þá ekki til að verja tugum milljóna til að byggja? Eða heldur hann, að það kosti ekkert? Og hvar eru svo till. hans um að verja fé til að byggja? Svona var hans ræða öll, botnlausar mótsetningar. Hann talaði um að afnema söluskattinn, en benti auðvitað ekki á, hvernig ætti að komast af án hans. Hann sagði, að það gerði naumast til, þótt 20 millj. kr. greiðsluhalli yrði, en stj. telur það höfuðatriði að afgreiða greiðsluhallalaus fjárl., og það er hennar stefna. En það er gott, að þessi viðurkenning kom frá hv. þm., að það mundi leiða til greiðsluhalla, ef söluskatturinn væri afnuminn, það er meira en stjórnarandstaðan hefur viðurkennt fram að þessu. — Það er hlálegt að heyra frsm. 1. minni hl. tala mikið um sparnað, því að það er á allra vitorði hér, að flokksbræður hv. þm. eru með öllum till., sem fram koma til hækkunar, og vilja, að ríkið taki að sér framkvæmdir, sem kosta stórfé, og tala svo um lækkun á fjárl. og flytja í fjvn. till. um tugmilljóna kr. lækkun, sem vitanlega er alveg út í bláinn, því að engin greinargerð fylgir um það, hvernig eigi að koma því í framkvæmd.

En ástæðan til, að ég ætla að nota þessar fáu mínútur, sem eftir eru af ræðutímanum, er ekki þessi atriði, heldur það, sem kom fram um hugsanlega afkomu á þessu ári. Því miður er það nú ekki svo, að hægt sé að gera ráð fyrir 100 millj. kr. greiðsluafgangi á þessu ári. En betur að svo væri, því að hv. Alþ. yrði áreiðanlega ekki í vandræðum með að ráðstafa því fé á skynsamlegan hátt, því að fullt er af verkefnum, sem vantar fé til að framkvæma, og þarf ekki annað en líta á þau frv., sem flutt hafa verið um ráðstöfun tekjuafgangsins. Það er því ekki ástæða til að harma, heldur fagna því, ef tekjuafgangur yrði. Það er broslegt, hvernig stjórnarandstaðan hefur enga værð út af því, að það skuli verða tekjuafgangur. — Horfurnar eru þær, að 1. nóv. voru tekjurnar 308 millj. á rekstrarreikningi, en erfitt er að áætla tekjurnar í nóvember og desember, og get ég það ekki með neinni nákvæmni. Það er erfitt að átta sig á, hver innflutningurinn verður, en gerum ráð fyrir, að ekki verði aukning á innflutningnum frá því, sem var t. d. í október, og gera má ráð fyrir, að komi að því, að innflutningurinn minnki vegna þeirra birgða, sem safnast fyrir í landinu. Ef við gerum ráð fyrir, að hann verði jafnmikill og í október, — en hann var hæsti mánuðurinn, þá voru tekjur af innflutningi 13 millj., en meðaltalið er um 10 millj., — ef við gerum ráð fyrir 13 millj. hvorn mánuð, eru það 26 millj., og svo söluskattur álíka og í október, má gera ráð fyrir, að tekjurnar verði um 410 millj., og er það rúmlega 100 millj. fram úr áætlun. Þetta er miðað við það, að tekjurnar í nóvember og desember verði eins og í október, en

þær geta orðið minni og geta orðið meiri, en á því verða aldrei neinar stórfelldar breytingar.

Þá er spurningin, hve umframgreiðslurnar verða miklar, og um það get ég ekki sagt með neinni vissu, en veit það betur mjög bráðlega. En það er hægt að nefna, að launauppbætur skapa ríkissjóði um 5 millj. kr. umframútgjöld, sauðfjárskiptin 2.5 millj., vegamálin yfir 5 millj., halli á strandferðum og landhelgisgæzlu verður meiri en gert var ráð fyrir, og svo er um fleiri liði vegna þeirrar hækkunar, sem orðið hefur á verðlagi. Ég get ekki sagt um, hve tekjuafgangurinn verður mikill, en ég get það frekar eftir fáa daga, en hann nálgast ekki 100 milljónir, því að það hljóta að verða umframgreiðslur svo að tugum milljóna skiptir. Hins vegar verður greiðsluafgangurinn verulegur, og það mun sýna sig, að hann kemur að góðu haldi til að ráðstafa hluta af honum í mjög aðkallandi verkefni og hluta til að greiða þá skuldasúpu, sem ríkið hefur verið í.

Um horfurnar á næsta ári er það að segja, að óhugsandi er, að tekjurnar verði jafnmiklar af aðflutningstollum, vegna þess að það hafa safnazt svo miklar vörubirgðir fyrir í landinu, að innflutningurinn hlýtur að verða minni næsta ár. Horfurnar eru ekki góðar, eins og meiri hl. getur um í nál. sínu, og má hafa alvarlega gát á að afgreiða ekki fjárl. með greiðsluhalla. Það er sýnilegt, að fjárl. verða nú um 380–390 milljónir, og sjáum við þá, að tekjurnar mega ekki minnka stórlega frá því, sem var síðastl. ár, svo að fjárl. fái staðizt, en þær hljóta að minnka af aðflutningsgjöldunum frá því, sem var á síðasta ári. Má því hafa allan vara á frá sjónarmiði þeirra, sem vilja afgreiða greiðsluhallalaus fjárl. og hafa skilning á því, að það er óhjákvæmilegt, til þess að stjórnarstefnan fari ekki út um þúfur. — Ég vildi upplýsa þetta núna, en eins og ég held að sé minnzt á í áliti meiri hl. fjvn., vitum við meira um þetta fyrir 3. umr. en nú. En ég vildi láta þessi orð falla vegna þess, sem hv. 5. landsk. þm. sagði um þetta.

Umr. frestað.

Á 21. fundi í Sþ., 3. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. 2. minni hl. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það er óneitanlega rétt, að sagan er háð sífelldum endurtekningum. Meginatburðir sögunnar endurtaka sig aftur og aftur. Stundum er það þó, að eitthvað nýtt gerist, og það er óneitanlega það, sem hefur skeð nú, þegar tekjurnar fara 150—160 millj. kr. fram úr áætlun á fjárlögum fyrir yfirstandandi ár. Nú kynni einhverjum að detta í hug, að þessar 150—160 millj. séu blómlegum ríkisrekstri að þakka. En svo er ekki. Þessi nýi atburður Íslandssögunnar er afleiðing af rangri tekjuáætlun á fjárl. yfirstandandi árs. Hann liggur í því, að tekju- og eignarskattur var áætlaður 35 millj. kr., en reyndist vera 46—47 millj. kr.; fer svona 10—12 millj. fram úr áætlun. Vörumagnstollurinn var áætlaður 20 millj. kr. af hæstv. ráðh., en reyndist miklu hærri. Verðtollurinn var áætlaður 73 millj. kr. af hæstv. fjmrh., Eysteini Jónssyni, en hann mun fara upp fyrir 100 millj., og skeikar þar um 30 millj. kr. á einum einasta tekjulið. Söluskatturinn var áætlaður 55 millj. kr., en verður aldrei minni en 90—95 millj. kr. Gert var ráð fyrir 74 millj. kr. tekjuafgangi af rekstri ríkisstofnana, þar af langmest hjá tóbaks- og áfengiseinkasölunum, en þessi liður fer áreiðanlega upp í 90—95 millj., eða um 20 millj. fram úr áætlun. Heildarmyndin af tekjuáætlun hæstv. fjmrh. fyrir árið, sem nú er að líða, lítur því þannig út, að tekjurnar ætla að fara fram úr áætlun svo sem nemur þreföldum áætluðum söluskattinum, en hann var, eins og ég áðan sagði, áætlaður 55 millj. kr., en umframtekjur verða eitthvað á milli 150 og 160 millj. kr.

Ég minnist þess, að við afgreiðslu fjárl. í fyrra lagði ég til, að tekjurnar yrðu áætlaðar 32.5 millj. kr. hærra en gert var. Mér er það í fersku minni, að hæstv. fjmrh. taldi, að þetta væri hinn mesti barnaskapur og næði ekki nokkurri átt. Ég vildi verja þessum tekjum, sem ég taldi víst, að ríkissjóður mundi fá umfram það, sem hæstv. ráðh. áætlaði, til vega-, brúar- og hafnargerða, 6 millj. kr. til eflingar síldveiðideild hlutatryggingasjóðs, 8 millj. til niðurgreiðslu á kostnaðarliðum bátaútvegsins, 1.5 millj. til eflingar atvinnulífsins á Norður- og Vesturlandi, 200 þús. kr. til þess að standa straum af kostnaði við vinnumiðlun, og 5.6 millj. kr. yrðu teknar á fjárl. til þess að greiða vísitöluuppbót á laun opinberra starfsmanna. Nú er komið í ljós, að allt þetta hefði verið hægt að gera og þótt meira hefði verið, því að tekjuafgangurinn hefur orðið meiri en nokkru sinni áður.

Ég get ekki stillt mig um — út af þessu orðaskaki okkar hæstv. fjmrh. við fjárlagaumræðurnar í fyrra — að vitna í þingtíðindin. Hæstv. ráðh. komst þá svo að orði, er hann ræddi um till. mínar um hækkun á tekjuáætlun:

„Þá kemur að aðaltill. hv. þm., en þær eru að hækka tekjuáætlunina um 32 millj. og útgjöldin um það sama. Með þessum till. kemur skýrt í ljós, hve mjög hv. þm. hefur vanrækt að kynna sér höfuðatriði þessa máls. Ég get ekki tekið allt, sem hv. þm. sagði, til meðferðar, en verð að láta mér nægja höfuðatriðin. Hv. þm. tók fyrst tekjuskattinn og telur óhætt að áætla hann 40 millj."

Hæstv. ráðh. vildi áætla hann 35 millj. Það er alveg gefið mál, að tekjuskatturinn verður aldrei undir 46 millj. á yfirstandandi fjárhagsári, og þar af fer aldrei meira en 1 millj. kr. í vanhöld. En hæstv. ráðh. taldi það glapræði af mér, þegar ég vildi áætla hann 40 millj. — Enn segir hæstv. ráðh.:

„Hið rétta í þessu er, að í ár getur tekjuskatturinn ekki orðið meiri en 42 millj., ef hann þá hangir í því. Næsta ár hlýtur hann að verða minni vegna minni tekna; t. d. í iðnaði og verzlun hljóta tekjurnar að verða mun minni en í ár. Um þetta hefði ég treyst mér til að sannfæra hv. þm. á 2—3 mínútum, ef hann hefði spurt mig."

Hann fullyrti sem sé, að tekjur af verzlun hlytu að verða minni árið 1951 heldur en 1950.

Ég fullyrði, að þetta hefði ekki þótt gáfulega sagt, ef einhver annar en Eysteinn Jónsson hefði haldið því fram. Sannleikurinn er sá, að verzlunin hefur skilað miklu meiri ágóða 1951 en nokkru sinni áður, en hæstv. fjmrh. bjóst við minnkandi ágóða. Þannig bar okkur hæstvirtum ráðh. ekki saman í þessu þá frekar en nú.

Þá vék hæstv. ráðh. að till. minni varðandi verðtollinn. Honum fórust orð á þessa leið:

„En nú versnar um allan helming. Hann vill hækka áætlun á verðtolli í 78 millj. og talar um í því sambandi, að 1. nóv. hafi verið búið að innheimta 46 millj. Nú var gengislækkunin að vísu ekki komin 3 fyrstu mánuði ársins, en það er útilokað, að verðtollur hefði orðið meiri en 50—52 millj. á þessum tíma, þó að hún hefði verið. Segjum, að 15 millj. bættust við það, sem eftir er; þá yrði verðtollurinn 65 millj. allt árið. Verðtollurinn bregzt um 15 millj. í ár, en samt vill hv. þm. áætla hann 78 millj. næsta ár."

Hæstv. ráðh. fannst alveg ægilegt að áætla hann milli 70—80 millj. En eru nú líkur til, að hann nái þessari upphæð? Það er nokkurn veginn fullvíst, að hann fer yfir 100 millj. Ég hef því síður en svo ástæðu til að blygðast mín fyrir að vilja hækka hann, og stóryrði hæstv. ráðh. um það, að verðtollurinn gæti ekki farið yfir 65 millj., benda helzt til þess, að hæstv. ráðh. hafi ekki haft minnstu hugmynd um, hvað hann var að segja.

Þriðja atriðið í till. mínum, sem hæstv. ráðh. fannst ástæða til að láta ljós sitt skína um, var varðandi söluskattinn. Honum fórust orð á þessa leið:

„Og ekki batnar, þegar hv. þm. fer að ræða um söluskattinn. Hv. þm. segist hafa kynnt sér það, að 1. nóv. hefði hann verið 9 millj. kr. hærri en á sama tíma í fyrra. Ég hefði getað upplýst hv. þm. um það, að söluskatturinn hefur verið innheimtur örar í ár en í fyrra. Áætlun fjárl. á honum er byggð á algerri hliðstæðu við verðtollinn, og ég tel ekkert vit að hækka þá áætlun."

Þegar 3. umr. fór fram, lagði hæstv. ráðh. samt til, að söluskatturinn yrði áætlaður 54 millj., eða yrði hækkaður um 9 millj., en ég lagði til, að hann yrði hækkaður í 75—80 millj., og þá varð honum þetta að orði. Hvað sýnir reynslan nú? Það er fullvíst, að hann fer yfir 100 millj. kr. Hæstv. ráðh. hefur því skeikað talsvert þarna, viljandi eða óviljandi. Hæstv. ráðh. sagði, að þessi áætlun væri byggð á hliðstæðu við verðtollinn, enda hafa þessir liðir báðir farið alveg í bága við áætlun hins slynga fjármálamanns, hæstv. fjmrh., Eysteins Jónssonar.

Í heild sagði hæstv. ráðh. um þessar till. mínar, að ef ég hefði kynnt mér þessi mál betur, þá hefði ég ekki flutt þessar brtt. um hækkun á tekjuáætlun, heldur flutt aðrar, þar sem lagt yrði til, að nýir skattar yrðu lagðir á til þess að afla fjár til þess að standa straum af till. mínum um þá gjaldahækkun, sem í þeim fólst. Já, hæstv. ráðh. sá sem sagt enga aðra leið til þess að standast kostnað af auknum framkvæmdum en bæta enn einu sinni við skattasúpuna, sem er gersamlega að sliga allan almenning í þessu landi.

Í deilum þessum, sem urðu milli okkar hæstv. ráðh. í fyrra, komst hann enn fremur svo að orði:

„Í rauninni eru till. hans í því fólgnar að leggja til, að fjárl. verði afgr. með 32 millj. kr. halla í viðbót við það ástand, sem er fyrir, eins og þetta væri ábyrgðarlaust með öllu."

En sannleikurinn er nú kominn í ljós, og sýnir hann, að enda þótt bætt hefði verið við 30 millj. á gjaldahlið fjárl., þá mundi tekjuafgangurinn samt verða um 100 millj. Hvað getur nú valdið því, að hæstv. ráðh. hefur skjátlazt svo hrapallega við áætlun sína? Frá mínum bæjardyrum séð koma aðeins tvær ástæður til greina. Annaðhvort hefur hann vísvitandi viljað blekkja Alþingi með það fyrir augum að gefa sér og stjórnarflokkunum frjálsar hendur til þess að ráðstafa þessu fé eða þá að honum hefur sjálfum blöskrað svo skattaálagið, að hann hefur brostið kjark til þess að horfast í augu við það frammi fyrir alþjóð og því reynt að dylja það með því að áætla allar álögur miklu lægra en öll skynsamleg rök bentu til. Niðurstaðan er að minnsta kosti sú, að tekjurnar hafa farið 150 millj. kr. fram úr áætlun. Ég tel það stappa nærri því að vera glæpsamlegt í einu versta atvinnuárferði, sem yfir þjóðina hefur komið á seinni árum, en kynni að vera afsakanlegt í einstöku góðæri. En það er ekki afsakanlegt, þegar allar vinnandi stéttir skortir peninga, að taka meira úr vasa skattþegnanna en nemur rekstrarútgjöldum ríkisins og stinga í ríkiskassann. Ég tel, að það gangi glæpi næst, þegar þetta er gert eins óhóflega og hér hefur verið gert. Við skulum segja, að hæstv. fjmrh. hafi ekki gert tekjuáætlunina vísvitandi ranga. Hvað veldur því þá, að áætlunin hefur verið gerð á þennan hátt? Á því getur þá ekki verið önnur skýring en sú, að hæstv. fjmrh. hafi hvorki skilið upp né niður í verkunum þeirrar stjórnarráðstöfunar, sem leiðir til þess, að skattarnir hljóta að verða aðrir og miklu hærri en hann vildi gera ráð fyrir í áætluninni. Ef hæstv. fjmrh. hefur gert þetta í þeirri góðu trú, að þeir gætu ekki orðið hærri en hann áætlaði, þá hefur hæstv. fjmrh. ekki þá hæfileika til þess að gera rétta áætlun um fjárlög ríkisins, sem æskilegt er, að fjmrh. hafi á hverjum tíma. Þá er það í raun og veru aðeins tilviljunum háð, hvort skattarnir eru 150 millj. kr. hærri en áætlað er eða ekki. Það gæti líka farið á þann veg, að það vantaði eitt árið 150 millj. kr., til þess að tekjurnar standi undir gjöldunum. Ef hæstv. fjmrh. hefur ekkert vitað, hvernig þetta mál horfði við, þá er þetta alveg tilviljun háð og tekjurnar hefðu alveg eins getað brugðizt um 150 millj. kr. Ef hæstv. fjmrh. hefur ekki gert þetta viljandi, heldur í góðri trú, þá er ekki alveg áhættulaust að hafa slíkan fjmrh.

Af þessum einstæðu og miklu umframtekjum ríkissjóðs á árinu 1951 leiðir það, að það hlýtur að verða mikill tekjuafgangur hjá ríkissjóði og rekstrarafgangur á yfirstandandi ári. En það er óhætt að slá því föstu, að þessi tekjuafgangur stafar ekki af neinum dyggðum hæstv. fjmrh., ekki af því, að neinn sérstakur sparnaður hafi verið tekinn upp, og ekki af því, að sérstakrar hagsýni hafi verið gætt í ríkisrekstrinum um-

fram það, sem gert var ráð fyrir, þegar fjárl. voru samþ. Það var sannarlega ekki gert ráð fyrir sparnaði eða tekin upp nein ný vinnubrögð, sem gætu sparað ríkissjóði fé. Slíkt var alveg leitt hjá sér, eins og hefur verið gert til þessa. Sá tekjuafgangur, sem ríkissjóður kemur til með að hafa á þessu ári, er fenginn þrátt fyrir litla viðleitni til sparnaðar og eingöngu í skjóli óverjandi skattaáþjánar, sem þjóðin hefur sætt á þessu ári. Tekjuafgangi er skilað þrátt fyrir mikla eyðslu og litla viðleitni til sparnaðar.

Þegar ég fékk í hendur, núna á dögunum, plaggið frá fjmrn., sem sýndi, hve miklar umframtekjurnar yrðu á þessu ári, gætti ég líka að því, hve gjöldin hefðu farið fram úr fjárlagaheimild. Ég rak upp stór augu, þegar ég þóttist sjá, að með sama áframhaldi mundi hæstv. fjmrh. ekki fara nema 18—20 millj. kr. fram úr því, sem fjárl. heimiluðu honum. Mér hafði fundizt, að gjöldin mundu fara meira fram úr áætlun með öllu því sukki, sem verið hefur. Ég var því búinn að búa mig undir að halda svolítinn lofræðupistil í tilefni af þessu. En Adam var ekki lengi í Paradís. Þegar við höfðum haft þetta plagg upp undir hálfan mánuð í fjvn., þá fyrst upplýsir hæstv. fjmrh., að þetta hafi verið prentvilla. Þess vegna verð ég að láta alla lofræðupistla niður falla. En mér þykir furðu gegna, að fjmrn. skuli láta frá sér fara slíkt plagg til fjvn. án þess að hirða um að bera saman tölur, og svo skuli Alþingi ekki vera gefinn kostur á að fá leiðréttingu á þessu öðruvísi en þannig, að hæstv. fjmrh. grípur fram í fyrir ræðumanni, sem er að byggja á þessum röngu tölum frá rn. Ég verð að segja, að slíkt er lítt afsakanlegt. Hæstv. fjmrh. hefur þá farið 50—60 millj. kr. fram úr útgjaldaheimild fjárl. En þrátt fyrir það að þetta eru leiðar upplýsingar, lítur út fyrir, að tekjuafgangur ríkisins sé um eða kannske yfir 100 millj. kr.

Hv. frsm. meiri hl. fjvn. játaði, að meiri hl. bæri ekki fram neinar till. um að draga úr útgjöldum ríkisbáknsins. Hins vegar voru höfð góð orð um það, að hv. meiri hl. fjvn. ætlaði að athuga þetta til 3. umr. Það er staðreynd, að hvorki hæstv. fjmrh. né hv. meiri hl. fjvn. hefur gert tilraun til þess að draga nokkuð úr eyðslunni í ríkisrekstrinum. Stefnan er þessi: Ef eitthvert ríkisfyrirtæki eða einhver ríkisstofnun vill fá meira fé, fær hún það umyrðalaust eða svo til umyrðalaust. Þeir vita það — forstöðumenn ríkisfyrirtækjanna, að það kostar þá eina ræðu, sem haldin er af formanni fjvn., en finnst það borga sig. Þeir taka ræðunni með þögn og þolinmæði, en fá féð frá ári til árs. Þannig hækkar kostnaðurinn við ríkisfyrirtækin um hundruð þúsunda á hverju ári. Ef forstöðumaður ríkisfyrirtækis segir: „Ég vil fá meira starfsfólk", — þá fær hann það. Og ef einhver þeirra segir: „Ég vil fá fleiri bíla", — þá fær hann þá. Forstöðumennirnir eru sjálfráðir um sinn rekstur. Þótt þeir fái skammir einu sinni á ári hjá form. fjvn., taka þeir ekkert mark á því, sem form. fjvn. segir, en reksturinn gengur sinn gang, og kostnaður við hann eykst frá ári til árs, og það er hvorki tekið í taumana af form. fjvn. né neinum öðrum. Þetta tók form. fjvn. fram á þennan hátt í framsöguræðu sinni: „Það vantar samvinnu um þetta atriði, en það verður athugað til 3. umr." — Þetta er allt hægt að sýna með tilvitnun í fjárlagafrv. nú. Þar er leitun að því ríkisfyrirtæki, sem ekki fer fram á meira fé og fær það. Það er fyrst og fremst stjórnarráðið, sem fer fram á fleira fólk, og eftir því dansa svo aðrir. Það er fyrir fleiri en eitt embætti, sem farið er fram á að fá fleiri starfsmenn, og er áætlað fé til þess á núverandi fjárlagafrv. — Húsbóndahöndin er því ekki hörð. Nei, hún er mild og eftirgefanleg.

Ég hef aðeins borið fram eina brtt. við tekjubálkinn á fjárlagafrv. fyrir árið 1952. Hún er um það, að niður verði felldur söluskatturinn, sem áætlað er í frv. að nemi 77 millj. kr. Það er vitanlega algerlega rangt áætlað, því að hann mundi verða tekjustofn, sem næmi meira en 100 millj. kr. Þessi till. byggist á reynslu yfirstandandi árs, sem sýnir, að ríkissjóður hefði vel mátt við því, að söluskatturinn, eins og hann er á fjárl. yfirstandandi árs, hefði fallið tvöfaldur niður. Það hefði ekki orðið neinn halli á ríkisbúskapnum, þótt tvisvar sinnum 55 millj. kr., eða 110 millj. kr. tekjustofn hefði fallið niður. Það ýtir því sýnilega undir stjórnleysið og eyðsluna hjá ríkinu, þegar heimilaður er slíkur óþarfa tekjustofn. Atvinnulíf þjóðarinnar stendur ekki í slíkum blóma, að það réttlæti, að af henni séu teknir meiri skattar en nemur nauðsynlegustu gjöldum ríkisbúsins. Ef söluskatturinn er felldur niður, hefur það í för með sér verulegar verkanir til lækkunar á dýrtíðinni, og það er mál til komið, að eitthvert spor verði stigið í þá átt. Ef söluskatturinn félli niður, yrði það til þess að lækka ýmsa útgjaldaliði ríkissjóðs og þá fyrst og fremst launagreiðslur, en kæmi þó miklu víðar niður og yrði til þess að lækka að miklum mun kostnaðinn við ríkisbúskapinn.

Það er vitað mál, að sérstaklega einn atvinnuvegur þjóðarinnar, iðnaðurinn, mundi hafa verulegan styrk af því, að söluskatturinn yrði niður felldur, því að söluskatturinn er þannig innheimtur, að hann kemur margfaldur á ýmiss konar hráefni, sem eru til vinnslu í iðnaðinum í landinu. Það er því kannske söluskatturinn, sem á einna drýgstan þátt í því, að nú liggur iðnaðurinn í landinu í rústum. — Það er alveg rétt, að hv. 5. landsk. þm. bar fram í fjvn. till. um það, að fjvn. undirbyggi sín vinnubrögð með því að taka ákvörðun um, hvort reikna ætti með söluskattinum sem tekjustofni fyrir ríkissjóð á árinu 1952 eða ekki. Ég var alveg samþykkur till. hv. þm. Ég taldi það alveg sjálfsögð vinnubrögð, að fjvn. byrjaði á því að gera sér ljóst, hvaða tekjustofnum ríkissjóði væri ætlað að byggja á á næsta ári. Ef samkomulag fengist um að fella þennan tekjustofn niður, buðumst við báðir til að haga vinnubrögðum í n. með fyllsta tilliti til þess, að það yrði að draga úr útgjöldum ríkissjóðs eins og hægt væri og sníða gjöldunum stakk eftir vexti teknanna. Þetta fannst okkur skynsamleg vinnubrögð. En hv. form. fjvn. vildi ekki líta við þessu, heldur vildi hann afgreiða tekjubálkinn án þess að draga úr útgjöldunum og vildi reikna með söluskattinum.

Taldi hann, að óhætt væri að halda áfram sömu eyðslu í ríkisútgjöldum. Og þegar búið var að taka ákvörðun um söluskattinn, voru till. frá okkur felldar tugum saman. Þær till. voru um að lækka eða fella niður kostnaðarliðina við ríkisstofnanir og þess háttar. Þetta fannst mér miklu ábyrgðarminni vinnubrögð en þau, sem við hv. 5. landsk. þm. vildum viðhafa. Það er skylda hvers einstaklings að athuga fyrst og fremst, hvaða tekjumöguleika hann hefur, og það er skylda hans að reyna að sníða gjöldum sínum stakk eftir vexti teknanna. En hér hefur meiri hl. fjvn. farið öfugt að. Ég fullyrði, að hæstv. fjmrh. hefur hér haft sama hátt á eins og fyrir ári síðan, þegar hann, annaðhvort viljandi eða óviljandi, áætlaði mjög marga tekjuliði á fjárl. of lága. Ég skal ekki um það deila, hvort hann hefur gert það viljandi eða óviljandi, því að hvorugt er honum til lofs. Annaðhvort skortir hann skilning eða ábyrgðartilfinningu gagnvart þessu. Það er staðreynd, að tekjuskattinn hefur hann áætlað of lágt, svo að nemur mörgum millj. kr., og verðtollurinn, sem nú er áætlaður á þessu frv. 93 millj. kr., er líka áætlaður of lágt. Það er einnig augljóst mál, að hæstv. ráðh. áætlar tekjur af ríkisstofnunum langt fyrir neðan það, sem reynsla margra undanfarinna ára og sérstaklega reynsla yfirstandandi árs sýnir að tekjurnar verði.

Ef hv. Alþingi fellst á till. um að fella söluskattinn niður, þá er Alþfl. reiðubúinn til að leggja fram till. um að lækka tekjuliðina á frv. og till. um að lækka gjaldabálk frv., svo að fjárlagafrv. yrði eftir sem áður afgr. tekjuhallalaust. Alþfl. mun ekki skorast undan því verki, ef Alþ. samþ. nú við 2. umr. að fella söluskattinn niður. En ef Alþ. samþ. hins vegar að halda söluskattinum, er alveg augljóst mál, að það verður stórkostlegur tekjuafgangur á næsta ári, og þá mun Alþfl. gera sams konar till. um áætlun teknanna. Á gjaldabálkinum mun hann leggja til aukna fjárveitingu til nauðsynlegra verklegra framkvæmda, svo sem brúa, hafna og til þess að koma á fót ýmsum stofnunum, sem fyllsta þörf er að koma á fót, en hefur verið dregið á langinn að gera, m. a. út frá því sjónarmiði, að tekjuskortur yrði. Hvort sem verður ofan á, munu þessar till. lagðar fram við 3. umr. Við töldum allar líkur benda til þess, að hv. stjórnarflokkar fengjust ekki til þess að fella söluskattinn niður, eftir þær undirtektir, sem það fékk í fjvn., því að vissulega hefur meiri hl. fjvn. borið sig saman við hæstv. fjmrh. og ríkisstj. í heild. Við byggjum þetta á því, að hæstv. ríkisstj. hefur flutt frv. um að framlengja söluskattinn frá næstu áramótum. Þess vegna töldum við ástæðulaust að leggja fram till. um lækkun á gjöldum, ef söluskatturinn yrði felldur niður, fyrr en við 3. umr. Ef svo færi, að Alþ. felldi till. um að fella söluskattinn niður, mundi Alþfl. jafnvel fallast á það að fara þá millileið að fá hann felldan niður á öllum nauðsynlegum vörum og vörum til iðnaðar og hann yrði þá framlengdur í því formi. Kæmi þá til álita, hvort sá hluti, sem innheimtist þannig af söluskattinum á næsta ári, skyldi renna beint í ríkissjóð eða hvort honum bæri að verja til aðstoðar nauðstöddum bæjar- og sveitarfélögum, því að ef söluskatturinn helzt, þá er gefinn hlutur, að Alþingi á að ráðstafa þessum tekjum. Ég er sannfærður um, að sú upphæð, sem þessi skattstofn nemur, er nokkurn veginn umfram gjöldin á frv., þegar búið er að athuga alla tekjuliðina og gerð hefur verið tilraun til þess að færa útgjöldin niður.

Að fengnum upplýsingum um hinar gífurlegu umframtekjur, sem aldrei hefur verið ráðstafað af fjárveitingavaldinu, álít ég, að þeim verði að ráðstafa á Alþ. Það er ekki á valdi ríkisstj. að ráðstafa þeim tekjuafgangi og ekki neins af ráðh., heldur ekki hæstv. fjmrh. Það er verkefni Alþ. að ráðstafa þeim tekjuafgangi, sem upplýst er að verði á árinu 1951. Þess vegna ber ég fram till. um ráðstöfun tekjuafgangs yfirstandandi árs, og skal ég nú gera grein fyrir þessari till.

Ég legg til, að allt að 40 millj. kr. verði varið til byggingar íbúðarhúsnæðis í kaupstöðum og sveitum. Tel ég rétt, að allt að 15 millj. kr. af þessum 40 millj. verði varið til bygginga í sveitum, allt að 15 millj. kr. verði varið til verkamannabústaða og allt að 10 millj. kr. til smáíbúða og íbúðarhúsnæðis, sem bæjarfélög láta byggja í kaupstöðum. Það er viðurkennt mál, enda auðsætt af þeim mikla fjölda frv., sem fyrir þessu þingi liggja, að byggingarmálin og íbúðarhúsnæðismálin eru í slíku öngþveiti, að það er ekki viðunandi, þegar út af flóir um fjármagn hjá ríkissjóði. Að mínu áliti er það þá fyrst og fremst þessi þörf, sem ríkissjóði ber að mæta með stórkostlegri fjárveitingu til þess að ráða bót á húsnæðisvandanum. Ef þessi till. verður samþ., er stigið það spor, sem Alþ. ber að stíga til þess að gera mögulegar framkvæmdir, sem verða til úrbóta í húsnæðismálunum bæði til sjávar og sveita. Ég efast um, að mönnum verði greitt um að finna annað hlutverk, sem ákveðnar kallar að að leysa en einmitt byggingarmálin. Ég tel því sjálfsagt, að verulegum hluta af tekjuafganginum verði ráðstafað með því að heimila hæstv. ríkisstj. að verja honum til byggingar íbúðarhúsa. Ég hlusta ekki á þær mótbárur, að við megum ekki ráðast í slíka fjárfestingu til þess að byggja yfir þjóðina, þegar það er heimilað í þjóðfélaginu að byggja 12—13 hæða hús yfir eina blaðaútgáfu í landinu. Þetta væri ekki leyft, ef við hefðum ekki efni á að festa fé í íbúðum fyrir þjóðina.

Önnur till. mín er um, að allt að 15 millj. kr. verði varið til byggingar heilbrigðisstofnana, svo sem héraðssjúkrahúsa og heilsuverndarstöðva. Þó yrði það að sjálfsögðu gert, eins og ætlazt er til í l., gegn fjárframlögum frá öðrum aðilum, þ. e. tryggingunum og einstökum bæjar- og sveitarfélögum. — Í öðru lagi legg ég til, að 16 millj. kr. verði varið til stækkunar geðveikrahælisins á Kleppi og byggingar fávitahælis. Það er vitað mál, að það ríkir hið ömurlegasta ástand í þessum efnum víða úti um land. Það er verið að ráðstafa geðveiku fólki á mörgum stöðum á landinu, án þess að þar séu nokkur skilyrði, en það hefur ekki verið hægt að taka við því á Kleppi og verður líklega ekki hægt á næstunni, nema hælið verði stækkað allverulega. — Það

er almennt viðurkennt, að það verði að byggja fávitahæli, því að aðbúðin að þessum vesalingum er langt frá því að vera svo sem þjóðfélaginu er skylt að sjá um, að aðbúnaður að þeim geti orðið.

Þriðja till. mín er um að verja allt að 20 millj. kr. til greiðslu á vangreiddum framlögum ríkisins lögum samkvæmt vegna hafna, vega, skóla og sjúkrahúsa, miðað við það, sem þessar vangreiðslur verða við árslok 1951. Samkv. upplýsingum fræðslumálaskrifstofunnar stendur upp á ríkið að greiða til barnaskóla 7.8 millj. kr., til gagnfræðaskóla 4.1 millj. kr. og til húsmæðraskóla 1.1 millj. kr. Alls eru því vangoldnar vegna skólanna 13 millj. kr. Þá eru vangreiddar til sjúkrahúsa 1—2 millj. kr., sennilega nær 2 millj. kr. Það er því fyllsta þörf á því, að ríkið greiði til skóla, hafna og sjúkrahúsa allt að 20 millj. kr., svo að bundinn verði endir á þessi vanskil.

Þá er það 4. brtt. Till. fer fram á, að af tekjuafganginum verði varið allt að 10 millj. kr. til kaupa á 4 nýjum dieseltogurum til atvinnujöfnunar í landinu. Fyrir þinginu liggur frv. um ríkisrekstur slíkra togara. Það er meiningin, að þetta verði lítil skip, miðað við nýsköpunartogarana, og komi til með að kosta 3—4 millj. kr. Ef ríkisstj. vildi ráða bót á atvinnuleysinu með því að halda þessum togurum úti og láta þá leggja upp þar, sem atvinnuleysi ber að á hverjum tíma, þá fullyrði ég, að það er ódýrasta leiðin til þess að ráða bót á atvinnuleysinu. Í till. er því lagt til, að allt að 10 millj. kr. af tekjuafganginum verði varið til kaupa á þessum togurum.

Þá er að síðustu lagt til, að lánað verði af tekjuafganginum allt að 9 millj. kr. til byggingar fiskiðjuvera á þremur útgerðarstöðum, Ísafirði, Siglufirði og Hornafirði. Það hagar svo til, að atvinnulíf þessara staða byggir á sjávarútvegi og fiskiðnaði. En mikið er ógert og sérstaklega þörf á því að koma fiskiðnaðinum í það horf, sem nauðsyn krefur. Frá Siglufirði hefur verið hér sendinefnd til þess að ræða við ríkisstj. um það, hvernig hægt væri að leysa erfiðleika þá, sem kaupstaðurinn á nú við að stríða. Ég hef fregnað, að stj. hafi fallizt á það sem líklega leið að veita Siglufirði aðstoð til að byggja stórt, nýtízku hraðfrystihús. Það mun í ráði, að flutt verði frv. til að leysa þetta mál. En það er líkt farið um Ísafjörð og Siglufjörð. Á s. l. hausti fór n. frá Ísafirði til þess að ræða við ríkisstj. Að viðræðunum loknum var stj. ritað bréf um málið, og skal ég — með leyfi hæstv. forseta — tilfæra kafla úr bréfi þessu. Þar segir svo:

„Þó er það svo, að fyrir þá, sem ekki stunda sjóinn, kemur hinn aukni skipastóll ekki að gagni, nema unnt sé að hagnýta sem mest af afla hans heima fyrir, og eftir að nýsköpunartogararnir í bænum urðu tveir, þá skortir mikið á, að skilyrði séu fyrir hendi til að hagnýta afla þeirra og vélbátanna til fulls, eins og aðstæður eru nú.

Bygging fullkomins fiskiðjuvers er því mjög aðkallandi mál fyrir bæjarfélagið í heild. Hefur verið ráðgert, að slíkt fiskiðjuver yrði reist á hinum nýja hafnarbakka, sem bráðlega verður tilbúinn til notkunar, a. m. k. að nokkru leyti. Hugmynd manna er sú, að þarna verði fyrir komið sem flestum greinum fiskvinnslunnar, eftir því sem sérfróðir menn telja hagkvæmt, svo sem hraðfrystingu, fiskimjölsvinnslu, lýsisbræðslu, saltfiskverkunarstöð og e. t. v. niðursuðu. Eins og nú háttar, er mest aðkallandi að koma upp hraðfrystihúsi og saltfiskverkunarstöð, og mundu þær framkvæmdir verða fyrsti áfanginn í byggingu fiskiðjuversins, ef fé fengist til þeirra.

Áætlanir voru fyrir nokkrum árum gerðar um byggingu slíks fiskiðjuvers, en þær mundi þurfa að endurskoða frá grunni, ef til framkvæmda kæmi nú, en láta mun nærri samkvæmt upplýsingum sérfræðings, að til fyrstu áfanga fiskiðjuversins mundi þurfa 6—8 millj. kr.“

Hvað Hornafjörð snertir, þá mun þar hafa verið byrjað á að koma fiskiðjuveri í framkvæmd. Fjárskortur hefur þó tafið málið.

Spurningin er því sú, hvort ríkið vill lána þessum aðbæru fyrirtækjum, svo að þau komist af stað.

Ég efast ekki um, að hugsanlegt er að verja þessum tekjuafgangi með ýmsum hætti, en ég hygg, að þessar till. séu mjög gagnlegar og nauðsynlegar og að það mundi efla þjóðarhag og vera Alþ. til sóma, ef þær næðu fram að ganga. Og víst er, að það er Alþ. að ákveða, hvernig þessum tekjuafgangi skuli varið.

Þá vildi ég víkja nokkrum orðum til hv. frsm. meiri hl. fjvn. Hann sagði, að fjvn. hefði leitað eftir samstarfi við umboðsmenn ríkisvaldsins til þess að draga úr rekstrarkostnaði ríkisins, en þetta samstarf hefði ekki fengizt. Flestir forráðamenn ríkisstofnananna hefðu litið á þessa viðleitni n. sem óþarfa afskiptasemi, sem bæri vott um andúð og jafnvel árásir á viðkomandi stofnanir. Þeir segðu, að þeir þyrftu meira fólk, meira fé og meira húsnæði fyrir skrifstofubáknið. Niðurstaðan er svo ætið sú, að allt þetta er veitt. Fyrst er bara nöldrað, en svo er látið að vilja þessara forstöðumanna. Ég get ekki lagt neitt upp úr því, að skorti á samvinnu verði um þetta kennt. Það er á valdi ríkisstj. að leysa þetta mál, enda hafa ráðh. leyft sér að skera niður áætlaðan kostnað fyrirtækja og stofnana, og það verður að gera. Að það ekki er gert, stafar af því, að ríkisstj. skortir þrek og kjark til þess. Það eru svo margir gæðingar og skjólstæðingar, sem ekki er hægt að reka út á gaddinn. Hæstv. atvmrh. hefur líka játað, að þetta væri erfitt viðureignar, þar sem svo margir vinir, frændur og tengdafólk mundu missa atvinnu sína, og það er vitanlega sannleikurinn í málinu. Að gerð verði gangskör að því að lækka útgjöldin, áður en þinginu lýkur, eins og hv. frsm. meiri hl. vildi vera láta, eru bara hreystiyrði út í bláinn, og tel ég, að ekki sé hægt að vænta neinna aðgerða í þá átt.

Hv. form. fjvn. játaði það, að langstærsti útgjaldaliðurinn væri launagreiðslurnar, sem næmu 90—100 millj. kr. Hann upplýsti enn fremur, að margir af starfsmönnum ríkisins hefðu 60—90 þús. kr. í laun á ári, þó að þeir samkv. launal. ættu ekki að fá meira en 30—50 þús. kr. í árslaun. En hvar eru svo till. hv. meiri hl. um að

kippa þessu í lag? Enginn hefur orðið var við þær, það er bara sagt, að þetta sé hneyksli, og þar við situr. Og ekki verður ábyrgðarleysi minni hl. um það kennt. Minni hl. bar fram till. um að draga úr áætluðum kostnaði við ýmis embætti og lækka hann í það sama og hann var 1951, en hv. meiri hl. felldi allar þessar till. og sömuleiðis þær vara- og þrautavaratill., sem minni hl. bar fram. Þeir starfsmenn ríkisins, sem hafa 60—90 þús. kr. árslaun, hafa því ekki verið settir þar, sem þeir eiga að sitja samkv. ákvæðum launal. Hv. form. fjvn. og hv. meiri hl. n. er jafnkunnugt um það og okkur í minni hl., að búið er að rífa niður launal., sérstaklega í stjórnarráðinu, en hv. meiri hl. hefur aldrei flutt till. um að kippa þessu í lag. Þá er það líka alkunnugt, að í sumum embættum eru greiddar stórar fúlgur fyrir eftirvinnu, og það er heldur ekki minni hl. að kenna, að því hefur ekki verið kippt í lag, — það er hv. meiri hl. að kenna, sem hlýtur að hafa stuðning ríkisstjórnarinnar bak við sig.

Að lokum vildi ég segja, að mér finnst stjórnarfarið í landinu árin 1950 og 1951 líkjast því, sem það var á tímabilinu fyrir 1927, þegar íhaldið fór eitt með fjármálastjórnina um langan tíma. Jón Þorláksson var þá fjmrh. og rak sams konar nurlarapólitík og hæstv. fjmrh. Eysteinn Jónsson gerir nú. Íhaldið átti bara engan Jón Þorláksson núna, svo að það þurfti að fá Eystein Jónsson að láni. Prinsipið, sem farið er eftir, er hið sama. Jón Þorláksson talaði um gætilega fjármálapólitík, og það sama gerir hæstv. fjmrh. Eysteinn Jónsson, en það þýðir að vera á móti verklegum framkvæmdum. Pólitík Eysteins Jónssonar að raka saman sköttum er þó glæfralegri en pólitík Jóns Þorlákssonar, því að nú eru atvinnuvegirnir reknir með tapi.

Alveg eins og í tíð íhaldsstj. fyrir 1927 er nú bruðlað með ríkisfé og miklu mokað í gæðinga stj. Það þarf ekki að nefna nema eitt dæmi: fjárveitinguna til rekstrar vinnuhælis að Kvíabryggju. — Slíkir hlutir hefðu getað gerzt í tíð íhaldsstj. 1927 og gerast nú, og það er þægilegt fyrir íhaldið að geta nú gert þetta á ábyrgð annars flokks. Fyrir einu ári síðan samþ. allir þm. stjórnarflokkanna 125 þús. kr. fjárveitingu til rekstrar vinnuhælis að Kvíabryggju í Grundarfirði. Það vissu allir þá, að þetta svonefnda vinnuhæli var ekki til og mundi ekki taka til starfa á árinu 1951, en þrátt fyrir það var samþ. að veita þetta fé til rekstrar hælisins á árinu. Þar sem ekkert hæli hefur enn tekið til starfa að Kvíabryggju, skyldi maður ætla, að þær 125 þús. kr., sem veittar eru til rekstrar hælisins á fjárl. ársins 1952, væru geymt fé frá fyrra ári. En svo er ekki. Í annað sinn er nú tekin í fjárl. 125 þús. kr. fjárveiting til rekstrar vinnuhælis að Kvíabryggju. Alls hafa því verið veittar til rekstrar þessa hælis 250 þús. kr., þó að það hafi enn ekki tekið til starfa og sennilegt sé, að það muni heldur ekki gera það á árinu 1952. Með bláköldu blygðunarleysi er hér aftur gengið í ríkissjóð fyrir gæðinga íhaldsins, eins og vitað var að verið var að gera í fyrra.

Saga þessa Kvíabryggjumáls er sú, að íhaldsgæðingur einn á Snæfellsnesi sat með þessa jörð óarðbæra, í eyði, orpna sandi og einskis virði. Það þurfti því að gera þessum gæðingi íhaldsins mat úr jörðinni á einhvern hátt, og gerði Reykjavíkurbær það fyrir milligöngu fyrrverandi þm. Snæf., Gunnars Thoroddsens. Ekkja, sem átti hlut í jörðinni, fékk smápening, en íhaldsgæðingur Reykjavíkurbæjar stóran pening. Reykjavíkurbær ætlar að stofna þarna hæli fyrir alla þá, sem ekki greiða barnsmeðlögin skilvíslega, og koma þannig góðu skipulagi á þessi mál. Sjálfur ætlar bærinn að kosta keyrsluna á þessum mönnum í hvert sinn frá Reykjavík til Kvíabryggju í Grundarfirði, en ríkið á að kosta rekstur stofnunarinnar. Þegar fjárl. voru afgr. í fyrra, beið eigandi Kvíabryggju hér á hóteli og átti í miklu sálarstríði. En eftir atkvgr. hélt hann veizlu að Hótel Borg og bauð ekkjunni þangað. (**Fjmrh.**: Var það ekki fallega gert af honum?) Jú, og vegna þess munu þm. Framsfl. hafa rétt upp hendurnar með þessari fjárveitingu! Ég fullyrði, að þetta er ekki rétt meðferð á ríkisfé. Það minnir á sukkið fyrir 1927.

Í kosningunum 1927 tókst að safna þjóðinni gegn pólitík Jóns Þorlákssonar, og þjóðinni varð að ósk sinni. Það sama er hægt nú, ef Framsfl. gerir ekki hugsjónir íhaldsins að sínum hugsjónum. (**PO**: Er þm. í bónorðsferð til Framsfl.?)

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Mér finnst rétt að gera nokkrar athugasemdir í tilefni af ræðu hv. frsm. 2. minni hl. Þessi hv. þm. er kunnur að því að taka munninn fullan, og staðfesti hann það með ræðu sinni nú, því að hann hélt fram slíkum fjarstæðum, að örfátt af því, sem hann sagði, er svaravert. Ég mun því ekki halda langa ræðu, enda mun gefast tækifæri til þess síðar að gera skipulega grein fyrir fjármálastefnu stj. og afgreiðslu fjárl. Þó vildi ég minnast á tvö eða þrjú atriði.

Hv. frsm. 2. minni hl. sagði, að stöðug útþensla væri í ríkisbákninu og að stj. gerði ekkert til að spara; að þeir, sem stjórnað hefðu ríkisframkvæmdum, hefðu eytt og spennt; að auðvelt væri að fá bætt við nýjum starfsmönnum; að óstjórn ríkti á öllum sviðum; að hann hefði viljað fá úr þessu bætt og gefið bendingar í fjvn., en þær hefðu verið hafðar að engu.

Ég vil segja það sama við þennan hv. þm. og ég sagði við hv. frsm. 1. minni hl. Ef þessu er þannig varið, hvers vegna tekur hann sig þá ekki til og flytur till. um sparnað við ríkisreksturinn í stað þess að flytja hér ár eftir ár skvaldur og bull? Það er ómögulegt að tala í alvöru við hv. þm. um þessi mál, ef engar rökstuddar till. koma frá honum og hann bendir ekki á neina útgjaldaliði, þar sem hægt er að spara. Ef taka á hv. þm. alvarlega, er það óhjákvæmileg krafa, að hann beri fram raunhæfar till., þar sem sýnt er fram á, hvar á að spara.

Ég vil í því sambandi spyrja hv. þm. nokkurra spurninga, sem ef til vill gætu gefið honum tækifæri til að svara því. Í fyrsta lagi: Hvað á að spara af þeim 24 millj. kr., sem nú eru veittar til læknaskipunar og heilbrigðismála? Á að fækka læknum? Á að spara matinn? Á að spara meðulin? Á að fækka hjúkrunarfólki og

öðru starfsfólki? Allt mundi þetta hafa í för með sér, að þjónustan yrði lakari en áður. Vill hv. þm. gera eitthvað af þessu, eða vill hann ekkert af því gera? Enn fremur: Vill hann lækka framlög til berklasjúklinga og til þeirra, sem þjást af langvarandi sjúkdómum? Eða vill hann kannske hætta að styrkja einhverja sjúklinga, sem nú fá styrk úr ríkissjóði? Vill hann hætta að greiða til berklasjúklinga 4½ millj. kr. á ári og til sjúklinga, sem þjást af langvarandi sjúkdómum, 5½ millj. kr.? Kannske hann vilji hætta að greiða kostnað við sjúkrahúsarekstur, sem er áætlaður 8½ millj.? Og ég get sagt hv. þm., að allar þessar áætlanir fara fram úr þessu á árinu. Og þessi hv. þm. getur, ef honum finnst það sæma, flutt ræður, sem hann ætlar mér til svívirðingar, um eyðslu í þessum efnum. En átti ég þá að láta loka sjúkrahúsunum, af því að kostnaður við þau fór óhjákvæmilega fram yfir það, sem hann var áætlaður á fjárl.? Átti ég að hætta að borga berklastyrkinn, ef hann, greiddur lögum samkv., færi fram úr áætlun? Átti ég af sömu ástæðu að hætta þá að styrkja þá, sem haldnir eru af langvarandi sjúkdómum? Þessi sami hv. þm. lét í það skína, að ég hefði stolið öllu því, sem gjöld ríkisins hefðu á yfirstandandi ári farið fram úr áætlun fjárl., og þeim gjöldum, sem ekki hefði verið gert ráð fyrir á fjárl., en úr ríkissjóði hafa verið greidd. Vill þá þessi hv. þm. láta lækka framlögin til vegamála? Mér skilst, að hann vilji það ekki. Sjálfsagt finnst honum atvinnan ekki of mikil í landinu. Hvað segir hann um vita- og hafnarmálin? Finnst honum of mikið til þeirra mála lagt fram úr ríkissjóði — eða til flugmálanna? Vill hann láta ríkið minnka strandferðastyrkinn? Vill hann láta ríkið hækka enn meir fargjöld og farmgjöld, svo að hægt sé að reka strandferðirnar hallalaust? Það væri kannske hægt, ef þessi gjöld væru hækkuð. Vill þessi hv. þm. láta fækka mönnum á þessum skipum eða lækka laun þeirra? Hvar eru till. Alþfl. um það? Ég veit ekki betur en að frá Alþfl. hafi komið fram kröfur um að fjölga mönnum á strandferðaskipunum. — Vill hv. 6. landsk. þm. segja, hvort hann hafi hugsað sér nokkurn sparnað í sambandi við dómgæzlu og lögreglustjórn? Og í sambandi við landhelgisgæzluna, sem gert er ráð fyrir, að verði 2¼ millj. og hefur hækkað um 2 millj. síðan í fyrra, — vill þessi hv. þm. draga úr landhelgisgæzlunni? Vill hann láta þessi skip liggja í höfn eða fækka mönnum við landhelgisgæzluna eða lækka laun þeirra? Eigum við að fækka lögregluþjónum og draga saman löggæzluna? Hvar eru till. Alþfl. um þetta? Mér þætti gaman að sjá þær. Eigum við að fækka sýslumönnum eða bæjarfógetum? Síðast í fyrra sá ég ekki betur en að þessi hv. þm., 6. landsk., rétti upp puttana með frv. um nýja meðferð opinberra mála, sem hefur það í för með sér, að fjölga þarf mönnum við dómgæzlu, en ekki fækka þeim. Þannig er samræmið milli orða og gerða þeirra manna, sem leyfa sér að tala í svipuðum dúr og hv. 6. landsk. þm. gerði áðan. — Og fræðslumálin kosta hvorki meira né minna en 50 millj. kr. Hver einasti eyrir þeirrar gr. er greiddur út samkvæmt löggjöfinni um kennslumál, sem Alþfl. hefur jafnan hrósað sér af að eiga þátt í að setja og ekki sízt þessi hv. þm. Og hvar eru till. hans eða Alþfl. um sparnað við kennslumálin? Og hvernig á sá sparnaður að verða? Á kannske að loka einhverjum skólum — og þá hvaða skólum? Á að stytta skólatímann — og þá í hvaða skólum og hvernig? Á að fækka kennurum við skólana og ætla hverjum kennara t. d. að kenna meira en nú? Og hve mikið á að auka kennslustundafjölda kennaranna með því að borga þeim þó sama kaup og í hvaða skólum? Vill hv. 6. landsk. koma fram með till. um þetta í staðinn fyrir að vera bara með þetta skraf um eyðslu, sem engu þjónar? — Og á gr. frv. til bókmennta, lista og vísinda, — hvað vill hv. 6. landsk. þm. spara á þeirri gr.? Á að lækka námsstyrki stúdenta, eða hvað vill hann í því efni? Eða vill hann lækka nokkurn skapaðan hlut? — Þá er 16. gr. Hvað er á þeirri gr., sem þessi hv. þm. hefur í huga, þegar hann talar um margra millj. kr. sparnað? Á að lækka framlagið til Fiskifélagsins? Á að lækka framlagið til Búnaðarfél. Ísl.? Á að lækka framlagið til aflatryggingasjóðs, eða á að lækka jarðræktarstyrkinn og hliðstæða styrki samkv. jarðræktarl.? Á að hætta sauðfjárskiptunum og sauðfjársjúkdómavörnum? Það eru um 16 millj., sem þessir liðir kosta. Hvar eru till. þessa hv. þm. um að spara þessar millj.? Og hvað er það, sem þessi hv. þm. er að álasa ríkisstj. fyrir? Vill hv. 6. landsk. tala um það, svo að einhver skilji? Hvað er það í sambandi við raforkumálin, sem hann vill fella niður? Er það framlagið til raforkusjóðs eða framlög til rafveitna? — Þá er 17. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir, að veittar verði til félagsmála 38 millj. kr. Hvað vill hv. 6. landsk. þm. viðkomandi almannatryggingunum? Ekki einn eyrir er greiddur til þeirra utan laga. Og Alþfl. hefur af engu meira hrósað sér en því að hafa átt frumkvæðið að því að koma á þeirri löggjöf. Á að skerða lögákveðið framlag til almannatrygginganna? Eða til sjúkrasamlaganna? — Og hvað um 18. gr. frv.? Á að hætta að borga eftirlaun. Hv. 6. landsk. getur náttúrlega talað um að lækka nokkra pósta þar. En hvar væri sú verulega lækkun, sem hægt væri að koma fram á þeirri gr.? Á að lækka eftirlaun þar, sem að mestu leyti eru lögboðin? Og hefur Alþfl. ekki gortað af því, að þau væru eins og þau eru? — Þá eigum við ekkert eftir af fjárlagafrv. nema 20. gr., þ. e. framlög til fyrninga og afborganir af skuldum ríkisins. Og hvað á að skera niður þar? — Eða á að skera niður eitthvað alþingiskostnaðinn? Vill þessi hv. þm. segja, hvað hann vill spara, svo að við starfsbræður hans á þingi vitum, hvað það er? — Og þá er stjórnarráðið með þessa mörgu fulltrúa, sem hv. 6. landsk. þm. talaði um, og utanríkisþjónustan. Það er á frv. gert ráð fyrir 4—5 millj. kr. til stjórnarráðsins og litlu meiru til utanríkisþjónustunnar. En jafnvel þó að það væri allt fellt niður, sem á að fara til stjórnarráðsins og utanríkisþjónustunnar, og landið væri látið vera stjórnlaust og utanríkisþjónustulaust, þá væru með því sparaðar aðeins 10 millj. kr., eða ekki

nema um einn níundi hluti af söluskattinum, sem hv. þm. vill láta fella niður.

Af þessu, sem ég hef sagt, sést, að það er engin vitglóra í ræðu hv. 6. landsk. þm. Og ég undrast mjög slíkt tal eins og það, sem hann hefur haft í frammi í sambandi við þetta mál hér í umr. Ég er ekki hissa á því, þó að hv. 5. landsk. þm. talaði hér fyrir helgina í svipuðum dúr. En ég er hissa á því, að fulltrúar Alþfl. skuli tala eins og hv. 6. landsk. þm. talaði hér áðan, því að það verður að ætlast til meira af þeim en af kommúnistunum.

Ég upplýsti fyrir helgina, að því fer fjarri, að þær hugmyndir, sem stjórnarandstaðan er hér með um greiðsluafgang hjá ríkinu, hafi við raunveruleika að styðjast. Það verður verulegur greiðsluafgangur á þessu yfirstandandi ári, en hann getur ekki orðið neitt nálægt 100 millj. kr., því að útgjöldin hljóta að fara stórlega fram úr áætlun frá því, sem ráð var fyrir gert. Og ef við tökum aðeins launaútgjöldin ein, þá hefur orðið stórfelld launahækkun til opinberra starfsmanna nú á miðju þessu ári, og fjöldamargir aðrir liðir hafa hækkað á árinu, svo sem jarðræktarstyrkurinn, útgjöld til sauðfjárskiptanna og til tryggingana o. s. frv., o. s. frv. Þetta mun skipta milljónatugum. — Ég skal taka fram í sambandi við greiðsluafgang ríkissjóðs á þessu ári, að ríkisstj. mun, áður en þinginu lýkur, leggja fram frv. um ráðstöfun tekjuafgangsins, a. m. k. þess hluta hans, sem ekki fer í alveg óhjákvæmilegar umframgreiðslur og ekki verður ráðstafað sjálfkrafa til þess að greiða skuldir ríkissjóðs, þannig að ríkisstj. mun ekki taka sig til — enda hefur því verið yfir lýst í þinginu margoft — að ráðstafa þessum greiðsluafgangi upp á sitt eindæmi. Allt þetta skraf hv. stjórnarandstöðu um það, að ríkisstj. sölsi undir sig af ríkisfé og ráðstafi utan fjárlaga upp á sitt eindæmi, er því úr lausu lofti gripið. Og ég er viss um, að þegar til þess kemur að ráðstafa þessum greiðsluafgangi, mun mönnum ekki þykja hann vera of mikill, heldur of lítill. Og við höfum enga leið séð út úr vandræðunum nú, ef við hefðum ekki haft þennan greiðsluafgang til ráðstöfunar. Það skýrist nánar, þegar lengra dregur í meðferð þessara mála.

Hv. 6. landsk. þm. sagði, að núverandi ríkisstj. vildi halda niðri verklegum framkvæmdum. Þetta er eins og annað hjá honum algerlega úr lausu lofti gripið. Það verða nú meiri verklegar framkvæmdir í landinu en nokkurn tíma í sögu þess fyrr, bæði fyrir það, sem greitt er úr ríkissjóði beint, og fyrir það fé, sem kemur frá Marshallhjálpinni og úr mótvirðissjóði. En ef ekki hefði verið haldið þannig á málum ríkisins, að það hefði orðið nokkur greiðsluafgangur nú, þá hefði reynslan orðið sú, að mótvirðissjóðurinn hefði verið læstur og ekki fengizt fé úr honum til þess að standa undir verklegum framkvæmdum. Það er þess vegna sú pólitík, sem ríkið hefur rekið, að hafa greiðsluafgang ár eftir ár, sem hefur orðið til þess, að við höfum getað haldið uppi stórframkvæmdum, sem í landinu hafa verið. Ef þetta hefði ekki verið fyrir hendi, þá hefði verið komið nú í landinu stórkostlegt atvinnuleysi og samdráttur í öllum framkvæmdum, vegna þess að undirstaða þess, að hægt sé að halda svo miklum verklegum framkvæmdum uppi, er sú, að hæfilegt fé sé tekið með sköttum og tollum og ráðstafað til þessara gífurlegu framkvæmda, og líka höfð gát á því, að það verði ekki látið fara í almenna eyðslu, þannig að framkvæmdirnar verði látnar sitja á hakanum og stöðvast.

Um till. hv. minni hluta n. er það aðeins að segja, að þær eru fullkomin fjarstæða. Í fyrsta lagi er ekki hægt að ráðstafa 94 millj. kr. af fjármunum þessa árs, sem væru þeir greiðsluafgangur ríkissjóðs, því að það verður ekki til ráðstöfunar neitt líkt því svo mikið af greiðsluafgangi þessa árs og ekki nándar nærri því. — Og varðandi það að fella niður söluskattinn fyrir næsta ár, er það að segja, að það nær engri átt, vegna þess að eins og nú horfir, er ekki unnt fyrir Alþ. að afgr. fjárl. með þeim viðbótum, sem væntanlega koma við gjaldahlið þess við þessa umr. og 3. umr. þess, með öðru móti en að samþ. þá skatta og tolla, sem nú gilda. Vöruinnflutningurinn verður minni á næsta ári en hann hefur orðið eða verður á þessu ári, sem er að líða. Það verður ekki gert nema á þessu ári með þeirri hjálp, sem við höfum fengið, að hafa innflutninginn eins og hann hefur verið á þessu ári. Og vegna hins mikla innflutnings á þessu ári hafa fengizt miklar aukatekjur, og greiðsluafgangur hefur orðið verulegur þess vegna. Ef þetta hefði ekki verið, þá hefðum við að vísu sloppið nokkurn veginn með afkomu ríkisrekstrarins hallalaust, en engan greiðsluafgang haft. Þess vegna getum við ekki treyst á, að þetta verði svona á næsta ári með greiðsluafgang ríkissjóðs. Og það versta, sem fyrir okkur gæti komið, er, ef við misstum þetta úr böndunum og aftur yrði stórkostlegur greiðsluhalli á ríkissjóði. Það mundi verka þannig, að framkvæmdir yrðu að dragast stórkostlega saman frá því, sem þær eru og þurfa að vera.

Ég skal svo láta þetta nægja að mestu, en vil þó aðeins minnast á eitt dæmi, sem hv. 6. landsk. þm. tók, sem sé um Kvíabryggju. Um það atriði fannst mér ræða hans vera nokkuð undarleg. Hann bölsótaðist yfir því, að ekki hefur verið greitt til hælisins eða dvalarheimilisins á Kvíabryggju fyrir þetta ár. En gert var ráð fyrir, að þetta hæli yrði rekið á þessu ári, en það varð ekki, og við það sparast fé til þess á þessu ári. Rn. gerir ráð fyrir, að þetta hæli komist á fót á næsta ári, og þá er eðlilegt, að fjárveiting verði samþ. til þess fyrir næsta ár. Um stofnun þessa hælis er það að segja, að Reykjavíkurbær leggur til stofnkostnað þess gegn því, að ríkið reki hælið. Nú er ríkinu skylt að reka hæli fyrir þá menn, sem gert er ráð fyrir, að á þetta hæli komi, og Reykjavíkurbæ er ekki skylt að leggja stofnkostnaðinn fram. En til þess að ýta undir framkvæmd málsins hefur Reykjavíkurbær boðizt til þess að leggja stofnkostnaðinn fram með þessum skilyrðum. Sýnist mér ekki ástæða til að finna að því, að Reykjavíkurbær skyldi gera þetta. Að öðru leyti hef ég engin afskipti haft af þessu máli, því að

það heyrir ekki undir fjmrn., og er það dómsmrn., sem að því stendur og hefur í samráði við alla ríkisstj. staðið að því að fá þessa fjárveitingu.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég ætla með fáum orðum að mæla fyrir tveimur brtt. á þskj. 308, sem ég er flm. að. — Hin fyrri er nr. XIV á því þskj., og till. flyt ég ásamt 7 öðrum hv. þm. Er till. um það, að ríkisstj. verði heimilað að greiða Finni Jónssyni listmálara 30 þús. kr. byggingarstyrk. Það hefur verið venja Alþ. um alllangt skeið undanfarið að veita viðurkenndum málurum nokkurn byggingarstyrk, ef þeir ráðast í að koma upp fyrir sig vinnustofu. Nú er Finnur Jónsson listmálari að byggja sér vinnustofu hér í bæ, og er þessi brtt. flutt af því tilefni. — Það er óþarft að fara um þennan listamann mörgum orðum. Hann er meðal þeirra íslenzku málara, sem mestrar viðurkenningar nýtur af öllum þeim, sem á þau mál bera skyn, hvaða stefnu sem þeir annars kunna að fylgja í þeim málum. Finnur er mjög sterkur listamaður og auk þess mjög starfsamur. Fyrir löngu, eða 1925, fékk hann mikla viðurkenningu, er hann var tekinn inn í einn þekktasta listamannafélagsskap í Evrópu, Der Sturm í Berlín, sem ýmsir listamanna, sem hlotið hafa heimsfrægð, hafa verið í, svo sem Klee, Kandinsky, Chagall, Picasso, Rudolf Bauer og fleiri. Félagsskapur þessi lagðist niður, þegar nazistar brutust til valda í Þýzkalandi 1933, og þeir listamenn, sem þennan félagsskap skipuðu, fóru úr landi, mjög margir til Bandaríkjanna. Finnur Jónsson listmálari tók um mörg ár þátt í sýningum þessa heimsfræga félagsskapar, og var hann á þeim árum einn Norðurlandabúa, að Isaac Grünwald, sænskum málara, frátöldum, sem tekinn var í þennan félagsskap. Síðan hefur Finnur Jónsson sýnt myndir á mjög mörgum norrænum sýningum og hlotið mikla viðurkenningu. Í myndum sínum fjallar hann um ýmis þjóðleg efni, og eykur það gildi þeirra. Hann hefur verið um mörg ár í samtökum íslenzkra listamanna og átt þátt í stjórn þeirra. — Ég vona, að hv. þm. sjái sér fært að samþ. þessa till. Varðandi upphæð hennar, 30 þús. kr., vildi ég láta þess getið, að fyrir stríðið síðasta var algengt, að slíkir styrkir næmu 10—15 þús. kr. Nú hefur byggingarkostnaður margfaldazt síðan, og væri því ekki til of mikils mælzt, með tilliti til þess, þó að þessi upphæð hefði til samræmis við það verið látin vera 40—50 þús. kr. Svo langt vildum við flm. ekki ganga. En það er víst, að 30 þús. kr. er minni styrkur nú en 10—15 þús. kr. voru fyrir nokkrum árum. Erfiðleikar við byggingar eru meiri nú á allra síðustu árum heldur en fyrr vegna þeirra erfiðleika, sem siglt hafa í kjölfar gengislækkunarinnar. Og það eru líkur til, að listamaður þessi lendi í verulegum erfiðleikum með byggingarframkvæmdir sínar, ef hann fær ekki styrkinn.

Ég flyt VI. brtt. á sama þskj., um að veita 15 þús. kr. til dr. Sveins Bergsveinssonar til rannsókna á íslenzkri hljóðsögu og framburði í íslenzku. Sveinn Bergsveinsson er doktor frá Hafnarháskóla, og fjallaði ritgerð hans um hljóðfræðileg efni. Þessi ritgerð var viðurkennd af háskólanum í Berlín, þannig að honum veittist réttur til þess að kenna við þýzka háskóla. Dr. Sveinn Bergsveinsson dvaldi um nokkur ár fyrir stríð á Norðurlöndum og í Þýzkalandi og skrifaði allmikið um mállýsingu, sérstaklega um hljóðfræði. Hann kom heim fyrir nokkrum árum eftir dvöl sína erlendis. Heilsubrestur hans veldur því, að hann á erfitt með að vinna fyrir sér við kennslu í framhaldsskólum. Auk þess er það óskynsamleg nýting á hæfileikum hans að láta hann kenna unglingum. Sjálfstæð vísindastörf á sviði málfræði hentuðu honum betur, en í þeim efnum er nauðsyn á, að margvísleg verkefni verði leyst. Dr. Sveinn segir í bréfi til menntmrn., að nauðsyn sé á að halda áfram málrannsóknum Björns Guðfinnssonar, og vekur athygli á nauðsyn þess að hefjast handa gegn flámælinu, sem hefur verið að spilla tungunni undanfarið og heldur því áfram. Um það er ekki að deila, að dr. Sveini Bergsveinssyni er treystandi til mikilla átaka á því sviði, enda hefur stjórn háskólans farið miklum viðurkenningarorðum um menntun dr. Sveins og látið í ljós ósk sína um, að honum verði á einhvern hátt gefinn kostur á að starfa að málvísindum og sérstaklega að því verkefni, sem ég nefndi áðan og honum er sérstaklega hugleikið. Ég hygg, að því fé, sem hér er farið fram á, að veitt verði þessum manni, 15 þús. kr., væri mjög vel varið, ef till. þessi væri samþ., og upphæð þessi í raun og veru hégómi í samanburði við það málefni, sem hér er verið að leggja lið. Vona ég, að hv. alþm. sjái sér einnig fært að samþ. þessa brtt.

Lárus Jóhannesson: Herra forseti. Ég á hér ásamt hv. 10. landsk. þm. brtt., sem er VI. liður á þskj. 315, við 15. gr. A. VIII. 4, þar sem farið er fram á, að styrkur til amtsbókasafnsins á Seyðisfirði verði hækkaður úr 6250 kr. í 10 þús. kr. Amtsbókasafnið á Seyðisfirði hefur undanfarin ár fengið þennan sama styrk eins og er tekinn upp á fjárlagafrv. En eins og öllum er kunnugt, hefur allur kostnaður við bókasöfn hækkað stórkostlega á síðustu tímum. Það, sem sérstaklega háir því, að bókasafn þetta geti komið að fullum notum, — en þetta er amtsbókasafn í Austfirðingafjórðungi, — er, að allt of lítið fé hefur verið til þess að binda inn blöð og bækur, sem safnið hefur aflað sér og því borizt. En bókband hefur nokkuð hækkað síðustu árin. Þó að bókasafnið komi aðallega að notum fyrir Seyðisfjörð, þá er þetta aðalbókasafnið í fjórðungnum og allmikið notað af íbúum Austfjarða yfirleitt, sérstaklega þeim, sem leggja stund á íslenzk fræði þar heima í fjórðungnum. Seyðisfjarðarkaupstaður hefur eftir getu reynt að leggja safninu til tillög. Og á þessu ári nemur framlag Seyðisfjarðarkaupstaðar til safnsins 18 þús. kr. Ef mannfjöldinn þarna er borinn saman við mannfjölda hér í Reykjavík og hins vegar þessi upphæð, sem ég nefndi, við upphæðir, sem mér er sagt, að bæjarbókasafnið hér í Reykjavík njóti frá bænum, þá kemur það fram, að á hvert mannsbarn á Seyðisfirði er greitt til bókasafnsins þar

fjórfalt á við það, sem kemur á mann hér í Reykjavík til bókasafnsins hér. En þar sem amtsbókasafnið á Seyðisfirði er ekki aðeins eign Seyðfirðinga, eins og ég áður tók fram, heldur Austfirðingafjórðungs, og notað allmikið af öðrum en Seyðfirðingum, þá finnst mér ekki nema sanngjarnt, að það sé styrkt af ríkissjóði, eins og gert hefur verið, og er upphæðin, sem hér er farið fram á, sáralítil, miðað við þann kostnaðarauka, sem orðið hefur við rekstur safnsins. — Ég vona því, að hv. þm. sjái sér fært að greiða atkv. með þessari smávægilegu brtt.

Emil Jónsson: Herra forseti. Ég hef á þskj. 308 leyft mér að bera fram nokkrar brtt., tvær af þeim snerta Hafnarfjörð og verklegar framkvæmdir, sem þar er verið að gera, og aðrar tvær brtt. snerta það embætti, sem ég veiti forstöðu.

Fyrsta brtt. er við 12. gr. og er um 500 þús. kr. framlag til heilbrigðisstofnana í Hafnarfirði. Ég skal taka það fram, að undanfarin ár hefur verið í smíðum í Hafnarfirði stór bygging, sem á að gegna miklu hlutverki. Henni er ætlað að vera dvalarstaður fyrir aldraða, sjúkrahús, heilsuverndarstöð og fæðingardeild. Hús þetta er það stórt, að það mun vel geta rúmað þessa starfsemi, og 2 efstu hæðir hússins nær fullbúnar. Eftir er að ganga frá neðstu hæð og kjallara og fá húsbúnað, svo að hægt sé að taka til starfa. Áætlað er, að húsið kosti fullbúið 5 millj. kr., en þar af hafa nú þegar verið greiddar af Hafnarfjarðarbæ 3.6 millj. Nokkur hundruð þúsund munu standa ógreidd í skuld, og er enn eftir að fá 1.4 millj. til að fullgera húsið. Leitað hefur verið til lánsfjárstofnana með lán, en með takmörkuðum árangri. Nú er gefið mál, að ríkissjóði ber að greiða styrk til þess hluta, er jafngildir öðrum sams konar stofnunum, en það eru sjúkrahúsdeildin, heilsuverndar- og fæðingardeildin, en þessum þremur stofnunum er ætlaður helmingur hússins. Ég hef leyft mér að bera fram þá till., að til þessa verði veittar 500 þús. á þessa árs fjárlögum, og hygg ég, að þá mundi vera hægt að taka húsið í notkun að mjög verulegu leyti, þó ef til vill væri ekki hægt að ljúka við það. Hitt finnst mér mjög sorglegt, ef svo má að orði kveða, að húsið sé svo til fullbúið, en þó sé ekki hægt að taka það í notkun, vegna þess að herzlumuninn vantar. Treysti ég hv. Alþingi til þess að taka vel þessari till. minni og veita þá fyrirgreiðslu, er ég óska eftir.

Ég tók eftir því í ræðu hv. frsm. meiri hl. n., að nefndin hefur ekki enn gengið frá heilbrigðismálakafla frv., en mundi gera það fyrir 3. umr. Ef hv. n. eða frsm. vildi gefa mér eitthvert vilyrði fyrir því, að málið verði tekið til athugunar, þá væri mér sama, þótt till. biði til atkvgr. við 3. umr., í því trausti, að fjvn. taki hana til athugunar, er 12. gr. verður athuguð.

Önnur till., sem er till. nr. 2 undir lið IV á sama þskj., fer fram á, að framlag til hafnargerðar í Hafnarfirði verði hækkað úr 220 þús. í 400 þús. Það stendur þannig á, að Hafnarfjarðarbær á hjá ríkissjóði hærri fjárupphæð en nokkur annar bær á landinu, eða 2 millj. kr. Það liggur í hlutarins eðli, að fyrir lítið bæjarfélag er mikið að þurfa að leggja fram ríkishlutann í langan tíma. Hafnfirðingar hafa lagt mikið á sig til þess að koma höfninni á þennan rekspöl. Þeir hafa farið þá leið að taka með útsvörum sínum þennan þunga bagga og hafa þannig aflað á 3. hundrað þús. kr. í þessu skyni. Þrátt fyrir það hvíla á þessu miklar skuldir, því að kostnaður er í dag upp undir 10 millj. kr. Enginn bær á landinu á neitt líka upphæð hjá ríkissjóði; næst er Akureyri með 600 þús., sem er helmingi minna og vel það. Þegar þar við bætist, að Hafnarfjörður verður nauðugur, viljugur að leggja í aðrar fjárfrekar framkvæmdir, þá finnst mér ekki til of mikils mælzt, að eitthvert tillit sé tekið til þess, að bæjarbúar hafa sjálfir tekið á sig þyngri byrðar í þessu efni en dæmi eru til hér á landi — eða að minnsta kosti fá dæmi. Með hliðsjón af þessu öllu finnst mér að eigi að hækka framlagið úr 220 í 400 þús., og vænti ég, að þessari till. verði tekið vinsamlega.

Þá er það brtt. nr. 1 undir lið IV, við 13. gr., á sama þskj., sem er um rekstur vitamálanna. Hv. þm. Barð., frsm. meiri hl. n., komst svo að orði í sinni ræðu, að þeir, sem veittu opinberum stofnunum forstöðu, væru lítið spenntir fyrir því að láta glugga í rekstur sinn eða draga úr fjárútlátum í sambandi við hann. Ég geri ekki ráð fyrir, að hv. þm. hafi beint þessu til mín, því að ég hef jafnan reynt að draga úr fjárútlátum stofnunarinnar. Ég hygg, að þar sé ekki mikið um það, að menn séu yfirborgaðir eða á mörgum launum. Ég tek þetta aðeins fram til þess að undirstrika það, að þessar tvær till. eru ekki til þess að auka hlunnindi þess fólks, er þarna starfar, þó að þess væri þörf, eða kauphækkun, þó að ýmsir hafi minna en skyldi. Þessi till. byggist á því, að hækkað verði framlag til vitamálanna úr 550 þús. í 850 þús. kr., og er það vegna þess, að vitamálaskrifstofan hefur hug á að koma sér upp sanddæluskipi. Ég hef fengið dælu og lítinn mótor á 130 þús. kr. Ég hafði fengið heimild til að kaupa þetta út á fjárveitingu þessa árs, en mér skilst af nál., að n. hafi fallizt á að greiða þetta umfram fjárveitinguna á þessu ári. Þessi fjárveiting er þó hvergi nærri nóg til þess að hafa svipaðan hátt á áhaldakaupum og rekstri og til þarf, því að hlutir þeir, er við þörfnumst, kosta of fjár. Ég hef fengið tilboð frá Englandi um notuð tæki, en að vísu nýuppgerð, sem eiga að kosta 400 þús. íslenzkra kr. þar á staðnum. Á þessu má sjá, að slík tæki eru tiltölulega dýr og engin von, að með þessum 550 þús. sé hægt að koma upp slíku skipi. Þau áhöld, sem við eigum, eru að tölunni til mörg, — það munu vera um 100 vélknúin tæki. Þau eru í láni yfir sumartímann úti um allt land og eru bæði orðin gömul og illa meðfarin, þar eð ýmsir menn nota þau, sem hugsa ekki alltaf um að fara sem bezt með þau. Viðhald þessara tækja kostar óskaplegt fé.

Þá vil ég að lokum minnast á brtt. við 15. gr., undir lið XII á sama þskj., sem er um að fjárveiting til sjómælinga verði hækkuð úr 175 í 250 þús. Þegar áætlun þessi var gerð fyrir mitt sumar samkv. ósk fjmrh., — hefði ef til

vill verið hægt að komast af með þessa upphæð, en nú hefur allt hækkað í verði síðan, og deildarstjórinn, Pétur Sigurðsson sjóliðsforingi, telur, að það minnsta, sem hægt sé að komast af með, sé 250 þús. Það segir sig líka sjálft, að það er ekki mikið gert út fyrir þá upphæð. Mælingaskipin eru tvö, annað er 20 tonn, en hitt er minna, og eru þau bæði í gangi svo til allt sumarið, frá því að þau eru tekin út í maí og til septemberloka. Það getur því hver sagt sér það sjálfur, að það má halda vel á til þess, að þessi upphæð nægi, enda held ég, að það sé gert.

Sé ég ekki ástæðu til að ræða þessar till. meira, en þær eru allar þannig vaxnar, að það er brýn og knýjandi nauðsyn, að þær komist áfram, og tel ég, að það sé sanngirni að krefjast þess.

Jón Gíslason: Herra forseti. Ég hef flutt tvær brtt. á þskj. 315 við fjárlagafrv. — Sú fyrri — undir lið II — er um að hækka framlag til brúar á Kerlingardalsá úr 120 þús. í 300 þús. kr. Við Vestur-Skaftfellingar erum þannig settir, að meiri hluti sýslunnar, 5 hreppar af 7, liggur austan Mýrdalssands, og eru samgöngur því mjög erfiðar. Vegurinn liggur yfir Höfðabrekkuheiði, og er hún mjög snjóþung. Reynslan sýnir, að þessir vegir teppast mestan hluta ársins og eru jafnvel ekki færir fyrr en í júní. Þá verður að grípa til þess úrræðis að fara yfir Mýrdalssand neðan undir Höfðafjalli. En eins og kunnugt er, þá verða þar á leið manns tvö vötn, Múlakvísl og Kerlingardalsá. Múlakvísl er jökulvatn, og hefur oft tekizt að komast yfir hana á bílum, þegar hlaup eru ekki í henni, því að þá er hún ekki meiri en smálækur. En þegar hlaup eru í henni, er hún stórfljót. Öðru máli er að gegna með Kerlingardalsá. Hún er bergvatnsá, sem ekki má frjósa eða vaxa, þá er hún ófær bílum. Vestur-Skaftfellingar líta svo á, að eitt mesta nauðsynjamál þeirra sé að fá brú á Kerlingardalsá hjá Fagradal. Það var í undirbúningi að fá hér aðstoðarlán, svo að framkvæmdir gætu hafizt í sumar, ef fjárveiting fengist ekki. Þessi brtt. byggist á því að fá 300 þús. kr. til brúarinnar, og ef sú fjárveiting fengist, þá gætu framkvæmdir komizt á í sumar. — Það má geta þess, að Höfðabrekkuheiði var ófær í fyrra frá því í desember. Í apríl var fluttur í flugvélum allmikill fóðurbætir austur, og varð kostnaður á tonnið 1500 kr. Þetta er svo mikill kostnaður, að hann er óbærilegur. En ef við fengjum brúna, þá mundi það koma í veg fyrir þessi vandræði.

Hér hef ég svo flutt aðra brtt. — undir lið IX — um fyrirhleðslu í Kúðafljót í Meðallandi, 200 þús. kr. Það er að vísu ekki fyrirhleðsla í fljótið sjálft, því að það ætlar sér enginn að stífla. — Svo er mál með vexti, að Kúðafljót skilst í sundur um hólma nokkra og rennur ýmist austan eða vestan við þá. Fljótið rennur venjulega vestan við þá, en þegar vöxtur hleypur í það, rennur það austan við og gerir þá Meðallendingum ýmsar búsifjar. Þá hleypir það túnum þeirra í gadd og fyllir hlöður þeirra vatni, eyðileggur girðingar o. m. fl. Fyrir löngu er vaknaður mikill áhugi á því að hlaða upp í eystri farveg fljótsins, en kostnaður við þetta yrði allmikill. Ef þetta yrði gert, þá mundi og fást þarna allmikið landrými, sem hægt væri að breyta í gróið land. Hér er lagt til, að veittar verði 200 þús., en það mundi vera hálfur kostnaður.

Ég vona, að hv. þm. taki þessum brtt. mínum vel og samþ. þær.

Sigurður Ó. Ólafsson: Herra forseti. Ég á ásamt tveim öðrum hv. þm. brtt. á þskj. 308 við fjárlagafrv. fyrir árið 1952 um það, að tekin verði inn á fjárlög fjárveiting á næsta ári til Austurvegar, 1½ millj. kr. Í sambandi við þessa brtt. vildi ég segja nokkur orð um samgöngur milli Suðurlandsundirlendisins og Reykjavíkur. Á þessari leið fara fram mjög miklir flutningar, sem eðlilegt er, þar sem þetta er eina samgönguleiðin, þ. e. a. s. landleiðin milli Suðurlandsundirlendisins alls og Rvíkur, og þá er átt við milli Árnessýslu, Rangárvallasýslu, Skaftafellssýslu og Reykjavíkur. Framleiðslan í þessum héruðum er orðin mjög mikil, og er þannig háttað t. d. um mjólkurflutningana, að þá vöru verður að flytja daglega þessa leið og á markaðinn hér í Reykjavík. Þar að auki fara allir vöruflutningar til þessara héraða fram eftir þessari sömu leið. Það hefur verið talin bílaumferðin hjá skíðaskálanum í Hveradölum, og þá hefur komið í ljós, að daglega fara þar fram hjá um 100 bílar. Og af því hafa reynzt vera 60 vörubílar og 40 stórir og litlir fólksflutningabílar. Þetta er meðaltala, misjöfn nokkuð eftir árstíðum, miklu meiri stundum og aftur minni stundum. Nú gefur auga leið, þar sem um svona mikla umferð er að ræða, að hver kílómetri, sem sparast í svona mikilli umferð, hefur mjög mikið að segja, hvað rekstrarkostnað snertir á þeim farartækjum, sem notuð eru til þessara hluta. Nú er þannig ástatt með þessa leið t. d. austur í Árnessýslu, að þar er allan þann tíma, sem ekki er ófært af snjó, farið um Hellisheiði, þar sem hún er stytzta leiðin frá Reykjavík að Selfossi, eða 59 km. Önnur leið er Þingvallaleiðin. Hún er 92 km. Þá er Krýsuvíkurleiðin, eftir að sá vegur var gerður. Sú leið er 102 km frá Reykjavík, og er alltaf miðað við með þessum tölum að Selfossi. Eins og sést af þessum tölum, þá munar miklu, hvað Hellisheiðarleiðin er styttst, enda er hún oftast farin, þegar hún er ekki ófær af snjó. Hefur lengi verið talað um að fá leið, sem væri snjóléttari, og árið 1946 voru samþ. sérstök l. á Alþingi um Austurveg. Þá var gert ráð fyrir að fara með þennan veg Þrengslaleiðina svokölluðu, en hún liggur töluvert sunnar yfir fjallgarðinn en Hellisheiðarleiðin, og er hún hvergi hærri en Svínahraun yfir sjávarmál. Nú er enginn vafi á því, að því hærra sem leiðin liggur, því meiri snjóhætta er þar. Þessi leið með Austurveg var rannsökuð mjög gaumgæfilega af sérstakri n. Og upp úr starfi hennar voru samþ. l. um þennan veg. Nú hefur ekkert verið gert að þessum vegi í þessi 5 ár, síðan l. um þetta voru samþ., fyrr en lítils háttar á síðasta hausti. En á þessu tímabili var unnið að Krýsuvíkurveginum, og á s. l. vetri var nær þriggja mánaða tímabil, sem Hellisheiðarleiðin var ófær allan tímann. En þá var far-

in Krýsuvíkurleiðin. Hún kom þarna að mjög verulegu gagni, vegna þess að hún var yfirleitt alltaf fær hvað snjó snerti, þó að töluvert þyrfti nú að moka þar og yfirleitt að hafa ýtur til taks til þess að halda þeirri leið opinni. Eftir upplýsingum vegamálastjóra hefur sú leið kostað með slíkum rekstri um 100 þús. kr. á síðastl. ári. En þó að hún sé miklu lengri en Hellisheiðarleiðin, þá var stórbót að geta farið hana, þegar Hellisheiðarleiðin var lokuð af snjó.

Með því að gera þennan Austurveg, sem l. frá 1946 gera ráð fyrir, ef gera mætti ráð fyrir, að hann yrði miklu snjóléttari en Hellisheiðarleiðin, en þó eitthvað snjóþyngri en Krýsuvíkurleiðin, þá ætti lagning hans að spara mjög mikið og verða til mjög mikilla hagsbóta fyrir samgöngurnar austur. Þrengslaleiðin, þegar sú leið væri fullgerð, yrði 61.3 km frá Reykjavík og að Selfossi, eða m. ö. o. rúmlega 2 km lengri en núverandi Hellisheiðarvegur. En ef gerður væri kaflinn frá því efst úr Svínahrauni og austur á Ölfusárveginn hjá Þurá, eins og gert var ráð fyrir, þá mundi það verða 66.5 km. Það kemur út af því, að Austurvegurinn er hugsaður á nýjum stað alla leiðina frá Lögbergi og að Selfossi, og sú leið er farin töluvert beinna en núverandi leið er, og þess vegna styttist hann um rúmlega 5 km, þegar hann væri kominn allur. En nú er ekki nokkur vafi á því, að það er rétt stefnt í þessu máli að gera þennan kafla frá því efst úr Svínahrauni, þar sem hann á að liggja, og austur í Ölfus. Þessi kafli er 24 km. Vegamálastjóri hefur gert áætlun um, að þessi kafli kostaði, miðað við að hann væri 7 metra breiður og malborinn, um 5½ millj. kr. Nú gerir hann einnig ráð fyrir því og segir, að það mundi stytta þennan veg nokkuð, að fara fyrr niður á Ölfusárveginn, og mætti stytta hann með því kringum 5 km, og með því að fullgera ekki þennan spotta eða hafa hann mjórri en aðalveginn, þá mundi geta farið svo, að hægt væri að koma þessum vegi þarna saman fyrir 3.7 millj. til 4 millj. kr. Vegamálastjóri fór fram á það á síðasta hausti að fá að byrja á þessum vegi, þ. e. a. s. láta ýtur vinna nokkuð að honum, svo sem ryðja hann og reyna að hlaða hann upp, til þess að ef snjóa gerði, þá væri hægt að sjá, hvernig vegurinn reyndist, hvort hann færi strax í kaf eða stæði upp úr snjónum. Með samþykki rn. var þetta gert í haust, og er nýlega hætt að vinna þar. Þetta gerði hann einnig til þess að athuga, hvernig þessi vinna færi hjá þessum stórvirku ýtum, og hefur komið í ljós, að sú áætlun, sem vegamálastjóri var búinn að gera áður, mun láta mjög nærri að vera rétt, eða það er ekki hægt að sjá annað á því, sem komið hefur í ljós af þessum vinnubrögðum.

Nú hefur verið lagt til í erindi, sem lá fyrir fjvn., að áætla á fjárl. fyrir árið 1952 1.5 millj. kr. til þess að halda áfram vinnu við Austurveg á næsta ári. En hv. fjvn. sá sér ekki fært að taka þetta inn á fjárl. Þess vegna höfum við flm. þessarar till. tekið hana nú upp sem brtt.

Ég vænti þess, að þetta mál fái góðar undirtektir hjá hv. þm., þar sem vitað er samkvæmt reynslu frá síðasta ári, þegar varð að nota Krýsuvíkurleiðina í 100 daga, þá hefur vegamálastjóri reiknað út, að miðað við að ef Hellisheiðarleiðin hefði verið farin allan tímann, þá mundi á þessum tíma hafa sparazt á 2. millj. kr. í benzíni og sliti á bílunum. Ef slíkt kæmi fyrir vetur eftir vetur, þá mundi það fé, sem lagt er í Austurveginn, ekki vera lengi að borga sig. Frá því sjónarmiði séð verður þetta svo sjálfsagt og eðlilegt, að nauðsynlegt er að koma veginum þarna saman. Þó að ekki sé gert frekar í því að gera Austurveginn eins og l. um hann ákveða, þá er þetta kaflinn, sem er mest áríðandi og hefur langmest að segja, ef hann kæmist fram. — Ég vænti, að hv. þm. hafi þetta í huga, þegar kemur til atkvgr. um þessa till., og vænti, að þeir afgreiði hana eins og óskir standa til.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Á þskj. 308 eru tvær brtt., sem ég vildi gera að umtalsefni hér. — Önnur er um það, að 8 þús. kr. verði veittar til Guðmundar Jónssonar söngvara til söngnáms. Fjvn. hefur tekið upp í till. sínar styrk til nokkurra listamanna, það er brtt. n. nr. 41, og fer till. mín fram á, að það verði veittur sams konar styrkur til Guðmundar Jónssonar. Á fjárlögum yfirstandandi árs var samþ. fjárveiting til hans. Hann er nú erlendis við söngnám. Og ég þarf ekki að vera margorður um rökstuðning fyrir því, hversu ágætur söngvari Guðmundur Jónsson er.

Síðari till. er á sama þskj., 308, XVI. Hún er um endurnýjun á heimild til greiðslu á fjárl. til h/f Skipanausta vegna dráttarbrautar og skipasmíðastöðvar og um leið hækkun vegna breytts verðlags. Þessi heimild var samþ. á fjárl. árið 1949 og var 3 millj. kr. Sú brtt. fékk þá góðar undirtektir hér í þinginu. En ástæðan til þess, að sú heimild hefur ekki verið notuð, er sú, að fjárfestingarleyfi hefur enn ekki fengizt til framkvæmdanna. Nú er það svo, að verulegur hluti af því efni, sem á að nota til þessarar dráttarbrautar og skipasmíðastöðvar, er frá Ameríku, og hafa verðhækkanir á því að sjálfsögðu orðið mjög verulegar, þar sem tvær gengisbreyt. hafa orðið á dollar síðan þessi heimild var samþ. Ólafur Sigurðsson skipaverkfræðingur og forstjóri landssmiðjunnar, sem er manna bezt kunnugur þessu, hefur gert kostnaðaráætlun um þetta í samráði við bandarískt fyrirtæki, sem hefur 100 ára reynslu eða meira í að byggja slíkar stöðvar. Og kostnaðurinn nú við þau mannvirki, sem hér um ræðir, mundi eftir þeirri áætlun verða við byggingu 2500 tonna dráttarbrautar og byggingu skipasmíðastöðvar 7680 þús. kr. Við það er svo miðuð lánsheimildin, 6 millj. kr., í stað 3 millj. kr., sem áður var.

Fyrir 2 árum, þegar mál þetta var hér til meðferðar, þá gerði ég ýtarlega grein fyrir þessu máli og fyrir nauðsyn málsins og fjárhagsáætlun. Þetta á sér nokkuð langan aðdraganda. Það var á árunum 1944—45, að stofnað var hlutafélagið Skipanaust til þess að koma upp skipasmíðastöð og dráttarbraut. Landi til fyrirtækisins var úthlutað inni við Elliðaárvog. Málið var lagt fyrir nýbyggingarráð, sem tók því mjög vel og tók þessa fjárhagsáætlun upp í áætlun sína og hét því stuðningi. Í samráði við nýbyggingar-

ráð voru þá þegar fest kaup á nokkru efni, sem liggur hér enn ónotað. Nýbyggingarráð mælti svo með því, að fyrirtækið fengi stofnlán, 2.4 millj. kr. En þegar til átti að taka, þá hafði stofnlánadeildin ekki það fé handbært, sem þannig hafði verið gefin ávísun á. Og af þessum ástæðum hefur fjárhagsráð ekki enn treyst sér til að veita fjárfestingarleyfi. Hefur dráttur af tilgreindum ástæðum orðið á þessum framkvæmdum. Hins vegar vil ég segja, að hér er um eitt mesta nauðsynjamál að ræða fyrir útveg landsmanna. Við höfum hér á landi í raun og veru aðeins eina skipasmíðastöð, þ. e. slippinn í Reykjavík, sem endurbyggður var fyrir allmörgum árum og hefur verið stækkaður ekki alls fyrir löngu. Hann mun geta annazt viðgerðir á flestum togaranna, þ. e. a. s. hann er nægilega stór og öflugur til þess. En á hitt er að líta, að ekkert má út af bera. Einhver bilun, sem þar kynni að koma fyrir, gæti komið í veg fyrir, að íslenzki skipastóllinn gæti fengið viðgerð, þar sem ekki er um aðra slíka viðgerðastöð að ræða hér á landi. Og erlendis, þangað sem við náum til, hafa skipasmíðastöðvarnar eða skipaviðgerðastöðvarnar svo mikið verkefni viðkomandi viðgerðum á skipum, sem þar eiga heima, að þar geta ekki komizt í framkvæmd viðgerðir á okkar skipum fyrr en þá eftir langa bið.

Það er nauðsynlegt fyrir íslenzk stjórnarvöld að skilja, að það getur verið voði fyrir hendi í sambandi við að hafa ekki þessa skipaviðgerðarstöð, þar sem ekki er hægt að gera við íslenzk skip erlendis nema eftir langan tíma. Þessi skipasmíðastöð, sem hér er fyrirhuguð, á að geta tekið í slipp til viðgerðar skip allt að 2500 tonn að stærð. Þannig ætti að vera unnt að gera við öll okkar skip hér á landi, að undanskildum Tröllafossi, Gullfossi og Hæringi. Það eru sem sagt aðeins 3 skip, sem eru í eigu okkar Íslendinga, sem skipasmíðastöðin gæti ekki tekið til viðgerðar í hinni fyrirhuguðu stöð.

Ég skal ekki fara frekari orðum um þetta, en ég vil geta þess, að það hefur nýlega verið rætt við fjárhagsráð um þetta, að það veitti fjárfestingarleyfi fyrir þessu fyrirtæki. Hins vegar hefur Alþingi áður fjallað um þetta mál og hefur á þinginu 1949 viðurkennt nauðsyn þess, að það næði fram að ganga. Það má því líta á þetta sem endurnýjun af hálfu þingsins, en upphæðin hefur aðeins verið hækkuð nokkuð með tilliti til gengislækkunarinnar.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég á fjórar brtt., sem ég flyt með öðrum sem 1. flm. og prentaðar eru á þskj. 308 og 315. Á þær vil ég nú minnast. Hins vegar mun hv. 1. flm. ræða um þær till. aðrar, sem ég er við riðinn, hv. 2. þm. Eyf.

Það er þá í fyrsta lagi brtt. á þskj. 315, rómv. XIV, sem ég flyt ásamt hv. þm. N-Ísf. Efni þeirrar till. er það, að ríkisstj. sé heimilt að verja allt að 10 millj. kr. af tekjuafgangi ríkisins árið 1951 til framkvæmda rafveitna ríkisins eða taka sömu upphæð að láni í þessu skyni. Það er nú varla þörf að fjölyrða um þessa till., því að ég hef nú nýverið vikið að sams konar máli í umr. hér á Alþingi, bæði í Sþ. og Ed. Þessi brtt. er ekki kjördæmistill., en er borin fram af almennri þörf þjóðarinnar á frekari lausn í raforkumálunum. Hún er borin fram til þess að auka framkvæmdir í rafveitumálunum frá því, sem verið hefur.

Þegar raforkulögin voru sett, var það von manna, eins og einnig má sjá á blaðaskrifum frá þeim tíma, að þeir fengju rafmagn heim á býli sín. Var því, eins og að líkum lætur, ákaflega fagnað. Hins vegar er það nú ljóst, að það muni taka mjög langan tíma, að raforkan komist til dreifbýlisins, eins og sú áætlun er nú úr garði gerð og framkvæmd. Það lítur út fyrir, að aðeins lítill hluti þess fólks, sem í dreifbýlinu býr, verði aðnjótandi þeirra þæginda, sem raforkan veitir, að minnsta kosti hvað viðkemur núlifandi kynslóð.

Eins og ég hef áður tekið fram í umr. um sama mál, eru tvær leiðir færar í þessum efnum. Annars vegar er það, eins og við hv. þm. N-Ísf. höfum lagt til, að greitt verði fyrir frekari framkvæmdum í dreifbýlinu í þessum efnum frá því, sem nú er áætlað, en hin er sú, að hæstv. ríkisstj. lýsi því yfir, að rafmagn komi ekki fyrr en seint og síðar meir á suma bæi. Það er skárra að segja: Dreifbýlið verður að vera útundan, — heldur en að halda vonum, sem sýnilega bregðast. Ég hef á þessu þingi flutt frv. um eina tiltekna veitu, sem samrýmist þessari brtt., ef frv. nær samþykki. Eins og sjá má, er þessi brtt. við 22. gr. fjárlaganna, heimildargreinina. Þar sem hér er aðeins um heimild að ræða, raskar þessi brtt., þótt samþ. verði, ekki niðurstöðu fjárlaga á næsta ári. Með till. er því ekki lögð nein skylda á ríkisstj. Hins vegar, ef hugsunin er sú að auka framkvæmdir í þessum efnum, er gott fyrir ríkisstj. að hafa slíka heimild sem hér um ræðir.

Ég sé nú ekki ástæðu til þess að víkja fleiri orðum að þessari till., því að meðflm. minn mun að líkindum minnast á hana einnig, og mun ég nú víkja að minu eigin kjördæmi. Mun ég aðeins minnast á þær till., sem ég er 1. flm. að.

Áður en ég vík að hinum einstöku till., vil ég segja fjvn. það, að mig undrar, hvernig hún hefur sett Eyjafjarðarsýslu hjá í þeim efnum. Svo hefur og verið á undanförnum árum. Það er sagt, að vegir séu svo góðir í Eyjafirði, að þörfin um úrbætur í þeim efnum sé meiri annars staðar. Í því tilefni vil ég láta þá skoðun í ljós, að það þarf á fleira að líta en það eitt, t. d. hve margt fólk býr í héraðinu og hverjir þeir atvinnuvegir séu, sem einkum eru stundaðir. Það er meiri þörf fyrir góðan akveg þar, sem framleitt er mikið af mjólk, sem flytja þarf daglega á markað, en þegar um sauðfjárrækt er nær eingöngu að ræða. Ég er ekki að segja, að þeir menn þurfi ekki einnig að fá vegi, en ég er að tala um það, hvar þörfin er meiri og brýnni. Það er hægt að reka fé, en það er ekki hægt að flytja mjólk, svo að nokkru nemi, ef akvegur er ekki fyrir hendi.

Við þm. Eyf. fórum fram á það við hv. fjvn., að fjárveiting yrði tekin upp til þess að byggja

upp Eyjafjarðarbraut. Í þessu sambandi vil ég minna á, að þessi braut var lögð á þeim tíma, þegar mönnum kom ekki til hugar, að bifreiðar yrðu samgöngutæki hér á landi. Þessi vegargerð var eingöngu ætluð hestvögnum, og var ekki gert ráð fyrir, að ekið væri á henni að vetrarlagi. Ef nokkur snjór sezt í brautina, er hún þegar ófær bifreiðum. Það má vera, að það mætti fá gert við brautina af viðhaldsfé vega, en slíkt hefur nú ekki fengizt að verulegu gagni, nema hvað varðar þjóðveginn næst Akureyri.

Ég vík þá að brtt. III á þskj. 291, um að hækka framlag til ræktunarvegar í Hrísey um 4 þús. kr. Í till. fjvn. er nú lagt til að veita til ræktunarvegar í Vestmannaeyjum 30 þús. kr., í Flatey 10 þús., þar næst kemur Hrísey með 4 þús., en aðrir ræktunarvegir eru með 3 þús. kr. Ég er að vísu ekki kunnugur í Flatey á Breiðafirði, en ef þörfin er þar 10 þús. kr. til ræktunarvega, þá geri ég ekki síður ráð fyrir, að þörf sé 8 þús. kr. í Hrísey.

Hinar till., sem við þm. Eyf. flytjum, eru þær, að við förum fram á fjárveitingu til tveggja minningarlunda, sem þegar er byrjað á, til minningarlundar Jónasar Hallgrímssonar 5 þús. kr. og minningarlundar Jóns Arasonar 5 þús. kr.

Ég held, að þess gerist ekki þörf, að færð séu rök fyrir því, að þessir menn eigi skilið, að Íslendingar minnist þeirra með þeim hætti, að gerðir séu minningarlundir, sem helgaðir séu þeim. Ég hef því engin orð um það. Á 400. ártíð Jóns biskups Arasonar voru gerð samtök í Eyjafirði um að koma upp trjálundi til minningar um hann að Grýtu í Öngulsstaðahreppi, þar sem hann er talinn vera fæddur. Hefur þegar safnazt nokkurt fé til þessa trjálundar og framkvæmdir þegar hafnar. — Um minningarlund Jónasar Hallgrímssonar er það að segja, að það mál var tekið upp af Skógræktarfélagi Íslands, og var það Valtýr Stefánsson ritstjóri, sem hreyfði því máli þar sérstaklega að gera minningarlund í fæðingarsveit hans um skáldið, sem orti svo mikið um íslenzka náttúru og sá dalinn í anda fyllast skógi. Í Öxnadal er nú þegar undirbúið 4 ha landssvæði, sem skrýða á skógi. Er það að Steinsstöðum, þar sem skáldið ólst upp og átti því sitt raunverulega æskuheimili, þótt Jónas fæddist á Hrauni í Öxnadal. Nú þegar mun vera búið að gróðursetja um 2 þús. trjáplöntur. Þessar framkvæmdir kosta það mikið fé, að lítið munar um 5 þús. kr., en það er viðeigandi að veita þessa litlu upphæð úr ríkissjóði til þessa máls, og raskar það lítið niðurstöðutölum fjárlaganna, en með því viðurkennir Alþingi þessa merku viðleitni, þótt í litlu sé.

Ég skal svo ekki eyða tíma hins háa Alþingis lengur og læt máli mínu lokið.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Sú eina brtt., sem ég hef flutt, er prentuð á þskj. 315, XII. Hún er flutt af okkur þm. Skagf. og er brtt. við 22. gr. fjárlaganna, heimildagreinina. Fjallar hún um það, að ríkisstj. verði heimilað að greiða Gunnlaugi Björnssyni eftirlaun, sem svarar ⅔ hlutum núverandi launa hans.

Gunnlaugur Björnsson hefur verið kennari um 20 ára skeið að Hólum í Hjaltadal. Hefur hann alla tíð verið aukakennari. Hann hefur setið að búi sínu á sumrum og starfað að búskapnum, en hefur verið við aukakennslu að Hólum á vetrum. Laun hans hafa alla tíð verið mjög lág, stundum svo lítil, að hv. þm. mundu varla trúa því. Líklegt er talið, að Gunnlaugur láti af störfum á næsta ári, sökum þess að heilsan er farin að bila. Ég tel sjálfsagt, að hann hljóti einhver eftirlaun. Það ætti því að geta orðið samkomulag um það, að eftirlaun hans verði miðuð við ⅔ hluta launa hans, og vænti ég þess, að hv. þm. skilji, hvað hér er um að ræða, og ljái málinu liðsinni sitt.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þetta. Ef fjvn. vill athuga brtt. á milli umr., er ég fús til að taka hana aftur til 3. umr.

Aðrar brtt. er ég ekki við riðinn. Ég ætla ekki að fara að tala um afgreiðslu fjárlaganna almennt. Mér finnst hæstv. fjmrh. megi vel við una, eftir að ég hef hlýtt á málflutning minnihlutaflokkanna. Einkum virðast þessir flokkar setja út á það, að það skuli vera tekjuafgangur á fjárl. Það virðast þessir herrar ekki geta þolað. Það er engu líkara en þeir ætli að missa andlitin, af því að ríkissjóður eigi eftir nokkrar krónur að fjárhagsárinu loknu. — Eins og ég sagði, þá ætla ég ekki að ræða afgreiðslu fjárl., en vildi aðeins minna á þetta. Ég skal svo láta máli mínu lokið.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Áður en ég kem að þeim fáu brtt., sem ég er við riðinn, vildi ég gera athugasemdir við tvær brtt. fjvn.

Hin fyrri er varðandi brú á Selá. Á síðasta þingi fengum við til þeirrar brúar 250 þús., ég og hv. 6. landsk., samkv. till. n. Við töldum okkur hafa örugga vissu fyrir því, að fé yrði veitt á fjárl. næsta árs úr brúasjóði til byggingar þessarar brúar. Brúin mun kosta um ½ millj. kr., en Selá er eitthvert versta fljót á Vestfjörðum. Nú virðist þetta að engu orðið. Ögurvegur verður að allverulegu leyti ónothæfur, meðan ekki er snúið sér að því að brúa þær ár, sem á honum eru. Ég verð að harma það, að vonir okkar um að fá fé úr brúasjóði hafa brugðizt. Ég vildi fá skýringu frá hv. n. á því, hvað þessu valdi. Ég hef haft samráð við vegamálastjóra um, að þessi háttur væri hafður á, að fá fé úr brúasjóði, en að öðru leyti fengin sérstök fjárveiting til að brúa ár á Ögurvegi. Ég skal ekki fjölyrða um þetta, en ég tel, að hér hafi verið gengið á gefin fyrirheit. Mér er ekki kunnugt um, að nokkur brú á Vestfjörðum sé byggð fyrir fé úr brúasjóði, og tel ég þetta því ómaklegra og líklegt til að tefja fyrir nauðsynlegum framkvæmdum í þessu héraði. Ég vil beina því til n., hvort ekki muni vera hægt að leiðrétta þetta fyrir 3. umr. Í trausti þess höfum við hv. 6. landsk. þm. ekki borið fram brtt. við þessa grein.

Í sambandi við þjóðvegina vil ég minnast á það, að ég sé ekki, að neitt fé sé veitt til Vesturlandsvegar, sem er þjóðvegurinn til Vestfjarða. Hann er oft svo að segja ófær meðfram Gilsfirði, og réttilega ber að leggja áherzlu á að

gera aðalakbrautina sem greiðfærasta. Hv. þm., einkum þeir, sem farið hafa þennan veg til Vestfjarða, vita, að hann liggur um Dali, og er langur kafli hans alveg vegleysur. Á honum er á, sem er óbrúuð og er hinn versti farartálmi fyrir jafnvel stórar bifreiðar, þó að hún sé ekki í vexti. Ég hef ekki beint sérstökum tilmælum til hv. fjvn. um að fá fé til að gera þennan veg sæmilegan og farartálmalausan. En þegar ég sé, að það er látið við svo búið standa hvað eftir annað, þá fæ ég ekki orða bundizt. Ég vil beina því til hv. n., þó að erfitt sé að breyta þessu og skortur sé á vegafé, að hún láti það ekki henda sig einu sinni enn, að hún vanræki þennan veg, sem er aðalakvegurinn til Vestfjarða.

Þá kem ég að brtt., sem ég flyt ásamt hv. 6. landsk. þm. og varðar kjördæmi mitt. Við flytjum brtt. á þskj. 308 við 22. gr. frv. um, að við hana bætist nýr liður, sem heimili ríkisstj. að veita fé til viðgerðar á brimbrjótnum í Bolungavík. Um þessa brtt. skal ég ekki fjölyrða. Sú viðgerð, sem hafin var við brimbrjótinn, var ekki fullgerð, og til að fullbæta þær skemmdir, sem á honum urðu, þarf viðbótarfé. Ég gerði grein fyrir þessu máli í framsöguræðu fyrir sams konar brtt. í fyrra og þarf ekki í annað sinn að endurtaka þau rök. Það leiðir af sjálfu sér, að það verður að ljúka þessari viðgerð, til þess að hún komi athafnalífi staðarins að fullum notum, eins og nauðsyn ber til.

Þá vildi ég leyfa mér að minnast á brtt., sem ég ber fram ásamt hv. 1. þm. Eyf. og er á þskj. 315. Hann hefur að vísu gert grein fyrir henni, en ég vil aðeins bæta við, að sú brtt. fjallar um eitt hið þýðingarmesta mál fyrir mörg byggðarlög landsins. Ég hef áður vakið athygli á því, að það er engin von til þess, að öll byggðarlög fyrir utan þau, sem fá raforku frá Sogi eða Laxá, bíði óendanlega eftir því, að einhver litur sé sýndur í því að fullnægja raforkuþörf þeirra. Ef þessari stefnu, sem nú ríkir, að ekki sé litið við kröfum heilla landshluta um lausn á raforkumálum þeirra, verður haldið áfram, hygg ég, að af henni hljótist stórkostlegt þjóðhagslegt tap og aukinn flótti fólksins frá framleiðslu í sveitum og sjávarþorpum til hinna stærri kaupstaða. Og veldur þetta fækkun á því fólki, sem vinnur að framleiðslunni. Ég og hv. 1. þm. Eyf. viljum bæta um í þessum efnum með því að leggja til, að ríkisstj. sé heimilað að verja 10 millj. af tekjuafganginum 1951 til rafveitna ríkisins. Hæstv. samgmrh. upplýsti, að það væru engar líkur til, að hægt verði að hefja nýjar framkvæmdir í raforkumálum næstu tvö til þrjú árin, nema Alþ. veiti aukið fé til þeirra. Þessi brtt. er því bein afleiðing af þessari yfirlýsingu, og leggjum við áherzlu á, að einmitt nú á þessu þingi verði mörkuð önnur stefna í þessum málum en sú, sem ráðið hefur undanfarin ár, — sú stefna, að litið verði á þarfir fleiri en þeirra, sem í þéttbýlinu búa. Ég tel ekki þörf að fara fleiri orðum um þessa brtt., hún er almennt orðuð, og hygg ég, að allir þeir hv. þm., sem skilja þarfirnar í þessum efnum, ættu að geta sameinazt um að samþ. þessa heimild.

Ég vil þá minnast á brtt., sem ég flyt á þskj. 308 ásamt þremur öðrum hv. þm. Þar leggjum við til, að Bandalagi íslenzkra leikfélaga sé veittur 20 þús. kr. styrkur, til vara 15 þús. Þessi styrkur hefur það markmið að stuðla að og glæða leiklist víðs vegar um landið. Það er öllum ljóst, að fólk leggur mikið á sig til að geta haldið uppi leikstarfsemi og stuðlað að því að gera skemmtanalífið fjölbreyttara í sínum byggðarlögum. En til þess að þetta verði unnt, þarf það að fá aðstoð utan að frá. Þessi litlu leikfélög í strjálbýlinu þurfa að fá aðstoð til þess að koma upp leiksviðum, fá leikstjóra og ýmsa aðra aðstoð, til þess að þetta menningarstarf beri árangur. Ég hygg, að það sé ekki mjög frekt farið í sakirnar, þó að lagt sé til, að þessi félög fái 20 þús. kr. styrk. Það gleðjast allir yfir því að eiga þjóðleikhúsið, sem þjóðin á, og einkum þeir, sem við veggi þess búa, og þá einkum íbúar höfuðstaðarins. Hversu fjölþætt starf sem þjóðleikhúsið rekur, getur það aldrei komið í staðinn fyrir það starf, sem þessi litlu leikfélög hafa með höndum úti um sveitir landsins, í sjávarþorpum og kaupstöðum. Ég hygg, að það eigi að hlúa að listastarfi sem þessu, sem er borið uppi af fjölda fólks í landinu, sem leggur mikið erfiði á sig til að gera félagslíf samborgaranna auðugra og fjölbreyttara. Hv. Alþ. hefur oft sýnt skilning á slíku starfi, og vænti ég, að eins verði gagnvart þessari litlu brtt.

Þá flyt ég brtt. á þskj. 315 ásamt hv. 6. landsk. um að verja 30 þús. kr. til kennslu við 1. bekk menntaskóla við gagnfræðaskólann á Ísafirði. Hv. 6. landsk. þm. mun mæla fyrir þessari brtt., enda er hann kunnugri málunum en ég, þar sem hann er stjórnandi þess skóla, sem þessari kennslu er haldið uppi í. Ég vil aðeins segja, að enda þótt ég hafi ekki verið öflugur stuðningsmaður menntaskóla á Ísafirði, tel ég það vera sanngjarnt, að gagnfræðaskólinn þar fái að hafa á hendi kennslu í 1. bekk menntaskóla. Ég hygg, að það geti greitt götu margra að eiga þess kost að vera einum vetri lengur heima áður en lagt er út í heiminn. Ég vildi því mælast til, að þessi brtt. verði samþ.

Að lokum flyt ég svo brtt. á þskj. 315, rómv. XV, ásamt nokkrum öðrum hv. þm. Brtt. þessi er um að heimila ríkisstj. að verja 180 þús. kr. til að bæta tjón vegna slysfara á Bolungavíkurvegi. Eins og flestum mun kunnugt, varð það hrapallega slys á þessum vegi síðastl. sumar, að tveir menn fórust og tveir særðust eða limlestust mjög hættulega. Bifreiðin gerónýttist, eða a. m. k. er kostnaðurinn gífurlegur, ef á að gera við hana. Það er tillaga okkar, sem flytjum þessa brtt., að 180 þús. kr. verði varið í senn í dánar- og slysabætur og til að bæta eiganda bifreiðarinnar að nokkru leyti það tjón, sem hann varð fyrir. Þetta slys var svo sérstætt, að það fólk, sem slasaðist eða lét lífið, fær engar bætur. Aðstandendur þeirra, sem létu lífið, fá engar dánarbætur, og þeir, sem slösuðust, fá engar slysabætur. Enn fremur fær eigandi bifreiðarinnar ekki bætur fyrir það tjón, sem varð á bifreiðinni. Ég hygg, að þetta slys sé svo sérstætt, að það sé fyllilega réttlætanlegt, að fjárveitingavaldið hlaupi undir bagga. Mér er kunn-

ugt um, að aðstandendur þeirra manna, sem þarna létu lífið, eru gamlir og fátækir, og er því mjög aðkallandi, að þeir fái einhverjar bætur. Annar þeirra, sem slösuðust, mun verða örkumla alla ævi, en hinn hefur ekki orðið eins illa úti. Þessum mönnum er því nauðsynlegt að fá bætur, þó að líftjónið fáist ekki bætt. Um bílstjórann, sem átti bílinn, er það að segja, að hann er mjög félítill maður. Hann hafði lagt mikið fé í að gera bifreið þessa vel úr garði, og verður það stór hnekkir fyrir hann, ef hann fær tjónið ekki bætt. Hv. fjvn. hefur fjallað um þetta mál, og mun hafa verið vilji í n. að koma að einhverju leyti til móts við óskir um bætur fyrir þetta hörmulega slys. Hins vegar mun nokkurs uggs hafa gætt um, að hér væri skapað fordæmi, sem kynni að opna leið til aukins ágangs. Ég geri mér þetta fyllilega ljóst, en hygg þó, að þetta sé svo sérstakt atvik, að hjá því verði ekki komizt að láta það ráðast að veita nokkurt fé vegna þessa slyss.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þær brtt., sem ég flyt. Ég er meðflm. að örfáum öðrum brtt., sem hv. 1. flm. munu mæla með. Í sambandi við vegamálin í minu kjördæmi vil ég segja, að þótt verulegt fé sé veitt til framkvæmda í N-Ísafjarðarsýslu, virðist mér ekki gæta samræmis í úthlutun fjár til þessara framkvæmda. Það vita allir, að N-Ísafjarðarsýsla er eitt veglausasta hérað landsins. Það hlýtur að verða að leggja áherzlu á að vinna að vegaframkvæmdum í þeim sýslum, þar sem ástandið er þannig. Ef sýnd væri fyllileg sanngirni, ættu slík héruð að ganga fyrir. Ég fæ ekki séð, að hv. n. hafi haft þetta sjónarmið hér. Ég skal ekki gera eldhús að hv. n., en læt aðeins þann skilning minn koma fram, að ég tel, að mikið bresti á, að fjárveitingum til vegalagninga sé hagað í samræmi í þeim efnum. — Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta, en vænti þess, að þessum brtt. verði vel tekið.

Forseti (JPálm): Ég ætla að freista að leita afbrigða fyrir tveim brtt. Önnur er á þskj. 315, en hin er væntanleg innan skamms og er á þskj. 321. Ég vænti þess, að hv. þm. geti samþ. afbrigði um þessar brtt., þó að önnur sé enn ekki komin.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 315 og 321, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. 2. minni hl. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég vil fyrst gera grein fyrir brtt., sem ég er meðflutningsmaður að. Er þá fyrst að nefna brtt. á þskj. 308 um að verja í samráði við vitamálastjórnina fé til að ljúka viðgerð á brimbrjótnum í Bolungavík vegna skemmda. Hv. þm. N-Ísf. gat þess áðan, að vitamálastjóri liti svo á, að heimild væri í fjárl. þessa árs til að greiða kostnað við að bæta þessar skemmdir, en framkvæmdavaldið leit öðruvísi á það. En hins vegar taldi ráðuneytið réttara að endurnýja þessa heimild á fjárl. næsta árs. Til að fullnægja þessu formsatriði flytjum við þessa brtt., því að það er sennilegt, að heimildin sé fyrir hendi til að bæta þetta tjón að fullu, því að svo skýrt stendur það í fjárl. Ég vona, að þetta sæti ekki fyrirstöðu og við fáum þessa heimild endurnýjaða og þessu formsatriði þar með fullnægt.

Þá flyt ég brtt. á þskj. 315 ásamt hv. þm. N-Ísf. Það er tillaga um, að teknar verði upp á fjárl. 30 þús. kr. til þess að kosta kennslu í 1. bekk menntaskóla við gagnfræðaskólann á Ísafirði. Það er í þriðja sinn nú í ár, að slíkri kennslu er haldið uppi með fullri vitund og samþykki menntmrh. Nemendurnir hafa verið prófaðir í menntaskólanum í Reykjavík, og hafa allir nemendurnir staðizt próf upp í 2. bekk menntaskóla. Síðan hafa þeir haldið áfram námi, flestir á Akureyri, en nokkrir í Reykjavík, og getið sér góðan orðstír. Skólameistarinn á Akureyri hefur látið þau orð falla, að hann telji eðlilegt, að gagnfræðaskólinn á Ísafirði fái heimild til að prófa sjálfur þessa nemendur, sem hafa gefizt með ágætum vel í menntaskólanum á Akureyri. Ef þessi tilhliðrun að heimila gagnfræðaskólanum á Ísafirði að annast þessa kennslu verður samþ., getur það orðið til að stuðla að því, að álitlegur hópur efnilegra, en fátækra nemenda geti byrjað menntaskólanám heima hjá sér, og stuðlað að því, að þeir geti haldið áfram til stúdentsprófs. Meiri hl. fjvn. fellst á það, að ríkið kosti kennslu til menntaskólahalds að Laugarvatni. Þar eru þrír bekkir, en ekki einn. N. hefur tekið 100 þús. kr. á fjárl. til að standast kostnað af þessari kennslu. Ég hefði talið eðlilegt, að eitt gengi yfir þessa skóla á Ísafirði og Laugarvatni. Ég mundi því telja okkur Ísfirðinga nokkru misrétti beitta, ef sú menntaskólakennsla í einum bekk ætti að vera kostuð af bæjarfélaginu, en ekki ríkinu, eins og er á öllum öðrum stöðum á landinu, og ég teldi það aðeins til samræmingar að veita þessar 30 þús. kr. í þessu skyni.

Þá er brtt. um, að varið verði allt að 180 þús. kr. til bóta vegna slysa, er urðu á Bolungavíkurvegi s. l. sumar. Þetta slys varð með þeim hætti, að tveir menn fórust og einn örkumlaðist, en aðrir limlestust meira og minna. Það lá fyrir fjvn. erindi frá hinum slösuðu um bætur. Af þessu fé er ætlazt til að 53 þús. fari til þess, sem lemstraðist mest, og 9 þús. til annars, er varð hart úti. Það voru ekki greidd atkv. um þetta í fjvn., en látin fara fram athugun á því, hvort ætti að fara inn á þessa leið yfirleitt. Var árangurinn af þeirri skoðanakönnun sá, að ekki væri fært að gefa slíkt fordæmi. Ég held, að það væri ekki farið inn á nýja leið með þessu. Það hefur verið þráfaldlega gert að bæta fólki skaða, sem það hefur orðið fyrir undir svipuðum kringumstæðum. Og þegar verið er að taka sárasta broddinn af með þessu, tel ég það sjálfsagt. Það lá einnig erindi frá bifreiðarstjóranum fyrir fjvn. með ósk um bætur vegna tjóns hans. En hann missti bifreið sína úr rekstri um langan tíma. Það greip einnig fólk ótti við að ferðast þessa leið, og hann var efnalítill fyrir. Er því tjón hans tilfinnanlegt. Það var því ætlun okkar, að af þessari 180 þús. kr. upphæð fengi bifreiðarstjórinn nokkurn hluta til að bæta

honum rekstrartap sitt, en það drægi úr þeirri upphæð, sem aðrir aðilar fengju eftir till. okkar. Ég vildi mjög mælast til, að þm. sæju sér fært að verða við þessum óskum hins bágstadda fólks.

Um aðrar till. mun ég ekki fjölyrða nú, en ætla að víkja að því að svara nokkuð ræðu hæstv. fjmrh. Ég bjóst við, að hann mundi rjúka upp af því, sem ég sagði, því að það voru viðbrögð hans í fyrra. Hann taldi þá, að till. mínar væru barnaskapur einn og allt ofmælt, sem ég sagði. En það voru einmitt þau atriði, sem ég sýndi fram á hér í dag með tilvitnunum í Alþt., og það sýndi sig, að ég hafði ekki oftalað mig þá. Tekjur ríkissjóðs, sem ég áætlaði 32 millj. hærri en hann, urðu allmiklu hærri en ég hafði áætlað.

Hæstv. ráðh. spurði, hvort ég vildi ekki draga úr útgjöldum til heilbrigðismála, til lækna og til landhelgisgæzlu. Ég skal upplýsa hæstv. ráðh. um það, að ég hef ekki borið fram neinar till. til lækkunar á þessum liðum. Þó er ég alls ekki viss um, ef þetta væri rannsakað, nema spara mætti eitthvað á þessum liðum, t. d. varðandi forstjóra Skipaútgerðarinnar og ýmsa liði við nýja Þór. Ég held, að hæstv. ráðh. ætti, áður en hann lækkar kaup sjómanna, að athuga, hvort hann vildi ekki koma eitthvað til móts við formann fjvn., hvort ekki mætti athuga að lækka eitthvað laun sumra starfsmanna í ríkisstofnunum, sem hafa í árslaun 80—90 þús. kr., en ættu að hafa eftir launalögum 30—40 þús. Ef hæstv. ráðh. vill taka á móti einhverjum sparnaðartill., þá ætti hann að athuga þetta og kippa því í lag í samræmi við lög, áður en farið er að tala um að lækka laun sjómanna.

Þá spurði hæstv. ráðh., hvort ég vildi ekki láta fækka sýslumönnum. Það kæmi mjög til álita að fækka þeim, ekki síður en prestum. En áður en til þess kæmi, væri rétt að byrja á því að taka fyrir þá fjölgun á starfsmönnum hjá sýslumönnum, sem hefur orðið á hverju einasta ári, og einnig að hætta við hálfu fulltrúana í ráðuneytunum og yfirleitt að fjölga ekki starfsmönnum í opinberum stofnunum. Ég held, að enginn bóndi, sem hefði 16—17 manns í heimili, mundi fara að bæta við sig hálfs dags manni. Hann mundi heldur endurskoða og bæta bústjórnina, ef hann væri í sparnaðarhugleiðingum. Þetta mun hæstv. ráðh. hafa sézt yfir. Og þessi hálfi fulltrúi verður orðinn heill áður en árið 1952 er liðið.

Hæstv. ráðh. óskaði eftir till. Það eru ekki till., sem vantar. Það voru fjölmargar till. til sparnaðar í fjvn., en þær voru stráðrepnar, eftir að meiri hl. hafði tekið sér umhugsunarfrest. Stjórnarflokkarnir höfðu tekið afstöðu á móti þeim, og þá er tilgangslaust að flytja þær till. (**Fjmrh.**: Sjálfsagt að flytja þær.) — Við 5. landsk. þm. bárum fram þá till., að unnið yrði að því nú, að ríkisstofnanir fengju ekki meira fé á þessu ári, 1952, en árið 1951. Þetta var fellt. Ég skal nefna dæmi um slíkar hækkanir. Dómsmrn. taldi sig þurfa í fyrra 426 þús., en nú 552 þús. Er þetta nauðsynlegt? (**Fjmrh.**: Hvað heldur hv. þm.?) Ég álít þetta ekki nauðsynlegt, af því að það er ekki starfsfólkið, sem á að segja ríkisstj. og Alþ. fyrir verkum. Þá er endurskoðunardeild fjmrn. Hún kostaði 550 þús. 1951, nú á hún að kosta 653 þús. Það er auk þess komið í ljós nú, að það er ekki einhlítt, að endurskoðunin kosti sem mest. Viðskmrn. fær árið 1951 137 þús., nú 226 þús. Í utanríkisþjónustunni er hvert einasta sendiráð með stórfellda hækkun. Og í stað þess að maður bjóst við, að utanríkisþjónustan mundi lækka vegna niðurlagningar sendiráðsins í Moskvu, sem lagt var niður, er hún nú hærri en nokkurn tíma áður. Ferðakostnaðarliðir til útlanda í sambandi við samninga og sendingu fulltrúa á alþjóðasamkomur hafa hækkað um hundruð þúsunda. Ég býst við, að það sé hægt að hafa þetta lægra með því að láta sendiráðin annast meira af þessum störfum. Lögreglukostnaður á að stóraukast á þessu ári, eða verða 3 millj. 513 þús. Er það m. a. til að koma til móts við óskir lögreglunnar í Reykjavík um fleiri bíla. En bílar lögreglunnar skipta nú tugum. En það er sagt já við öllu, sem farið er fram á. Það er athugunarvert, að hæstv. ráðh. spurði mig, hvort ég vildi ekki láta lækka þá liði, sem sízt ætti að lækka. En hann lækkaði róminn, þegar kom að 10. og 11. gr. Hann spurði einnig, hvort ég vildi láta draga úr mæðiveikivörnunum. Ónei, ekki beinlínis, en mér blöskrar, að þetta skuli kosta á 16. millj. kr. Mér þykir það næsta ótrúlegt, að ekki skuli vera hægt að komast af með minna en 15—16 millj. kr. í þessar varnir, sem eru ekki öruggar. (**Fjmrh.**: Hvað er það, sem hv. þm. blöskrar í þessu máli?) Það er að vísu rétt, að það er sums staðar gætt sparnaðar. T. d. hafa verið veittar 10 þús. kr. til Alþýðusambands Íslands. Það var nú farið fram á 100 þús. Það var fellt. Þá 50 þús. Það var fellt líka. En það voru efni til þess að borga 30 þús. kr. vegna halla á útgáfu Freys, þrefalda þá upphæð sem A. S. Í. hefur fengið. (**Forsrh.**: Þetta er hreinn misskilningur.) Auk þess er ritstjóri Freys talinn hænsnaræktarráðunautur og hefur 4 þús. kr. í ferðakostnað vegna þess starfs. Búnaðarfélag Íslands fær þar að auki 240 þús. sérstaklega til bókaútgáfu. Og þó að ég vilji, að landbúnaðurinn fái sem mest fé til nauðsynlegrar starfsemi sinnar, vil ég, að það fé komi bændum að gagni. Ég held, að það þurfi t. d. ekki að verja fé til þess að rannsaka, hvort borgi sig að fita lömb í ½ mánuð fyrir slátrun, eða að veita fé til þess að rannsaka, hvort borgi sig betur að ala gemlingana vel og hafa þá með lömbum eða ala þá illa og hafa þá gelda, eða til að rannsaka rakastig í fjósum sunnanlands. Það er bara gert sunnanlands. Hvers vegna ekki eins á Vestur-, Norður- og Austurlandi? Ég held, að lítill skaði væri skeður, þótt ekki væru gerðar tilraunir með fóðrun eða ormahreinsun á útigangshrossum. Ég efast líka um, að það sé nokkur ástæða til að gera tilraunir með votheysverkun eða sláttartilraunir, hvenær borgi sig bezt að slá grasið. Ég veit, að bændur eru nokkurn veginn færir til þess sjálfir að segja sér þetta. Þeir hafa í því aldagamla reynslu. Ég er alveg viss um t. d., að landbúnaðurinn bíður ekki neitt áfall við það, þó að ekki sé verið að kosta til þess af opinberu fé að gera

tilraunir um, hvort það borgi sig að beita kúm á ræktað land. Þetta veit ég að bændur eru líka búnir að fá staðfest af reynslu. — Hæstv. forsrh., fyrrv. búnaðarmálastjóri, vefengdi, að tímaritið Freyr fengi 30 þús. kr. upp í útgáfukostnað. Þetta er þó sannað, að svo er. — Það er mörg matarholan í fjárl., sumar smáar að vísu, en þær eru svo margar, að það mundi gefa von til þess, að hægt væri að draga úr kostnaði víða á fjárl., ef hv. þm. beittu sér fyrir sparnaði á þeim og ef hæstv. ráðherrar væru húsbændur, hver hjá sér, yfir þeim greinum, sem þar kæmu til greina. En það er vitanlega mjög svo hlálegt, þegar hæstv. fjmrh. segir: Stjórnarandstaðan á að koma með tillögur um að breyta öllum stjórnarháttunum á þá leið, sem hún vill vera láta, — því að það er hið sama og að segja við stjórnarandstöðuna: Stjórnið þið landinu. — Og hæstv. ráðh. lét liggja orð að því, að hv. 5. landsk. þm., sem væri eljumaður, gæti samið skrá yfir allar launagreiðslur í landinu. Svona svör og þessum lík eru vitanlega alveg út í hött. Það er vitanlega réttur þingmanna, að samin sé skrá yfir þessar launagreiðslur, sem ríkið innir af hendi. Og þau svör, sem ég gat um, og þeim lík eru vitanlega algerlega ábyrgðarlaust tal, eftir að ríkisstj. hæstv. og hennar flokkar hafa drepið hverja einustu till., sem hefði getað orðið til sparnaðar og hefur komið frá stjórnarandstöðunni. Það er ekki furða, þó að þessir menn biðji um fleiri sparnaðartill. frá stjórnarandstöðunni, eftir að stjórnarflokkarnir eru búnir að ganga af öllum sparnaðartill. dauðum, sem fram hafa komið frá stjórnarandstöðunni. Við höfum borið fram till. um að áætla sömu fjárveitingu og í fyrra til dómgæzlu og lögreglustjórnar o. fl. þess háttar og marka þannig stefnuna um að stöðva útþensluna í ríkisútgjöldunum. En þær till. okkar í stjórnarandstöðunni hafa allar verið felldar.

En það, sem mér þótti þó sérkennilegast við ræðu hæstv. fjmrh., var, að hann minntist ekki einu orði á ágreining okkar frá því í fyrra um það, hvernig háttað var áætlun fjárl. þá um tekjur ríkissjóðs. En það er höfuðmál, sem snertir afgreiðslu fjárlagafrv. nú, af því að hæstv. fjmrh. hefur hagað till. sínum nú nákvæmlega á sama hátt og í fyrra um alla tekjuhlið frv., þar sem tekjurnar á frv. eru of lágt áætlaðar, svo að nemur áreiðanlega mörgum milljónatugum. Alþfl. mun, eins og ég áðan sagði, bera fram till. um að áætla tekjuhlið fjárlagafrv. hærri, en þó þannig, að það sé alveg fullvíst, að sú tekjuáætlun verði ekki of há, eins og reynslan hefur nú sýnt, að tekjuáætlun Alþfl. í fyrra var of lág, en ekki of há. Jafnframt mun Alþfl. vera fús til að leggja fram till. fyrir 3. umr. um niðurfærslu á útgjöldunum, svo að jafnvægi fáist á fjárl. tekna- og gjaldamegin, þó að ríkisstj. og hennar stuðningsflokkar gangi inn á að fella niður söluskattinn. En verði söluskatturinn ekki felldur niður, mun Alþfl. bera fram till. um hækkanir á gjöldum, þ. e. a. s., að hækkaðar verði fjárveitingar til verklegra framkvæmda fyrir þann tekjuafgang, sem þá er fyrirsjáanlegur á árinu 1952 að söluskattinum óniðurfelldum.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða um þetta frekar að sinni. Ég tel, að það, sem hér stendur á, sé, að hæstv. ríkisstj. vilji ekki beita sér fyrir neinum sparnaði, þar sem drepnar hafa verið allar sparnaðartill. stjórnarandstöðunnar. Átti hún þó þess kost strax þegar fjvn. fór að starfa í haust, að gengið væri frá því þá þegar, hvort söluskattinum væri haldið áfram. Og ef hann ætti ekki að verða áfram, bauð stjórnarandstaðan þá ýtarlega samvinnu um sparnaðartill. á fjárl., svo að greiðslujöfnuður næðist þrátt fyrir það.

Andrés Eyjólfsson: Það er nú hvort tveggja, að ég flyt ekki margar brtt. og svo sýnist mér ekki margir vera í salnum, svo að engin ástæða er að vera langorður.

Ég á tvær brtt. á þskj. 308, í V. tölulið.

Sú fyrri er við 14. gr. A. VII. um það, að veittar verði til kirkjubyggingar í Borgarnesi 50 þús. kr. — Það eru nú nokkuð mörg ár síðan töluverður áhugi vaknaði fyrir því í Borgarnesi að byggja kirkju í þorpinu, og má segja, að sá áhugi sé jafngamall því, og má til merkis um þennan áhuga geta þess, að einn af landnámsmönnunum þar, ef svo má að orði komast, gaf til þess aleigu sína, að kirkjan mætti komast upp. Hins vegar hefur þetta ekki enn komizt í framkvæmd og kirkjubyggingin orðið útundan. Árið 1944 voru veittar 15 þús. kr. til þessarar kirkjubyggingar á fjárlögum, en af byggingu gat ekki orðið í það skipti. Nú hafa Borgnesingar hins vegar sótt um fjárfestingarleyfi til kirkjubyggingar og hafa hugsað sér, að þar við gæti skapazt atvinna fyrir íbúa kauptúnsins. Þeir hafa mjög lengi aurað saman í sjóð til þessarar kirkjubyggingar, sem þeir stofnuðu fyrir 20 árum og hafa aukið síðan, en nú hafa gengisbreytingarlögin lækkað verðgildi hans, svo að hann nægir þar engan veginn til. Það væri því æskilegt og maklegt, að þeir fengju þennan styrk, sem þó mundi ekki gera meira en að vega upp á móti því, sem af þeim hefur verið tekið með gengisbreytingarlögunum. Ég vona því, að hv. alþm. sjái sér fært að fylgja þessari till.

Hin till. er um það að veita til Egilsgarðs á Borg á Mýrum 10 þús. kr. — Eins og allir vita, er Borg á Mýrum merkur sögustaður, sem full ástæða er til að sýna sóma. Áðan var hv. 1. þm. Eyf. að mæla fyrir minningarlundum um Jónas Hallgrímsson og Jón Arason, en mér finnst ekki síður ástæða til að hlynna að þessum stað, þar sem bjó eitt af merkustu skáldum, sem við höfum átt. Presturinn á Borg, Leó Júlíusson, hefur haft undirbúning við að fegra þennan garð og hefur girt hann og borgað úr eigin vasa, en það er ekki hægt að gera ráð fyrir því, að svo geti lengi gengið, og er þessi till. borin fram til þess að styrkja hann í þessu starfi. Að Borg koma margir gestir, innlendir og erlendir, sem koma þangað til þess að skoða staðinn, og það er þess vegna skömm fyrir þjóðina, ef þar er allt í rúst. Það þarf að sýna staðnum sóma, svo að hann sé ekki til skammar fyrir þjóðina.

Borgnesingar hafa stofnað Skallagrímsgarð og

annazt hann af mikilli umhyggju, svo að þeim er stór sómi að. Eins vildi ég vona, að þessi fjárveiting gæti orðið til þess, að þessi staður, Borg á Mýrum, gæti í framtíðinni orðið til sóma fyrir landið og þjóðina í heild.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Þetta verða aðeins fáein orð út af því, sem hv. frsm. 2. minni hl. sagði hér fyrr í kvöld. Þessi hv. þm. var enn við sama heygarðshornið og hélt því fram, að tekjur þessa fjárlagafrv. væru rangt metnar og að óhætt væri að breyta því. Hann sagði, að ég hefði sneitt hjá því að ræða áætlunina 1951 og ætlaði að gera það sama nú. Hann sagði, að tekjurnar 1951 hefðu farið langt fram úr áætlun og að óhætt væri að treysta því, að þær mundu gera það aftur nú á næsta ári.

Þegar tekjuáætlunin var gerð fyrir 1951, var hún gerð eftir beztu vitund og þá miðað við árið 1950. En sú tekjuaukning, sem orðið hefur, stafar af auknum innflutningi, og hann gat enginn maður séð fyrir; það var því allt í óvissu um þetta þá og áætlunin því á fullum rökum reist. Hitt er svo að athuga, að þessar auknu tekjur stafa af auknum innflutningi, sem kemur fram í auknum söluskatti. Í fyrra, þegar verzlunin var gefin frjáls, þurfti að kaupa inn í landið birgðir, en nú, þegar þær eru til staðar, verður ekki meira flutt inn en það, sem neytt verður. Þessar till. hv. þm. eru þess vegna ekki á rökum reistar.

Þess er líka að geta, að útgjöldin hafa stórvaxið, og éta þau upp mest af þeim tekjuafgangi, sem annars hefði orðið, en það lætur hann sem vind um eyru þjóta. Þetta meðal annars sýnir, hvað það er ónákvæmt að miða við árið, sem er að líða. Árið 1950 reyndist vera lélegt tekjuár, og við það varð að miða, þegar fjárlögin fyrir árið 1951 voru samin, en hins vegar reyndist 1951 vera gott tekjuár, og við það er ekki hægt að miða tekjurnar fyrir árið 1952, vegna þess að það er ekki hægt að gera ráð fyrir því, að sami innflutningur haldist áfram. Innflutningurinn í ár verður aðeins til neyzlu. Það geta því allir séð, hvað þessi hv. þm. er ólæknandi í sinni villu.

Þá minntist þessi hv. þm. á sparnað og útþenslu ríkisbáknsins. Annað dæmið, sem hann tók, var það, að það hefði verið bætt við hálfum manni í þrjú ráðuneyti. Ég held, að ríkisstj. megi vel við una, ef þetta er það alvarlegasta, þessir þrír mannshelmingar, sem þeir eru alltaf að stagast á stjórnarandstæðingar. Ég held, að það sé gleggsti votturinn um það, að þeir hafa ekki mikið að að finna eða bera fyrir sig, þegar þeir eru alltaf með þessa þrjá mannshelminga milli tannanna. Ég hefði haldið, að það væri heldur ástæða til hróss, að stj. hefur verið svo vel á verði í þessum sökum, að hún hefur aðeins bætt þar við hálfum manni, sem reyndar væri full ástæða til að hafa heilan. Ég hélt satt að segja, að þetta væri ekki til ámælis.

Ég hef ekki aðstöðu til að segja um það, hve margir menn eru í hinum ráðuneytunum, en það get ég sagt þessum hv. þm., að í fjmrn. eru ekki of margir. Þar eru svo fáir, að við höfum af þeirri ástæðu ekki getað fylgzt með og haft eftirlit með hinum ýmsu stofnunum eins og skyldi, og það er fyrir það, að ég hef persónulega verið of hörundssár fyrir ábyrgðarleysishjali manna, sem hafa hegðað sér svipað og þessi hv. þm. hefur gert í dag. Við höfðum t. d. ætlað okkur að innleiða þann sið að fá mánaðarlega skýrslur frá hinum ýmsu stofnunum til þess að geta fylgzt með rekstri þeirra. Þetta höfum við ekki getað gert, meðfram af því, að við höfum ekki haft menn til að vinna úr þeim skýrslum. Við urðum að vísu fyrir því óhappi, að einn af starfsmönnunum veiktist og lá veikur lengi, en við hefðum ekki heldur getað gert þetta, af því að við höfum ekki viljað leggja út í þann kostnað, sem því hefði verið samfara. Og það get ég sagt honum, að það hefði fremur þurft af bæta þar við heilum manni en hálfum, þó að það væri látið nægja.

Þá segir hv. þm., að hann hafi ekki borið fram till. sínar til sparnaðar, af því að það hafi verið búið að fella þær í nefnd og hann hafi ekki kunnað við að láta fara að tvífella þær. Ég hélt nú, að áhugi hans fyrir svo góðu máli væri svo mikill, að hann vildi ræða þær hér frammi fyrir alþjóð og opinbera henni það, sem hann hefur fram að færa, heldur en að vera að pukrast með þær í lokuðu nefndarherbergi. Eða hvaða sönnun hefur hann fyrir því, að þær hefðu verið felldar á Alþingi, þó að búið væri að fella þær í nefnd? Og ef hann meinar eitthvað með þessu sparnaðarskrafi sínu, þá skora ég á hann að koma fram með þessar till. sínar og láta ræða þær hér á þingi. **(HV:** Ætlar hæstv. ráðh. að mæla með þeim?) Það mætti vera, að menn opnuðu augun fyrir því, að þarna væri spámaður risinn upp í sparnaðarmálum þjóðarinnar.

Þá segir hv. þm., að hann hafi borið fram till. um það, að menn skyldu komast af með sömu fjárhæðir og í fyrra. Það væri ekki ófróðlegt fyrir þennan hv. þm. að athuga það, að í fyrsta lagi hafa öll laun hækkað um 25%. Hvað átti þá þessi till. hans að þýða? Átti hún að þýða það, að ekki skyldi greiða þessa hækkun á laun manna? Eða hvernig átti að framkvæma þetta? Það virðist þó sem flokkur hv. þm. sé því fylgjandi, að uppbætur séu greiddar á laun, en samt átti að komast af með sömu upphæðir. Svona till. eru ekkert annað en markleysa.

Eða hvað vill þessi hv. þm. láta gera? Þegar hann er spurður, þá vefst honum tunga um tönn. Hann var að minnast á mæðiveikivarnirnar, og þegar hann var svo spurður, hvernig hann vildi láta framkvæma þær, þá bara segir hann: „Ja, mér þykir þetta hátt.“ Hvaða rök eru annað eins og þetta?

Hv. þm. sagði, að ég hefði spurt sig, hvað hefði átt að lækka. Átti að lækka framlög til sjúkrahúsa, átti að lækka framlög til fræðslumála, átti að fækka kennurum, átti að spara að kaupa lyf, átti að fækka læknunum eða hjúkrunarliðinu? Þeir liðir, sem ég spurði hann um, nema 330 millj. Það mátti ekkert lækka af því. Hvar á þá að taka alla þessa lækkun, sem hv. þm. er að tala um, þegar ekki má koma nálægt neinu? Enda kom það fram hjá hv. þm., að það mætti helzt ekki spara neitt nema þessa

þrjá mannshelminga. Það nær nú skammt á móti öllum söluskattinum. Allur kostnaður á 10. gr. fjárl. mun ekki vera nema ½ af honum. Hvað er það þá, sem á að spara? Maður fer svona að skilja, hvers vegna hv. þm. telur það heppilegra að ræða sparnaðartill. sínar í lokuðu nefndarherbergi til þess að geta svo gasprað um þær hér á þingi. Þá er þægilegra fyrir hann að fjasa um þær, ef enginn fær að vita neitt um það, hvað þær fjalla um. Ég vil segja það við hv. þm., að ef hann vill sýna einhvern manndóm, þá er bezt fyrir hann að koma fram með þessar till. hér á Alþingi.

Svo talaði hv. þm. um það, hvort ég væri svo ósvífinn að ætlast til þess, að stjórnarandstaðan færi að koma fram með leiðir til úrbóta. Já, það er það, sem ég krefst. Eigi að fara einhverjar aðrar leiðir, þá verður að benda á þær. Og það er ekki nóg að segja sem svo: Ja, þarna á að spara. — Það verður að segja, hvernig eigi að fara að því. Ef ekki á að fara þær leiðir, sem farnar eru, þá á að benda á aðrar, annars eru þessar till. ekki annað en eitthvert fálm út í loftið. Og það er hlutverk stjórnarandstöðunnar að halda uppi vakandi gagnrýni á gerðir stj. og sýna fram á það, að um aðra heppilegri leið sé að ræða. Þessari skyldu hefur þessi stjórnarandstaða, sem nú er, brugðizt. Það sést bezt á þeim málflutningi hv. þm., að hann þorir ekki einu sinni að láta ræða till. sínar á þingi.

Rannveig Þorsteinsdóttir: Ég á hér tvær till. Aðra þeirra ber ég fram ásamt nokkrum öðrum þm. á þskj. 315, og er í henni lagt til, að Þorsteini Hannessyni söngvara verði greiddar 8 þús. kr. til söngnáms erlendis. — Þorsteinn Hannesson er með glæsilegustu söngvurum okkar og á að baki sér glæsilegan námsferil. Það má segja, að hann sé búinn að ljúka reglulegu námi sínu. En hann er staðráðinn í að gera þetta að ævistarfi sínu og hefur nú þess vegna ráðizt í að ráða sig að óperu til þess að nema enn frekar. En svo er mál með vexti, að þetta starf hans er ekki betur launað en svo, að það rétt nægir til þess að draga fram lífið af þeim tekjum, sem það gefur honum í aðra hönd, en getur ekkert orðið til þess fyrir hann að grynnka á þeim skuldum, sem hann hefur orðið að safna í hinu fasta námi sínu. Þorsteinn Hannesson hefur með þessu námi valið sér erfiða braut, en með því hefur hann vafalaust lítið svo á, að sér væri mögulegt að komast langt, en enn hefur þetta starf hans ekki skilað honum neinum tekjum né heldur að það hafi getað staðið straum af skuldum hans. Ég vænti þess, að þessi till. verði tekin til athugunar jafnframt till. um styrk til annarra listamanna, og vona, að þm. sjái sér fært að samþ. hana.

Hin till., sem ég á, er einnig borin fram ásamt nokkrum öðrum þm., og er hún á þskj. 321. Hún er um það að veita Svavari Guðnasyni listmálara 30 þús. kr. byggingarstyrk. — Svavar Guðnason er þekktur listamaður innanlands sem utan. Hann hefur stundað listnám frá því að hann var ungur, en fór ekki að vinna að list sinni fyrr en hann var orðinn fullorðinn, þegar hann fór utan til listnáms, og hann hefur komið fram sem fulltrúi okkar Íslendinga á sviði listar sinnar erlendis. List hans hefur á síðari árum þróazt í þá átt, sem sumir kalla „abstrakt list“. En jafnvel þeir, sem ekki finna neina fegurð í slíkum málverkum, verða samt að viðurkenna, að verk Svavars feli í sér sérkennilega og mikla fegurð. Svavar Guðnason tók þátt í sýningu 1948 í Kaupmannahöfn. Og hvað sem annars má segja um okkar listamenn, má ráða það af blaðaummælum um Svavar, að hans frammistaða þar þótti vera með miklum glæsibrag. Það segir t. d. í blöðum Kaupmannahafnar frá þeim tíma, að í hinum svokallaða heiðurssal sé það hin kröftuga, en þó fagra list Íslendingsins Svavars Guðnasonar, sem ásamt listaverkum annars málara þeki með litskrúði veggina. Í þessum blaðaummælum er Svavar einnig borinn saman við einn af glæsilegustu listamönnum Dana og komizt að þeirri niðurstöðu, að eftir að hafa athugað málverk Svavars nákvæmlega, sé það sýnt, að hann hafi meiri tilfinningu fyrir litavali heldur en þessi glæsilegi málari þeirra. Aftenbladet segir, að hið glæsilega litaval og hinar miklu sveiflur í málverkum Svavars Guðnasonar hafi orkað miklu til að gera þessa sýningu svo glæsilega sem raun ber vitni um.

Þessi ágæti listamaður hefur enga vinnustofu til þess að vinna í að listaverkum sínum. Hann hefur ekki ráð á því að stofna til slíkrar byggingar nema með því að fá einhvern ofur lítinn styrk til þess. Ég veit, að Svavar mun vera fús til að vinna að slíkri byggingu sjálfur og leggja í hana allt það, sem hann hefur. En það er ekki svo hrist úr erminni nú að byggja hús, að hann treysti sér til þess án þess að fá eitthvað, sem ofur lítið lyftir undir með honum. Hér er ekki gert ráð fyrir stórri upphæð, aðeins 30 þús. kr. En það mundi nægja til að koma slíkri byggingu af stað, og álítum við flm. þessarar till., að slíkt væri vel farið, og væntum þess, að till. verði tekið með velvild af hv. Alþ. og hún samþ.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég á hér hlut að nokkrum brtt. á þskj. 308 og 315. Hv. 1. þm. Eyf. hefur gert grein fyrir nokkrum þessara brtt., sem snerta kjördæmi okkar, og aðrir munu gera grein fyrir öðrum þeim brtt., sem ég flyt. Ég vil aðeins víkja hér örfáum orðum að tveimur af þessum till. Till. nr. VIII á þskj. 308 ber ég fram með hv. 1. þm. Eyf., þess efnis, að veitt verði smávegis fjárhæð til tveggja bókasafna í Eyjafirði: Til bókasafnsins í Dalvík 1500 kr. og í Hrísey 1500 kr. Ég tel ekki þörf að eyða löngum tíma í að útskýra þessar till. Þær eru mjög einfaldar. Á 15. gr. eru lítils háttar fjárveitingar til mjög margra bókasafna, mismunandi háar að vísu. Fer það að nokkru eftir eðli bókasafnsins, hvort um amtsbókasafn er að ræða eða það er fyrir minni svæði. En þær upphæðir, sem við leggjum til að veita til þessara tveggja bókasafna, eru mjög sambærilegar við upphæðir á fjárl. til ýmissa safna, sem mjög er svipað ástatt um. Ég vil alveg sérstaklega geta þess, að menn urðu fyrir óhappi fyrir nokkru í Hrísey, þar sem eyðilagðist mikill hluti bókanna af sóttvarnarástæðum. Ég býst ekki við, að legið

hafi formleg beiðni um þetta fyrir fjvn., en vænti þess, að hún fyrir sitt leyti verði þessu samþykk svo og aðrir hv. þm., enda er hér um mjög smávægilegar fjárhæðir að ræða.

Áður en ég lýk máli mínu langar mig til að víkja örfáum orðum að fjárlfrv. að því er snertir mitt kjördæmi. Um vegamálin vil ég aðeins ítreka það, sem hv. 1. þm. Eyf. sagði í sinni ræðu. Hann benti á, að ekki væri einhlítt að horfa á það eitt, að taldir væru sæmilegir vegir í þessu kjördæmi, heldur yrði að horfa á vegaþörfina á hverjum stað. Sérstaklega er eitt atriði í sambandi við vegamál Eyfirðinga, sem hv. fjvn. taldi ekki fært að taka upp, endurnýjun á Eyjafjarðarbraut. Það mun hafa verið viðhorf fjvn. að greiða þetta sem viðhald, en vegamálastjóri ekki verið þeirrar skoðunar, enda um að ræða algera nýsmíði á stórum pörtum.

Þá hefur verið lögð á það áherzla af okkur, þm. þessa kjördæmis, að mjög miklu máli skipti að framkvæma viðgerð á hafnargarðinum á Dalvík, sem varð fyrir miklum skemmdum af ofviðri. Er talið fullvíst, að skemmdin hafi orsakazt af galla í smíði þessa mannvirkis. Það hefur verið lögð mikil áherzla á og við teljum rétt, að ríkið greiði þann kostnað að öllu leyti, sem af þessari viðgerð leiðir. Mér þætti gott, ef hv. formaður fjvn. vildi upplýsa hér síðar, hvert viðhorf n. hafi verið til þessa atriðis sérstaklega, vegna þess að það er ekki um annað að ræða en gera einhverjar ráðstafanir til þess að fá viðgerð til vegar komið. Ef það er skoðun fjvn., að ekki sé hægt að taka þetta upp, verður að fara einhverja aðra leið til að leysa þetta mikla vandamál. Þarna er stórt útgerðarpláss, sem hefur orðið fyrir miklu áfalli. Endurbót kostar mikið fé, og eru miklir erfiðleikar á að standa undir þeim kostnaði heima fyrir, enda lítil sanngirni, ef það sýnir sig, að umræddar skemmdir hafa orðið vegna þess, að ekki var frá garðinum gengið sem skyldi.

Þó að ekki sé borin fram formleg brtt. frá okkur þm. Eyf. við fjárlfrv. varðandi Ólafsfjarðarhöfn, þá er það svo, að vitamálastjóri telur, að annaðhvort verði að ljúka henni á næsta ári eða ekkert er þar hægt að gera, því að þar er framkvæmdum þann veg háttað, að gert er ráð fyrir að setja niður ker, og þessar framkvæmdir eru komnar á það stig, að það verður annaðhvort að ljúka verkinu að öllu leyti eða það notast ekki. Það er mikil hætta á, að útgerð torveldist þar mjög og útgerðarmenn fari burt, ef ekki er hægt innan mjög skamms tíma að skapa skilyrði þar. Nú veit ég, að fjvn. hefur erfiða aðstöðu að ljá þessu máli þann stuðning, sem er nauðsynlegur, enda þótt fullur vilji sé, vegna þess að það er takmörkuð fjárveiting, sem hún hefur til ráðstöfunar í þessu skyni. En þetta er samt mál, sem er mjög aðkallandi, að reynt verði að leysa í allra nánustu framtíð.

Ég ætla ekki að eyða frekari orðum að þessu, en vænti þess, að hv. þm. taki vinsamlega till. þeim, sem ég hef hér skýrt frá.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér fyrst að þakka hv. fjvn. fyrir þá till., sem hún flytur og snertir Laugarvatnsskólann. Hv. samþm. minn og ég sendum n. erindi viðvíkjandi fjárhagslegum stuðningi til handa skólanum. Hann hefur um nokkur ár haldið uppi menntaskólakennslu. Er sú kennsla komin í fast horf, og hefur skólinn aflað sér kennslukrafta með það fyrir augum að halda því starfi áfram, og er það vel farið. Ég vil því tjá hv. n. bezta þakklæti fyrir hennar skilning á málinu.

Þá hef ég leyft mér að flytja ásamt hv. samþm. mínum tvær till., sem snerta Þorlákshöfn. Vitamálastjóri mun hafa lagt til í till. sínum, að til hafnarinnar væri varið næsta ár 400 þús. kr. N. hefur ekki getað orðið við þessum tilmælum, og skil ég mætavel afstöðu hennar. Þörfin til þessa fjárhagslega stuðnings er mikil og í miklu stærri stíl en þeir fjármunir, sem ætlaðir eru í þessu skyni á fjárlfrv., svo að n. hefur haft þarna úr vöndu að ráða. Er vafalaust ekki auðvelt að skipta þessu fé svo, að einhverjum þyki ekki sinn hlutur fyrir borð borinn. Ég vil því á engan hátt finna að því við n., að hún tók ekki meira upp í till. sínar gagnvart byggingu þessarar hafnar, hvað sem ætla mætti um þessa skiptingu n. borið saman við nauðsyn hinna ýmsu hafnarstaða. Hins vegar er þörf á þessu mannvirki á þessum stað ákaflega brýn. Vil ég leyfa mér með örfáum orðum að minna á helztu atriðin. Mér er persónulega kunnugt, að bæði formaður n. og fleiri í n. og menn úr héruðum austanfjalls hafa sýnt fullan skilning á nauðsyn þessara hafnarbóta, svo að það er ekki skilningsskorti til að dreifa, heldur skortir fjárhagslega getu. En eins og ég sagði, er þörfin mjög brýn. Og ég vildi mega vænta þess, að einhverra úrræða væri hægt að leita, þannig að á næsta ári verði hægt að leysa það verkefni af hendi, sem hafnarnefnd telur óhjákvæmilegast, en það er að lengja bryggjuna um 60 metra, að sett verði niður 4 ker á næsta sumri, en tvö eru nú þegar steypt og tilbúin. Meining hafnarnefndar er að steypa tvö í viðbót og koma þeim fyrir á næsta sumri. En þessar framkvæmdir, að steypa tvö ker í viðbót og koma þeim fyrir, er áætlað hjá vitamálastjóra að kosti 2½ millj. kr. Og það eru náttúrlega meiri fjármunir en sýslurnar, sem að hafnargerðinni standa, hafa ráð á. Samkv. till. n. eru þarna ætlaðar um 220 þús. kr. En þó að það væru 400 þús. kr., eins og vitamálastjóri lagði til, þá vantar samt mjög mikið á, að það nægi til að koma slíku verki fram. En það má segja, að hver viðbót við það, sem hér er lagt til af hálfu n., geri meiri líkur til þess, að hægt sé að koma verkinu áfram. Búið er að verja til þessa mannvirkis nær 4 millj. kr. Það stendur upp á ríkið að greiða nær 400 þús. kr., svo að ég nefni þetta í stærri tölum, án þess að fara nánar út í það. Hafnargerðin hefur lagt til vegagerðarinnar liðugt hálft þriðja hundrað þús. kr. Hv. samþm. minn og ég höfum flutt till. um það, að sú vegagerð, sem framkvæmd hefur verið í þágu hafnarinnar, verði endurgreidd til hafnarinnar. Ef maður mætti vona, að slíkt yrði samþ. og það greitt, sem á skortir, að ríkið greiði sem því ber til hafnarinnar, kæmi þarna nokkurt fé, og eru þá meiri líkur til, ef nokkur viðbót fengist, að hægt væri að öngla saman til þessa

mannvirkis, svo að fært yrði að framkvæma það, sem hafnarnefnd hefur hugsað sér á komandi sumri. Og það væri afskaplega mikils virði.

Eins og kunnugt er, þurfa héruðin austanfjalls að flytja sínar þungavörur nær allar frá Reykjavík, með þeim mikla kostnaði, sem því nú fylgir. Veldur þetta mikilli dýrtíð og erfiðleikum. Ef hægt yrði að lengja bryggjuna eins og hér er gert ráð fyrir, mundu skip af þeirri stærð, sem við eigum yfir að ráða, geta athafnað sig við þessa bryggju fullgerða. En auk þess sem þetta er mikilvægt, er þó annað atriði, sem þarna er til að dreifa, og það er útgerðin. Núna er ekki rúm fyrir meira en eins og 4—5 báta. Eru þarna 4 bátar, stærð 20—30 tonn. Það hafa verið fleiri bátar þarna, en er talið of áhættusamt. Lengist nú bryggjan um 60 metra, er talið, að öruggt lægi verði fyrir 10 báta. Það er því mikilvægur áfangi á þessu mannvirki. Fiskimið á þessum stöðvum þessi árin hafa gefizt ágætlega, og eru vonir til þess, að framvegis verði eitthvað í átt við það, sem var. En eins og kunnugt er, voru þar þekktustu og beztu fiskimið við strendur þessa lands. Þegar nú búið er að koma áðurnefndum framkvæmdum í horf, mætti ætla, að þær yrðu þessu fyrirtæki stórkostlegur styrkur upp á framhaldandi framkvæmdir. Þá mundi hafnarsjóður fara að fá tekjur miklar af flutningum og afgreiðslu skipa. Og með aukinni útgerð mundu tekjur hafnarsjóðs stórkostlega aukast. Með þeim framkvæmdum, sem nú hafa verið nefndar, er náttúrlega hvergi nærri náð því marki, sem sett er með hafnargerðinni, því að þetta mannvirki er áætlað að kosti fullgert um 30—40 millj. kr., miðað við þær aðstæður, sem nú eru. En slík fyrirgreiðsla sem þessi mundi tryggja áframhaldandi byggingu mannvirkja og greiða stórkostlega fyrir því, að þau yrðu unnin á ekki mjög löngum tíma. Nokkuð langan tíma hlýtur þetta þó alltaf að taka. En ég hef áður vikið að því, hvert öryggi fullkomin höfn er á þessum stað fyrir verstöðvarnar þarna í grennd, en vitaskuld getur slíkt ekki orðið svo að viðhlítandi sé fyrir mikinn bátaflota fyrr en hafnargerðin er lengra á veg komin. Nú vil ég vona, að þessi staður njóti þess, að hvergi er höfn, þegar Reykjanesi sleppir, fyrr en austur á Hornafirði, með allri þessari strandlengju og ekkert afdrep, sem talizt geti örugg höfn, sem fiskiflotinn geti leitað til. Ég vil því mega vænta þess, að hv. fjvn. og aðrir þm. og þá hæstv. ríkisstj. verði okkur þm. héraðanna austur frá sú hjálp í þessu efni að greiða enn betur fyrir því, að hægt verði að ná því marki á næsta sumri, sem hafnarnefnd hefur ætlað sér. Fjölyrði ég svo ekki um þessi atriði frekar.

Hv. samþm. minn gerði grein fyrir till., sem ég flutti ásamt honum og hv. 5. þm. Reykv. um byggingu Austurvegar. Ég tek undir þær röksemdir, sem hann lagði fram, og skal ekki fara fleiri orðum um það. Reynslan verður að skera hér úr sem annars staðar, hvort þessi vegur verður alltaf fær, en hitt er víst, að hann verður miklu lengur fær en vegurinn eftir Hellisheiði. Það er skemmra að fara austur Svínahraun og Þrengsli. Hvað er fullnægjandi lausn, er vitanlega ekki hægt að segja fyrir fram, jafnvel ekki um neina leið austur yfir fjallið.

Ég vil svo vænta hins bezta um meðferð þessara mála. Þau eru borin fram af fullri nauðsyn, en ekki af neinni fordild.

Sigurður Ágústsson: Herra forseti. Á undanförnum tveimur þingum hef ég reynt að gera tilraun til þess að fá Alþ. til þess að auka rekstrarstyrk til amtsbókasafnsins í Stykkishólmi úr 4500 kr. í 13000 kr. Því miður hefur hvorki fjvn. né Alþ. viljað fallast á þessa till. mína. Á 15. gr. fjárl., undir rómv. VIII, er talið upp fjárframlag til bókasafna og lesstofa. Eru þar nefnd þrjú amtsbókasöfn, eitt á Akureyri, annað á Seyðisfirði og hið þriðja í Stykkishólmi. Það einkennilega er, að þrátt fyrir það þó að þessi þrjú söfn séu mjög lík að vöxtum að því er snertir bókaforða, er ekki sama framlag til neinna tveggja. Til amtsbókasafnsins á Akureyri eru veittar 13000 kr., Seyðisfjarðar 6550 kr., Stykkishólms 4500 kr. Þetta eru ákaflega einkennileg vinnubrögð, því að í sjálfu sér hafa öll þessi þrjú söfn nokkuð líku hlutverki að gegna. Í Stykkishólmi á safnið að sjá um bókalán ekki einvörðungu til þess staðar og Snæfellsness, heldur til Mýrasýslu, Dalasýslu og Barðastrandarsýslu. Íbúar allra þessara fjögurra sýslna hafa rétt til að fá bækur að láni frá amtsbókasafninu, ef þeir borga hið lága árgjald sem meðlimir. Mér er kunnugt, að sérstaklega fyrir nokkrum árum var það notað allmikið úr Flatey og töluvert úr Dalasýslu. En þrátt fyrir það þótt amtsbókasafnið eigi að gegna þessu hlutverki, eru það einvörðungu Snæfellsnessýsla og Stykkishólmur, sem standa undir rekstri safnsins, að viðbættum þeim 4500 kr., sem ríkið hefur lagt til.

Ég sé nú, að hv. þm. Seyðf. og hv. 10. landsk. bera fram brtt. um það, að rekstrarframlag til amtsbókasafnsins á Seyðisfirði verði hækkað í 10 þús. kr. Í sjálfu sér mun ég fylgja þessari brtt., því að ég tel hana sanngjarna, þar sem amtsbókasafnið á Akureyri fær 13 þús. kr. framlag á fjárl.

Á þskj. 308, undir rómv. VII, hef ég enn á ný borið fram brtt. um, að framlag til safnsins í Stykkishólmi verði hækkað úr 4500 kr. upp í 13000 kr. Til vara hef ég lagt til, að ríkisstyrkurinn verði ákveðinn 8 þús. kr. Ég treysti því, að hv. alþm. geti fallizt á aðaltill. mína, enda sé ég ekki, að hægt sé að standa á móti því, að þessi þrjú söfn fái nokkuð líkt framlag úr ríkissjóði.

Ég vil að öðru leyti þakka hv. fjvn. fyrir þau framlög, sem hún hefur ákveðið til Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, sérstaklega hvað snertir vegafé og fjárframlög til hafnarbóta. Ég verð þó líklega að koma með brtt. við 3. umr. í sambandi við framlag til brúar á Kársstaðaá, sökum þess að fjvn. hefur ekki séð sér fært að fylgja till. vegamálastjóra um 170 þús. kr. framlag. Hins vegar hefur hv. fjvn. ákveðið aðeins 130 þús. kr. fjárveitingu til þessarar brúar, og þykir mér leitt, ef á að tefja byggingu brúarinnar um eitt ár enn, vegna þess að það vantar aðeins 40 þús. kr. upp á fjárframlagið. Það er

mjög aðkallandi að brúa þetta vatnsfall og tengja með því saman samgöngur á milli Helgafellssveitar og Skógarstrandar, en það er oft mjög erfitt að komast á milli þessara sveita vegna þessa farartálma.

Ég held ég þurfi svo ekki að taka fleira fram viðvíkjandi brtt., sem ég hef flutt, en ég vænti þess, að hv. alþm. sjái sér fært að samþ. hækkun á framlagi til amtsbókasafnsins í Stykkishólmi úr 4500 krónum í 13 þús. kr.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég flyt hér tvær till. ásamt tveim öðrum þm. sósíalista á þskj. 315, og vil ég leyfa mér að mæla með þeim nokkrum orðum. Það er 10. brtt. á þessu þingskjali, sem er um einnar millj. kr. framlag til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði samkv. III. kafla laga nr. 44 frá 7. maí 1946, og enn fremur á sama þskj. brtt. nr. 17, við 22. gr., sem er um það, að ríkisstj. sé heimilt að taka fé að láni til þess að lána bæjar- og sveitarfélögum til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði samkv. III. kafla laga nr. 44 frá 7. maí 1946, og sé lánsupphæðin í hlutfalli við framlög ríkissjóðs samkv. lögum.

Eins og hv. þm. er kunnugt, var gerð sú breyting á l. frá 7. maí 1946, um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis, þar sem ríkissjóður var skuldbundinn til að lána sveitarfélögum fé samkvæmt nánari fyrirmælum, að framvegis skyldi lánsupphæðin ákveðin í fjárl. hverju sinni. En upphaflega, með setningu laganna, var meiningin sú, að sveitarfélögin skyldu sjálf athuga þörfina fyrir nauðsynlegar byggingar til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði og síðan væri ríkinu skylt að lána til slíkra framkvæmda 75% af kostnaðinum og auk þess 10% framlag, sem gefa skyldi eftir, ef viðkomandi sveitarfélög ákvæðu að gefa sjálf eftir sitt framlag, sem átti að nema 15% af byggingarkostnaðinum. Lög þessi miðuðu að því að losa sveitarfélögin við húsnæði, sem heilsunnar vegna væri stórvarhugavert að búa í, svo sem hermannabraggana hér í Reykjavík, og var meiningin að útrýma slíku húsnæði á 4—5 árum. Því miður fór þó svo, að það leið ekki nema á annað ár þar til ný lög voru sett um þetta efni, þar sem framlagsskylda ríkissjóðs til sveitarfélaganna í þessu skyni var felld niður úr lögunum, og skyldi ákveða þetta framlag á fjárl. hverju sinni. Nú hef ég ásamt öðrum flutt í Nd. frv. um breyt. þessara mála, en ég sé nú, að það frv. mun að öllum líkindum ekki ná fram að ganga að þessu sinni. Ég hef því ásamt tveim öðrum þingmönnum flutt þessar till. til þess að freista þess að koma þessum málum í betra horf. Slíkar till. hafa einnig verið fluttar á tveim undanförnum þingum, en voru felldar í bæði skiptin á þeim forsendum, að fé væri ekki til í þessar fjárveitingar. Ég býst nú við, að fæstir hv. þm. treysti sér til að bera það fyrir núna, að ekki sé til neitt fé til að verja til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði. Ég held, að flestir verði að viðurkenna, að nú sé fé til, og því ekki lengur fyrir hendi þær forsendur, sem komu fram 1948. Hins vegar höfum við farið ákaflega gætilega í sakirnar í till. okkar. Ef ríkið legði fram þessa einu millj. kr. og það yrði látið samsvara þeim 10% af byggingarkostnaðinum, sem ríkið mátti samkvæmt lögunum frá 1946 gefa eftir, mundi ríkislánið til sveitarfélaganna nema 7½ millj. kr., og fyrir þessar fjárupphæðir er varla hægt að byggja nema 60—70 íbúðir; og sjá allir, að það eru engin ósköp. Ég skal taka fram, að auðvitað yrði slíkt fé ekki nema lítill hluti þess fjár, sem þyrfti að verja til þess að bæta úr húsnæðisvandræðunum í bæjum og sveitum, og má minna á það, að fyrir Alþ. liggja nú lagafrv. frá tveimur þm. sósíalista, þar sem lagt er til, að varið verði fé úr mótvirðissjóði til þess að lána til íbúðabygginga, til að byggja smáíbúðarhús og önnur íbúðarhús, hvort sem það yrðu nú verkamannabústaðir, samvinnubyggingar eða með öðru fyrirkomulagi. Við flm. þessara till. vildum hins vegar prófa, hvort ekki yrði nokkur breyting á afstöðu hv. þm. frá fyrra ári, þegar þeir hafa séð, hve mikið fé á að taka af fólkinu með sköttum. Það verður ekki sagt, að þetta sé eyðslutill., því að fénu verður varið til uppbyggingar í landinu, og ekki vantar það, að þetta er eitt af því nauðsynlegasta, sem Alþ. getur varið fé til. Ég vil minna á, að nú eru liðin meira en 20 ár síðan samþ. voru lög, sem bönnuðu kjallaraíbúðir í Reykjavík, en aldrei hafa fleiri búið í kjallara en einmitt nú. Þá var ætlunin að ganga að því að þurrka burt úr okkar landi það, sem Enskurinn kallar „slum", þ. e. fátækrahverfi, sem skæru sig úr öðrum hlutum bæjarins. Það var stefnt að því að þurrka út slík hverfi, þar sem búið væri aðeins í neyð, og fólk byggi þar ekki nema það væri hrakið þangað af skorti á viðunandi húsnæði. Ég held því, að nú, þegar tekjuafgangur ríkisins er fyrirhugaður svo mikill og ekki á að lina neitt á skattpíningunni og ríkisstj. ætlar að leggja söluskattinn á áfram, þá sé þetta það minnsta, sem hægt er að gera á þessu sviði, að samþ. þessar till. okkar. Og ég vona, að hv. þm. sjái sér fært að samþ. þessar till., bæði 10. brtt. á þskj. 315, um beint framlag til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði, og 17. brtt. á sama þskj., um heimild fyrir ríkisstj. til að lána bæjar- og sveitarfélögum fé í hlutfalli við þetta framlag samkv. l. um þetta efni frá 7. maí 1946.

Ég hef ekki flutt aðrar brtt. við þessa umr., en mundi kannske við 3. umr., sem er sú umr., er mest reynir á hv. þm., flytja fleiri. Ég vildi leyfa mér að vona, að hv. þingmenn geti fallizt á þessar till. okkar, því að nú er ekki hægt að bera það fyrir, að fé vanti til þess, að hægt sé að bæta úr þessum málum, og því minni líkur eru til þess, að menn komi fram með slíkar móthárur, sem kosningar eru óðum að nálgast, en þetta hið mesta hagsmunamál fyrir alla þjóðina.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja eina brtt. við þessa umr., og er hún prentuð á þskj. 321. Þessi till. fjallar um það að hækka styrkinn til sjúkrahúsbygginga um 500 þús. kr. og verði því fé varið til sjúkrahússins á Blönduósi. — Ég skil vel, að fjvn. hefur átt allerfitt með að taka ákvarðanir um sjúkrahúsmálin, eins og frá þeim var gengið á fjárlagafrv.,

er það barst henni í hendur. Ég hef tvisvar áður flutt slíka till. sem þessa hér á þinginu, en þær hafa ekki náð fram að ganga. Nú er búið að samþykkja teikningu fyrir sjúkrahúsbyggingu á Blönduósi, og áætlað er, að byggingin muni fara upp í 3 millj. kr., en af þeirri upphæð ber ríkinu að greiða ⅔ hluta, en sveitarfélagið á að greiða ⅓ hlutann, og ef þessi till. mín yrði samþ. og svipað yrði greitt til byggingarinnar næstu ár, mundi það taka ríkið fjögur ár að greiða sinn hluta, ef kostnaðurinn stenzt áætlun.

Ég vil aðeins vekja athygli á því, að mér virðist kenna nokkurs ósamræmis í því, að í fjárlagafrv. eru ætlaðar 2 millj. og 50 þús. kr. til byggingar allra sjúkrahúsa í landinu, þar af utan Reykjavíkur og Akureyrar 550 þús. kr., en hins vegar eru ætlaðar yfir 4 millj. kr. til skólabygginga. Mér virðist nokkurt ósamræmi í því, að það skuli vera svo mikill munur á þessum fjárveitingum; það er eins og allt eigi að lækna með því að byggja sem flesta skóla, en láta sjúkrahúsin sitja á hakanum.

Ég tók eftir því í ræðu hv. form. fjvn., er hann flutti við þessa umr., að nefndin hyggst taka heilbrigðismálin til nánari athugunar fyrir 3. umr., og vænti ég þess, að hún taki þá til athugunar, hvort ekki sé unnt að hækka framlag til sjúkrahúsa úti um land, og vonast ég þá til, að mín till. geti komið til greina og henni verði veitt athygli. Ef n. tekur þessi mál til athugunar fyrir 3. umr. og ef ég fæ loforð um, að mín till. fái þá einhverja afgreiðslu hjá henni, gæti ég samþ., að atkvgr. um hana yrði frestað. Ég vona, að hv. þm. sjái, að þetta slæma ástand í sjúkrahúsmálunum getur ekki gengið öllu lengur, að það sé látið sitja á hakanum að byggja nauðsynlegustu sjúkrahús og sjúkraskýli úti um land. — Að öðru leyti skal ég ekki fara að ræða um fjárlagafrv. eða afgreiðslu þess; til þess er hvorki tími né ástæður eins og sakir standa.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Ég flyt hér á þskj. 321 tvær brtt., nr. II og III. Sú fyrri er brtt. við brtt. meiri hl. fjvn., um framlag til hafnarinnar á Siglufirði, en ég legg til, að framlagið verði hækkað úr 100 þús. kr. upp í 220 þús. Það er verið að vinna að því að byggja höfn innan við Siglufjörð, við Siglufjarðareyri. Þetta verk er þegar hafið, og búið er að byggja þil úr stálskúffum, en þessu mannvirki er mjög hætt, ef ekki verður unnt að halda verkinu áfram, en það er nú þegar komið upp á nokkur hundruð þús. kr. Ég vænti þess, að þetta mál njóti skilnings hjá hv. þm. og þeir minnist þess, að þótt lítil síld hafi verið á miðunum og sérstaklega miðunum fyrir miðju Norðurlandi undanfarin sumur, þá er ástæða til að ætla, að hún komi á þau aftur, en höfnin á Siglufirði er mjög illa sett með síldarsöltun, ef síldin veiðist í nokkrum mæli. Þetta er því þýðingarmikið mál, ef síldin kemur aftur á miðsvæðið, en líkur eru til, að hún hafi verið töluvert mikið á því í sumar, þótt hún hafi ekki veiðzt vegna gæftaleysis nema lítið, og yrði þá illt, ef ekki yrði hægt að hagnýta þá síld, vegna þess að ekki hefði verið hlúð að þessum framkvæmdum, en söltunin hlyti að verða minni, ef þessi höfn inn af Siglufirði yrði ekki orðin nothæf. Höfnin á Siglufirði er ekki örugg, en hún stendur opin fyrir sunnanátt, og hefur ekkert mátt bregða út af með veður, svo að ekki væri hún mjög slæm, a. m. k. fyrir stór skip, en þetta mundi breytast mjög til batnaðar, ef þessi innri höfn kæmist upp. Ég vænti þess fastlega, að þessi till. mín njóti skilnings og Siglufirði verði gert jafnhátt undir höfði og flestum öðrum kaupstöðum landsins í þessu efni.

Önnur breytingartillaga mín á þingskjali 321 er um það að veita til flóðvarnargarðs á Siglufjarðareyri 100 þúsund kr. gegn jafnháu framlagi annars staðar að. Það hefur verið þarna flóðgarður um fjölda ára og er alveg nauðsynlegur, til þess að hægt sé að verja eyrina fyrir sjógangi. Þessi garður brotnaði illa í desember í fyrra. Það brotnuðu í hann stór skörð og flæddi suður yfir eyrina, svo að allt miðstykkið lá undir vatni í nærri tvo daga, og hlutust af því stórkostlegar skemmdir á fasteignum. Komst flóðið m. a. í stóra geymslu, sem ríkisverksmiðjurnar áttu, og ef þar hefði verið geymt mjöl þá, hefði tjónið numið hundruðum þús. kr. Það þarf væntanlega ekki mikið fé til að fylla upp í skörðin, en sjálfsagt og rétt að fyrirbyggja, að þessi flóð geti skollið yfir. Framkvæmdum mundi þá sennilega verða hagað þannig, að þessi kafli, sem byggður yrði, yrði hafður sem undirstaða undir nýjan garð, sem yrði öflugri en sá gamli, enda var byrjað á slíkum garði á sínum tíma. Till. er nú uppi um það að setja stórgrýti, 1—2 tonna björg, framan við garðinn, og mundi það verka eins og öldubrjótur og hindra, að óbrotnar og þungar öldur féllu á garðinn. Það er mjög aðkallandi mál að fylla upp í þessi skörð, og er það ekki aðeins Siglufjarðarbær, sem þarna á hagsmuna að gæta, heldur og ríkið, þar sem flóð gætu valdið gífurlegu tjóni, ef þau kæmust inn í verksmiðjugeymslurnar. Ég vænti þess, að hv. þm. veiti þessu máli stuðning sinn, og vil ég benda á, að Siglufjarðarbær hefur á engan hátt viljað skorast undan því að leggja fram fé til þessara framkvæmda og ætlar sér að leggja fram til jafns við ríkið, svo að hægt verði að gera það nauðsynlegasta, sem þarf að gera í þessu máli, svo að ekki komi til stórtjóna af völdum sjávarflóða.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég á hér eina litla till. á þskj. 315, undir VII. lið á því þskj., og er hún varðandi fjárveitingu til leiklistarstarfseminnar utan Reykjavíkur. Við afgreiðslu fjárl. á síðasta þingi flutti ég svipaða till., sem var þeim annmarka háð, eftir því sem mér skildist á hv. þm., að styrkurinn var bundinn við nokkra kaupstaði. Það var sagt, að þetta hefði orðið henni til tjóns og að henni hefði verið sigur vís, ef aukastyrkurinn hefði átt að ganga til allra sveitarfélaga, hvar sem væri á landinu, utan Reykjavíkur. Man ég, að hæstv. fjmrh. hafði svipuð orð við mig um þetta mál. Nú hef ég fitjað upp á þessu máli að nýju, og geri ég það vegna þess, að leiklistarstarfsemin utan Reykjavíkur er meiri annmörkum bundin en í höfuðstaðnum, en á hinn bóginn er hún skemmt-

un, sem bæði ungir og gamlir njóta vel, og á því erindi til allrar alþýðu, og er það meira en hægt er að segja um allar skemmtanir, sem haldnar eru. Styrkur, sem ætlaður er í þessu skyni utan Reykjavíkur, er á fjárl. þeim, sem nú liggja fyrir, broslega lítill, miðað við þessa tíma. Þar eru leikfélögunum á Ísafirði, Sauðárkróki, Vestmannaeyjum og Siglufirði ætlaðar 2250 krónur hverju. Þetta er lítil fjárhæð, miðað við þann tilkostnað, sem menn verða að hafa, jafnvel þótt útbúnaður allur sé ekki fullkominn, en kröfur fólksins til leiklistarinnar fara nú vaxandi og ekki sízt fyrir það, að ríkið kostar dýrt nýtízku leikhús í höfuðstaðnum, sem margir hafa að minnsta kosti frétt af og koma í og skoða, sem eiga heima úti á landi. Með tilliti til þessa hef ég leyft mér að leggja til, að tekinn verði inn á fjárl. þessa árs aukastyrkur til þess að örva leiklistarstarfsemi utan Reykjavíkur, að upphæð 100 þús. kr., að hæstv. menntmrh. úthluti styrknum og að hann miðist við tölu leiksýninga á árinu 1952 á hverjum stað. Ég hef ekki getað fengið annan betri mælikvarða en þetta og ætlast til, eins og ræður af líkum af orðalaginu, að þetta gildi leiksýningar, sem haldið er uppi, hvort heldur það er í smáum kauptúnum, sveitum eða stærri kaupstöðum. Þetta gæti orðið dálítil uppbót á þann mjög svo litla styrk, sem þessum félögum er ætlaður í fjárl. En ég vildi aðeins mæla þessi orð til skýringar þessari brtt. og minna á, að ég hóf máls á þessu á síðasta þingi á dálítið þrengra sviði og þá að vísu með lægri upphæð. En eftir undirtektunum þá, þá virðist mér, að þessi till. ætti að geta fengið samþykki hér á Alþingi í þetta sinn, eins og hún kemur mönnum fyrir sjónir.

Frsm. 1. minni hl. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Ég vildi, að hæstv. fjmrh. heyrði mál mitt. Ég vildi víkja nokkrum orðum að því, sem hann sagði um framsöguræðu mína.

Hæstv. fjmrh. hefur reynt að gera mikið úr þeirri hugmynd sinni, að það væri óforsvaranlegt, að stjórnarandstæðingar flytji ekki í þinginu sömu brtt. og í fjvn. Yfir þetta hefur hann breitt sig, og var þetta mikið aðalatriði í hans ræðu. Ég hef dálitla reynslu í þessu efni, og fjvn. hefur það öll, eins og ég tók fram í framsöguræðu minni. Fyrir þrem árum stóð þannig á, að ég gerði að vísu ekki eins harða gagnrýni á fjárl. við 2. umr., en bendi á, að lækkunartill., sem ég flutti þá og fleiri fluttu einnig, voru allar felldar. Hæstv. fjmrh. kom með nákvæmlega sömu rök þá og nú. Og ég sagði honum, að hægt væri að flytja brtt. fyrir 3. umr., og ég gerði það líka. Þær voru allar felldar. En ég vil benda hæstv. fjmrh. á, að á þskj. 306 hef ég flutt nokkrar brtt. til lækkunar, sem nema nokkrum hundruðum þús. kr. nú, og ef þær verða samþ. við 2. umr., þá skal ég flytja fleiri fyrir 3. umr., og ég vil biðja einhvern af flokksbræðrum hæstv. fjmrh., ef hann heyrir ekki mál mitt hér, að flytja honum þetta. En verði þessar brtt. felldar við 2. umr., þá sé ég ekki betur en þessi röksemdafærsla hæstv. ráðh. sé meira gerð til þess að koma sér úr klípu heldur en að hann geti sjálfur talið, að hans röksemdafærsla verði tekin gild. En það, sem hæstv. fjmrh. hefur sagt í sambandi við þetta, var, að stjórnarandstaðan hefði skyldur til að koma með gagnrýni á stjórnina og hennar gerðir og minna á hennar skyldur og þessi gagnrýni yrði gerð þannig, að hún kæmi að notum. En ég vil benda hæstv. fjmrh. og öðrum ráðh. á, — það er nú víst enginn viðstaddur eins og er, — hvað farið er nú að gera af ríkisstj. sjálfri til þess að hindra stjórnarandstöðuna í því að geta rækt þessar skyldur. Það er æðimikið farið á því að bera, að hæstv. ríkisstj. er farin að ráðstafa þýðingarmestu og örlagaríkustu málum þjóðarinnar utan við þingið, til þess að stjórnarandstæðingar fái ekki aðstöðu til að gagnrýna gerðir stj. Skarpasta dæmið í þessu efni var á síðasta sumri, þegar 43 þm. var hóað saman til að taka ákvörðun um hersetu á Íslandi á friðartímum. Því var komið svo fyrir, að stjórnarandstæðingar hefðu ekki aðstöðu til að koma sinni gagnrýni að þar. Líklega hefur stj. búizt við, að hægara mundi vera þannig að fá þá þm. á sitt mál, ef sá hluti stjórnarandstæðinga, sem gert var ráð fyrir að væru á móti málinu, fengi ekki aðstöðu til að koma með sína túlkun á þessu máli, sem þar var um að ræða. Þetta gerði ríkisstj. til að hindra stjórnarandstöðuna í að geta rækt sínar skyldur og losna við andstöðu í þessu máli. Mér þykir því undarlegt, að hæstv. fjmrh. breiðir sig svo mjög út yfir það, að stjórnarandstaðan hafi skyldur gagnvart þjóðinni, sem hún eigi að rækja í þessu efni. Ég vil segja, að það er ein af skyldum ríkisstj. að þora að minnsta kosti að hlusta á gagnrýni stjórnarandstæðinga.

Þá hefur hæstv. ráðh. viljað gera mikið úr því, að aðalatriðið í ræðum okkar, sem hófum gagnrýni á afgreiðslu fjárlagafrv., væri það, að við værum að minnast á þessa hálfu menn í ráðuneytunum. Ég skal taka fram, að það er ekki stórt atriði, þessir hálfu embættismenn rn. Það er kannske eðlilegt, að það þurfi menn í þessi rn., og fjvn. hefur fengið áþreifanlega sönnun þess, hvernig vinnubrögðin hafa verið í fjmrn. T. d. þegar kemur það an prentað skjal til fjvn., sem á að vera upplýsingar um hag ríkissjóðs um síðustu mánaðamót og skýrsla, sem fjvn. á að byggja sínar till. á, þá kemur fram nokkrum dögum seinna og upplýsist hér í þinginu, að prentvilla sé hér í þessari skýrslu, sem nemur 36 millj. kr. Þetta eru vinnubrögð rn. Svona má hv. fjvn. treysta skýrslum frá því rn. Það er vorkunn, þó að hæstv. fjmrh. þurfi að setja hálfan fulltrúa í rn., til þess að svona komi ekki fyrir aftur.

Þá hefur hæstv. fjmrh. einnig viljað tala um það og talaði langt mál hér áðan um greinar nokkrar á fjárl., sem hann nefndi, og spurði annan þm. en mig um, hvað ætti að lækka á nefndum greinum, sem voru upp á 330 millj. kr. alls, og hann spurði, hvernig ætti að lækka hvern einstakan lið þar. Og svo kemur hann með þá röksemd, að það, sem stjórnarráðið og utanríkismálin kosta, væri ekki nema sem næmi ⅙ hluta af söluskattinum. Og þessar 330 millj. kr., sem liðirnir nema, sem hæstv. ráðh. talaði um, — allir þessir liðir eru háðir verðlaginu í landinu. Og þá liggur það þannig fyrir, að ef hægt væri

að lækka verðlagið í landinu um 10%, þá ættu þessar greinar að lækka að sama skapi. Ef dýrtíðin lækkar um 10%, ættu þessar greinar að lækka alls í 300 millj., eða um 30 millj. kr. Dæmin, sem ég nefndi við síðustu umr., voru glögg, þar sem ég sýndi, að Skipaútgerðin og landhelgisgæzlan þyrftu að greiða 900 þús. kr. fyrir hver 6 vísitölustig. Það sýnir, hvert stefnir í þessu efni.

Þá vildi hæstv. ráðh. halda því fram, að það væri nauðsynlegt að taka verulegan hluta af tekjum þjóðarinnar aftur með sköttum og tollum. Ég vil benda á, að meðal annars hafa allar launagreiðslur hækkað frá árinu 1950, og ég tel enga fjarstæðu, að hægt sé að lækka þessar greiðslur, svo að nokkru nemi, ef hið almenna verðlag í landinu lækkar. En nú sést á þessu, að það er ekki hægt að reka starfsemi ríkisins nema með verulegri hækkun. Hvað ætlar ríkisstj. að gera viðkomandi atvinnulífinu? Hefur það ekki verið yfirlýst stefna ríkisstj. á undanförnum árum, að það þyrfti að draga fé úr atvinnulífinu og í ríkisreksturinn? Þar þarf meira fé, enda þótt atvinnulífið fái minna fé en áður að sama skapi. Hve lengi getur ríkisbáknið gengið með sífaukinni fjárþörf? Ef atvinnulífið hefur sífellt minna og minna fé til umráða, hvað verðum við þá lengi að komast á hreppinn hjá öðrum þjóðum með því móti? Hvað lengi getum við haldið áfram, þannig að við verðum algerlega orðnir ómagar annarra þjóða með þessu móti? Ég sé ekki, að það verði mörg ár. Þetta er atriði, sem hæstv. fjmrh. hefur ekki vogað að svara enn þá. Ég benti á þetta í minni framsöguræðu við þessa umr. En hæstv. ráðh. vogaði sér ekki að minnast á þetta.

Þá er eitt atriði, sem ég þarf að minnast á í sambandi við ræðu hæstv. ráðh. Það er starfsmannaskrá, sem fjvn. fékk með fjárlagafrv. Hún var ekki sú skrá, sem átt hefði að vera og óskað var að fá. Þá spurði hæstv. ráðh.: Hvers vegna semur þessi þm. ekki þessa skrá sjálfur, og hvers vegna gefur hv. þm. ekki út þessa skrá? — Þá vorum við að ræða skýrslu eins og þá, sem ríkisskattan. gaf út á sínum tíma. Ég benti á, að það er réttur þingmanna og réttur allra nm. í fjvn. að fá þessi gögn vel undirbúin í sínar hendur, svo að hún geti farið eftir þeim. En það er ekki skylda fjvn. að vinna slíka skrá út úr skýrslukerfi ríkisins. Og það er þar af leiðandi ekki ástæða til að ætla, að einn þm. geri þetta og að einstakur þm. geti gefið út slíka skrá. Það minnsta, sem hæstv. ráðh. hefði átt að segja, var, að hann vildi gefa út skrá, ef ég hefði búið hana undir prentun. Nei, þetta eru allt undanbrögð hæstv. ráðh. Þegar hann kemst í vandræði með að svara gagnrýni, sem kemur fram á ríkisstj., þá nálgast það, að hann segi: Hvers vegna tekur stjórnarandstaðan sig ekki til og fer að stjórna landinu?

Þetta held ég að nægi sem svar við því, sem hæstv. ráðh. vék að í síðustu ræðu. Og ég verð að láta þetta nægja. Eins og ég sagði áðan, þá vonast ég til þess, að flokksmenn hæstv. fjmrh. beri honum þessi orð mín og ekki sízt þá yfirlýsingu, að ef samþ. verða þær lækkunartill., sem ég hef flutt hér, t. d. að komast af með ½ millj. í utanfararflakk í staðinn fyrir 800 þús., sem hæstv. ríkisstj. þykist þurfa nú, þá skal ég koma með fleiri tillögur til lækkunar fyrir 3. umræðu.

Frsm. 2. minni hl. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Hæstv. fjmrh. er vikinn af fundi og sennilega farinn að sofa, og það er e. t. v. ekki rétt að ónáða hann í svefnrofunum, og skal ég þess vegna gera lítið að því. — Hann fullyrti það í ræðu sinni hér áðan, að þegar gengið hafi verið frá fjárlagafrv. fyrir árið 1951 fyrir tæpu ári, þá hefði ekki verið á vitorði neins manns, hvaða ráðstafanir yrðu gerðar til að tryggja það, að tekjuöflun ríkisins reyndist betri en vitað var, þegar fjárl. voru til 2. umr. Ég fullyrði, að það sé alrangt. Það var löngu vitað af ríkisstj., þegar við vorum með fjárl. til 2. umr., að það yrði gefin frjáls verzlun með margar vörur, sem hlaut að leiða til þess, að söluskatturinn hækkaði um tugi millj. kr., og vitað var þá, að berast mundi gjafafé til Íslands á þessu ári, til þess að hægt yrði að veita hundruðum millj. kr. til Sogsvirkjunarinnar, Laxárvirkjunarinnar og áburðarverksmiðju. Og innkaup á vörum, sem til þessara stórvirkjana þarf, hlutu að hækka tolltekjur ríkisins. Það lítur út fyrir, að hæstv. ráðh. hafi ekki gert sér grein fyrir þessu. Þar af leiðandi var öll tekjuáætlun fjárl. í fyrra ein hringavitleysa. Annars var hæstv. fjmrh. fáorður um þá fullyrðingu mína, að ég taldi, að hann hefði farið sömu leið við tekjuáætlunina nú, þannig að hún sé nú of lág eins og í fyrra, og það mun reynslan sanna að ári um þetta leyti. Hins vegar var hæstv. ráðh. að auglýsa eftir nýjum till. til sparnaðar. Ég skýrði honum frá því, að við hefðum komið með till. í fjvn. og þar hefðu verið felldar milli 20 og 30 till., sem við bárum fram. Ég hafði boðið upp á það, að verði till. um niðurfellingu söluskattsins samþ., þá skuli Alþfl. bera fram till. um hækkun á tekjuliðum frv. og niðurfellingu á gjöldum, svo að fjárl. gætu samt sem áður orðið afgreidd tekjuhallalaust.

Þá fór hæstv. ráðh. nokkrum orðum um það, að mér hefðu fallið fyrir brjóst þessi aukaútgjöld vegna þessara hálfu manna í rn. Það er rétt, að sízt hefði átt að vænta till. og krafna um að auka starfslið ríkisins í rn. sjálfum, ef ríkisstj. væri eins umhugað um sparnað og hún vill vera láta í öðru orðinu.

Þá sagði hæstv. ráðh., að þó að felld væru niður öll útgjöld í utanríkisþjónustunni og rekstri stjórnarráðsins, þá mundi það ekki nema meira en ⅛ hluta söluskattsins í ár. Útgjöld ríkisins eru áætluð í ár um 360 millj. kr. Kannske það sé nú þannig, að það sé ekki tilhneiging til að reyna að fást við að spara á nokkurn hátt, af því að hvar sem gripið væri niður, þá yrði það svo hlægilega smátt, að það tæki því kannske ekki? Það tæki kannske ekki að spara neitt í utanríkisþjónustunni, af því að það sparast ekki allt, sem gert er ráð fyrir þar? Ef við ætlum að spara nokkuð, þá verðum við að lúta að smáum upphæðum hér og þar í frv. og þó að það yrði miklu minna en ⅛ hluti af söluskattinum.

Mér féll mjög fyrir brjóst í fyrra kostnaður við utanríkisþjónustuna, og þegar ég athuga það mál nú aftur, þá er síður en svo, að það hafi komið fram sparnaður frá því í fyrra. Ég skal rifja upp, hvernig launagreiðslurnar þar eru nú áætlaðar: Aðalræðismannsskrifstofan í Hamborg: Laun aðalræðismanns eru 124 þús. kr., auk þess hefur hann staðaruppbót, sem nemur 93 þús. og 400 kr. Laun þessa manns samtals eru 217 þús. og 400 kr. — Þá er sendiráðið í Osló: Þar eru laun sendiherra 128 þús. og 500 kr. og staðaruppbót 92 þús. og 500 kr., eða samtals 221 þús. kr. Næsti maður hans í þessu sama sendiráði, sem er sendiráðsritari, hefur 85 þús. og 700 kr. í laun og 56 þús. og 900 kr. í staðaruppbót, samtals 142 þús. og 600 kr. — Þá er sendiráðið í Kaupmannahöfn: Þar eru laun sendiherra 131 þús. og 300 kr., og í staðaruppbót hefur hann 126 þús. kr., eða samtals eru laun til sendiherrans í Kaupmannahöfn 257 þús. og 300 kr. Þar er sendiráðsritari, sem hefur 46 þús. og 800 kr. í laun og 18 þús. kr. í staðaruppbót, eða samtals 64 þús. og 800 kr. — Í sendiráðinu í Stokkhólmi eru launin þessi: Sendiherra, 173 þús. og 400 kr. og í staðaruppbót 137 þús. og 400 kr., sem er þá samtals 310 þús. og 800 kr. — Þá kemur sendiráðið í London: Laun sendiherra eru 147 þús. og 700 kr., og í staðaruppbót hefur hann 111 þús. og 700 kr., eða samtals 259 þús. og 400 kr. Nú sé ég, að í nokkrum stærstu sendiráðunum er komið nýtt embætti milli sendiherra og sendiráðsritara, sem er hvergi á plöggum síðan í fyrra og heitir sendiráðunautur. Sendiráðunautur sendiráðsins í London hefur 126 þús. og 500 kr. í laun og 106 þús. og 500 kr. í staðaruppbót, sem er samtals 233 þús. kr. Þá kemur þriðji embættismaðurinn, sem er sendiráðsritari. Laun hans eru 185 þús. og 500 kr., og í staðaruppbót hefur hann 63 þús. og 400 kr., eða samtals 148 þús. og 900 kr. — Þá kem ég að næstsíðasta sendiráðinu, sem er sendiráðið í Paris. Og alltaf eru bitarnir að stækka. Laun sendiherra eru þar 254 þús. og 600 kr. og staðaruppbót 218 þús. og 600 kr., samtals 473 þús. og 200 kr. Þar er sendiráðunautur með 169 þús. og 600 kr. í laun, og í staðaruppbót hefur hann 116 þús. og 300 kr., eða samtals 285 þús. og 900 kr. Og svo þriðji maðurinn, sendiráðsritarinn, með 112 þús. og 600 kr. í laun, en í staðaruppbót 95 þús. og 400 kr., sem er samtals 208 þús. kr. — Svo kemur nú síðasta en ekki minnsta sendiráðið, sem er sendiráðið í Washington. Það er stærst allra sendiráða, fínast allra og dýrast allra, og þar verða laun sendiherra 293 þús. og 800 kr. og staðaruppbót 257 þús. og 800 kr., eða samtals 551 þús. og 600 kr. Þar er sendiráðunautur, sem hefur 135 þús. og 100 kr. í laun og 86 þús. og 900 kr. í staðaruppbót, eða samtals 222 þús. kr. — Þetta eru á almennan mælikvarða svona allálitlegar tölur viðkomandi launagreiðslunum. En það er ekkert hægt að spara á því að áliti okkar hæstv. sparnaðarfjármálaráðh. Þetta eru allt svo smáir liðir, að það þykir ekki takandi að hrófla við þeim eða spara nokkuð, af því að þetta nemur svo fáum hundraðshlutum af söluskattinum, og þar við situr.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég hef nú setið hér í allan dag til þess að hlusta á gagnrýni, sumpart á ríkisstj. og sumpart á fjvn., og ég verð að segja, að ég get ekki verið óánægður út af þeirri gagnrýni, sem kom fram á n., því að það hefur sjaldan verið minni gagnrýni á hennar störf heldur en í dag, enda bera því ljósast vitni þær brtt., sem fram eru komnar, því að ég hygg, að þær séu færri nú við þessa umr. en nokkru sinni áður við 2. umr. síðan ég kom í fjvn. Ég hef því ekki mikla ástæðu til að ræða mikið þær aths., sem komu á n. út af fyrir sig, og verður því mín ræða hér meira að spjalla við þá siðmsku tvíbura, hv. 5. landsk. og hv. 6. landsk., í sambandi við ummæli þeirra um starfsemi í fjvn. og svo um afgreiðslu fjárl. almennt.

Ég skal, áður en ég byrja á því, snúa mér að því, sem hæstv. fjmrh. sagði í sambandi við tekjuáætlunina eins og hún er sett fram í nál., en þar segir, að hún muni verða um 150 millj. meiri en áætlað var í fjárl., og taldi hann þar gæta nokkuð mikillar bjartsýni og taldi, að hún mundi ekki fara meira en 110 millj. fram úr áætlun. En þetta er byggt á þeim skýrslum, sem fjvn. fékk yfir tekjur og gjöld ríkissjóðs, þar sem sýnilegt er, að tekjurnar eru orðnar 318 millj. í lok okt., en vitað er, að síðustu mánuði ársins eru tekjurnar langhæstar, sérstaklega í desember. N. þótti því ekki óvarlegt að bæta 150 millj. við tekjuáætlunina. Ef litið er á tekjurnar í sept., sem voru 37 millj., þá sýnir það, að tekjurnar hækka á hverjum mánuði til áramóta allverulega. Því er ekkert óvarlegt að áætla tekjurnar í nóv. yfir 50 millj. og tekjurnar í des. upp undir 100 millj., og hygg ég, að það fari ekki langt frá því raunverulega. — Þetta þótti mér rétt að láta koma fram í sambandi við ummæli hæstv. ráðh. um þennan lið. Meiri hl. fjvn. hefur hins vegar engu um það spáð, hver verði tekjuafgangurinn. Þess er ekki að vænta, að hægt sé að spá neinu um það, því að það fer svo mikið eftir útgjöldunum tvo síðustu mánuði ársins, og þá eru útgjöldin einnig hæst hjá ríkissjóði, og því er gengið fram hjá því að spá nokkru um það, hver hinn raunverulegi rekstrarhagnaður muni verða. Ég læt þetta nægja í sambandi við ummæli hæstv. fjmrh.

Ég skal þá nokkuð koma að því, sem hæstv. menntmrh. sagði hér áðan í sambandi við tvær till., sem n. hefur borið fram. Ég hygg, að ummæli hans um báðar þessar till. séu byggð á misskilningi. Það er í fyrsta lagi till. í sambandi við kennslu til stúdentsprófs á Laugarvatni, 100 þús. kr. Hæstv. ráðh. álítur, að það væri sama sem að ákveða, að á Laugarvatni skuli koma upp menntaskóla. Þetta er misskilningur. Það hefur ekki verið gengið til atkv. um það í fjvn., hvort á að koma menntaskóli á Laugarvatni eða ekki, heldur er aðeins gengið til atkv. um það, hvort eigi að greiða 100 þús. kr. til skólans á Laugarvatni, svo að hægt sé að láta fara þar fram stúdentspróf á næsta vori vegna þeirra nemenda, sem þar eru nú. M. a. var upplýst, að það væru ýmsir erfiðleikar á því að fá þessa nemendur prófaða hér

í Reykjavík, og hæstv. ráðh. staðfesti það hér í sinni ræðu, að það hafi verið hægt að gera það undanfarin ár, en nú sé loku skotið fyrir það, að hægt sé að prófa þessa nemendur hér í Reykjavík, og þess vegna hafi hann látið þau orð falla við skólastjórann á Laugarvatni, að hann verði að gera það á sína ábyrgð að halda áfram náminu í vetur. Hitt segir sig sjálft, að ef hæstv. menntmrh. hefur leyft að halda uppi kennslu í vetur fyrir 6. bekk og veitt fé til þess, þá er ekki hægt að stöðva fjárveitingu til þess, að þessir menn geti lokið þar því námi og fengið próf í þeim greinum, sem á að prófa þá í, því að það er ranglátt gagnvart nemendum 6. bekkjar, ef ekki er hægt að láta þá taka þar próf eins og við aðra skóla. Ég hef einnig í dag rætt þetta mál við rektor menntaskólans, sem hefur tjáð mér, að hann geti ekki undir neinum kringumstæðum bannað þessum mönnum að koma og taka próf við menntaskólann í Reykjavík sem utanskólanemendur. En það er að sjálfsögðu ekki það, sem til er ætlazt, því að þeir verða að ganga undir harðara próf, sem eru utan skóla, og kemur ekki til mála, að þessir menn verði beittir slíkri hörku. Það, sem hér er um að ræða, er, að fram fari í vor stúdentspróf yfir þessum nemendum, þar sem þeir séu prófaðir í skólanum af sínum kennurum með lögskipuðum prófdómurum, eins og það væri menntaskóli. Það gefur hins vegar ekkert loforð um það, hvort á að halda áfram á þeirri braut, og ég vil benda á það, að verzlunarskólinn hefur fengið leyfi til þess að útskrifa stúdenta án þess að vera tekinn upp sem menntaskóli á kostnað ríkisins. Ég sé því ekki, að það sé neitt loforð fyrir að taka skólann inn á næsta ári sem menntaskóla, þó að þetta væri veitt nú. En vegna þess að skólastjórinn og einnig hæstv. menntmrh. eru báðir óánægðir með þessa till., eins og hún nú er orðuð, og afgreiðslu málsins í heild, þá hefur hæstv. ráðh. óskað eftir því, að þessi till. væri tekin aftur til 3. umr., og mun ég því æskja þess við hæstv. forseta, að þessi till. verði tekin aftur til 3. umr. og reynt að semja um málið fyrir 3. umr. Munu þá koma fram þau sjónarmið, hvort rétt sé á næsta ári að veita 100 þús. kr. í þessu skyni, en það er ekki samkomulag um það milli skólastjóra og menntmrh., og mun n. þá fá tækifæri til að ræða það mál nánar.

Hitt atriðið, sem hæstv. ráðh. minntist á, var till. n. um að fella niður af 14. gr. B. II. 1. málsgr. aths., sem hljóðar svo: „Þar af til námsmanna í Ameríku og Sviss, sem hófu nám sitt 1949 eða fyrr, allt að 350 þús. kr.“ Það er sýnilegt, að það er útilokað að láta þessa aths. standa þannig í frv., því að það gæti ekki verið skilið öðruvísi en að þessir menn, sem eftir eru enn af þeim flokki manna, sem byrjuðu nám 1949 eða fyrr, ættu að hafa þennan hluta styrksins, en það væri ranglátt, því að ef ekki eru orðnir eftir nema 2 eða 3 menn, þá kemur ekki til mála, að þeir ættu að fá slíkan styrk. Það var þess vegna, sem ég ræddi um það við form. menntamálaráðs, að það yrði tekið til athugunar, að styrkurinn yrði lækkaður til þeirra sem samsvarar fækkun stúdenta. Hins vegar er það einnig misskilningur, að fjvn. vilji fyrirskipa, að þeir menn, sem nú hefja nám að nýju í Sviss eða Ameríku, séu útilokaðir frá styrk, eins og mætti ætla, ef gr. er látin standa, því að það hefur orðið að samkomulagi milli mín og hæstv. ráðh., að hann geti samþ., að till. n. verði samþ., gegn því, að ég lýsi því yfir fyrir hönd fjvn., að þó að till. meiri hl. n. verði samþ., þ. e. að 1. málsgr. í aths. verði felld niður, þá ætlist n. til þess, að þeir menn, sem hófu nám í Ameríku eða Sviss árið 1949 eða fyrr, fái ekki hver um sig minni styrk til áframhaldandi náms en þeir höfðu s. l. ár. Þetta er skilningur n. í þessu máli, og tjáði hæstv. ráðh. mér í dag, að hann mundi sætta sig við þessa lausn málsins. Ég sé þá ekki ástæðu til þess að ræða frekar við hæstv. ráðh. út af þessari aths. hans.

Skal ég þá snúa mér að minni hl. fjvn., sem ég satt að segja hef aldrei getað gert neinn greinarmun á, hvorki hér í þeirra framsögu né í samstarfinu í n. Ég hef alltaf skoðað þessa menn, síðan ég fór að vinna með þeim á þessu þingi, sem tákn hinna síðömsku tvíbura, því að þar hefur ekki verið hægt að skilja á milli. Þótt hæstv. ráðh. hafi sýnt þessum mönnum mismunandi virðingu, þar sem hann hefur beint öllu sínu púðri að hægri helmingnum, en ekki viljað sinna hinum vinstri, þó að vitað sé, að sama blóð rennur í æðum beggja, þá mun ég tala við þá báða undir sama númeri og mun þess vegna spara hæstv. forseta að sitja of lengi í forsetastól.

Hv. 6. landsk. hefur haft það sem uppistöðu í sínum ársum hér á ríkisstj., að tekjuáætlun s. l. árs hafi verið mjög röng. Ég skal ekki eyða tímanum í að svara fyrir hæstv. ráðh., því að hann hefur gert það verulega sjálfur og er fær um það, en ég vil svara fyrir fjvn., því að það var með vilja meiri hl. fjvn. á sínum tíma, að tekjuáætlunin var afgr. eins og gert var. Það var vegna þess, að allar aðstæður á s. l. þingi, þegar fjárl. voru afgr., voru þannig, að ógerlegt var fyrir þann meiri hl. fjvn., sem vildi afgr. fjárl. greiðsluhallalaus, að áætla tekjurnar hærri en gert var á þeim tíma. M. a. var þá ekkert vitað um það, hvort gerð yrði sú breyt., að verzlunin yrði gefin svo og svo mikið frjáls, svo að innflutningurinn varð meiri en gert var ráð fyrir. Það var þá ekkert búið að semja um það, hvað margir vöruflokkar skyldu fara undir bátagjaldeyrinn. Við vissum ekkert um þau atriði þá, en hitt vissum við, að við yrðum að áætla tekjurnar svo varlega, að í löku ári væru horfur um það að hafa greiðsluhallalaus fjárl., svo að það er ekki að saka hæstv. ráðh. eingöngu um það atriði, það verður þá að saka allan meiri hl. fjvn., því að það var gert í samráði við hann, og ég mótmæli því alveg, að þetta hafi verið gert af undirferlum eða klókindum eða neinum þeim hvötum, sem hv. 6. landsk. bar hér á ríkisstj., — það var gert eins og skyldan bauð ábyrgum mönnum, sem voru að afgr. fjárl. undir sérstökum kringumstæðum, og það er til vansa fyrir minni hl. að vera ekki með í slíkri afgreiðslu.

Í byrjun starfstímans nú báru tvíburarnir

fram till., eins og ég hef lýst í nál., um það að fella niður söluskattinn, og hv. 6. landsk. hefur lýst yfir, að allt annað hefði verið hrein vitleysa heldur en að byrja á því að athuga, hvað við gætum tekið mikið inn af tekjum. Við áttum að byrja á þeim enda frv. að ákveða, að svo og svo mikið skyldi tekjuáætlunin lækka og tekjurnar þannig minnka, og eftir því áttum við svo að skipta til útgjalda. Þetta taldi hann rétt. Nú vil ég spyrja minni hl. að því, hver hefði orðið niðurstaðan, ef ekkert samkomulag var um það að geta fært kostnaðinn niður. Þá var niðurstaðan sú, að annaðhvort varð að skila fjárl. með stórkostlegum halla eða byrja á því að hækka aftur tekjurnar og samþ. aftur inn á frv. till., sem búið var að fella niður. Ég segi: Þetta eru ekki vinnuvísindi.

Svo skulum við athuga á sama tíma, hvaða till. minni hl. kom með í fjvn. til þess að skila fjárl. greiðsluhallalausum. Hann kom með það, eins og ég hef lýst í minni framsöguræðu, að það mætti lækka stjórnarráðið og utanríkisþjónustuna um 1.8 millj., og það hefur verið undirstrikað hér í ræðum hjá hv. þm. báðum, að það mætti lækka dómgæzluna um 2.4 millj., heilbrigðismál um 6 millj., strandferðirnar um 1.8 millj., menntamálin um 11 millj. og framlag til landbúnaðar og sjávarútvegs um 9 millj. Nú, þegar þeir eiga að standa við þetta, bera þeir kinnroða fyrir það og standa eins og hrein flón. Þessi lækkun er ekki nema 32 millj. Þeir segja, að 19—20 millj. greiðsluhalli sé nú engin goðgá, en samt verða það nú ekki nema 51 eða 52 millj., svo að enn þá vantar 25 millj., til þess að söluskattinum sé náð, en það má svo taka smátt og smátt af öðrum greinum frv. eins og þeir létu í ljós.

Það er vitað, að það er ekki hægt að spara nema fóta sig á þremur meginatriðum. Í fyrsta lagi minni afskipti ríkissjóðs af málum þegnanna. En hefur Alþfl. verið á þeirri línu. Hvað um sérleyfisferðirnar? Hver barði það í gegn og notaði röng rök til að koma þeim á? Það var Alþfl. Og hver var það, sem hélt þeim við með sömu röngu rökunum, meðan Alþfl. var í ríkisstj. og eftir að búið var að eyða 2.9 millj. úr orlofssjóðnum, sem þeim er svo hjartfólginn, til að standa undir tapinu? Það var ekki fyrr en Sjálfstfl. kom einn í ríkisstj., að hann undirbjó, að þetta væri afnumið. — Nú, hvað vill svo Alþfl. í sambandi við skömmtunina? Hefur hann ekki gert kröfur um, að áframhald verði á skömmtun og verðlagseftirliti? (HV: Ekki á skömmtun.) Ég veit ekki betur en að síðan þessi ákvæði voru felld niður hafi komið strengustu kröfur frá Alþfl., þar sem hann krafðist þess, að skömmtun væri tekin upp á byggingarvörum, ef byggingar smáíbúða væru gefnar frjálsar. Ef hv. þm. man ekki svo langt, veit hann ekki mikið af því, sem skeður hér á Alþ. Sannleikurinn er sá, að Alþfl. hefur alltaf viljað halda þessu öllu við og hefta sem mest frjálst framtak og setja allt undir rekstur ríkisins, þannig að ríkið þurfi sem mest fé. — Annað meginatriðið er lægri laun. Hver er afstaða Alþfl. og þeirra tvíburanna til þess máls? Hverjir voru það, sem stóðu fastast með að hækka laun embættismannanna? Það voru þessir tveir flokkar. Ef þeir hefðu aðeins látið það afskiptalaust, hefði þetta aldrei verið gert, sem kostar ríkissjóð tugi milljóna og var samþ. gegn vilja meiri hluta stuðningsmanna ríkisstj. Það er ljóst, að fjárl. fara margar millj. fram úr áætlun, af því að gefin voru út brbl. til að fylgja sömu reglu um laun til opinberra starfsmanna eins og Alþfl. barðist fyrir í frjálsum samningum í landinu. Ég hef ekki gleymt bægslaganginum í hv. 6. landsk., þegar rætt var í Ed. um l. nr. 117 frá 1950, um að festa við 123 stig laun til embættismanna, en hafa lausa alla almenna vinnu í landinu. Þá talaði hann í margar klst. um það ranglæti, sem ríkisstj. beitti launþega í landinu almennt. Svona er samræmið milli orða og verka. — Þriðja atriðið er svo lenging vinnutímans fyrir sömu laun til að lækka rekstrarkostnaðinn. Og hver er svo afstaða Alþfl. til þess máls? Ég man þegar sett var reglugerðin um, að vinna skyldi 35½ klst. og skilyrði fyrir hækkun var lenging vinnutímans. Hv. 3. landsk. ætlaði þá að verða kolvitlaus út af þessu. Hann spurði, hvort það væri meiningin, að ríkisstj. ætlaði að reka menn úr vinnu, eða hvort þeir ættu að hanga uppi í stjórnarráði og gera ekki neitt. Ég veit ekki betur en Alþfl. og hinn tvíburinn hafi staðið fast á því að færa niður kennsluskyldu kennara, og hefur hún nú verið færð niður í 24 stundir og allt niður í 18 í menntaskólunum og álíka í öðrum skólum, á sama tíma og reynslan hefur sýnt, að þeir kenna ekki 18 eða 24 tíma, heldur 36 og 40 bara til að fá tvöföld laun og fá þannig launahækkun fram hjá launalögunum. Þetta sýnir, að það er ekki um mikil heilindi að ræða hjá þeim tvíburunum, þegar þeir eru að koma með till. til að lækka rekstrarkostnað ríkisins. Ábyrgðarleysið er svo áberandi hjá hv. minni hl., að það er ekki hægt að taka þá eins og menn með óbrjáluða skynsemi. Svo koma báðir þessir hv. þm. og segja með köldu blóði, að meiri hl. hafi fellt allar sparnaðartill. þeirra. Það er rétt að benda á, hvernig sparnaðartill. hjá hv. 5. landsk. eru, úr því að hann var að tala um, að hann væri hér með á þskj. sparnaðartill., sem næmu mörgum milljónum. Ef við athugum þessar till., sjáum við, að ef allar till. til sparnaðar yrðu samþ., næmi það 336700 kr., en allar hækkunartill. á sama þskj. nema 12 millj. og 75 þús. Það er ekkert ósamræmi í þessu. Og svo ætlast þessir menn til, að þeir séu teknir alvarlega við afgreiðslu fjárl. Hv. þm. er hér að belgja sig út af því, að hann sé með sparnaðartill., en þeim fylgir bara 12 millj. kr. hækkun. Svona var öll þeirra starfsemi í fjvn. eins og hér kemur fram, þó að þeir vilji ekki kannast við það núna. — Seinna vildi minni hl., að helmingur söluskattsins væri felldur niður. En þótt aðeins helmingurinn hefði verið felldur niður, var ekki hægt að ná jafnvægi á fjárl., þó að farið hefði verið inn á þær till., sem minni hl. kom með. En nú vilja þeir ekki kannast við þetta. Auk þess kom aldrei fram hjá hv. minni hl., hvernig hann ætlaði að framkvæma það að fella niður helming söluskattsins, og það kom heldur aldrei fram, hvernig það mundi verka, ef einhverjar

vörur væru teknar undan söluskattinum. — Till. frá hv. 6. landsk. á þskj. 307 þarf ekki mikið um að ræða. Þær till. snerta ekki afgreiðslu fjárl. nema þessi eina um niðurfellingu söluskattsins. Hitt er nýmæli í sambandi við fjárlögin, sem ég hef ekki orðið var við fyrr, að hér er verið að ráðstafa á fjárlögum fyrir árið 1952 peningum, sem enginn veit, hvað miklir eru, og komu inn á árunum 1950 og 1951. Held ég, að væri heppilegra fyrir hv. þm. að taka þessar till. aftur og láta þær heldur koma fram í sambandi við frv. það, sem fjmrh. hefur boðað um ráðstöfun á tekjuafganginum, ef hann verður einhver. Finnst mér það þinglegra en að setja það inn hér.

Þá sagði hv. 6. landsk., að ekki hefði náðst mikill árangur af því, sem ég sem form. n. hefði leitað til ríkisvaldsins um sparnað, en sagði hins vegar, að það hefði ekki verið af því, að beinlínis hefði skort samvinnu, heldur ákvarðanir ríkisstj. Ég er viss um, að án samstarfs við fjmrn. og embættismenn næst ekki sá árangur, sem á að nást. En mér þykir rétt að sýna fram á heilindin hjá minni hl. í sambandi við þessa sjálfsögðu tilraun. M. a. mætti hjá n. einn ágætur starfsmaður ríkisins, sem nýlega var orðinn forstjóri og hafði tekið við af samvizkusömum starfsmanni. Í hans stofnun höfðu hækkað öll laun þvert ofan í ákvæði launalaganna. Þegar ég benti honum á, að ég teldi gengið of langt, sagði minni hl. að vísu ekkert, meðan hann var inni, en þegar hann var farinn, risu tvíburarnir upp og ávítuðu form. n. fyrir að hafa gert þessa tilraun til að gagnrýna það, sem ég álít óverjandi eyðslu. Þessi maður hafði fordæmi frá fyrirrennara sínum, sem hann lýsti yfir, að hefði tekið lögin bókstaflega. (GÞG: Var látið eitt yfir alla ganga?) Vegna þess að hér var um breytingu til hins lakara að ræða við umskiptin, var fyllsta ástæða til að benda á þetta, þó að aðrar stofnanir kunni að hafa gengið á undan. Hví gat dyggð fyrirrennara hans ekki verið honum leiðarvísir við starfið? Það var af því, að hann var of mikill vinstri sinni og hafði lært of mikið af kenningum þeirra. (GÞG: Var það ekki þess vegna, sem formaðurinn hélt ræðuna yfir honum?) Hann gat ekki látið dyggðina ráða í starfi sínu. Ég sé, að hv. 3. landsk. er sammála um, að ekki eigi að gagnrýna þetta í nefndinni. (GÞG: Ég vil láta eitt yfir alla ganga, en ekki taka suma út úr og skamma þá, eins og formaðurinn gerir.) Hv. 3. landsk. hlýtur að byggja á einhverjum milliburði frá öðrum. (GÞG: Formaðurinn er frægari en hann heldur.) — Hv. 6. landsk. sagði, að aðalástæðan til, að ekki væri hægt að laga þetta almennt, hefði atvmrh. viðurkennt að væri sú, að hér væri um að ræða laun til vina og vandamanna, sem ekki mættu missa þau. Ég er hissa á þm., sem meira að segja vill láta kalla sig hv. þm., að hann skuli viðhafa svona ummæli. (HV: En ef þetta fyndist nú í alþingistíðindum?) — Hann fór rétt með ummæli úr ræðu minni, af því að hann gat ekki falsað þau, af því að ræðan er komin á prent. Ég benti á, af því að ég tel það skyldu mína, að sumir embættismenn hafa 60—90 þús. kr. laun, en eiga að hafa 30—50 þús. samkv. launalögunum. Ég benti á þetta af því, að ég tel, að svona eigi málin ekki að vera. Sannleikurinn er sá, að það er eingöngu fyrir atbeina og áhrif stjórnarandstöðunnar, að málin eru komin í þetta horf, og það er hægara að koma þeim í þetta horf en að laga þau aftur. Vona ég, að ríkisstj. geri tilraun til og nái árangri í að laga þetta. Strax hefur verið stigið eitt spor í Ed. til að fá þetta lagað, og verður fróðlegt að sjá, hverju stjórnarandstaðan svarar, þegar það kemur til umr. Svo sagði 6. landsk., að allt þetta fjármálaóstand stafaði af því, að nú ætti íhaldið engan Jón Þorlákksson, engan nurlara í fjármálaráðherrasæti. Ég er hissa, að hv. þm. skuli flokka sig í slíkan nagdýraflokk að narta í vel látinn og virðulegan látinn mann. Það er fyrir neðan virðingu nokkurs þm. og varla að sé mælandi við slíkan mann. (HV: Það er helzt að sjá, því að hann talar ekki við neinn nema mig.) Þá gat þm. um, að það væri sterk sönnun fyrir óráðsíu stj. að taka inn í fjárl. 125 þús. kr. til rekstrar Kvíabryggju, og úthúðaði síðan, hvernig þessi eign hefði verið keypt af einhverjum gæðingi íhaldsins fyrir fé, sem honum kom ekkert við að gagnrýna, hvernig var varið, því að það var ekki fé ríkissjóðs. Hann leyfði sér að vaða inn á þau mál, því þó að Reykjavíkurbær eyði mörgum milljónum í íhaldsgæðinga, kemur honum það ekkert við, auk þess sem hann fór með rangt mál. Hann hefur kannske haldið, að um væri að ræða fé úr bæjarsjóði Ísafjarðar. Hitt er, eins og ráðh. benti á, lagaleg skylda ríkissjóðs að kosta ekki aðeins reksturinn, heldur einnig stofnkostnaðinn. Það er ekki að furða, þó að hv. þm. ætlist til, að hann sé tekinn alvarlega.

Ég hygg, að ég geti látið þetta nægja til að sýna, hve ábyrgðarleysið er á háu stigi hjá hv. minni hl. n. í sambandi við öll þessi mál. Skal ég þó, áður en ég lýk að tala við hv. 6. landsk., benda á, að hann fór líka með rangar tölur vísvitandi. Minni kröfur er ekki hægt að gera til manns, sem er skólastjóri við héraðsskóla og keppir að því að verða rektor við menntaskóla, en að hann annars vegar geti lesið rétt tölur og hins vegar lagt saman eins og krafizt er af 6—10 ára börnum. — Skal ég þá fyrst koma að Búnaðarfélaginu. Hann sagði, að 240 þús. kr. væru greiddar til Búnaðarfélagsins fyrir bókaútgáfu, þess utan 30 þús. kr. til að standa undir tapi af búnaðarblaðinu Frey. Sannleikurinn er sá, að allur kostnaður við Búnaðarritið er 45 þús., við bókaútgáfuna 170 þús. og við Frey 30 þús., eða samtals 245 þús. Eftir er svo að draga 130 þús. frá bókaútgáfunni, sem eru teknar á tekjuliðum, svo að ekki eru eftir nema 115 þús. Svona er öll hans málfærsla. Þessar tölur eru teknar beint upp úr skjölunum af manni, sem ekki er skólastjóri, en kann þó að lesa rétt. Ef við þessa upphæð er svo bætt launum ritstjórans, sem eru 38 þús., verður það þó ekki nema 153 þús. — Alveg eins fór hann með tölurnar um sendiráðin. Ég ætla að taka Stokkhólm sem dæmi, af því að ég nenni ekki að lesa þau öll. Sendiherrann hefur í allt 173400 kr., og það skiptist í 36000 kr. grunnlaun og 137400 kr. staðaruppbót. Hann las það þannig, að hann hefði

173 þús. og hitt til viðbótar. Þannig tvöfaldaði hann upphæðina og gerði það í öllum sendiráðunum. Þetta sýnir, að það á ekki að taka svona mann alvarlega. Ég drep á þetta til þess, að svona ósannindi fái ekki að standa óhreyfð í þingtíðindum.

Ég skal nú stytta mál mitt, herra forseti. — Ég hirði ekki að ræða frekar við hv. 5. landsk., því að mikið af því, sem ég sagði um störf n., gildir einnig um hans athugasemdir, nema hann hefur ekki reynt að falsa raunverulegar tölur úr skjölum, sem eru algert trúnaðarmál og hann hefur ekkert leyfi til að misnota. En ef þess er að vænta, að minni hl. misnoti þessa aðstöðu, væri réttast að taka upp þann sið, að hann fengi ekki aðgang að slíkum skjölum, því að þau eru ekki til að misnota þau af óvönduðum mönnum.

Ég ætla þá að fara nokkrum orðum um þær brtt., sem hér liggja fyrir. Á þskj. 308 er till. frá hv. þm. Hafnf. um 500 þús. kr. til heilbrigðismála, og á þskj. 321 er till. um jafnháa upphæð frá hv. þm. A-Húnv. á 9. lið 12. gr. Ég vil taka það fram, eins og ég gerði í framsöguræðu minni, að fjvn. hefur ekki að fullu gengið frá þessari grein, en mun athuga hana með hæstv. ríkisstj. fyrir 3. umr. fjárl. Annars þarf þessi liður að hækka, en það er ekki og hefur aldrei verið verk fjvn. að ákveða, í hvaða staði þeirri fjárveitingu er varið. Það er verk heilbrigðisstjórnarinnar. Ég vil mjög taka undir það, sem hæstv. forseti Sþ. sagði, að þar er ekkert samræmi í þeim fjárveitingum, sem veittar eru til heilbrigðismála og verklegra framkvæmda. Það er t. d. ekki vansalaust, að ekki skuli vera hægt að taka upp fjárveitingu til hjúkrunarkvennaskóla. — Um till. hv. þm. Hafnf. vil ég segja það, að það er ekki víst, að heilbrigðisstjórnin samþykki þá fjárveitingu, sem þar er farið fram á, þar sem hún hefur ekki samþykkt bygginguna, en höfuðskilyrðið til þess, að fjárveiting fáist, er að byggingin sé samþykkt af heilbrigðisstjórninni.

Um Austurveg skal ég vera stuttorður. Ég vil taka það fram, að það var ekki unnt að verða við ósk vegamálastjóra um að veita í hann 1.3 millj. kr. af fé því, sem veitt er til vega. Það hafa orðið miklar deilur um Krýsuvíkurveginn, og skal ég ekki verða til þess að vekja þær deilur upp.

Hvað snertir ræktunarveg í Hrísey, en það kom fram mjög mikil óánægja hjá hv. 1. þm. Eyf. í sambandi við hann, þá vil ég taka fram, að það lá ekkert erindi nú fyrir fjvn. frá þm. Eyf. um það mál, og tók n. því upp óbreytta fjárveitingu frá því í fyrra. En mér er kunnugt, að í Hrísey er mikið starf ógunnið á þessu sviði.

Hv. þm. Hafnf. flytur hér brtt. um hækkun framlags til hafnargerða. Ég skil vel þessar óskir manna um aukið fé til hafnargerða, en ég hygg, að n. verði ekki með neinum rökum ásökuð um rangláta skiptingu á þessu fé, þegar þess er gætt, að hún hefur ekki nema rúmar 5 millj. til skiptanna, en hefði þurft að hafa rúmar 11 millj. til þess að gera alla ánægða. Eins og kunnugt er á ríkissjóður vangreidd framlög til hafnargerða, — þar af á Hafnarfjörður hvorki meira né minna en 1.4 millj. kr., — og finnst mér rétt, að vangreiðsluskuldir ríkisins í sambandi við hafnargerðir verði greiddar með tekjuafgangi þessa árs. Ég vil því benda hv. þm. Hafnf. á að athuga þetta í sambandi við frv. það, sem hæstv. ríkisstj. hefur boðað, að hún muni flytja um ráðstöfun á tekjuafgangi ársins 1951. Mér finnst sjálfsagt, að tekjuafgangurinn verði notaður til þess að greiða skuldir í sambandi við hafnar- og vegagerðir, skólabyggingar o. fl. Það mundi áreiðanlega verða mikil hjálp til handa hinum aðþrengdu sveitarfélögum. — Þessar óskir manna um aukið framlag til hafnargerða eru því vel skiljanlegar, og sama máli gegnir um óskir um aukin framlög til brúargerða. En ég held, að ekki sé hægt að ásaka n. fyrir rangláta skiptingu á brúafé frekar en á fé til hafnargerða, því að n. hafði ekki nema helming þess fjár til umráða, sem þurft hefði til þess að veita öllum tilhlýðilega úrlausn. Það gerir þessa skiptingu enn erfiðari, að nær ótækt er að veita fé til slíkra framkvæmda, nema það sé nægilegt til að ljúka þeim til fulls.

Út af ummælum hv. þm. N-Ísf. um, að ekki hafi verið uppfyllt fyrirheit um fé úr brúasjóði, vil ég upplýsa, að þetta er mál, sem ekki heyrir undir fjvn. Þessu fé hefur aðallega verið varið í hinar stærri brýr, t. d. Iðu, og ég sé ekki, að það væri nein bót að fara að dreifa því í smábrýr, því að hvar ætti þá að skera á línuna? Annars hefur tónninn hjá hv. þm. N-Ísf. í garð fjvn. alltaf verið heldur slæmur, og er ekki vert að taka allt of mikið mark á því, hvað hann segir.

Í sambandi við brimbrjótinn í Bolungavík, þá mun þurfa um 830 þús. kr. til að endurnýja hann, en á fjárl. nú eru veittar 400 þús. kr. til þess. Ég álít, að það sé farið inn á mjög hættulega braut, ef ríkissjóður á að leggja fram allt fé til slíkra framkvæmda án framlags frá viðkomandi sveitarfélagi, og ég held, að engin framkvæmd hafi komið eins hart niður á ríkiskassanum og einmitt brimbrjóturinn í Bolungavík. Ég held því, að það sé bezt fyrir hv. þm. N-Ísf. að taka þessa till. sína um brimbrjótinn aftur til 3. umr., svo að honum gefist kostur til að rökstyðja hana betur.

Þessi sami hv. þm. sagði, að vegafé hefði verið ranglátlega útbýtt og ekki í sambandi við þarfir í einstökum héruðum. Hv. 1. þm. Eyf. sagði, að við úthlutun vegafjár ætti einnig að gæta fólksfjölda héraðanna og þess vörumagns, sem um héruðin þyrfti að flytja. Sannleikurinn er sá, að þau héruð leggjast í eyði, sem ekki hafa forsvaranlegar samgöngur, og mér er alveg kunnugt um baráttu hv. 1. þm. Eyf. fyrir auknu vegafé, en sannleikurinn er sá, að í Eyjafirði voru til lagðir vegir löngu fyrr en í flestum öðrum héruðum, og árið 1950 voru veittar 861177 þús. kr. til vegaviðhalds í Eyjafirði, og er mér ekki grunlaust, að sumt af því fé hafi farið til lagningar nýrra vega, og er þó ekki hægt að bera samgöngurnar í Eyjafirði saman við sum önnur héruð, svo miklu betri eru þær. — Ég vil halda því fram í sambandi við það, sem hv. þm. N-Ísf. sagði, að eftir þeim fjárveitingum, sem veittar hafa verið til vega í hans kjördæmi, þegar Súða-

víkur- og Bolungavíkurvegir voru tengdir við Ísafjörð, þá sé ekki með neinum rökum hægt að halda því fram, að sýslan hafi orðið útundan við veitingu vegafjár.

Hv. 1. þm. Eyf. var með fyrirspurn um skemmdirnar á hafnargarðinum á Dalvík. Ég veit ekki til þess, að fjvn. hafi borizt neitt erindi um það mál. Ég hef áður bent á, að það er ákaflega hált að fara inn á þá braut að láta ríkissjóð leggja fram fé til slíkra hluta án framlags frá viðkomandi bæjarfélögum. Hins vegar hefur fjvn. borizt erindi frá bæjarstjórn Ólafsfjarðar, og er verið að athuga það.

Hv. þm. Hafnf. ber hér á þskj. 308 fram hækkunartillögu við 13. gr. C. VI., eða til áhaldakaupa við rekstur vitanna. Þessi till. þarf athugunar við, og vonast ég til, að fullt samkomulag verði um að taka hana aftur til 3. umr.

Svo er hér till. frá hv. þm. Mýr. um 50 þús. kr. fjárveitingu til kirkjubyggingar í Borgarnesi. Ég vil benda hv. þm. Mýr. á, að áður hefur verið veitt fé til þessarar fyrirhuguðu kirkjubyggingar, en það hefur bara ekki verið notað (AE: Þá hlýtur féð að vera til núna.), enda þótt miklum erfiðleikum hafi verið bundið að útvega fé til kirkjubygginga.

Hv. þm. Snæf. flytur hér till. um hækkun til amtsbókasafnsins í Stykkishólmi. Eins og tekið er fram í nál., þá eru veittar um 150 þús. kr. af skemmtanaskatti til bókasafna víðs vegar um land. Það hefur verið rætt um það í fjvn., að það væri mjög óheppilegt að láta fjvn. annast þessa skiptingu, og vonir standa til, að senn verði ráðin bót á þessu.

Út af tillögu hv. 7. þm. Reykv. um 8 þús. kr. styrk til Guðmundar Jónssonar söngvara er það að segja, að við í fjvn. látum Alþingi alveg um það.

Hvað viðvíkur till. frá hv. þm. Hafnf. um hækkun til sjómælinga úr 175 þús. upp í 250 þús. er það að segja, að n. mun athuga þetta mál til 3. umr., því að ekkert erindi hefur legið fyrir um það mál fyrr en nú.

Till. nr. XIII á þskj. 308 er frá meiri hl. n. og er aðeins leiðrétting.

Till. nr. XV er frá hæstv. menntmrh. Hann er að vísu ekki viðstaddur nú, en í till. hans er farið fram á 250 þús. kr. ábyrgð á láni vegna orðabókar Sigfúsar Blöndals. Ég vildi gjarnan fá að vita, hvaðan þessi till. er runnin, því að það hefur ekkert legið fyrir hjá n. um þetta mál.

Till. nr. XVI er frá hv. 7 þm. Reykv. Vildi ég fara fram á, að fyrir n. verði lagðar nánari upplýsingar um það mál. Ég tel mjög vafasamt, að þessir menn eigi fyrir skuldum, og ég veit ekki betur en ástandið í félaginu sé þannig, að þar sé allt á hverfandi hveli vegna óeiningar. Sannleikurinn er sá, að þetta mál væri miklu lengra á veg komið, ef Reykjavíkurbær hefði viljað sinna því fyrr.

Ég þarf ekki að ræða hér um framlag til sjúkrahússins á Akureyri, en hér er till. á þskj. 315 frá hæstv. menntmrh. um lán til námsmanna. Ég skil ekki, hvaðan sú hugmynd er komin að lána þessar 275 þús. kr. í staðinn fyrir að veita þær sem styrk. Ég vil óska, að þessi till. verði tekin aftur til 3. umr.

Út af XIII. till. á þskj. 315 er það að segja, að sjálfsagt er að samþ. hana. Hún hefur verið rædd í n. í sambandi við flugmálin, og hygg ég, að ekki hafi verið neinn ágreiningur í n. út af því.

Ég ætla svo aðeins að segja nokkur orð um XV. brtt. Ég vil biðja menn að láta það ekki ráða ákvörðun sinni, að hér er um ákaflega leiðinlegt tilfelli að ræða í sambandi við slysið á Bolungavíkurvegi. Þetta lá fyrir n., eins og hv. 6. landsk. sagði hér, og var afgreitt þar. Okkur var fullkomlega ljóst, að ef gengið væri inn á þá braut að greiða slíkar bætur, þá væri þetta ekki endirinn á þeim kröfum. Þessar kröfur eða óskir lágu fyrst fyrir þannig frá viðkomandi aðilum, að greiddar væru 30 þús. kr. bætur vegna hvors þeirra, sem létust. Það er þrisvar sinnum á við dánarbæturnar, sem Tryggingastofnunin greiðir vegna þeirra, sem farast á sjó, en þó hafa sín iðgjöld. Síðan eru atvinnu- og slysabætur 53 þús. kr., og þær eru líka miklu hærri en þær, sem maður fær, sem er tryggður hjá slysatryggingunum. Síðan eru 120 þús. kr. til þess manns, sem hefur beðið tjón vegna skemmda á bifreiðinni. (SB: Till. er ekki um þessar bætur.) Ef þetta er viðurkennt af Alþingi, þá má ekki neita því að greiða sams konar bætur til allra þeirra aðila, sem misstu sína nánustu í því sorglega slysi, sem varð, þegar Þormóður fórst, þar sem menn voru óvátryggðir. En hv. flm. till. sagði, að menn ættu að vera jafnir fyrir lögunum, og tel ég því farið inn á mjög hættulega braut. Ég mæli ekki á móti því, að þessum aðilum verði greiddar bætur, en ég vil, að menn geri sér ljóst, að slíkar kröfur verða ekki stöðvaðar, ef þetta verður samþ. Verður ríkissjóður að vera því viðbúinn að fá slíkar óskir eða kröfur á hverju ári, því að slys eiga sér mjög víða stað. En það er varla sæmandi hv. þm. N-Ísf. og hans fylgi-, ég þori ekki að segja kálfi (Fjmrh.: Fylgifiski.), já, einmitt hans fylgifiski, að byggja kröfur sínar á því, að þetta slys hafi orðið á vegi, sem lagður hefur verið út að Bolungavík af ríkinu og verið óóruggur. Hv. 6. landsk. þm. hefur byggt þessa kröfu á því, að þessi vegur, sem lagður var út hlíðina, hafi verið óóruggur. Því hefur verið svarað af okkur í n. á þann hátt, að ef slík rök eigi að gilda, ætti að fá um það dóm. Það hefur nú fallið merkilegur dómur í öðru máli, þegar ríkissjóður varð að greiða ákveðinn hluta tjóns, sem varð, þegar brú ein féll niður. Það getur verið, að ekki hafi átt að leggja þennan veg svona. (HV: Þetta er sérleyfisleið ríkisins.) Hv. 6. landsk. þm. hélt því fram, að þar sem þetta væri sérleyfisleið, ætti ríkið að greiða það tjón, sem yrði af þeim slysum, sem á honum kynnu að verða fyrr og síðar.

Þá vildi ég aðeins spyrja hv. 1. þm. Árn. um það, út af brtt. hans nr. XVI á þskj. 315, um að endurgreiða hafnarsjóði Þorlákshafnar kostnað af lagningu Þorlákshafnarvegar, hvort þetta fé hafi verið greitt úr hafnarsjóði og þá um leið 40% af upphæðinni greidd úr ríkissjóði, því að ef það hefur verið greitt úr hafnarsjóði og viðurkennt sem nauðsynlegt framlag, þá er búið að greiða eða viðurkenna úr ríkissjóði 40% í

greiðslum og ábyrgð 60%. Ef þetta er rétt, þá á ekki að greiða á eftir nema þau 60%, sem ríkið hefur ekki áður greitt. Auk þess vildi ég spyrja hv. þm., hvort þessi vegur hafi ekki verið tekinn í sýsluvegatölu. Ef þessi vegur hefur ekki verið tekinn í sýsluvegatölu, til þess að hægt væri að fá 75% kostnaðar úr ríkissjóði, þá hefur ekki verið ákaflega mikill áhugi fyrir því í sýslunni að fá þennan veg lagðan. Það er ákaflega æskilegt að fá þetta upplýst, svo að ég geti upplýst n. um þetta fyrir 3. umr., og er sennilegt, að till. yrði þá tekin aftur.

Ég skal nú ekki þreyta hæstv. forseta og d. meira, en ég vildi aðeins skýra frá því hér, að a-liður 61. brtt. á þskj. 291, við 17. gr., mun ég óska eftir að verði tekinn aftur. Það er leiðrétting í sambandi við Samband ísl. berklasjúklinga. Það hefur verið sett inn í fjárlagafrv., að þetta sé ⅓ af greiðslunni, en við höfum borið fram brtt. um, að þetta yrði önnur greiðsla af þremur. En sannleikurinn er sá, eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið um málið, að þetta átti að vera síðari greiðsla af tveimur. Það hefur verið samkomulag um það og var staðfest af skrifstofustjóra í dag, að greiðslunum ætti að skipta á tvö ár, og er þetta því seinni greiðslan. Mun ég taka þetta aftur til 3. umr. og láta athuga þetta í n. — Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að ræða frekar um brtt.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég ætla aðeins að segja örfáar setningar út af því, sem hv. frsm. meiri hl. n. minntist á. Hann ræddi um, að ungur embættismaður, sem hefði nýlega verið ráðinn til ríkisstofnunar, hafi þar gert ráðstafanir til þess að hækka kostnaðinn við stofnunina, sem hann veitir forstöðu, það hafi verið gert að ófyrirsynju og hinn nýi embættismaður hafi gengið út af götu dyggðarinnar með því að beita sér fyrir þessu. Ég tel mér skylt að láta í ljós skoðun mína á þessu, því að ég skipaði þennan starfsmann og samþ. till. hans.

Það er upphaf þessa máls, að þessi embættismaður, sem er einstakur fyrirmyndarmaður og sérstakt happ er fyrir ríkið að hafa í þjónustu sinni, gerði till. um að hækka laun nokkurra starfsmanna, sem vinna hjá stofnuninni á óbreyttum launum frá því, sem verið hefur. Vildi hann færa þá í aðra launaflokka. Hann gerði till. til fjmrn., og voru þær gaumgæfilega athugaðar. Okkur fannst till. hans fullkomlega sanngjarnar samanborið við launagreiðslur annars staðar og launagreiðslur í þessari stofnun hafi verið í ósamræmi við launagreiðslur í sambærilegum stofnunum. Hér er ekki um frávik að ræða frá launalögunum, því að í launalögum er gert ráð fyrir þessum starfsmannahópum, því að þar var gert ráð fyrir, að ritarar væru einn, tveir eða fleiri og sömuleiðis fulltrúar. Í raun og veru var gert ráð fyrir þeim tegundum starfsmanna í þessari stofnun, sem úrskurðaðar voru með þessari breytingu. Aðeins í einu atriði er um frávik að ræða frá launalögunum. Maður, sem unnið hafði þar lengi skrifstofustjórastarf og hafði verið skrifstofustjóri að starfi, en nefndur fulltrúi og launaður sem fulltrúi, var gerður að skrifstofustjóra og flokkaður í skrifstofustjóralaun. En í launalögunum er ekki gert ráð fyrir skrifstofustjóra í þessari stofnun. Ég játa, að þarna var um frávik frá launalögunum að ræða. En sams konar frávik hefur verið gert af öðrum en mér og öðrum en forstöðumanni þessarar stofnunar. Er í þessu tilfelli um fullkomna sanngirni að ræða, miðað við þau kjör, sem voru þar áður. — Þetta vildi ég taka fram út af því, sem hv. þm. sagði um þetta atriði. Að öðru leyti mun ég ekki blanda mér frekar en orðið er í þessar umr.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Það eru aðeins tvö eða þrjú atriði í ræðu hv. þm. Barð., form. fjvn., sem ég vildi gera stutta athugasemd við. Ég kann ómögulega við það, að hann tali um, að við 6. landsk. þm. höfum ekki haft vitneskju um það, hve mikill kostnaður yrði við þær framkvæmdir, sem hafa verið gerðar á brimbrjótnum í Bolungavík á síðastl. sumri. Það er nefnilega svo fráleitt, að við, sem höfum barizt fyrir því, að bætt yrði það geipitjón, sem hefur orðið á þessu mannvirki haustið 1950, höfum ekki getað gert okkur ljóst jafnóðum og verkið var unnið, hvað það kostaði. En hitt er svo rétt hjá hv. form. fjvn., að hvorki okkur né hann né heldur yfirstjórn hafnarmálanna óraði fyrir því, hvað þetta verk yrði dýrt. Það er rétt, að þegar till. var flutt á síðasta þingi um svipaða heimild og hér liggur fyrir, munu hafa verið nefndar upphæðir, sem voru miklu lægri en áætlun verkfræðings vitamálastjórnarinnar varð. En hv. þm. veit líka, að slíkum áætlunum geigar oft og kannske ekki sízt á tímum eins og þeim, sem við lifum á, þegar verðlag breytist frá mánuði til mánaðar. Ég skal hins vegar verða við þeirri ósk hv. þm. Barð. að taka till. aftur til 3. umr. Vil ég mjög gjarnan ræða við hv. fjvn. um hana. En það ræður af líkum, að slíku verki verður ekki hætt fyrr en því er fullkomlega lokið. Það væri vissulega fráleitt að hætta í miðju kafi við hafnarmannvirki sem þetta, hvort sem við erum þar komnir út á hála braut, þegar við hlaupum þannig undir bagga með þeim, sem hafa orðið fyrir óhappi. En hv. þm. Barð. veit, að það að neita um hjálp eins og þá, sem hér um ræðir, að ríkið borgi tjónið, það þýðir, að þessi staður leggist í auðn og örbirgð. Þessi staður hefur aðeins 800 íbúa, og rís því byggðarlagið ekki undir slíkum milljóna kostnaði, sem kemur til viðbótar við þessa framkvæmd, sem þeir hafa lagt hart að sér fyrir á undanförnum árum. Ég veit, að hv. þm. Barð. skilur þetta vel, og þess vegna fjölyrði ég ekki um það.

Svo er annað atriði, sem ég vildi leiðrétta. Það er alveg fráleitt, að ég hafi í minni stuttu framsöguræðu hér gefið í skyn, að till., sem ég flutti um slysabætur vegna slyssins á Bolungavíkurvegi, væri byggð á því, að þessi vegur væri óöruggur og að ríkinu bæri þess vegna að bæta það tjón, sem stafaði af þeim slysum, sem á honum yrðu. Ég gæti ekki hafa haldið þessu fram, vegna þess að það er mín skoðun, að þessi vegur sé ekki miklu óöruggari en fjöldamargir aðrir vegir þessa lands. Hins vegar

byggði ég till. mína og hv. 6. landsk. þm. á því, hversu sérstætt og sérstakt þetta slys var, hversu gersamleg tilviljun réð því, að þetta hörmulega og sorglega slys varð. Um þetta skal ég ekki ræða frekar hér, til þess að fara ekki að rekja mjög ömurlega atburði. Ég tel einmitt, að vegna þess, hversu sérstætt þetta slys var, þá sé hættandi út á þá braut fyrir Alþingi að bæta líf og limi og eignir þeirra aðila, sem urðu fyrir þessu hörmulega slysi, að svo miklu leyti sem það er á okkar valdi.

Ég skal svo alls ekki fara að kappræða við hv. form. fjvn., hv. þm. Barð., um skiptingu vegafjárins. Við stöndum þar trúlega allir í óbættum sökum hverjir við aðra, hv. þm., að okkur finnst stundum, að allir aðrir en við sitji meira sólarmegin gagnvart till. frá hv. fjvn. um skiptingu vegafjárins. Ég skal ekki fara að gera það að neinu umtalsefni hér. En lagt er til, að kjördæmi hv. form. fjvn. fái 705 þús. kr. til brúa og þjóðvega, en N.-Ísafjarðarsýslu, sem er í sama landshluta, eru hins vegar áætlaðar 425 þús. kr. Mér dettur ekki í hug að angra minn vin, hv. þm. Barð., með því að segja, að þetta sé of mikið fyrir hans víðlenda og veglausa hérað. En ég hygg, að sá mismunur, sem er á fjárveitingu til þessara tveggja héraða, styðjist ekki við réttlæti nema að afar litlu leyti. N.-Ísafjarðarsýsla er jafnvegalítil og Barðastrandarsýsla og fjarlægðirnar eru þar svipaðar og aðstæður fólksins erfiðar. En ég skal ekki fara í langan meting við hv. þm. Barð. um þetta. Ég vil styðja hann og hann trúlega mig, — eða að minnsta kosti ég hann, — til þess að fá fé svo sem frekast er unnt til þess að leggja vegi um sýsluna. En ég vænti, að eftir að ég hef vikið að þessu máli, þá styttist bilið milli sýslnanna, þegar fjárlög verða samin næst og hv. fjvn. leggur á ný fram till. um skiptingu vegafjárins. Hærri kröfur geri ég nú ekki að þessu sinni, og hygg ég, að hv. þm. Barð. þurfi ekki að kvarta undan kröfum mínum í þessu efni.

Frsm. 1. minni hl. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil í stuttu máli svara því, sem hv. form. fjvn. beindi til mín í síðustu ræðu sinni. Hann talaði mikið um það, hve mikið ábyrgðarleysi það væri, sem við hv. 6. landsk. þm. hefðum sýnt með því að leggja til að lækka á frv. bæði tekjur og gjöld. Ég minntist á það í gær, að þessar till., sem við bentum þarna á, hefðu ekki verið nýjar till. frá okkur, þar sem þar gætti þess sama og öll fjvn. var fylgjandi 1948, þegar samin voru fjárlög fyrir 1949. Til þess að taka af allan vafa um þetta skal ég lesa upp það, sem sýnir álit hv. form. fjvn. á því, hvert þá stefndi. Mun ég lesa fáein orð úr framsöguræðu hans það ár, sem hljóða svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar frv. var fyrst lagt fram, var gert ráð fyrir 27 millj. 419 þús. kr. rekstrarhagnaði og tæplega 400 þús. kr. óhagstæðum greiðslujöfnuði. En þá eru aðeins ætlaðar 33 millj. kr. til dýrtíðarráðstafana og önnur útgjöld á 19. gr. áætluð 6.5 millj. kr. Ef þessar upphæðir báðar eru dregnar frá rekstrarútgjöldum á frv. og niðurstaðan því næst borin saman við áætluð rekstrargjöld 1948, að frádregnum framlögum til dýrtíðarráðstafana á 19. gr., alls 55.5 millj. kr., sést, að rekstrargjöldin á frv. auk dýrtíðargreiðslu eru 8 millj. kr. hærri en á fjárl., og þá höfðu framlög til verklegra framkvæmda verið skorin niður um 12 millj. kr. Af þessu er ljóst, að rekstrarútgjöld hinna ýmsu stofnana og önnur gjöld, að undanskildum verklegum framkvæmdum, eru áætluð samkv. raunverulegum kostnaði, eins og hann varð á ríkisreikningnum 1946, og samsvarandi liðir á fjárlagafrv. hækkaðir upp í það, sem þeir reyndust á ríkisreikningnum 1947, allt eins og vísað er til í aths. við frv. Nefndin gat því ekki fallizt á, að rétt væri að samþykkja rannsóknarlaust slíka gífurlega útþenslu og hækkun á kostnaði í ríkisrekstrinum, og því varð óhjákvæmilegt að leggja í það mikla vinnu að gera samanburð á hverju atriði út af fyrir sig og ræða þau síðan ýtarlega við forstjóra hinna mörgu stofnana og leita fyrir sér um samstarf til niðurfærslu að verulegu leyti."

Víðar í ræðunni er að þessu vikið og tekið fram, að þegar vísitalan hafi verið fest um áramótin áður, þá mætti ríkisstj. sízt hækka rekstrarútgjöld ríkisins um 20%. En þá voru heildarútgjöldin á fjárlögum ekki nema 247 millj. kr. Vegna þess að þau voru svona þá, segir hv. þm., að ekki hafi verið hægt að samþykkja rannsóknarlaust slíka gífurlega útþenslu í rekstrarútgjöldum ríkisins. En nú eru útgjöldin á fjárl. meira en 380 millj. kr. Ég skal ábyrgjast, að lauslega reiknað verða hliðstæð útgjöld á þessu fjárlagafrv., sem hér um ræðir, ekki minni en 40—50 millj. kr. hærri en á síðustu fjárl. Nú er það talið takmarkalaust ábyrgðarleysi af stjórnarandstæðingum að taka þá sömu línu og öll fjvn. var á árið 1948 og reyna að færa þetta eitthvað niður eins og það ár, sem sérstaklega voru bornar fram till. af hv. fjvn. um sparnað, en drepnar af þáverandi ríkisstj.

Þá spurði hv. þm. Barð. að því, hver niðurstaðan hefði orðið, ef söluskatturinn hefði verið afnuminn, en samkomulag hefði ekki orðið um niðurfærslu. Þá hefðu verið búnir til nýir skattar eða þessi skattur hefði verið tekinn upp aftur. — Þá minntist hann á tölur, sem mætti lækka. Ég kannast við þetta, því að ég bar fram till. um að lækka útgjöld ríkisins og lækka tekjur frv. sem söluskattinum nemur. Ég benti á, að það væri mikil lækkun á hverri gr. frv.

Hv. form. fjvn. hélt því fram og rökstuddi, hvað þyrfti að gera til þess að ná þessu marki. Vék hann að þremur atriðum. Í fyrsta lagi: Minni afskipti ríkissjóðs af málum þegnanna. Ég viðurkenni, að takmörk eru fyrir því, hve þau afskipti séu mikil, og á að meta í hverju einstöku tilfelli. En ég er ekki viss um, að það sé alveg öruggt, að það lækki mikið gjöld ríkisins eða að minnsta kosti að skattar lækki fyrir það, þó að þau afskipti ríkisins minnki eitthvað, sem eru vissulega of mikil í sumum tilfellum. T. d. er búið að afnema skömmtun, og okkur er sagt, að það sé gert samkv. ósk fjárhagsráðs. En hvað skeði? Fjárhagsráð innheimtir hærri leyfisgjöld en áður. Fjárhagsráð hefur

tekjuafgang, sem er um 3 millj. kr. Það eru milljónir, sem leggjast á vöruverð. Það er tap á framleiðslunni. Það er alls staðar tap, þar sem verið er að gera tilraun til að skapa tekjur að einhverju leyti. En það er góð afkoma hjá sjálfu fjárhagsráði og tekjuafgangur. — Í öðru lagi voru það lægri laun, og minntist hv. form. fjvn. á launagreiðslur til opinberra starfsmanna. — Í þriðja lagi var það lenging vinnutímans fyrir sömu laun. Á þessum þremur atriðum taldi hann að byggja ætti viðreisn í fjárhagsmálum ríkisins. — En hv. þm. Barð. gleymdi bara fjórða atriðinu, sem er stærst og hefur verið praktiserað undanfarin ár. Það er að láta dýrtíðina hækka stórkostlega með söluskattinum, sem alltaf tvöfaldar verzlunarálagningu og leggst á vöruverð og krefst síðan launahækkunar á eftir. Þetta sýnir bezt útreikningur sá, sem ég gerði samkv. upplýsingum, sem ég fékk í haust. Samkv. þeim vantar Dagsbrúnarverkamann nú upp undir 8 þús. kr. til þess að hafa fengið launahækkun samkv. þeim dýrtíðarhækkunum, sem orðið hafa síðan 1947. Ég ætla, að þetta slái niður þær röksemdir, að það sé launahækkun, sem hafi skapað þessa útgjaldahækkun á fjárlögum ríkisins. Ég veit, að hver maður, sem tekur laun, finnur, að dýrtíðin hefur vaxið honum yfir höfuð. Þetta er stórt atriði í málinu, og það er þetta atriði, sem ég hafði í huga, þegar ég lagði til, að n. byrjaði sitt starf á því að marka þá stefnu að fella niður þennan tekjustofn, sem er 10—12% af þeirri verðhækkun, sem hefur orðið. Það sýnist liggja ljóst fyrir, að út frá því ættu útgjöld ríkisins, sem eru raunar öll háð almennu verðlagi, að lækka, því að útgjöldin lækka, ef verðlagið lækkar, og hækka, ef verðlagið hækkar. En hæstv. ráðh. og hv. frsm. meiri hl. hafa gengið fram hjá þessu atriði, og þó var þetta eitt aðalatriðið í framsöguræðu minni í gær. Og svo breiðir hv. frsm. meiri hl. sig yfir ábyrgðarleysi mitt og hv. 6. landsk. (GJ: Ekki síður hans.), sem sé svo mikið, að ekki sé hægt að taka okkur alvarlega.

Þá minntist hv. frsm. meiri hl. á till. mínar á þskj. 306 og sagði, eins og rétt er, að lækkanirnar næmu ekki nema 700—800 þús. kr., en hækkanirnar væru yfir 10 millj. kr. En ég vil benda á það, sem ég mun ekki hafa tekið fram í minni framsöguræðu, en hv. 6. landsk. tók fram í gær, að ég lýsti því yfir í byrjun, að ef söluskatturinn væri ekki innheimtur, væri ég fús til samvinnu um niðurfærslu útgjalda á móti þeirri lækkun, sem það hefði í för með sér. Hitt var ekki mín meining, að þessar 70 millj. kr. yrðu afgangs og að stjórnin gæti ráðstafað þeim eftir sinni vild.

Þá vildi ég aðeins segja örfá orð um síðasta atriðið, sem hv. frsm. meiri hl. minntist á. Ég mundi ekki hafa rætt það á opnum fundi, ef hann hefði ekki komið inn á það sjálfur. Hann sagði, að forstjóri einnar ríkisstofnunar hefði komið á fund n., en þessi stofnun hefði hækkað launin meira en nokkur önnur stofnun. Það hefði verið betra fyrir hv. frsm. meiri hl. að minnast ekki á þetta, en ég vil taka það fram, að afstaða okkar 6. landsk. var ekki sprottin af því, að form. hélt því fram, að nauðsynlegt væri að spara, heldur því, hvernig form. talaði við þennan mann. (HV: Hann talaði við hann í siðlausum tón.) Og þetta er ekki einsdæmi. Það hefur komið fyrir, að flokksbræður hv. frsm. meiri hl. hafa gengið af fundi í mótmælaskyni við það, hvernig hann talar við embættismenn ríkisins, sem engu er líkara en hann væri að yfirheyra glæpamenn. Óánægja okkar stafaði af þessum talsmáta. Ef til vill hefur það ekki bætt úr skák, að þessi maður er talinn nokkuð vinstrisinnaður, — það er Klemens Tryggvason hagstofustjóri, það er ástæðulaust að leyna því, það er öllum kunnugt.

Ég var búinn að forma brtt. til lækkunar á útgjöldum hagstofunnar, en ég bar hana ekki fram, þar sem svo harkalega hafði verið tekið á móti öðrum sparnaðartill. mínum. (HV: Enda hefði hún ekki verið samþ.) Nei, hún hefði ekki verið samþ.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. að ráði, enda hefur tognað nokkuð mikið úr þeim. Mínar till. eru heldur ekki margar, og þarf ég því ekki að tala langt mál. Það eru aðeins tvær till., sem ég flyt einn, en auk þess er ég meðflm. að tveimur öðrum till. Vegna þess, hvað þær eru fáar, vænti ég þess líka, að þeim verði því betur tekið af hv. alþm.

Fyrri till. er á þskj. 315, um það, að framlagið til byggingar fjórðungssjúkrahúss á Akureyri verði hækkað úr 500 þús. kr. í eina millj.

Ég geri ráð fyrir því, að hv. þm. sé þetta mál nægilega kunnugt, svo að ekki þurfi að fjölyrða mikið um það. Það hefur verið til umr. öll þau ár, sem byggingin hefur verið í smíðum, og henni hefur miðað seinna en æskilegt er og nauðsyn krefur. Ég vil geta þess með fáum orðum, hvernig fjármálum byggingarinnar er komið. Samkv. upplýsingum gjaldkerans er búið að verja í bygginguna tæpum 7 millj. kr. Samkvæmt lögum á ríkissjóður að greiða ⅝ af kostnaðinum og ætti því að vera búinn að greiða 4 millj. kr. En ríkið hefur aðeins lagt fram um 2½ millj. kr. og stendur því í skuld við bygginguna um nálega 1½ millj. kr. Nú er það svo, að Akureyrarkaupstaður, sem stendur að þessu ásamt ríkissjóði, hefur ekki heldur fjárráð til að koma byggingunni áfram eins fljótt og æskilegt er. En til að flýta fyrir hafa verið tekin tvö bráðabirgðalán hjá Landsbankanum og 800 þús. kr. lán hjá Tryggingastofnun ríkisins. Þessu fé hefur svo til öllu verið eytt í bygginguna, svo að nú er svo komið, að framkvæmdir munu stöðvast, ef ekki fæst meira fé en áætlað er á fjárlagafrv. nú. Þessar 500 þús. kr., sem áætlaðar eru, munu allar fara í afborganir og vexti af bráðabirgðalánunum hjá Landsbankanum, sem eru til fjögurra ára, en fyrsta afborgunin á að fara fram á næsta ári. Það þýðir því, að ekkert verður eftir til að halda áfram vinnu við bygginguna og framkvæmdir stöðvast. Ég held því, að það sé sanngjörn krafa, að framlagið verði hækkað svo, að nálega ½ millj. verði eftir til þess að halda byggingarframkvæmdum áfram, því ef Akureyrar-

kaupstaður getur útvegað eitthvert fé til viðbótar, er von til þess.

Ég skal geta þess, að gjaldkeri sjúkrahússins telur, að til þess að ljúka við bygginguna þurfi 2½ millj. kr. Það er því svo komið, að ekki er eftir nema lokaátakið, og það verður ekki annað séð en að það sé hagstætt fyrir þá, sem eiga að leggja fram fé til byggingarinnar, að taka það á sig nú og gera með því arðbært það fé, sem þegar hefur verið lagt í þessar framkvæmdir, því að meðan það er ekki gert, er ekkert hægt við húsið að gera. Ég skal nefna dæmi um það, hve lítil fjármálavizka þetta er. Það er ekki bara það, að það kapital, sem lagt hefur verið í bygginguna, sé óarðbært, heldur er líka um verulegan rekstrarkostnað að ræða. Það nemur t. d. tugum þúsunda á ári að hita upp bygginguna, svo að hún eyðileggist ekki. Þannig er það margt fleira, sem fer forgörðum, meðan ekki er lokið við bygginguna. Ég held því, að það sé hagkvæmast fjárhagslega að taka nú lokaátakið og að það minnsta, sem Alþ. getur gert, sé að tvöfalda framlagið eins og felst í þessari till.

Það má líka segja, að það líti ekki sérstaklega vel út gagnvart þeim aðilum, sem þarna eiga hlut að máli, t. d. Akureyrarkaupstað og því fólki, sem bíður þarna eftir sjúkrahúsvist, að á sama tíma og mikill rekstrarafgangur er, skuli ríkið ekki greiða lögboðin framlög sín, því að ríkið skuldar nú 1½ millj. kr. af því fé, sem þegar hefur verið lagt í bygginguna. Það virðist því ekki mikið, þó að farið sé fram á 1 millj. kr., svo að skuld ríkisins lækkaði. Ef nú væri tekið þetta lokaátak, væri tæknilega mögulegt að ljúka við bygginguna, þ. e. a. s. að fullgera sjúkrahúsið á næsta ári, svo að það gæti tekið til starfa í lok ársins, og ég álít, að ríkið hafi meiri möguleika en kemur fram í fjárlagafrv. Ég vil því vænta þess, að till. min verði samþ., og tel þó of skammt gengið.

Hin till., sem ég flyt, er á sama þskj., XI. liður. Hún er um það að hækka framlag til byggingar heimavistarskólahúss við menntaskólann á Akureyri úr 250 þús. kr. í 500 þús. kr. Ég skal ekki fjölyrða um till. Hv. þm. er þetta einnig kunnugt og sérstaklega hv. fjvn., því að á s. l. vetri gerði n. reisu til Akureyrar til þess að skoða þetta hús, og ég held, að henni hafi litizt sæmilega á húsið. Einnig mun það kunnugt, að skólameistari var hér á ferð s. l. vetur til þess að ræða þetta mál við ýmsa alþm., og er till. mín í samræmi við óskir hans. Hann fór eindregið fram á, að framlagið yrði ekki minna en 500 þús. kr., og ég tel það líka mjög hæfilegt. Þó að þetta nægi ekki til að ljúka byggingunni, má þó fjölga mikið því fólki, sem getur búið þar.

Ég er svo meðflm. að tveimur öðrum till. á þskj. 315, sem báðar varða útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis, og skal ég ekki fjölyrða um þær. En ég vildi undirstrika XV. till. á sama þskj. varðandi bætur til þess fólks, sem beðið hefur tjón og orðið fyrir þungum sorgum í sambandi við slysið á Bolungavíkurvegi s. l. sumar. Ég tel það mjög mikla sanngirniskröfu, að það fái bætur, fyrst svo undarlega hagar til, að slík slys eru ekki bótaskyld. Hv. frsm. meiri hl. andmælti frekar þessari till., ekki vegna þess, að hann væri andvígur henni í sjálfu sér, heldur vegna þess, að með samþykkt hennar væri gengið inn á hættulegt princip og Alþ. mundi þá ekki hafa frið fyrir slíkum bótakröfum. Ég skal ekki neita því, að það gæti komið fyrir, að Alþ. bærust af og til kröfur um bætur, meðan svo er, að slík slys eru ekki bótaskyld, en ég held, að Alþ. ætti að ákveða, að þau verði bótaskyld, annaðhvort með breyt. á l. um almannatryggingar eða á annan hátt. Ég álít, að það sé óverjandi, að hópur fólks geti farizt eða hlotið örkuml, án þess að það sé bætt. Hér er því ekki nein hætta á ferðum, því að það hlýtur að liggja fyrir löggjafanum að sjá til þess, að slík slys verði bótaskyld. Ég mæli því eindregið með því, að þessi till. verði samþ., og tel það ekki bara maklegt, heldur sjálfsagt.

Frsm. 2. minni hl. (Hannibal Valdimarsson): Hv. þm. Barð. helgaði mér mikinn hluta ræðu sinnar hér í kvöld. Ég vil ekki láta því ómótmælt, sem hann sagði, að ég hefði misnotað skjöl fjvn. Ég mótmæli því, að hann einn hafi þessi skjöl til umráða, og mun ekki spyrja hann leyfis, þó að ég noti þau, allir nm. og þm. eiga að hafa aðgang að þeim. En því miður eru aðstæðurnar óviðunandi. Herbergi fjvn. er vinnustofa form., og er ekki um það að sakast, en af þeim ástæðum er erfitt að vinna þar fyrir aðra og kanna þau skjöl, sem n. berast. — Þá vildi hann halda því fram, að ég hefði farið rangt með tölur úr tveimur skjölum. Ég mótmæli því. Í upplýsingum Búnaðarfélags Íslands stendur, að til búnaðarfræðslu, mest vegna bókaútgáfu, sé varið 240 þús. kr. og svo halli á Frey 30 þús. kr. Ég held, að þessu verði ekki hnekkt.

Þá sagði hann einnig, að ég hefði falsað tölur varðandi kostnaðinn við utanríkisþjónustuna. Ég held, að hver læs maður mundi lesa þetta á sama hátt og ég. Í sérstökum dálki eru talin grunnlaun, í öðrum dálki eru svo talin laun, þ. e. a. s. grunnlaun + uppbót og í þriðja dálkinum er svo staðaruppbót. Ég held því, að ég geti verið ánægður með það, að ef plöggin væru birt, mundu allir læsir Íslendingar lesa þetta á sama hátt og ég, og ég hygg, að flestir mundu einnig skilja það eins. Ef skilja á þetta á annan veg, þá er uppstillingin svo klaufaleg hjá rn., að þetta mundi almennt verða misskilið. Það hefur komið fyrir, að lesnar hafa verið hér tölur upp úr opinberum plöggum, en svo upplýstst, að um prentvillu var að ræða, svo að 36 millj. kr. bar á milli. Vissulega var rétt lesið, en upplýsingunum var ekki hægt að treysta.

Að segja, að ég hafi logið varðandi þessar tölur, er alveg út í hött, því að þessu er þannig stillt upp, að annað verður ekki út úr því lesið en ég gerði. Hitt er svo annað mál, að tölurnar eru í sjálfu sér lygilegar.

Hv. 2. þm. Eyf., sem er kunnugur í herbúðum ríkisstj., upplýsti það í kaffihléinu, að eins er enn ógetið í þessu sambandi, og það er það, að sendiherrar og starfsmenn sendiráðanna hafa margvísleg hlunnindi. Fyrir utan brennivínið

og vindlana eru þeir t. d. skattfrjálsir, en það jafngildir gífurlegri launauppbót. Það er hvorki heimtaður af þeim skattur, þar sem þeir starfa, eða hér heima á Íslandi. Laun þeirra eru skattfrjáls, sem þýðir, að þau eru í raun og veru miklu hærri en tölurnar gefa vísbendingu um.

Ég hef lokið máli mínu og notað þann tíma, sem mér var ætlaður til að gera aths., og þakka fyrir.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Ég vildi fyrst, út af því sem hv. 4. landsk. sagði í sambandi við till. sína til hækkunar fyrir sjúkrahúsið á Akureyri og skólaheimavistina þar, benda á, að ég hefði ekki talið neina fjarstæðu, þó að hann hefði borið fram till. um að fella niður styrk til skólabyggingarinnar og flytja hann yfir á sjúkrahúsið, því að það er skoðun a. m. k. nokkurs hluta fjvn., sem fór til Akureyrar, að það væru ekki nein vandræði, þó að stöðvaður yrði sá hluti byggingarinnar við heimavistarskólann, sem rétt aðeins hefur verið byrjað á núna, og að meiri ástæða væri til að koma áfram sjúkrahúsinu. En ég skal ekki ræða frekar það atriði.

Út af ræðu hv. 5. landsk. vil ég aðeins segja það, að eftir að hafa hlustað á ný á ræðukafla, sem ég hef haldið í sambandi við fjárl. hér áður fyrr, sýnist mér sú ræða sanna, að ég er inni á sömu braut enn. Ég benti þá á veilur og hef bent á veilur enn og sýnt fram á nú, að ekki er hægt að laga þetta nema með samstarfi. Reynslan sýnir, að hversu örugglega sem fjvn. hefur tekið á þessu máli, er ekki hægt að laga það, vegna þess að ekki er hægt að skapa samstarf milli forstjóra stofnananna og ríkisstj. og fjvn., og það er einmitt þetta samstarf, sem hv. minni hl. fjvn. vill ekki skapa. Ástæðan til þess var engan veginn sprottin af siðleysi af minni hálfu í sambandi við meðferð þessa máls í n., eins og kom fram í hinum ósæmilegu ummælum minni hl., heldur var eina ástæðan sú, að þessi minni hl. beitti sér á fyrsta stigi fyrir því að koma í veg fyrir, að takast mætti samstarf um þetta mál. Og svo segir hv. þm., að ég hafi gleymt fjórða atriðinu, sem er dýrtíðarmálin. Af hverju skapaðist dýrtíðin á Íslandi? Eins og launin hafi ekki nokkur áhrif á dýrtíðina í landinu? Það er vitað, að laun almennt eru 60—70% af öllum rekstrarkostnaði hvar sem er og við hvaða starfsemi sem er, og þessir menn hafa sí og æ reynt að halda launununum sem hæstum, enda hefur það kostað marga tugi milljóna að uppfylla þær ályktanir og þau lagafyrirmæli, sem gerð hafa verið hér á Alþ. um hækkun launa til embættismanna frá því, sem hafði verið ákveðið áður, og fyrir því hafa þessir menn mikið barizt.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða meira við hv. 5. landsk. þm., en vildi segja örfá orð við hv. 6. landsk. — Skjöl fjvn. eru að sjálfsögðu opin, ekki aðeins öllum hv. meðnm. mínum í fjvn., heldur hverjum einasta hv. þm., og hefur þeim aldrei verið neitað um aðgang að þeim. En engum þm. er heimilt að falsa skjölin, eins og hv. þm. hefur gert, og er fyrir neðan virðingu allra þm. að leyfa sér að gera það. Þessi þm. hefur viðurkennt í sinni ræðu, að hann hafi farið rangt með útreikninga, en sagði hins vegar, að hann gæti ekki lesið þetta öðruvísi eins og því væri stillt upp. Þessi hv. þm. er skólamenntaður maður og hefur kannske ofmetnazt í skólanum, en hvert barn, sem gengur undir fermingu, getur lesið tölurnar rétt, og kemur þá annað út. — Hann var m. a. með fullyrðingu í sambandi við útgáfu bóka í Búnaðarfélaginu og tók sömu tölur og ég benti á, en gleymdi að draga frá 130 þús. kr. tekjur, sem koma af sömu útgáfu. Ef þetta er ekki að falsa tölur og skjöl, veit ég ekki, hvað er fölsun á tölum og skjölum.

Og svo kom hann með hugleiðingar um utanríkisþjónustuna, þar sem hann fór með tölur á álíka hátt og hann gerði á sínum tíma í sambandi við forsetabrennivínið, en meðnm. hans höfðu í því trausti, að hann hagaði sér eins og góður drengur, falið honum að skrifa nál., en skömmuðust sín fyrir að hafa undirritað það, þegar hann bar það á forseta Sþ., að hann græddi tugi þúsunda á því að hafa frítt brennivín frá ríkissjóði, og aðrir embættismenn landsins áttu að hafa grætt tugi þúsunda á svipaðan hátt. Svona fór hann með þær tölur. Hann talaði hér um, að þessir menn hefðu mikinn tekjuafgang vegna þess, að þeir borguðu ekki skatta af launum sínum og fengju áfengi og tóbak ókeypis, en gleymdi því, að þessir menn eru umboðsmenn íslenzka ríkisins til þess að gera margvíslega samninga og hafa í þessu tilfelli gert samninga í sambandi við efnahagsmál, sem hafa gefið á þessu ári um 200 millj. til ríkisins, þannig að það veltur á miklu fyrir íslenzka ríkið, að slíkir samningar fari vel úr hendi. Sannleikurinn er sá, að þessir menn komast ekki hjá því að brúka miklu meiri risnu vegna þeirra sambanda, sem þeir verða að hafa vegna utanríkisþjónustunnar og ekkert kemur við þeirra heimaeyðslu. Þetta skilur ekki hv. þm. — eða vill ekki skilja, ef hann óskar, að þessi þjónusta fari á sama hátt og hans betri helmingur, kommúnistarnir, vill að hún fari, þ. e. að engin utanríkisþjónusta verði nema í Rússlandi. Þess vegna falsar hann svona tölur eins og hann hefur gert og hefur í því enga afsökun aðra en þá, að hann geti ekki lesið annað úr því en þetta, eins og því er stillt upp, þó að hvert fermingarbarn ætti að geta lesið það rétt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 22. fundi í Sþ., 5. des., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 307,1 felld með 25:10 atkv.
2. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 291,1 samþ. með 30:2 atkv.
— 291,2—3 samþ. með 32 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 28:3 atkv.
6. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
8.—9. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.

Brtt. 306,1—2 felldar með 26:11 atkv.
10. gr. samþ. með 27:4 atkv.
Brtt. 291,4 samþ. með 27:5 atkv.
— 291,5—7 samþ. með 30:8 atkv.
— 306,3 felld með 25:12 atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 321,I tekin aftur.
— 315,I tekin aftur.
— 308,I tekin aftur.
12. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 291,8.1—36 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 300,1 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 291,8.37—150 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 308,II tekin aftur.
— 291,8.151 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 291,9 samþ. með 31:1 atkv.
— 291,10.1—9 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 300,2.a samþ. án atkvgr.
— 291,10.10 þar með ákveðin.
— 291,10.11—14 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 300,2.b samþ. án atkvgr.
— 291,10.15 þar með niður fallin.
— 291,10.16—21 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 315,II felld með 25:10 atkv.
— 291,10.22—24 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 291,11 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 291,12.1—4 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 308,III tekin aftur.
— 291,12.5 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 291,13 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 308,IV.1 tekin aftur.
— 291,14.1—2 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 308,IV.2 felld með 27:12 atkv.
— 291,14.3—6 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 315,III felld með 24:6 atkv.
— 291,14.7—19 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 321,II tekin aftur.
— 291,14.20—53 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 291,15 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 321,III tekin aftur.
13. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 308,V.1 tekin aftur.
— 291,16 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 291,17 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 315,IV tekin aftur.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil óska eftir, að þessi till. verði tekin aftur til 3. umr., svo að fjvn. fái tækifæri til að ræða hana.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Ég hef ekkert á móti því og skal taka till. aftur til 3. umr.

Brtt. 291,18 tekin aftur.
— 315,V tekin aftur.
— 291,19—21 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 306,4 felld með 28:12 atkv.
— 308,V.2 tekin aftur.
— 291,22—23 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 306,5 felld með 24:12 atkv.
— 291,24 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 308,VI tekin aftur.
14. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.

Brtt. 291,25—27 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 315,VI tekin aftur.

— 308,VII tekin aftur.
— 308,VIII tekin aftur.
Brtt. 291,28—30 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 291,31 samþ. með 27:7 atkv.
— 306,6 felld með 26:8 atkv.
— 291,32 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 306,7 felld með 23:13 atkv.
— 306,7 varatill. felld með 26:14 atkv.
— 308,IX tekin aftur.
— 291,33—34 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 306,8 tekin aftur.
— 315,VII tekin aftur.
— 291,35—40 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 291,41.a—b samþ. með 29 shlj. atkv.
— 308,X samþ. með 32:1 atkv.
— 291,41.c—e samþ. með 29 shlj. atkv.
— 315,VIII samþ. með 28 shlj. atkv.
— 291,41.f samþ. með 34 shlj. atkv.
— 291,42—44 samþ. með 30:2 atkv.
— 291,45 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 308,XI.a samþ. með 33:1 atkv.
— 308,XI.b samþ. með 25 shlj. atkv.
— 291,46—47 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 308,XII tekin aftur.
15. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 291,48 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 291,49 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 315,IX felld með 28:6 atkv.
— 291,50 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 291,51 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 291,52 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 291,53 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 300,3—4 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 291,54 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 291,55 samþ. án atkvgr.
— 291,56 samþ. án atkvgr.
— 291,57 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 306,9 tekin aftur.
— 291,58 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 306,10 felld með 24:12 atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 291,59—60 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 291,61.a tekin aftur.
— 291,61.b og 62—65 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 291,66.a samþ. með 28 shlj. atkv.
— 308,XIII tekin aftur.
— 291,66.b tekin aftur.
— 291,67 samþ. með 31:1 atkv.
— 315,X felld með 34:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SG, GÍG, StgrA, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, BrB, EOl, EmJ, FRV, GÞG, HV, HG, JÁ, LJós.

nei: SÓÓ, SkG, MJ, StgrSt, VH, ÞÞ, AE, ÁB, BSt, BÓ, EystJ, GG, GJ, GTh, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JJós, JG, JS, JR, JörB, KK, KS, LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, PO, RÞ, SÁ, SB, JPálm.

3 þm. (BBen, FJ, HermJ) fjarstaddir.
5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Þar sem von er á frv. frá hæstv. ríkisstj. um ráðstöfun á tekjuafgangi þessa árs, sé ég ekki ástæðu til að samþ. till. og segi því nei.

Jóhann Hafstein: Með tilvísun til grg. hv. 7. þm. Reykv. segi ég nei.

Jóhann Jósefsson: Með skírskotun til grg. hv. 7. þm. Reykv. segi ég nei.

Lárus Jóhannesson: Með tilvísun til grg. hv. 7. þm. Reykv. segi ég nei.

Sigurður Bjarnason: Ég segi nei með tilvísun til grg. hv. 7. þm. Reykv.

Brtt. 306,11 felld með 29:12 atkv.
— 306,12 felld með 30:12 atkv.
— 306,13 felld með 39:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SG, StgrA, ÁkJ, ÁS, BrB, EOl, FRV, JÁ, LJós.
nei: SÁ, SB, SÓÓ, SkG, GÍG, MJ, StgrSt, VH, ÞÞ, AE, ÁÁ, ÁB, BSt, BÓ, EmJ, EystJ, GG, GJ, GTh, GÞG, HÁ, HV, HG, HelgJ, IngJ, JóhH, JJós, JG, JS, JR, JörB, KK, KS, LJóh, ÓTh, PÞ, PO, RÞ, JPálm.
PZ greiddi ekki atkv.
3 þm. (BBen, FJ, HermJ) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Þar sem Ísland er orðið aðili að Atlantshafssáttmálanum í samræmi við vilja meiri hl. Alþingis, getur það ekki neitað að greiða tillag til þessarar stofnunar, og segi ég því nei.

17. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
18.—19. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 291,68 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 291,69 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 315,XI felld með 28:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: LJós, SG, GÍG, StgrA, ÁkJ, ÁS, BrB, EOl, EmJ, FRV, GÞG, HV, HG, JÁ, JR.
nei: KS, LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, PO, RÞ, SÁ, SB, SÓÓ, SkG, StgrSt, VH, ÞÞ, AE, ÁB, EystJ, GG, GJ, GTh, HÁ, HelgJ, IngJ, JG, JS, JörB, KK, JPálm.
MJ, ÁÁ, BSt, BÓ, JóhH, JJós greiddu ekki atkv.
3 þm. (BBen, FJ, HermJ) fjarstaddir.
Brtt. 291,70 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 291,71 samþ. með 44 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv.
21. gr. með þeim tölubreytingum, sem á eru orðnar eftir atkvgr. um aðrar greinar frv., samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 315,XII tekin aftur.
— 291,72 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 315,XIII samþ. með 37 shlj. atkv.
— 315,XIV tekin aftur.
— 315,XV felld með 25:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BrB, EOl, EmJ, FRV, GÞG, HV, HG, JJós, JÁ, JR, LJós, SÁ, SB, SG, GÍG, MJ, StgrA, ÁkJ, ÁÁ, ÁS.
nei: EystJ, GG, GJ, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JG, JS, JörB, KK, LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, PO, RÞ, SkG, StgrSt, VH, ÞÞ, AE, ÁB, BSt, JPálm.
BÓ, GTh, KS, SÓÓ greiddu ekki atkv.
3 þm. (BBen, FJ, HermJ) fjarstaddir.
Brtt. 308,XIV tekin aftur.
— 291,73 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 291,74 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 308,XV samþ. með 28 shlj. atkv.
— 308,XVI tekin aftur.
— 308,XVII tekin aftur.

Brtt. 291,75 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 291,76 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 307,2.a.1 felld með 32:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: StgrA, ÁÁ, ÁS, BrB, EOl, EmJ, FRV, GÞG, HV, HG, JÁ, LJós, SG, GÍG.
nei: StgrSt, VH, AE, ÁB, BSt, BÓ, EystJ, GG, GJ, GTh, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JJós, JG, JS, JörB, JR, KK, KS, LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, PO, RÞ, SÁ, SÓÓ, SkG, MJ, JPálm.
ÁkJ greiddi ekki atkv.
5 þm. (BBen, FJ, HermJ, SB, ÞÞ) fjarstaddir.
Brtt. 307,2.a.2 felld með 26:9 atkv.
— 307,2.a.3 felld með 30:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BrB, EOl, EmJ, FRV, GÞG, HV, HG, JÁ, LJós, SG, GÍG, StgrA, ÁS.
nei: EystJ, GG, GJ, GTh, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JJós, JG, JS, JR, JörB, KK, KS, LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, PO, RÞ, SÁ, SÓÓ, SkG, MJ, VH, AE, ÁB, BSt, JPálm.
ÁkJ greiddi ekki atkv.
8 þm. (BÓ, FJ, HermJ, SB, StgrSt, ÞÞ, ÁÁ, BBen) fjarstaddir.
4 þm. gerðu svo hljóðandi grein fyrir atkv. sínu:

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það hefur verið upplýst hér, að hæstv. ríkisstj. muni bera fram frv. um það, hvernig skuli ráðstafa þeim tekjuafgangi, sem kann að verða á þessu ári, og ég tel, að ákvæði um greiðslurnar á þessum skuldum eigi að koma í það frv., og þar sem það hefur upplýstst hér, að hv. 6. landsk. þm. hefur ekki kunnað að fara rétt með tölur, má ekki treysta þessum tölum heldur, og segi ég því nei.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Ég tel brýna nauðsyn bera til þess, að ríkissjóður standi skil á þessum skuldum, sem hér um ræðir. En nú mun væntanlegt frv. frá hæstv. ríkisstj. um ráðstöfun á tekjuafganginum, og vil ég því sjá, hverju fram vindur, og segi nei við þessari till.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég vil ekki segja blátt og kalt nei við því, að ríkissjóður standi skil á því, sem honum ber að greiða. En þar eð hv. þm. Barð. hefur upplýst, að í fyrsta lagi sé ekki farið rétt með tölur hér, sem ég skal engan dóm á leggja, og í öðru lagi, að hæstv. ríkisstj. muni leggja fram till., sem miði í þá átt að greiða þessar skuldir, get ég ekki sagt annað en nei við þessari till.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Það er mín skoðun, að það eigi að ákveða í lögum, hvernig tekjuafganginum sé ráðstafað, en þar sem ekki bólar á því frv., sem hæstv. ríkisstj. hefur boðað að fram komi um skiptingu þessa fjár, og heyra má á hv. þm., að þingi sé þá og þegar að ljúka, segi ég já við þessari till.

Brtt. 307,2.a.4 felld með 27:13 atkv.
— 307,2.b felld með 29:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁS, BrB, EOl, EmJ, FRV, GÞG, HV, HG, JÁ, LJós, SG, GÍG, StgrA.

nei: VH, ÞÞ, AE, ÁB, BSt, EystJ, GG, GJ, GTh, HÁ, HelgJ, JóhH, JJós, JG, JS, JR, JörB, KK, KS, LJóh, ÓTh, PZ, PO, RÞ, SÁ, SÓÓ, SkG, MJ, JPálm.

ÁkJ, PÞ greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁÁ, BBen, BÓ, FRV, HermJ, IngJ, SB, StgrSt) fjarstaddir.

22. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.

23.—24. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Sþ., 12. des., var frv. tekið til 3. umr. (almennra umr., útvarpsumr.).

Forseti (JPálm): Umr. hefst að þessu sinni með almennum stjórnmálaumr., og verður þeim hagað þannig í kvöld, að hver flokkur hefur til umráða 45 mínútur.

Röð flokkanna er þannig, að fyrst eru fulltrúar Alþfl., þá fulltrúi Sameiningarflokks alþýðu — Sósialistafl., í þriðja lagi fulltrúar Framsfl. og síðast fulltrúar Sjálfstfl. — Í kvöld verða ræðumenn flokkanna þessir: Fyrir Alþfl. hv. 4. þm. Reykv., Haraldur Guðmundsson, og hv. 6. landsk. þm., Hannibal Valdimarsson. Frá Sameiningarfl. alþýðu — Sósialistafl. talar hv. 5. landsk. þm., Ásmundur Sigurðsson. Frá Framsfl. hæstv. forsrh., Steingrímur Steinþórsson, og hæstv. fjmrh., Eysteinn Jónsson. Og frá Sjálfstfl. hæstv. atvmrh., Ólafur Thors, og hv. 2. þm. Skagf., Jón Sigurðsson.

Nú hefst umræðan, og tekur til máls hv. 4. þm. Reykv., Haraldur Guðmundsson.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Hæstv. ríkisstj. tók við völdum fyrir nærfellt tveimur árum. Hún lýsti því þá yfir, að hún teldi það sitt höfuðverkefni að „bjarga“ vélbátaútveginum, sem þá átti í erfiðleikum. — Bjargráð hæstv. ríkisstj. voru gengislækkun um 42%, allur erlendur gjaldeyrir var hækkaður í verði um 73%.

Alþfl. barðist gegn gengislækkuninni, taldi hana á engan hátt réttlætanlega og ekki líklega til að rétta við hag útvegsins. Alþfl. benti á þá leið, sem dugað hafði til þessa, að greiða niður ýmsa kostnaðarliði útgerðarinnar og útflutningsuppbætur, og auk þess að bæta þyrfti rekstrarfyrirkomulag og starfshætti útgerðarinnar og koma á samvinnu útvegsmanna sjálfra um eignarhald og rekstur hraðfrystihúsanna, viðgerðarverkstæða og þess háttar. Hann benti á, að gengislækkun væri neyðarráðstöfun, sem ekki mætti grípa til, fyrr en öll önnur sund væru lokuð. Og hann sýndi fram á, að gengislækkun ein væri aldrei til bóta. Hann játaði, að ástandið gæti orðið svo illt, að gengislækkun yrði óhjákvæmileg, en væri til hennar gripið, yrði jafnframt að gera samtímis margháttaðar ráðstafanir til þess að festa hið nýja gengi og draga úr hinum illu afleiðingum gengislækkunarinnar, þ. e. koma í veg fyrir, að einstaklingar og stéttir notuðu hana til þess að skapa sér gróða á kostnað almennings. Væri þetta ekki gert, taldi Alþfl., að gengislækkun mundi valda nýju dýrtíðarflóði, leiða af sér nýjar gengislækkanir, og gæti orðið upphaf að fullkomnu gengishruni.

Orð okkar og aðvaranir voru að engu höfð. Stjórnin fór sínu fram. Gengislækkunin var lögfest. Bjargráð stj. kom til framkvæmda. Með því var lofað að tryggja: Í fyrsta lagi hallalausan atvinnurekstur og jafnvægi í viðskiptum. Í öðru lagi lækkun tolla, vegna þess að niðurgreiðslur og útflutningsuppbætur væru felldar niður. Í þriðja lagi að afstýra atvinnuleysinu. Og í fjórða lagi að veita fullkomið verzlunarfrelsi.

Hvernig hefur bjargráðið gefizt. Hverjar hafa orðið efndir hæstv. ríkisstj. á þessum fögru loforðum? Er grundvöllur útflutningsatvinnuveganna öruggur? Er rekstur útgerðarinnar hallalaus? — Hvað segja útvegsmenn sjálfir þar um? Á aðalfundi L. Í. Ú. í haust var lögð fram áætlun um rekstur 60 smál. vélbáts hér við Faxaflóa á næstu vetrarvertíð. Samkv. henni var gert ráð fyrir 70 þús. kr. rekstrarhalla. Og það er á hvers manns vitorði, að útgerðarmenn hafa gert kröfur um stórfellda aukningu á bátagjaldeyrisfríðindunum og aðrar hliðstæðar hjálparráðstafanir, ef útgerðin eigi að geta haldið áfram. Þeir telja, að ástandið hafi aldrei verið verra en nú. Gengislækkunin 1950 dugði ekki. Eftir eitt ár, 1951, var bætt við bátagjaldeyrisfríðindunum, nýrri gengislækkun, þ. e. um 20% af innfluttum vörum hækkaði í verði um allt að 60%. Gömlu töpin voru gerð upp og afskrifuð. Samt er vélbátaútvegurinn enn kominn í þrot, og bráð hætta er á, að útgerðin stöðvist — að dómi útgerðarmanna sjálfra — nema enn sé gengið lengra á braut gengislækkunarinnar. Og enn er þó ekki allt talið. Almælt er, að togaraútgerðarmenn hafi nú í huga að fá bátagjaldeyrisfríðindi sér til handa fyrir þann hluta aflans, sem þeir leggja upp innanlands til verkunar, eða tilsvarandi fyrirgreiðslu, svo sem loforð um sölur til clearing-landa. Það er því augljóst mál, enda af öllum viðurkennt, að gengislækkunin hefur ekki bjargað sjávarútveginum. Hagur hans er stórum verri nú en fyrir gengislækkunina þrátt fyrir öll „bjargráðin“, eða kannske vegna þeirra? Enn virðist því þurfa að bjarga. — En hvernig? Hverjar eru fyrirætlanir hæstv. ríkisstj. í þessu máli? Það er furðulegt, en engu að síður satt, að hæstv. ríkisstj. hefur til þessa ekki talið ástæðu til að láta nokkuð uppi um það við Alþ., hvað hún hyggist fyrir í þessum efnum. Ætla því margir, að hún hafi í huga að senda þingið heim fyrir jólahátíðina og „leysa“ svo vandræði útgerðarinnar með bráðabirgðalögum eða án laga, að þingmönnum forspurðum, eftir áramótin. Slík afgreiðsla á svo geysi-þýðingarmiklu máli er fullkomið brot á anda þingræðisins og reglum þess.

Spá Alþfl. um áframhaldandi gengislækkun hefur því miður þegar rætzt. Bátagjaldeyrisfyrirkomulagið var fyrsta skrefið. Ætlar hæstv. ríkisstj. enn að halda áfram á þeirri braut?

Hvað er þá um jafnvægið í viðskiptunum við útlönd að segja? Er það fengið? Viðskiptahallinn hefur aldrei verið meiri en á þessu ári. Talið er fullvíst, að um 200 millj. skorti á, að

útflutningurinn hrökkvi til þess að greiða innflutninginn. Og við þennan halla bætast svo duldar greiðslur, sem skipta tugum millj. kr. Hallinn í ár verður e. t. v. jafnaður með Marshallfé, lánum og framlögum. En hvað tekur við í júní næst, þegar Marshallhjálpin hættir? Greiðsluþrot eða ný innflutningshöft, nema hvort tveggja sé. — Slíkar eru efndir ríkisstj. í þessum efnum.

Hafa tollar og skattar verið lækkaðir, þegar hætt var að greiða útflutningsuppbætur og greiða niður kostnaðarliði útgerðarinnar? Nei, tollarnir hafa allir haldizt og hækkað stórkostlega vegna verðhækkunarinnar. Söluskatturinn hefur auk þess hækkað beinlínis vegna hækkunarinnar á skattstiganum sjálfum.

Áætlað er, að tekjur ríkissjóðs á þessu ári verði um 150 millj. kr. hærri en gert er ráð fyrir á fjárl. og nemi um 450 millj. kr. Heildartekjur þjóðarinnar á árinu er talið líklegt að muni nema um 1700 millj. kr. Reynist þetta rétt, tekur ríkissjóður í sinn hlut meira en fjórða hlutann af tekjum landsmanna. En hér er þó ekki allt talið. Við þetta bætast gjöld til bæjar-, sveitar- og sýslusjóða. Útsvörin ein nema á þessu ári yfir 100 millj. kr. Opinber gjöld samtals nálgast því 600 millj. kr. á árinu, en það er a. m. k. þriðjungur af heildartekjum þjóðarinnar. Þriðji hver skildingur, sem landsfólkið aflar, rennur því til ríkis, bæjar- og sveitarsjóða. Er hægt að halda lengra áfram á þessari braut? Flestir munu líta svo á, að nú sé nógu langt gengið og mál að stinga við fótum.

En hæstv. ríkisstj. virðist á annarri skoðun. Fjárlagafrv. fyrir árið 1952, sem hér er til umr., sýnir álit hæstv. ríkisstj. á því máli. Þar er gert ráð fyrir, að allir tollar og skattar verði framlengdir, enda hefur aðalstarf þingsins til þessa verið að afgr. frv. um það efni. Samkv. fjárlagafrv. er gert ráð fyrir, að tekjur og gjöld á árinu verði, hvort um sig, um 370 millj. kr. Áreiðanlega hækkar frv. við 3. umr., og ekki mun verða komizt hjá umframgreiðslum fremur venju. Það er óhætt að fullyrða, að 400 millj. er sú allra lægsta upphæð, sem hæstv. ríkisstj. telur sig þurfa að hafa handa á milli á næsta ári, jafnvel þótt vísitalan hækki ekki frá því, sem hún nú er. Líkurnar til þess, að vísitalan stöðvist, virðast hins vegar engar. Þvert á móti virðast stórfelldar hækkanir á henni vera fram undan og þá um leið hækkanir á útgjöldum ríkisins. Reykjavíkurbær boðar hækkun á rafmagni, hitaveitugjöldum o. fl., o. fl., auk útsvarshækkunar. Og hvert verður „bjargráð“ ríkisstj. vegna útgerðarinnar? Eitthvað kostar það. Hver áhrif hefur það á dýrtíðina í landinu? Ný hækkun þar. Allt bendir því til þess, að sá hluti, sem ríkissjóður og sveitarsjóðir taka til sín á næsta ári af tekjum landsmanna, verði ekki lægri en á þessu ári, heldur miklu fremur, að hann verði enn þá hærri.

Í sambandi við skattlagningu ríkisins skiptir tvennt höfuðmáli: Fyrst það, hvernig fjárins er aflað, og í öðru lagi, til hvers það er notað. Eru gjöldin á lögð með það fyrir augum, að þeir efnuðustu og tekjuhæstu greiði mest? Því verður að svara algerlega neitandi, því miður. Tollarnir, neyzluskattarnir, eru megintekjur ríkissjóðs. Nægir í því sambandi að benda á söluskattinn, verðtollinn og vörutollinn. Þessir þrír tollar eru áætlaðir nálægt 200 millj., eða um 60% af tekjunum. Hins vegar er tekju- og eignarskatturinn, sem er stighækkandi eftir eignum og tekjum, aðeins áætlaður 11—12% af tekjunum, og auk þess eru reglurnar um persónufrádrátt og skattaálögur hjóna svo fráleitar, að skatturinn er lagður á tekjur, sem ekki einu sinni nægja til lífsframfæris.

Tollarnir hvíla, eins og allir vita, þyngst á þeim, sem fyrir flestum hafa að sjá. Þeir þurfa mest að kaupa af mat, fatnaði o. s. frv. Þeir borga meginhluta neyzluskattanna.

Hvernig er svo þessu fé úthlutað? Er því varið til þess að létta kostnaði af almenningi, sem ella mundi höggva jafnstórt skarð í tekjur hans og skattarnir gera? Er því varið til þess að sjá fyrir sameiginlegum þörfum landsmanna allra? Er þess vandlega gætt, að landsmönnum sé ekki mismunað við úthlutun fjárins? Aðrir ræðumenn Alþfl. munu víkja nokkuð að þessu. Ég skal aðeins nefna eitt dæmi. Til atvinnuveganna eru lagðar 44 millj. kr., sem skiptast þannig: Til landbúnaðarins 38.2 millj. kr., til sjávarútvegs 4.9 millj. kr. og til iðnaðar 1.2 millj. kr. Framlagið til landbúnaðar er því hér um bil átta sinnum hærra en til sjávarútvegsins og þrjátíu og tvisvar sinnum hærra en framlagið til iðnaðarins. Auk þess er greidd úr ríkissjóði uppbót til bænda á það verð, sem kaupendur greiða fyrir kjöt og mjólk, og nemur sú upphæð nú 42 aurum á hvern lítra mjólkur og 84 aurum á hvert kjötkílógramm. Vissulega er eðlilegt og æskilegt, að landbúnaðurinn sé styrktur til þess að skapa sem bezt framleiðsluskilyrði og tryggja lífskjör þess fólks, sem að honum starfar. En jafnframt og engu síður eiga framlögin að verða til þess að gera framleiðsluvörur hans ódýrari, svo að almenningur geti keypt þær, og gæta skal hófs í hverju máli. Segjum, að 6000 bændur séu á landinu. Nemur þá heildarframlag til þeirra úr ríkissjóði nærfellt 6500 kr. á hvern bónda til jafnaðar á ári, auk verðlagsuppbóta á framleiðsluvörur þeirra. Hér er ekki skorið við nögl.

Hvað er að segja um hina aðalatvinnuvegina? Er ekki þörf á að létta undir með þeim? Fleiri menn hafa haft atvinnu af iðnaði en landbúnaði. Og sjávarútvegurinn er sú undirstaða, sem öll viðskipti okkar við útlönd byggjast á.

Ég vil spyrja hæstv. ríkisstj.: Telur hún fært að veita slíkar fjárupphæðir af almannafé til landbúnaðarins án þess, að á móti komi lækkun á afurðaverði? Og sé það fært að hennar dómi fjárhagsins vegna, hvernig getur hún þá réttlætt svo ferlega misskiptingu að veita iðnaðinum, sem á við hina mestu erfiðleika að stríða, aðeins einn þrítugasta og annan hluta á móts við landbúnaðinn?

Tökum annað dæmi til samanburðar. Til almannatrygginganna, þar með talin sjúkrasamlögin, eru ætlaðar um 32 millj. kr. Það er fyrirsjáanlegt, að það fé hrekkur ekki til þess að halda áfram að greiða bætur Tryggingastofnunarinnar með dýrtíðaruppbót, eins og verið

hefur, nema enn verði gengið á sjóði stofnunarinnar í viðbót við halla tveggja síðustu ára. En það þýðir, að fjárhagsöryggi tryggingannna er skert og geta þeirra til að fullnægja ætlunarverki sínu rýrð. En einmitt á erfiðleikaárum hlióta útgjöld tryggingannna að aukast. Framlagið til tryggingannna, til tíu þús. öryrkja og gamalmenna, barna, mæðra, sjúkra og þeirra, sem verða fyrir slysum, er ákveðið 6—7 millj. kr. lægra en framlagið til landbúnaðarins eins. Er þetta sanngjarnt? Ein meginástæðan til þess, að heilsugæzlan hefur enn eigi komið til framkvæmda, er skorturinn á sjúkrahúsum og heilbrigðisstofnunum. Hér í Reykjavík er þessi skortur sennilega tilfinnanlegastur. Mörg hundruð rúmliggjandi sjúklinga, sem ættu að vera í hælum eða í sjúkrahúsum, verða að dvelja á heimilum við mjög mismunandi aðbúnað. Og mörg hundruð bíða auk þess nauðsynlegra læknisaðgerða, sem ekki verða gerðar nema á sjúkrahúsum. — Við Alþfl.-menn höfum lagt til, að af tekjuafgangi þessa árs verði varið mjög verulegri upphæð til sjúkrahúsabygginga og slíkra stofnana. Reykjavíkurbær hefur samþ. að reisa bæjarspítala og heilsuverndarstöð. Ekkert er byrjað á spítalanum enn. Ef till. okkar hefðu verið samþ., hefði ríkissjóður getað lagt fram af tekjuafgangi 1951 allt sitt framlag til spítalans, þannig að þegar hefði verið hægt að hefja framkvæmdir með fullum hraða, er bærinn legði sitt fram. Með því mátti slá margar flugur í einu höggi, bæta hag hinna sjúku, gera starfsemi tryggingannna fullkomnari og sjá fjölda manna fyrir atvinnu. En tillaga okkar Alþfl.-manna um þetta efni var felld — kolfelld.

Ég vík þá að atvinnuástandinu. Hvað hefur ríkisstj. efnt af loforðum sínum um örugga atvinnu í landinu? Hefur hún komið í veg fyrir atvinnuleysi? Hér þarf ekki mörg orð um að hafa. Staðreyndirnar blasa við, hvert sem litið er. Sjálf ríkisstj. játar, að á Siglufirði sé neyðarástand. Svipað er á Ísafirði, Ólafsfirði, Bíldudal — og svona mætti lengi telja.

Samkvæmt upplýsingum, sem atvinnumálanefnd fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Reykjavík hefur látið þingmönnum bæjarins í té nú í dag, eru nú um 1200 atvinnuleysingjar hér í Reykjavík. Stærstu hóparnir eru þessir: Iðnverkafólk 400, verkamenn 350, vörubílstjórar 130, múrarar 70, prentarar 15 og málarasveinar 35. — Stjórn Iðju hefur auk þess lagt fram skýrslu um fækkun starfsfólks hjá 18 nafngreindum iðnfyrirtækjum frá því 1. júní þessa árs. Sú skýrsla sýnir, að af 481 starfsmanni, sem fyrirtækin höfðu í ársbyrjun, hafa 320 þegar verið látnir hætta störfum. Af þeim 161, sem eru eftir, hefur 91 verið sagt upp frá næstu áramótum, og verða þá aðeins 70 eftir af 481.

Iðnrekendur telja, að ein höfuðorsakanna til þess, að þeir hafi orðið að segja upp fólkinu, sé sú, að innflutningur efnivaranna, t. d. kápuefnis, sé háður leyfum, en innflutningur fullgerðs fatnaðar, t. d. á kápum, hins vegar frjáls gegn bátagjaldeyri. Efnisleyfin fást aðeins frá ákveðnum löndum, clearing-löndum, t. d. Spáni og Póllandi, en þar séu efnin bæði dýrari og verri en t. d. í Englandi og auk þess ekki samkvæmt tízkunni. Auk þess benda þeir á, að söluskatturinn sé lagður þrisvar á þeirra framleiðslu, 7.7% á innkaupsverð, 3% á heildsöluverð og 2% á smásöluverð, en aðeins tvisvar á innfluttar kápur, samtals 9.7%. Þetta er aðeins eitt dæmið af fjölmörgum, sem sýna áhrifin og afleiðingarnar af stefnu hæstv. ríkisstj.

Sjálfsagt er iðnaðinum íslenzka áfátt á ýmsa lund. En er þetta leiðin til þess að bæta úr því? Milljónatugum hefur á síðari árum verið varið til kaupa á nýtízku tækjum, og hundruð manna vinna við iðnaðarstörf. Á að láta þessi dýru tæki ónotuð, verksmiðjufólkið sitja auðum höndum og greiða erlendu verkafólki vinnulaunin?

Hvað hyggst hæstv. ríkisstj. gera til þess að afstýra voða atvinnuleysisins? Sé ekkert gert, fer það versnandi með hverri viku. Er verzlunin frjáls? Verzlunarfrelsið er að mestu innantómt orð, eins og ég skal nú sýna fram á. Engin efni fást til fatnaðar nema með leyfi. Bátagjaldeyri fær enginn nema greiða eins konar löghelgað svartamarkaðsverð, og öllum er bannað að flytja frílistavörur til landsins, nema áður sé tryggt gjaldeyrisleyfi. Það eru bankarnir, sem þar koma í stað innflutningsnefndar.

Hvað er þá um „frjálsu“ verzlunina? Hún er enn í gæsalöppum. Hún er nafnið tómt, blekking og yfirskin.

1. Enginn má flytja inn byggingarefni til þess að koma upp yfir sig húsi án gjaldeyris- og innflutningsleyfa. Sama gildir um ýmsa vefnaðarvöru, svo sem kápuefni og fataefni, og eru þá leyfisveitingarnar, sem fást, oftast bundnar við ákveðin lönd. Vörur, sem háðar eru innflutningsleyfum, eru áætlaðar um 30% af heildarinnflutningnum.
2. Enginn má flytja inn bátagjaldeyrisvörur, svo sem tilbúinn fatnað, hreinlætistæki, heimilisvélar, varahluta í bifreiðar, vélar til járn- og trésmíða o. fl., nema hann hafi í höndum bátagjaldeyri, sem kostar a. m. k. allt að 60% meira en hið skráða gengi. Þessar vörur er áætlað að nemi um 18% af innflutningnum.
3. Þá eru eftir frílistavörurnar, en þær eru áætlaðar um 52.7% heildarinnflutningsins. Það eru fyrst og fremst algengar matvörur, vörur til framleiðslunnar, svo sem kol, salt, veiðarfæri, olíur o. fl., sem allt voru forgangsvörur, áður en gengið var lækkað. Til viðbótar eru svo ýmsar tegundir vefnaðarvöru, léreft, bómullardúkar o. fl., sem mikill hörgull var á áður og innflutningur því rýmkaður mjög verulega á. Rétt er að viðurkenna það. Fyrir þessar vörur þarf ekki lengur sérstakt innflutningsleyfi. En þar með er ekki öll sagan sögð. Eftir sem áður þarf að fá gjaldeyrisleyfi. Samkv. reglugerðinni frá 12. júní 1950 er öllum bannað að flytja inn þessar vörur, nema þeir hafi áður tryggt sér gjaldeyri til greiðslu á þeim. Um gjaldeyrinn þurfa menn að leita til bankanna. Þar af leiðir, að nú þurfa menn að fara í Austurstræti til að fá leyfin í stað Skólavörðustígs áður. Og bankarnir heimta nú, að lagt sé fram

sem trygging fyrir gjaldeyrisloforðum þeirra frá 30% og allt að 100% af gjaldeyrisupphæðinni. Þessa upphæð verður innflytjandinn að leggja fram eða fá að láni hjá bankanum sjálfum. Ýmsir alvarlegir erfiðleikar eru því á vegi þeirra, sem lítið reiðufé hafa handa á milli og ekki eru í náð hjá bankanum, áður en þeir geta notað sér verzlunar- og innflutningsfrelsið.

En það er annað, sem gefið hefur verið frjálst. Verzlunin og innflutningurinn er enn reyrt í viðjar. Hins vegar hefur ríkisstj. veitt innflytjendum og öðrum milliliðum frelsi til þess að skammta sér álagninguna á vöruna. Verðlagseftirlitið hefur svo til alveg verið afnumið. Heildsölum og öðrum milliliðum hefur nú verið í sjálfsvald sett að ákveða, hvað þeir taka fyrir störf sín við útvegun og dreifingu varanna. Þeir mega því hækka kaupið sitt eftir vild. Þetta frelsi hafa þeir notað óspart, eins og glögglega var sýnt fram á hér í útvarpinu við umræðurnar um verðlagsmálin.

Álagningin, sérstaklega á bátagjaldeyri og vefnaðarvöru, hefur hækkað gífurlega. Athugun verðgæzlustjóra á innflutningi í ágúst sýndi, að meðalálagning heildsala á vefnaðarvöru á frílista hafði hækkað um 180% við afnám verðlagsákvæðanna, en meðalálagning smásala um 47%. Heildarálagningarhækkun á innflutningi nam í október í heildsölu 96%, en í smásölu 34%.

Milliliðir hafa hækkað álagningu sína á bátagjaldeyrisvörur um stórum meira en útvegsmenn hafa fengið í sinn hlut. Um það skal ég nefna sem dæmi, að ávextir, innfluttir til 1. okt., kosta 6 millj., á þá leggst 3.6 millj. í bátagjaldeyri, álagningarhækkunin nemur 7.2 millj., og útsöluverðið er talið um 29 millj. Af þessari gífurlegu hækkun álagningarinnar og aukningu tolla hefur það leitt, að vörurnar hafa hækkað mjög umfram það, sem gengislækkunin sjálf og bátafríðindin gáfu tilefni til. Gróðinn af gengislækkuninni og bátagjaldeyrisfyrirkomulaginu hefur að miklu leyti runnið til milliliða, heildsala. Vísitalan hefur stórhækkað, kaupið mjakazt upp á eftir og kostnaður útgerðarinnar aukizt. Af gróðanum á bátagjaldeyrinum hafa milliliðirnir fengið 2 krónur á móti hverri einni, sem útvegsmenn fengu. Dýr hjálp við útgerðina það!

Ef verkalýðurinn fær nokkra hækkun á kaupi sínu í krónutölu, setur hæstv. ríkisstj. allar sínar áróðursvélar í gang. Þá hriktir í máttarstoðum þjóðfélagsins. Þá er öllu stefnt í voða að hennar dómi, — ekki aðeins þjóðarvoði, heldur sérstakur háski á ferðum fyrir launastéttirnar sjálfar, sem kauphækkunina fá. Hækkað kaup þýðir aukna kaupgetu, af henni leiðir vöruþurrð og hækkað verðlag, sem bitnar harðast á launastéttunum sjálfum, segir hæstv. ríkisstj. En sama stjórn leyfir heildsölum og öðrum milliliðum að hækka tekjur sínar skefjalaust og leggur blessun sína yfir það athæfi. Stafar þá þjóðfélaginu enginn háski af hinni auknu kaupgetu þeirra og þeirri hækkun dýrtíðar, sem aukin álagning þeirra veldur? Og hvað um þær auknu tekjur, sem bændur fá vegna framlaga úr ríkissjóði, nærfellt 40 millj. á ári, auk uppbóta á afurðaverðið? Stafar þjóðinni engin hætta af þeirri tekjuaukningu, þeirri kauphækkun? Er hún annars eðlis, hefur hún önnur áhrif en kauphækkanir launastéttanna.

Ýmsir undrast, að Framsfl. skuli hafa fallizt á kröfur íhaldsflokksins um að leyfa ótakmarkaða milliliðaálagningu. Aðrir spyrja, hvað valdi því, að Sjálfstfl., sem á sitt aðalfylgi í kaupstöðum landsins, hefur fallizt á stöðuga hækkun á framlögum til landbúnaðarins og á afurðum hans, meðan iðnaðurinn fær ekkert og tekjur bæjarbúa minnka.

Skýringin er sú, að hér er um hrossakaup að ræða. Sjálfstfl. fellst á að halda áfram uppbótagreiðslunum og auka framlög til landbúnaðarins gegn því, að verzlunarálagning og milliliðagróði verði leyfð án takmarkana. Báðir flokkar eru sammála um nauðsyn þess að takmarka kaupgetu alls almennings, launastéttanna, en leyfa hinum að auka tekjur sínar.

Gengislækkunin átti að bjarga útflutningsatvinnuvegunum. Hún dugði ekki. Bátagjaldeyririnn var þá upp tekinn, dugði ekki heldur. Því skal ekki neitað, að ástand í efnahags- og atvinnumálum getur verið svo illt, að gengislækkun sé óhjákvæmileg. Svo var að vísu ekki 1950, en skeð er skeð. En tvennt er nauðsynlegt, til þess að gengislækkunin geti komið að nokkru gagni og verði ekki beinn þjóðarvoði: Fyrst, að ráðstafanir séu samtímis gerðar til þess að festa hið nýja gengi og koma í veg fyrir, að lækkunin leiði fljótlega til nýrrar áframhaldandi gengislækkunar. Hið síðara, ráðstafanir gegn því, að gróðalöngun einstakra manna og stétta yrði til þess að auka misskiptingu teknanna með því að gefa gróðastéttunum tækifæri til að auka sinn hlut á kostnað almennings.

Hvaða ráðstafanir hefur hæstv. ríkisstj. gert í þessu skyni? Engar. Hún hefur þvert á móti gefið gróðastéttum landsins frjálsar hendur, húsaleigulögin hafa verið afnumin, til þess að þeir, sem eiga hús til að leigja öðrum, geti aukið tekjur sínar takmarkalaust, og verðlagseftirlitið er afnumið, til þess að milliliðirnir geti aukið sínar tekjur.

Afleiðingin er auðsæ og þegar komin í ljós. Dýrtíðin eykst stöðugt hröðum skrefum, húsaleigan og vöruverðið. Framfærsluvísitalan er komin upp í 151 stig og hækkar með hverjum mánuði. Kaupgjaldið mjakast á eftir og er nú miðað við 144 stig og verður svo næsta mánuð. Ávinningurinn, sem útgerðarmenn áttu að fá af gengislækkuninni, er þegar étinn upp. Bátagjaldeyrisfríðindin líka. Svo þarf nýja gengislækkun aftur til þess að jafna metin. Og þá byrjar sennilega sami leikurinn aftur. Þeir, sem áttu fasteignir og skulduðu, hafa allir grætt á gengislækkuninni. Fasteignir hafa hækkað í verði og skuldirnar lækkað. Sparifjáreigendur og launafólk hefur tapað sem gróða hinna nemur. Sparifé hefur rýrnað og kaupmáttur launanna minnkað.

Ég hef sýnt fram á, að þeir, sem átti að bjarga, útvegsmenn, eru sízt betur settir en fyrir gengislækkunina, og launastéttirnar eru stórum verr settar; kaupgeta þeirra hefur ver-

ið skorin niður með launalækkunum og atvinnuleysi. Verðmæti sparifjár þeirra, sem lagt hafa til hliðar til elliáranna og séð bönkum landsins og þar með atvinnuvegunum fyrir starfsfé, hefur verið skert um a. m. k. þriðjung á síðustu 20 mánuðum. Hverjar 3 krónur í sparisjóði nú eru minna virði en 2 krónur voru fyrir gengislækkun.

Hæstv. ríkisstj. er flokksstjórn, þ. e., hún hefur miðað starf sitt og stefnu við hagsmuni ákveðinna stétta. Slíkt er ekki hægt að afsaka, enn síður að réttlæta. Hlutverk hverrar ríkisstj. á að vera að tryggja landsmönnum öllum í heild sem bezt lífskjör, öryggi og atvinnu. Og það er bein skylda hverrar ríkisstj. að gæta þess fyrst af öllu að draga ekki fram hlut ákveðinna stétta eða einstaklinga á kostnað annarra.

Hæstv. ríkisstj. hefur brugðizt þeirri sjálfsögðu skyldu. Hún hefur metið meira hagsmuni stuðningsflokka sinna og þeirra manna, sem þar ráða mestu, en hag almennings. — Þess vegna er fjárlagafrv. úr garði gert eins og ég hef lýst. Þess vegna er milliliðum og gróðastéttum leyfð frjáls álagning, og þess vegna hefur lífskjörum almennings hrakað og atvinnuleysið magnazt á valdatíma hæstv. stjórnar. Hæstv. ríkisstj. veit þetta og finnur. Hún veit, hvaða dóm þjóðin hefur lagt á verk hennar, stefnu hennar og framkvæmdir. Þess vegna er nú upp risin misklíð á stjórnarheimilinu, óværð komin í hægindin. Hvor kennir öðrum um, og snurður hlaupa á þráðinn, eins og glöggt kom fram í umræðunum í gærkvöld.

Þegar jatan er tóm, bítast klárarnir.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Ég mun aðallega gera fjárlagafrv. fyrir árið 1952 að umræðuefni þessar mínútur, sem ég hef til umráða hér í kvöld.

Samkvæmt 2. og 3. gr. fjárlagafrv. eru aðaltekjustofnar ríkissjóðs þessir:

Ég nefni fyrst tekju- og eignarskattinn ásamt tekjuskattsviðauka og hluta ríkissjóðs af stríðsgróðaskatti, sem alls er áætlaður 42½ millj. kr., en mun aldrei verða undir 48—50 millj., þegar hann verður innheimtur af skattþegnunum.

Þá er næst að nefna vörumagnstollinn, sem áætlaður er 22½ millj. kr. og mun aldrei verða undir 23—24 millj.

Þriðji skattstofn ríkissjóðs, sem ég nefni í þessu yfirliti, en réttast væri að nefna fyrst, þar sem hann er orðinn langhæsti tekjuliður fjárlaganna, er verðtollurinn. Hann er í frv. áætlaður 93 millj. kr. Lítur út fyrir, að hann verði á þessu ári a. m. k. 110—112 millj., og verður hann því á næsta ári með síhækkandi verðlagi varla undir 105—110 millj., jafnvel þó að eitthvað kunni að draga úr innflutningi.

Þessu næst tel ég söluskattinn, sem í frv. er áætlaður 77 millj. Virðist hann ætla að verða á þessu ári um eða yfir 100 millj. og verður með sífellt hækkandi verðlagi naumast lægri á næsta ári, — ef til vill til muna hærri. Höfum við Alþýðuflokksmenn lagt til, að hann verði felldur niður við næstu áramót, en sú till. okkar verið felld af stjórnarliðinu. Þó hafa nokkrir stjórnarsinnar nú viðurkennt í verki, að ríkissjóður geti verið án ¼ hluta af þessum óvinsæla skatti og megi láta hann renna til aðstoðar bæjar- og sveitarfélögum. Stappaði nærri, að þessi viðurkenning leiddi til stjórnarfalls.

Seinasti hyrningarsteinninn, sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir að standa skuli undir útgjöldum ríkissjóðs á næsta ári, er svo Áfengisverzlun ríkisins og tóbakseinkasalan, sem ætlað er að leggja í ríkisfjárhirzluna 79 millj. kr. á árinu 1952. Á þessu ári virðast tekjur af ríkisstofnunum, en það eru að langmestu leyti brennivíns- og tóbakstekjur, verða 95—96 millj. kr. Er það að minnsta kosti nýtt í sögunni, ef sá tekjustofn verður rýrari á næsta ári. Hann hefur sem sé velt utan á sig milljónum á hverju ári allt til þessa, því miður.

Þessir tekjustofnar eru sem sé hæstu tindarnir eða turnarnir upp úr tekjuhlið fjárlagafrv. árið 1952, *og eru þá ónefndir ýmsir smærri bitar í* ríkissjóðspottinum, svo sem innflutningsgjald af benzíni, áætlað 9½ millj., gjald af innlendum tollvörutegundum, öli, gosdrykkjum, kókakóla, súkkulaði, karamellum, þ. e. af alls konar innlendu sælgæti, sem áætlað er 7½ millj. kr., bifreiðaskattur áætlaður 3 millj., stimpilgjald 6 millj., veitingaskattur 2½ millj. og enn fáeinir liðir, er nema nokkrum hundruðum þúsunda hver.

Samtals eru tekjur ríkissjóðs áætlaðar á næsta ári af hæstv. fjmrh. 357 millj. kr., og er það 59 millj. hærra en tekjur ríkissjóðs voru áætlaðar á yfirstandandi ári og skatttekjur þar með stórum hærri en nokkru sinni áður í sögu Íslands.

Nú er það komið í ljós, að tekjur ríkissjóðs á þessu ári fara hvorki meira né minna en 150—160 millj. kr. fram úr áætlun og verða þannig um 450 millj. alls. Getur ekki hjá því farið, jafnvel þó að hæstv. fjmrh. leyfi sér að fara stórkostlega fram úr heimildum fjárlaga með gjöldin, sem ég vil þó ekki ætla honum að óreyndu, að tekjuafgangur ríkissjóðs á þessu ári verði fast að 100 millj. kr. — „Er það nú ekki óræk sönnun um glæsilega fjármálastjórn að skila slíkum tekjuafgangi í ekki betra árferði en nú er?“ mundi einhver spyrja. — Vissulega væri það svo, ef tekjuafgangurinn væri afleiðing af sparnaði og hagsýni í ríkisrekstrinum, en því fer víðs fjarri, að svo sé. Þessi tekjuafgangur er á engan hátt lofsverður, því að hann er fenginn þrátt fyrir mikla eyðslu og lítið aðhald til sparnaðar eða hagsýni um meðferð ríkisfjár, eins og síðar verður vikið að.

Lýsir það þá að minnsta kosti ekki loflegum búhyggindum hæstv. fjmrh. að áætla tekjur ríkissjóðs 150—160 millj. kr. lægri en þær reynast? — Athugum það nánar.

Hvert er hlutverk fjmrh., þegar hann undirbýr fjárlagafrv.? Tvímælalaust það að gera af samvizkusemi, skarpskyggni og þekkingu sem réttasta áætlun um væntanlegar tekjur og fyrirhuguð útgjöld ríkissjóðs á næsta ári.

Og hvernig hefur hæstv. fjmrh. tekizt að gera rétta áætlun um tekjur og gjöld ríkissjóðs fyrir árið 1951?

Það verður ekki annað sagt en að reynslan beri annað tveggja samvizkusemi hans eða þá skarpskyggni hans og þekkingu báglegt vitni. Eða

hvað segja menn, þegar áætlun ráðh. um tekju- og eignarskattinn geigar um ca. 10 millj. eða þegar skekkjan í áætlun verðtollsins nálgast 40 millj. og söluskatturinn verður a. m. k. 45 millj. hærri en hæstv. ráðh. vildi áætla hann? Já, hvað geta menn sagt um annað eins og þetta annað en það, sem er sannleikanum samkvæmt, að hæstv. ráðh. hafi tekizt að gera bandvitlausa áætlun? Og hvaða ástæður geta legið til þess, að slíkt hendir hæstv. fjmrh.? — Það er aðeins tvennt til. Annaðhvort er áætlunin gerð visvitandi röng í þeim tilgangi að blekkja Alþingi og þjóðina, og er það líklegra, þó að það sé á engan hátt lofsvert um hæstv. ráðh. — Eða þá hitt, að hann hafi ekki vitað, hvað hann var að gera, hafi skort yfirsýn og skilning á verkunum þeirra stjórnaraðgerða, sem ákveðnar voru á síðasta þingi og hlutu að gerbreyta flestum tekjustofnum ríkissjóðs til stórfelldrar hækkunar. Ef þetta væri orsökin til hinnar röngu tekjuáætlunar, væri ástæðulaust, að menn bæru framvegis mikla virðingu fyrir glöggskyggni ráðh. í fjármálum; þá hefði áætlunum hans alveg eins getað geigað á hinn veginn, þannig að þær hefðu orðið 150—160 millj. neðan við gjaldaþörfina, og mundi það þá flestra mál, að ekki væri áhættulaust með öllu að hafa slíkan fjmrh.

En því er ekki til að dreifa. Eysteini Jónssyni fyrirgefst ekki skattpíning sú, sem hann beitir nú landslýðinn, út frá þeirri forsendu, að hann hafi ekki vitað, hvað hann var að gera. En þá er hann líka staðinn að því að hafa að yfirlögðu ráði pínt út úr landsmönnum á annað hundrað millj. kr. umfram þarfir ríkissjóðs. Slíkt og þvílíkt hefði e. t. v. getað talizt verjandi og afsakanlegt í veltiári, en hins vegar er því engin bót mælandi í hallærisárferði skorts og atvinnuleysis eins og nú ríkir.

Menn sætta sig í lengstu lög við þunga skatta, meðan þeir halda, að skattarnir séu krafðir inn til að standa undir óumflýjanlegum þörfum ríkissjóðs. En þegar skattarnir eru píndir út af lágtekjum manna langt niður fyrir brýnustu þurftarlaun og svimháir tollar að ógleymdum söluskattinum teknir af hverjum bita og sopa, er menn neyta, og hverri spjör, sem menn klæðast, með þeim árangri, að ríkissjóður lætur þannig greipar sópa um eignir manna og tekjur með miskunnarlausari innheimtuaðferðum en nokkru sinni hafa áður þekkzt, skattheimtu af skatti, lokun fyrirtækja o. s. frv., og allt þetta gerist í þeim tilgangi að raka saman á annað hundrað milljónum umfram þarfir ríkissjóðs, þá virðist komið út yfir öll velsæmistakmörk í skattheimtu, og þá er varla von til annars en að kurr komi upp í liði skattborgaranna og þeir láti sér jafnvel detta í hug að segja við ríkisvaldið: Hingað og ekki lengra.

Tekjuáætlun hæstv. fjmrh. í frv. fyrir árið 1952 er eins og í fyrra allt of lág, svo að tugum þúsunda nemur. Ég get í fyrsta lagi ekki ímyndað mér, að Alþingi láti það henda sig í annað sinn að leggja blessun sína yfir áætlun, sem er fjarstæð öllum veruleika. Það væri smán fyrir Alþingi, sem þannig væri að samþykkja, að fjárveitingavaldið væri dregið úr höndum þess. Ég get í annan stað ekki ímyndað mér, að hæstv. ráðh. sjálfur kæri sig um, að reynslan sýni það einnig á næsta ári, að áætlanir hans sé bókstaflega ekkert að marka. Það mundi vægast sagt verða honum til mikils álitshnekkis, ganga mjög nærri sóma hans og tiltrú sem fjármálamanns.

Ég þykist þess því fullviss, að ráðh. beiti sér fyrir því sjálfur nú við 3. umr. ásamt stjórnarliðinu, að tekjuáætluninni verði breytt til hækkunar og hún þannig færð nær sanni. Hitt má þó vel vera, að honum endist íhaldssemi til að standa samt gegn auknum fjárveitingum til verklegra framkvæmda eða menningarmála eða þá til aðstoðar við aðþrengt atvinnulíf eða nauðstödd bæjar- og sveitarfélög, sem verða að fá öflugan stuðning af hendi ríkisstj., og að ráðh. krefjist þess heldur, að frv. verði afgr. með miklum tekjuafgangi.

Við Alþýðuflokksmenn lítum svo á, að hvorki ráðherra né ríkisstj. beri neinn réttur til að ráðstafa að eigin vild hinum stórfellda tekjuafgangi tveggja síðustu ára, þann rétt hefur Alþingi og enginn annar. Við bárum því fram við 2. umr. fjárl. till. um, hvernig tekjuafganginum skyldi varið.

Við töldum, að bygging íbúðarhúsnæðis kallaði fastast að, og lögðum því til, að ríkisstj. yrði heimilað að verja af tekjuafganginum allt að 40 millj. kr. til byggingar íbúðarhúsnæðis í kaupstöðum og sveitum, þar af allt að 15 millj. til bygginga í sveitum, allt að 15 millj. til verkamannabústaða og allt að 10 millj. kr. til smáíbúða og íbúðarhúsnæðis, er bæjarfélög byggja. — Till. var felld af stjórnarliðinu, og þá er eftir að sjá, hvort hæstv. ríkisstj. með offylltan ríkiskassa milli handanna þorir að sinna húsnæðismálunum engu.

Þar næst töldum við, að ríkisvaldið ætti mest ógert í heilbrigðismálunum, og lögðum því til, að varið yrði rúmum 30 millj. kr. til byggingar heilsuverndarstöðva, héraðssjúkrahúsa og heilsuhæla. Hefur hv. 4. þm. Reykv., Haraldur Guðmundsson, gert þá till. okkar að umræðuefni, og skal ég því ekki fara um hana fleiri orðum.

Í þriðja lagi töldum við, að hinum illa fengna skattránsfeng mætti með engu móti ráðstafa svo, að ríkið sæi ekki sóma sinn í að greiða nú að mestu upp það, sem það á vangreitt af lögboðnum framlögum sínum móti bæjar- og sveitarfélögum til hafnarmannvirkja, sjúkrahúsa og skóla. — Þess vegna bárum við fram till. um, að ríkisstj. væri heimilað að verja allt að 20 millj. kr. til greiðslu á vangreiddum framlögum ríkisins lögum samkvæmt vegna hafna, skóla og sjúkrahúsa, miðað við árslok 1951.

Upplýst er, að vangreiðslur ríkissjóðs nema a. m. k. 5½ millj. til hafnarmannvirkja og 13 millj. til skóla. Væri það til ómetanlegs hagræðis fyrir fjölda bæjar- og sveitarfélaga, sem brotizt hafa í því að undanförnu að bæta hafnarskilyrði sín eða koma upp sjúkrahúsum og skólum, en hafa brugðizt mótframlög ríkisins, ef þessi vanskil yrðu nú gerð upp og greidd að fullu, og annað er alls ekki sæmandi. Þessi till. okkar Alþýðuflokksmanna var að vísu felld eins og allar aðrar, en þó mátti sjá, að það var

gert með samvizkunnar mótmælum ýmissa í liði stj. Kemur mér það mjög á óvart, ef stj. verður ekki sjálf tilneydd að taka upp þessa till. okkar í einhverri mynd.

Fjórða till. okkar út af tekjuafganginum var á þá lund að heimila ríkisstj. að verja allt að 10 millj. kr. til kaupa á 4 nýjum dieseltogurum til atvinnujöfnunar í landinu. — Þá hugmynd, að ríkið eigi og geri sjálft út nokkra togara, er hafi það hlutverk að herja á atvinnuleysið, hvar sem það gerir vart við sig, höfum við hv. 4. þm. Reykv., Haraldur Guðmundsson, tvívegis borið fram í frumvarpsformi hér á Alþingi. Fyrir okkur vakir það, að ríkinu beri að gera markvissar ráðstafanir til hagnýtingar vinnuafls og verkstöðva, og verður það að okkar áliti naumast gert á hagkvæmari hátt en þann að láta slíka ríkistogara leggja þar afla á land til vinnslu, sem atvinnuleysi gerir tilfinnanlegast vart við sig og ónotuð fiskiðjuver vantar hráefni. Reynt hefur verið að þegja þessa hugmynd í hel, en slíkt mun aldrei takast til lengdar. Þessum væntanlega „herskipaflota“ gegn atvinnuleysinu og þeim skorti, sem alltaf flýtur í kjölfar þess, verður komið upp. Til þess mun almenningsálitið neyða forráðamenn þjóðarinnar fyrr eða síðar. — Í þetta sinn var till. um lausn málsins að vísu drepin af íhaldi og Framsókn, enda virðist hugsun og hjarta þessarar ríkisstj. fremur helguð verzlunarokri, fjárplógsstarfsemi og skattpíningu en eflingu atvinnulífsins í landinu. Ber atvinnuástandið, eins og það nú er orðið, stjórnarstefnu hæstv. ríkisstj. næsta ófagurt vitni, hvort sem litið er til iðnaðarins eða sjávarútvegsins a. m. k.

Fimmta og síðasta till. okkar Alþýðuflokksmanna við 2. umr. fjárl. var um það að heimila ríkisstj. að lána af tekjuafganginum allt að 9 millj. kr. til byggingar fiskiðjuvera á þremur mikilsverðum útgerðarstöðum, nefnilega Ísafirði, Siglufirði og Hornafirði. — Einnig þessi till. var felld, og er þó hæstv. ríkisstj. a. m. k. fullvel kunnugt um atvinnuástandið á Siglufirði, þar sem nefnd frá bæjarstjórninni þar hefur verið hér vikum saman í haust til þess að knýja á ríkisvaldið um aðstoð gegn atvinnuleysisbölinu, sem þjáir bæjarfélagið. Svipað er ástandið á Ísafirði, enda höfuðnauðsyn þar að byggja upp nýtízku fiskiðjuver, er annist hraðfrystingu á fiski, fiskimjölsframleiðslu, lýsisbræðslu, saltfisksverkun, niðursuðu á fiski svo og ísframleiðslu. Um það eru allir Ísfirðingar sammála, hvar í flokki sem þeir standa, að þetta sé mál málanna í atvinnulífi bæjarins í næstu framtíð, og að lausn þessa máls munu Ísfirðingar einbeita kröftum sínum á næstu árum. Slíkt mannvirki kostar milljónatugi og kemst því ekki upp, nema lánsfé fáist, en það hlýtur að fást, til þess að unnt verði að leysa málið í áföngum, þó að tvívegis á þessu ári hafi verið leitað til ríkisstj. um aðstoð við málið og í bæði skiptin án árangurs.

Ég hef nú gert grein fyrir till. Alþfl. um það, hvernig verja bæri tekjuafgangi seinasta og yfirstandandi árs. Þær voru allar beittar ofbeldi meirihlutavalds og kolfelldar þrátt fyrir fyllsta réttmæti sitt.

En eitt hefur þó áunnizt við þetta. Það er það, að fjmrh. hefur lýst yfir, að stj. muni ekki ráðstafa tekjuafganginum án heimilda frá Alþingi, hún muni leggja sínar eigin till. fyrir þingið um það, hvernig tekjuafganginum skuli varið. En hvað dvelur Orminn langa? Hví koma ekki þessar till. stj.? Það er komið fast að þingslitum, og ekkert bólar á þessum till. Ástæðan er sennilega sú, að samkomulagið á stjórnarheimilinu er orðið líkt og hjá köttunum, sem stálu ostbitanum forðum og komu sér svo ekki með neinu móti saman um, hvernig skipta skyldi ránsfengnum. Ber því nauðsyn til, að Alþingi taki í taumana og geri sinn ótvíræða skiptarétt gildandi.

Ég leit í gær á tekjuhlið fjárlaganna 1946 — fyrir 5 árum. Og hvílík umbreyting hefur orðið á tekjustofnum ríkissjóðs og talnahæð á ekki lengri tíma. Þá var vörumagnstollurinn 11 millj. Nú er hann áætlaður 22½ millj. Þá var verðtollurinn áætlaður 35 millj. Nú er hann áætlaður 93 millj. Innflutningsgjald af benzíni var þá áætlað 1 millj. Nú er það áætlað 9½ millj. Gjald af innlendum tollvörutegundum var þá áætlað 1.8 millj., en nú 7½ millj. Aukatekjur hafa þrefaldazt, stimpilgjald tvöfaldazt og veitingaskatturinn þrefaldazt. Fyrir 5 árum voru tekjur af áfengi og tóbaki áætlaðar 31½ millj., nú 79 millj. Þá var söluskatturinn enginn til, en er nú áætlaður 77 millj., og er þó vitað, að hann verður mörgum millj. hærri.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Hinn 1. nóv. s. l. stóð yfir þvera forsíðu Morgunblaðsins gleiðletruð fyrirsögn, svo hljóðandi: „Sjálfstæðisflokkurinn hefur markað stefnuna til viðreisnar atvinnulífinu.“ Neðan undir þessari glæsilegu uppgötvun var stór mynd af formanni flokksins í ræðustól á nýafstöðnum landsfundi flokksins og til hliðar við myndina þessi setning: „Sjálfstæðismenn eiga að geta náð meiri hluta á Alþingi.“

Þessar tvær setningar voru aðalinntak þeirrar ræðu, er formaður flokksins hafði haldið við setningu fundarins, og þann boðskap munu hinir 500 fundargestir hafa átt að flytja með sér út um byggðir landsins, að Sjálfstfl. hefur markað þá stefnu í atvinnu- og efnahagslífi þjóðarinnar, sem hver einasti einstaklingur finnur á sínum eigin efnahag. Og hví skyldi þjóðin verða svo vanþakklát að launa ekki það afrek með því að veita flokknum meirihlutavald á Alþingi við næstu kosningar?

En til eru fleiri, sem þykjast eiga nokkurn hluta heiðursins skilið, jafnvel helming eða meira.

Réttum þremur vikum fyrr en þetta skeði birti Tíminn nýflutta ræðu fjmrh., Eysteins Jónssonar. Ráðherrann byrjar á því að minna á ummæli hæstvirts forsætisráðherra, þegar stjórnin tók við völdum, þar sem svo er komizt að orði:

„Ríkisstj. er fyrst og fremst mynduð til að koma á, eftir því sem unnt er, jafnvægi í viðskipta-, atvinnu- og fjármálalífi þjóðarinnar.“

Nú hefur Framsfl. stjórnarforustuna og fjármálaráðherrann að auki. Þykir mér því líklegt,

að þið framsóknarmenn, sem orð mín heyrið, huggið ykkur við það, að Ólafur Thors hafi logið a. m. k. um helming og Framsókn eigi sinn bróðurlega hluta þess heiðurs, er viðreisnarstarfið mun hljóta.

Í þessu fjárlagafrv. birtist einn þáttur þessa viðreisnarstarfs. Eins og það lítur út núna, eru heildartekjur áætlaðar 362.6 millj., en heildarútgjöld 369.9 millj. Mismunur er núna rúmar 7 millj. Auk þess eru líkur til, að vegna óhjákvæmilegrar hækkunar á ýmsum liðum, svo sem til sjúkrahúsa, raforkumála o. fl., sem óútkljáð er, en kemur væntanlega við 3. umr., þá muni hin endanlega heildarupphæð útgjalda nema allt að 380 millj. Það er 80 millj. hærri upphæð en þessa árs fjárlög, og má óneitanlega telja nokkurt stökk á einu ári.

Væri þessi hækkun vegna aukinna framlaga til verklegra framkvæmda, útrýmingar heilsuspillandi íbúðum o. fl. því um líks, þá væri ekkert við þessu að segja. En staðreyndin er hið gagnstæða. Þessi framlög fara hlutfallslega lækkandi eftir því, sem fjárlögin hækka. Hækkunin fer til að greiða aukinn kostnað við rekstur ríkisins allan og stafar að mestu af vaxandi verðbólgu tilbúinni af ríkisstj. sjálfri.

Samkv. núverandi áætlun frv. eru 270.8 millj. fengnar með tollum og sköttum. Þar af eru um 228 millj. óbeinir skattar, sem í einhverri mynd leggjast á vöruverð og sumir oft. Sem dæmi skal ég nefna, að verðtollurinn einn er áætlaður 93 millj., nemur á hvern einstakling 650 kr., eða 3250 kr. á hverja 5 manna fjölskyldu. Söluskattur einn nemur 540 kr. á einstakling, eða 2700 kr. á 5 manna fjölskyldu. Samtals nema óbeinu skattarnir, sem allir leggjast á vöruverð eftir ýmsum leiðum, 8600 kr. á fimm manna fjölskyldu. Ofan á þetta bætist verzlunarálagning. Samtals hafa þessir tollar hækkað um meira en helming síðan 1947, og ber það viðreisninni vitni á sinn sérstæða hátt.

Þessi hækkun hefur verið framkvæmd á hinn furðulegasta hátt, sem ég skal nú sýna einn þátt í. Öll þjóðin kannast við lögin um fiskábyrgð, er samþykkt voru 1946 og giltu næstu þrjú árin. Samkv. þeim skyldi ríkið ábyrgjast lágmarksverð útflutningsvaranna. Þessi löggjöf, sem fyrst og fremst var trygging þess, að framleiðslan gekk af fullum krafti, var þvílíkur þyrnir í augum núverandi stjórnarflokka, að þeir létu ekkert tækifæri ónotað til þess að svívirða hana. Var henni helzt fundið það til foráttu, að hún byndi ríkissjóði óhæfilegar byrðar. Nú liggja fyrir ríkisreikningar frá þessum árum, og sýna þeir, að samtals námu greiðslur ríkissjóðs til útflutningsuppbóta þessi þrjú ár, 1947—49, rúmum 50 millj. kr. Árið 1949 var ríkinu tryggður sérstakur tekjustofn til að mæta þessum útgjöldum. Þessi tekjustofn var söluskatturinn og var áætlaður það ár 36 millj. kr.

Í kosningabaráttunni haustið 1949 var það aðalbaráttumál beggja stjórnarflokkanna að létta þessum álögum af ríkissjóði. Ráðið var fyrir fram fundið. Það var gengislækkunin, sem lögfest var í febrúarbyrjun 1950. Meiri hluti þjóðarinnar gaf þeim umboð til þeirrar ráðstöfunar á kjördegi, og það var notað.

En var svo þessum álögum létt af ríkissjóði og skattþegnunum? Hvað segir reynslan um það? Árið 1950 var söluskatturinn hækkaður um 11 millj. á áætlun fjárlaga, upp í 47 millj. Þetta þurfti að gerast þrátt fyrir það, að gengislækkunin var búin að létta fiskábyrgðargreiðslunum af ríkissjóði og leggja þá upphæð og auðvitað miklu hærri ofan á allt vöruverð í landinu.

Ég þarf ekki að lýsa áhrifum gengislækkunarinnar á verðlagið, þau þekkja allir. En samkvæmt kenningum þeirra fræðimanna, er hana ráðlögðu, og þeirra stjórnenda, er kenningunum trúðu, átti hún að verða frambúðarlausn, er dygði til viðreisnar atvinnulífinu um ófyrirsjáanlega framtíð. Hver varð svo reynslan í því efni? Tíu mánuðum síðar, þ. e. um síðustu áramót, var aftur þrot fyrir dyrum. Þá var hugrekki ríkisstj. gagnvart Alþingi einnig þrotið, svo að nú þorði hún ekki að láta það fá vandamál atvinnulífsins til meðferðar. Í þess stað betlaði hún nýtt gjafafé, bjó til bátagjaldeyriskerfið með einfaldri reglugerð og breytti til um innflutningsverzlunina á grundvelli þessara nýju gjafa. Árangur þessa segir enn til sín í vöruverðinu, sem eðlilegt er.

En hefur þá verið fallið frá innheimtunni á söluskattinum? Ekki er það. Jafnframt því sem þetta kerfi var upp tekið, og greiðslur þær, sem honum var upphaflega ætlað að mæta, lagðar í annað sinn á almenning með enn aukinni dýrtíð, þá töldu þeir sig þurfa að hækka þennan skatt. Á þessa árs fjárl. er hann áætlaður 55 millj., en mun áreiðanlega reynast 90—100 millj. Um síðustu mánaðamót var hann orðinn yfir 78 millj., þ. e., hann verður nú á árinu allt að því helmingi hærri en fiskábyrgðargreiðslurnar námu samtals í þrjú ár. Og á næstu fjárl. er hann áætlaður 77 millj., eða þriðjungi hærri en fiskábyrgðargreiðslurnar sömu ár og allt að 5 sinnum hærri en meðaltal þeirra.

Þetta má kalla viðreisn í lagi, að lækka gengið þannig, að allur erlendur gjaldeyrir hækkar um 75%, og hækka innflutningsverð allra vara að sama skapi, leggja síðan 10 mánuðum síðar á nýja verðhækkun með bátagjaldeyrinum og hækka jafnframt tolla og neyzluskatta um þúsundir króna á hverja einustu fjölskyldu í landinu.

Sem dæmi um það, hve útgerðin fær mikinn hluta þess okurs, sem á vörurnar leggst samkvæmt þessari frægu reglugerð, sem stjórnin ungaði út dagana eftir að þingið var sent heim í fyrravetur, hefur verið upplýst, að verðmyndun ákveðins hluta af þessum vörum varð þannig til:

Innkaupsverð	1958000
Bátagjaldeyrir	738000
Verzlunarálagning	2413000
Tollar, fragt og söluskattur	2391000
	7500000

Hvað má lesa úr þessum tölum?

Vörumagn, sem kostar innan við 2 millj. í innkaupi, er selt til neytenda á 7½ millj., þ. e., hækkunin verður meira en 5½ millj. Af þeirri upphæð fékk bátaútvegurinn 700 þús.

Hefur þessi tollheimta verið nauðsynleg vegna

afkomu ríkissjóðs, t. d. á þessu ári? Reynslan segir nei.

Tekjur og gjöld fjárl. þessa árs voru áætluð innan við 300 millj. Stjórnarmeirihlutinn í fjvn. áætlar í sínu nál., að tekjurnar muni verða 450 millj., þ. e. 150 millj. fram úr áætlun. Fjmrh. telur þetta of hátt, nefnir 105 millj. umframtekjur, og ég skal gjarnan halda mér við þá tölu. Gjöld munu fara eitthvað fram úr áætlun. Nú er viðurkennt, að söluskatturinn er 11—12 stig af hinu almenna verðlagi og 5—6 stig af vísitölunni. Hver einasti liður af þeim 300 millj., sem útgjöld fjárl. eru áætluð, að utanríkisþjónustunni undanskilinni, er háður hinu almenna verðlagi. Afnám söluskattsins og lækkun verðlagsins um 11—12% hefði því sparað ríkissjóði nokkra milljónatugi. Það mundi verða staðreynd, að þótt söluskatturinn hefði ekki verið innheimtur, þá hefði ríkissjóður komið út greiðsluhallalaus, líklega með nokkurn tekjuafgang, því að líkur eru til, að áætlun fjmrh. sé of lág.

Þessar ráðstafanir allar eru svo meistaraleg uppfinning til að skapa verðbólgu, að það er sízt að undra, þótt íslenzk stjórnarvöld hafi heimsmet í þeirri grein.

Tvö eru þau hugtök, sem undanfarin ár hafa skipað virðulegust sæti í öllum pólitiskum áróðri stjórnarflokkanna beggja, þó einkum Framsóknar. Það eru hugtökin verðbólga og ofþensla. Ég hef nú sýnt fram á, hvernig þeir haga baráttunni gegn verðbólgunni, enda virðast þeir nú komnir á það stig að vilja bannfæra það orð úr íslenzku máli. En baráttan við „ofþensluna“ heldur áfram, og það er þörf að skilgreina hana. Og allra fyrst verður þó að gera sér ljóst, hvað það er, sem þessir herrar kalla ofþenslu.

Í febrúarbyrjun árið 1947, um sama leyti og samstjórn borgaraflokkanna þriggja tók við völdum, sigldi fyrsti nýsköpunartogarinn, Ingólfur Arnarson, inn á Reykjavíkurhöfn. Honum var tekið með miklum fögnuði sem boðbera enn þá nýs uppgangstímabils í efnahagslífi þjóðarinnar. Svo mikill var fögnuður og áhugi þjóðarinnar almennt, að jafnvel Framsókn þorði ekki annað en að dylja sína margyfirlýstu andúð á þessum ráðstöfunum og ganga inn á það að kaupa 10 nýja togara í viðbót við hina 30. Síðan þetta skeði hafa því 40 nýir togarar bætzt í veiðiskipaflotann íslenzka. Áður var vélbátaflotinn meira en tvöfaldaður.

Til þess að nýta framleiðslu þessara veiðiskipa hafa verið byggð fjölmörg hraðfrystihús, margar fiskimjölsverksmiðjur og fjöldi fiskþurrkunarhúsa víðs vegar um landið. Tala þessara fyrirtækja mun nú nema 60—70. Á þessum árum, síðan þjóðin varð bjargálna í styrjöldinni, hafa einnig verið byggð upp fjölmörg önnur iðnaðarfyrirtæki, svo sem í járniðnaði, trésmíði, skipaviðgerðum og margs konar öðrum verksmiðjuiðnaði. Í landbúnaðinum hefur einnig orðið stórkostleg breyting og hefði þó getað orðið meiri, ef Framsfl., sem ræður flestum málefnum bændastéttarinnar, hefði ekki fjandskapazt við nýsköpunarstefnuna frá upphafi. Þá var kjörorð Framsóknar að bíða þangað til heimurinn kæmist í gamla lagið. Svo langt gekk það, að Samband íslenzkra samvinnufélaga notaði ekki nærri því það fjármagn og þau gjaldeyrisleyfi, sem það fékk til innkaupa á vélum fyrir landbúnaðinn. Samt hefur hann fengið mikið af stórvirkum ræktunarvélum, svo að nú eru möguleikar til meiri afkasta á einu ári en áður á 10 árum. Hversu mikla möguleika þetta allt hefur skapað til aukinnar framleiðslu og aukinna þjóðartekna, eyði ég ekki mörgum orðum að. Það mun verða gert af öðrum fulltrúa Sósfl. í þessum umræðum síðar. En ég ætla að draga fram nokkrar staðreyndir um ríkjandi ástand.

Það er einmitt þessi uppbygging atvinnulífsins, sem átt er við, þegar stjórnarflokkarnir hafa talað um ofþenslu. Og það er afraksturinn, þjóðartekjurnar af rekstri og nýtingu þessara atvinnutækja, sem átt er við, þegar talað er um of mikla kaupgetu. Og það er beinlínis spursmálið um framleiðsluna sjálfa, grundvöll þjóðarafkomunnar, sem um er að ræða, þegar rætt er um of mikið fé í umferð í landinu, fé, sem þurfi að draga inn, taka úr umferð til þess að draga úr ofþenslunni. En þetta hafa einmitt verið kjörorð allra þeirra ríkisstjórna, sem setið hafa að völdum síðan 1947, og ráðin hafa verið bæði mörg og margvísleg. Hið fyrsta voru nýju Alþýðuflokkstollarnir í maímánuði 1947, 30—40 milljónir. Annað var vísitölubindingin í ársbyrjun 1948, rúmlega 8% kauplækkun, sem nú átti öllu að bjarga. Þó varð björgunin ekki meiri en svo, að um næstu áramót á eftir þurfti nýja aukaskatta, er námu allt að 50 millj. Var þá dýrtíðarsjóðurinn búinn til og til hans lagðar 64 milljónir. Einn þessara skatta var söluskatturinn. Næsta sporið var gengislækkunin og síðan bátagjaldeyririnn, sem ég hef áður lýst. Með þessu hefur því marki verið náð að lækka kaupgjaldið og kaupgetuna.

Miðað við sömu vísitölu og gilti 1947 hefur hið almenna kaupgjald lækkað svo, að nú vantar Dagsbrúnarverkamann 8000 kr. á ári, miðað við fullan vinnutíma og vinnudagafjölda, til þess að hafa sömu laun og þá. Þessu neitar enginn, og gagnvart þessari staðreynd treysta stjórnarherrarnir sér ekki lengur til að halda því fram, að kaupgjaldið sé orsök ástandsins og dýrtíðarinnar. Til afsökunar hafa þeir því gripið fegins hendi það hálmstrá, að ýmsar verðhækkanir hafi orðið erlendis.

En baráttan við það, sem þeir kalla ofþenslu, heldur áfram. En það er barátta á móti heilbrigðu og öruggu atvinnulífi í landinu. Hún hefur verið háð með því að draga inn fjármagnið, sem í umferð var, í stað þess að auka það eins og þurfti. Þegar 40 nýir togarar koma inn í atvinnulífið á fáum árum, þá kalla þeir á marga tugi, jafnvel hundruð milljóna kr. í rekstrarfé. Þegar fjöldi nýrra hraðfrystihúsa og fiskimjölsverksmiðja er tekinn í notkun, þá kalla þau fyrirtæki enn á marga milljónatugi í rekstrarfé. Og þegar í notkun fara tugir skurðgrafna, hundruð stórra beltisdráttarvéla og fjöldi smærri heimilisdráttarvéla, ásamt öðrum erlendum innflutningi, sem þarf til aukinna ræktunarframkvæmda og landbúnaðarframleiðslu, þá kallar það allt einnig á milljónatugi í rekstrarfé. Þann-

ig mætti halda lengi áfram að telja, svo sem önnur iðnfyrirtæki, járniðnaðarfyrirtæki, dráttarbrautir, smærri verksmiðjur o. s. frv. Hið lausa fjármagn, sem í umferð er, er blóðið í þessum efnahags- og framleiðslulíkama þjóðarinnar, og ef það vantar, verður hann óstarfhæfur, þótt framleiðslutækin séu nægilega mikil, fyrsta flokks að gæðum og vinnuafli yfirdrifið að magni. En allar þær ríkisstjórnir, sem ráðið hafa hér síðan 1947, hafa unnið markvisst að því að dæla blóðinu út úr þessum efnahagslíkama, svo að hvert líffærið af öðru er að verða óstarfhæft.

Með seðlaskiptunum, sem allir muna, var fyrst gerð tilraun til að lækka seðlamagnið í umferð um þriðjung. Það tókst að vísu ekki til lengdar, en svo kom gengislækkunin og minnkaði verðgildi hverrar krónu um 75%. Auk þess hafa aðrar verðhækkanir bætzt við. Slík ráðstöfun hlýtur að kalla á fleiri krónur í rekstur atvinnulífsins, og þarf enga hagfræðinga til að skilja það. Ef verðgildið er lækkað um helming, þarf togari, sem áður þurfti 1—2 millj., nú 2—4. Verzlunarfyrirtæki, sem áður þurfti 3 millj., þarf 5—6. Iðnaðarfyrirtæki, sem áður þurfti 4 millj., þarf 7—8, og ræktunarsamband lítillar sveitar, sem áður nægði 100 þús. kr. til framkvæmdar ákveðins verkefnis fyrir sína fáu meðlimi, þarf nú 200 þús. En í stað þess að láta sér skiljast þessi einföldu sannindi hefur miskunnarlaust verið haldið þeirri stefnu að ná fjármagninu úr umferð undir því yfirskini, að verið sé að minnka ofþensluna.

Fyrir tæpu ári síðan sagði hæstv. fjmrh. hér á Alþingi, að okkar mesta mein væri það, að of miklir peningar væru í umferð hjá þjóðinni. Og nú alveg nýlega viðurkenndi hæstv. viðskmrh. í þingræðu, að hann hefði skipað bönkunum að hafa hemil á útlánastarfseminni. Það hefur einnig verið upplýst hér, að seðlaveltan í umferð er nálega sú sama og var fyrir gengislækkunina og heildarútlán bankanna stórum minni, miðað við peningagildið. Þetta er stefnan gagnvart atvinnulífinu á sama tíma og ríkisstj. telur sig þurfa 80 millj. hærri upphæð til ríkisrekstrarins á næsta ári en þessu.

Þá kem ég að hinni frægu Marshallaðstoð, sem sannanlega hefur hjálpað til að gera allan almenning í landinu fátækari, þótt það kunni að hljóma einkennilega í eyrum þess fólks, sem lært hefur að trúa því, að utanríkisstefna Bandaríkjanna sé góðgerðastarfsemin ein. Því fólki mun þykja sem nú sé ég þó að villast inn á Moskvulínuna. En þetta er bara staðreynd, sem þjóðin er nú að byrja að skilja.

Í Marshallsamningnum stendur það ákvæði, að jafnvirði þeirra dollaragjafa, sem við fáum, skuli leggjast inn í Landsbanka Íslands í íslenzkum krónum í sérstakan sjóð. Mótvirðissjóður hefur hann verið nefndur og má ekki ráðstafa nema með leyfi ameríska stjórnarvalda. Þetta fé nemur orðið hundruðum millj. kr. og hefur orðið að takast út úr efnahagslífinu af því fé, er þjóðin hafði í sínum eigin rekstri. Einstaklingarnir hafa orðið að greiða þetta fé af þeim eignum, er þeir áttu fyrir, en ríkið eignast að vísu mótvirðissjóðinn í staðinn.

Og hvað er svo um þann stóra hluta Marshallfjárins, sem notaður hefur verið beint fyrir neyzluvörur? Þegar verzlunin var gefin frjáls sem kallað er, þótt öfugmæli sé, var því lýst yfir, að til þess fengjum við stóraukið gjafafé, a. m. k. á annað hundrað millj. kr., og auk þess fékk stjórnin lánsheimild, 60—70 millj. Þetta fé hefur verið notað til að fylla landið varningi, að ýmsu leyti þörfum, en að mörgu leyti óþörfum.

Það, sem almenningur kaupir af þessum vörum og ekki hleðst upp í búðunum vegna kaupgetuleysis, verður kaupandinn að greiða með innlendu fé. Það verður að takast af eign einstaklingsins, ef hún einhver er. Þannig eru enn dregnir tugir eða hundruð millj. kr. úr umferð af því fjármagni, sem var í veltunni í þjóðarbúskapnum.

Nú skulum við hugsa okkur hina leiðina, að framleiðslutæki þjóðarinnar hefðu verið rekin af viti og framleitt útflutningsvörur fyrir þennan erlenda gjaldeyri. Þá hefði fjármagnið fengið að halda sína eðlilegu hringrás: úr auðlindum náttúrunnar sem hráefni, er nýtt væri til fulls í eigin iðjuverum, og jafnframt því að skapa þannig gjaldeyristekjur hefði það skapað atvinnutekjur hjá þjóðinni og einstaklingum hennar, atvinnutekjur, sem einstaklingar nota til að greiða nauðsynjar sínar með, og hringrásin síðan haldið áfram milli atvinnulífsins og einstaklinganna. Það er munurinn á því, að þjóðin vinni fyrir verðmæti nauðsynja sinna eða fái þær að gjöf. Það er hvorki meira né minna en spurningin um efnahagsafkomu hvers einstaklings. Sú þjóð, sem fer að lifa á gjafafé, gerir tvennt í senn. Hún malar niður eigið atvinnulíf og gerir einstaklingana að öreigum, vegna þess að þá fær blóðrás efnahagslíkamans — hringrás fjármagnsins — ekki að renna óhindruð. En ekki skulum við gleyma því, að þetta eru viðreisnarráðstafanir framsóknarstjórnarinnar, unnar eftir stefnu, sem Sjálfstfl. hefur markað til viðreisnar atvinnulífsins.

Þá er rétt að glugga í það, hvernig viðreisnin birtist í atvinnulífinu eða einstökum þáttum þess. Vegna tímans verða fá dæmi að nægja.

Undarfarna mánuði hafa íslenzkir togarar mokað upp fiski, ýmist á Íslands- eða Grænlandsmiðum. Þrátt fyrir næg iðjufyrirtæki til að tvöfalda verðmæti aflans hér heima hafa þeir siglt með hann ísaðan til Englands eða á saltfisksmarkað í Danmörku. Danir hafa síðan tekið hann til pökkunar og selt á sömu markaði og okkur standa til boða, en hirt álitlegar gjaldeyristekjur fyrir verðmætisaukninguna. Á meðan standa íslenzku hraðfrystihúsin, fiskimjölsverksmiðjurnar og fiskþurrkunarhúsin auð og ónotuð.

Til að sýna gjaldeyristapið af þessu ráðlagi skal ég nefna dæmi: Einn 300 tonna togarafarmur af karfa, sem seldur er á ísfisksmarkaði í Bretlandi fyrir 9000 pund, gefur 325 þús. kr. nettó í gjaldeyri. Sé þessi sami farmur fullunninn hér í verksmiðjum, sem til eru, fást úr honum gjaldeyrisverðmæti, þ. e. fiskur, mjöl og lýsi, fyrir 668 þús. kr. samtals. Það eru meira en tvöfaldar gjaldeyristekjur. Þar við bætist svo

það, að sá dýrmæti tími, sem fer í siglingar út, gæti farið til veiða og aflinn því orðið meiri.

Í öðrum greinum sumum, t. d. saltfisksverkuninni, er gjaldeyris- og verðmætisaukningin miklu meiri.

Hvað er það svo, sem veldur því, að þetta er gert? Það er margyfirlýst af atvinnurekendum sjálfum, að það sé skortur á lánsfé, skortur á rekstrarfé.

Svo langt er komið með að draga úr ofþenslunni, að það hittir lífæð þjóðarinnar, gjaldeyrisöflunina sjálfa. Eigendur togarans „Akureyjar" auglýstu hann nýlega til sölu, segjast ekki geta rekið hann vegna fjárskorts, þótt þeir geti sannað, að hrein eign þeirra í fyrirtækinu sé ekki minni en 3—4 millj. kr. Jafnframt þessu þyrpast heimilisfeðurnir úr smærri kaupstöðum og þorpum úti um land hingað til Reykjavíkur og suður á Keflavíkurflugvöll í von um atvinnu við *stríðsundirbúning*.

Þá skal bent á ástandið í iðnaðinum íslenzka. Nýlega hefur verið birt skýrsla frá Iðju, félagi verksmiðjufólks. Þar eru gefnar þær upplýsingar, að í 18 verksmiðjufyrirtækjum í Reykjavík, sem höfðu 481 mann í vinnu í byrjun þessa árs, muni 70 manns verða starfandi í lok ársins, og helmingur þessara fyrirtækja hættir þá störfum með öllu. Öll þessi fyrirtæki framleiða nauðsynjavörur, að meiri hluta úr innlendum hráefnum.

Nú er á einu ári hætt að nota vinnuafl 411 manns í þessari einu starfsgrein, hætt að nota þær vélar og annað kapital, sem í þessu stendur. Í þess stað er tekið erlent lán eða betlað fé, er áreiðanlega nemur mörgum tugum millj., til að kaupa þessar vörur inn í landið. Þessi ráðsmennska er líkust því, að landinu sé stjórnað af vitfirringum.

Hver er svo reynsla bændastéttarinnar? Verðhækkun á öllum rekstrarvörum, svo gífurleg, að hún gleypir miklu meira en þá verðhækkun, sem orðið hefur á framleiðslunni. Stöðnun þeirrar vélyrkjuþróunar, er hafin var, vegna þess að þeim bændum fer óðum fækkandi, sem nú sjá möguleika á að eignast þær vélar og verkfæri, sem þeir hafa hingað til talið sig geta eignazt, því að nú hafa þær þrefaldazt í verði.

Verulegur hluti þeirra 100—120 millj., sem ríkið innheimtir í ár umfram þarfir, stendur nú sem skuldaupphæðir í reikningum bændanna við kaupfélögin. En gleymið því ekki, bændur, að þetta er jafnvægið, sem ríkisstjórn Steingríms Steinþórssonar hét að skapa og skapað var eftir þeirri línu, sem Ólafur Thors kveður Sjálfstfl. hafa markað.

Og afleiðingar þessa alls eru enn fremur þær, að fjöldi fólks, sem hafði áður en viðreisnin hófst og áður en byrjað var að skapa jafnvægið komizt yfir íbúð eða orðið bjargálna með því að vinna baki brotnu nótt og nýtan dag, meðan nóg var atvinna, er nú að verða öreigar aftur. Og allt gerist þetta því hraðar sem við fáum meiri gjafir, meiri aðstoð, meiri efnahagshjálp.

Það lítur út fyrir, að stjórnendur þessara mála, og á ég þar við borgaraflokkana alla, hafi frá öndverðu gert sér það ljóst, að þeir mundu verða lítt vinsælir af árangri þessarar stjórnarstefnu. Þess vegna hafa þeir öll þessi ár lagt megináherzlu á að æra fólk út af heimspólitíkinni. Inntak alls þessa áróðurs hefur í stuttu máli verið þetta:

Ofbeldisstefna Rússanna er að flæða yfir heiminn og ógnar Íslandi með árás á það varnarlaust. Bandaríkin og lýðræðisþjóðir Vestur-Evrópu eru skjól og skjöldur frelsisins og útverðir menningarinnar í heiminum. Ísland verður að skipa sér í þessa fylkingu og leggja fram sinn skerf til verndar þeim mannlegu verðmætum, sem hinn vestræni heimur berst fyrir. Á Íslandi starfar sérstakur stjórnmálaflokkur, sem einskis óskar fremur en að sér megi takast að selja landið í hendur Rússanna og gera íslenzku þjóðina að þrælum.

Þessi áróður hefur óneitanlega borið árangur. Hann hefur í fyrsta lagi borið þann árangur að sljóvga dómgreind þjóðarinnar og eftirtekt á því, sem gerzt hefur í hennar eigin málum, bæði innanlands- og utanríkismálum. Og það er eingöngu vegna þessa sljóleika, að þessum mönnum tekst að halda völdum enn. En hann hefur þó borið jafnvel ægilegri árangur á öðru sviði. Honum hefur tekizt að rugla svo siðferðisvitund fjölda fólks, að tugir íslenzkra æskumanna hafa beinlínis óskað eftir því að fá að takast á hendur ferð austur á austurströnd Asíu í þeim tilgangi einum að drepa fólk. Hvert stefnir með framtíð íslenzkrar æsku og íslenzkrar þjóðar, ef slíkur hugsunarháttur nær tökum á æsku*lýðnum sem heild*? Vopnlaus háði íslenzka þjóðin sína frelsisbaráttu og vann sigur á grundvelli eigin þjóðmenningar. Nú er það túlkað sem hetjuskapur af blöðum auðvaldsins á Íslandi, að íslenzkir æskumenn taki vopn í hönd til hjálpar spilltasta auðvaldi veraldarinnar að myrða meðlimi *kúgaðra nýlenduþjóða* og drekkja í blóði frelsisbaráttu hennar.

Ég vil nú gera þessum áróðri dálítil skil. Einn af okkar merkustu rithöfundum sagði eitt sinn eitthvað á þá leið, að til þess að geta fylgt borgaraflokkunum að málum af sannfæringu, þá yrði maður að *losa sig* við *alla* skynsamlega hugsun. Ég held, að það sé ekki hægt að kveða vægar að orði um þau trúarbrögð, sem reynt er með offorsi að innræta þjóðinni, að rússnesk árás á Ísland sé svo yfirvofandi, að þess vegna heföum við þurft að ganga í hernaðarbandalag og panta erlenda hersetu. Til þess að skilja þau átök, sem núna fara fram í heiminum, verður að líta á þróunarsögu borgarastéttarinnar og kapítalismans og dæma út frá henni.

Á síðustu áratugum 18. aldar og fyrri helmingi 19. aldar geisuðu voldugar byltingar í þjóðlöndum Evrópu. Það var hin unga borgarastétt, sem þar var að brjótast til valda og velta í rústir hinu aldagamla, rótfúna aðalsveldi, er komið var að hruni vegna eigin innri meinsemda. Borgarastéttin barðist til valda undir kjörorðunum: frelsi, jafnrétti, bræðralag. Hún fékk líka í lið með sér kúgaðar undirstéttir aðalsveldisins, verkamenn og bændur.

Sigur borgarastéttarinnar var þróunarspor síns tíma fram á við. En þegar hún var orðin föst í sessi, búin að skapa sín borgaralegu lýð-

ræðisríki, þá breytti hún sínum fögru kjörorðum í önnur, miðuð við eigin hagsmuni sína. Frelsi allra manna varð að frelsi einstaklingsins til að arðræna aðra, jafnréttið var gert að rétti hins sterka, og bræðralagshugsjónin var gerð að hinni skefjalausu frjálsu samkeppni. En borgaralegu lýðræðisríkin seildust fljótt lengra. Þau náðu á síðari hluta 19. aldar og fyrstu áratugum hinnar 20. yfirráðum yfir öllum lituðum þjóðflokkum veraldar. Sú saga er saga árásarstyrjalda, nýlendukúgunar, arðráns og morða af hendi þessara lýðræðisríkja.

Það, sem gerist í heiminum í dag, er það, að þessar lituðu, kúguðu nýlenduþjóðir eru að sprengja fjötrana, skapa sér eigið frelsi. Sú barátta mun halda áfram, þangað til þær hafa náð frelsinu.

Þótt brezkir herir jafni við jörðu þorpin á Malakkaskaga, þótt franskir herir brytji niður skæruliðasveitir í Indókína, þótt Hollendingar fangelsi leiðtoga Indónesa og Bandaríkjastjórn láti beita kjarnorkusprengju í Kóreu, þá megnar það ekki að stöðva frelsisbaráttu þessara þjóða. Það er þetta, sem heimur auðvaldsins óttast. En jafnframt þessu er annað að ske. Sjálfur kapítalisminn er kominn í þrot, því að hann hefur þegar tekið sitt dauðamein. Það dauðamein eru andstæðurnar innan hans sjálfs.

Bezta dæmi, sem nú gerist, er það, að jafnvel íhaldsstjórnin brezka stingur nú við fótum í hlýðninni við bandaríska kapítalismann, neitar að taka þátt í Evrópuhernum og lætur skína í breytt viðhorf gagnvart Sovétríkjunum. Þarna er brezku auðvaldsherrarnir að gera síðustu tilraun til að bjarga sér frá því að verða gleyptir af hinum bandarísku. En af því mun leiða árekstra milli auðvaldsríkjanna innbyrðis, sem geta haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar.

Auðvaldið hefur unnið ótal árásarstríð, en það stríð, sem yfir stendur nú, er þess dauðastríð, og það vinnur enginn.

Það er því engin rússnesk árás á Ísland, sem er yfirvofandi, heldur frelsi hundraða milljóna fólks af lituðum þjóðflokkum undan arðráns- og kúgunaroki evrópskra og amerískra lýðræðisríkja.

En þessi frelsisbarátta nýlenduþjóðanna fellur saman við þróun sósíalismans í heiminum, sem óhjákvæmilega hlýtur að verða ríkjandi þjóðfélagsform um ófyrirsjáanlega framtíð, eins og barátta borgarastéttarinnar á sínum tíma féll saman við þróun hins kapítaliska lýðræðis sem þjóðfélagsforms 19. aldar og fram á hina 20., eftir að þjóðskipulag aðalsins féll.

Án þess að skilja þessa þróun er útilokað að geta dregið ályktanir af viðburðum heimsins nú. Fulltrúar íslenzku borgaraflokkanna hafa nú gert sig seka um þær ægilegu ráðstafanir að láta Ísland taka á sig hernaðarlegar skuldbindingar til þjónustu við þetta hrynjandi nýlenduveldi auðvaldsskipulagsins í heiminum. Þetta er þeirra þáttur til að reyna að halda sér á floti í því pólitíska kviksyndi, sem stjórn þeirra á efnahagsmálum þjóðarinnar hefur leitt þá út í. Og ráðið er það gamla, að kenna öðrum um klækina, sem þeir fremja sjálfir. Okkur sósíalista saka þeir um þjónustu við erlend ríki án þess að hafa nokkurn tíma getað bent á eitt atriði til sönnunar. En sjálfir koma þeir saman á klíkufund, brjóta stjórnarskrána með því að biðja um erlenda hersetu til þess að losa Bandaríkjastjórn við þann álitshnekki, sem hún hefði blotið af því að fara sínu fram gegn mótmælum Íslendinga. Svo mikil er þjónkunin á þá hliðina. Hins vegar er svo annar þáttur. Þegar menn hafa gert sig seka um jafnóskaplega hluti og klíkufundur þessara þingmanna gerði í vor, þá leita þeir að átyllum til að réttlæta gerðir sínar bæði fyrir sjálfum sér og öðrum. Líklega hefur þeim verið talin trú um, að stríð yrði komið í haust. Nú hafa þeir verið sviknir um þetta stríð og engar horfur á, að úr því verði bætt á næstunni. Og það er annað að ske jafnframt. Átökin í Kóreu, Íran, Egyptalandi og ekki síst í Evrópu sjálfri bera því glöggt vitni, að aflið, sem þeir treystu á, að væri hið sterkasta í heiminum, er ekki aðeins miklu veikara en þeir héldu, heldur einnig sjálfu sér sundurþykkt. Þess vegna óttast þessir menn þann dóm, er framtíðin mun fella yfir þeim og verkum þeirra, og til þess að réttlæta sig í lengstu lög halda þeir áfram að spá stríði, og hvenær getur ekki sú spá orðið að ósk, sbr. orð Stephans G. Stephanssonar:

„Falin er í illspá hverri
ósk um hrakför sýnu verri."

Nú vil ég spyrja ykkur, sem hlustið, og þó einkum þann æskulýð, sem fylgir borgaraflokkunum þremur að málum: Er ekki hyggilegra bæði fyrir þjóðina og einstaklinginn að reyna að skilja þróunina, sem er að gerast, og haga sér samkvæmt henni? Ef þið, æskulýðurinn, látið halda áfram að blekkja ykkur, eins og nú er reynt að gera, þá eruð þið sjálf að búa ykkur þau örlög að standa á miðjum aldri skilningslaus eins og andlegir steingervingar gagnvart þeirri þróun og þeim lífsviðhorfum, sem þið verðið sjónarvottar að og gerast munu hvarvetna í heiminum, þessari þróun, að yfirráðakerfi auðvaldsheimsins yfir flestum lituðum þjóðum veraldar hrynur til grunna og þar með hagkerfi auðvaldsins. Ætlið þið að láta blekkja ykkur til að loka ykkur sjálf úti frá allri þekkingu og öllum skilningi á þessari þróun? Hver einasti maður, sem það gerir, mun á sínum tíma standa gagnvart fyrirbærum heimsviðburðanna eins og nátttröllin í íslenzku þjóðsögunum, sem dagaði uppi og urðu að steini við að sjá dagsbirtuna.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Nú hafa hv. stjórnarandstæðingar ausið úr skálum reiði sinnar, þeir hv. 4. þm. Reykv., Haraldur Guðmundsson, hv. 6. landsk., Hannibal Valdimarsson, sem eru fulltrúar Alþfl., og hv. 5. landsk., Ásmundur Sigurðsson, sem er fulltrúi Sameiningarflokks alþýðu, Sósíalistaflokksins.

Það er alltaf létt fyrir þá, sem ekki telja sig bera ábyrgð, að koma fram sem vandlætara. En stjórnarandstaða á, ef hún skilur sitt hlutverk, að finna til ábyrgðar, — meiri ábyrgðar en gætti í ræðum hv. áðurnefndra þingmanna.

Samkvæmt ræðum hv. stjórnarandstæðinga á

allt, sem mótdrægt er, að vera núverandi ríkisstj. að kenna. Þeir vilja ekki muna að órofa samband er milli örðugleikanna á líðandi stund og þeirra tíma, þegar flokkar núverandi stjórnarandstöðu tóku þátt í ríkisstjórnum og ýttu á ógæfuhlíð, stofnuðu til þess ástands, sem nú er barizt við að bæta úr. — Við skulum horfa um öxl: Hvernig var ástatt í landinu þegar núverandi stjórn tók við völdum fyrir tæpum tveimur árum?

Stjórn Stefáns Jóh. Stefánssonar var mynduð í ársbyrjun 1947. Hún tók við vandræðabúi nýsköpunarstjórnarinnar svonefndu, sem gafst upp um leið og hún var búin með þær miklu gjaldeyrisinnstæður, sem þjóðin hafði eignazt fyrir óvenjulega rás viðburðanna á styrjaldarárunum.

Verkefni stjórnar Stefáns Jóh. Stefánssonar var mjög örðugt, — það skal viðurkennt. Hún reyndi að veita viðnám, en í ársbyrjun 1949 var í ljós komið, að ráðstafanir hennar dugðu alls ekki til þess að halda uppi fjármála- og atvinnulífi þjóðarinnar.

Framsfl. var að vísu þátttakandi í stjórn Stefáns Jóh. Stefánssonar, en hafði verið í hreinni andstöðu við nýsköpunarstjórnina, meðan hún sat að völdum. Hann varaði þjóðina við þeirri stefnu, sem ráðandi hafði verið, en tók þátt í stjórn Stefáns Jóh. Stefánssonar, af því að hann taldi skylt að reyna að bjarga því, sem bjargað yrði.

Í ársbyrjun 1949 taldi Framsfl., að sýnt væri, að stjórn Stefáns Jóh. Stefánssonar hlyti að missa marks, nema tekið væri til róttækari aðgerða, sem ekki fékkst samkomulag um. Gerði flokkurinn því kröfu til þess, að fram færu kosningar, þótt eitt ár væri eftir af kjörtímabili. Gömul og ný reynsla staðfestir, að síðasta þing fyrir kosningar er varla hæft til að taka vandamál heilbrigðum tökum.

Kosningar veittu Framsfl. aukið fylgi og leiddu þannig í ljós, að þjóðin kunni að meta varnaðarorð hans og kröfur um átök til leiðréttingar.

Hvernig stóðu svo sakir í árslok 1949? Stjórn Stefáns Jóh. Stefánssonar sagði af sér, þegar Alþingi kom saman eftir kosningarnar í nóv. 1949. Sjálfstfl. hafði myndað minnihlutastjórn snemma í desember, en skorti þingfylgi til þess að koma fram málum.

Í fjárhags- og atvinnulífi þjóðarinnar var ástandið á þessa leið: Ekki var farið að starfa að nokkru ráði að setningu fjárlaga fyrir fjárlagaárið 1950, og virtist þingið ekki sjá sér það fært eins og ástandið var, enda þótt fjárlagafrv. hefði verið lagt fram snemma á þinginu. — Útflutningsatvinnuvegir þjóðarinnar virtust algerlega stöðvaðir. Undanfarin ár hafði Alþingi neyðzt til þess að ábyrgjast verð á bátafiski og varið til þess miklum fjárhæðum. Nú tók Alþingi aðeins ábyrgð á fiskverðinu þrjá fyrstu mánuði ársins 1950. Engin fjárhagsgeta var til þess að gera meira og fullkomin tvísýna á, að þetta væri meira að segja hægt, þótt yfirlýsing um ábyrgðina væri gefin. — Ríkissjóður var algerlega févana. — Verzlunin hafði reyrzt í fjötra hafta, kvótakerfis og skömmtunar. — Verzlunarfyrirtæki, svo sem samvinnufélögin, gátu ekki tekið eðlilegum vexti. Almenningur leið af vöruþurrð. Svartamarkaður blómgaðist til gróða fyrir braskara, en féflettingar alþýðu manna. — Tíminn leið, og alltaf harðnaði á dalnum. Við svo búið mátti ekki standa.

Um miðjan marz tók núverandi stj. til starfa. Í stefnuyfirlýsingu stj. segir m. a. svo:

„Það er hv. alþingismönnum og alþjóð kunnugt, að útflutningsframleiðsla landsmanna er nú þannig á vegi stödd vegna verðbólgu innanlands og erfiðleika á sölu íslenzkra afurða erlendis, að alger stöðvun þessarar framleiðslu virðist vera yfirvofandi.

Ríkisstj. er fyrst og fremst mynduð til þess að koma á, eftir því sem unnt er, jafnvægi í viðskipta- og fjármálalífi þjóðarinnar.“

Hinni nýju stjórn og stuðningsflokkum hennar var ljóst, að vegna útflutningsframleiðslunnar og um leið fjármálaástandsins í landinu í heild var óhjákvæmilegt að breyta gengi íslenzkrar krónu til samræmis við gengi gjaldmiðils í helztu viðskiptalöndum okkar. Þetta var gert með lögum um gengisbreytingu, stóreignaskatt, launabreytingar, framleiðslugjöld o. fl. Stjórnarandstæðingar hömuðust strax að þessum ráðstöfunum og hafa síðan af fremsta megni reynt að gera þær tortryggilegar og óvinsælar og torvelda, að þær næðu tilgangi sínum. Sjálfir vissu þeir, að þessar ráðstafanir voru óhjákvæmilegar, og óskuðu í hljóði og einkasamtölum, að þær yrðu gerðar. Framkoma þeirra er því óverjandi og ber vott um, að þeir vita ekki, hvaða skyldur hvíla á stjórnarandstöðu, er skilur hlutverk sitt. Þannig stjórnarandstaða er því óafsakanleg. Hún er eins og framkoma manns, sem segir vísvitandi rangt til vegar.

Engum dettur í hug að halda því fram, að gengisfellingin hafi verið æskileg. Hún var nauðvörn þjóðar, sem var að því komin að gefast upp varðandi atvinnumál og fjármál sín. Hún var ill nauðsyn. Og eins og ill nauðsyn gerir ævinlega, reynir hún á manndóm og þroska þeirra, sem verða að taka á sig auknar byrðar og erfiðleika.

Ég hef í ræðu minni talið rétt að líta til baka, af því að það, sem nú er að gerast, er afleiðing hins liðna og verður að metast með tilliti til þess.

Ef ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar hefðu ekki haft þrek til þess að horfast í augu við staðreyndirnar og gera þær ráðstafanir, sem ég nefndi, þótt óvinsælar væru, þá hefði orðið alger stöðvun á útflutningsframleiðslu, enginn getað gert út, ekkert kjöt verið seljanlegt erlendis fyrir framleiðsluverð og fullkomið atvinnuleysi steðjað að. Er það furðulegt og ber vott um ömurlegt ábyrgðarleysi, að þeir, sem telja sig sérstaklega til þess fallna að vera fulltrúar verkalýðs og launafólks, skuli ásaka fyrir þær aðgerðir, sem hafa bjargað frá jafnstórkostlegu atvinnuleysi sem við blasti. Má segja í því sambandi, „að heggur sá, er hlífa skyldi“.

Lítum rólega á hlutina. Allt atvinnu- og fjárhagslíf þjóðarinnar var á glötunarbarmi. En með átaki gengisbreytingarinnar var forðað frá henni. Nýtt líf færðist í framleiðsluna og atvinnurekstur þann, er stendur undir afkomu þjóðarinnar. Þrátt fyrir stórkostlegan aflabrest í sumum ver-

stöðvum hefur meiri heildarútflutningur orðið af sjávarafurðum þetta ár en hið síðastliðna, af því að útgerðin lifnaði við. Sala á hraðfrystum fiski hefur verið meiri og hagkvæmari en áður. Opnazt hafa markaðir fyrir dilkakjöt, svo að vonir standa til, að óhætt sé að auka þá framleiðslu svo sem landskostir framast leyfa. Allar leiðir til sæmilegrar sölu voru lokaðar af hinu ranga gengi íslenzku krónunnar, þegar stj. tók til starfa.

Nú spyr kannske einhver: Hvers vegna var bátaútgerðinni um s. l. áramót gefinn frjáls hálfur sá gjaldeyrir, sem hún aflar? Var það ekki af því, að þeirri útgerð nægði ekki gengislækkunin? Jú, það var einmitt af því. Það var ekki af því, að gengisfellingin væri röng leið, heldur af því, að hún náði of skammt fyrir þennan atvinnuveg, til þess að þeir, sem hann stunda, fengju svipaða aðstöðu til afkomu og aðrir framleiðsluhópar.

Þessar ráðstafanir, sem varð að gera til þess að koma bátaútgerðinni af stað, hafa að sjálfsögðu valdið hærra verði á þeim innflutningi, sem keyptur er fyrir bátagjaldeyrinn. Leitazt var við að velja til innflutnings fyrir þennan gjaldeyri þá vöruflokka, sem frekar er hægt að vera án fyrir almenning, þótt vitanlega væri ekki hægt að greina alveg þar á milli.

Til þessara úrræða var gripið af því, að ekki var annarra kosta völ. Uppbótaleiðin hafði áður reynzt ófæra, og ekki gat þjóðin án þess verið, að bátar sæktu afla á mið. Hins vegar hljóta allir að óska þess, að bátaútgerðinni lánist að vaxa upp úr þörfinni fyrir þessar ívilnanir. Og gæta verða bátaútvegsmenn þess að spenna bogann ekki of hátt í kröfum sínum, því að fáar eða engar ráðstafanir, sem gripa hefur orðið til vegna atvinnuveganna, eru jafnóvinsælar meðal almennings og þessar.

Eitt af því, sem ríkisstj. taldi nauðsynlegt og skylt að beita sér fyrir, var meira frjálsræði í verzlun, en til þess þurfti bætta gjaldeyrisafkomu, aukið fjármagn til innflutnings.

Fyrir aðgerðir ríkisstj. er nú viðskiptaástandið orðið mjög breytt frá því, sem áður var. Áður þurfti gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir öllum innfluttum vörum, en nú er frjáls innflutningur á meira en helmingi af þeim verzlunarvarningi, sem fluttur er til landsins. Nú getur hver sem er flutt inn helztu nauðsynjavörur án þess að þurfa gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir þeim. Þessar frjálsu vörur geta menn nú fengið hjá þeim verzlunum, sem þeir telja sér hagkvæmast að skipta við. Kaupfélagsmenn geta fengið þær hjá sínum eigin fyrirtækjum, kaupfélögunum, og enginn vafi er á því, að vegna þessa frjálsræðis í viðskiptunum geta kaupfélögin nú miklu betur séð fyrir þörfum félagsmanna heldur en áður var, meðan höftin voru á öllum innflutningi og vörukaup félaganna mjög takmörkuð með óeðlilega litlum innflutningsskammti af mörgum vörum. Og þeir, sem vilja verzla við kaupmannaverzlanir, geta líka fengið þessar vörur hjá þeim. Menn geta nú yfirleitt fengið þessar vörur á þeim verzlunarstöðum, þar sem þeim er auðveldast að hafa verzlunarviðskipti, í stað þess að áður þurfti fólk oft að leita eftir kaupum á nauðsynjum í fjarlægum landshlutum.

Þegar höftin voru leyst og innflutningurinn gefinn frjáls, var í samræmi við þá ráðstöfun afnumið verðlagseftirlit á frílistavörum. Síðar kom í ljós, að sumir heildsalar misnotuðu aðstöðu sína og lögðu óheyrilega mikið á einstakar vörutegundir. Þetta gat sérstaklega gerzt fyrst í stað, á meðan framboð var ekki orðið nægilegt á hinum frjálsu vörum og almenningur og smásalar vöruðu sig ekki á okrinu með samanburði.

Harðlega verður að átelja þá menn, sem misnotuðu þannig frelsið, og sýni það sig, að þetta lagist ekki, þá verður að sjálfsögðu að grípa til sterkra aðgerða til þess að fyrirbyggja ósómann.

Höfð er nú gát á, hvað gerist í þessum efnum, og mun almenningur verða látinn fylgjast með því, sem fram kemur við áframhaldandi athugun á þessum hlutum.

Eitt af því, sem ríkisstj. setti sér sem takmark, þegar hún tók til starfa, var, að afgreidd skyldu greiðsluhallalaus fjárlög. Þetta hefur stjórnin staðið við. Áður hafði um skeið verið greiðsluhalli á fjárlögum og ríkissjóður hlaðið á sig skuldum, svo að við algeru öngþveiti lá um fjárhagsafkomu ríkissjóðs. Nú er um verulegan tekjuafgang að ræða, svo að um algera stefnubreytingu er að ræða. Mun fjmrh. nánar skýra frá þessu í umr. hér á eftir.

Eins og alþjóð veit, er nú unnið að meiri og fjárfrekari stórframkvæmdum á vegum ríkisins og vissra bæjarfélaga en nokkru sinni hafa þekkzt áður. Á ég þar við hinar miklu viðbótarvirkjanir við Sog og Laxá, en á báðum þessum stöðum hefur verið unnið af fullum krafti þetta ár. Þá er og að því komið, að byrjað verði á framkvæmdum við að reisa áburðarverksmiðju, — og vonandi heppnast einnig að koma upp sementsverksmiðju hér á landi innan skamms. Þessar risaframkvæmdir, sem nú er starfað að frumkvæði ríkisstj., geta strandað, sé þess ekki örugglega gætt, að fjárhagur ríkissjóðs sé traustur. Þess verður því að gæta nú eins og undanfarin ár, síðan núverandi ríkisstj. kom til skjalanna, að fullkomlega öruggt sé um afkomu ríkissjóðs á næsta ári. En jafnframt og þjóðin öll gleðst yfir þessum framkvæmdum, verðum vér að gera oss grein fyrir því að gæta hófs um ýmsar aðrar fjárfestingar, meðan verið er að ljúka þeim. Sé þessa ekki gætt, má búast við afleiðingum, sem geta orðið hinar afdrifaríkustu og valdið því, að verk þessi stöðvist eða tefjist öllum til tjóns.

Um utanríkismál vor og horfur í alþjóðamálum vil ég taka þetta fram:

Af málflutningi kommúnista bæði utan þings og innan má ráða, að þeir óska eftir, að Ísland sé óvarið með öllu, svo að árásarþjóðir eigi sem auðveldast með að geta hernumið landið án fyrirhafnar. En allir vita, og kommúnistar einnig, að árásarhætta stafar eingöngu frá hinum austrænu einræðisríkjum.

Vér Íslendingar gerðumst meðlimir í félagi Sameinuðu þjóðanna og síðar tókum vér þátt í stofnun Atlantshafsbandalagsins. Vér höfum

með þessum ráðstöfunum tekið á okkar herðar vissar skuldbindingar í þessu þjóðasamstarfi.

Hið síðasta ár hefur leitt í ljós, að einræðisríki geta ávallt fyrirvaralaust hafið árásir á friðsöm ríki algerlega að ástæðulausu. Það var með þessa reynslu að baki, að íslenzka ríkisstj. gerði síðastl. vor samning við Bandaríki N.-Ameríku fyrir hönd Atlantshafsbandalagsins um hervarnir á Íslandi. Efni þessa samnings skal ekki rakið hér, enda hefur hann verið birtur og er því alþjóð kunnur. Hér skal það eitt tekið fram, sem samningurinn ber ótvírætt með sér, að hér verða aðeins herstöðvar í varnarskyni, en alls ekki búnar út til árása. Lýðræðisflokkarnir þrír stóðu einhuga að þessum samningi. En kommúnistar hafa reynt að ófrægja hann og gera sem tortryggilegastan að skipan hinna austrænu húsbænda sinna. Ég tel, að það hefði verið algerlega óforsvaranlegt andvaraleysi af ríkisstj. að láta undir höfuð leggjast að gera slíkar ráðstafanir, eins og þá var ástatt og er enn um sambúð þjóðanna, enda má það öllum ljóst vera, að við verðum að fylgja sömu stefnu í utanríkismálum og hin stóru lýðræðisríki á vesturhveli jarðar.

Tími minn er nú á þrotum. Ég hef ekki farið út í það að svara stjórnarandstöðunni orði til orðs, heldur hef ég svarað með yfirliti um staðreyndir þess, sem var, og þess, sem er.

Ef þjóðin ber réttilega saman, hvert horfði, þegar stj. tók við, og hvar nú er staðið — þrátt fyrir aflabrest víða og illt tíðarfar í sumum landshlutum, — þá er ég ekki hræddur við dóm þjóðarinnar. Slíkur samanburður er hinar réttu forsendur dómsins.

Væntanlega tek ég aftur til máls í þessum umræðum og minnist ef til vill þá á stjórnarandstöðuna nánar og hennar málflutning.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Í fjárlagaræðunni í haust gat ég þess, að allríflegur greiðsluafgangur mundi verða hjá ríkissjóði á þessu ári. Tekjurnar mundu fara verulega fram yfir áætlun. Gjöldin mundu einnig fara verulega fram yfir, einkum vegna hækkandi verðlags og kaupgjalds. Erfitt hefur verið undanfarið að átta sig á því, hver verða muni endanlega niðurstaða á ríkisrekstrinum í ár. Reyndi ég þó að áætla þetta í haust, og áætlaði ég þá, að greiðsluafgangur mundi verða um 50 millj. kr.

Nú er komið yfirlit um viðskipti ríkissjóðs fram að 1. des., og sést nú betur en áður, hvernig horfir.

Tekjur á rekstrarreikningi fram að 1. des. nema 358 millj. kr. Er það áætlun mín, að tekjur á rekstrarreikningi muni losa 400 millj. kr. — verða 405 millj. eða svo. Tekjur á eignahreyfingum sýnast mér ætla að verða álíka og áætlað var. Samkvæmt þessu ættu umframtekjur að verða um 107 millj. kr. á árinu. Eru þetta aðallega umframtekjur af verðtolli og söluskatti, og veldur nokkru um umframtekjur af söluskatti, að innheimtan hefur batnað stórkostlega frá því, sem hún var áður, enda var hún þá að brotna saman.

Sé litið á gjaldahliðina, kemur í ljós, svo sem vitað var og óumflýjanlegt, eins og rás viðburðanna varð á árinu, að umframgreiðslur verða allmiklar, og sýnist mér líklegt, að þær verði ekki undir 55 millj. kr., þegar öll kurl verða komin til grafar.

Til dæmis um umframgreiðslur vil ég geta þess, að vegaviðhald sýnist muni fara fram úr áætlun um 5.5 millj. kr. a. m. k. Kostnaður við fjárskipti fer um 2.9 millj. fram úr, jarðræktarstyrkurinn um 2.3 millj. kr. Halli á ríkisspítölunum verður tæplega 2 millj. kr. hærri en áætlað var, halli á strandferðunum 1.5 millj. kr. hærri en gert var ráð fyrir og kostnaður við landhelgisgæzluna fer meira en 1 millj. kr. fram úr áætlun. Til Tryggingastofnunarinnar hefur stjórnin orðið að ákveða að leggja rúmar 2 millj. kr. meira en gert er ráð fyrir í fjárlögum, þar sem í ljós kemur, að ella verður rekstrarhalli Tryggingastofnunarinnar henni um megn. Launagreiðslur fara stórkostlega fram úr áætlun, eins og nærri má geta, ekki fyrir það, að fólki hafi verið fjölgað, heldur vegna kauphækkana á árinu. Nemur sú hækkun mörgum milljónum.

Á 20. gr. verður umframgreiðsla á framlagi til varðskipsbyggingar og á stofnkostnaði ríkisspítalanna, þar sem hætt var við að taka lán, sem heimilað var í því skyni, en kostnaður greiddur í þess stað af ríkissjóðstekjum. Enn fremur er sjáanlegt, að nokkurt fé festist á árinu í auknu rekstrarfé ýmissa starfsgreina ríkisins, og er ómögulegt hjá því að komast, þegar verðlag er hækkandi.

Þessi dæmi, sem ég hér hef nefnt um umframgreiðslur, geta ekki orðið fullnægjandi skýrsla um það efni, en eru aðeins nefnd til þess að gefa mönnum hugmynd um aðalástæðurnar fyrir því, að ríkisútgjöldin hlutu á þessu ári að fara mjög verulega fram úr áætlun eins og verðlags- og kaupgjaldsþróunin reyndist.

Í fyrra urðu umframgreiðslur nær engar, en nú verulegar. Þó eru umframgreiðslur ekki miklar hlutfallslega við gjaldahæðina nú í samanburði við það, sem oft hefur áður verið.

Reynist þessar áætlanir réttar, ætti greiðsluafgangur á árinu að verða eitthvað yfir 50 milljónir. Þess ber þó að geta, að ekki eru taldar til útgjalda 8 millj. kr., sem ríkissjóður hefur orðið að leggja út á árinu vegna kaupa á 10 togurum frá Bretlandi. Hefur ekki tekizt enn þá að útvega lán í Bretlandi til þess að greiða eftirstöðvar af andvirði togaranna 10, svo sem þó var fyrirhugað.

Það er því augljóst orðið, að afkoma ríkissjóðs á þessu ári verður góð, en hins vegar ekki betri en brýn nauðsyn var á að hún yrði, og vandséð, hvernig ráðið hefði orðið fram úr brýnustu vandamálunum, ef ekki hefði verið jafngætilega gengið frá fjárl. og raun var á.

Ríkissjóður hefur dregizt með miklar lausaskuldir, sem safnað hafði verið áður en breytt var um fjármálastefnu. Námu þessar lausaskuldir á annað hundrað milljónum, þegar núverandi stjórn tók við, og þar að auki hafði togarasamningur verið gerður upp á 90 milljónir, án þess að nokkuð væri fyrir því séð, hvernig 25—30 millj. af því yrðu greiddar. Lækkuðu lausaskuldir þessar dálitið á árinu 1950. Eins og mönnum er

kunnugt, hefur ríkisstj. gert það að tillögu sinni og fengið til þess samþykki Alþingis, að 50 millj. kr. yrði varið úr mótvirðissjóði til þess að greiða upp í þessa skuldafúlgu. Er málið enn í athugun hjá Marshallstofnuninni, en hún verður svo sem kunnugt er að samþykkja ráðstöfun mótvirðissjóðs. Fáist þetta samþykkt, mun vera hægt að grynna mjög verulega á lausaskuldum ríkissjóðs.

Með þessar afkomuhorfur í huga hefur ríkisstj. í samráði við stuðningsflokka sína á Alþingi tekið ákvörðun um að leggja til við Alþingi, að varið verði 30 millj. kr. af greiðsluafgangi þessa árs sem hér segir:

1. Lán til ræktunarsjóðs og byggingarsjóðs 15 millj.
2. Lán til byggingarsjóðs verkamanna, bæjarfélaga, sem byggja samkv. lögum um útrýmingu heilsuspillandi íbúða, og lán til smáíbúða í kaupstöðum og kauptúnum 12 millj.
3. Til iðnaðarlána 3 millj.

Þannig hefur nú þegar verið tekin ákvörðun um að verja 30 millj. kr. af greiðsluafganginum til þessara bráðnauðsynlegu framkvæmda, og verður hægt að bæta úr brýnustu lánaþörfum til þessara bygginga og ræktunarframkvæmda eingöngu vegna þess, að ríkissjóður hefur haft greiðsluafgang á árinu.

Liggi málið þannig fyrir, að hentugra þyki að veita þessi lán úr mótvirðissjóði, en nota í þess stað 30 millj. af greiðsluafganginum til þess að greiða upp í lausaskuldir, þá mundi það verða gert, en engu mundi það breyta í sjálfu sér.

Ádeilur stjórnarandstæðinga á ríkisstj. eru að ýmsu leyti harla nýstárlegar. Venjulega hefur stjórnarandstaðan hér á Alþingi orðið að syngja sönginn um vaxandi skuldasúpu og um stjórn, sem sökkvi dýpra og dýpra í fen skulda og greiðsluvandræða. Nú kveður við annan tón. Nú er því helzt haldið fram stj. til ávirðingar í fjármálum, að afkoma ríkisins sé of góð. Óneitanlega er þetta skemmtileg tilbreyting og sýnir, að út af öllu er hægt að skammast.

Að svo miklu leyti sem heila brú er að finna í gagnrýni stjórnarandstæðinga á fjármálastjórnina, þá virðist þetta vera kjarninn: Að stj. skattpíni menn að óþörfu og hafi svikizt um að afnema söluskattinn, sem lagður hafi verið á til þess að standa undir greiðslu útflutningsuppbóta, enda hafi því verið heitið að afnema hann, þegar gengisbreytingin var gerð. — Að ríkisstj. geri ekkert til þess að spara, og raunar bera stjórnarandstæðingar sér það einnig í munn, þótt hikandi séu, að stj. standi fyrir því að þenja út ríkisbáknið. — Í framhaldi af þessu halda stjórnarandstæðingar því svo fram, að hægt sé að afnema söluskattinn, enda geri það ekki mikið til, þótt nokkur greiðsluhalli yrði á ríkisbúskapnum. Ég mun nú fara nokkrum orðum um þessa gagnrýni.

Söluskatturinn var að vísu lagður á í því skyni að standa undir dýrtíðargreiðslum, en því fór svo fjarri, að sú yrði niðurstaðan í tíð fyrrv. stj., að tugmilljóna halli varð á ríkisbúskapnum þrátt fyrir söluskattinn, og voru því útflutningsuppbæturnar að mjög verulegu leyti greiddar þá með stórfelldri lausaskuldasöfnun í Landsbankanum. Það var alveg augljóst mál veturinn 1950, að ekki var hægt að afnema söluskattinn, ef tryggja átti greiðsluhallalausan ríkisbúskap. Þessu marglýsti ég yfir, undireins og ég tók við starfi því, sem ég nú hef með höndum, og var ekki í því sambandi farið aftan að neinum. Ég mótmæli því þessum ásökunum stjórnarandstæðinga sem algerlega tilhæfulausum. Ríkisstj. hefur ekki farið aftan að neinum í þessu efni og engin loforð svikið, þvert á móti alltaf lagt áherzlu á, að án söluskattsins yrði ekki hægt að reka greiðsluhallalausan ríkisbúskap, og það sama gildir enn, svo sem ég kem að síðar.

Þá er það sú gagnrýni, að reynslan sýni, að hægt hefði verið að lækka skattana.

Tekjur ársins í ár fara mjög verulega fram úr áætlun af tveimur ástæðum. Annars vegar sökum þess, að verðlag erlendis hefur farið mjög hækkandi. Það var ekki vitað, þegar tekjuáætlunin var gerð, að svo mundi fara, en af þessu hefur ekki orðið neinn verulegur hreinn ávinningur fyrir ríkissjóð, sökum þess að einmitt þessar verðhækkanir og kauphækkanir, sem af henni leiddi, hafa aukið ríkisútgjöldin mjög mikið. Á hinn bóginn hafa ríkistekjurnar farið allverulega fram úr áætlun vegna óvenjulega mikils innflutnings. Sú aukning er afleiðing aukaframlags frá greiðslubandalagi Evrópu til þess að standa undir birgðasöfnun. Þessum tekjuauka af birgðasöfnun var ekki hægt að gera ráð fyrir, þegar fjárlögin voru samin, enda engin ráðdeild né neitt vit í því að ætla slíkan tekjuauka til venjulegra eyðsluútgjalda.

Vegna þess, hvernig á þessum málum hefur verið haldið, hefur ríkissjóður nú rétt nokkuð við fjárhag sinn og getur nú varið nokkru fé til stuðnings byggingum og ræktunarframkvæmdum eða til skuldagreiðslu.

Vilja menn ekki gera sér það ómak að hugleiða, hvernig ástandið væri nú í fjármálum ríkisins og í byggingar- og ræktunarmálum, ef farið hefði verið í fyrra að ráðum stjórnarandstæðinga og söluskatturinn afnuminn? Það er nú komið í ljós, að afleiðing þess hefði orðið stórfelldur greiðsluhalli hjá ríkissjóði, þar sem söluskattstekjur nema mörgum milljónatugum meira en greiðsluafgangurinn.

Kem ég að því í lok þessa máls, hver búhnykkur alþýðu þessa lands yrði að greiðsluhallapólitík stjórnarandstæðinga.

Þá eru það ríkisútgjöldin og sparnaðurinn.

Það er nú sér á parti, hversu hlálega það lætur í eyrum kunnugra, að fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna skuli yfirleitt tala um sparnað og um ríkisbáknið í þeim tón, sem þeir gera. Þetta er furðuleg óskammfeilni, þegar þess er gætt, að báðir þessir flokkar hafa ætíð verið fylgjandi öllum vexti í ríkisbákninu, sem teknar hafa verið ákvarðanir um, og þó aldrei fengið því ráðið að þenja ríkisbáknið svo út sem þeir vildu.

Þessir flokkar hafa báðir tekið þátt í ríkisstjórn, og það er víst alveg óhætt að fullyrða, að engir hafa verið óprúttnari en einmitt fulltrúar þessara flokka í öllu því, er lotið hefur

að útþenslu í ríkiskerfinu, né verið fjær því að beita sér fyrir almennum sparnaði, enda er það kunnugt, að þessir flokkar byggja að verulegu leyti stefnu sína á þeirri kröfu, að ríkið hafi miklu meiri afskipti af málefnum landsmanna en nú tíðkast, og því hlýtur vitanlega að fylgja aukning á ríkisbákninu og almennum starfrækslukostnaði ríkisins.

Mér þykir nú rétt að benda á þetta, þótt mér sé ljóst, að það eru ekki fullnægjandi svör við ásökunum stjórnarandstæðinga, þótt sýnt sé fram á ráðdeildarleysi þeirra, enda mun ég gera þessu frekari skil.

Mun ég víkja að þessu nokkru nánar, og kemur þá fyrst til álita:

Hefur núverandi ríkisstjórn gert ráðstafanir til sparnaðar? Til svars þessari spurningu vil ég nefna nokkur dæmi. Núv. ríkisstj. hefur lækkað grunnlaunauppbætur starfsmanna frá því, sem þær voru, lengt starfstíma á flestum opinberum skrifstofum, leitazt við að draga úr eftirvinnu, lagt niður milli 60 og 70 embætti og störf og lagt niður ýmiss konar taprekstur, sem áður var uppi haldið á kostnað ríkisins. Þetta eru nokkur dæmi, en ekki tæmandi upptalning á því, sem gert hefur verið til aukinnar ráðdeildar í ríkisbúskapnum. Beinn sparnaður af þessum og öðrum ráðstöfunum ríkisstj. nemur milli 10 og 20 millj. kr. á ári, en erfitt er að áætla þar um nákvæmlega.

Fróðlegt er að athuga, hvernig stjórnarandstæðingar hafa tekið sumum af þessum ráðstöfunum.

Þegar vinnutími í opinberri starfrækslu var lengdur um hálfa klukkustund á dag, reyndu kommúnistar af öllum mætti að koma því til leiðar, að opinberir starfsmenn gerðu ólöglegt verkfall til þess að mótmæla þessari breytingu, og undir það tóku a. m. k. sumir í Alþfl. Þótt opinberir starfsmenn hefðu þessar ráðagerðir þeirra að engu, þá sýndi þetta glöggt afstöðu núverandi stjórnarandstæðinga í sparnaðarmálum.

En þegar rætt er um sparnað, þá er rétt að minnast á þau mál nokkru nánar, vegna þess að hér er um mikið alvörumál að ræða og margir hafa að vonum þungar áhyggjur af hinum opinberu gjöldum.

Andstæðingar stj. halda því fram núna, að það sé auðvelt að lækka þessi gjöld stórkostlega. Mig langar að spyrja þá í því sambandi nokkurra spurninga, sem þeir hafa áður verið spurðir hér á Alþingi, en gefið lítil svör við, en máske þeir standi sig betur, þegar fleiri heyra til.

Hvað er það, sem þeir vilja spara? Vilja þeir ekki lofa hv. þm. og þjóðinni allri að heyra þetta? Þeir hafa ekki flutt neinar sparnaðartillögur hér á Alþingi. Þótt þeir þykist hafa verið að pukrast með eitthvað þess konar í fjvn., þá hafa þeir ekki komið fram hér á þingi með þess háttar tillögur. Hvað er það, sem á að spara? Hvað er það, sem er svo auðvelt að spara og á að vera svo þungvægt, að straumhvörfum valdi í skattaálögum? Vilja þeir fækka dómurum og lögreglumönnum? Vilja þeir draga úr landhelgisgæzlunni eða fækka mönnum á varðskipunum? Vilja þeir fækka læknum, spítölum eða fækka starfsfólki á spítölunum eða draga úr fæðiskostnaði sjúklinga eða hækka daggjöld á spítölunum? Vilja þeir draga úr styrkjum til berklasjúklinga, eða vilja þeir lækka framlög til þeirra, sem þjást af langvarandi sjúkdómum? Vilja þeir draga úr framlögum til nýrra vega eða til viðhalds vega, framlögum til hafnargerða og vita, framlögum til flugmála og strandferða? Vilja þeir fækka prestum? Vilja þeir loka skólum eða leggja niður skóla? Vilja þeir lögbjóða lengri vinnutíma fyrir kennara og fækka kennurum? Vilja þeir loka söfnunum? Vilja þeir draga úr námsstyrkjunum? Vilja þeir lækka jarðræktarstyrkinn, framlög til Búnaðarbankans, skógræktar og sandgræðslu? Vilja þeir lækka framlög til fjárskiptanna eða hætta við þau í miðju kafi, draga úr framlögum til aflatryggingasjóðs eða til Fiskifélagsins eða til raforkumála? Vilja þeir lækka framlög til Tryggingastofnunar ríkisins, til sjúkrasamlaganna, framlög til bygginga í kaupstöðum og kauptúnum? Vilja þeir láta hætta að greiða eftirlaun eða draga úr eftirlaunum? Vilja þeir láta lækka laun opinberra starfsmanna? Þannig mætti halda áfram að spyrja, og þannig spurði ég hv. 6. landsk., Hannibal Valdimarsson, við 2. umr. fjárl., þegar hann talaði sem fjálglegast um sparnað, en hverju svaraði hann? Hann svaraði, að hann hefði verið spurður um þá liði fjárl., sem sízt mætti lækka. Það ætti að spara á kostnaði við ríkisstj. og utanríkismálin, segja stjórnarandstæðingar. En þegar þess er nú gætt, að liðirnir, sem ekki má spyrja um í sambandi við sparnað, nema meginhlutanum af öllum útgjöldum fjárl., þá fer að verða þrautin þyngri fyrir menn að gera sér grein fyrir því, hvað þeir meina með fjasi sínu um, að auðvelt væri að valda straumhvörfum í fjármálum ríkisins með sparnaði.

Þetta sparnaðartal stjórnarandstæðinga hér hefur ekki mikið gildi. Helzt þá það, að tækifæri gefst til þess að benda mönnum á það einu sinni enn, að eigi að framkvæma lækkun á ríkisútgjöldunum, þannig að verulegu muni eða stefnuhvörfum valdi, þá er það ekki hægt nema með því að gerbreyta um afskipti ríkisins af málefnum landsmanna. Það er ekki mögulegt nema með því að leggja niður margs konar þjónustu, sem menn hafa á undanförnum árum gert kröfur um, að ríkið tæki að sér. Það er sjálfsagt að halda áfram allri viðleitni til sparnaðar, og það þarf sífellt að gera nýjar og nýjar sóknarlotur til þess að reyna að finna leiðir til þess að draga úr þeim beina kostnaði og koma í veg fyrir útþenslu. Það er líka geysilegt verk, sem í því liggur að koma í veg fyrir slíkt. En þess konar ráðstafanir, þótt góðar séu, leysa ekki þennan vanda. Það er ekkert annað en gaspur eitt, að hægt sé með sparnaði á beinum rekstrarkostnaði ríkisins að lækka ríkisútgjöldin þannig, að á því verði byggðar skatta- og tollalækkanir, nema menn eigi þá við stórfellda launalækkun opinberra starfsmanna, en hvernig ætti það að standast að setja þeim laun í algeru ósamræmi við önnur laun í landinu? Það er fullkomið ábyrgðarleysi að halda því fram, að mögulegt sé að halda uppi svipaðri

þjónustu í dóms- og lögreglumálum, kirkju- og kennslumálum, samgöngumálum, tryggingamálum, heilbrigðismálum, málefnum atvinnuveganna, ásamt stórfelldum verklegum framkvæmdum, eins og nú er gert, og lækka um leið verulega skattabyrðina á þjóðinni. Slíkt er ekki framkvæmanlegt.

Ég get ekki stillt mig um að minnast á það í þessu sambandi, hve furðulegt er að heyra og sjá ýmsar samþykktir um þessi málefni, sem gerðar eru. Það er erfitt að sjá, að það geti haft góðan endi, ef hver stétt og hver hópur, sem saman kemur til funda, lætur það verða sitt höfuðverkefni að krefjast framlaga af ríkinu fyrir sig og handa sér og álykta um leið með hörðum orðum gegn skatta- og tollaálögum og heimta á þeim stórfelldar lækkanir. Verði þeim leik haldið áfram mjög almennt og það virt til fjandskapar, ef ekki er hægt að fara eftir slíkum samþykktum, þá geta menn búizt við því, að sá þingmeirihluti verði vandfundinn, sem hefur nógu sterk bein til þess að halda þannig á málefnum landsins, að ekki hljótist stórslys af.

Þannig hlýtur ábyrgðarleysi eins og það, sem fram kemur í tali og tillögum stjórnarandstæðinga hér á Alþingi, að verða til þess að liða þjóðfélagið í sundur, ef menn ekki láta víti þeirra verða sér til varnaðar.

Það þjóðfélag fær ekki staðizt, sem saman er sett af hópum óbilgjarnra manna og þröngsýnna, sem hver um sig krefst friðinda handa sér og sinni stétt, alveg án tillits til annarra, og halda uppi sífelldum mótmælum út í bláinn gegn óhjákvæmilegum opinberum gjöldum án þess að gera nokkra tilraun til að líta á samhengi mála og gefa því gaum, til hvers með sanngirni er hægt að ætlast.

Ég hef nú gefið nokkrar upplýsingar um afkomuna á þessu ári og svarað höfuðárásum stjórnarandstæðinga á fjármálastjórnina. Mun ég að lokum víkja nokkrum orðum að framtíðinni og fjárlagafrv. því, sem nú er verið að afgreiða.

Þegar frv. þetta kom fram, gerði það ráð fyrir um 360 millj. kr. ríkisútgjöldum á næsta ári. Við 2. umr. hefur Alþingi hækkað frv. þannig, að nú gerir það ráð fyrir 370 millj. kr. útgjöldum. Þetta eru miklu hærri útgjöld en á fjárl. þessa árs og hærri tala en útgjöldin verða á þessu ári. Gerði ég ýtarlega grein fyrir því við framsögu fjárl., í hverju hækkunin er fólgin, og ræði það því ekki hér. Þar eru að mestu að verki sömu öfl og þau, sem verða til þess að ríkisútgjöldin í ár fara fram úr áætlun. Þar er ekki um að ræða aukna þenslu í ríkiskerfinu, heldur aukinn kostnað við þá þjónustu, sem áður hefur verið haldið uppi, og margs konar framkvæmdir. Einkum eru þó launahækkanir þungar í skauti, eins og gefur að skilja.

Nú geri ég ráð fyrir, að frv. hækki eitthvað við 3. umr., og er m. a. óhjákvæmilegt að setja inn nokkra fúlgu vegna þess, að fyrirsjáanleg er nú hærri kaupgjaldsvísitala en gert var ráð fyrir, þegar frv. var samið.

Eftir 2. umr. er rúmlega 7 millj. kr. greiðsluhalli á frv. Tekjur eru alls áætlaðar á rekstrarreikningi 357 millj. kr. Þessa tekjuáætlun verður óhjákvæmilega að hækka við 3. umr. frv. allverulega, ef frv. á ekki að verða afgreitt með greiðsluhalla. Þá kemur spurningin: Er óhætt að hækka þessa tekjuáætlun, og hvað sýnir reynslan í ár? Ég sagði í upphafi ræðu minnar, að ég héldi, að rekstrartekjur á þessu ári mundu verða rúmar 400 millj. kr., 405 millj. eða þar í kring. Það eru að vísu lítið eitt hærri tekjur en fjárlagaútgjöldin verða, en hér við er tvennt að athuga sérstaklega. Annað er það, að við getum alls ekki gert ráð fyrir jafnmiklum innflutningi á næsta ári og í ár. Birgðir í verzlununum eru nú verulegar og aukast ekki úr þessu. Verður því innflutningurinn á næsta ári aðeins til þess að mæta neyzlunni. Á hinn bóginn er söluskatturinn í ár nokkru hærri en sem nemur raunverulegum árstekjum af honum, þar sem innheimtan hefur verið bætt á árinu og innheimzt hefur af eldri eftirstöðvum.

Þegar þetta er haft í huga og þess jafnframt gætt, að það er aldrei hægt að framkvæma fjárl. þannig, að ekki verði einhverjar umframgreiðslur, hversu vel sem upp á er passað og hversu vel sem reynt er að sjá fyrir það, sem útgjöldum veldur, þá er það augljóst, að það er teflt á allra tæpasta vað með því að hækka nokkuð tekjuáætlunina frá því, sem hún er í frv. Þetta verður þó að gera, ef ekki á að leggja á nýja skatta eða nýja tolla til þess að mæta gjöldunum. — Niðurstaða mín verður því þessi:

Það verður að fá samtök um að bæta sem allra minnstu af nýjum gjöldum á frv. við 3. umr., helzt engum nema leiðréttingum, því að afgreiðsla fjárl. er í mestu hættu, eins og nú horfir. Við verðum að hækka eitthvað tekjuáætlunina samt sem áður og taka þá áhættu, sem í því felst, heldur en að hækka skatta og tolla, verðum að gera það í trausti þess, að næsta ár verði a. m. k. ekki lakara framleiðsluár en það, sem nú er að líða.

Jafnframt er það nú ljósara en nokkru sinni fyrr í haust, að ríkið þarf á öllum sínum tekjustofnum óskertum að halda, ef afgreiðsla fjárl. á að verða greiðsluhallalaus. Afgreiðsla greiðsluhallalausra fjárl. er hornsteinn þeirrar fjármálastefnu, sem stj. fylgir, og ég mun ekki sjá mér unnt að taka að mér framkvæmd fjárl., ef tekjustofnar ríkisins verða skertir frá því, sem þeir eru nú.

Afstaða stjórnarandstæðinga til fjárlagafrv. er hins vegar sú, að þeir leggja til, að söluskatturinn verði felldur niður, en hann gefur ríkissjóði í ár á milli 80 og 90 millj. kr. tekjur. Enn fremur hafa þeir tekið afstöðu svo að segja undantekningarlaust með öllum hækkunartillögum fjvn., og kommúnistar hafa til viðbótar lagt til við 2. umr., að útgjöldin hækki um 11 milljónir. Þannig leggja stjórnarandstæðingar til, að fjárlögin fyrir næsta ár verði afgreidd með 80—90 millj. kr. greiðsluhalla.

Hver mundi svo verða afleiðingin af greiðsluhallapólitík stjórnarandstæðinga? — Menn högnuðust eitthvað í bili á afnámi söluskattsins — þeir, sem hafa fastar tekjur. En ekki yrði Adam lengi í Paradís. Ríkissjóður kæmist í algert fjárþrot. Það yrði að stöðva verklegar fram-

kvæmdir, og það þýddi stórfellt atvinnuleysi. Mótvirðissjóður frysi inni. Af því leiddi enn frekari stöðvun framkvæmda og enn stórfelldara atvinnuleysi. En það væri hægt að halda öllu í gangi með skuldasöfnun í Landsbankanum, segja kommúnistar. Ég veit ekki, hvort fleiri þora að segja það, en þeir tala þó eins og þeir meini það. En hver yrði afleiðing þess, ef það yrði reynt? Við eigum enga gjaldeyrisvarasjóði til þess að standa á móti hallaútlánum bankanna, og lánsþol bankanna er spennt til þess ýtrasta, þannig að afkoman út á við má ekki tæpara standa. Yrði safnað lausaskuldum á ný til þess að halda uppi opinberum verklegum framkvæmdum í hallarekstri, þá þýddi það stórfelldan lánssamdrátt hjá bönkunum til atvinnuveganna, samdrátt þeirra, hrun og stöðvun fjölda fyrirtækja og gífurlegt atvinnuleysi.

Afstaða þeirra manna, sem nú berjast fyrir því að afnema nauðsynlega tekjustofna ríkissjóðs, eins og nú standa sakir, — með þau falsrök á vörunum, að það sé gert til hagsbóta fyrir alþýðu landsins, — er fjandsamleg hagsmunum alþýðustéttanna til sjávar og sveita og mundi þýða stórfellt atvinnuleysi og örbirgð þeirra, sem ekki hafa föst störf og sitt á þurru. Mundu þeir fastlaunuðu þó ekki lengi græða á þessari pólitík, þótt söluskatturinn yrði afnuminn í bili, þar sem afleiðing hallastefnunnar, hrunstefnunnar, mundi fljótlega segja til sín í nýjum og þungum búsifjum fyrir þá, — eða halda menn, að það mundi ekki segja til sín, áður en langt um liði, í nýjum, margföldum kvöðum, ef stefnt er til stórfellds samdráttar framkvæmda og atvinnuleysis eða til fullkominnar lánasveltu atvinnuveganna, sem einnig þýðir atvinnuleysi, minnkandi framleiðslu, en aukna fátækt?

Það er sama, hvernig á þetta er litið. Aumt er hlutskipti þeirra, sem hafa valið sér hlutskipti hinna ábyrgðarlausu, og verður því verra, sem þessi mál eru meira rædd.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Þegar umræður sem þessar hafa farið fram í sölum Alþingis á undanförnum árum, hef ég allajafna fengið til umráða allan ræðutíma Sjálfstfl. fyrra kvöldið. Er mér vel ljóst, að ég hef oft reynt meir á þolinmæði hv. hlustenda en góðu hófi gegnir. En ég hef ævinlega þótzt hafa mér til afsökunar, að mín skylda væri að gera þjóðinni sæmilega grein fyrir stjórnmálaviðhorfinu frá sjónarhóli Sjálfstfl. séð og að þess væri tæplega kostur í styttra máli.

Að þessu sinni fagna ég því að þurfa ekki að inna þá skyldu af hendi. Veldur þar um, að á nýafstöðnum landsfundi sjálfstæðismanna flutti ég slíka yfirlitsræðu. Rakti ég í þeirri ræðu stjórnmálaviðburði síðustu þriggja ára, skýrði afstöðu Sjálfstfl. til málanna og leitaðist við að opna innsýn í framtíðina. Hefur ræða þessi verið prentuð í víðlesnustu blöðum landsins og auk þess verið svo rækilega auglýst af ýmsum andstæðingum Sjálfstfl., að óhætt mun að treysta því, að flestir, sem á annað borð leggja á sig að lesa svo langar ræður, hafi kynnt sér mál mitt eða muni a. m. k. gera það bráðlega, þegar landsfundarræður umboðsmanna Sjálfstfl. í ríkisstj. koma út sérprentaðar. Ég get þess vegna í öllum aðalatriðum leyft mér að vísa til þessarar ræðu, að því er varðar stærstu drættina í stjórnmálaviðhorfinu.

Hæstv. forsrh. minntist á vandræðabú nýsköpunarstjórnarinnar, eins og hann komst að orði. Á því sé ég, að hæstv. forsrh. hefur fengið snert af hinni svonefndu framsóknarveiki. Ég þarf ekki að taka fram, að ég á ekki við karakúlpestina, heldur kvilla þann, sem kviknaði í vansæld Framsfl., eftir að hann varð utangátta í tíð hinnar stórvirku nýsköpunar. Ég hlæ auðvitað að oflofi kommúnista um nýsköpunarstjórnina og verst illa brosi, þegar Alþfl. eignar sér sérstaklega afrek þeirrar stjórnar. Hitt er svo staðreynd, sem engum tjáir að mæla gegn, að það er einmitt öðru fremur vegna þeirra framkvæmda, sem nýsköpunarstjórnin beitti sér fyrir, að þrátt fyrir óvenjuleg óhöpp síðustu árin hefur þjóðin þó haft í sig og á. Og það get ég sagt hæstv. forsrh., að núverandi stjórn hefði litlu góðu til leiðar getað komið, ef hún hefði ekki átt því láni að fagna að setjast í það, sem hann nefndi vandræðabú nýsköpunarstjórnarinnar.

Ég veit engan betri hómopata til að fást við þennan kvilla, þ. e. a. s. framsóknarveikina, en sjálfan mig og er staðráðinn í að vitja forsætisráðherrans daglega, þangað til hann er orðinn stálhraustur.

Ég vík þá að ræðum hv. stjórnarandstæðinga hér í kvöld.

Börnin fara nú senn að syngja „Heims um ból“, og hv. 5. landsk. þm., Ásmundur Sigurðsson, hóf sinn lofsöng um föður Stalin og vin smáþjóðanna, Sovétfriðarvinina. Úr þessum lofsöng vildi ég hjálpa til að varðveita þessa einu setningu:

„Við sósíalistar erum sakaðir um fylgispekt við Sovétríkin, án þess að hægt sé að benda á nokkurt dæmi þess.“

Ég vissi ekki, að Ásmundur Sigurðsson væri svona fyndinn. Ég óska honum til hamingju. En kannske verður sannleiksgildi þessara orða hans skýrt dálítið áður en þessum umræðum lýkur.

Öllu því, sem hv. 4. þm. Reykv., Haraldur Guðmundsson, sagði til gagnrýni á gengislækkunina, get ég látið þá einu staðreynd svara, að án gengislækkunar og án bátagjaldeyris hefði þurft að leggja 200—250 millj. kr. nýja skatta á þjóðina. Gleggsta sönnun þess, að það var með öllu ógerlegt, er, að hvorki Haraldur Guðmundsson né neinn annar stjórnarandstæðinga hefur stungið upp á tekjustofnum, sem nægja mundu fyrir 1/10 hluta þeirrar fjárhæðar.

Gengislækkunin var því einasta úrræði þeirra, sem stöðva vildu framrás allsherjar atvinnuleysis.

Að öðru leyti get ég að mestu svarað öllum þeim þrem hv. stjórnarandstæðingum, sem hér hafa talað í kvöld, í einu, enda munu þeir, sem hlýtt hafa á umræðurnar í kvöld, hafa veitt því athygli, að þegar umbúðum er svipt af mælgi stjórnarandstæðinga, er það aðallega tvennt, sem eftir verður.

Annað er, að samkvæmt þeirra dómi ber að leggja á ríkissjóð margra milljónatuga aukin

útgjöld, því að margar eru þarfirnar og enn fleiri þó óuppfylltar óskir fólksins. Til þess svo að tryggt sé, að enginn verði skilinn útundan, þannig að jólaglaðningurinn nái ekki aðeins til þeirra, sem njóta eiga góðs af útgjöldum ríkissjóðsins, heldur verði einnig þeirra minnzt, sem borga brúsann, þ. e. a. s. skattþegnanna, leggja stjórnarandstæðingar til, að létt verði af ýmsum óvinsælustu sköttunum, þ. á m. bauð hv. landsk. þm., Hannibal Valdimarsson, að létta af öllum söluskattinum, sem áætlaður er yfir 80 millj. kr., enda kvarta nú margir yfir því, hversu örðugt sé að rísa undir sínum hluta af sameiginlegum kostnaði við rekstur ríkisins og sveitar- og bæjarfélaga.

Jólin fara nú að nálgast. Þá rætast oft frómar óskir barnanna. En stjórnarandstæðingar eru engin börn og ekki þeir einfeldningar, að þeim detti í hug, að hægt sé að lækka skattana svo að um muni, þ. e. a. s. að minnka verulega tekjurnar, en stórauka þó jafnframt útgjöld ríkissjóðs. Þeir vita þess vegna ofur vel, að þess er alls enginn kostur að verða við slíkum kröfum. Kröfurnar eru því ekki bornar fram í þágu fólksins, heldur til þess eins að reyna að ginna fólkið með fagurgala til fylgis við stefnur sósialistaflokkanna, — stefnur, sem hvergi leiða til góðs, en hvergi þó fremur til ills en einmitt á Íslandi. Tel ég óþarft að rökstyðja þá staðhæfingu hér, enda skoðun sjálfstæðismanna á stefnu sósialistaflokkanna öllum löngu kunn.

En stjórnarandstæðingar vita meira varðandi kröfurnar á hendur ríkissjóði en það, að óhugsandi er, að þeim verði fullnægt. Þeir vita líka, að yrði það gert, — yrði fjármálum ríkisins að nýju stýrt inn í greiðsluhallafjárlög, — mundi það óhjákvæmilega fyrr en varir bitna á öllum almenningi. Þeir vita, m. a. af reynslunni, að fjárlög með greiðsluhalla þýða í reyndinni það, að ríkissjóður sölsar undir sig það fé, sem lánsstofnanirnar ella og að eðlilegum hætti mundu lána til framleiðslustarfseminnar eða til annars atvinnurekstrar í landinu. Greiðsluhalli fjárlaga dregur því að sama skapi úr nauðsynlegum lánveitingum til atvinnulífsins, en það leiðir aftur til atvinnuleysis.

Tillögur stjórnarandstæðinga um stóraukin útgjöld og þverrandi tekjur ríkissjóðs mundu því, ef samþykktar yrðu, kalla atvinnuleysi yfir almenning í landinu, auk margvíslegs annars böls, svo sem vöruskorts, verzlunarhafta, svartamarkaðs o. fl., sem hér vinnst ekki tími til að rekja.

Ég ætla því stjórnarandstæðingum, sem yfirleitt eru heiðursmenn, alls ekki svo illt, að þeir mundu sjálfir samþykkja tillögur sínar, ef á þeirra atkvæðum ylti um úrslitin. Hitt er svo allt annað mál, þótt þeir í hallærinu, þegar ádeiluefnin á stj. eru ekki kjarngóð, reyni að bera þetta sér til munns. Ég held ekki, að þeir fitni af því. Ég held ekki, að stjórnmálaflokkarnir auki fylgi sitt með slíkum alvörulausum tylliboðum og gyllingum. Það er svo alveg út í bláinn að ætla sér að rökstyðja kröfurnar á hendur ríkissjóði með fjárhagsafkomunni í ár. Tekjuafgangurinn verður að sönnu án efa mikill í ár, þótt sögusagnir andstæðinga um það séu því miður mjög orðum auknar, eins og hæstv. fjmrh. var að enda við að útskýra. En hvort tveggja er, að útgjöld ríkissjóðs verða miklu hærri að ári en í ár, sem hitt, að hinar óvenjumiklu tekjur ríkissjóðs í ár stafa af því sérstaka fyrirbrigði, að eftir 20 ára höft og bönn var verulegur hluti verzlunarinnar gefinn frjáls og Íslendingum gert kleift að bæta úr óvenjulegri vöruþurrð og safna hæfilegum birgðum af ýmsum vörum.

Þetta mun — eðli málsins samkvæmt — auðvitað ekki endurtaka sig. Af því leiðir, að ekki er fært að áætla tekjur ríkissjóðs á næsta ári út frá reynslu þessa eina árs, sem svo sérstaklega stendur á um.

Mér er auðvitað ljóst, að hækkandi verðlag íslenzkrar útflutningsvöru og þar af leiðandi vaxandi þjóðartekjur mun færa ríkissjóði nokkurn tekjuauka. En þess er þá líka þörf, miðað við útgjöld fjárlaganna, eins og vitað er að þau muni verða, þegar þingið hefur gengið endanlega frá þeim. Hið eina, sem fært gæti ríkissjóði stórauknar tekjur, er, ef síldveiðin yrði góð, en á því er engin skynsemi að byggja eftir 7 ára aflabrest og jafnmikið sem í húfi er, ef út af bregður og að nýju skapast hallarekstur hjá ríkinu.

Er þetta allt svo ljóst og auðskilið, að ekki aðeins hv. alþingismenn, heldur og allir, sem með stjórnmálum fylgjast, vita það og skilja. Ég legg því hvorki á sjálfan mig né aðra að fara um það fleiri orðum.

Ég snýr mér þá að hinu sakarefninu í ræðum hv. stjórnarandstæðinga hér í kvöld og raunar öll kvöld og alla daga og sennilega líka allar nætur, — því að slíka menn dreymir væntanlega illa, — en það er, að stj. sé kaldrifjuð afturhaldsstjórn, sem láti sig hag almennings engu varða, leyfi heildsölum að hækka tekjur sínar skefja- og blygðunarlaust, eins og hv. 4. þm. Reykv., Haraldur Guðmundsson, sagði, og eigi sér þá „hugsjón“ æðsta „að auka gróða fámennrar klíku sem mest á kostnað almennings“, eins og einn stjórnarandstæðinga nýverið komst að orði. Sé „ríkisstjórn okurs og atvinnuleysis“, eins og Hannibal Valdimarsson orðaði það. Til þess að sanna þessa staðhæfingu vitna þeir í alkunna skýrslu verðlagsstjóra um óhóflega álagningu fárra manna á vissar vörutegundir, tefla fram mjög mörgum tölum, sem sýna ófagrar myndir af okri, og draga síðan af þeim ályktanir. Hefur þetta, svo sem alkunnugt er, verið gert undanfarnar vikur í blöðum stjórnarandstæðinga og auk þess nær daglega í sölum Alþingis.

Á þessu er þó sá ljóður, að nær allar þessar tölur, sem á er byggt, eru rangar eða villandi og ályktanir þær, sem af þeim eru dregnar, þar af leiðandi allar vitlausar.

Rangfærslurnar felast í því, að enda þótt sú skýrsla, sem byggt er á, nái aðeins yfir 2% af heildarinnflutningi fyrir hinn svonefnda bátagjaldeyri, eru þessi 2% notuð sem mælikvarði á þau 98%, sem enginn veit neitt um. Út af fyrir sig er alltaf hæpið að byggja heildarniðurstöðu á svo litlu sýnishorni. En við það bætist, að eins og mál þetta liggur fyrir, vita stjórnarand-

stæðingar beinlínis, að niðurstaðan er algerlega villandi. Veldur þar um það tvennt, að sá, sem nær í fyrsta fimmtugasta hluta bátagjaldeyrisins og flytur inn fyrir hann vörur, sem ýmist hafa verið ófáanlegar árum saman eða aðeins fengizt á svörtum markaði fyrir okurverð, getur auðvitað lagt miklu meira á þetta litla vörumagn en nokkrum heilvita manni dettur í hug, að hægt sé að leggja á þær vörur, sem keyptar hafa verið eða verða fyrir hina 4‰ hluta bátagjaldeyrisins. Þegar af þessum ástæðum er myndin algerlega fölsk. Við þetta bætist svo, að í þetta litla vörumagn, sem skýrsla verðlagsstjóra fjallar um, eru valdar einmitt þær vörurnar, sem bezt eru fallnar til óhóflegrar álagningar. Í þessu liggur meginhugsunarvilla stjórnarandstæðinga, og þessi litla skekkja veldur því, að tölurnar eru ekki allar réttar, heldur nær allar alveg út í hött og ályktanir, sem af þeim eru dregnar, þar af leiðandi helber vitleysa. — Um þessa hlið málsins þarf ekki frekar að ræða.

En hver er svo tilgangurinn með þessari málfærslu? Hann getur ekki verið eingöngu sá að sverta stj. Um kommúnistana er þó óþarft að spyrja. Það er fastur þáttur í baráttu þeirra fyrir að skapa glundroða að sverta sérhverja stjórn, sem þeir sitja ekki í sjálfir. En fyrir Alþfl. hlýtur að vaka eitthvað annað og meira.

Sjálfur segist Alþfl. vera að berjast fyrir verðlagseftirliti. En það er a. m. k. harla ólíklegt, að það eitt vaki fyrir honum. Alþfl. veit, að enda þótt tölur og ályktanir hans séu allar tóm vitleysa, þá hefur þó vitavert okur átt sér stað, okur, sem hann fyrirgefur, en stj. fordæmir. En honum er líka ljóst, að eftir nær 20 ára höft og bönn nær frelsið ekki að njóta sín á fyrstu vikunum, og hann veit, að fleiri þekkja þá staðreynd en hann einn. Honum sem öðrum er vel ljóst, að ef á annað borð er fyrir því séð, að nægar vörur séu á boðstólum, er okrið úr sögunni. Geri almenningur þá skyldu sína að sjá eigin hag borgið með því að kaupa þarfir sínar þar, sem þær eru ódýrastar eftir gæðum, þá mun okrarinn fljótlega merjast milli dómgreindar kaupandans og vöruverðs hins hyggna og dugmikla kaupsýslumanns, sem að sönnu vill græða mikið, en með þeim skynsamlega hætti að selja margar einingar, en græða hóflega á hverri einstakri.

Alþfl. þekkir þessar staðreyndir, og veit því, að það er a. m. k. mjög ólíklegt, að hann fái komið á að nýju hinu stóra skrifstofubákni verðlagseftirlitsins — sem sumir nefndu framfærslusveit Alþýðuflokksins — nema þá sem lið í öðrum og stærri sigri. Út af fyrir sig er því ástæða til að ætla, að það, sem eftir er sótzt, sé í raun og veru að koma á að nýju hafta- og bannakerfinu. Þessar líkur verða framt að því að vissu í ljósi þeirra ummæla formanns Alþfl., sem birt voru í Alþýðublaðinu 25. sept. s. l.: „Alþýðuflokkurinn krefst skipulagsbundins innflutnings."

Þetta er vafalítið sannleikurinn, þótt hann sé ótrúlegur. En Alþfl. veit vel, að þjóðin er búin að fá nóg af skefjalausum höftum og bönnum. Flokkurinn hlýtur að þekkja andúð, já, óbeit manna á skrifinnskunni, tímaeyðslunni, sérréttindunum og rangsleitninni og spillingu haftanna og mundi auk þess skilja, hversu þungar búsifjar vöruskorturinn, svarti markaðurinn og okrið hafa reynzt fólkinu, ef oftrúin á höftin vörnuðu honum ekki að njóta vitsmuna sinna.

Alþfl. skilur, að tilgangslaust er að bjóða þjóðinni að skipta á frelsinu, þótt enn sé það of þröngt, og þessum gömlu vofum. Hann reynir því ekki að ná markinu í einum áfanga. Með því að ýkja og margfalda þá byrjunarörðugleika, sem frelsið átti við að etja, reynir Alþfl. að koma járnunum á annan fótinn í þeirri von, að þá reynist hægara síðar að loka þeim. Þessi hlýtur tilgangur Alþfl. að vera, m. a. vegna þess, að annars væri þetta staðreyndabrengl alveg út í hött.

Í sambandi við hallmæli ræðumanna Alþfl. um ríkisstj. út af þessum málum minni ég á, að nýverið hefur Alþfl. gerzt trúboði allnýstárlegs siðferðis. Fyrir skömmu hefur einn af þingmönnum flokksins látið hafa eftir sér þessi ummæli:

„Það er í sjálfu sér ekki hægt að áfellast kaupmenn og kaupfélög, þótt þau hækki álagningu sína, þegar ríkisvaldið segir þeim beinlínis, að þeir megi hafa hana eins háa og þeim sýnist, og hvetur þá til að selja vöruna á því verði, sem markaðurinn þolir. Það er ríkisstj. öllu fremur en kaupsýslustéttin, sem ber höfuðábyrgð á því hneyksli, sem hér hefur átt sér stað."

Hér hefur okrurunum svei mér bætzt góður liðsmaður. Okrararnir hafa svo sem ekki mikið til saka unnið. Ó, nei, „það er ríkisstj. öllu fremur".

Þetta siðferði þarfnast ekki skýringar. En mætti ég leyfa mér að spyrja þennan heiðursforseta okraranna: Væri það ekki dæmafár ódrengskapur, ef ríkisstjórnin, sem „hvetur okrarana til að selja vöruna á því verði, sem markaðurinn þolir", svo að ummæli hans séu orðrétt höfð eftir, færi svo að birta nöfn þeirra þeim til hirtingar og öðrum til viðvörunar?

Ég er hræddur um, að krafa Alþfl. um að birta nöfn okraranna verði varla tekin eins hátíðlega, þegar menn átta sig á þessu.

Ég hef þá sannað, að ófyrirleitnar árásir á ríkisstj. af þessu tilefni eru ekki á rökum reistar og að allur málflutningur stjórnarandstæðinga er mjög óvandaður.

Vil ég nú víkja fáum orðum að höfuðsakarefninu, að stj. sé kaldrifjuð afturhaldsstjórn, sem láti sig hag almennings engu varða.

Við skulum athuga málið frá dálítið hærri sjónarhól en hundaþúfu lágkúrulegasta dægurþrasins.

Ekki dettur mér í hug að staðhæfa, að ekki megi með réttu sakfella stj. fyrir yfirsjónir og vanrækslu. Án efa hefur stj. margar slíkar syndir á samvizkunni og er að því leyti svipuð flestum öðrum stjórnum, sem setið hafa í þessu landi. En réttur dómur verður ekki kveðinn upp *yfir stj., nema menn séu minnugir þess sannleika*, að fyrir tveimur árum var svo komið högum Íslendinga, að um ekkert var að velja annað en gengislækkun eða geigvænlegt almennt atvinnuleysi. Flokksstjórn Sjálfstfl., sem með völd fór um áramótin 1949—50, taldi sig tilneydda að

leggja til, að freistað yrði að brjótast upp úr svaðinu með gengislækkun. Núverandi stjórn var mynduð til þess að lögfesta þær tillögur og tryggja framkvæmd þeirra. Stj. var vel ljóst, að þessi úrræði voru ekki líkleg til vinsælda. Hún setti það ekki fyrir sig, heldur lagði hún hiklaust til atlögu gegn örðugleikunum. Með samstilltu átaki allra stjórnarliða á Alþingi hafa verið afgreidd greiðsluhallalaus fjárlög síðustu tvö árin, og vænti ég, að svo verði enn á þessu þingi. Fjárfestingin hefur verið takmörkuð við getu þjóðarinnar. Með heilsteyptum samfelldum úrræðum hefur tekizt að stöðva almennan hallarekstur höfuðatvinnuvega þjóðarinnar. Jafnvægi í þjóðarbúskapnum hefur að mestu leyti verið náð, þar eð engin ný dýrtíð hefur myndazt í landinu, sem er af innlendum uppruna, frá því að lokið var þeirri verðhækkun, sem gert var ráð fyrir, þegar gengislögin voru sett.

Miklar horfur eru þess vegna á, að stjórnarstefnan muni vinna sigur í viðureigninni við hið geigvænlega, almenna atvinnuleysi, sem í árslok 1949 beið við hvers manns dyr og ógnaði öryggi og afkomu alls almennings í landinu, ef eigi hefði verið gripið til róttækra úrræða. Gengislækkunin mun þannig ná tilætluðum árangri, ef við berum gæfu til að forðast þær hættur, sem við kunnum orðið skil á, þ. e. a. s. þær kauphækkanir, sem ekki eiga stoð í auknum arði í atvinnurekstrinum og þess vegna hljóta að leiða til nýrrar gengislækkunar. Þessu raskar hvorki sú staðreynd, að margvísleg óvænt óhöpp, svo sem aflabrestur, illt tíðarfar, markaðstöp, óhagstætt verzlunarárferði, auk sjálfskaparvíta, hafa neytt stj. til að grípa til óæskilegra viðbótarráðstafana, svo sem bátagjaldeyrisins svonefnda, né heldur hitt, að gengislækkunin hefur ekki megnað að afstýra atvinnuleysi á öllu landinu á öllum tíma árs. Langvarandi aflabrestur og önnur slík fyrirbrigði íslenzks misæris hafa ævinlega og munu ævinlega valda örðugleikum, sem engin ein ráðstöfun fær við ráðið, heldur verður að mæta þeim hverju sinni og á hverjum stað með þeim úrræðum, sem haldbezt þykja.

Hvorki þeir örðugleikar, sem fólkið í einstökum byggðarlögum á í bili við að etja, né heldur þau vandræði, sem einstakar iðngreinar glíma nú við, m. a. vegna frjáls innflutnings á svipaðri vöru og þær framleiða, megna að skyggja á þá staðreynd, að stjórnarliðar hafa með áræði og festu bægt frá dyrum almennings því allsherjar atvinnuleysi, sem að hefði steðjað, ef ekki hefði á síðustu stundu tekizt að bægja voðanum frá.

Sá stóri sigur, sem unninn hefur verið, er sigur stjórnarliða. Stjórnarandstæðingar hafa þar ekkert til mála lagt annað en illt eitt. Þeir hafa eftir lítilli getu þvælzt fyrir og af fremsta megni reynt að villa almenningi sýn. Sigur stj. er sigur yfir því böli, sem sótti að almenningi í landinu, sigurinn yfir versta fjanda íslenzkrar alþýðu, hinu almenna atvinnuleysi. Sigur stj. er því fyrst og fremst sigur almennings, og sú stj., sem gerir það að sínu meginmáli að bera slíka stefnu fram til sigurs og vílar ekki fyrir sér að taka á sig í því skyni hvers konar örðugleika, þ. á m. þær óvinsældir, sem síðborinn skilningur sumra landsmanna ævinlega fellir á sérhverja röggsama og einbeitta ríkisstjórn, sem ráða þarf fram úr óvenjulegum vandamálum, verðskuldar ekki að heita kaldrifjuð íhaldsstjórn.

En auk sjálfrar stjórnarstefnunnar, sem auðvitað er aðalatriðið, hefur stj. frá öndverðu borið gæfu til að skilja það, sem ég áður gat um, að engin ein ráðstöfun megnar að ráða bót á íslenzku misæri. Þess vegna hefur stj. sýnt skilning og fullan vilja til að aðstoða þá, sem örðugleikarnir öðrum fremur hafa að steðjað.

Stjórnarandstæðingar nefndu í kvöld sérstaklega Siglfirðinga til vitnis um, hversu gersamlega stj. láti sig einu gilda vandræði almennings. Þeir velja að því leyti vel, að hvergi mun misærið hafa sótt fastar að almenningi en einmitt á Siglufirði. Hitt er svo annað mál, hvort sanngjarnt sé að ásaka stj. fyrir að hafa ekki komið í stað síldarinnar, sem eins og kunnugt er hefur brugðizt í 7 ár í röð. 3000 manna bær, reistur á síld og síldarvonum, hlýtur að lenda í þrengingum, þegar svo er ástatt. Um það þarf ekki að ræða. Stjórnarandstæðingar geta því ekki talið vandræði Siglfirðinga sér til framdráttar. Þeim örðugleikum megnar engin stj. að afstýra með öllu á stuttum tíma. Því vandræðaástandi léttir aldrei að fullu, fyrr en síldin kemur eða menn missa alla síldarvon og ráðast því í að byggja þennan bæ upp að nýju og á nýjum atvinnumöguleikum íbúanna.

Sé svo hins vegar um það spurt, hvort stj. hafi reynt að bæta úr neyð Siglfirðinga, býst ég við, að forráðamenn Siglfirðinga muni hiklaust játa því. Með sérstökum ráðstöfunum var Siglfirðingum í vor útvegaður nýsköpunartogari. Eiga þeir því nú tvö ný veiðiskip. Tunnuverksmiðjan á Siglufirði hefur verið efld og rekstur hennar aukinn. Nýverið hét stj. Siglfirðingum ½ millj. kr. beinu framlagi til atvinnubóta upp á væntanlegt samþykki Alþingis. Og nú er í athugun hjá stj., hvort auðið verði með atbeina ríkissjóðs að koma upp nýju frystihúsi á Siglufirði eða leysa þá þörf með öðrum hætti, fyrst og fremst í atvinnubótaskyni. Allt þetta og margt annað hefur stj. gert til þess að létta raunir Siglfirðinga. Hygg ég, að bæjarstjóri og ráðamenn Siglfirðinga muni fúsir votta, að í sínum löngu þrengingum hafa þeir hvergi átt betra athvarf en einmitt hjá núverandi ríkisstj. Stjórnarandstæðingar eru því, þegar málin eru krufin til mergjar, seinheppnir í valinu. En kannske réttir Alþfl. hlut sinn með því að fræða hv. hlustendur á því, hvað það var, sem „fyrsta stjórn Alþýðuflokksins á Íslandi“ gerði fyrir Siglfirðinga. Þeir voru líka í vandræðum á hennar dögum. — Hafi sú stj. ekki gert meira en núverandi stj., hafi hún kannske gert miklu minna en núverandi stj., þá er hætt við, að staðhæfingar Alþfl. um, að núverandi stj. láti sig vandræði almennings engu skipta, — staðhæfingar, sem fyrst og fremst eru rökstuddar með framkomu stj. gagnvart Siglfirðingum, — verði taldar fleipur eitt. Hv. hlustendur munu nú bíða upplýsinga ræðumanna Alþfl. um þetta. Á þeim m. a. mun dómur hlustenda um stj. og stjórnarandstöðuna velta.

En stjórnarandstæðingar munu ekki missa Siglfirðinga eina úr hópi vitna sinna gegn stj. Flestir eða allir, sem örðugast eiga, munu vitna með stj., en gegn stjórnarandstæðingum. Það munu þeir gera, sem með sérstökum stjórnarráðstöfunum fengu 3 af nýjustu nýsköpunartogurunum. Það munu þeir gera, sem nú hafa fengið 3 eða 4 af eldri togurunum fyrir atbeina ríkisstj. Það munu þeir mörgu gera, sem fengið hafa fjárhagslega aðstoð og margvíslega fyrirgreiðslu til byggingar frystihúsa, beinamjölsverksmiðja og annarrar slíkrar nýsköpunar til varnar gegn atvinnuleysinu. Það munu þeir gera, sem mikla atvinnu hafa fengið við virkjun Sogsins og Laxár. Það munu þeir gera, sem atvinnu hljóta við byggingu áburðarverksmiðju. Það munu allir hinir mörgu gera, sem beint og óbeint munu fá lífsframfæri sitt vegna þessara stórvirkja, eftir að byggingu þeirra er lokið. Það munu þeir gera, sem fyrir atbeina ríkisstj. hafa við setuliðsvinnu fengið nokkra bót á sárri atvinnuþörf. Það munu bændur á óþurrkasvæðinu gera, og það munu þau hundruð eða þúsundir manna gera, sem nú fá atvinnu vegna þess, að samningar tókust milli frystihúsaeigenda og togaraeigenda um vinnslu afla togaranna hérlendis, en að því stuðluðu auk aðila Landsbanki Íslands, borgarstjórinn og bæjarstjórnarmeirihluti Rvíkur og ríkisstj.

Það munu margir vitna með stj. í þessum efnum, en fáir með stjórnarandstöðunni, og því fleiri með stj. og því færri með stjórnarandstöðunni, sem málin verða betur upplýst.

Sannleikurinn er líka sá, að frá öndverðu hefur öll barátta stj. beinzt gegn höfuðóvini almennings í landinu. Og sá einbeitti vilji til að sigra á þeim vígvelli, sem öll barátta stjórnarliðsins lýsir, kveður með öllu niður sleggjudóma stjórnarandstæðinga um stj. En það verð ég að segja, að furðu djarft er, að Alþfl., sem stjórnarforustuna hafði meðan óvinurinn stöðugt nálgaðist og aldrei hefur haft manndóm til að slíta sig úr tagli kommúnistanna, þegar þeir ryðja fjanda þeim götuna að dyrum almennings í landinu, — að hann skuli nú telja sig þess umkominn að hefja harðvítugar árásir á þá stj., sem einskis hefur látið ófreistað til þess að stöðva framrás atvinnuleysisins, einvörðungu fyrir það, að fyrst í stað hefur stj. orðið að leggja mesta áherzlu á varnarsigra gegn þessum fjanda og þess vegna ekki megnað að snúa orku sinni svo sem æskilegt væri að öðrum verkefnum. Hefur stj. þó haft með höndum stórvirkar framkvæmdir, og þó að satt sé, að Íslendingum hefur borizt mikið gjafafé síðustu tvö árin, svo mikið, að það virðist hafa sært þjóðerniskennd sumra Alþýðuflokksmanna, þá er það fé þó hvorki meira né óþjóðlegra en gjafirnar, sem „fyrsta stjórn Alþýðuflokksins á Íslandi“ þáði og þótti gómsætar, sællar minningar.

Ég hef í þessari stuttu ræðu tekið til rannsóknar höfuðákærur stjórnarandstæðinga hér í kvöld á hendur ríkisstj. Vænti ég, að hv. hlustendum sé fullkomlega ljóst, að ekki er auðleikið að stórauka útgjöld ríkissjóðsins, en lækka þó jafnframt tekjur hans, svo að um muni, sem og það, að sakargiftirnar á hendur stj. út af því, að hún haldi verndarhendi yfir okri eða óheiðarlegri fjársöfnun í einhverri mynd, eru ekkert nema staðlausir stafir. Og enn treysti ég því, að sanngjarnir menn viðurkenni, að ríkisstj. hefur sýnt áhuga og atorku í baráttunni gegn því almenna atvinnuleysi, sem yfir vofði og án alls efa hefði skollið á, ef stjórnarliðum hefði ekki tekizt að bægja því frá með algerri stefnubreytingu og róttækum aðgerðum á sviði efnahagsmála þjóðarinnar.

Jón Sigurðsson: Herra forseti. Þótt ég að þessu sinni gerist þátttakandi í eldhúsdagsumræðum, þá er það ekki í þeim tilgangi að takast eldhúsverk á hendur eða deila á núverandi ríkisstj. fyrir aðgerðir hennar. Í þess stað mun ég leitast við að gera örstutta grein fyrir höfuðmarkmiðum okkar sjálfstæðismanna í aðalmálum landbúnaðarins, en verð að fara fljótt yfir sögu.

Við Íslendingar höfum, allt frá því að landið byggðist, verið bændaþjóð, og fyrir rúmum 50 árum bjuggu enn um 90% af Íslendingum í sveitum. Þjóðmenning okkar Íslendinga er því að uppruna og eðli bændamenning og verður því aðeins varðveitt, að uppvaxandi kynslóðir fái notið hollustuáhrifa sveitalífsins, umgengninnar við skepnurnar og gróðurmoldina og allt, er því fylgir. Þótt ekki væri annað, teljum við sjálfstæðismenn, að það að viðhalda okkar gömlu menningu og andlegri og jafnvel líkamlegri hreysti þjóðarinnar væri nægilegt tilefni til að veita landbúnaðinum þann stuðning, er hann á hverjum tíma þarfnast. En jafnhliða þessu hlutverki hefur landbúnaðurinn séð þjóðinni fyrir hollri og kraftmikilli fæðu, fatnaði og gjaldeyrisvörum til útflutnings.

Þetta hefur breytzt á síðari tímum. Sjávarútvegurinn tók smám saman að sér það hlutverk að afla þess, sem út var flutt, og sjá þjóðinni að mestu fyrir þeim gjaldeyri, sem hún þarfnast. Landbúnaðurinn hefur síðustu árin gegnt því hlutverki að sjá þjóðinni fyrir landbúnaðarvörum. Þessi verkaskipting er af framsýnum mönnum ekki talin æskileg og óvarlegt að treysta á, að sjávarútvegurinn geti ávallt séð þjóðinni fyrir öllum þeim gjaldeyri, sem hún þarfnast. En hér er ekki hægt um vik, eins og sakir standa. Landbúnaðurinn er í sárum, ef svo mætti segja. Fjárpestirnar og gífurleg eftirspurn eftir vinnukrafti á stríðsárunum og næstu árum þar á eftir ollu því, að vinnandi fólki fækkaði í sveitunum meira en nokkru sinni áður. Fólksfæðin og fjárpestirnar, samfara þeim ráðstöfunum, sem gerðar eru til að útrýma þeim, hafa valdið því, að framleiðsla landbúnaðarins hefur ekki fullnægt innanlandsþörfinni, og á sama tíma vantar þjóðina gjaldeyrisvörur til útflutnings til að fullnægja gjaldeyrisþörfinni. Það er alkunnugt, að fjárskiptin hafa vakið nýjar vonir hjá bændum og bjartsýni hjá æskulýð sveitanna, sem ekki hefur orðið vart árum saman. Eftirspurnin eftir jörðum er nú meiri en þekkzt hefur um langt skeið, og jarðir, sem komnar eru í eyði, eru nú að byggjast aftur. Allt þetta ber það með sér, að landbúnaðurinn er staddur á tímamótum. Fólkið er tilbúið að

hefjast handa, ef því er veitt sú aðstaða og sá stuðningur, sem því er nauðsynlegur. Þetta tækifæri má ekki láta ónotað. Við sjálfstæðismenn teljum, að þjóðin hafi ekki ráð á því að láta viðáttumikil ræktunarlönd liggja ónotuð, á sama tíma og þjóðina vantar landbúnaðarvörur til eigin nota og gjaldeyrisvörur til sölu á erlendum mörkuðum. Og svo mikið er víst, að Norðmenn telja sér þetta ekki fært. Þeir hafa á undanförnum árum varið stórfé til endurbyggingar Norður-Noregs, eftir að Þjóðverjar lögðu þar allt í eyði, svo að ekki stóð steinn yfir steini. Þó liggur þetta land miklu norðar en Ísland, en hefur þrátt fyrir það sína kosti. Þar eru Hornstrandir Norðmanna, ef svo mætti segja. Hér verðum við einnig að beina orku fólksins að ræktun og endurbyggingu með ákveðin markmið fyrir augum og veita því nauðsynlegan stuðning til þess, að þau náist áður en mjög langir tímar líða. Markmiðið, sem við verðum að setja okkur, er, að landbúnaðurinn fullnægi innanlandsþörfinni fyrir landbúnaðarvörur og leggi auk þess a. m. k. til gjaldeyrisvörur, er nægi til að greiða þann innflutning, sem landbúnaðurinn þarfnast.

Eins og högum okkar er nú háttað, verður þessu marki aðeins náð með aukinni og bættri ræktun á þeim býlum, sem fyrir eru, og svo með fjölgun býla. Landrými höfum við víða nægilegt.

Þegar erlendir bændur koma hingað, t. d. frændur okkar Norðmenn, er ekkert, sem þeir undrast eins mikið, af því, sem fyrir augun ber, eins og þau ógrynni, sem við eigum af ræktanlegu landi. En auk þess eiga mörg héruð viðáttumikil og gróðurrík afréttarlönd til sumarbeitar, sem er þeim eins og gullnáma. Enginn, sem til þekkir, dregur í efa, að skilyrði eru fyrir hendi til að stórauka framleiðsluna á öllum sviðum. Um hitt getur orðið ágreiningur, hvernig bezt verði tekið á þessum málum. Áður en fjárpestirnar bárust hingað, er talið, að hér hafi verið um 740000 sauðfjár. Nú er það röskur helmingur þess, er þá var. Ég hygg ekki óvarlega áætlað, að við getum án þess að ofbjóða landinu fjölgað því aftur upp í 900000 til eina milljón, ef stóðhrossum væri jafnframt fækkað að mun. En þá vaknar spurningin: Getum við selt landbúnaðarvörur til útlanda fyrir það verð, er við þurfum að fá fyrir þær? Þetta hefur oft verið dregið í efa og því verið haldið fram, að íslenzkur landbúnaður sé rekinn á svo frumstæðan hátt, að það — ásamt óbliðu veðráttufari — hljóti að dæma okkur til að framleiða eingöngu fyrir innlendan markað. En reynsla síðustu ára bendir til annars. Við seljum ull og gærur til útlanda fyrir hátt verð. Það eigum við vafalaust mikið að þakka stríðsundirbúningnum. En auk þess seljum við dilkakjöt til Bandaríkjanna fyrir hærra verð en heimilt er að selja það hér á innlendum markaði, og útlit er fyrir, að sá markaður sé allrúmur.

Um aðalmjólkurvörurnar gegnir öðru máli. Þær getum við ekki selt erlendis eins og sakir standa fyrir það verð, er við þurfum að fá fyrir þær. Og þá kemur að því, er við sjálfstæðismenn teljum annað höfuðmarkmið, sem bændastéttin verði að keppa að og er nátengt því fyrra, en það er að þoka framleiðslukostnaðinum ofan í það, sem tíðkast hjá nágrannaþjóðum okkar á sams konar vörum. Þetta verður fyrst og fremst gert með bættri og aukinni ræktun, kynbótum búpenings og aukinni verkkunnáttu og tækni. Það verður án efa þungur róður, áður en bændur ná almennt þessu eftirsóknarverða takmarki, en takist okkur þetta, þurfum við ekki að kvíða framtíðinni. Það er því til mikils að vinna.

Í þessu sambandi kemur mér í hug ritgerð, sem Guðmundur Jónsson skólastjóri á Hvanneyri samdi á stríðsárunum og hlaut fyrir verðlaun frá Búnaðarfélagi Íslands. Í þessari ritgerð gerir hann m. a. samanburð á framleiðslukostnaði nokkurra landbúnaðarvara á árunum rétt fyrir stríðið í nágrannalöndum okkar samkvæmt opinberum skýrslum þeirra og svo framleiðslukostnaði hér á landi samkvæmt niðurstöðu búreikningaskrifstofu landbúnaðarins á sama tíma. Ef ég man rétt, varð útkoman á þá leið, að bezt reknu búin hér á landi gátu framleitt sambærilegar vörur með meðaltalsframleiðslukostnaði nágrannalandanna. Eins og þá stóðu sakir, þurfti því allur þorri bænda að koma búrekstri sínum í það horf, er þá var bezt hér á landi, til þess að takmarkið næðist. Mér vitanlega hefur slíkur samanburður ekki verið gerður á síðustu árum og ræði því ekki frekar um þetta.

Hér hefur verið bent á tvö stefnumið, sem við sjálfstæðismenn teljum, að keppa beri að: að stórauka framleiðsluna og reyna jafnframt að koma búrekstrinum í það horf, að framleiðslukostnaðurinn lækki mjög verulega. En til þess að þetta takist, þarf m. a. að tryggja bændum mikið lánsfé til fjárfestingar. Nægir í því sambandi að benda á, að þegar bændur í nágrannalöndum okkar hefja búskap og setjast á jarðir feðra sinna, þá taka þeir oftast við jörð, sem er fullræktuð, með húsum úr varanlegu efni, sem aðeins þarfnast viðhalds, búpeningi, sem er kynbættur í marga ættliði, og auk þess styðjast þeir við aldagamla verkmenningu og tækni. Berum þetta svo saman við aðstöðu íslenzkra bænda á sama tíma, sem flestir hafa orðið að byggja allt frá grunni.

Við erum nú að vinna þau verk, sem bændur nágrannaþjóða okkar unnu á s. l. öld og hafa lokið að mestu við fyrir löngu að rækta landið og byggja á því varanlegar byggingar. Og þetta þurfum við helzt að gera á einum mannsaldri.

Er það þá nokkur furða, þótt bændur þurfi meðal annars mikið lánsfé auk eigin framlags til þess að koma því í verk, sem hefur tekið bændur annarra þjóða bæði ár og aldir? Og við þessa stéttarbræður okkar, sem í öllu standa á gömlum merg, eigum við þar að auki að keppa með vörur okkar á erlendum mörkuðum. Það er vægast sagt ójöfn aðstaða.

Að því hefur verið vikið, að fólksflóttinn úr sveitunum hafi stöðvazt í bili a. m. k., en það verður aðeins stundarfyrirbæri, ef ekki verður unnið kappsamlega að því að veita æskulýð sveitanna betri skilyrði en verið hefur til að hefja búrekstur í sveitunum. Til þess að landbúnaðurinn geti tryggt sér starfskrafta æskulýðsins og náð því marki í framleiðslu, ræktun

og endurbyggingu sveitanna, sem stefnt er að, teljum við sjálfstæðismenn óhjákvæmilegt, að ríkið leggi fyrst um sinn fram fé til stuðnings landbúnaðinum svo sem gjaldgeta þjóðarinnar og hagur ríkissjóðs leyfir frekast á hverjum tíma. Jafnframt sé landbúnaðinum tryggt það fé til fjárfestingar, sem nauðsyn krefur.

Um stefnu okkar sjálfstæðismanna í landbúnaðarmálum að öðru leyti vísast til ályktana landsfundar flokksins s. l. haust.

Tími minn er á þrotum. En að endingu vil ég segja þetta:

Sjálfstfl. er stærsti flokkur þingsins. Hann á sjö börn í sjó og sjö á landi, sem kallað er. Eins og að líkindum lætur, eiga ekki allir flokksmenn sömu áhugamál. Okkur bændunum eru landbúnaðarmálin öðrum fremur hugstæð. Þeir, sem við sjóinn búa, hafa eðlilega meiri áhuga á öðru, t. d. útgerð og iðnaði. Þetta hefur ekki komið að sök. Það hafa verið eins konar óskráð lög innan þingflokks sjálfstæðismanna, þótt engin samþykkt hafi verið um það gerð, að séu bændafulltrúarnir í Sjálfstfl. á einu máli um afgreiðslu einhvers landbúnaðarmáls á þingi, og það erum við allajafna, þá fylgir yfirleitt flokkurinn því. Það er því undir okkur sjálfum komið, hvernig til tekst, og ekki við aðra að sakast í þeim efnum.

Ég hef þá lokið máli mínu. — Góða nótt.

Umr. frestað.

Á 25. fundi í Sþ., 13. des., var fram haldið 3. umr. um frv. (almennum umr., útvarpsumr.).

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Í umr. hér í gærkvöld talaði fyrstur af hálfu ríkisstj. hæstv. forsrh. Hann hóf mál sitt með umvöndun við stjórnarandstöðuna og sagði, að hún yrði að vera ábyrg og gæta hófs í ádeilum sínum. Hæstv. forsrh. tók svo til við vandaverk sitt að finna ríkisstj. sinni nokkrar málsbætur, ef unnt væri. Þá sagði hann, að menn yrðu að minnast þess, að órofasamband væri á milli þess ástands, sem nú væri við að glíma í þjóðmálum okkar, og þess ástands, sem verið hefði, þegar stjórn hans tók við völdum og einnig þess, sem verið hefði, þegar stjórn Stefáns Jóhanns tók við völdum. Svo kom lýsing hæstv. forsrh. á því ömurlega ástandi, sem var í íslenzkum þjóðmálum, þegar stjórn Stefáns Jóhanns lét af völdum. Lýsing hæstv. forsrh. var eitthvað á þessa leið: Komið var fram á árið 1950 og engin fjárlög afgreidd fyrir það ár, ríkissjóður gersamlega févana, allt flækt í höftum og skömmtunum, almenningur leið af svartamarkaðsokri, enginn gat gert út nokkra fleytu, algert atvinnuleysi blasti við, allt fjárhagslíf þjóðarinnar var á glötunarbarmi. — Þannig var lýsing hæstv. forsrh. á ástandinu, sem við blasti, þegar stjórn hans tók við. Þetta ástand hafði skapazt í tíð þeirrar ríkisstj., sem flokkur hans sjálfs, Framsfl., átti sæti í í 3 ár.

Þau 3 ár, sem Framsókn átti fulltrúa í fyrrverandi ríkisstj., var sú stj. góð. Þá töluðu fulltrúar flokksins af kappi, bæði á þingi og í útvarp, og hældu stj. á hvert reipi. En hvað kemur til, að sú stj., sem áður var góð stj. í ræðum Eysteins Jónssonar og Bjarna Ásgeirssonar, er nú orðin þessi stj., sem nærri var komin með allt þjóðarbú Íslendinga í glötun? Ástæðan er einfaldlega sú, að hin illræmda stjórn Stefáns Jóhanns, íhalds og Framsóknar þarf nú að vera enn þá verri en hún í raun inni var, til þess að núverandi ríkissstj. geti skapað sér þannig samanburð, að frambærileg afsökun geti talizt, þegar verk hennar nú í dag eru tekin til athugunar. — Það eru sannarlega kaldhæðin örlög fyrir Eystein Jónsson og þá aðra, sem voru í fyrrverandi ríkisstj. og eru jafnframt í þessari, að þurfa nú í dag að afsaka stjórnarglöp sín með því, að þeir hafi í fyrrv. stj. gert enn þá meiri afglöp.

Ræða hæstv. fjmrh., Eysteins Jónssonar, hér í útvarpið í gærkvöld var fyrst og fremst afsökun á þeim gífurlegu tolla- og skattaálögum, sem hann manna mest stendur fyrir að leggja á þjóðina. Hann neitar því nú afdráttarlaust að hafa lofað því að létta af söluskattinum við samþykkt gengislækkunarinnar. Slík neitun er haldlaus, því að hvort tveggja er, að í l. um söluskattinn stendur beinlínis, að sá skattur sé á lagður til þess að standast greiðslur vegna fiskábyrgðar ríkissjóðs, einnig eru ótal sannanir fyrir því, að blað hans og yfirleitt allir, sem að gengislækkuninni stóðu, gerðu ráð fyrir að afnema þá skatta, sem beint voru á lagðir vegna fiskábyrgðarinnar, um leið og sú ábyrgð var úr gildi felld. Hæstv. ráðh. viðurkennir, að álögur ríkisins á þegnana séu miklar, en telur þó, að þær séu tæplega nógu miklar eftir útliti á komandi ári.

Þá vék ráðh. að sparnaðarmöguleikum í rekstri ríkisins. Niðurstaða hans varð líka sú, sem reynslan hefur sýnt í stjórnartíð hans: „Ekkert er hægt að spara, — eða hvað á að spara?“ Svo kom fáránleg upptalning á ýmsum fjárveitingum ríkisins. — Hæstv. fjmrh. veit vel, að þenslan á ríkisbákninu hefur verið jöfn og stígandi í mörg undanfarin ár. Hann veit, að hann sjálfur og þeir, sem stjórnarstólana hafa fyllt, hafa ekkert viljað á sig leggja til þess að stöðva þennan vöxt í ríkisbákninu. Ég skal nefna örfá dæmi til sönnunar þessu. Árið 1949 var kostnaður við ríkisstj. 5.4 millj. samkv. fjárl., en er áætlaður 10.8 millj. 1952. Hækkunin er 100%. — Árið 1949 var kostnaður við dómgæzlu og lögreglustjórn áætlaður 11.7 millj., en 1952 21.8 millj. — Á sama tíma hækka framlög til hafnarmála um 18% og til vegamála um 30%.

Það er hægt að spara í rekstri ríkisins á fleiri vegu en lækka laun starfsmannanna. Það er sannarlega hægt að fækka óþörfum embættum og minnka starfslið í stað þess að auka það frá ári til árs.

Þá kom hæstv. fjmrh. að sínu aðalmáli, sem er tekjuafgangur ríkissjóðs. Hann taldi, að þessi ríflegi tekjuafgangur væri beinlínis undirstaðan að gengi atvinnulífsins. „Það, að ríkissjóður hefur tekjuafgang, eykur á lánveitingar til atvinnuveganna“, segir hæstv. ráðh., „því að með því er ekki hætta á, að ríkissjóður dragi til sín fé bankanna, sem aftur geta þess í stað veitt framleiðslunni þeim mun ríflegri lán.“ „Hallalaus búskapur kemur í veg fyrir lánasvelti at-

vinnuveganna", sagði hæstv. ráðh. Hvaðan kemur sá fjmrh., sem svona talar? Þekkir hann ekki það lánasvelti, svo að notuð séu hans eigin orð, sem atvinnuvegirnir þjást af nú í dag og þjást af meira nú í dag en nokkru sinni áður? Heldur hann, að það sé ráð við fjárþörf atvinnuveganna að láta ríkissjóð rífa í sig 100 millj. kr. meira á einu ári en venjulega af atvinnuvegunum og landsmönnum, að slíkt sé leið til þess að bæta úr fjárþörf atvinnuveganna? Það kann sannarlega ekki góðri lukku að stýra, ef fjmrh. landsins er þeirrar trúar, að auknir skattar og tollar, að síauknar ríkisálögur á atvinnuvegina og landsmenn séu atvinnuvegunum til framdráttar. Nei, skattpíning ríkisvaldsins, fyrst og fremst gegnum söluskatt og tolla, miðar nú stórkostlega að því að draga mátt úr atvinnulífinu og hækka verðlagið í landinu gífurlega og torveldar reksturinn.

Þá talaði formaður Sjálfstfl. og vísaði til landsfundarræðu sinnar. Hann taldi, að gengislækkunin hefði náð tilgangi sínum. „Hallarekstur í atvinnulífinu hefur verið stöðvaður, og engin ný verðhækkun hefur myndazt innanlands síðan genginu var breytt", sagði atvmrh. En aðalsigur ríkisstj. kvað hann þó vera, að hún hefði bægt frá dyrum almennings allsherjar atvinnuleysi. Heldur skýtur þetta nú skökku við það, sem staðreyndirnar segja, eða hvaðan hefur formaður Sjálfstfl. þær upplýsingar, að hallareksturinn í atvinnulífinu hafi verið stöðvaður eftir gengisbreytinguna? Eru þær upplýsingar kannske frá iðnaðinum í Rvík, sem nú hrynur blátt áfram niður, eða eru upplýsingarnar frá Landssambandi útvegsmanna, sem nýlega hefur reiknað út, að nú sé stórkostlegra tap á meðalfiskibát á vetrarvertíð en nokkru sinni áður, þó að reiknað sé með þeim gjaldeyrisfríðindum áfram, sem voru á þessu ári? Nei, upplýsingar atvmrh. eru eitthvað litaðar í þessu efni. Svipað er að segja um þá furðulegu staðhæfingu, að engin ný verðhækkun hafi myndazt innanlands síðan gengisbreytingin var gerð, eða eins og sagt er: Engin ný verðbólgumyndun, sem er af innlendum ástæðum, hefur átt sér stað síðan. — Þetta er undraverð fullyrðing. Hver verðhækkunin — líka bein innlend verðhækkun — hefur rekið aðra síðan genginu var breytt, og samkvæmt hinni nýju vísitölu hefur verðlagið hækkað um hvorki meira né minna en 51%.

Svo rekur þó furðulegasta fullyrðingin lestina. Hæstv. ráðh. sagði: „Ríkisstj. hefur bægt frá dyrum almennings allsherjar atvinnuleysi." Þetta hljómar napurlega í eyrum þess fólks, sem nú í hundraðatali hefur misst atvinnu sína, og þess fólks, sem barizt hefur við atvinnuleysi undanfarna mánuði. Menn minnast þess, að þegar núverandi ríkisstj. tók við, var ekki verulegt atvinnuleysi, en nú er ástandið ólíkt eða margfalt verra, en samt hælir stjórnin sér af því að hafa sigrazt á mesta bölinu, hinu almenna atvinnuleysi, eins og hæstv. atvmrh. sagði. Hvílíkt háð! Hvílík fjarstæða! Það er augljóst á ræðum ráðh., að ríkisstj. er ánægð með gerðir sínar og telur allt miða í rétta átt í atvinnu- og fjárhagsmálum þjóðarinnar.

Staðreyndirnar eru þessum fullyrðingum heldur óþægilegar. Rifjum upp í örfáum atriðum nokkrar helztu staðreyndirnar úr atvinnu- og fjárhagslífi þjóðarinnar eins og þær blasa við hvers manns sjónum í dag. Fjárskortur atvinnuveganna hefur aldrei verið meiri en nú í dag. Blátt áfram öll fyrirtæki, ung og gömul, kvarta undan fjárþröng. Lánsfjárskorturinn hefur beinlínis lokað mörgum fyrirtækjum og önnur verða að draga saman rekstur sinn vegna fjárskorts. Lánsfjárkreppan magnast með hverri viku. Þetta vita allir, sem nokkuð koma nærri atvinnurekstrinum. Svo kemur hæstv. ríkisstj. og segir, að jafnvægið í atvinnulífinu sé að nást og að skattaálögur hennar örvi lánamöguleika bankanna. Atvinnuleysið fer ört vaxandi. Í verksmiðjuiðnaði hér í borginni unnu 1200 manns í byrjun þessa árs. Í árslok verða þeir 500. — Samkvæmt nýjum skýrslum stéttarfélaganna í Reykjavík eru nú taldir atvinnulausir eða hafa fengið uppsögn á atvinnu sinni um 1200 manns. Iðnaðurinn hrynur beinlínis niður. — Úti um land er atvinnuástandið þó enn verra. Hæstv. ríkisstj. hefði haft gott af því að heimsækja nokkur þorp og kaupstaði úti á landi. Þar er víðast hvar hið sárasta atvinnuleysi. Þar hafa flestir vinnufærir menn lítið sem ekkert haft að gera í allt haust. — Er þetta jafnvægið í atvinnumálunum, sem ríkisstj. segir að óðum sé að koma?

Nei, hið sanna er, að ástandið í atvinnumálunum fer ört versnandi, og er nú svo komið, að víða verða bæjar- og sveitarfélög að leita til ríkisvaldsins með bráðabirgðafyrirgreiðslu vegna gífurlegs framfærsluþunga. Þetta veit ríkisstj. Bæjarfélögin sækja nú fast á að fá hluta söluskattsins. Í sambandi við þessa fjárbeiðni bæjarfélaganna er nú stríð mikið á stjórnarheimilinu. Framsóknarráðh. hóta að segja af sér, ef nokkuð af söluskattinum verður látið renna til bæjarfélaganna. Rétt er að spyrja þann fulltrúa íhaldsins, sem hér talar á eftir: Ætlar íhaldið að glúpna undan hótunum Framsóknar í þessu máli? — Já — eða nei.

Þannig er ástandið í dag: Atvinnutækin eru að stöðvast. Lánsfjárkreppan dregur úr framleiðslunni. Verzlunin er gróðalind braskara. Atvinnuleysið magnast. Dýrtíðin fer sívaxandi. Sú vísitala, sem stjórnarflokkarnir tóku við í ársbyrjun 1949, 310 stig, er nú í um 600 stigum. Ríkisálögur í formi tolla og söluskatts vaxa stöðugt.

En hvernig víkur þessu við? Er virkilega þörf á því, að ástandið í atvinnumálum Íslendinga sé svona báglegt? Hvað veldur? Íslendingar eiga mikil og góð framleiðslutæki. Enginn flokkur kvartar undan því, að atvinnutæki vanti. Og þjóðin var svo lánsöm að eignast öll þessi tæki án skuldasöfnunar erlendis. Hún eignaðist þau fyrir þann gróða, sem henni áskotnaðist á stríðsárunum. Atvinnutækin eru til, og fólkið, sem við tækin á að vinna, er einnig til og vantar atvinnu. Á hverju stendur þá? Geta þessi tæki ekki framleitt nóg fyrir þjóðina? Eða eru vandkvæði á að koma framleiðslu þeirra í verðmæti?

Þrátt fyrir aflabrest á síldveiðum og heldur lélegan afla á nokkrum stöðum á landinu á

öðrum veiðum er augljóst, að framleiðslutæki okkar geta framleitt yfrið nóg fyrir batnandi lífsafkomu allrar þjóðarinnar. Og markaðir fyrir sjávarvörur okkar eru nægir og góðir. Í ár hefðum við getað selt meira magn af öllum tegundum sjávarafurða okkar en við gerum. Við höfum beinlínis ekki átt nægan saltfisk til upp í sölur, sem til boða stóðu. Sama er að segja um frysta fiskinn. Og það sama gildir um allar tegundir sjávarafla. Markaðirnir eru til, og verðlagið hefur yfirleitt verið hækkandi í ár.

En á hverju stendur þá? Tækin eru til, fólkið bíður eftir atvinnu, og markaðirnir vilja meiri framleiðslu.

Við höfum rekið atvinnutæki okkar illa vegna rangrar fjármálastefnu og illrar stjórnar í landinu. Ég skal nefna dæmi: Á hverju ári hefur bátaflotinn tapað 1—2 mánuðum framan af vetrarvertíð vegna seinagangs hjá ríkisstj. um aðkallandi ráðstafanir vegna rekstrarins. Með þessu höfum við tapað tugum milljóna í framleiðslu. Mikill hluti bátaflotans hættir rekstri, þegar komið er heim af síldveiðum á haustin. Orsökin er sú, að engin fyrirgreiðsla fæst með rekstrarlán, en ríkisstj. hefur látið þau mál afskiptalaus. Allt frystihúsakerfi landsins hefur verið nær ónotað mikinn hluta sumars og allt haustið, þó að með hyggilegum ráðstöfunum hefði verið hægt að tryggja rekstur þeirra. Á fyrsta stjórnarári núverandi ríkisstj. lá mestur hluti togaraflotans um fjóra mánuði í verkfalli. Gjaldeyristap af því hefur varla verið undir 80 millj. kr. Ríkisstj. virtist láta sér í léttu rúmi liggja, þó að þannig væri haldið á málunum, og nú virðist siga í sama horfið. Sams konar togarastöðvun er nú fram undan, og verður sú stöðvun eflaust ekki skemmri tíma, ef afstaða ríkisvaldsins verður lík og áður. Þá er og augljóst, að togarafloti landsins hefur engan veginn verið rekinn á þann hátt, sem þjóðarheildinni kemur að mestu gagni. Togararnir hafa á mjög vafasömum tíma árs siglt með afla sinn óunninn á erlendan markað, en með því hefur mikil atvinna tapazt landsmönnum og mikill gjaldeyrir. Orsök þessa hefur verið sú, að rekstrarfé hefur skort til innanlandsvinnslu á aflanum.

Ef atvinnutæki þjóðarinnar, fiskibátar, togarar, frystihús, fiskverkunarhús, að ógleymdum iðnaðarfyrirtækjum, væru rekin af fullum krafti með hagsmuni þjóðarheildarinnar fyrir augum, þá væri auðvelt að útrýma öllu atvinnuleysi úr landinu nú. En til þess að svo sé, þarf að veita fjármagni þjóðarinnar í framleiðsluna og til þeirra atvinnufyrirtækja, sem eru í beinu sambandi við framleiðsluna.

Ég sá þess nýlega getið í blaði, að Englandsbanki hafi gefið út þá yfirlýsingu, að hann mundi nú einbeita öllu fjármagni sínu í þá átt að auka og efla framleiðslu Breta. Slík yfirlýsing þyrfti að koma hér frá bönkum og ríkisstj.

Nú ríður á að einbeita fjármagni landsmanna að aukinni framleiðslu, en miða ekki allar aðgerðir stjórnarvaldanna að því að draga úr lánveitingum. Það verður að snúa aftur af þeirri braut lánsfjárkreppu, sem dregur saman framleiðsluna og minnkar á þann hátt þjóðartekjurnar.

Ég skal taka tvö dæmi, sem glögglega ættu að sýna, hvernig hægt er að auka þjóðartekjurnar og skapa aukna atvinnu í landinu með hagkvæmari rekstri togaranna. Ef 25 nýsköpunartogarar hefðu stundað veiðar fyrir frystihús í október, nóvember og desember, — en þessa mánuði er mjög hæpið að láta yfir 40 skip stunda siglingar með ísfisk á Bretlandsmarkað, — þá má ætla, að útflutningsverðmæti þess afla, sem þeir hefðu lagt hér á land, næmi um 70 millj. kr. Hefðu þessi skip siglt þetta tímabil á Bretlandsmarkað, hefði útflutningsverðmæti þeirra varla verið yfir 20 millj., eða gjaldeyrisvinningur um 50 millj. Að vísu þarf nokkru meiri gjaldeyrisnotkun vegna innanlandsvinnslunnar. Vinnulaun, sem skapazt hefðu af þessum rekstri, má áætla um 25 millj. kr., en það mun samsvara stöðugri vinnu um 2000 karlmanna og 2000 kvenna þessa þrjá mánuði. — Annað dæmi: Hugsum okkur 30 nýsköpunartogara, sem stunda saltfiskveiðar við Grænland í þrjá mánuði. Ef þessi skip sigla með saltfiskinn til Danmerkur, eins og þau gerðu mörg í sumar og haust, ná þau aðeins tveim túrum, en ef þau leggja aflann upp hér heima, mundu þau eins vel ná þrem túrum á þessum tíma. Með hliðstæðu aflamagni má áætla, að útflutningsverðmæti aflans, ef siglt væri til Danmerkur, væri um 33 millj. kr. En væri afli skipanna settur hér á land og helmingur aflans fullverkaður, þá má áætla útflutningsverðmætið um 70 millj. kr., eða gjaldeyrisaukning um 37 millj. kr. Vinnulaun mundu líklega skapast sem nemur 15—20 millj. kr. En til þess að þetta sé hægt, verður að stórauka fjármagn í rekstri framleiðslunnar. Og ríkisvaldið verður að sjá um, að réttur framleiðslunnar sé ekki fyrir borð borinn og að saman fari hagsmunir þeirra, sem að framleiðslunni vinna, og þjóðarheildarinnar.

Sá tími styttist nú óðum, sem núverandi stjórnarflokkar hanga saman í ríkisstj. Fleiri og fleiri dæmi sanna, að þeir eru farnir að hugsa til hreyfings. Kannske stökkva þeir í sundur næsta sumar og kenna þá hvor öðrum um allt það illa, sem þeir sameiginlega hafa unnið. Þá verður leitað til háttvirtra kjósenda og þeir beðnir um stuðning. Þá verður komið til ykkar, sem nú eruð atvinnulaus. Þá verður komið til ykkar, sem gefizt hafið upp við atvinnurekstur. Þá verður kallað á stuðning húsnæðisleysingja, og þá verða loksins gerðar reisur hinna fínustu manna þjóðarinnar út í þorp og kaupstaði og út um dreifbýli landsins til þess að sanna ykkur, sem þar búið, að dýrtíðin skuli minnka, að atvinnan skuli aukast, að stórframkvæmdir skuli hafnar o. s. frv., o. s. frv., bara ef þið viljið leggja blessun ykkar yfir ráðsmennsku þeirra manna, sem nú stjórna landinu á þann hátt, sem sár og bitur reynsla ykkar segir til um. Reynslan er fengin. Hún er ólygnust. En viðbrögð fólksins þurfa að verða samkvæmt reynslunni. Valdhafarnir verða að fá verðug svör. Þá á að afgreiða eins og sjómenn mundu orða það: Það á að gefa þeim mönnum pokann sinn, sem reynzt hafa liðléttingar á þjóðarskútunni.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Umræðurnar í gær sanna, að skoðanir sumra manna breytast furðu fljótt eftir því, hvort þeir eru í stjórnarandstöðu eða styðja ríkisstj. Jafnaðarmenn deildu á ríkisstj. fyrir skattaáþján, en þó eru næstum sömu skattalög og í tíð stjórnar Stefáns Jóhanns, — og þá þótti þessum sömu mönnum þau réttlát. Þeir segja að vísu, að með söluskattinum hafi átt að greiða útflutningsuppbætur á fisk, sem nú sé hætt. En sannað er, að söluskatturinn var aldrei notaður til þess, heldur voru fiskuppbæturnar greiddar með því að safna í Landsbankanum óreiðuskuldum, sem nú þarf að greiða.

Það er ánægjulegt, en um leið broslegt, að heyra þá menn tala af miklum fjálgleik um nauðsynlegar framfarir í landbúnaði, sem kölluðu íslenzkt dilkakjöt hundamat, sögðu, að bezt borgaði sig að mata bændur á spítala, en flytja landbúnaðarafurðir inn frá útlöndum, — og í samræmi við það var landbúnaðinum gleymt á nýsköpunartímunum, nema til að setja bændum ráð eins og ófrjálsri stétt. Nú kveður við nýjan tón.

Dómur verður að byggjast á forsendum, bæði um ríkisstjórnir og aðra. — Ef þessi ríkisstj. hefði tekið við í góðæri og við ríkissjóði með fullar hendur fjár, er hætt við, að það hefði heyrzt nefnt af stjórnarandstöðunni, þegar dæmt var um stj. Þetta hefði líka verið réttlátt og sjálfsagt. En jafnsjálfsagt er þá einnig hitt að byggja dóma sína um núverandi ríkisstj. á því, að hún tók við botnlausari óreiðum í fjármálum og framleiðslu en nokkur stjórn hefur tekið við áður. — Það er ekki hægt að slíta í sundur daginn í gær og þá stund, sem nú er að líða. Það er órofasamband milli fortíðar og nútíðar. Það er ekki unnt að dæma um verk líðandi stundar án þess að rekja rætur þess inn í fortíðina. Það var því hárrétt hjá hæstv. forsrh., hvort sem samstarfsráðherrum okkar sumum líkar það betur eða verr, að dómur um núverandi ríkisstj. og allar ríkisstjórnir verður meðal annars að byggjast á því, hvað fyrrverandi stjórnir lögðu henni í hendur.

Það ætti ekki að vera umdeilt mál, jafnauðsætt atriði og það er, að eyðsla nýsköpunarstjórnarinnar svonefndu á öllum auði Íslendinga frá stríðsárunum hefur skaðleg áhrif um áratugi. — Það er að vísu bent á 30 togara fyrir hundrað milljónir króna, enda þótt smíði þeirra sé umdeild, og nokkur millilandaskip, sem þó voru greidd með ágóða af skipum, sem erlend þjóð lánaði okkur í styrjöldinni fyrir lága leigu. En það gleymdist að endurbyggja flest. Það gleymdist að byggja raforkuver við Sog og Laxá, að maður ekki tali um smærri raforkustöðvar og Austurveg. Það gleymdist að stækka ullarverksmiðjur. Það gleymdist að reisa áburðarverksmiðju og sementsverksmiðju. Landbúnaðurinn gleymdist að mestu. Það gleymdist yfirleitt að byggja upp og endurnýja eftir styrjöldina hið almenna atvinnulíf í landinu. Í stað þess var lögð einhliða áherzla á þær greinar sjávarútvegsins, sem mest hafði grætt á í fjárhættuspili styrjaldarinnar. Þannig var svokölluð nýsköpun í framkvæmd, og það skilur eftir afleiðingar. En í þetta eyddi nýsköpunarstjórnin, reiknað með núverandi gengi, 1 milljarð og 100 millj. betur fram yfir það, sem flutt var út. Og ég hygg, að engin ríkisstj. hafi nokkurn tíma gert jafnlítið fyrir jafnmikið fé, og þar áttu núverandi stjórnarandstöðuflokkar sannarlega bróðurpartinn.

En þá tók nú við ríkisstj. Stefáns Jóh. Stefánssonar. Til þess að unna þeirri stjórn sannmælis er skylt að geta þess, að með henni hefst stórfelldur innflutningur landbúnaðarvéla, stórra og smærri, og viðhorf allt til landbúnaðarins gerbreytist, svo að telja má til stórfelldari skyndibreytinga. Engum dylst, hvaðan alda sú var runnin, því að þessar breytingar gerði Framsfl. að ófrávíkjanlegu atriði fyrir samstarfi í þeirri ríkisstj.

En sú ríkisstj. tók upp annan sið, sem var öllu lakari. Þegar fjmrh. skorti fé til framkvæmda og eyðslu, tók hann lán á lán ofan. Viðskilnaður varð svo þannig, að ríkisstj. hafði safnað mikið á annað hundrað milljónum króna í skuldum, þar af um 100 milljónum í óreiðuskuldum. Lánstraustið var þrotið, framleiðslan við sjóinn stöðvuð, og ávísanir frá ríkisstj. fengust stundum ekki greiddar í bönkum. En þessi stjórn dó hins vegar ákaflega eðlilegum dauðdaga. Hún hafði lifað á lánum og dó þegar hún gat hvergi fengið lán.

Starf núverandi ríkisstj. er fyrst og fremst björgunar- og endurreisnarstarf. Þetta skilst mönnum því aðeins, að þeir gleymi því ekki, heldur hafi í huga, hvernig þróunin varð og við hverju ríkisstj. tók. Tveir stjórnmálaflokkar með gerólíkar og sumpart alveg andstæðar lífsskoðanir hafa knúizt til samstarfs um skeið vegna neyðarástands, sem auðnulitlar ríkisstjórnir höfðu leitt yfir þessa þjóð. — Þetta er ekkert aukaatriði, heldur mergur málsins, þegar dæma skal.

Ríkisstj. Stefáns Jóh. Stefánssonar hafði með gálausri skuldasöfnun ausið út peningaseðlum, sem engin eðlileg verðmæti stóðu á bak við, og þannig hafði stj. Stefáns Jóhanns fellt krónuna í verði.

Fyrsta verk núverandi ríkisstj. var að skrá ísl. krónuna í samræmi við þetta verðfall, sem orðið var, og að koma skipunum þannig aftur á flot. Á þessa óumflýjanlegu neyðarráðstöfun benti Framsfl. fyrir og í kosningunum 1949. Bráðabirgðastjórn Sjálfstfl. hafði fallizt á hana eftir kosningarnar. Þessi ráðstöfun hefur borið árangur, nema þar sem hörmulegur aflabrestur hefur valdið óviðráðanlegum óhöppum.

Næsta skrefið í björgunarstarfinu var að stöðva skuldasöfnun ríkissjóðs, — sem segja má að hafi verið auðgert, því að ríkissjóður hafði alls staðar misst lánstraust, — koma fjárhag ríkisins á réttan kjöl og endurreisa tiltrúna og lánstraustið. Þessi verk voru, jafnhliða því að koma skipunum á flot, grundvallaratriði allrar endurreisnarinnar.

Menn skyldu nú halda, að meginþungi ádeilunnar í þessum umræðum um fjárlögin væri, að skuldasöfnun hefði haldið áfram, tiltrú á fjárhag ríkissjóðs væri engin og hann á heljarþröminni, eins og áður var. Nei, þannig eru ádeil-

urnar ekki, því að það hefur hent slys — og að því er virðist stórslys. Þetta stórslys er það, að ríkissjóður er hættur að safna skuldum. Hjólið hefur ekki aðeins verið stöðvað, heldur hefur því verið snúið við. Stórslysið er það, að ríkissjóður hefur sennilega 50 millj. kr. í tekjuafgang á þessu ári. Hv. alþingismenn stjórnarandstöðunnar, sem höfðu komið öllu í botnleysu, virðast vera alveg yfirkomnir af áhyggjum út af þessu slysi, og þeir virðast ekki geta sofið út af áhyggjum yfir því, hvernig eigi að koma þessum milljónum í lóg og hvernig eigi að koma í veg fyrir, að svona ósköp endurtaki sig.

En það, sem fjármálastjórnin hefur reynt að gera sér ljóst, er það, að uppistaðan í björgunarstarfinu varð að vera endurreisn á fjárhag ríkissjóðs og trausti. Á því byggðist allt, og án þess var útilokað, að nokkurt björgunarstarf yrði unnið. Vegna endurreisnar á fjármálum ríkisins fengum við aukna Marshallaðstoð. Vegna trausts á fjármálastjórninni fengum við heimild til notkunar mótvirðissjóðsins og lán úr alþjóðabankanum til þess að ráðast í virkjanir við Sog og Laxá og til þess að reisa áburðarverksmiðju, framkvæmdir, sem munu kosta á fjórða hundrað millj. kr. og eru stærri en nokkrar íslenzkar framkvæmdir, sem gerðar hafa verið til þessa. Og þessar framkvæmdir eru gerðar af ríkisstj., sem tekur við, þegar allur auður þjóðarinnar er upp étinn, og í ofanálag tekur hún við stórskuldum, þar af um 100 millj. kr. í óreiðuskuldum.

En endurreisnin í fjármálum ríkissjóðs hefur gert fleira framkvæmanlegt. Stjórn Stefáns Jóhanns hafði á hátíðisdegi sjómanna lýst yfir, að hún mundi kaupa 10 togara, en stj. hans sá aldrei fyrir fé til að greiða þá. Eitt af verkum þessarar stj. hefur verið að greiða þessa togara, sem enginn gat keypt, nema meginið af kaupverðinu væri lánað.

Þessi ríkisstj. hefur orðið að sjá fyrir nokkrum milljónum króna vegna síldarkreppunnar. Þessi stjórn verður að greiða um 7 millj. kr. árlega á fjárl. vegna ábyrgðarvanskila, sem hlaðið hafði verið á ríkissjóð á undanförnum árum.

Þar sem sjávarafli hefur brugðizt fyrir norðan og vestan í tvö ár, hefur ríkisstj. gert ráðstafanir til að aðstoða sjávarþorp til kaupa á gömlum togurum og kosta nýtízku viðgerð á þeim. Þrátt fyrir það, hvernig komið var, er þessi stjórn tók við, hefur innflutningur landbúnaðarvéla ekki aðeins haldið áfram, heldur verið aukinn.

Með því fjármagni, sem Búnaðarbankanum var ætlað til útlána, hefðu framkvæmdir í landbúnaðinum stöðvazt. Vegna núverandi stjórnarstefnu hefur tekizt að útvega Búnaðarbankanum 15 millj. af gengisgróðanum, 15 millj. af tekjuafganginum í ár og 16—18 millj. að láni hjá alþjóðabankanum til útlána á næsta ári, eða á þremur árum um 50 millj. kr. Og þótt þessar 50 millj. kr. sé of lítið, er það jafnvíst, að ekkert af þessum 50 millj. til eflingar landbúnaðarframkvæmda hefði fengizt, ef eigi hefði verið gerbreytt um fjármálastefnu, þegar núverandi stj. tók við.

Af þessum sömu ástæðum er það, að til lána í húsbyggingar í kaupstöðum og kauptúnum verður nú varið um 12 millj. kr. úr ríkissjóði eða úr mótvirðissjóði, og er það meira fé en varið hefur verið í því skyni um lengri tíma.

Ég hygg, að við rólega umhugsun verði hv. þingmönnum og hlustendum ljóst, að ekkert verk í allri þessari keðju framkvæmda til endurreisnar var framkvæmanlegt, nema það byggðist á öruggri fjármálastjórn. Gildir þetta ekki aðeins um þær allt að 30 millj. kr., sem eru nú lagðar fram af tekjuafganginum í ár til endurbyggingar í sveitum og kaupstöðum, heldur er allt framkvæmdakerfið byggt upp, nú eins og endranær, út frá öruggri fjármálastjórn og því trausti, sem hún skapar.

Það er að mínu áliti þetta og þessi verk, sem fyrst og fremst réttlæta tilveru núverandi ríkisstj. En hér er aðeins talað um hin sérstæðari og óvenjulegri verk björgunarstarfsins og endurreisnarinnar, en einhver kynni að hugsa sem svo í fljótu bragði, að allt annað hefði nú verið látið sitja á hakanum og aðrar framkvæmdir svo að segja lagzt niður í tíð núverandi stj. Að minnsta kosti töluðu hv. stjórnarandstæðingar á þá leið um þessi mál í gærkvöld, og var meira að segja helzt svo að skilja, að ríkisstj. stöðvi framleiðsluna og framkvæmdir til þess að stofna til atvinnuleysis — viljandi. Sannleikurinn er þó auðvitað þessu andstæður.

Varðandi almennar framkvæmdir í landinu sýnist mér ekki úr vegi til að koma í veg fyrir misskilning í því efni að minna á ýmislegt, sem unnið hefur verið bæði af því opinbera og einstaklingum, meðan þessi stj. hefur setið, þ. e. á árunum 1950—51. Ég nefni aðeins staðreyndir samkvæmt opinberum skýrslum, en vera má, að þær bregði upp nokkuð annarri mynd af ástandinu að þessu leyti en stjórnarandstæðingar drógu upp í gærkvöld og oftar, þegar þeir hafa verið að tala um hina dauðu hönd ríkisstj. í atvinnulífi og framkvæmdum. Ég vil þá minna á það, að á þessum tveimur árum hafa verið byggðir 330 km af þjóðvegum og 33 brýr 10 metra og lengri, þ. á m. sumar langstærstu brýr landsins til þessa, en 32 styttri brýr. Jarðræktarskýrslur fyrir árið 1951 eru enn ekki fyrir hendi, en á árinu 1950 voru tekin út nálægt 2200 ha í nýrækt, 700 ha í túnasléttum, 250 km í girðingum, 30 km í handgröfnum skurðum, 37 km í lokræsum, fyrir utan kílræsi, 525 km í vélgröfnum skurðum, heyhlöður úr varanlegu efni, sem rúma eitthvað á annað hundrað þúsund hestburði af töðu, 11 þús. m³ í safnþróm og áburðarhúsum o. s. frv. Á árinu 1951 eru framkvæmdir þessar áreiðanlega sízt minni. Á þessum 2 árum hafa verið veitt fjárfestingarleyfi samtals fyrir 1060 íbúðum í sveitum og bæjum, og má gera ráð fyrir, að unnið hafi verið að þeim flestum. Framlengingarleyfi eru hér ekki talin. Veitt hafa verið á sama tíma ný leyfi fyrir 2000 útihúsum í sveitum. Fyrir utan hinar stóru virkjanir við Sog og Laxá er nú byrjað að vinna að þremur öðrum almennum virkjunum, lagningu rafleiðslna á ýmsum stöðum, en allmargir bændur hafa komið upp einkarafstöðvum. Unnið hefur verið að byggingu á 6 nýjum og stór-

um sjúkrahúsum, þótt ekki séu taldar viðbyggingar og endurbætur og ekki heilsuverndarstöðin, sem Reykjavíkurbær hefur í byggingu. Enn fremur hefur verið unnið að nokkrum skólahúsum og félagsheimilum, lagðar símalínur engu minna en áður. Að hafnargerðum og lendingarbótum hefur verið unnið á 40—50 stöðum hvort ár fyrir sig, og veitt hafa verið leyfi fyrir nálægt 70 nýbyggingum í þágu iðnaðarins úr innlendum hráefnum, einkum sjávarafla, og má þar sérstaklega nefna fiskimjölsverksmiðjur og fiskverkunarstöðvar, einkum fyrir saltfisk, svo og mjög miklar nýbyggingar vegna ullariðnaðar, sem unnið hefur verið að á þessum árum. Á árinu 1951 var veitt leyfi fyrir um 60 saltfiskþurrkunarkerfum, sem sett voru upp ýmist í nýjum húsum eða eldri húsum með breytingum vegna breyttra markaða. Á sama tíma hafa verið veitt ný leyfi fyrir 27 nýbyggingum í öðrum iðngreinum. Fiskiflotinn hefur á þessum árum verið aukinn um 10 togara, sem að vísu voru keyptir áður en þessi ríkisstj. tók við, en það hefur komið í hennar hlut að sjá um greiðslur. Kaupskipaflotinn hefur verið aukinn um 3 skip, en 2 eða fleiri eru í smíðum. 2 skip hafa bætzt við landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi.

Sú upptalning, sem ég hef gert hér, er lausleg og engan veginn tæmandi, en hún gefur þó nokkra hugmynd um, að ekki hafa framkvæmdir verið látnar niður falla hér á landi á þessum tíma, hvað svo sem geipað er um þau efni af stjórnarandstöðunni.

Geta má þess, að bráttófjárfestingin, þ. e. að meðtöldu viðhaldi, árið 1951 er áætluð 600 millj. kr., eða nálægt ⅓ af þjóðartekjunum.

Samstarfsmöguleikar í þessari ríkisstj. voru og eru takmarkaðir, eins og ég sýndi áðan fram á, vegna ólíkrar lífsstefnu þeirra flokka, sem að henni standa. En þessi ríkisstj. hefur margt vel unnið á því sviði, sem henni var frá upphafi afmarkað. Okkur framsóknarmönnum kom aldrei til hugar, að samstarf gæti orðið milli Framsfl. og Sjálfstfl. um ýmis umbótamál. Við framsóknarmenn höfum einatt sagt kjósendum okkar þetta bæði fyrir kosningar og eftir þær. Allt um þau atriði var okkur framsóknarmönnum ljóst áður en samstarfið hófst, og á þeim sviðum hefur samstarfsflokkurinn hvorki reynzt betur eða verr en við bjuggumst við.

Mannalæti verkamannaflokkanna eru oft furðuleg, þegar þeir tala um núverandi ríkisstj. og íhaldssemi hennar. Þeir hæla sér af umbótamálum, sem þeir hafi komið fram í stjórnarsamstarfi við stríðsgróðamennina. Jú, rétt er það, í stjórnartíð verkamannaflokkanna var í þá fleygt í formi umbótamála krónu og krónu af spilaborði stríðsgróðans til þess að friða þá og veita auðmönnunum næði til að raka úr sama borði 99 kr. af hverjum 100. Og sum af þessum umbótamálum, eins og kaflinn um heilsuspillandi íbúðir og kaflinn um heilsuvernd, voru ekki haldbetri en það, að þeim var frestað með nýjum lögum að tilhlutun þeirra flokka, sem ákvæðin settu, áður en þau komu til framkvæmda.

Við álítum hins vegar einatt, að Framsfl. og heiðarlegur, lýðræðissinnaður verkamannaflokkur gætu saman unnið stórvirki í þessu landi. En þessar umræður virðast ekki benda á vaxandi líkur fyrir slíku samstarfi.

Afstaða Alþfl. er furðuleg í þessu efni, því þótt hann sé í öðru orðinu að dangla í Sjálfstfl., er öllum vitanlegt, að vilji ráðandi manna í flokknum stendur til þess eins, að Alþfl. stækki eða þó fremur Sjálfstfl. vaxi svo, að þessir tveir flokkar fái meiri hluta á Alþingi og geti myndað ríkisstjórn saman. Í einu og sama eintaki Alþýðublaðsins eru stundum óvildargreinar um bændur á forsíðu, baksíðu og innan í og eru vitanlega skrifaðar til þess að ala á óvild milli kjósenda Alþfl. og bænda, en koma í veg fyrir samúð, sem leitt gæti til samstarfs. Þið heyrðuð ræðu hv. alþm. Haralds Guðmundssonar í gærkvöld, hún var af sama toga spunnin. Þessi rógur milli stétta er alltaf skaðlegur og viðurstyggilegur — ekki sízt þegar rangfærðar eru tölur til þess að falsa myndina.

Næstum helmingur af upphæðinni á fjárlögum til landbúnaðarins er greiðsla vegna fjárpestanna og niðurskurðar vegna þeirra, hliðstætt niðurskurði, sem annars staðar er framkvæmdur vegna gin- og klaufaveiki og alls staðar greiddar skaðabætur fyrir. Næsthæsta fjárhæðin er jarðræktarstyrkurinn, sem margar þjóðir greiða og viðurkenna þar með, að ræktunin er ekki aðeins fyrir bóndann, sem framkvæmir hana, heldur fyrir komandi kynslóðir. Nú er því minni ástæða til að telja þetta eftir, því að jarðræktarstyrkurinn er ekki fyrir fræinu í sáðsléttunar.

En fyrst ég er neyddur til að taka þátt í þessum metingi milli stétta, má benda á, að iðnaður er talinn annars staðar gróðavænlegasti atvinnuvegurinn. Og enn fremur, að nú erum við að verja okkar dýrmæta og ódýrasta fjármagni á 4. hundrað milljónum til þess að byggja aflstöðvar, sem ekki sízt koma iðnaðinum að liði, auk áburðarverksmiðjunnar, sem talin er opna margháttaða möguleika fyrir nýjan iðnað.

Ef litið er til sjávarútvegsins, kemur í ljós, að samkvæmt reikningsaðferð hv. alþm. Haralds Guðmundssonar ætti að telja kostnað við landhelgisgæzlu 9 millj. framlag til sjávarútvegsins, einnig 7 millj. kr. árlegt tap á ábyrgðum, sem eru vegna framkvæmda við sjávarsíðuna. Þá ætti þar og að telja framlag vegna síldarkreppu, þótt ekki sé á fjárlögum, tap bankanna vegna sjávarútvegsins, er leggur stórskatt á aðra landsmenn, — að ógleymdum bátagjaldeyri, sem leggur skatta á landsmenn, er nema nokkrum tugum milljóna. — Við framsóknarmenn erum ekki að telja þetta eftir. En þetta er dregið fram til þess að sýna, hve heiðarleg myndin var, sem Haraldur Guðmundsson dró upp, — og menn eiga jafnframt að geta gert sér það ljóst, hvert Alþfl. stefnir, hve auðvelt það muni vera fyrir Framsfl. að ná samstarfi við hann, þegar jafnvel hv. alþm. Haraldur Guðmundsson talar svona, eftir að mörgum hinna blindu er þó að verða ljóst, að hröð efling landbúnaðar er eina leiðin til þess, að þjóðin geti lifað í landinu.

Eftir yfirlýsingu hv. alþm. Ásmundar Sigurðssonar í útvarpinu hér í gærkvöld um utanríkismál þarf víst enginn að vera í efa um það, að

Sameiningarflokkur alþýðu setur drauminn um alheimsríki kommúnismans ofar öllu samstarfi um innlend umbótamál.

Ég vil að lokum fagna þeirri yfirlýsingu hv. alþm. Jóns Sigurðssonar, að ef bændafulltrúarnir í Sjálfstfl. séu sammála, muni Sjálfstfl. í heild fara eftir því. Allt of oft höfum við séð bændafulltrúa Sjálfstfl. á þingi greiða atkvæði með landbúnaðarmálum, en hinn hluta flokksins beita atkvæðavaldi til þess að fella þau mál með verkamannaflokkunum. Yfirlýsing hv. alþm. Jóns Sigurðssonar tek ég sem yfirlýsingu um nýja og betri vinnuaðferð flokks hans. Ég fagna þessari yfirlýsingu. Hér eftir verður væntanlega léttara fyrir fæti um málefni bænda en okkur framsóknarmönnum hefur stundum fundizt til þessa.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Erlendir stjórnmálamenn hafa stundum sagt við mig, að þeir öfundi mig af að vera frá Íslandi, sem væri svo langt frá harki heimsviðburðanna, fólkið þar friðsamt og viðfangsefnin viðráðanleg vegna fámennis þjóðarinnar.

Ég hef svarað þessu svo, að reynslan sýndi, að ólga heimsstjórnmálanna næði einnig til okkar fjarlæga lands; Íslendingar væru ekki síður ósammála en aðrir menn, svo að sízt væri erjuminna að fást við stjórnmál á Íslandi en annars staðar, enda væru viðfangsefnin hér í höfuðatriðum hin sömu og hjá öðrum þjóðum. Um sumt væri að vísu betra að fá yfirlit í okkar litla þjóðfélagi en hjá stórþjóðunum, en vegna smæðarinnar skorti okkur oft sérfræðinga og þær undirstöðurannsóknir, sem rétt úrlausn yrði reist á. En auk þess hefðum við sökum fámennis þjóðarinnar, landshátta og aðstæðna allra við ýmsa örðugleika að etja, sem hinar smærri þjóðir kæmust hjá.

Ég minnist þess, að eitt sinn lauk slíku tali á þá leið, að hinn elzti og reyndasti þeirra, er viðstaddir voru, sagði, að mennirnir væru svo skapi farnir, að þeir hefðu ætíð og alls staðar talið sjálfa sig hafa við alveg sérstaka örðugleika að etja.

Hvað sem um það er, hvort Íslendingar eiga við meiri eða minni örðugleika að etja en aðrir, þá er það augljóst, að vegna ólíkra aðstæðna verðum við Íslendingar að leysa sum mál á annan veg en flestar aðrar þjóðir.

Eitt höfuðverkefni hvers ríkis er t. d. það að veita borgurunum vernd gegn ofbeldisárásum. Reynslan sýnir, að í stórstyrjöld verðum við nú að vera búnir við slíkri árás frá erlendu herveldi. Í nýútkomnu riti um hernaðaráætlanir Hitlers, sem byggt er á frumheimildum, segir frá því, að sumarið 1940 hafi það verið ætlun Hitlers að hernema Ísland til þess að geta hert á hafnbanninu gegn Englandi, og voru þær ráðagerðir svo langt komnar, að þeim var gefið sérstakt nafn og kallaðar „Ikarus“. Úr þeim varð þó ekki, vegna þess að Raeder flotaforingi lýsti hinn 20. júní yfir, að þær væru óframkvæmanlegar.

Það dylst ekki, af hverju Þjóðverjar töldu það óframkvæmanlegt að taka Ísland í júní 1940. Það var vegna þess, að Bretar voru þá búnir að koma upp vörnum í landinu. Ef Hitler hefði jafnskjótt og hann réðst á Noreg ráðizt á Ísland, hefði hann getað tekið landið viðstöðulaust. Óhugsandi er hins vegar annað en að Bretar hefðu reynt að hrekja Þjóðverja héðan og ná landinu. Þá mundi vafalaust hafa verið barizt um landið og í landinu. Nú mundi árásarríki vitanlega hafa lært af reynslu Hitlers og reyna að taka landið á meðan það væri varnarlaust, ef svo væri, þegar stríð skylli á.

Sjálfsagðasta ráðið til að draga úr slíkri hættu er það að sjá Íslandi — eins og öllum öðrum löndum — fyrir vörnum á sérstökum hættutímum.

Vegna fámennis okkar getum við ekki gert þetta sjálfir, svo að fullnægjandi sé. Þess vegna verðum við að hafa samvinnu við aðrar okkur vinveittar þjóðir. Af þessum sökum gengum við í Atlantshafsbandalagið og höfum nú gert varnarsamninginn við Bandaríki Norður-Ameríku innan ramma Atlantshafsbandalagsins, hvort tveggja með samþykki meginþorra þjóðarinnar, enda dylst engum óblindum manni, að nú eru óvenjulegir hættutímar í alþjóðamálum.

Andstæðingar þessara framkvæmda eru fyrst og fremst mennirnir, sem blygðunarlaust hafa sagt, að á Íslandi mætti skjóta án miskunnar, ef það kæmi Rússum að gagni, mennirnir, sem halda hér uppi flokksstarfsemi með beinni aðstoð erlends stórveldis, sem sannanlega hefur haft sérstakan áhuga fyrir hernaðarþýðingu Íslands, allt frá því Lenin lýsti henni á Kominternfundi 1920. En heilindi þessara manna má marka af því, að þeir láta svo sem tilgangurinn með vörnum Íslands sé sá, að héðan eigi að gera árásir á Rússland. Hernaðarþýðing Íslands geti engin önnur verið en að vera slík árásarstöð á Austur-Evrópu.

Hitler var einlægari en þessir menn. Hann ráðgerði ekki töku Íslands vegna þess, að hann óttaðist, að árás yrði gerð frá Íslandi á Þýzkaland eða meginland Evrópu. Hann sagði berum orðum, að það væri til þess að einangra Bretland, sem hann vildi ná tangarhaldi á Íslandi. Hernaðarþýðing Íslands verður auðvitað hin sama í framtíðinni, þ. e. fyrst og fremst til verndar samgönguleiðunum yfir Atlantshaf, og sú þýðing breytist ekki, á meðan Bretland heldur velli.

Það er einnig alger fjarstæða, sem fullyrt hefur verið hér, að til mála komi, að Bandaríkin hverfi frá flugstöðvum þeim, er þau hafa í Bretlandi, vegna hættunnar, sem sú skipun skapi um árás á England, og þá yrði slíkum stöðvum e. t. v. komið upp á Íslandi. Fyrirspurn um brottflutning stöðvanna svaraði Churchill í neðri deild brezka þingsins hinn 21. nóv. s. l. á þessa leið:

„Þeirri skipan, sem nú er, mun haldið, á meðan hennar er þörf vegna heimsfriðar og öryggis.“

Þetta þarfnast ekki frekari skýringa. Kommúnistar vita og jafnvel sem aðrir, að á Íslandi eru engar árásarstöðvar og enginn viðbúnaður til að koma þeim upp.

Auðvitað láta aðrar þjóðir sér annt um varnir Íslands fyrst og fremst vegna sinna hagsmuna.

Öllum hinum frjálsu, vestrænu lýðræðisríkjum er hætta búin af varnarleysi Íslands. Sú hætta er þó mest og örlagaríkust fyrir okkur Íslendinga sjálfa. Það var því vegna ríkrar nauðsynjar íslenzku þjóðarinnar, sem varnarsamningurinn var gerður á s. l. vori og hefur nú verið samþykktur formlega á Alþingi í andstöðu við kommúnista eina, og sýndu hrakyrði Ásmundar Sigurðssonar í garð íslenzkrar æsku hér í umræðunum í gær vel gremju þeirra félaga yfir einangrun sinni. Var því ekki að undra, að hann reyndi að hressa hið hrellda lið sitt með drýgindalegu skrafi um, að bráðum muni þeir hrifsa hér völd í skjóli sinna rússnesku húsbænda.

Ef slíkt ok yrði lagt á þjóðina, mundi mjög horfa öðruvísi en nú. Því oki yrði ekki af létt með eigin ákvörðun Íslendinga, eins og er um varnarsamninginn.

Það er alveg undir okkar eigin vilja og ákvörðun komið, hversu lengi samningurinn gildir. Brynjólfur Bjarnason sagði — aldrei þessu vant — alveg satt á útifundi kommúnista 16. maí í vor, er hann benti á, að andstæðingar samningsins þurfa ekki annað en að sannfæra meiri hluta þjóðarinnar um, að samningurinn sé okkur til ófarnaðar, þá er hægt að fella hann úr gildi með einhliða ákvörðun íslenzkra stjórnvalda, hvenær sem er, með hæfilegum fyrirvara.

Brynjólfur þóttist hafa gert mikla uppgötvun, er hann skýrði frá þessu, og kom það auðsjáanlega mjög á óvart, að samningurinn væri okkur svo hagkvæmur. En ekkert sýnir betur en uppsagnarákvæðið, að samningurinn er gerður milli frjálsra og jafnréttháa aðila.

Slíkur hugsunarháttur frjálsræðis og jafnréttis er kommúnistum óskiljanlegur, og víst er um það, að þær þjóðir Austur-Evrópu, sem orðið hafa að sæta kúgun voldugs nágranna, líta öfundaraugum til einnar minnstu þjóðar heims, er svo hagkvæmum samningi hefur náð við mesta lýðveldi veraldarinnar.

Því hefur verið haldið fram af kommúnistum, að varnarsamningurinn hafi verið gerður vegna þess, að Keflavíkursamningurinn mundi hafa fallið úr gildi við þá breyttu stjórn á Þýzkalandi, sem nú er ráðgerð, en sá samningur var bundinn við herstjórn og eftirlit Bandaríkjanna þar. En ákvæðunum um Þýzkaland stendur alls ekki til að breyta að þessu leyti, og hefði gildi Keflavíkursamningsins því alls ekki haggazt af þeim ástæðum. Hitt er allt annað mál, að Þjóðverjar vilja eins og nú horfir alls ekki missa lið Bandaríkjanna úr landi sínu. Bretar og Frakkar hafa og látið þau fá margar herstöðvar í löndum sínum.

Auðvitað eru þó hvarvetna annmarkar samfara dvöl erlends varnarliðs, ekki aðeins fyrir þann, sem tekur á móti liðinu, heldur einnig fyrir hinn, sem sendir liðið. En í slíkt tjáir ekki að horfa, ef takast á að skapa það jafnvægi, sem varðveitt geti heimsfriðinn.

Af öllu skrafi kommúnista er einna ömurlegast að heyra þá frýja okkur hugar með því, að styrjöld hafi ekki brotizt út. Vera kann, að það séu þeim vonbrigði, um það skal ég ekkert segja, en hitt er víst, að varnarráðstafanir hér og í öðrum frjálsum löndum miða allar að því að koma í veg fyrir stríð, og er það einlæg von okkar, að svo takist, og er vissulega mikið á sig leggjandi, til þess að það megi verða.

Annmarkarnir við dvöl erlends varnarliðs verða að vísu meiri hér á landi vegna fámennis þjóðarinnar, en ekki má gleyma hinu, að við sleppum að mestu leyti við þær miklu fjárhagslegu byrðar, sem aðrar þjóðir taka á sig til að tryggja varnir landa sinna. Frændur okkar Norðmenn taka t. d. á sig sem svarar því, að Íslendingar greiddu a. m. k. 90 millj. kr. á ári í þessu skyni. Auðvitað er það á okkar valdi, ef við viljum sjálfir taka einhvern þátt í vörnum landsins, en aldrei hefur verið farið fram á það við okkur, hvað þá heldur meira, af bandamönnum okkar, að við legðum sjálfir fram lið eða tækjum þátt í kostnaði umfram það, sem ákveðið er í varnarsamningnum, og kostnað við sameiginlegar stofnanir bandalagsins, eins og fram kemur í fjárlögunum.

En við höfum líka í nóg önnur horn að líta. Stærð landsins og fámenni þjóðarinnar gerir það að verkum, að við verðum að halda uppi hlutfallslega mjög kostnaðarsömum samgöngum og leggja í margháttaðar verklegar framkvæmdir og menningarstofnanir, sem verða okkur þungbærari en gerist í þéttbýlli löndum.

Það er auðvitað einnig hlutfallslega miklu kostnaðarsamara fyrir svo fámenna þjóð að halda uppi ríkisskipun en hinar fjölmennari. Þennan kostnað viljum við þó umfram allt bera, enda hefur reynslan sýnt okkur, að hann margborgar sig, einnig fjárhagslega, þegar allt kemur til alls.

Hitt er annað mál, að löngum hefur við brunnið hér á landi, að þegar við höfum tekið ný mál í okkar eigin hendur, hafa sumir í fyrstu býsnazt yfir kostnaðinum af þeim, svo sem einstaka maður gerir nú um utanríkismálin.

Óhætt er þó að fullyrða, að engin starfræksla ríkisins borgar sig beinlínis betur en þessi. Margháttuð milliganga í viðskipta- og verzlunarmálum og alþjóðasamtökum sannar þetta svo, að ekki verður um villzt. Reynt er að gera það tortryggilegt, að hátt kaup þurfi að borga þeim mönnum íslenzkum, er að þessum störfum vinna erlendis. Í þeim efnum tjáir þó ekki að miða við greiðslur til embættismanna hér innanlands. Miða verður við hætti á þeim stað, er þessir starfsmenn vinna verk sín.

Þegar við hugleiðum það, að gögn liggja fyrir um, að uppihald fyrir einn stúdent kostar í sumum löndum kringum 50000 íslenzkar krónur, þá er ekki óeðlilegt, að nokkuð háar fjárhæðir þurfi til þess að halda uppi erindrekum íslenzka ríkisins, sem vitanlega verða að vera þar með fjölskyldu sinni og búa við svipuð kjör og þeir menn, er þeir hafa daglegan umgang við í starfi. Dvöl í ókunnum löndum um tiltölulega skamma hríð hlýtur ætíð að hafa í för með sér meiri kostnað en vera í heimahögum.

Stéttamunur og tekju er í flestum eða öllum löndum miklu meiri en hér á landi þekkist. Þess vegna hafa þeir menn, er að þessum eða svipuðum störfum starfa erlendis, miklu hærri laun en hér á landi tíðkast. Munurinn í þessum efnum frá því, sem hér er, er þó hvergi meiri

en í Sovét-Rússlandi, enda mundi kostnaðurinn við að halda uppi sérstöku sendiráði þar með aðeins einum útsendum sendifulltrúa nú vera nærri einni millj. kr. Því mikla fé mundi alveg vera á glæ kastað, þar sem Rússar vilja engin verzlunarskipti við okkur eiga — eftir frásögn hv. þm. Áka Jakobssonar, sem er manna handgengnastur rússneskum stjórnvöldum — vegna þess, að þeim líkar ekki sú ríkisstj., sem Íslendingar hafa valið sér.

Hinn mikli jöfnuður, sem hér er á lífskjörum manna, og algert jafnræði stéttanna gagnstætt hinum mikla stéttamun, sem í öðrum löndum tíðkast, gerir íslenzkt þjóðfélag frábrugðið flestum eða öllum öðrum.

Auðvitað þurfum við margt að læra af erlendum þjóðum. En víst er um það, að meginhlutinn af hinum sósialistisku og kommúnistísku kenningum um það, hvernig eigi að koma á jöfnuði innan þjóðfélagsins, lætur undarlega í eyrum okkar Íslendinga.

Í kommúnistisku þjóðfélagi er ekki aðeins miklu meiri tekju- og lífskjaramunur en þekkist hjá okkur, heldur sýnir reynslan, að efnahags- og stjórnarkerfi þvílíks þjóðfélags verður því aðeins haldið uppi, að 5—10% af íbúunum séu hnepptir í fangabúðir og látnir þræla þar við þau kjör, sem vissulega eru ekki mönnum sæmandi.

Hinn mikli jöfnuður, sem hér ríkir, er ein helzta prýði og stolt íslenzku þjóðarinnar. En við verðum þó að gæta þess, að ekki sé gengið svo langt, t. d. með harkalegri skattalöggjöf, að hvötin til að brjótast í framkvæmdum og leggja sig fram í starfi sé að miklu leyti tekin frá mönnum. Eins verða menn að hafa það í huga, að heilbrigð söfnun fjármuna hjá einstaklingum og fyrirtækjum er undirstaða þess, að atvinnurekstur geti gengið með sæmilegu öryggi, eðlileg þróun hans og vöxtur geti átt sér stað, svo að atvinnuleysi skapist ekki, því að vissulega verður að keppa að því að halda uppi sem allra almennastri vinnu. Hinn mikli jöfnuður kemur hvergi betur fram en í þeirri staðreynd, sem Haraldur Guðmundsson benti á í gær, að þrátt fyrir svo háa beina skatta, þ. e. tekjuskatt og stríðsgróðaskatt, að engum dettur í hug, að þá sé hægt að hækka, þá nema tekjurnar af þessum sköttum aðeins litlum hluta ríkisteknanna, hinu verður að ná með óbeinum, almennum sköttum.

Fjármagnsleysi atvinnurekenda hefur nú þegar orðið til þess, að ríki og bæjarfélög hafa ráðizt í ýmiss konar framkvæmdir hér á landi, sem víðast annars staðar eru í höndum einstakra manna. Í sjálfu sér er ekkert við þessu að segja, ef þetta er eina ráðið til, að nauðsynlegar framkvæmdir séu gerðar, og þessir aðilar geta rekið atvinnutæki sín í samkeppni við aðra. Hættan kemur, þegar krafizt er einokunar, hafta og banna eða áætlunarbúskapar í því formi, sem við höfum nokkuð fengið smjörþefinn af á undanförnum árum.

Íslenzkir atvinnuhættir eru þannig, að það getur aldrei blessazt til lengdar að láta nefndir víðs fjarri vettvangi hins daglega lífs kveða á um, hvað hver og einn megi gera. Í þessu kemur fram aðalhættan af jafnaðarstefnunni, sú, að skrifstofuvaldið kveði niður sjálfan lífsþróttinn, hugmyndaauðgina og framkvæmdarviljann, sem hlýtur að vera undirstaða allra framfara. Það verður aldrei fundið út með neinum áætlunum eða skipulagt, í hvaða ungum manni felist dugurinn til að ryðja nýjar brautir sjálfum sér og öðrum til gæfu og gengis. Þjóðfélaginu verður að haga þannig, að slíkir menn hafi athafnamöguleika og séu ekki kveðnir í kútinn af stofulærðum spekingum, sem í sínum þægilega skrifstofustól þykjast hafa vit á öllum hlutum. Það er alltaf hægt að jafna metin eftir á, en voðinn er vís, ef allir eru hnepptir í viðjar, svo að enginn geti hreyft sig sjálfum sér og öðrum til bjargar.

Höftin voru að vísu óhjákvæmileg, á meðan menn fengust ekki til þess að skrá rétt gengi krónunnar. Með rangri skráningu íslenzku krónunnar var haldið uppi falskri kaupgetu á erlendum vörum, þar sem þjóðin hafði alls ekki efni á að kaupa svo mikið af þeim sem fá hefði mátt, ef þær hefði verið unnt að borga með hinni íslenzku krónu. Þess vegna varð að hindra það með ströngum höftum, að menn gætu fengið keyptar þær vörur, sem þeir ímynduðu sér, að þeir hefðu peninga til að kaupa. Þeim, sem innflutningsleyfi fengu, voru hins vegar veitt stórkostleg hlunnindi, og þótt reynt væri að draga úr þeim með verðlagsákvæðum, varð afleiðingin sú, að svartur markaður, brask og margs konar óviðráðanleg lögbrot áttu sér stað. Mátti raunar jafna þessari úthlutun við hreina peningagjöf til þeirra, er hlutu, og má nærri geta, hvernig andrúmsloft skapaðist umhverfis slíka starfrækslu.

Spillingin, sem þessu var samfara, var mikil og eitrandi fyrir allt þjóðlífið, og Alþýðuflokksmenn ættu að þekkja það manna bezt, að því fór fjarri, að sú spilling væri eingöngu eða fyrst og fremst bundin við verzlunarstéttina. Þar komu miklu fleiri til greina.

Þessu ástandi varð haldið um hríð, en ekki til lengdar. Gengisfelling var því óhjákvæmileg. Alþýðuflokksmenn vissu það ekki síður en aðrir. Ef þeir hefðu haldið áfram að vera í stjórn, hefðu þeir vissulega, nauðugir — viljugir, orðið að gera þessar ráðstafanir. Enda fer því fjarri, að lífskjör Íslendinga hafi vegna gengisbreytingarinnar orðið lakari en í þeim þjóðfélögum, þar sem jafnaðarmenn ráða. Á árinu 1950 var neyzla á mann t. d. svipuð á Íslandi og í Noregi, og vita þó allir, að Noregur er miklu ríkara land en Ísland. Hitt er einnig óumdeilanlegt, að atvinnuleysi og hrun hefði orðið hér, ef gengið hefði lengur verið rangt skráð. Andstæðingar gengisbreytingarinnar reyna að afsaka sig með því, að þrátt fyrir hana hafa skapazt nokkrir örðugleikar. — Auðvitað voru ekki öll vandamál leyst með henni. Aflaleysi, illt tíðarfar og annað fleira segir að sjálfsögðu til sín eftir sem áður. Eins er það, að vissir örðugleikar hljóta að koma í ljós, þegar innlendur iðnaður verður að keppa við erlendan. En auðvitað var ekki endalaust hægt að halda uppi innlendum iðnaði með því að banna alla samkeppni við hann. Í þessu þarf að leita hins rétta

meðalhófs, og vitanlega verður að halda þeim iðnaði, sem með nokkru sanngjörnu móti fær staðizt, og víst er um það, að við sjálfstæðismenn munum gera allt, sem í okkar valdi stendur, til að koma í veg fyrir böl atvinnuleysisins.

Alþýðuflokksmenn og raunar stundum einnig sumir framsóknarmenn, sbr. ummæli samráðherra míns, Hermanns Jónassonar, áðan, láta að vísu svo sem Sjálfstfl. vinni einungis fyrir þá ríku, auðmennina í þjóðfélaginu, vegna þess að þeir ríku séu flestir innan hans vébanda. Mér sýnist nú að vísu, og þarf ekki að horfa langt til að sjá það, að menn geti orðið loðnir um lófana í hvaða flokki sem þeir eru. Þeir kunna sumir í Alþfl., Kommúnistafl. og Framsfl. að koma sér vel fyrir, ekki síður en sjálfstæðismenn.

Íslendingar eru ekki svo heimskir menn, að fleiri þeirra kjósi Sjálfstfl. en nokkurn hinna flokkanna af því, að flokkurinn vinni gegn hagsmunum fjöldans, heldur af hinu, að fjöldinn finnur, að flokkurinn vinnur honum til framdráttar.

Það er óneitanlega dálítið skrýtið, þegar ónefndir menn í litlu flokkunum, og þá ekki síst Alþfl., tala eins og þeir óhreinki sig af því að vinna með Sjálfstfl., og brá hinu sama raunar fyrir í ræðu Hermanns Jónassonar.

Þeir menn, sem eru svo fínir eða andvígir fjárgróða eins og ónefndir framsóknarmenn, að þeir geta ekki unnið með fjöldanum mikla, sem er í Sjálfstfl., ættu sem fyrst að draga sig út úr stjórnmálum, áður en þeir verða að algerum steingervingum. Á meðan kjósendafylgi breytist ekki verulega frá því, sem verið hefur nú í mörgum kosningum, verða fjölmörg hagsmunamál bændastéttarinnar ekki leyst nema með samstarfi Sjálfstfl. og Framsfl. og fjölmörg hagsmunamál verkalýðsins ekki nema með vissu samstarfi Sjálfstfl. og Alþfl. Til slíks samstarfs þarf engin hrossakaup að gera við Sjálfstfl., ef það miðar að þjóðarheill, því að um hana er Sjálfstfl. auðvitað ekki síður annt en sérhagsmunaflokkunum, og vissulega er það t. d. þjóðarnauðsyn að verjast sauðfjárpestinni, en til þeirra varna hefur farið sú aukning á framlögum til landbúnaðarins, sem Haraldur Guðmundsson talaði um. Eða hvernig dettur Alþýðuflokksmönnum í hug að tala um sjálfstæðismenn sem óvini verkalýðs og alþýðu til sjávar og sveita, þegar það er auðsætt, að miklu fleira af þessu fólki er í Sjálfstfl. en Alþfl., og þegar Alþýðuflokksmenn vita, að eina ráðið til að forða verkalýðssamtökunum frá kommúnistum er, að samvinna í verkalýðsmálum eigi sér stað milli þessara flokka?

Auðvitað eru lýðræðisflokkarnir ósammála um margt, en það er bezt að gera sér í allri vinsemd öfgalaust grein fyrir, hvar hver og einn stendur og hvers hann er megnugur. Stór orð og ráðagerðir, sem stangast á við allan veruleika, hefna sín oftast furðu fljótt. Slíkir orðhákar og ráðagerðasmiðir lenda oftast sjálfir í þeirri gröf, er þeir ætluðu öðrum, enda eru t. d. framsóknarmenn farnir að finna það, að nartið, sem málgögn þeirra eru sífellt með í sjálfstæðismenn, svipað því, sem Hermann Jónasson var með, bitnar ekki á þeim, heldur fyrst og fremst á framsóknarmönnum sjálfum, svo sem berlega kom fram í Mýrasýslukosningunni í sumar og fréttir berast um hvarvetna að af landinu.

Gagnrýnin er að vísu nauðsynleg, og þar sem við erum allir mannlegir, má margt að okkur finna. En því auðveldara ætti að vera að halda sér við sannleikann og láta lygina kommúnistum einum eftir, því að hún er eina ívafið, sem þeir eiga eftir í sínum ljóta svikavef, þar sem Rússadekrið hefur ætíð verið uppistaðan. En til alls annars verður að ætlast af þeim stjórnmálaflokkum, sem af íslenzku bergi eru brotnir og starf sitt miða við íslenzka hagsmuni. Við, sem í stjórnmálum stöndum, verðum að vísu flestir svo harðhúðaðir, að ósannindavaðallinn, úr hvaða átt sem hann kemur, fær ekki á okkur. En íslenzka þjóðin hefur vissulega nóg að deila um, næga örðugleika við að etja, þótt við búum okkur ekki til deilumálin og örðugleikana að ástæðulausu. Til slíkra tilbúinna örðugleika verður óneitanlega að telja svo skrýtna og einhliða sagnfræði sem hæstv. samráðh. minn, Hermann Jónasson, bar hér á borð um fyrrv. ríkisstjórnir. Mætti verja löngum tíma til að leiðrétta ýmislegt, sem hann sagði þar. Til þess er ekki tími nú, enda tel ég þessa eilífu deilu um það, sem liðið er, einna ófrjóastan þátt íslenzkra stjórnmála. Sagan dæmir um það, sem liðið er, en sannleikurinn er sá, að allur tíminn frá stríðslokum er óslitið tímabil stórfelldra framkvæmda og umbóta. Vitanlega hefur sumt farið lakar en skyldi, en nú skiptir ekki mestu máli að deila skini og skuggum í því liðna, heldur er aðalatriðið nú og í framtíðinni að þoka góðum málum fram. Margt fer að vísu aflaga, en mikið hefur sannarlega áunnizt. Erfiðleikarnir mega ekki verða til hindrunar, heldur til hvata um enn harðari sókn íslenzku þjóðinni til framdráttar og vegsauka.

Við megum aldrei gleyma þeim orðum þjóðskáldsins, að

„fjör kenni oss eldurinn, frostið oss herði,
fjöll sýni torsóttum gæðum að ná".

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Núna í jólakauptíðinni held ég, að Íslendingar, eldri og yngri, karlar og konur, séu um ekkert eins sammála og það, að vöruokrið sé staðreynd, sem ekki þýði að neita. Þó er sá einn Íslendinga, sem ekki viðurkennir þessa staðreynd, og það er hæstv. viðskmrh., Björn Ólafsson. Er hann líka almennt meðal þjóðarinnar nefndur ráðherra okursins, og auðvitað er slíkum embættismanni nokkur vorkunn, þótt hann hafi sérstöðu meðal þjóðarinnar um afstöðu til málsins.

Á sama hátt er þjóðin líka sammála um þá sorglegu staðreynd, að atvinnuleysið sé að heltaka þjóðlífið, að það hafi nú þegar sett sitt dapurlega svipmót eða mark á daglegt líf fólksins í miklum meiri hluta íslenzkra kauptúna og bæja og að á seinustu mánuðum hafi skuggi þess einnig færzt yfir höfuðborgina sjálfa. Um þetta er alls ekki deilt meðal þjóðarinnar. Þessi dapurlega staðreynd er augljósari en svo, að

nokkrum haldist uppi að neita henni. Stjórnarblaðið Tíminn birtir meira að segja leiðara í dag um atvinnuleysispláguna. Hefst Tímagreinin á þessari játningu, með leyfi hæstv. forseta: „Allmikið atvinnuleysi hefur verið í haust í ýmsum kauptúnum og kaupstöðum. Hér í Reykjavík ber nú einnig talsvert á atvinnuleysi“ o. s. frv. Þó er og einn, sem lætur til sín heyra um atvinnuástandið og virðist vera á öndverðum meið við alla þjóðina, og það er hæstv. atvmrh., Ólafur Thors. Hann sagðist í útvarpinu í gærkvöld „treysta því, að allir sanngjarnir menn viðurkenni, að ríkisstj. hafi sýnt áhuga og atorku í baráttunni gegn því almenna atvinnuleysi, sem yfir vofði og án alls efa hefði skollið á, ef stj. hefði ekki tekizt að bægja því frá með algerri stefnubreytingu og róttækum aðgerðum á sviði efnahagsmála þjóðarinnar“. Þarna höfum við það þá og höfum engan ólygnari fyrir því en Ólaf Thors. „Stjórnin hefur bægt því frá með róttækum aðgerðum.“ M. ö. o., atvinnuleysið er ekki til.

Þannig hallast ekki á fyrir þeim, þessum tveimur hæstv. ráðherrum Sjálfstfl. Annar þeirra er blindur á okrið, sem altekur allt þjóðfélagið. Hinn er staurblindur á böl atvinnuleysisins og neitar tilveru þess. — Það eru fleiri en Nelson, sem setja sjónaukann fyrir blinda augað.

Nei, atvinnuleysið er því miður ekki hugarburður eða tilbúningur stjórnarandstöðunnar. Ástandið í þessum málum hefur heldur ekki farið fram hjá Alþingi. Það er kannske vika — og þó tæplega það — síðan fjölmenn atvinnuleysisnefnd frá Iðju, félagi verksmiðjufólks, kom í alþingishúsið og gekk á fund allra formanna stjórnmálaflokkanna til að ræða við þá um hið einstæða hörmungarástand, sem skapazt hefur í iðnaðinum fyrir beinan tilverknað ríkjandi stjórnarstefnu og til að heita á formenn flokkanna um fulltingi við stjórnmálaaðgerðir til að afstýra voða, áður en Alþingi lyki störfum. — Í gærdag kom svo einnig í alþingishúsið fjölmenn nefnd frá fulltrúaráði verkalýðsfélaganna í Reykjavík og leitaði fundar við alla þingflokka til umræðu um hið geigvænlega atvinnuleysi iðnverkafólks og iðnaðarmanna í bænum. Lagði nefndin fram óskir sínar um ákveðnar leiðir til úrbóta. Þessi nefnd skýrði frá því, að nú væru 15 prentarar atvinnulausir og Prentarafélagið greiddi vikulega 5000 kr. í atvinnuleysisstyrki. Er það einasta stéttarfélagið í landinu, sem getur slíkt um nokkurt skeið. 70 múrara sagði nefndin vera atvinnulausa, 130 vörubílstjóra, 400 iðnverkamenn og konur, 350 verkamenn, 35 málarasveina og svipaða tölu málarameistara, og þannig er ástandið í fleiri iðngreinum. Fullyrti nefndin, að alls mundu um 1200 manns vera atvinnulausir að mestu eða öllu leyti hér í Reykjavík eins og stæði. Þar að auki vofði atvinnuleysi yfir fjölda fólks í viðbót upp úr áramótum og hefði það þegar fengið sínar uppsagnir; þannig mundi ástandið fara hríðversnandi upp úr áramótum, ef ekkert yrði gert. Undirrót þessa atvinnuleysis í iðnaðinum taldi nefndin vera fyrst og fremst einmitt ákveðnar aðgerðir ríkisstj. í viðskipta- og efnahagsmálum, alveg öndvert því, sem atvmrh. vildi vera láta, er hann staðhæfði frammi fyrir þjóðinni, að atvinnuleysinu hefði verið bægt frá með stefnubreytingu stj. og róttækum aðgerðum í efnahagsmálum. Er því spurningin í þessu máli sú, hvor viti nú betur, hvar skór kreppir að, fólkið, sem ber hann á fætinum, eða Ólafur Thors í villunni sinni við Garðastræti, og hvor metur þannig réttar af ávöxtunum verkanir stjórnarstefnunnar á atvinnulífið, iðnverkafólkið eða atvmrh. — sumir mundu kannske allt eins segja atvinnuleysismálaráðherra.

Hæstv. atvmrh. var næsta drjúgur yfir þeim ósköpum, sem ríkisstj. hefði gert til að uppræta atvinnuleysið á Siglufirði. Þó viðurkennir hann, að ríkisstj. gæti ekki komið í síldarinnar stað sem aflvaki atvinnulífsins þar. Manni skildist þó, að Siglfirðingum hafi verið gefinn togari, tunnuverksmiðja væri í samfelldri starfrækslu þar árið um kring vegna aðgerða ríkisstj. og nýskeð væri búið að gefa þangað allt, sem til þyrfti í stórvirkt harðfrystihús. Ég óska Siglfirðingum hjartanlega til hamingju með einstæða velsæld þeirra, ef þessi lýsing ráðherrans hefur ekki bara verið glansmyndarjólakort með gyllingu í stað prentsvertu veruleikans. Mér skilst þó af fregnum að norðan, að togarinn eigi helzt að borgast við tækifæri og að íshúsið sé heldur ekki hugsað sem gjöf, sem engin von er til. Og enn fremur skilst mér, að ríkisstj. hafi engan hlut átt að því að tryggja rekstur tunnuverksmiðjunnar, hún muni aðeins eiga efni í ca. 40 þús. tunnur, sem skiptast skuli milli verksmiðjanna á Siglufirði og Akureyri, og muni það hvergi nærri duga til að tryggja samfelldan rekstur árlangt, heldur aðeins um skamman tíma.

Þó sé fjarri mér að vanþakka það, sem vel er gert, og það er rétt, að með því að hafa hér hungurgöngunefnd á tröppum stjórnarráðsins í mestallt haust, hefur Siglfirðingum tekizt að fá meiri aðstoð til að sigrast á atvinnuleysisbölinu hjá sér en nokkru öðru bæjarfélagi hefur verið veitt. En það eru hins vegar of miklar ýkjur í alvörumáli, þegar atvmrh. telur sig hafa útrýmt atvinnuleysinu í landinu. Svo mikið er víst, að hann hefur ekki komið Ísfirðingum í þorsksins stað, og mun sannarlega verða gengið úr skugga um það á næstunni, hvaða skilning þessi virðulegi ráðherra hefur t. d. á atvinnulífi Ísfirðinga og hvaða aðstoð hann vill veita viðleitni þeirra til að koma því á traustan framtíðargrundvöll. Og um það má ráðherrann vera öldungis viss, að ástandið í atvinnumálunum er ekki betra en það, þrátt fyrir allt það, sem hæstv. ráðherrar hver á fætur öðrum segjast hafa gert til útrýmingar atvinnuleysinu, að bæði iðnverkafólkið í Reykjavík og atvinnuleysingjarnir annars staðar á landinu hafa fyllstu ástæðu til að segja í allri hógværð: Ofboðlítið betur, ef þér getið, herra Ólafur Thors.

Morgunblaðið hefur nú sagt okkur það í dag, að Ólafur Thors hafi í gærkvöld flutt alvöruþrungna og rökfasta ræðu. Ekki veit ég, hvaða dóm hlustendur leggja á þá ræðu. En mér fannst Ólafur Thors vera léttur á brún og léttur í máli og taka létt á málum þeim, sem hann vék að, enda er það eitt höfuðeinkenni þessa stjórn-

málaforingja að koma létt við jörðu, jafnvel þó að alvarleg mál séu til umræðu. — Hann kvaðst vera mikill skottulæknir og gera sér góðar vonir um að geta læknað hæstv. forsrh., Steingrím Steinþórsson, af framsóknarveikinni, sem hann kvað allra pesta alvarlegasta næst á eftir karakúlpestinni. Annars hafði ráðh. þá sögu að segja, að í þetta sinn gæti hann látið sér nægja að tala stutt, því að hann hefði haldið svo langa ræðu á landsfundi sjálfstæðismanna og þar tekið fram flest það, sem hann hefði til stjórnmálanna að leggja um þessar mundir, yrði ræða sú hin mikla sérprentuð í pésa, sem landsmönnum öllum væri ætlað að lesa og læra. Þóttu þetta góð tíðindi, því að e. t. v. verður óþarfi, að nokkur sjálfstæðismaður haldi ræðu, eftir að þetta „Helgakver" íhaldsins hefur á þrykk út gengið. Varð það og ljóst að ræðulokum ráðh., að í þetta sinn hefði hann a. m. k. ekki þurft að halda neina ræðu.

Öðru máli gegndi með Eystein Jónsson fjmrh. Hann var þungur á brún og þungorður í fyrstu og virtist vilja láta líta svo út, að þar væri þungbyggður skriðdreki á ferð, sem hann fór. Samt gat ég ekki betur fundið en að hæstv. ráðh. færi létt — allt að því eins og grænlenzkur hundasleði — yfir ýmsa hnotta og svellbólstra söluskatts og tollheimtu, sem á vegi hans urðu.

Þrátt fyrir það að ráðh. áætli nú jafnmeistaralega vitlaust tekjur desembermánaðar eins og hann fyrir ári áætlaði allar tekjur ársins 1951, játar hann nú, að umframtekjur þessa árs verði á annað hundrað millj. kr. Í fyrra fullyrti hann, að till. Alþfl. um 32 millj. kr. aukin útgjöld til verklegra framkvæmda hlytu að leiða til hallarekstrar, nema þá við kæmum með till. um álagningu nýrra skatta. Þetta er strax í áttina, þó að játað sé af öðrum helztu mönnum stj., t. d. Gísla Jónssyni, að umframtekjurnar verði alltaf 150 millj. kr.

Þá játar ráðh. nú, að söluskatturinn verði nú 80—90 millj., en í fyrra varð þessum sama ráðh. aðeins með naumindum mjakað til að áætla hann 55 millj. við 3. umr. fjárl. (50 millj. við 2.). Þessi játning er líka mikið í áttina, þó að enn sé ekki öllu kingt, sem þingtíðindin herma eftir ráðh. frá í fyrra um þetta atriði. Um söluskattinn skulum við svo endanlega ræða að loknum janúar næstkomandi, því að þá fyrst verður hann inn kominn að mestu, og mun þá sýna sig, að hann verður ekki innan við 100 millj. Desember gefur alltaf tvöfaldar tekjur.

Hæstv. fjmrh. segir nú fyrst frá stórfelldum umframgreiðslum, sem orðið hafi hjá sér á þessu ári. Taldi hann fram nokkrar óumflýjanlegar hækkanir gjalda, svo sem hækkun viðhaldsfjár til vega o. fl., sem ekki yrði komizt hjá, sem rétt er. En þær hækkanir, sem hann nefndi, námu þó ekki meira en 20—30 millj. alls. Með þessu vildi ráðh. leiða líkur að því, að greiðsluafgangurinn yrði endanlega ekki meiri en 50—60 millj. Og þar af upplýsti hann meira að segja, að stjórnarflokkarnir væru búnir að koma sér saman um skiptingu á 30 millj. Væru því ekki eftir nema 20—30 millj. óráðstafað.

Við þessu er nú í fyrsta lagi það að segja, að ekki hefur Alþ. enn þá samþ. þessa baktjaldaskiptingu. Í annan stað hljóta greiðslur ráðh. umfram fjárlagaheimildir og umfram nauðsynlegar hækkanir að nema allmörgum milljónatugum, sem ég vildi ekki ætla honum að óreyndu, þegar ég reiknaði með allt að 100 millj. tekjuafgangi. — En þá er það einmitt komið á daginn, sem hættulegast er í sambandi við það að ganga frá falskri og allt of lágri tekjuáætlun fjárlaga, en það er það, að ráðherra standist ekki þá freistni að fara meira fram yfir heimildir gjalda, þegar hann situr með tugi millj. í höndunum, án þess að Alþ. hafi bundið það fé til ákveðinna fjárveitinga.

En nú veit ég þá það, að það hefur jafnvel hent þennan hæstv. fjmrh. að grípa til umframteknanna án heimildar Alþ., og hefði ég þó trúað honum betur en flestum öðrum til að skila því sem ósnertum tekjuafgangi, þar til Alþ. hefði ákveðið, hvernig því skyldi varið. Sýnir þetta það eitt, að það má ekki henda Alþ. aftur að ganga svona frá fjárl. Til þess eru vítin að varast þau.

Tekjuáætlunina fyrir 1952 ber að minu áliti að hækka a. m. k. um 40—50 millj., svo að hún verði nærri lagi. Jafnframt ber þinginu, ef ekki verður horfið að lækkun skatta, að ráðstafa þeim tekjuafgangi, sem þá kemur út, eða í þriðja lagi að ákveða, að mismunurinn skuli koma út sem ófalinn tekjuafgangur, sem ráðh. skili — eins og hann er maðurinn til — í lok næsta fjárlagaárs.

Spurningum ráðh. um það, hvað það væri, sem við Alþfl.-menn teldum hægt að spara í ríkisrekstrinum, er mér ljúft að svara. Það er auðsætt mál, að ef menn viðurkenna á annað borð þá staðreynd, að ekki megi halda lengra á braut hækkandi skatta, þá er fyrsta sporið, sem stíga verður, að stöðva fjölgun í starfsliði ríkisins. Næsta sporið er að athuga, hvort ekki sé unnt með bættum vinnubrögðum, t. d. vinnuvélum eða breyttu skipulagi fyrirtækja í einfaldari átt, að stöðva hækkanir þeirra fjárupphæða í krónutölu, sem veittar eru til hinna ýmsu ríkisstofnana og fyrirtækja og hafa farið sihækkandi frá ári til árs. Enn kæmi til álita að athuga, hvort ekki mætti fella niður einhverja gjaldaliði, sem ekki teldust bráðnauðsynlegir. En mér er ekki kunnugt um, að hæstv. ríkisstj. hafi fallizt á að fara neina af þessum leiðum. Hæstv. fjmrh. sagðist að vísu hafa sagt upp og losað úr þjónustu ríkisins um 60 manns. Nú vil ég spyrja: Hvar hefur sparnaðurinn af þessari ráðstöfun komið fram á fjárlögum? Ég fullyrði, að hans hefur þar hvergi orðið vart. En ef svo væri samt, þá er máske hægt að verja þeim tveim milljónum króna, sem við þetta hefðu átt að sparast, annaðhvort til lækkunar á sköttum eða upp í aðstoð við sveitarfélögin, sem ekki verður hjá komizt að rétta hjálparhönd. Sé þetta hins vegar skömmtunarskrifstofan, sem enginn þakkar þótt lögð væri niður, þegar skömmtun var hætt, þá er þess að geta, að henni var ætlað að standa undir sér sjálfri, og hafði hún því engin áhrif á útkomu fjárlaga frá eða til.

Hins vegar er í fjárlagafrv. um fjölganir að ræða, bæði á hálfum og heilum mönnum í sjálfum ráðuneytunum, einmitt þar, sem sízt

mættu eiga sér stað viðbætur á starfsliði, ef stöðvun á þenslu starfskerfisins væri ríkisstj. alvörumál. Felld var í fjvn. till. um að neita um þessa fjölgun. Föstum starfsmönnum er einnig fjölgað í nokkrum öðrum ríkisstofnunum, eins og t. d. í skattstofunni um tvo, þar sem nú vinna 30 manns, og við dómgæzlu og lögreglustjórn, en þar er einnig fjölgað bílum. Þannig bætist við starfsmannalið ríkisins ár frá ári. Fjöldi tillagna frá stjórnarandstöðunni um að hamla upp á móti vaxandi kostnaði við ýmis stærstu skrifstofubáknin hér í Reykjavík var drepinn af meiri hl. stjórnarliðsins í fjvn. Þannig hefur borgardómaraembættið hækkað um 98 þús. kr. síðan 1950, kostar nú 450 þús. Sakadómaraembættið hefur hækkað um 218 þús. síðan 1950, kostar nú 960 þús. Kostnaður við tollstjóraembættið hefur hækkað um 760 þús. síðan 1950 og er nú 2 millj. og 900 þús. kr. Auk þess hefur tollgæzlan hér í Reykjavík hækkað um 580 þús. síðan 1950 og kostar nú 2 millj. og 100 þús. kr. Þannig mætti lengi telja. Þetta eru orðin stór og dýr fyrirtæki, mikil bákn, sem taka til sín mikið fé í ríkisreksturinn, og ég spyr: Er þarna ekkert hægt að spara? Ég veit, að hæstv. ráðh. segir nei, en það sannfærir mig ekki.

Eða lítum á 10. gr. fjárlaganna. Sú gr. hækkar um nálega 2 millj. bara frá seinustu fjárlögum. — Ekki batnar heldur þegar kemur að 11. gr., sem fjallar um fjárveitingar til dómgæzlu og lögreglustjórnar, opinbers eftirlits, skatta- og tollheimtu. Þar hækkar A-liður gr. einn úr 16.3 millj. í 21.6 millj., annar liðurinn, B-liður, um hálfa milljón, úr 1.1 í 1.6, C-liður, sem er kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta, úr 4.5 millj. í 8.6 millj. og sameiginlegur kostnaður vegna embættisrekstrar úr 1.5 í 2.3 millj. Alls hækkar þessi eina gr. fjárlaganna um nærri 11 millj. kr., enda er hún typiskasta dæmið um rekstrarkerfi ríkisins og frjóan vöxt þess hvað kostnað áhrærir á einu einasta ári. Þarna — og víðar með svipuðum hætti — er undirbygginguna að finna að þeirri skattaplágu, sem ég gerði að umræðuefni í gær og alla er nú að sliga.

Þá eru það utanríkismálin, sem ég vil gefa hlustendum kost á að kynnast dálítið og bera undir dóm skynbærra manna, hvort engum sýnist sem mér, að einhver sparnaður væri þar hugsanlegur, ef vilji væri með.

Það er þá fyrst aðalræðismannsskrifstofan í New York. Þar hefur ein stúlka í laun og staðaruppbót 42400 kr. Annar kostnaður 19600 kr., eða alls 62 þús. kr. — Aðalræðismannsskrifstofan í Hamborg: Þar eru laun og staðaruppbót aðalræðismannsins 124 þús. kr. og kostnaður alls 229 þús. Þetta var ekki til fyrir 5 árum. — Sendiráðið í Osló: Laun og staðaruppbót sendiherrans þar eru 128500 kr. Laun og staðaruppbót sendiráðsritara 85700 kr. Kostnaður alls 262600 kr. Var ekki til fyrir 5 árum. — Sendiráðið í Kaupmannahöfn: Laun og staðaruppbót sendiherra eru 162 þús. kr. Laun og staðaruppbót sendiráðsritara 46800 kr. Kostnaður alls 267 þús. Þetta var 120 þús. fyrir 5 árum. — Sendiráðið í Stokkhólmi: Laun og staðaruppbót sendiherra 147700 kr. Kostnaður alls 312 þús. kr. Var 109 þús. fyrir 5 árum. — Sendiráðið í London: Laun og staðaruppbót sendiherra 173400 krónur. Laun og staðaruppbót sendiráðunautar 137100 kr. Laun og staðaruppbót sendiráðsritara 92500 kr. Kostnaður alls 658 þús. kr. Var 219 þús. fyrir 5 árum. — Sendiráðið í París: Laun og staðaruppbót sendiherra 254600 kr. Laun og staðaruppbót sendiráðunautar 146900 kr. Laun og staðaruppbót sendiráðsritara 122400 krónur. Kostnaður alls 742 þús. Þetta var ekki til fyrir 5 árum. — Sendiráðið í Washington: Laun og staðaruppbót sendiherra 293800 kr. Laun og staðaruppbót sendiráðunautar 117500. Kostnaður alls 702800 kr. Var 230 þús. fyrir 5 árum. Ofan á þetta bætist skattfrelsi. Stjórn, sem þetta allt lætur ósnert, er ekki sparnaðarstjórn, heldur eyðslustjórn, sem haldið hefur svo á málum, að 150 milljóna umframtekjur geta hjaðnað niður í 50—60 millj. kr. tekjuafgang.

Brynjólfur Bjarnason: Góðir hlustendur. Í þessum umræðum hafa fulltrúar sósialista lýst ýtarlega árangrinum af stefnu afturhaldsflokkanna þriggja frá árinu 1947 og fram til þessa dags.

Við skulum draga saman aðalatriðin:

Mörg mikilvirkustu atvinnutækin, sem komið var upp á nýsköpunarárunum, liggja ýmist ónotuð eða hafa orðið að draga mjög úr starfsemi sinni. Vélbátaflotinn er aðeins nýttur að nokkru leyti. Togararnir hafa verið látnir sigla með aflann óunninn á erlenda markaði. Fiskiðjuver, frystihús og verksmiðjur standa ónotuð. Iðnfyrirtæki, sem framleiða fyrir innlendan markað, hafa orðið ýmist að draga mjög saman seglin eða stöðva rekstur sinn með öllu. Byggingarframkvæmdir eru stöðvaðar að mestu. Afleiðingin er mikið og almennt atvinnuleysi, sem minnir á kreppuárin fyrir stríð. Á einu ári hefur tala iðnverkafólks í Reykjavík minnkað um nálega helming og á Akureyri um tuttugu og fimm af hundraði. Enn alvarlegra er þó atvinnuleysið í öðrum kaupstöðum og kauptúnum víðs vegar um land. Sums staðar er ástandið þannig, að allur þorri verkafólks fær ekki handtak að vinna mánuðum saman. Í ágústmánuði reyndist ástandið á Bíldudal þannig, að meðaltekjur þeirra, er til skráningar komu, voru 250.00 kr. til framfærslu hvers einstaklings. Þetta gefur ekki aðeins mynd af ástandinu á Bíldudal, heldur í fjölmörgum kaupstöðum landsins. Tilraunir hafa verið gerðar til þess að hagnýta þetta ástand til pólitískrar skoðanakúgunar í stórum stíl.

Frá því að stjórn Stefáns Jóhanns tók við veturinn 1947, hefur verðlag nálega tvöfaldazt samkvæmt vísitöluútreikningi. Frá sama tíma og þar til í vor, áður en verkföllin hófust, hafði kaupmáttur launanna minnkað sem svarar því, að tímakaup Dagsbrúnarmanna hefði verið lækkað úr kr. 9.24 niður í kr. 6.61, ef miðað er við gömlu vísitöluna. Talið í dollurum hafði það lækkað um meira en helming.

Í Reykjavík búa um 2200 manns, þar af 900 börn, í bröggum, auk alls þess fjölda, sem býr í öðrum íbúðum, sem ekki geta talizt mannabústaðir. Og efnahagslegu sjálfstæði okkar er nú

svo komið, að við fáum ekki að byggja hús yfir okkur nema með leyfi erlendra valdamanna.

Tollar og neyzluskattar hafa hækkað úr 50 millj. árið 1946 í 228 millj. samkvæmt fjárlagafrv. því, sem nú er til umræðu, eða meira en fjórfaldazt. Þeir nema nú um átta þúsund krónum til jafnaðar á hverja fimm manna fjölskyldu í landinu. Í stuttu máli: Af völdum þeirrar stefnu, sem fylgt hefur verið undanfarin ár, er nú „að skella yfir íslenzkt atvinnulíf verri kreppa en hin alræmda heimskreppa 1931. Það gerist, þótt nú séu afurðir okkar mjög auðseljanlegar á ágætu verði og framleiðslutæki eigum við nú betri og fullkomnari en nokkru sinni fyrr", eins og Ásmundur Sigurðsson komst að orði í nefndaráliti sínu. Þetta eru staðreyndir, sem enginn af fulltrúum Marshallflokkanna hefur treyst sér til að vefengja í þessum umræðum. En samt eru þeir ánægðir með sjálfa sig — eins og fram kom í ræðu Hermanns Jónassonar. Hann var mjög hreykinn af, að enn skuli þó vera einhverjar framkvæmdir í landinu þrátt fyrir ríkisstj., enn skuli vera lagðir vegir, byggðar nokkrar brýr og jafnvel nokkur hús á við og dreif.

Og hvað eigum við í vændum? Núverandi valdhafar virðast byggja allar vonir sínar á því, að ekkert lát verði á vígbúnaðinum í heiminum og að á meðan sé okkur borgið sem niðursetningi Bandaríkjanna, sem þurfa á landi okkar að halda fyrir herstöð og vígvöll í komandi stríði. En við Íslendingar ættum ekki að vera búnir að gleyma því, að „þraut er að vera þurfamaður" — og ekki síður þótt hreppsnefndin sé vestur í Washington. Á miðju næsta ári fellur Marshallhjálpin niður. Ef von mannkynsins rætist og hægt verður að afstýra styrjöld, þá verður ekki hægt að halda vígbúnaðarkapphlaupinu áfram nema um takmarkaðan tíma. Og um leið er skollin yfir þann auðvaldsheim, sem Ísland hefur tengt öll örlög sín við, ægilegasta viðskiptakreppa í sögu hans. Íslenzkar afurðir verða óseljanlegar í þeim löndum, sem valdhafarnir hafa gert okkur efnahagslega háða. Og ef við horfum lengra fram í tímann, — hvers konar framtíð erum við að búa komandi kynslóðum? Gerum fyrst ráð fyrir, að hamingjan gefi okkur frið. Vinir okkar, sem ríkisstj. elskar svo mjög, að hún er reiðubúin að fórna lífi íslenzku þjóðarinnar fyrir þá, sækja á fiskimið okkar með sívaxandi flota og tækni, sem getur þurrausið hin beztu fiskimið á tiltölulega skömmum tíma. Þeir banna okkur að friða uppeldisstöðvar fisksins. Þegar við gerum hógværar tilraunir til þess að færa lítils háttar út landhelgina, þar sem þeir hafa minnstra hagsmuna að gæta, þá skipa þeir okkur að láta þá ákvörðun ekki koma til framkvæmda. Og ríkisstj. hlýðir í auðmýkt. Við fellum þungan dóm yfir liðnum kynslóðum fyrir að hafa eyðilagt skógana. Hvað munu þá komandi kynslóðir segja um okkur, sem erum að kippa grundvellinum undan sjálfu lífi þjóðarinnar með því að leyfa, að fiskistofninum sé tortímt? Og hvernig erum við svo viðbúnir að hagnýta aðrar auðlindir landsins, ef sjórinn bregzt? Ef við hagnýttum vatnsorku landsins t. d. til þess að koma upp áburðarframleiðslu í stórum stíl, þá gætum við framleitt útflutningsverðmæti, sem numið gætu hundruðum milljóna króna árlega og öruggur markaður er fyrir. Þetta er okkur bannað. Við eigum nógar auðlindir, en okkur er bannað að hagnýta þær. Stefnan er ákveðin af „vinunum" vestan hafs og framkvæmd af íslenzkum stjórnarvöldum.

Ég hef nú lýst því í fáum dráttum, hvert núverandi ríkisstj. leiðir okkur, ef hamingjan verður okkur hliðholl og við fáum að halda friði. En ef örlög okkar verða eins og til er stofnað og þriðja heimsstyrjöldin brýzt út, hvað eigum við þá í vændum?

Íslenzka ríkisstj. og allir þrír stuðningsflokkar hennar í utanríkismálum — Alþýðuflokkurinn, Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn — hafa afhent Bandaríkjamönnum ótakmörkuð yfirráð yfir íslenzku landi til stríðsundirbúnings. Við höfum orð utanrrh. fyrir því, að rætt hefur verið um að koma einnig upp íslenzkum her. Taldi hann, að ef við ættum að standa Norðmönnum á sporði, yrðum við að koma upp 12 þús. manna her og verja 90 millj. kr. á ári til vígbúnaðar. Þetta hefur verið staðfest í erlendum blöðum og talið, að framlag Íslands ætti að vera 10—18 þús. manna her. Það er ekki farið dult með, hvaða hlutverk Íslandi er ætlað í komandi styrjöld. Því hefur verið marglýst yfir af valdamönnum Atlantshafsbandalagsins, að kjarnorkustöðvar á norðlægum breiddargráðum væru fyrirhugaðar á Bretlandi og Íslandi. Nú eru í undirbúningi í Englandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir, að slíkar stöðvar verði notaðar til árása þaðan. Þetta hefur verið knúið fram af brezku þjóðinni, sem óttast tortímingu. Það stóð ekki á svarinu frá Bandaríkjunum. Edwin Johnson, meðlimur kjarnorkunefndar Bandaríkjaþings, lýsti því yfir 12. nóv., að engin ástæða væri til þess að setja England í hættu fyrir óvinaárás, stöð til kjarnorkuárása væri miklu betur sett á Íslandi. Frá sjónarmiði þessara elskulegu vina okkar munar ekki mikið um einn blóðmörskepp í sláturtíðinni. Þeim finnst það lítil fórn, þó að þessum fáu sálum, sem Ísland byggja, væri eytt í kjarnorkustyrjöld. Ég geri líka ráð fyrir, að núverandi valdhöfum okkar mundi finnast það mikil upphefð, ef íslenzka þjóðin yrði útvalin til þess að fórna sér fyrir siðmenninguna, en svo heitir auðvald og fasismi Bandaríkjanna á máli þeirra. Svo mikið er víst, að ekki hafa þeir fundið ástæðu til að gera neina athugasemd við yfirlýsingu hins ameríska valdamanns.

Bandaríkjamenn leggja mikla stund á að lýsa því fyrir almenningi, hvernig þeir ætli að heyja næsta stríð. Einhver kjarnyrtasta lýsingin birtist í forustugrein blaðsins Washington Times Herald. Hún hljóðar svo: „Við skulum senda flugvélar upp í 40 þúsund feta hæð, hlaðnar kjarnorkusprengjum, sýklum og trinitrotoluoli, til þess að drepa börnin í vöggunni, gamalmennin á bæn og verkamennina að starfi." Við lifum í sjúkum heimi, og það kunna að vera til Íslendingar, sem telja slíkar hernaðaraðgerðir sjálfsagðar gegn þjóðum, sem búa við kommúnistiskt skipulag. Að minnsta kosti var mönnum

hótað atvinnumissi og útskúfun, ef þeir skrifuðu undir mótmæli gegn notkun kjarnorkuvopna. Þessa afstöðu rökstuddi Morgunblaðið með því, að Bandaríkjamenn ættu kjarnorkusprengjur, en Rússar ekki. En það er líka önnur hlið á þessu máli, sú, sem að okkur snýr. Eftir að nokkrar slíkar árásir hafa verið gerðar frá Íslandi, þá held ég, að ekki sé of mikið sagt, að við megum búast við því, að Reykjavík og raunar öll byggðin við Faxaflóa verði ein rjúkandi rúst.

Bandarísku flokkarnir halda því fram, að herstöðvar Bandaríkjanna bæði hér á landi og annars staðar séu aðeins til varnar, með þeirri röksemd, að það sé alveg ómögulegt að hugsa sér, að Bandaríkin heyi árásarstyrjöld. Til þess að þeir geti gert sér vonir um, að einhver trúi þessu, held ég, að þeir ættu að byrja á því að banna alla kennslu í mannkynssögu í skólum landsins. Þeir, sem hafa lært eitthvað lítils háttar í sögu, eru ekki allir búnir að gleyma árásum Bandaríkjanna á Hawaiieyjar, Haiti, Kúbu, Nicaragua og Filippseyjar, svo að nokkur dæmi séu nefnd. Enn er í fersku minni innrás Bandaríkjanna í Sovétríkin 1918—19, sem Bretland, Frakkland og 11 önnur ríki tóku einnig þátt í. En kannske maðurinn, sem nú situr í forsetastóli Bandaríkjanna, sá, sem lét varpa kjarnorkusprengjum yfir Hiroshima og Nagasaki og hefur lýst því yfir oftar en einu sinni, að í næsta skipti muni hann láta varpa enn þá ægilegri sprengjum, sé líklegur til að gerast verndarengill friðarins og tryggja það, að Bandaríkin geri aldrei framar árás? Er þá rétt að athuga, hvað Bandaríkin og aðrir samherjar okkar í Atlantshafsbandalaginu hafa aðhafzt í stjórnartíð hans. Hollendingar hafa farið með stríð á hendur Indónesíu og Frakkar gegn Indókína, hvorir tveggja með stuðningi Bandaríkjanna. Bretar heyja nýlendustríð á Malakkaskaga og hafa lagt undir sig egypzkt land með hervaldi. Bandaríkin hafa beitt hervaldi gegn Kína, lagt undir sig kínversku eyjuna Formósu og kastað sprengjum yfir kínverskar borgir, að ógleymdri innrásinni í Kóreu. Eða kannske Kóreumenn hafi gert innrás í Bandaríkin? Undir forustu hins kjarnorkuveifandi varðengils friðarins hefur verið komið upp hring herstöðva umhverfis Sovétríkin. Og heima fyrir eru valdamenn Bandaríkjanna ekki myrkir í máli um það, til hvers á að nota þessar stöðvar. 23. ágúst 1950 lýsti Matthew flotamálaráðherra Trumans því yfir í ræðu í Boston, að Bandaríkin ættu ekki að hika við að hefja árásarstríð „í friðarins þágu".

Það hafði ekki heldur verið rætt lengi um varnarsamninginn á Alþingi áður en gríman datt af andlitum forsvarsmanna hans. Einar Olgeirsson bar fram tillögu um, að samningurinn skyldi úr gildi fallinn, ef Bandaríkin gerðu árás. Þessa tillögu felldu amerísku flokkarnir á Alþingi. Þeir greiddu atkvæði gegn henni allir með tölu. Og hver haldið þið, að rökin hafi verið? Þau voru þessi: Það er óhugsandi, að Bandaríkin heyi árásarstríð. Þess vegna má ekki taka fram, að stöðvarnar skuli ekki notaðar til árása. — Það er ótrúlegt, en satt, að slíkum rökum skuli beitt á málþingi fullorðinna vitiborinna manna. Eða þá mannfyrirlitningin, sem í þessu felst gagnvart þeirri þjóð, sem ætlað er að taka slík „rök" fyrir góða og gilda vöru. Þegar Ísland gerðist þátttakandi í Atlantshafsbandalaginu, var því lýst yfir, að ekki kæmi til mála, að herstöðvar yrðu á Íslandi á friðartímum. Hæstv. landbrh., Hermann Jónasson, sagði þá í nefndaráliti, að slík yfirlýsing væri lítils virði, ef hún væri ekki tekin í samninginn sjálfan. Því var hafnað með sömu rökum og tillögu Einars Olgeirssonar nú. Hæstv. ráðh. reyndist sannspár. Nú eru komnar hér herstöðvar á friðartímum með samþykki þessa sama ráðh., Hermanns Jónassonar. Þegar svo við þetta bætist yfirlýsing Edwin Johnsons um, að Ísland eigi að verða kjarnorkustöð, og yfirlýsing amerísks flotamálaráðh. um, að Bandaríkin eigi ekki að hika við að hefja árásarstríð, þá er ekki um að villast. Forustumenn amerísku flokkanna vita, hvað þeir eru að gera. Vitandi vits hafa þeir leyft að koma hér upp herstöðvum til þess að hefja árás og varpa dauða og tortímingu yfir þjóðir, sem við eigum engar sakir við. Vitandi vits eru þeir að fórna Íslandi og íslenzku þjóðinni á altari amerískrar heimsvaldastefnu.

Þetta var þó enn betur staðfest í meðferð málsins í efri deild. Finnbogi R. Valdimarsson flutti brtt. við frv. um staðfestingu hervarnarsamningsins, þess efnis, að herstöðvar á Íslandi mætti aðeins nota til varnar, frá þessum stöðvum skyldi óheimilt að gera árás, nema árás hefði áður verið gerð á landið. Enn fremur skyldi óheimilt að gera árás með kjarnorkusprengjum frá stöðvum á Íslandi, nema Ísland hefði áður orðið fyrir slíkri árás. Allar þessar tillögur felldu þingmenn amerísku flokkanna þriggja. M. ö. o., samkvæmt samningum við Bandaríkin skulu þau hafa ótakmarkaða heimild til að hefja árás að fyrra bragði — einnig með kjarnorkuvopnum — frá stöðvum á Íslandi. Hitt er svo annað mál, að það eru aðeins bandarískir stjórnmálamenn, sem hafa ráð á því að tala svona hreinskilnislega um árásarstríð í sínum hóp. Allur styrjaldarundirbúningur er jafnan dulbúinn sem varnir. Þess vegna þarf að búa til „hættu" til þess að sætta þjóðirnar við þær byrðar, sem á þær eru lagðar, það líf, sem er örbirgð í dag og fyrirheit um blóð og tár á morgun. Þess vegna er amerísku flokkunum á Íslandi fyrirskipað að þrástagast á því, að okkur sé ógnað af þjóðum, sem aldrei hafa sýnt okkur annað en vináttu. Þið heyrðuð ræðu hæstv. utanrrh., Bjarna Benediktssonar. Þetta var ágætt sýnishorn af stríðsæsingaræðum þeim, sem framleiddar eru í bandarískum áróðursverksmiðjum, og var þó þessi í flokki hinna hógværari. Vitanlega er svona tal langt fyrir neðan það að vera rökræðuhæft, en það er rétt að taka það til athugunar sem þjóðfélagsfyrirbæri. Svona ræður eru ekkert annað en einn þátturinn í hinu svokallaða sálfræðilega stríði, sem er mikið rætt í amerískum blöðum og hermálatímaritum og Bandaríkin verja til ótöldum milljónum dollara. Tilgangur þess er að æra og trylla þjóðirnar, gera þær örvita af hræðslu við ímyndaða og upplogna hættu.

Utanrrh. fullyrti blátt áfram, að land okkar væri í bráðri hættu fyrir rússneskri árás. — Þegar eitthvert ríki tekur að vígbúast í ákafa og utanrrh. þess fullyrðir gersamlega að tilefnislausu, að annað ríki hafi árás í huga, þá er verið að undirbúa árásarstríð af hálfu þess ríkis, sem ásökunina ber fram. Þetta hefur aldrei brugðizt. Þegar utanrrh. okkar segir svona hluti, þá er það vitaskuld ekki íslenzka ríkið, heldur ríki Bandaríkjanna á Íslandi, sem talar.

Þessi hæstv. ráðh. er sérstaklega frægur fyrir falsaðar tilvitnanir. Hann brá ekki vana sínum að þessu sinni. Líklega í 10. eða 20. sinn þuldi hann sömu fölsunina úr ræðu minni í tilefni hervarnarsamningsins við Bandaríkin frá 1941, þar sem ég átti að hafa sagt, „að hér mætti skjóta án miskunnar". Það er vitaskuld óþarft að taka það fram einu sinni enn, að þetta er uppspuni frá rótum. Það getur raunar hver maður sagt sér sjálfur. En nú skora ég á heitustu fylgismenn Bjarna Benediktssonar, sem enn kunna að vera í nokkrum vafa, að lesa þessa ræðu alla í alþt. 1941 og spyrja síðan sjálfa sig í fullri einlægni: Er hægt að trúa svona tilvitnanasmíðum fyrir örlögum heillar þjóðar? — Hins vegar geri ég ráð fyrir, að samvizka ráðherrans sé fullkomlega hrein, eftir að hann hefur gengið til Rómar og náð fundi páfa. Þetta gerðu sumir höfðingjar Sturlungaaldarinnar líka.

Þegar fulltrúar amerísku flokkanna eru spurðir, hvað þeir hafi til síns máls, að hættan sé svona yfirvofandi, hvers vegna Íslendingar eigi að óttast og skelfast og kalla í ofboði á amerískan her inn í landið, þá segja þeir, að ástæðurnar séu eftirfarandi:

1. Valdataka kommúnista í Tékkóslóvakíu og öðrum Austur-Evrópulöndum. Hér verði að stemma á að ósi.
2. Styrjöldin í Kóreu og viðsjár á Balkanskaga.
3. Stefna og starf kommúnista yfirleitt.

Þessi svör koma heldur en ekki upp um strákinn Tuma. — Í Tékkóslóvakíu, Póllandi og öðrum Austur-Evrópulöndum sitja að völdum stjórnir, sem hafa að baki sér yfirgnæfandi meiri hluta þings, sem kosið hefur verið í almennum þingkosningum. Þessar stjórnir hafa tekið upp stefnu, sem hefur velferð hins vinnandi fólks og sósíalistiskt þjóðskipulag að markmiði. Ef nú flokkar, sem hafa sósíalistiska stefnu, verða ofan á við þingkosningar í einhverju landi, t. d. á Ítalíu eða í Frakklandi, þá skal það eftirleiðis heita kommúnistisk árás og vera nægilegt tilefni til styrjaldar. Og það á að heita varnarstríð.

Þá er það Kóreustyrjöldin og Balkanskagi. Allir vita, að það voru ekki Rússar, sem gerðu innrás í Kóreu, heldur Bandaríkjamenn. Tilefnið var borgarastríð í landinu. Enginn, sem á annað borð vill vita, er nú lengur í vafa um, hvernig sú borgarastyrjöld hófst. Hún hófst með þeim hætti, að leppsveitir Bandaríkjanna í Suður-Kóreu voru látnar ráðast norður fyrir 38. breiddarbauginn, enda skýrðu bandarísk blöð frá sókn þessara sveita inn í Norður-Kóreu sama morguninn og árásin hófst. — Svona á að fara að því að koma styrjöld af stað undir nafninu varnarstríð. Það á að efla óaldarflokka í löndum, sem liggja að sósíalistiskum ríkjum, til þess að koma af stað landamæraárekstrum. Þetta er ekki vandasamt, eftir að fasistaríkin Grikkland og Tyrkland eru komin í Atlantshafsbandalagið. Síðan á að setja áróðursvélina í gang og láta blöð og útvarp æpa út yfir heiminn, að ráðizt hafi verið á þessi lönd. Styrjöldin er hafin, Ísland er komið í stríð samkvæmt sáttmála sínum, og það verður kallað varnarstríð. Þegar hæstv. utanrrh., Bjarni Benediktsson, lýsti því yfir í ræðu á landsfundi Sjálfstfl., að stefna og starf kommúnista gerði hervarnir Íslands nauðsynlegar, þá sagði hann óvart allan hug sinn, klíkubræðra sinna og yfirboðara. Morgunblaðið gaf þá skýringu á þessum orðum, að hér væri ekki einungis átt við íslenzka, heldur líka erlenda kommúnista. Eins og kunnugt er, heita allir þeir kommúnistar á máli Morgunblaðsins, sem andvígir eru auðvaldi og herveldi Bandaríkjanna, t. d. allir þeir, sem skrifað hafa undir mótmæli gegn notkun kjarnorkuvopna í hernaði, og yfirleitt allir verkamenn, sem taka virkan þátt í hagsmunabaráttu stéttar sinnar, svo að samkvæmt þessu hefur amerískur her verið kallaður til landsins til þess að annast tvíþætt verkefni: 1) Til þess að vera Bjarna Benediktssyni og félögum hans til aðstoðar í baráttu þeirra við landa sína og 2) til þess að heyja styrjöld gegn sósíalistum í öðrum löndum. Þessi játning er eins skýr og frekast verður á kosið. Og allt skal þetta heita varnarstríð. Hitler kallaði sína styrjöld líka varnarstríð. Allar árásarstyrjaldir eru kallaðar varnarstríð nú á dögum.

Ég hef í örfáum dráttum lýst því, hvert er orðið hlutskipti okkar Íslendinga eftir sex ára stjórn amerísku flokkanna, og reynt að gera grein fyrir því, hvað við eigum í vændum í friði og stríði, ef þeir fara áfram með völd. Ég hef aðeins haldið mér við staðreyndir, sem blasa við hverjum manni og ekki verður um deilt. Enn þá er það á valdi okkar að snúa við á þessari ógæfubraut. Við eigum nóg framleiðslutæki, nógar auðlindir og höfum nóga markaði til að tryggja hverjum manni verk að vinna og mannsæmandi lífskjör. Og okkur ber skylda til að búa eins vel í haginn fyrir afkomendur okkar og við frekast megnum, í stað þess að eyða landið, sem þeir eiga að erfa, og bjóða okkur fram sem fórn á altari Mammons í nýrri heimsstyrjöld. En til þess að forða okkur frá illu og hefja nýja framsókn er eitt nauðsynlegt: að víkja þeim flokkum til hliðar, sem eru að leiða okkur í glötun.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það er auðheyrt, að aðalumboðsmaður Stalins á Íslandi, sem nú talaði, er reiður yfir því, að Rússar skuli ekki fyrirhafnarlaust geta lagt undir sig Ísland, ef þeim býður svo við að horfa. Það verður nú samt við þetta að sitja, þótt hann sé móðgaður. Íslendingar eru ráðnir í því að hafa samstarf við vestrænu lýðræðisþjóðirnar, og umboðsmaður Stalins mun ekki finna marga Íslendinga, sem leggja trúnað á þann róg, að vestrænu lýðræðisþjóðirnar ætli að ráðast á Rússa. Sá áróður hans mun falla í grýttan jarðveg. En þessi ræða hans sýnir betur en við

mátti búast, hver áhugamál hans eru. Hann er eitt lítið tannhjól í hinni stóru vél alþjóðakommúnismans og ekkert annað.

Ég hélt fram í minni ræðu í gær, að þeim mun minna sem Landsbankinn þyrfti að lána ríkinu, þeim mun meira fé gæti hann lánað atvinnuvegunum. Þetta sagðist hv. 2. landsk., Lúðvík Jósefsson, ekki skilja. Og ég sagði, að ef lán bankans til ríkisins ykjust, þá yrði bankinn að draga saman lánveitingar til atvinnuveganna. Þetta þykist þessi hv. þm. ekki heldur skilja. Mér er sama, hvort hann skilur þetta eða ekki. Aðrir skilja það, og það er aðalatriðið. — Og í sambandi við atvinnumálin er þessum hv. þm. hollt að minnast þess, hvernig stóð á, þegar hv. þm. Siglf., Áki Jakobsson, fulltrúi kommúnista, var atvmrh., að þá sigldu allir togararnir og alltaf með allan afla sinn og lögðu hann upp í erlendum höfnum og aldrei á Íslandi, en nú er mjög mikið af togurum, sem leggja upp afla sinn á Íslandi og auka atvinnu innanlands. Það er sýnishorn af framburði hv. þm., hvernig hann talaði í sambandi við atvinnumálin.

Hv. 6. landsk., Hannibal Valdimarsson, hefur látið orð liggja að því, að ég hefði farið — að mér skildist — óráðvandlega með tekjuafganginn. Átti ég að loka sjúkrahúsunum, þegar kostnaður við þau hafði numið því, sem þeim hafði verið ætlað til rekstrarkostnaðar á fjárl.? Átti ég ekki að halda áfram framkvæmdum, sem búið var að ráðast í, sauðfjárskiptum og samgöngumálum og öðru slíku? Svona mætti spyrja áfram um allt að tuttugu liði á fjárl. Og ég spurði þennan hv. þm. fyrir stuttu, á hvaða liðum hann vildi spara, og taldi þá upp marga liði. Og þá sagði hann, að það væri auðvelt að spara. Fyrst mætti spara á utanríkisþjónustunni, og næst mætti svo athuga, hvort ekki væri hægt að spara á einhverjum öðrum liðum. Þetta voru svör hans við spurningum mínum. — Þá las hann upp tölur frá 1950 um kostnað við ríkisreksturinn og svo tölur, sem áætlaðar eru fyrir árið 1952, og gat um hækkun á þeim liðum. Þessar tölur hafa ekki hækkað vegna útþenslu í ríkiskerfinu, heldur vegna þess, að laun og allur rekstrarkostnaður hefur hækkað verulega, og þess vegna hljóta þessir liðir að hækka.

Þá vil ég víkja að verðlagsmálunum. Það kom engum á óvart, þótt verðhækkanir leiddi af gengislækkuninni. Slíkt var fyrir fram sjáanlegt. Á hinn bóginn hefur það valdið miklum truflunum og orðið til þess, að hin raunverulegu áhrif gengislækkunarinnar á verðlagið hafa aldrei sézt glöggt út af fyrir sig, að verðlag erlendis hefur hækkað gífurlega, síðan gengislækkunin átti sér stað. Þetta hafa stjórnarandstæðingar notað sér og hispurslaust rakið til gengislækkunarinnar alla þá gífurlegu verðhækkun á aðfluttum vörum, sem orðið hefur síðan snemma á árinu 1950. Þetta er þó hin versta fölsun.

Ég hef fengið hjá hagstofustjóra upplýsingar um hækkun á verðlagi nokkurra vörutegunda, miðað við marz 1950 og október s. l., og er það miðað við fob.-verð + flutningsgjald:

Hveitimjöl	17,9 %	hækkun
Rúgmjöl	28,1 —	—
Kaffi	72,6 %	hækkun
Sykur	28,1 —	—
Smjörlíkisolía	24,7 —	—
Kol	63,8 —	—
Benzín	38,4 —	—
Brennsluolía	47,0 —	—
Sement	52,7 —	—
Steypustyrktarjárn	69,3 —	—
Timbur	85,7 —	—

Þótt hér sé aðeins um nokkur dæmi að ræða, þá sýnir þetta glöggt, hve gífurleg verðhækkun hefur orðið á aðfluttum vörum. Hins vegar sagði fulltrúi kommúnista í gærkvöld, að þessar hækkanir væru smávægilegar. Heildarmynd gefa þessi dæmi hins vegar ekki. En það gefur aftur á móti nokkra heildarmynd í þessu máli, að gerð hefur verið rannsókn á rótum þeirrar verðhækkunar, sem orðið hefur í landinu, og kemur þá í ljós, að bein hækkun á innkaupsverði erlendra vara nemur jafnmiklu og verðhækkunaráhrif gengislækkunarinnar á erlendar vörur. Dæmið lítur því þannig út, að helming þeirra verðhækkana, sem orðið hafa innanlands, má rekja til gengislækkunarinnar og helming til utanaðkomandi áhrifa, sem gengislækkuninni eru alveg óviðkomandi.

Stjórnarandstæðingar gera mikið úr því, að óhagstætt hafi verið fyrir neytendur að afnema verðlagseftirlit á þeim vörum, sem settar hafa verið á frílistana. Allur er þó þeirra samanburður í þessu sambandi gersamlega út í hött. Við vitum öll, hvernig ástandið var hér í þessum efnum. Verðlagseftirlit var hér að nafninu til, en það náði ekki tilgangi sínum nema að nokkru leyti. Vöruskorturinn var svo stórkostlegur, að fjöldi vara var blátt áfram seldur á svörtum markaði og undir búðarborðinu með uppskrúfuðu verði og alls konar klækir notaðir til þess að komast fram hjá verðlagseftirlitinu. Fræg eru dæmin um það, að efni fengust yfirleitt ekki til heimasauma, og urðu menn að kaupa flíkurnar, eftir að þær höfðu farið gegnum margar hendur og verið hrúgað á þær álagningunni, og voru þá rándýrar og oft nær ónothæfar.

Samanburður á þeirri álagningu, sem átti að vera fyrir gengislækkunina á ýmsum vörum, og þeirri álagningu, sem nú er á þeim sömu vörum í frjálsri samkeppni, er því í mörgum dæmum gersamlega út í bláinn. Hvaða þýðingu hefur t. d. að bera saman það verð, sem átti að vera á nylonsokkum í búðum, og þá álagningu, sem nú er á nylonsokkum í verzlunum? Allir vita, að nylonsokkar voru seldir á 60—70 kr. parið fyrir gengislækkun og að þeir eru nú miklu ódýrari þrátt fyrir bátagjaldeyrisálag og aukna álagningu frá pappírsálagningu verðlagseftirlitsins, sem ekki var til annars staðar en á pappír þess.

Það var eðlileg ráðstöfun að draga saman verðlagseftirlitið, um leið og verzlunin var gefin frjáls og búðirnar fylltust af vörum. Það eina verðlagseftirlit, sem dugir til lengdar, er aðhald frá verzlunarsamtökum fólksins sjálfs. Höfuðatriðið í sambandi við verðlags- og verzlunarmálin er, að neytendasamtökin — kaupfélögin — hafi möguleika til þess að flytja inn vörur óhindrað og móta sanngjarnt verðlag.

Hið aukna verzlunarfrelsi og álagningarfrelsi krefst þess, að neytendur séu árvakrir og varkárir og beri saman verðlag og láti þá njóta viðskiptanna, sem þess eru verðugir.

Engum blandast hugur um, að verzlunarástandið hefur breytzt stórkostlega til batnaðar frá því, sem áður var. Verzlunarálagning hefur að vísu eitthvað hækkað á sumum vörum, en á móti kemur, að menn fá nú betri vörur vegna samkeppninnar en áður, hentugri vörur og geta valið úr efnum til þess að vinna sjálfir eftir sínu höfði og til þess að spara heimilum sínum stór útgjöld. Svarti markaðurinn er horfinn. Verzlunaránauðinni hefur verið af létt, og þurfa menn ekki að knékrjúpa neinum til þess að geta fengið helztu nauðsynjar, eins og áður tíðkaðist.

Þess er rétt að geta, að í öðrum löndum gengur þróunin í sömu átt og hér. Bæði í Noregi og Bretlandi t. d. hafa ýmsar vörur verið felldar undan verðlagsákvæðum vegna aukins vöruframboðs. Hér mun verða fylgzt með þróuninni í þessum málum. Og sýni það sig, að ekki myndist hér eðlilegt verðlag í vissum greinum, vegna þess að framboð sé ekki nægilegt af þeim vörutegundum, þá verður að gera sérstakar ráðstafanir til verndar neytendum.

En það ráðið, sem bezt tryggir hag fólksins í þessu sambandi, er jafnvægisbúskapur, sem gerir nægilegt vöruframboð mögulegt, sem gerir verzlunarsamtökum fólksins mögulegt að móta verðlagið.

Stjórnarandstæðingar hafa í þessum umr. mikið rætt um tollana og skattana. M. a. hafa þeir talað um aukningu tolla í ríkissjóð og að opinberar tekjur væru komnar upp í svo og svo mörg prósent af þjóðartekjunum. Var svo að heyra af þessu tali, að núverandi ríkisstj. hefði hækkað skatta og tolla.

Ég svaraði þessu að vísu allrækilega í gær, en vil endurtaka það, að þótt áróður stjórnarandstæðinga bendi til annars, þá hefur núverandi stjórn eða þingmeirihluti hvorki hækkað skatta né tolla. Lækkanir vega á móti nokkrum smáhækkunum, sem gerðar hafa verið, og tekjustofnarnir eru þeir sömu og fyrrv. ríkisstj. hafði við að styðjast.

Hv. 4. þm. Reykv., Haraldur Guðmundsson, talaði í gærkvöld mikið um hina gífurlegu skattabyrði og sagði, að gallinn væri sá, að skattarnir hvíldu þó ekki mest á þeim, sem helzt gætu borgað. Hann talaði um það, hve beinu skattarnir væru orðnir lítill hluti af tekjum ríkissjóðs. Hv. þm. hefði átt að geta þess í leiðinni, að tillögur Alþfl. á þessu þingi eru þær að lækka stórlega beinu skattana frá því, sem þeir eru. Skýtur þetta nokkuð skökku við að fárast í öðru orðinu um það, hversu mikill hluti ríkisteknanna sé tekinn með óbeinum álögum, en leggja jafnframt til, að beinu skattarnir séu stórlega lækkaðir.

Enn fremur sagði hv. þm., að tekjuskatturinn væri orðið þannig á lagður, að hann kæmi sérlega illa við þá snauðu. Er það ekki ný bóla, að þessu sé haldið fram, og hefur áróðrinum í þessu verið hagað þannig, að maður skyldi halda, að það væri eitthvert sérstakt bjargráð fyrir fátæklingana, að knúnar væru fram lækkanir á beinum sköttum til ríkisins. Í þessu sambandi vil ég nefna nokkrar tölur:

Af 20 þús. kr. nettótekjum greiða hjón með tvö börn 112 kr. í beina skatta til ríkisins. Ef þau hafa 25 þús. kr. tekjur, þá greiða þau til ríkisins 365 kr. Ef þau hafa 30 þús. kr. tekjur, þá greiða þau til ríkisins 632 kr. Ef þau hafa 40 þús. kr. tekjur, þá greiða þau til ríkisins 1429 kr. Og ef þau hafa 50 þús. kr. tekjur, þá greiða þau til ríkisins 2915 kr.

Af þessum tölum sést það glögglega, að alþýða manna er ekki þjökuð af beinum sköttum til ríkisins, þótt mönnum eigi að skiljast annað af þeim áróðri, sem settur er upp um þetta mál.

Þetta vildi ég taka fram við þetta tækifæri, þar sem ég hef ekki eytt tíma þingsins í kappræður um þessi efni í sambandi við þau mörgu frv., sem fram hafa komið snertandi þetta mál. Hitt er svo annað mál, að skattalöggjöfin þarfnast endurskoðunar og ekki síður sú löggjöf, sem lýtur að tekjuöflun bæjar- og sveitarfélaga. Af þeirri ástæðu er ég fylgjandi þeirri till., sem hér hefur komið fram á Alþ. um, að efnt verði til þess konar endurskoðunar með skipun milliþinganefndar.

Það hefur verið sýnt fram á það í þessum umr., að afstaða stjórnarandstæðinga til fjárhagsmálanna er fullkomin botnleysa. Till. þeirra um afnám tolla þýða greiðsluhallabúskap á nýjan leik, stórfelldan niðurskurð verklegra framkvæmda, enn aukna lánsfjárkreppu fyrir atvinnuvegina, gífurlegt atvinnuleysi og aukna fátækt.

Fjármálastefna ríkisstj. hefur aftur á móti haft í för með sér: Að ríkinu hefur verið forðað frá algeru greiðsluþroti, sem orðið var, þegar ríkisstj. tók við. — Gert mögulegt að slaka á verzlunarhöftunum og létta af þeirri óþolandi verzlunaránauð, sem ríkti hér áður. — Orðið til þess, að grundvöllur myndaðist fyrir erlendum lántökum til framkvæmda, sem annars hefðu ekki komið til mála. — Haft í för með sér á þessu ári verulegan greiðsluafgang, sem nú getur orðið notaður til þess að styðja ýmsar þær framkvæmdir, sem tilfinnanlegast skortir fé til, og til þess að létta á vanskilaskuldum ríkisins. — Þá hefur þessi batnandi afkoma ríkisins gert mögulegt að veita margs konar öflugan stuðning, þar sem erfiðleikar hafa steðjað að. Í því sambandi má nefna sem dæmi, að hraði fjárskiptanna hefur verið aukinn, stuðningur veittur vegna óvenjulegra harðinda og ráðstafanir gerðar til þess, að togaraútgerð gæti hafizt á þeim stöðum, þar sem fjárhagserfiðleikar eru mestir.

Vegna batnandi afkomu ríkisins hefur verið haldið uppi meiri verklegum framkvæmdum en nokkru sinni fyrr á sama tíma, bæði fyrir fé ríkissjóðs og mótvirðissjóðs, en fé mótvirðissjóðs hefði ekki getað orðið notað til slíkra framkvæmda, ef halli hefði orðið á ríkisbúskapnum. Með þessu hefur örbirgð verið bægt frá dyrum þúsund heimila í landinu. Þá er það vegna þessarar fjármálastefnu, að enn þá á næsta ári eru fyrirhugaðar jafnstórfelldar framkvæmdir og áður.

Það yrði skammgóður vermir að svipta ríkið

tekjustofnum, eins og stjórnarandstæðingar segjast vilja. Á því mundu menn ekki græða. Greiðsluhallabúskap hlýtur að fylgja stórfelldur samdráttur framkvæmda, aukin lánsfjárkreppa og samdráttur atvinnuveganna, atvinnuleysi og örbirgð.

Afnám tekjustofna nú þýddi bráðabirgðaávinning þeirra, sem hafa fastar tekjur og ekki missa staðfestu sína strax við stóraukið atvinnuleysi, en gífurlegt tjón allra þeirra þúsunda, sem eiga afkomu sína beint undir atvinnuástandinu, — og síðan eftir tiltölulega örstuttan tíma margfaldar byrðar og þrengingar fyrir þá, sem þykjast hafa sitt á þurru og telja sig hagnast fyrst í stað.

Þegar búið er að svipta lýðskrumsblæjunni ofan af tillögum stjórnarandstæðinga og rekja samhengið, þá blasir við, að tillögur þeirra miða blátt áfram að því að velta erfiðleikunum yfir á þá, sem eiga allt sitt undir atvinnuástandinu, yfir á þá, sem ótryggasta hafa afkomuna, til ímyndaðs stundarhags fyrir hina, en endanlega til stórtjóns fyrir alla landsmenn.

Kommúnistar engjast eins og maðkar á öngli, þegar ofan af þeim er flett, og reyna sem fyrr að leita sér skjóls í þeirri fjarstæðu, að það þyrfti engar áhyggjur að hafa, þótt hætt væri að innheimta skattana, — þeir segja, að það mætti láta Landsbankann búa til peninga og lána ríkissjóði þá upp í útgjöld hans og halda þannig uppi framkvæmdum og atvinnu. Þetta er auðvitað ekkert nema fáránleg blekking. Framkvæmdir verða ekki byggðar á því að búa til peninga, sem ekkert stendur á bak við. Framkvæmdir geta ekki orðið byggðar á hallaútlánum innanlands, nema því aðeins, að landið eigi gjaldeyrissjóði, sem hægt sé að nota til þess að mæta með slíkri útlánaaukningu.

Fjárfestingarframkvæmdir, sem veita atvinnu, verða að greiðast af þjóðartekjunum — framleiðslunni — nema erlend lán fáist til þeirra eða landið eigi gjaldeyrisvarasjóði, sem geti staðið undir þeim. Þjóðin getur ekki létt á sér skattana og tollana til þess að auka þannig úttekt sína á neyzluvörum og búið svo til handa sér pappírspeninga í staðinn til þess að standa undir framkvæmdum. Bankarnir geta ekki lánað meira en inn í þá er lagt, nema á móti standi framleiðsluvörur eða gjaldeyriseign.

En hvers vegna leggja kommúnistar nafn sitt við þessa endileysu? Þeir mega til. Þetta er einn þátturinn í því að liða sundur þjóðfélagsbygginguna. Þeir verða að reyna að telja mönnum trú um, að allar hömlur, sem á því eru, að menn fái óskir sínar uppfylltar, séu mannaverk, — telja mönnum trú um, að allt væri hægt, án þess að nokkur legði neitt að sér og án þess að nokkur þyrfti að borga tolla eða skatta, ef þrælmenni þau, sem með völdin fara, legðu ekki steina í götuna og neituðu að búa til peninga. Hitt mega kommúnistar vita, og það eru þeir nú að finna, að fleiri og fleiri fá blátt áfram ógeð á lýðskrumi þeirra og bellibrögðum.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Þær umræður, sem hér fóru fram í gærkvöld af hálfu sósialistaflokkanna, leiddu ekkert nýtt í ljós og voru að mestu endurtekning á gömlum slagorðum, sem farið er að slá í, og yfirlýsing um vanmátt þeirra til þess að færa fram nokkrar jákvæðar tillögur um úrlausn vandamála líðandi stundar. Þeir eru góðir verkamenn til þess að rífa niður, en þeir hafa aldrei verið smiðir til að byggja neitt upp.

Margir munu hafa brosað í gærkvöld, er hv. 5. landsk., Ásmundur Sigurðsson, stritaðist við að telja hlustendum trú um, að Íslendingar hefðu orðið stórum fátækari við að taka á móti nokkrum hundruðum milljóna króna í gjafafé frá Marshallstofnuninni, sem nú á að nota til stórkostlegra framkvæmda. Mörgum mun einnig hafa þótt kyndug ástæðan hjá hv. 4. þm. Reykv., Haraldi Guðmundssyni, fyrir fólksfækkun iðnaðarins. Það var vegna þess, að tilbúnar kápur eru fluttar inn eins og hver vill fyrir bátapeninga með 60% aukaálagi, en það getur iðnaðurinn ekki staðizt. Því miður er þetta nú ekki svona einfalt.

Eitt af þeim málum, sem nú eru ofarlega á baugi, eru erfiðleikar iðnaðarins og sá samdráttur, sem orðið hefur á starfsemi hans. Sósialistaflokkarnir gera nú mikið úr þeirri fólksfækkun, sem orðið hefur í ýmsum iðngreinum, og segja, að ríkisstj. sé að leggja iðnaðinn í rúst. Slíkar fullyrðingar, jafnillkvittnislegar og barnalegar og þær eru, eru ekki vel til þess fallnar að finna samhenta og velviljaða aðgerð til lausnar þessu máli.

Innlendur iðnaður hefur tekið stórstígum framförum á undanförnum áratug. En hann hefur vaxið upp, ef svo mætti segja, á óhollum tíma. Hann hefur dafnað í skjóli innflutningshafta, sem vernduðu hann fyrir samkeppni erlendra vara. Það mætti segja um iðnaðinn eins og mannfólkið, að enginn verður óbarinn biskup.

Síðan innflutningshöftin voru afnumin að verulegu leyti, hafa ýmsar iðngreinar komizt í erfiðleika vegna samkeppni erlendra vara. Má í því sambandi nefna skógerð, dúkagerð og prjónles. Fólki hefur mjög fækkað í þessum greinum, sem hafa undanfarið veitt talsverða atvinnu. Það er illt til þess að vita, að svo er komið, þrátt fyrir það að mörg fyrirtæki í þessum iðngreinum hafa nýjan og góðan vélakost. Það, sem hér er að gerast, er, að þessi iðnaður verður nú í fyrsta skipti fyrir alvöru að taka þátt í samkeppni við sams konar erlenda framleiðslu. Hann gengur nú, ef svo mætti segja, í fyrsta sinn til prófs, og það sýnir honum, að hann þarf að ýmsu leyti að læra betur, ef hann á að halda sínum hlut í samkeppni við útlendu framleiðsluna. Að mínum dómi er þessi prófraun til góðs, bæði fyrir neytendurna í landinu og þessar framleiðslugreinar. Þær hafa að líkindum öll skilyrði til þess að keppa við erlendu vörurnar með breyttum framleiðsluháttum og meiri vöruvöndun. Margar iðngreinar eru samkeppnishæfar og halda velli. Sá stofninn, sem grænn er, visnar ekki.

Uppvaxandi iðnaði fylgja mörg vandamál og eitt mesta þeirra er að sjá þeim iðnaði farborða, sem heilbrigður er og þjóðinni nytsamlegur. Hins vegar er engum greiði gerður með því að vernda þann iðnað, sem á engan tilverurétt, er

neytendum til byrði fjárhagslega eða bætir ekki úr þeirri þörf, sem honum er ætlað.

Það er barnalegt að halda því fram, að ríkisstj. sé vitandi vits að reiða öxina að rótum iðnaðarins með því að gefa frjálsan innflutning iðnaðarvara. Innflutningur hefur verið gefinn frjáls til þess að almenningur í landinu gæti átt kost á sem ódýrustum og beztum vörum. En af því leiðir einnig, að íslenzki iðnaðurinn, með þeirri vernd, sem hann hefur, verður að bjóða jafngóða kosti og erlenda varan. Hins vegar er ljóst, að ráðstafanir þarf að gera til þess, að iðnaður, sem heilbrigður er og æskilegur, hafi nægilega vernd. En úr því verður ekki skorið meðan ströng innflutningshöft eru í gildi, hvaða iðnaður er heilbrigður og samkeppnisfær.

Iðnaðurinn er orðinn stór þáttur í atvinnurekstrinum í landinu. Þess vegna á að vernda hann, að svo miklu leyti sem það samrýmist hagsmunum almennings. En við megum ekki verða uppnæmir samstundis og veruleikinn gefur til kynna, að sumar iðngreinar geti ekki lifað nema í skjóli strangra innflutningshafta. Ef til vill þurfa sumar hverjar af þessum iðngreinum ekki annað en að taka upp önnur vinnubrögð, er samrýmast betur hinu nýja viðhorfi, til þess að þær hafi nóg að starfa.

Ég álít sjálfsagt að veita iðnaðinum alla þá aðstoð, sem hægt er, ekki með því að loka hann inni, svo að enginn gustur samkeppni komist að honum, heldur með því að veita honum sanngjarna vernd og greiða götu hans til þess að fá hráefnin, sem henta honum bezt og þar sem þau eru ódýrust.

Í þessu sambandi þykir mér rétt að skýra nokkru nánar, hvar erfiðleikar iðnaðarins koma aðallega fram.

Samkvæmt greinargerð Iðju, félags verksmiðjufólks, hefur fækkað hjá 18 verksmiðjum um 320 manns síðan í árslok 1949 til 1. des. 1951. Þar sem hér er um tveggja ára tímabil að ræða, verður ekki af skýrslunni séð, að hve miklu leyti fólksfækkunin stafar af áhrifum hins frjálsa innflutnings. Vafalaust hefur talsverð fækkun átt sér stað áður en frílistinn var gefinn út, eða á árinu 1950, svo að samdrátturinn í iðnaðinum á sér dýpri rætur.

Þeim verksmiðjum, sem hafa neyðzt til að draga saman seglin og skýrsla liggur fyrir um, má skipta í þrjá aðalflokka: ullar- og prjónaverksmiðjur, sem höfðu 1950 138 manns, en hafa nú 23, skó- og leðurgerð, er höfðu áður 151 mann, en nú 76, og kjóla- og fatagerð, er höfðu 100 manns, en nú 34. Þetta eru fáar iðngreinar og allur samdráttur í þeim stafar ekki af erlendri samkeppni.

En svo er önnur hlið þessa máls, sem lítið er minnzt á. Með auknu verzlunarfrelsi hafa sumar verksmiðjur aukið starfsmannafjölda sinn. Vinnufatagerð Íslands hafði um 30 manns, þegar höftin voru ströngust, en nú hefur þessi verksmiðja 80—90 manns í vinnu, eftir að innflutningur var gefinn frjáls. Sama er að segja um raftækjaverksmiðjuna í Hafnarfirði. Fyrir 2 árum hafði sú verksmiðja 55 manns í vinnu, en nú hins vegar 71.

Þetta er gersamlega ópólitískt mál, þótt kommúnistar reyni að gera það að pólitísku árásarefni á ríkisstj. Hér er um mikið hagsmunamál að ræða fyrir almenning í landinu, bæði að því er varðar atvinnu í iðnaðinum og verðlag á framleiðslu hans. Ríkisstj. mun leitast við að leysa það vandamál á þann hátt, er horfir til mestra hagsbóta fyrir allan almenning, en ekki á kostnað hans, og mun hún þó taka allt tillit til iðnaðarins í landinu, sem hægt er.

Ég ætla að minnast á annað mál, sem mikið hefur verið rætt um. Alþfl. hefur reynt að gera frjálsa verðlagið að stórmáli til árásar á ríkisstj., en tekizt illa, enda var málið rekið af flokknum með miklum óheilindum og lítilli sannleiksást.

Athugun á verðlaginu og álagningunni hefur verið haldið áfram. Skýrslur liggja nú fyrir um álagningu í október, og verða þær afhentar blöðunum til birtingar eftir nokkra daga. Sérfræðingur Alþfl., hv. 3. landsk., Gylfi Þ. Gíslason, hefur fengið að kynna sér þessar skýrslur, þótt þær hafi ekki enn verið birtar, til þess að honum gefist kostur á við þessar útvarpsumræður að miðla almenningi af þekkingu sinni og á þann hátt, sem bezt hentar tilgangi hans. Til þess að gera honum auðveldara að skýra rétt frá málinu, ef hann hefði hug á því, samþykkti ég, að gerðar væru fyrir hann sérstakar skýrslur í sambandi við bátagjaldeyrinn, því að fyrir honum hefur hann mestan áhuga. Geri ég ráð fyrir, að hann muni ætla sér að sanna, hvað mikil sé álagningin á allan bátagjaldeyrinn samkvæmt því sýnishorni, sem hann leggur til grundvallar.

Í því sambandi vil ég benda á ummæli atvmrh. í umræðunum í gær, er hann sagði, að hugsunarvilla stjórnarandstæðinga í þessu máli lægi í því, að þeir byggðu á skýrslum, sem næðu aðeins til fimmtugasta hluta alls bátagjaldeyrisins. Færði hann rök fyrir því, hversu þetta væri villandi mynd, þar sem engum heilvita manni kæmi til hugar, að hægt væri að leggja á allan bátagjaldeyrinn eins mikið og fyrsta 50. hlutann. Komi Gylfi Þ. Gíslason með slíka fullyrðingu, er hann kominn út á hálan ís. Er því hætt við, að myndin, sem hann vill sanna, verði ekki hárrétt og að það fari fyrir honum eins og blindu mönnunum, sem vildu vita, hvernig fíllinn liti út. Sá fyrsti tók utan um fót fílsins og fullyrti, að hann væri eins og stórt tré.

Þingmaðurinn hefur hins vegar látið í ljós, að hann hafi engan áhuga fyrir upplýsingunum um álagningu á matvörur, sem liggur fyrir í skýrslunum. Er varla hægt að draga af því aðra ályktun en þá, að þingmaðurinn hefur engan áhuga fyrir lágri álagningu. Er honum óneitanlega nokkur vorkunn í því efni.

Þegar þetta mál var til umræðu fyrir nokkru hér í þinginu, lét ég það álit í ljós, að þær misfellur, sem komið höfðu fram í álagningunni við fyrstu athugun, mundu lagast eftir nokkurn tíma, en verðlagið mundi þurfa marga mánuði til að ná eðlilegu jafnvægi. Þetta hefur nú svo greinilega komið í ljós við þá athugun, sem nú hefur farið fram, að ekki verður um villzt.

Samkvæmt upplýsingum, sem ég hef fengið

frá verðgæzlunni, er niðurstaðan þannig af þeim tveimur athugunum, sem gerðar hafa verið:

Vöruverðshækkun að meðaltali frá fyrri verðlagsákvæðum, bæði í heildsölu og smásölu til neytenda á bátalistavörunum, var samkv. ágúst-skýrslum 22.8%, en samkvæmt október-skýrslum 16.8%. Vöruverðshækkunin í okt. er því nær þriðjungi minni en í ágúst.

Meðalvöruverðshækkun til neytenda í vefnaðarvörum skv. ágúst-skýrslum var 17%, en samkvæmt október-skýrslum 11.2%.

Getur engum dulizt af þessu, jafnvel ekki 3. landsk., að álagningin er að færast óðfluga í rétt horf, þótt ekki sé hún enn fyllilega komin á þann grundvöll, sem hún ætti að vera. — Skýrslurnar sýna yfirleitt hóflega álagningu, bæði í smásölu og heildsölu. Ein áberandi undantekning er þó í þeim. Verzlun, sem flutti inn rakvélar, lagði á þær 142% og rakblöð 70% á útlagðan gjaldeyri. Þessi innflytjandi hefur þótzt þurfa að nota sér frjálsræðið.

Vegna þess að hv. andstæðingar reyna helzt að villa almenningi sýn í sambandi við bátalistann, er nauðsynlegt, að menn viti, að útreikningar samkvæmt verðlagsákvæðum leyfa ekki álagningu nema á ⅔ hluta bátagjaldeyrisins og alls ekki á 7—8% veltuskatt, sem greiddur er við tollafgreiðslu. Á þennan hátt er t. d. í sambandi við rafmagnsheimilistæki ekki reiknað með álagningu af ⅓ af raunverulegu andvirði vörunnar. Þannig kemur að sjálfsögðu í ljós mikill munur á álagningu skv. verðlagsákvæðum og álagningu á vöruna eins og hún raunverulega kostar hér með öllum kostnaði. En það er algild verzlunarvenja hvar sem er í heiminum, að álagningin er miðuð við allt andvirði vörunnar.

Ég skal geta þess, að samkvæmt hinum síðustu athugunum á verðlagningu alls konar ávaxta, sem eru á bátalistanum, ætti meðaltalsálagning nú skv. verðlagsákvæðum að vera aðeins 5% í heildsölu á raunverulegt kostnaðarverð varanna. Svo fráleit og fjarstæðukennd eru þessi ákvæði. En raunveruleg meðalálagning innflytjenda á þessar vörur, þegar tekið er tillit til alls kaupverðsins, reyndist að vera 13.6%, og mundi slík álagning á þessar vörur ekki talin glæpsamleg annars staðar.

Í sambandi við þetta er ekki ófróðlegt að athuga álagninguna á vefnaðar- og fatnaðarvörur á bátalistanum. Raunveruleg meðalálagning á þessar vörur samkvæmt síðustu skýrslum er 14.4% í heildsölu. Ef farið væri eftir verðlagsákvæðunum, þá væri heimilað 6.2% á raunverulegt kostnaðarverð.

Leyfð hámarksálagning í heildsölu í Svíþjóð er sem hér segir:

Gervisilki	14—26 %
Ullarvefnaður	12—16 —
Karlmannanærfatnaður ..	12—15 —
Bómullarsokkar	16—18 —
Fatnaður karla og kvenna	17—20 —

Og svo halda spekingar Alþfl., að hér, í minnsta markaði veraldar, sé hægt að selja sömu vörur með 6—7% álagningu.

Skýrslurnar um álagningu á matvörur í kaupstöðum úti á landi sýna yfirleitt mjög hóflega álagningu, en sums staðar er samkeppnin svo hörð, að álagningin er lægri en verðlagsákvæðin greina. Athugun á verðlaginu verður haldið áfram, og ég vænti þess, að verzlunarstéttin, kaupmenn og kaupfélög, sýni þann þroska, sem nauðsynlegur er, til þess að frjálst verðlag geti haldizt í landinu.

Fyrir nokkru sendi Alþýðusamband Íslands ríkisstj. þau boð, að það mundi beita sér fyrir uppsögn núverandi vinnusamninga og knýja fram hækkun kaupgjalds í landinu, ef verðhækkunaraldan yrði ekki stöðvuð, sem risið hefur um skeið.

Ég veit ekki, hvort þeir menn, sem standa í forustu fyrir Alþýðusambandinu, gera sér fyllilega grein fyrir þeirri gífurlegu ábyrgð, sem á þeim hvílir, og hversu örlagaríkar ákvarðanir þeirra geta verið. En mörgum hefur fundizt, að þeir hafi stundum litið fyrir að taka ákvarðanir, sem geta reynzt örlagaríkar fyrir alla þjóðina.

Kaupgjald var hækkað á miðju þessu ári og bundið við framfærsluvísitöluna. Verðhækkun vegna þeirrar ráðstöfunar er enn að koma fram. Sú verðhækkun, sem Alþýðusambandið heimtar, að stöðvuð sé nú, er m. a. afleiðing þeirrar kauphækkunar, sem það knúði fram.

Miklar umræður hafa farið fram um þá hækkun, sem hér hefur orðið á vöruverði og svo hefur leitt af sér mikla hækkun vísitölunnar, er nú stendur í 151. Þeir, sem mest hafa legið ríkisstj. á hálsi vegna þessarar hækkunar, hafa viljað lítið gera úr þeirri miklu verðhækkun, sem orðið hefur á erlendum vörum og þjóðin getur ekki varið sig gegn. Sannleikurinn er hins vegar sá, að auk gengisbreytingarinnar eru tvær meginástæður fyrir verðhækkuninni í landinu á þessu ári, verðhækkun á erlendum markaði án tilsvarandi hækkunar íslenzkra útflutningsvara og almenn kauphækkun í landinu síðastliðið sumar.

Almenningur gerir sér litla hugmynd, hversu mikið vöruverð hefur hækkað á erlendum markaði síðan í marz 1950.

Hæstv. fjmrh. taldi upp nokkur dæmi um þá verðhækkun, sem hefur orðið á vörum á erlendum markaði, og skal ég því ekki endurtaka það hér. Þetta er gífurleg verðhækkun. En það er tilgangslaust fyrir þjóðina að reyna að bæta sér þennan halla með því að hækka laun sín að krónutali. Það er sama og segja framleiðslunni að greiða hallann, án þess að hún hafi fengið nokkrar auknar tekjur. Afleiðingin verður að síðustu uppgjöf þeirrar framleiðslu, sem þjóðin lifir á. Þess vegna hlýtur það nú að hvarfla að mönnum, þegar atvinnuleysið er sem vágestur fyrir margra dyrum, hvað við gerum til þess að tryggja þá atvinnuvegi, sem þjóðin lifir á. Því miður gefum við þessu litinn gaum, og framskilyrðið gleymist jafnan, en það er, að þjóðin geri ekki meiri kröfur til atvinnuveganna en þeir geta staðið undir.

Mesta hættan, sem nú vofir yfir atvinnu og efnahag þjóðarinnar, er ný verðbólga. Ekki er líklegt, að erlenda verðlagið hækki mikið fyrst um sinn. Skeð getur, að það lækki. En innlenda verðskrúfan, haldi hún áfram, getur siglt hér öllu í strand og gert atvinnuvegina óarðberandi. Ef við komumst enn einu sinni í þá aðstöðu, er

enginn máttur, sem getur hindrað það, að efnahagskerfið leiti á ný jafnvægis með verðfellingu gjaldmiðilsins.

Landsmenn verða að gera sér grein fyrir, að afkoma þeirra byggist á því, sem þeir sjálfir afla, og að það hefur komið fyrir og getur gerzt enn, að þeir geri of miklar kröfur til sinna eigin atvinnuvega. Það er hættan, sem nú vofir yfir. Um þessa hættu heyrist sjaldan talað í herbúðum sósíalistaflokkanna. Þeir líta á sig sem málafærslumenn verkalýðsins gagnvart atvinnuvegunum og gera sínar kröfur án tillits til afleiðinga og staðreynda. Þeir þeyta lúður lýðskrumaranna og segja það eitt, sem almenningur vill heyra. Þeir kynda undir óánægjunni, en þeir eru ekki menn til að taka á sig óvinsældir af nauðsynlegum, en sársaukafullum ráðstöfunum. Þeir gera alltaf kröfur til annarra, en aldrei til sjálfs sín, — og þegar hinn kaldi veruleiki leiðir vandamálin að þeirra eigin dyrum til úrlausnar, þá annaðhvort flýja þeir af hólmi eða þeir standa klumsa frammi fyrir vandanum, sem þeir áður úthrópuðu aðra fyrir að leysa ekki.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Góðir hlustendur. Þegar ég var að hlusta á ræðu hæstv. viðskmrh. áðan, datt mér í hug, að mikið hlyti nú að vera gaman að vera viðskmrh. og sjá hugsjónir sínar í viðskiptamálum rætast jafnglæsilega og átt hefur sér stað hér á landi undanfarið. Verzlunin er frjáls! Það er nær ekkert verðlagseftirlit! Allir milliliðir mega ráða álagningu sinni, þeir geta haft hana eins mikla og markaðurinn þolir! Að vísu er 40—45% innflutningsins enn háð leyfisveitingum, og bátaútvegsmenn hafa í ár einkarétt á hér um bil 15% innflutningsins. Þar að auki er fjórðungur innflutningsins fluttur inn fyrir gjafafé, svo að meginhlutinn af nýju vörunum, sem hér sjást, er í rauninni gefinn. En þetta gerir allt saman ekkert til og veldur engum áhyggjum. Hugsjónin um frelsið, álagningarfrelsið, hefur rætzt! Sú stétt þjóðfélagsins, sem harðast hefur verið leikin af öllum á síðasta áratug, heildsalastéttin, hefur nú loks getað leyst sig úr viðjum og tryggt sér sómasamleg lífskjör!

Ekki minnist ég nokkurra eldhúsumr., þar sem ráðherrum hafa verið jafnherfilega mislagðar hendur í ræðum sínum eins og nú. Það er að vísu ekki undarlegt, því að engin ríkisstj. hefur á síðustu áratugum haft annan eins málstað að verja. Hvað segja gamlir og nýir kjósendur Framsfl. um það, að hér skuli standa hæstv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, fjármálastjarnan frá 1934, með 370 millj. kr. fjárlög og endurtaka í sífellu: Það er ómögulegt að spara nokkurn skapaðan hlut. Það er hvergi nokkurs staðar hægt að lækka útgjöld ríkissjóðs um nokkurn eyri. — Í stjórnarandstöðu hefur enginn maður talað meira um nauðsyn sparnaðar en einmitt Eysteinn Jónsson. Enginn íslenzkur fjármálaráðherra hefur sýnt þjóðinni jafnhá fjárlög og Eysteinn Jónsson gerir nú. Og samt hefur enginn fjármálaráðherra lýst því átakanlegar, að bókstaflega ekkert sé nú hægt að spara.

Og þá var hún ekki beysin vörn hæstv. atvmrh., Ólafs Thors, í gærkvöld. Það helzta, sem menn muna úr þeirri ræðu, voru þau ummæli hans, að forsrh. Framsfl. væri haldinn framsóknarveiki! Hæstv. atvmrh. hefur líklega orðið fyrir einhverjum vonbrigðum yfir því, að ræðumaður kommúnista í gærkvöld skyldi ekki hæla honum neitt, en kommúnistar hafa helzt vakið á sér athygli með því hér á þingi undanfarið að hæla hæstv. atvmrh. og þakka honum fyrir margvíslegar velgerðir í sinn garð. En hæstv. atvmrh. bætti það upp og hældi sér sjálfur í staðinn. Hann sagðist vera bezt til þess fallinn allra hómópata að lækna framsóknarveikina, og nú kvaðst hann ætla að vitja starfsbróður síns, hæstv. forsrh., daglega til þess að stunda hann við þessum sjúkdómi! Er það ekki dásamlegt fyrir þjóðina að fá aðrar eins upplýsingar um störf og áhugamál ráðherranna? Er þetta ekki skáldlegt og skemmtilegt? Ólafur Thors verður á næstunni önnum kafinn við að lækna Steingrím Steinþórsson af framsóknarveikinni! Þjóðin verður því að hafa hann afsakaðan, þótt hann hafi ekki mikinn tíma til þess að hugsa um atvinnuleysið og verzlunarokrið, sem nú þjakar almenning þessa lands.

Hitt er svo annað mál, að ég get vel trúað því, að þeir hittist oft einslega á næstunni, hæstv. atvmrh. og hæstv. forsrh. Þrír þm. Framsfl. hafa nefnilega lagt fram frv. um, að Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda verði svipt einkaleyfi til þess að flytja út saltfisk og að S. Í. S. fái rétt til saltfisksútflutnings. Ætli það sé ekki þessi framsóknarveiki, sem hæstv. atvmrh. telur nauðsynlegt að reyna að lækna?

En hvernig svo sem fer um þær lækningartilraunir, er það víst, að eitthvað — og það meira en lítið — gengur að ríkisstj. allri. Það hafa verið pólitísk sjúkdómseinkenni á ræðum allra ráðherranna og ekki sízt á ræðu hæstv. atvmrh. í gærkvöld.

Þótt ferill ríkisstj. sé á engu sviði fagur, er hann þó ljótastur á sviði viðskiptamálanna. Kjarninn í stefnu ríkisstj. á þessu sviði hefur verið sá að afnema nær allt verðlagseftirlit. Hver hefur verið tilgangurinn? Getur hann hafa verið sá að spara útgjöld? Það er sáralítið fé, sem ríkissjóður hefur sparað við afnám verðlagsákvæðanna. Mér er tjáð, að það sé um 150 þús. kr. Og sá sparnaður er hlægilegur hégómi í samanburði við það, sem afnám ákvæðanna hefur kostað almenning í hækkandi verðlagi. En hver hefur þá verið tilgangurinn? Hann getur ekki hafa verið annar en sá að veita milliliðum skilyrði til þess að skara eld að sinni köku. Ríkisstj. hlaut að gera sér grein fyrir því, að afnám ákvæðanna mundi leiða til gífurlegs okurs, eins og líka kom á daginn. Samt afnam hún þau. Meiri hluti fjárhagsráðs, sem farið hafði með þessi mál og mesta þekkingu hafði á þeim, lagði á móti afnámi verðlagsákvæðanna. Samt knúði ríkisstj. það fram. Hæstv. viðskmrh. ræddi um það áðan, að álagningin hafi verið orðin of lág, þegar gengið var lækkað. En hann þagði um það, að álagning var tvíhækkuð eftir gengislækkunina. En milliliðunum þótti þetta ekki nóg.

Og hver varð svo afleiðing afnáms verðlagsákvæðanna? Skýrsla sú, sem verðgæzlustjóri

samdi um verðlagningu vöru, sem tollafgreidd var í ágúst, sýndi svo siðlaust okur, að slíks munu ekki dæmi í nálægum löndum á síðustu tímum.

Þess voru dæmi, að innflytjendur sex- til tífölduðu álagningu sína frá því, sem leyft hafði verið. Menn leyfðu sér að leggja í heildsölu um 100 þús. kr. á vörusendingar, sem kostuðu 100 þús. kr. í innkaupi. Meðalálagning heildsala á vefnaðarvöru á frílista hækkaði um 180%, eða nær þrefaldaðist. Meðalálagning í heildsölu og smásölu á bátagjaldeyrisvörur hækkaði um 128%, og söluverð þeirra til neytenda hækkaði um 23%, eða næstum fjórðung, eingöngu vegna álagningarhækkunar milliliðanna. Ég legg sérstaka áherzlu á, að þetta eru ekki dæmi um einstakt okur einstakra manna, eins og alltaf er verið að klifa á, heldur meðaltal af þeim dæmum, sem skýrsla verðgæzlustjóra náði yfir. Og hverjum dettur í hug, að verðgæzlustjóri undir yfirstjórn hæstv. viðskmrh. hafi verið á sérstökum hnotskóg eftir okurdæmum?

Á það hefur verið lögð mikil áherzla af málsvörum ríkisstj., að þessa fyrstu skýrslu hafi í rauninni ekkert verið að marka, því að hún hafi sýnt barnasjúkdóma hinnar frjálsu verzlunar, og var hæstv. atvmrh. að tala um þetta í gærkvöld og hæstv. viðskmrh. nú rétt áðan. Auk þess bættu þeir við, að ekkert væri að marka skýrsluna vegna þess, að hún hafi aðeins tekið til 2% af öllum bátagjaldeyrinum, sem verði um 90 millj. En það hlutfall er auðvitað alveg út í bláinn, því að engum hefur dottið í hug að bera skýrsluna saman við annað en innflutninginn, eins og hann er orðinn á hverjum tíma og er auðvitað miklu minni, svo að hlutfallið milli magnsins í skýrslunni og innflutningsins er miklu hærra. Ríkisstj. fullvissaði almenning um, að þetta ástand mundi lagast; eftir nokkra mánuði mundi hin frjálsa samkeppni verða búin að takmarka álagningu og lækka verðið. Hæstv. viðskmrh. talaði í útvarp og það menn að hafa þolinmæði í svolítinn tíma. Þá mundu hinir sætu ávextir samkeppninnar koma í ljós.

Nú er hinn nauðsynlegi reynslutími liðinn. Verðgæzlustjóri hefur gert nýja athugun á verðlagningu vöru, sem tollafgreidd var í október og nóvember, og hef ég einmitt í dag fengið aðstöðu til að kynna mér þær skýrslur. Það ástand, sem þar kemur fram, er væntanlega það, sem hæstv. ríkisstj. telur eðlilegt. Og hvernig er þetta ástand?

Ég sný mér fyrst að vefnaðarvörunni, sem flutt er inn samkvæmt frílista. Athugunin tekur til innflutnings, sem er 1.3 milljónir að kostnaðarverði (926 þús. að innkaupsverði). Samkvæmt þeim verðlagsákvæðum, sem giltu eftir að tvívegis var búið að hækka þau eftir gengislækkunina, áttu heildsalar að fá 85 þús. kr. fyrir að dreifa þessari vöru, en þeir tóku 176 þús. kr. Þeir hækkuðu álagningu sína m. ö. o. um 108% að meðaltali, eða meira en tvöfölduðu hana. Þetta finnst hæstv. viðskmrh. hóflegt og sjálfsagt. Smásalar áttu að fá 343 þús., en tóku 459 þús. Þeir hækkuðu álagningu sína m. ö. o. um 34%, og er það miklu hóflegra. Vegna þessarar álagningarhækkunar er söluverð vörunnar til neytenda 11% hærra en það var, meðan verðlagsákvæði voru í gildi. Kaupmáttur launanna er m. ö. o. rýrður um 10% gagnvart þessum vörum, einvörðungu vegna álagningarhækkunar milliliðanna. Og þetta virðist hæstv. ríkisstj. telja hæfilegt.

Það mun varlega áætlað, að á næsta ári verði innflutningur vefnaðarvöru samkvæmt frílista 50 milljónir. Ef álagningin verður á næsta ári eins og hún reyndist í október s. l. samkvæmt skýrslu verðgæzlustjóra, verður hún 34 milljónir á þennan innflutning. Milliliðirnir fá þá 11 milljónum meira en þeir hefðu fengið, ef verðlagsákvæðin hefðu verið í gildi.

Það er tilgangslaust að hrópa, að þetta séu rangar eða villandi tölur, eins og hæstv. atvmrh. gerði í gærkvöld. Ég sé ekki, hvers vegna verið er að láta verðgæzlustjóra safna skýrslum og birta þær, ef ekkert mark má á þeim taka. Þetta er sannleikurinn, sem skýrslusöfnun verðgæzlustjóra leiðir í ljós um ástandið, eftir að hin fyrri skýrsla hafði verið birt og eftir að viðskmrh. var búinn að halda sína margumtöluðu útvarpsræðu, svo að nú verður barnasjúkdómum hinnar frjálsu verzlunar varla lengur um kennt.

Og ekki verður sannleikurinn fallegri, þegar komið er að bátagjaldeyrisvörunum.

Hin nýja skýrsla verðgæzlustjóra tekur til bátavöru að innkaupsverði 2.3 millj. kr., og er varan tollafgreidd í október og nóvember. Söluverð þessarar vöru til neytenda er 7.2 millj., eða næstum 5 millj. kr. hærri. Af þessum mismun nemur verzlunarálagning 2.2 milljónum. Samkv. verðlagsákvæðum hefði álagningin átt að nema 1.2 milljónum, svo að álagningarhækkunin vegna afnáms verðlagsákvæðanna nemur tæpri milljón á þessar 60 vörusendingar, sem tollafgreiddar voru í október og nóvember.

Bátagjaldeyrisskipulagið var, svo sem öllum er kunnugt, tekið upp til þess að aðstoða bátaútveginn í erfiðleikum hans. En hvað skyldi bátaútvegurinn hafa fengið í sinn hlut af þessum 60 vörusendingum? 941 þús. kr. Álagningarhækkun milliliðanna nam hins vegar 990 þúsundum, eða tæpri milljón.

Hvað segja útvegsmenn um þetta? Eru þeir ánægðir með, að milliliðir skuli fá meira í viðbótarálagningu á þessar vörur en þeir fá sjálfir alls? Og hvað segir almenningur? Honum var sagt að sætta sig við bátagjaldeyrisskipulagið og þá óbeinu gengislækkun, sem í því fólst, vegna þess að það væri nauðsynlegt vegna bátaútvegsins. En svo sýna athuganir verðgæzlustjóra, að milliliðir stinga í sinn vasa viðbótarálagningu, sem nemur meira en öllu því, sem bátaútvegurinn fær! Á móti hverri krónu, sem útvegsmaðurinn fær, tekur milliliðurinn aðra krónu í hækkaðri álagningu. Útvegsmönnum mun hafa verið lofað 90 milljónum í sambandi við þetta skipulag. Ef milliliðirnir halda áfram að fá jafnmikið og þeir fengu í október og nóvember, þá fá þeir aðrar 90 milljónir í viðbótarálagningu! Slíkt getur varla gerzt og má auðvitað heldur ekki gerast. En gagnráðstafanir þarf að gera í tíma.

Ýmsir ráðherrar sögðu á sínum tíma, að ef

okrið, sem kom í ljós við fyrstu skýrslu verðgæzlustjóra, héldi áfram, mundi verða gripið í taumana. Það er rétt, að þessi seinni skýrsla sýnir ekki eins taumlaust okur og hin fyrsta, og er það vafalaust að mestu leyti að þakka því aðhaldi, sem slík skýrslusöfnun veitir. En samt er ástandið eins dæmalaust og ég hef verið að lýsa. Hvenær finnst hæstv. ríkisstj. nóg komið? Og hversu lengi ætlar almenningur að sætta sig við slíka viðskiptahætti?

Það er rétt að gera almenningi nokkra grein fyrir því, hvað hann eiginlega er að greiða, þegar hann kaupir bátagjaldeyrisvöru, og er þetta sérstaklega athyglisvert núna í jólakauptíðinni. Þegar þú, hlustandi góður, kaupir einhverja útlenda flík, sem flutt er inn fyrir bátagjaldeyri og kostar 100 kr. í búðinni, þá ertu að greiða kr. 33 í erlent innkaupsverð, þú ert að greiða ríkinu 25 kr. í tolla og söluskatt, útgerðarmanni 9 kr. í bátagjald, smásalanum 21 kr. í álagningu og heildsalanum 10 kr. í álagningu. Sú álagningarhækkun, sem þú greiðir smásalanum vegna afnáms verðlagsákvæða, nemur 7 kr., og sú hækkun, sem þú greiðir heildsalanum, nemur 6 kr. Álagningarhækkunin, sem þú greiðir, nemur því 13 krónum af þessum 100 kr. kaupum.

Við skulum athuga aðra vöru.

Þú kaupir ávexti fyrir 100 kr. til jólanna. Af þeim eru 28 kr. erlent innkaupsverð, ríkið tekur 16 kr. í tolla og söluskatt, útgerðarmaðurinn aðrar 16 kr., smásalinn fær 23 kr. og heildsalinn 9 kr. Álagningarhækkun milliliðanna nemur 15 kr., eða meira en helmingi þess, sem varan kostar í innkaupi. Þú greiðir 15 kr. meira en ella vegna þess, að verðlagsákvæðin voru afnumin. — Hvernig lízt þér á þessa verzlunarhætti?

Að síðustu þetta. Þessar eldhúsdagsumr. eiga að hjálpa þjóðinni til þess að gera sér grein fyrir kostum og göllum ríkisstj. og stefnu hennar. Hvað er þá eðlilegra en hver stétt um sig hugleiði, hvað ríkisstj. hefur fyrir hana gert? Mig langar til að spyrja þá verkamenn, sem mál mitt heyra, hvað þeim finnist ríkisstj. hafa gert fyrir sig. Eiga þeir að þakka henni fyrir, að nú eru 1200—1500 manns atvinnulausir hér í Reykjavík og vafalaust 2000—3000 á öllu landinu? Geta sjómenn þakkað henni fyrir góðar undirtektir í kjarabaráttu þeirra? Eiga iðnaðarmenn að þakka henni fyrir ástandið í byggingariðnaðinum? Og eiga þeir 400—500 iðnverkamenn, sem hefur verið sagt upp vinnu í verksmiðjum á þessu ári, að syngja henni sérstakan lofsöng? Mig langar til að spyrja bændur, hvort þeir séu ánægðir með áhrif gengislækkunarinnar á framleiðslukostnað sinn og skilyrðin til áframhaldandi aukningar á vélanotkun. Mig langar til að spyrja opinbera starfsmenn, hvort þeim finnist það hafa gengið vel að fá sjálfsögðum óskum sínum í launamálunum framgengt. Og mig langar til að spyrja sparifjáreigendur, hvort þeim finnist ríkisstj. hafa staðið traustan vörð um verðgildi peninganna.

Ég veit, hverju allir þessir aðilar svara. Engin þessara stétta á ríkisstj. nokkuð gott upp að unna. En sú stétt er þó til, sem ríkisstj. hefur verið blíð og eftirlát og sannarlega má vera henni þakklát. Það eru heildsalarnir hér í Reykjavík. En þeir eru eina stéttin, sem hefur stórhagnazt á stefnu núverandi ríkisstj. Þeir voru ríkastir fyrir. Líklega er það þess vegna, sem ríkisstj. hefur talið það sjálfsagt að gera þá eina ríkari, um leið og allir aðrir verða fátækari.

Heildsalar stórauka gróða sinn. Almenningur býr við atvinnuleysi og okur. Það er meginafleiðingin af stefnu hæstv. ríkisstj.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Hæstv. fjmrh. var heldur vandræðalegur í svörum sínum um afstöðuna til fyrrverandi ríkisstj., til þeirrar ríkisstj., sem hann sat sjálfur í um þriggja ára skeið og vegsamaði þá, eins og ræður hans bera enn með sér, en hæstv. forsrh., Steingrímur Steinþórsson, gaf aftur þá lýsingu á, að hefði skilið við allt í öngþveiti. Það var eðlilegt, að hæstv. ráðh. væri vandræðalegur, og það bætti ekki úr skák, að Hermann Jónasson sagði, að fjármálastefna þeirrar stjórnar hefði verið stórhættuleg og að hún hefði setið, meðan hægt var að fá lán, en þegar lánin þrutu, hefði hún gefizt upp. — Ætli það fari ekki eins fyrir núverandi ríkisstj. og þeirri fyrri? Þegar hún getur ekki lengur fengið erlend lán til að framfleyta sér, ekki lengur lifað á erlendum fégjöfum, þá gefist hún upp, — þá stökkvi flokkarnir, sem að henni standa, í sundur og efni til kosninga.

Enn þá reyndi hæstv. fjmrh. að fullyrða það, sem ég læt honum eftir að fá menn til þess að skilja almennt, að það geti bætt úr fjárhagsþörf atvinnuveganna að hækka ár frá ári þær fjárhæðir, sem innheimtar eru af atvinnuvegunum, og auka á þann þátt dýrtíðina í landinu og trufla rekstur alls atvinnulífs.

Þá vék hæstv. ráðh. nokkuð að afstöðu minni til sjávarútvegsmála á Alþ. og sagði, að ég væri í flestum málum á móti hagsmunum sjávarútvegsins. Hann nefndi sem dæmi tvö atriði: gengislækkunina og ákvæðin um gjaldeyrisfríðindi. Í þessu sambandi er rétt að rifja örlítið upp, hvernig ástatt var hjá bátaútveginum, þegar gengislækkunin var samþ., og hvaða sérstakra hlunninda hann hefur orðið aðnjótandi í sambandi við breytta gengisskráningu. Þegar gengisbreyt. var ákveðin, var fiskverðið til fiskibátaflotans 75 aurar á kg. Auk þess nutu bátar þá sérstakra fríðinda, sem metið var af hlutlausum mönnum að næmu 10 aurum á kg. Hið raunverulega verð var því 85 aurar á kg. En hvað gerðist við samþykkt gengislaganna á Alþ.? Hækkaði fiskverðið? Batnaði afkoma sjávarútvegsins? Við skulum segja, að hæstv. fjmrh. viti deili á þessu. Nei, sannleikurinn er sá, að bátaútvegurinn hlaut lækkun á fiskverði við samþykkt gengislaganna. Fiskverðið lækkaði í 75 aura. En bátaflotinn varð annarrar gjafar aðnjótandi í sambandi við gengisbreyt. Allur rekstrarkostnaður bátaútvegsins hækkaði stórkostlega, og afkoman varð verri á þessu ári en nokkurt undangenginna ára. Þegar ég og fleiri sögðu, að svona mundi fara, eftir því sem öll

sólarmerki voru, þegar var verið að samþ. gengisl. á Alþ., barði fjmrh. höfðinu í steininn. En þetta voru nú þær staðreyndir, sem við blöstu. Svona kom það út fyrir vélbátaútveginn. En það var annar aðili, sem græddi verulega á gengisbreyt., og fer minna fyrir því, að hæstv. ráðh. segi þá sögu. Það var ríkissjóður sá, sem hann veitir forstöðu. Ríkissjóðurinn losnaði við að greiða til bátaútvegsins, sem hæstv. fjmrh. lýsir nú yfir í tíma og ótíma, að hann vilji gera allt fyrir. Ríkissjóður losnaði þar við töluvert háar greiðslur; sennilega hefðu þær orðið á þessu ári 30—40 millj. kr. En ekki nóg með það. Ríkissjóður sá sér leik á borði undir stj. hæstv. fjmrh. að halda eftir skattstofninum, sem lagður var á til þess að rísa undir greiðslum með fiskinum til bátanna. Og á þann hátt hélt ríkið eftir skattstofni, sem á þessu ári mun veita því um 100 millj. kr. Ríkissjóður græddi á þessari breyt., og þeir, sem þar réðu ríkjum, fengu aukið olnbogarúm.

Ég benti á það, þegar var verið að lögleiða ákvæðin um fríðindi handa bátaútveginum, að litlar líkur væru til þess, að þessi fríðindi kæmu að fullu haldi fyrir bátaútveginn. Miklu líklegra væri, að aðrir hirtu þann hagnað, sem af þessu gæti leitt. Reynslan hefur sannað þetta í öllum meginatriðum. Um það liggja fyrir greinilegar tölur, sem hafa verið ýtarlega raktar.

Tími minn er rétt að verða búinn, svo að ég verð að láta þetta nægja. En að lokum aðeins þetta: Eins og ég gat um í fyrri ræðu minni, mun senn koma sá dagur, að leitað verði til hv. kjósenda. Öll sólarmerki benda til þess, að núverandi stjórnarflokkar muni senn stökkva í sundur. Hlustandi góður! Þinn tími kemur senn til að taka afstöðu í þessum málum, sem nú eru efst á baugi með þjóðinni. Hversu einbeittur verður þú að taka ákvörðun? Lætur þú loddara lengur um að stjórna málefnum þínum og þíns lands, eða tekur þú ákvörðun samkvæmt fenginni reynslu? Ef alþýðustétt landsins áttar sig á einföldum atriðum þessara mála, er fullvíst, að upp úr næstu kosningum munu ekki verða við völd þeir sömu menn, sem beitt hafa óstjórn í fjármálum landsins, og það mun verða gæfulegar staðið að sjálfstæðismálum þjóðarinnar en gert er af núverandi stjórnarflokkum.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Hv. 3. landsk., Gylfi Þ. Gíslason, hafði í ræðu sinni æðimiklar áhyggjur út af framsóknarsýki, sem hann segir, að hæstv. atvmrh. hafi talið mig haldinn af og hann væri að reyna að lækna. Ég get sagt báðum þessum ágætu mönnum það, að hvort sem eru sameiginlega eða sinn í hvoru lagi, mundu þeir áreiðanlega engin áhrif hafa á mig. Ég tel mér jafnskylt að víta afglöp nýsköpunarstjórnarinnar og átelja harðlega hina ábyrgðarlausu yfirboðspólitík Alþfl. En er það ekki svo, að hv. þm. langi til að njóta lækningatilrauna hæstv. atvmrh.? Það virtist greinilega koma fram í ummælum hans áðan.

Þessum umræðum er nú brátt lokið. Áheyrendur um land allt hafa heyrt málflutning ríkisstj. og þeirra flokka, er styðja hana, annars vegar, en stjórnarandstæðinga hins vegar. Ég tel einmitt mjög mikilsvert, að hver og einn meti eins óhlutdrægt og unnt er það, sem fram hefur komið í þessum umræðum. En eins og ég benti á í ræðu minni í gær, verður það ekki gert nema mynda sér yfirsýn um þróun stjórnmálanna síðustu árin — athuga hleypidómalaust, hvernig þjóðarbúið stóð, þegar núverandi ríkisstj. tók við yfirstjórn þess, og hvað gert hefur verið tvö síðustu árin til þess að rétta hag þess.

Árásir stjórnarandstæðinga á ríkjandi stjórnarfar verða og að metast með hliðsjón af þeim tillögum, sem þeir sjálfir bera fram um breytta stjórnarhætti. Það er ekki nóg að rífa niður. Það geta tryllt og skynlaus náttúruöflin gert. Sú ábyrgð hvílir á hverri stjórnarandstöðu lýðræðisríkis, að ef hún rífur niður ráðstafanir ríkisstj., þá verður um leið að benda á önnur úrræði. Að öðrum kosti verður slíkt niðurrif skoðað ómerkt orðagjálfur.

Það sérkennilegasta við þessar umræður er einmitt það, að stjórnarandstæðingar hafa ekki leitazt við að benda á nein önnur úrræði í fjárhags- og atvinnumálum en notuð hafa verið. Skal það rökstutt með nokkrum dæmum:

1. Háttvirtir stjórnarandstæðingar hafa enga tilraun gert til þess að hnekkja þeirri lýsingu, er ég í ræðu minni í gær gaf á öllum aðstæðum þegar núverandi ríkisstj. tók við um miðjan marz 1950. Það er því viðurkennt af þeim, að þá voru útflutningsatvinnuvegir þjóðarinnar algerlega stöðvaðir eða að stöðvast, engin fjárlög til fyrir það ár og ríkissjóður stórskuldugur og févana.

2. Þótt stjórnarandstæðingar, svo sem hv. 4. þm. Reykv. og fleiri, hafi hamazt að ríkisstj. fyrir gengisfellinguna 1950 og reynt að láta líta svo út, að þar væri að leita orsaka að núverandi erfiðleikum, þá er þó áberandi, að rök þeirra nú eru enn lélegri og máttlausari en í síðustu eldhúsdagsumræðum, enda munu þeir nú vera farnir að átta sig á því, að þjóðin öll veit nú, að ekki var annarra kosta völ. Hér stangast stjórnarandstæðingar við óhrekjandi staðreyndir.

3. Helztu ásakanir stjórnarandstæðinga í garð ríkisstj. eru þær staðhæfingar þeirra, að atvinnuleysi vaxi hröðum skrefum. Hv. 4. þm. Reykv. gekk svo langt í þessu að ásaka ríkisstj. sérstaklega fyrir, að atvinnuleysi og stórkostleg vandræði vegna aðgerða ríkisstj. herjuðu staði eins og Siglufjörð, Ólafsfjörð og ýmsar verstöðvar annars staðar á landinu, sérstaklega á Vestfjörðum. Ég undrast stórlega, að þessi hv. þm. skyldi viðhafa slíkar blekkingar, og sýnir það, að ekki er af miklu að taka. Allir vita, að Siglufjörður er algerlega reistur á síldveiðum og síldariðnaði. Síldveiðar hafa brugðizt 7 eða 8 ár í röð. Siglufirði hefur verið að blæða út þessi ár. Hvað gerði stjórn flokksbróður hv. 4. þm. Reykv. — stjórn Stefáns Jóh. Stefánssonar — til þess að aðstoða Siglufjörð og reisa við atvinnulíf þar? Því er fljótsvarað. Ekkert. Og var þó atvinnuástandið orðið ærið ískyggilegt þar í hans stjórnartíð. Einmitt núverandi ríkisstj. hefur gert stórmikið til þess að mæta því neyðarástandi, sem þar

hefur verið síðustu árin, aðstoðað Siglfirðinga til þess að eignast togara, og hún er að stuðla að því, að fiskiðjuver verði reist þar. Hið sama gildir um ýmsa aðra þá staði, sem harðast hafa orðið úti vegna aflaleysis vélbáta síðustu árin. Í gangi eru stórfelldar aðgerðir til þess að auka atvinnulíf þessara staða, svo sem með því að útvega þeim togara og fleiri hliðstæðar ráðstafanir. Ég fullyrði þess vegna: Engin ríkisstj. hefur gert jafnmikið og þessi til þess að mæta afleiðingum jafnstórkostlegs aflaleysis og vandræða, sem ýmis byggðarlög hafa orðið fyrir að undanförnu. Hitt þarf engan að undra, þótt þröngt sé um atvinnu á öðrum stöðum en þessum um háveturinn, meðan útivinna stöðvast að miklu leyti. Það er gamalt og nýtt fyrirbrigði í íslenzku atvinnulífi. En hvernig hefði verið umhorfs, ef stjórnarandstæðingar hefðu ráðið — eða öllu heldur fengið að synda áfram í sama feninu og var, þegar núverandi ríkisstj. tók við? Þá hefði verið ægilegt um að litast, — stórkostlegra atvinnuleysi en nokkru sinni hefur þekkzt í þessu landi og meiri hörmungar. Er það þetta, sem hv. stjórnarandstæðingar óska eftir?

4. Þá hafa þau undur skeð í þessum eldhúsdagsumræðum, að stjórnarandstæðingar hafa með hinu mesta offorsi ráðizt á hæstv. fjmrh. og ríkisstj. alla fyrir það, að afkoma ríkissjóðs er með ágætum í ár. Þetta er eitt ömurlegasta dæmi um óábyrga stjórnarandstöðu. Að allmikill tekjuafgangur yrði í ár, vita allir, að var nauðsynlegt, til þess að fjármála- og atvinnulíf þjóðarinnar lamaðist ekki eða jafnvel stöðvaðist algerlega. Öllum alþingismönnum er þó ljóst, að fjárlög fyrir 1952 verða að vera þannig úr garði gerð, að engin hætta sé á, að halli verði á þeim. Allt atvinnu- og fjármálalíf þjóðarinnar er í stórkostlegri hættu, ef þetta bregzt.

Þessi dæmi, sem ég hér hef nefnt, sýna ljóslega, hve hallir stjórnarandstæðingar standa í þessum umræðum. Ásakanir þeirra eru ýmist vísvitandi blekkingar eða svo rangt skýrt frá staðreyndum, að árásir þeirra falla máttlausar niður.

Að sjálfsögðu hafa þeir þó, eins og rödd þeirra og fas hefur sýnt, ekki dregið af sér í málflutningnum, enda ásakað fyrir það, sem þeir hefðu sjálfir talið rétt að gera, ef þeir hefðu farið með stjórn. Þannig er stjórnarandstaðan nú, því miður. Þess vegna er hún til einskis gagns, þótt hún gæti annars verið það, ef hún hagaði sér eins og hún ætti að gera. En hún er sundurþykk, eins og allir vita, klofin í Alþýðuflokk og Kommúnistaflokk, sem eyðileggja hvor fyrir öðrum af fremsta megni, eyðileggja hvor annars mál á Alþ. og auglýsa sig hvor í kapp við annan ábyrgðarlaust með sýndarfrumvörpum, sem þeim dytti aldrei í hug að bera fram eða standa við, ef þeir færu með stjórn í landinu. En ég veit, að fæstir landsmenn láta þetta sýndarstarf stjórnarandstöðuflokkanna í raun og veru villa sér sýn.

Margt er allstrangt — og mun lengst af verða það — í okkar harðbýla landi, sem þó hefur mikla kosti og er okkur hjartfólgið. „Íslendingar viljum vér allir vera", — þjóðhollir menn og sannir Íslendingar, — eða svo ætti það að vera. En það gerum við bezt með því að standa saman og styðja hverjir aðra, þegar mikið liggur við. „Sameinaðir stöndum vér. Sundraðir föllum vér." „Í sameining vorri er sigur til hálfs, í sundrungu glötun vors réttasta máls", kvað Einar skáld Benediktsson.

Vegna rétts skilnings á þessari samtakanauðsyn tóku núverandi flokkar höndum saman um myndun ríkisstj. fyrir tæpum tveimur árum. Ekki var þetta að öllu geðfellt fyrir marga, sem að því stóðu. En hefði það ekki verið gert, þá hefði áreiðanlega illa farið, eins og ég hef sýnt fram á. Þjóðarskútan var þá komin svo nærri strandi, að sterk samtök meiri hluta áhafnarinnar þurfti til þess, að stýrt yrði hjá voðanum. Það hefur heppnazt til þessa.

Ég leyfi mér svo að þakka þeim, er hlýtt hafa fjær og nær. Býð góða nótt og óska öllum landsmönnum gleðilegra jóla.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Háttvirtu hlustendur. Ég vildi fyrst mega víkja að ræðu Gylfa Þ. Gíslasonar, hv. 3. landsk. Ræðu hans var að öllu svarað, áður en hann flutti hana.

Hæstv. atvmrh. sagði í gærkvöld, að meðan aðeins 1/50 bátagjaldeyrisins, þ. e. 2%, væri kominn á markaðinn, eins og þegar fyrsta skýrsla verðgæzlunnar var birt, væri það rangur mælikvarði um álagninguna.

Það, sem viðskmrh. sagði nú um nýja rannsókn í þessu máli, sannar þetta. Hún nær þó aðeins til 8% bátagjaldeyrisins, — en samt hefur álagningin strax lækkað um 1/3 frá því, sem var við fyrri skýrsluna, sem náði til 2% gjaldeyrisins. Athugandi er þá, hvað verða mundi, er allur bátagjaldeyrir þessa árs væri kominn á markaðinn og framboð og eftirspurn hefðu samlagazt.

Rök hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar um álagningu á bátagjaldeyrinn voru öll fölsk vegna þess, að hann tekur ekkert tillit til þess, að samkvæmt verðlagsákvæðunum var ekki leyft að leggja á einn þriðja hluta af vöruverðinu. Ef álagningin er reiknuð af öllu vöruverðinu, eins og venjulegt er, verða allar tölur hans markleysa. Útreikningar hans og tölur eru því blekkingar og eiga ekki stoð í veruleikanum.

Haraldur Guðmundsson, hv. 4. þm. Reykv., sagði í ræðu sinni, að núverandi ríkisstj. væri flokksstjórn tveggja flokka, þar sem sérstakur kaupskapur hefði átt sér stað. Framsóknarmenn fengju nógu margar milljónir til landbúnaðarins til þess að sætta sig við, að braskararnir í Rvík fengju að græða.

Um þetta vil ég segja það, að núverandi ríkisstj. hefur ekki veitt bændum og búaliði neinar ölmusur — né fjárveitingar á kostnað annarra stétta.

Haraldur Guðmundsson miklaði fyrir sér og hlustendum 38 milljónir, sem á 16. gr. fjárlaga eru veittar til landbúnaðarmála.

Engar nýjar stærri fjárveitingar eru á þessari grein, eftir að 5 millj. kr. framlag var sett á þessa grein til landnáms og nýbygginga í sveitum samkv. lögum, sem sett voru í tíð nýsköpunarstj., þegar Pétur heitinn Magnússon var

landb.- og fjmrh. Langmesta hækkunin er til sauðfjársjúkdóma, sem hækka um 10 millj. kr. frá 1947. Það, sem framlög á þessari grein að öðru leyti hafa hækkað að krónutölu, mun hreint ekki samsvara þeirri verðrýrnun, sem orðið hefur á peningagildinu.

Af þessu má öllum vera ljóst, í fyrsta lagi, að hér hafa engin kaup átt sér stað.

Í öðru lagi vil ég segja það, að það þarf ekki að kaupa Sjálfstfl. til fylgis við landbúnaðinn. Hann telur sig málsvara bænda, engu síður en Framsfl. Ræða hv. 2. þm. Skagf., Jóns Sigurðssonar á Reynistað, sem hann flutti í gærkvöld, gaf af þessu glögga mynd. Í henni kom ekki fram nein ný stefna, eins og hæstv. landbrh., Hermann Jónasson, vildi vera láta í ræðu sinni hér í kvöld.

Ráðherrann sagði, að allt of oft hefðu framsóknarmenn mátt horfa upp á það, að mál landbúnaðarins væru felld hér á þingi, þó að bændafulltrúar Sjálfstfl. væru með þeim, af því að aðrir þm. Sjálfstfl. væru á móti þeim með fulltrúum verkalýðsflokkanna.

Ekkert framfaramál landbúnaðarins hefur verið þannig fellt fyrir hæstv. ráðherra. Ekkert fyrir hæstv. fyrrv. landbrh. Alls ekkert framfaramál landbúnaðarins hefur sætt slíkum örlögum. Getsakir hæstv. landbrh. í þessu efni eru með öllu ósæmilegar.

Hins vegar vil ég taka undir það, sem ráðh. sagði um ræðu Haralds Guðmundssonar, að það er óþarft verk að auka tortryggni milli stétta þjóðfélagsins, þeirra, sem búa í sveitum, og hinna við sjávarsíðuna, — ekki sízt þegar falsrökum er beitt.

Loks vil ég taka fram í þessu sambandi, að ég tel ekki svaraverðar ósvífnar ásakanir hv. þm., Haralds Guðmundssonar, um, að Sjálfstfl. vilji vernda braskarana. Hæstv. dómsmrh. vék að þessu í sinni ræðu og leiddi rök að því, hversu gersamlega haldlausar slíkar ásakanir eru.

Langstærsti flokkur þjóðarinnar, sem á fylgi sitt í öllum stéttum þjóðfélagsins, þarf ekki að taka alvarlega slíkar ásakanir frá fulltrúa langminnsta flokksins, þó að hann sé að vísu langfínasti flokkurinn, — flokkur forstjóranna og feitu embættanna.

Hæstv. landbrh., Hermann Jónasson, hefur legið veikur síðustu tvær vikurnar. Hann hefur nú hafið þingstörfin að nýju hér í kvöld með árásum á nýsköpunarstjórnina. Ég held, að hann hafi farið of snemma á fætur.

Þannig sagði hann, að nýsköpunarstj. hefði ekkert til síns ágætis unnið annað en kaupa 30 togara. Var helzt að skilja, að til þeirra hefði verið varið 11 hundruðum milljóna; þeir kostuðu að vísu aðeins 1/11 hluta þess fjár og allir 30 til samans ekki meira en þeir 10 togarar, sem keyptir voru af stj., sem Framsfl. átti sæti í og Hermanni Jónassyni þóttu svo ódýrir, enda þótt hann hafi talið hina 30 allt of dýra.

Hermann Jónasson er áreiðanlega ekki búinn að ná sér eftir veikindin. Hann gleymir alveg á annað hundrað vélbátum, fjórföldun íslenzka siglingaflotans, byggingu stærstu iðnaðarfyrirtækja landsins og yfirleitt alhliða endurreisn íslenzks atvinnulífs í tíð nýsköpunarstj.

Þó verður að játa, að vegna ókökstuddrar oftrúar á forustu Framsfl. neituðu margir bændur samstarfi við nýsköpunarstj., og fyrir það og það eitt hefur hlutur landbúnaðarins e. t. v. orðið minni en skyldi. Var þó í tíð nýsköpunarstj. lagður grundvöllurinn að nýrri þróun landbúnaðarins með öflun stórvirkra skurðgrafna, dráttarvéla og annarra nýtízku landbúnaðartækja (þ. á m. yfir 1200 landbúnaðarjeppa á árinu 1946) — og á grundvelli þeirrar löggjafar, sem ég áður nefndi, um landnám og nýbyggingar í sveitum, sem sett var í tíð nýsköpunarstj., hvílir sú þróun, sem nú á sér stað í landbúnaðinum og verða mun í framtíðinni.

Annars er ég sammála hæstv. dómsmrh., að það er næsta furðulegt, að Hermann Jónasson skuli ekki telja annað miklu þarfara í þessum umræðum en taka upp þessa gömlu bolabragðaglímu við fortíðina.

Ég kem þá að lokum að kommúnistunum.

Þegar Stalin marskálkur varð sjötugur, skrifuðu kommúnistar á þessa leið:

„Þ. 21. desember 1879, á þeirri stund, er Stalin fæddist, stóð sólin kyrr á himninum. — Síðan skein hún bjartari en nokkru sinni fyrr til að veita okkur meiri yl og hamingju. Stalin er hin nýja sól lífs vors.“

Það er engu líkara en að þessi nýja náðarsól hafi skinið í heiði yfir skrifborði Ásmundar Sigurðssonar, hv. 5. landsk. þm., þegar hann samdi ræðu þá, sem hann flutti hér í gærkvöld.

Kannske hangir líka mynd af þessari „nýju sól lífsins“ yfir rúmi þingmannsins? Ef svo skyldi ekki vera, getur hann áreiðanlega fengið eina af allra beztu gerð hjá Brynjólfi Bjarnasyni. Menn heyrðu glöggt á ræðu hans í kvöld, að „sól lífsins“ hefur bakað hann í bak og fyrir!

Ásmundur Sigurðsson talaði mikið um það, að hinar lituðu þjóðir Asíu væru að berjast til frelsis. Sú barátta félli saman við frelsisbaráttu sósíalismans, sagði þingmaðurinn.

Já. Það var mikið lán, að hann talaði bara um lituðu þjóðirnar, því að hvernig fellur frelsisbarátta hvítu þjóðanna hér í Evrópu, sem við þekkjum nú betur til, saman við sósíalismann? Hvernig mundu sólargeislar Stalins skína á þær? Vill þingmaðurinn skreppa austur fyrir járntjald og spyrja, — spyrja Letta — spyrja Litháa — spyrja Eistlendinga? Vill hann spyrja Finna — spyrja Pólverja — eða Grikki? Eða kannske að hann vilji spyrja varaforsætisráðherrann í Tékkóslóvakíu, Slansky? Hann er þó flokksbróðir þingmannsins — báðir í heimsflokki kommúnista. Ekki ætti Ásmundur að vera hræddur við að biðja um viðtal við hann í fangelsinu. — Þegar þingmaðurinn kemur úr þessu ferðalagi, hygg ég, að hann gæti samið nýja og betri ræðu.

Ásmundur Sigurðsson sagði: „Við kommúnistar erum sakaðir um þjónustu við erlent vald. Ekki eitt einasta atriði er nefnt því til sönnunar.“

Þessa athyglisverðu staðhæfingu langar mig til að athuga nokkru nánar í sambandi við aðra staðhæfingu, sem segja má, að verið hafi rauði þráðurinn í ræðum kommúnistanna á þessu þingi, þegar utanríkismálin hafa verið rædd. En þeir hafa haldið því fram af ofurkappi, að þeir

séu þeir einu, sem alltaf hafi haft ákveðna — eina og sömu stefnu í utanríkismálum. Mér þykir líklegast, að þessari síðari staðhæfingu sé einmitt ætlað að vera sönnun fyrir því, að þeir séu ekki að þjóna öðrum.

En hvað rekum við okkur á?

Þegar litið er yfir farinn veg, liggja fyrir okkur óteljandi sannanir þess í málgögnum kommúnista, í stefnuyfirlýsingum flokksins og í ræðum forkólfa hans, að um utanríkismálin — um heimspólitíkina hafa þeir vissulega sagt eitt í dag og annað á morgun, svo að hvað rekur sig á annað. Hér er af miklu að taka, en tíminn leyfir aðeins lítið.

Þannig sögðu þeir, þegar Hitler gerði griðasamninginn við Stalin, að mönnum væri nú ljóst, að Þjóðverjar teldu, „að tími væri til kominn að framfylgja kröfum sínum á hendur Pólandi með vopnavaldi".

Þegar Þjóðverjar réðust inn í Pólland, sögðu þeir hins vegar: „Evrópa sér nú enn einu sinni afleiðingarnar af undanlátseminni við fasismann; því aðeins vegna þess, að fasismanum héldust uppi grimmdarverkin á Spáni og banaráðin við Austurríki og Tékkóslóvakíu, þorir hann nú að ráðast á Pólland."

Svo fengu þeir vitneskju um það, að utanríkisráðherra hins kommúnistiska Rússlands hefði sent skeyti til kanslara hins nazistiska Þýzkalands, svo hljóðandi:

„Ég hef móttekið tilkynningu yðar um, að þýzkar hersveitir hafi farið inn í Varsjá. Gerið svo vel að flytja þýzku ríkisstjórninni hamingjuóskir mínar og kveðjur.

Molotov."

Þá kom þessi fyrirsögn í Þjóðviljanum: „Ekki árásarsamningur Sovétríkjanna við Þýzkaland er sigur fyrir heimsverkalýðinn." — Um leið sögðu þeir, að andstæðingum kommúnista á Íslandi skyldi „ekki verða að von sinni um það, að Sovétríkin réðust á Pólland."

Einni viku eftir þessa yfirlýsingu hélt rauði herinn inn yfir landamæri pólska ríkisins.

Þá sagði Halldór Kiljan Laxness í Þjóðviljanum: „Ég skil ekki almennilega, hvernig bolsévikar ættu að sjá nokkurt hneyksli í því, að 15 milljónir manna eru þegjandi og hljóðalaust innlimaðar undir bolsévismann."

Í upphafi síðustu styrjaldar, þegar Bretar og önnur lýðræðisríki í Vestur-Evrópu börðust ein gegn nazismanum, gáfu kommúnistar þessa yfirlýsingu hér: „Hér á Íslandi verða sósialistar að gera sér fullljóst, að þeir geta hvorugum hinna stríðandi aðila óskað sigurs." Fasisminn var kallaður „erkióvinurinn", en Bretar „sterkasti óvinurinn", enda þótt áður hafi verið búið að lýsa Bretum sem okkar „eðlilega verndara" í dálkum Þjóðviljans.

Þegar Íslendingar unnu fyrir brezka setuliðið hér, sögðu kommúnistar í Þjóðviljanum, að slík „hagnýting vinnuaflsins væri glæpsamleg".

Svo fóru Rússar í stríðið. Þá var hin glæpsamlega hagnýting vinnuaflsins kölluð „landvarnarvinna". Þá sögðu kommúnistar (Þjóðviljinn, 19. maí 1942): „Þeir, sem hamast nú gegn landvarnarvinnunni á Íslandi, eru að vinna í þágu Kvislings og Hitlers."

Þannig liggja fyrir endalausar sannanir um það, að kommúnistar hafa alltaf sagt eitt í dag og annað á morgun. Ég þarf ekki að þylja meira af þessu tagi yfir kommúnistum. Þeir þekkja líka sín eigin spor. En sporin hræða! Því að það verða menn að gera sér ljóst, og það er mergurinn málsins, að það er þrátt fyrir allt þetta rétt, sem kommúnistar segja, að þeir hafa alltaf haft eina og sömu stefnu í utanríkismálum. Þeir hafa alltaf vitað, hvað þeir voru að segja.

1. Það er þeirra stefna, þegar „glæpsamleg hagnýting vinnuaflsins" verður að „landvarnarvinnu", — ef Rússar vilja.

2. Það er þeirra stefna, þegar okkar „eðlilegi verndari" verður að okkar „sterkasta óvini", — ef Rússar vilja.

3. Það er þeirra stefna, „að milljónir séu þegjandi og hljóðalaust innlimaðar undir bolsévismann".

4. Það er þeirra stefna, eins og Brynjólfur Bjarnason lýsti yfir, þegar hann lagði upp í eina Moskvuför sína, að „það er ekki nóg að tilheyra heimsflokki kommúnismans. Við verðum einnig allir að vera reiðubúnir að framkvæma fyrirskipanir hans." — Framkvæma „fyrirskipanir" hans, — vill ekki Ásmundur Sigurðsson taka eftir því?

5. Það er þeirra stefna að vera fimmta herdeild kommúnismans á Íslandi.

Þessa — og þessa einu — stefnu í utanríkismálum Íslendinga hafa kommúnistar haft, og þeir hafa sannarlega fylgt henni dyggilega. Að fylgja alltaf, hvernig sem á stendur og hvað svo sem þeir hafa sagt, fyrirskipunum (eins og Brynjólfur orðaði það), fyrirskipunum frá stjórnendum hins alþjóðlega kommúnisma, — það er þeirra eina stefna, þeirra „þjónustu"-stefna.

Það er von, að almenningur hér á landi hafi næsta oft átt erfitt með að átta sig á „línudansinum" hér heima, þegar valdhafar Sovétríkjanna hafa verið að þræða sína refilstigu til landvinninga og nýrrar yfirdrottnunar, — ævinlega dyggilega studdir af 5. herdeildinni í því landi, sem í þetta eða hitt skiptið varð ofbeldinu að bráð.

En forsprakkar kommúnista hér vissu og vita, hvað þeir segja og gera. Það er þeirra þyngsta sök!

Það er þetta, sem íslenzka þjóðin, sá hluti hennar, sem fylgt hefur kommúnistum í rangri trú, verður að skilja, þegar kommúnistar hér á Alþingi gerast svo djarfir að hælast yfir því, að þeir hafi alltaf haft eina og sömu stefnu í utanríkismálum þjóðarinnar.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Í ræðu minni í gær beindi ég nokkrum fyrirspurnum til hæstv. ríkisstj.: 1) Hvað hyggst hæstv. ríkisstj. fyrir um bjargráð til útgerðarinnar? 2) Hvað hefur hún í huga til að bæta úr atvinnuleysinu? 3) Hvað ætlar hún sér að taka til bragðs í innflutningsmálunum, þegar Marshallframlagið hættir? Ég hef engin svör fengið við þessum spurningum við þessa umr. En engin svör eru líka svör. Þögnin er viðurkenning úrræðaleysis hæstv. ríkisstj.

Annars er þetta eldhús harla einkennilegt. Hæstv. ríkisstj. hefur gefizt upp við að verja stefnu sína og framkvæmdir. Í þess stað gerir hún elda að fyrrv. ríkisstj., reynir að sýna fram á, að þegar hún skildi við, hafi ástandið verið eins slæmt og frekast mátti verða. En hverjir voru í þessari ríkisstjórn auk þeirra Emils Jónssonar og Stefáns Jóh. Stefánssonar, fulltrúa Alþýðuflokksins? Það var framsóknarmaðurinn Bjarni Ásgeirsson, þáverandi formaður Búnaðarfélags Íslands; það var Jóhann Þ. Jósefsson, margreyndur fulltrúi sjálfstæðismanna í stjórn; það var Eysteinn Jónsson, sem manna mest hefur talað um, hve ástandið hafi verið bágborið, er stjórnin, þ. e. hann, hvarf frá völdum; og það var Bjarni Benediktsson, utanrrh. Sjálfstfl. Þegar þessir menn eru að lýsa sökum á hendur fyrrverandi ríkisstj., þá eru þeir að bera sakir á sjálfa sig. Ég hef aldrei vitað jafnskoplegan málaflutning, — ég get ekki kallað það vörn, — eins og þegar þessir menn eru að skamma sjálfa sig fyrir misgerðir, sem þeir hafa átt að fremja fyrir tveimur árum.

Jóhanni Hafstein verð ég alveg sérstaklega að þakka fyrir ummæli hans um „finu“ mennina í Alþfl. Slík ummæli frá honum eru mikið lof. Allir vita, að hann kann vel að meta fína menn, lítur upp til þeirra og langar til að líkjast þeim. Hann fullyrti, að tölur þær um álagningu, sem Gylfi Þ. Gíslason fór með, væru rangar. Mig furðar á þessari fullyrðingu. Hann veit vel, að þær tölur, sem Gylfi fór með, eru sóttar beint í skýrslur verðgæzlustjóra, starfsmanns hæstv. viðskmrh., og settar fram á sama hátt og þar er gert. Vill Jóhann Hafstein halda því fram, að verðgæzlustjóri gefi rangar skýrslur? Og ef skýrslurnar eru rangar, hví er þá verið að birta þær í blöðunum?

Ég hálfvorkenndi hæstv. forsrh., er hann flutti ræðu sína í gær. Hann sagði, að erfiðleikarnir hefðu verið miklir og að það hefði því þurft mikla karlmennsku, hugrekki og dug til að taka að sér stjórn landsins, eftir að stjórn Alþfl., Sjálfstfl. og Framsfl. fór frá. Það hefði þurft mikinn kjark til að gera þær óvinsælu ráðstafanir, sem þá voru óhjákvæmilegar. Það sæti ekki á Alþfl.-mönnum, sem hefðu hlaupið frá ábyrgðinni, væru nöldursseggir, sem nú hefðu allt á hornum sér, og ynnu að því öllum árum að gera gengisfellinguna, þessa nauðsynlegu ráðstöfun, óvinsæla, að álasa slíkum hetjum og dáðadrengjum, sem hefðu tekið að sér það óvinsæla verk að bjarga þjóðinni. Ég hef stundum áður heyrt framsóknarmenn fara með broslegt hól um sjálfa sig, um hinn dæmalausa kjark þeirra og karlmennsku, en ég hef ekki fyrr heyrt hæstv. forsrh. kyrja þetta „framsóknarlag“. Auk þess er skrafið um vinsældirnar mjög hæpinn málaflutningur. Gengisfellingin var, þegar hún var lögtekin, óvinsæl hjá sumum, en vinsæl hjá öðrum. Hæstv. ríkisstj. vissi, að flestir útgerðarmenn töldu gengisfellinguna sér í hag, að hún var vinsæl hjá þeim og að flestir meiri háttar fasteignaeigendur og stórinnflytjendur voru henni mjög fylgjandi. Hún vissi að vísu líka, að gengisfellingin kom hart niður á ýmsum, svo sem launastéttunum og sparifjáreigendum, og var því óvinsæl hjá þessum stéttum. En hæstv. ríkisstj. mat meira hag og vinsældir þeirra, sem högnuðust á gengisfellingunni, en hinna, sem töpuðu á henni. Hitt er svo annað mál, að nú virðist sem útgerðarmennirnir hafi sjálfir tapað trúnni á gengisfellinguna, eftir að þeir hafa séð, að hún hefur alls ekki komið þeim að því gagni, er þeir bjuggust við.

Hæstv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, sagði í fyrri hluta ræðu sinnar í gær, er hann var að afsaka hinar gífurlegu skattaálögur, að umframtekjurnar stöfuðu eingöngu af hinum óvenjulega mikla innflutningi vara fyrir Marshallfé, sem hefðu gefið ófyrirsjáanlegar tolltekjur. Síðar í ræðu sinni reyndi hann svo að sýna fram á, að hinn mikli tekjuafgangur væri því að þakka, hve atvinnulífið hefði blómgazt vegna gengisfellingarinnar og góðrar stjórnar. Nú var það ekki lengur Marshallfé, sem veitti tekjuafganginn, heldur að velgengni atvinnuveganna var svo mikil, að þeir gátu auðveldlega greitt skattaaukninguna. Þá kvaðst hæstv. ráðh. hafa hina mestu skömm á þeim einstöku hópum manna og félögum, sem sífellt væru að gera kröfur og samþykktir um fjárframlög úr ríkissjóði sér til handa og krefðust um leið sparnaðar og niðurskurðar. Um hverja var hæstv. ráðh. að tala þarna? Að hverjum var hann að sneiða? Var hann viljandi að sneiða að sínum eigin flokki, Framsfl.? Engir eru duglegri, — það vita allir og viðurkenna, — að krefjast framlags úr ríkissjóði en flokksmenn hans, og engir tala hærra um sparnað en þeir, en — það skal játað — mest þó þegar hann sjálfur er ekki fjmrh.

Hæstv. landbrh., Hermann Jónasson, talaði um það áðan, hve ákaflega hann hefði verið duglegur að afla fjárframlaga og lána til bænda, til landbúnaðarvéla, nýsköpunar, niðurskurðar, mæðiveikivarna, ræktunar, gróðurhúsa, til húsabygginga, girðinga, kartöflugeymslna, uppbótargreiðslna, og var drjúgum montinn af þessum dugnaði sínum, en samt þótti honum hlýða að lýsa sig sparnaðarmann, sérstakan sparnaðarfrömuð. Hæstv. landbrh. sagði enn fremur, — og Jóhann Hafstein kom inn á það líka, — að ég hefði í ræðu minni í gær verið að bera róg milli stétta í sambandi við ummæli mín um framlög ríkisins til landbúnaðarins. Ekki reyndi hann þó að vefengja þær tölur, sem ég nefndi. Getur það talizt rógur að skýra rétt frá tölum, sem í fjárlögunum standa? Það, sem ég vildi leitast við að sýna fram á, var þetta: Sjálfstfl. féllst á að veita bændum aukin fjárframlög í bili, sem stundargróða, í því skyni og gegn því skilyrði, að Framsfl. vildi fallast á, að höfuðpaurar Sjálfstfl., auðmenn, stórkaupmenn og aðrir slíkir, fengju frjálsar hendur til þess að skammta sjálfum sér álagninguna og þar með gróðann. Ég vildi reyna að sýna fram á, að frambúðarhagur bænda verður ekki tryggður með slíkum hrossakaupum. Það er of ótryggur grundvöllur að byggja á. Man hæstv. ráðh. ekki, þegar íhaldsflokkurinn ráðlagði Reykvíkingum að drekka ýsusoð í stað mjólkur og éta gras í stað kjöts? Milli bænda og sveitafólks annars vegar og verkalýðs og launastétta hins vegar eru

órjúfanleg hagsmunabönd. Sé kaupgeta launastéttanna lömuð eða skert tilfinnanlega, hvort sem það er gert með kauplækkun, gengisfellingu, óeðlilegum skattaálögum eða atvinnuleysi — eða öllu þessu —, þá verður það einnig böl bænda. Þá spillast eða glatast markaðir þeirra og afkomumöguleikar. Afurðaverð bænda og tekjur launastéttanna á að vera í eðlilegu hlutfalli hvort við annað. Reynt var að festa þetta hlutfall 1949. Núverandi landbrh., Hermann Jónasson, varð til þess að rjúfa þetta samband illu heilli. Nú ætlast hann til þess, að þetta gleymist og bændur setji traust sitt á Ameríkumarkaðinn, verði ríkir á að selja lambakjöt til Bandaríkjanna og kæri sig kollótta, þótt kaupgeta launastéttanna þverri.

Spurningu hæstv. ráðh. svara ég þessu: Með heiðarlegum, lýðræðissinnuðum bændaflokki, sem er svo viðsýnn, að hann sjái og meti sameiginlega hagsmuni verkalýðsins og bændanna, vill Alþýðuflokkurinn gjarnan starfa.

„Ein staðreynd er nóg til að svara árásum á gengislækkunina," sagði hæstv. atvmrh., Ólafur Thors, í ræðu sinni. Ef gengið hefði ekki verið lækkað, hefði orðið að leggja á 200—250 millj. kr. í nýjum sköttum. Ég hef áður heyrt hann nefna þessar tölur, en aldrei heyrt hann sýna fram á, á hverju þær eru byggðar. Þessi „staðreynd" er ekki til. Talan er fjarstæða. Fiskábyrgðin nam samtals í þau þrjú ár, sem hún var greidd, aðeins 50 millj. kr.

„Stjórn á að dæma eftir verkum hennar," sagði hæstv. atvmrh. Þetta er alveg rétt. Ég spyr: Er ástandið nú betra eða verra en það var haustið 1949? Það er tvímælalaust verra. Það er staðreynd, sem enginn getur lokað augum fyrir. Nú er vísitalan komin upp í 151 stig, hefur hækkað um meira en 50 stig á 20 mánuðum. Allt er í óvissu með útgerðina, nema að hún þarf hjálp, meiri bjargráð. Byggingarefni bannvara. Búðir fullar af þarflausu, rándýru glingri og niðursuðuvörum. Það er hægt að fá gervibrjóst og gervineglur, en byggingarefni er bannað að flytja inn, þótt fjölda fólks vanti íbúðir. Og atvinnuleysið er þegar komið í algleyming um allt land. Björn Ólafsson, hæstv. viðskmrh., sér að vísu ekkert atvinnuleysi. Og hæstv. atvmrh., Ólafur Thors, segir ríkisstj. hafa unnið a. m. k. einn stórsigur, „sigur á höfuðfjanda verkalýðsins, atvinnuleysinu". Þetta þykja mér mikil brjóstheilindi. Snorri gamli sagði, að oflofið sé ekki lof, heldur háð, hið naprasta háð. Er hæstv. atvmrh. að gera gys að sjálfum sér, eða er hann að gera gys að atvinnuleysingjunum, sem ætluðu að heimsækja viðskmrh. á dögunum og fengu ekki að sjá hann?

Hæstv. dómsmrh. spurði, hvernig okkur dytti í hug að segja, að Sjálfstfl. væri óvinveittur verkalýðnum, þar sem miklu fleiri verkamenn kysu Sjálfstfl. en Alþfl. Þetta er nú, hygg ég, mjög hæpin fullyrðing. En sé hún rétt, þá er verknaður Sjálfstfl. enn þá verri en ég hef haldið, — ef flokkurinn hefur brugðizt sínum eigin kjósendum, þeim, sem hafa trúað honum fyrir að stjórna málum þjóðarinnar og sett traust sitt á hann. Ljótt er að beita valdi sínu stjórnmálaandstæðingum í óhag, en enn þá ljótara er þó að bregðast trúnaði sinna eigin stuðningsmanna með því að vinna þeim ógagn.

Ég sýndi fram á það í gær, að stjórnarstefnan hefði orðið til þess að bæta hag ákveðinna stétta og um leið valdið því, að hagur annarra stétta hefði rýrnað. Það er þetta, sem ber að leggja áherzlu á. Það, sem skiptir flokkum í þessu landi og um gervallan heim, er þetta: Íhaldið trúir því, að hag þjóðarinnar sé bezt borgið á þann hátt, að auðmennirnir fái að græða sem mest fé, svo að þeir geti síðan séð fólkinu fyrir brauði og atvinnu af miskunn sinni. Við Alþýðuflokksmenn álítum þetta rangt og hverri þjóð hættulegt. Við trúum því, að hagur fólksins verði bezt tryggður með því, að fólkið sjálft stjórni sínum málum með samtökum, félagsskap og samvinnu. Að því marki, að svo megi verða, stefnum við. Gleðileg jól, og gott og farsælt nýtt ár.

Umr. frestað.

Á 26. fundi í Sþ., 19. des., var enn fram haldið 3. umr. um frv. (A. 380, n. 390, 502, 512, 515).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Fjvn. hefur nú milli 2. og 3. umr. tekið fjárlagafrv. til athugunar eins og það var eftir 2. umr. og eins ýmsar brtt., sem fram komu, en teknar voru aftur til 3. umr. Hefur n. athugað þessar till., rætt um þær við viðkomandi aðila og látið atkvæði ganga um þær í n.

Meiri hl. n. ber nú fram á þskj. 502 allmiklar brtt. Stafar það af því, að margar brtt. voru teknar aftur til 3. umr., og svo af því, að n. hafði ekki gengið endanlega frá sumum liðum fjárl., eins og t. d. 18. gr., svo að eitthvað sé nefnt, og eins og ég áður gat um, þurfti n. að taka afstöðu til ýmissa brtt., sem fram komu. Ég mun nú leitast við að gera grein fyrir þessum brtt. meiri hl. fjvn. á þskj. 502, sem ég gat um áðan.

1. till. er við 10. gr., og er þar farið fram á 16 þús. kr. hækkun til sendiráðsins í Osló. Er hér aðeins um leiðréttingu að ræða, þ. e. a. s., n. hafði ekki fengið réttar upplýsingar um gengi íslenzku krónunnar í Noregi, og stafar þessi hækkun eingöngu af því.

2. till. er við 11. gr., 6. lið. Þar er gert ráð fyrir, að framlag Tryggingastofnunar ríkisins lækki úr 700 þús. niður í 450 þús., en það er 250 þús. kr. lækkun.

3. till. er einnig við 11. gr., og hljóðar hún um, að framlag til landhelgisgæzlu verði hækkað úr 9259000 kr. upp í 9700000 kr. Þótti rétt að hækka þennan lið, þar sem allmargir þm. hafa farið fram á, að bætt yrði tveim bátum við landhelgisgæzluna, öðrum við Norðurland og hinum á Breiðafirði. Er þessi liður hækkaður í trausti þess, að svo verði gert.

4. brtt., við 12. gr., er um 80 þús. kr. hækkun, vegna þess að nú liggur fyrir, að fram fari á næsta ári almenn berklaskoðun, m. a. á Siglufirði og víðar á landinu. Þetta er svo merkileg ráðstöfun, að fjvn. þótti sjálfsagt að hækka

þennan lið um 80 þús. kr., eins og berklalæknir óskaði eftir.

5. brtt. er við 12. gr. og er um það, að framlag til læknisbústaða og sjúkrahúsa hækki um 450 þús. kr., þannig að það verði 1 millj. kr. Fjvn. hefur m. a. borizt erindi frá hv. þm. A-Húnv. um að hækka það allverulega með tilliti til þess, að því sjúkrahúsi yrði veitt ákveðin upphæð. Fjvn. hefur ekki hækkað þetta sérstaklega með tilliti til eins sjúkrahúss eða annars, því að hún hefur ekki viljað taka að sér að skipta þessu fé. Hún hefur ekki haft þann hátt á undanfarin ár og vill ekki taka hann upp nú. Verða hv. þm. að eiga það undir heilbrigðisstjórninni, hvernig þessu fé verður skipt. Hins vegar er auðveldara og sjálfsagt fyrir hæstv. ráðh. að mæta óskum héraðanna, eftir að þessi hækkun hefur farið fram, þó að hún sé engan veginn nægileg til þess að fullnægja þeim þörfum og kröfum, sem fyrir eru. En það hefur verið samkomulag um að gera þessa hækkun.

6. brtt. er við 13. gr., þar sem lagt er til að hækka um 4 þús. kr. framlag til ræktunarvegar í Hrísey. Þessi brtt. hefur verið borin fram af hv. þm. Eyf., og þótti eðlilegt að verða við þeirri ósk.

7. brtt. er líka við 13. gr. og er um að hækka framlag til verkstjóranámskeiða um 5 þús. kr.

Þá er 8. brtt. um að veita til sveitarfélaganna á Fljótsdalshéraði 20 þús. kr. til kaupa á snjóbíl. Fjvn. taldi rétt að verða við óskum þessara manna, sem vilja gera tilraun með vistaflutninga á snjóbílum yfir heiðarnar á Austurlandi. Þetta fé er sérstaklega veitt til héraðanna sjálfra til þess að gera þessa tilraun.

9. brtt. er við 14. gr. A. II. 5., um eftirlaun presta og prestsekkna, og er þess efnis, að fyrir 45 þús. kr. komi 75 þús. kr., og hækkar þá þessi liður um 30 þús. kr. Biskupinn yfir Íslandi hefur haft 45 þús. kr. til þess að skipta á milli nokkurra gamalla prestsekkna, sem hafa haft mjög lágt framlag. Þótti eðlilegt að bæta þeim upp þá dýrtíð, sem er í landinu, með því að hækka þennan lið. Skal biskup skipta þessu, og verður þetta fé látið ganga til þeirra prestsekkna, sem eiga við erfiðust kjör að búa.

10. brtt. er við 14. gr. og er frekar leiðréttíng um að hækka úr 20 þús. kr. upp í 35 þús. kr. framlag til handíðaskólans. Þarf sú till. ekki frekari skýringa við.

11. og 12. brtt. eru um hækkun til Hins ísl. bókmenntafélags um 10 þús. kr. og hækkun til Sögufélagsins um 8 þús. kr. vegna þess, hve útgáfukostnaður hefur stórhækkað í landinu, en þessir styrkir hafa staðið óbreyttir undanfarin ár.

13. brtt. er við 15. gr. Þar er tekinn upp nýr liður: Til rithöfundasjóðs Kelvins Lindemans, 2500 kr., enda verði fénu varið til dvalarkostnaðar fyrir skandinaviskan rithöfund hér á landi. Mér þykir rétt og skylt að skýra nokkuð frá þessum lið. Þannig er mál með vexti, að þessi rithöfundur, Kelvin Lindeman, hefur varið eignum sínum til þess að mynda sjóð til þess að styrkja rithöfunda á Norðurlöndum til að dvelja hver í annars landi. Hafa íslenzkir rithöfundar átt þess kost að dveljast á Norðurlöndum með styrk úr þessum sjóði. Hefur Ísland verið tekið sem meðlimur að hans eigin ósk. Sjóðurinn hefur ekki aðrar tekjur en af útgáfu bóka, sem aðilar að sjóðnum gefa út. Frá Íslandi hefur aðeins komið 10 þús. kr. gjöf frá útgáfufélaginu Norðra á Akureyri, sem er eina framlag Íslendinga. Það þótti því rétt að verða við þeirri ósk að leggja 2500 kr. framlag til sjóðsins fyrir Íslands hönd.

14. brtt. er við 15. gr.: Til Benedikts Gíslasonar frá Hofteigi til sögu- og fræðiiðkana, 5 þús. kr.

15. brtt. er einnig við 15. gr.: Til Bandalags íslenzkra leikfélaga, 20 þús. kr. Þessi brtt. var borin hér fram við 2. umr. og tekin aftur. Þótti n. rétt að verða við óskum hv. þm. um að taka þetta upp, enda komu til n. mörg erindi frá ýmsum félögum úti á landi um, að þetta fé væri veitt til Bandalags íslenzkra leikfélaga.

Þá eru 16. og 17. brtt., við 15. gr., nýir liðir til listamanna: Til Guðmundar Baldvinssonar, til söngnáms á Ítalíu, 8 þús. kr. Til Kristins Þorl. Hallssonar, til söngnáms í London, 8 þús. kr. Til Magnúsar Jónssonar, til söngnáms á Ítalíu, sama upphæð. Til Ólafs Jakobssonar, til söngnáms á Ítalíu, sama upphæð, 8 þús. kr. Þótti n. rétt að verða við þessari beiðni um að styrkja þessa ungu listamenn með framlögum í von um, að þeir beri uppi hróður Íslands meðal þeirra þjóða, þar sem þeir dvelja nú, og verði landinu til gagns og ánægju síðar.

Í a-lið 18. brtt., við 15. gr., hefur n. tekið upp framlag til menningarsjóðs Blaðamannafélags Íslands, til að halda norrænt blaðamannamót á Íslandi sumarið 1952, 25 þús. kr. N. lítur svo á, að ef vandað sé til þessa móts, geti það orðið mjög mikil landkynning fyrir Ísland. Eru tekin upp framlög á fjárlögum til tveggja annarra móta á næsta ári. — Í b-lið brtt. er lagt til, að til Egilsgarðs að Borg á Mýrum séu lagðar 5 þús. kr.

Þá er 19. brtt., við 15. gr., um að hækka kostnað af sjómælingum um 75 þús. kr. Það, sem hér um ræðir, er reyndar nokkurs konar leiðréttíng, þar sem ekki hefur verið tekið tillit til þeirrar gífurlegu hækkunar, sem hefur orðið á öllu í sambandi við þennan rekstur.

20. brtt. er við 16. gr., að til sjóvarnargarðs í Gerðahreppi í Gullbringusýslu verði greiddar 25 þús. kr. Þetta erindi barst n. ekki fyrr en eftir 2. umr. og er því tekið upp hér.

21. brtt., við 16. gr., er um að hækka framlag vegna sauðfjársjúkdómavarna, flutningskostnaðar, um 360 þús. kr. Vil ég fara nokkrum orðum um þetta atriði: Þegar gengið var frá frv. við 2. umr., var þessi kostnaður áætlaður af sauðfjárveikivarnan. um 1050000 kr. Síðan kom erindi frá hv. þm. Árn. um, að lagðar væru fram 250 þús. kr. til þess að gera veg yfir Sprengisand til þess að ná sambandi þar við Norðurland og nota til fjárflutninga úr Þingeyjarsýslu. Eftir áætlun vegamálastjóra var kostnaður áætlaður 250 þús. kr. Mundi þetta spara verulega kostnað við flutningana og jafnvel spara sem nemur hærri upphæð en þessi upphæð, sem hér er áætluð, nemur. N. setti sig því í samband við forstjóra sauðfjárveikivarnanna og spurði um, hvort lækka mætti þennan lið, 1050000 kr., ef ó-

dýrara yrði að flytja líflömbin þannig. En þegar n. athugaði þetta, komst hún að þeirri niðurstöðu, að það yrði að hækka þennan lið um 360 þús. kr., og þó eru þetta 70 kr. á hvert lamb af þeim 15 þús. lömbum, sem ætlunin er að flytja úr Þingeyjarsýslu. Það er mín skoðun, að það verði að endurskoða, hvort nauðsynlegt sé að áætla 70 kr. á hvert lamb, sem flutt er frá Þingeyjarsýslu til Suðurlands. Ef flutningurinn verður ódýrari með því að láta gera þennan veg, sem hér um ræðir, fyrir 250 þús. kr., þá veit ég ekki, hver kostnaðurinn yrði, ef það ætti að flytja þau eftir öðrum leiðum. En ólíklegt er það, að ekki sé hægt að koma lambi á milli þessara staða fyrir minna en 70 kr., jafnvel þótt það sé flugleiðis, hvað þá eftir öðrum leiðum. Ég vil því, að hæstv. ríkisstj. láti athuga það mjög gaumgæfilega, hvort ekki sé hægt að lækka þennan lið, þó að hann sé samþ. hér. Fjvn. hafði ekki tíma til að athuga þetta, eftir að þessi nýja áætlun kom í gærkvöld. En ég beini því til hæstv. ríkisstj., að hún láti þessa athugun fara fram. Fjvn. hefur ekki viljað skipta sér af því, hvort einhver ákveðin upphæð, 250 þús. kr. eða einhver önnur, væri tekin af þessu framlagi til þess að bæta vegasamgöngur þessar, en er ekki á móti því, ef ódýrara reyndist að fara þessa leið en aðrar leiðir. Vitanlega verður ekki um að ræða stórkostlega vegagerð á svo langri leið fyrir þessa upphæð. Annars eru þær upplýsingar fyrir hendi frá vegamálastjóra, að leiðin sé greiðfær fyrir utan Tungnaá, sem yrði þá að ferja yfir. Að öðru leyti mætti gera leiðina bílfæra að sumarlagi.

Þá er 22. till. nýr liður: Byggingarstyrkur til fiskideildanna í Norðlendingafjórðungi vegna sjóvinnunámskeiða, 40 þús. kr. Ég tel, að því fé sé vel varið, sem varið er til þess að halda uppi og auka sjóvinnunámskeið í landinu. Það hefur sýnt sig, að fjöldamargir af þeim unglingum, sem fara til sjós, hafa ekki fengið þá kennslu, sem þörf var, og er æskilegt, að þeir geti lært nauðsynlegar aðferðir í sambandi við fiskveiðar og geti lært á sjóvinnunámskeiðum að gera við veiðarfæri, uppsetningu lóða og ýmis störf í sambandi við sjóvinnu. N. er öll sammála um að taka þessa upphæð upp, þó að það sé í raun og veru í fyrsta skipti, sem tekin hefur verið upphæð inn á fjárlög, sem er beinlínis ætluð til slíkra framkvæmda.

23. brtt. er við 16. gr., um að hækka framlag til byggingar iðnskóla úr 500 þús. kr. í 1 millj. kr. Það hefur verið leitað mjög fast á við fjvn., að ríkissjóður tæki að sér ákveðinn hluta af kostnaðinum við byggingu skólans eins og annarra skóla í landinu. Fjvn. hefur ekki viljað fallast á þetta og telur, að ef eigi að gera þetta, þá eigi að gera það með sérstakri lagasetningu, en ekki í sambandi við fjárlög. Hins vegar hefur hún fallizt á að hækka þetta framlag, þar sem byggingin liggur undir skemmdum, ef ekki er hægt að hraða henni.

Þá er lagt til í 24. brtt., að liðurinn til nýrra raforkuframkvæmda verði hækkaður um 500 þús. kr. N. er ljóst, að það hefði þurft að hækka þennan lið miklu meira.

25. brtt. er um 500 þús. kr. hækkun til brenni-steinsrannsókna. Við 2. umr. voru teknar þessar 500 þús. kr. til þess að kaupa nokkur borunartæki, en það sýndi sig, þegar farið var að ræða málið nánar, að það var ekki nema hálfnað verk, þó að keypt væru tæki, ef ekki fengist neitt framlag til þess að kosta framkvæmd verksins. Þótti mikils um vert að gera þessar framkvæmdir, sem ef til vill geta skapað Íslandi verulegan gjaldeyri. Enn fremur var upplýst, að fleiri en einn erlendur aðili vildi taka að sér að gera þessar rannsóknir gegn því að fá að reka þetta fyrir eigin reikning eða í félagi við íslenzka ríkið. Þetta þótti engum æskilegt, og var því horfið að því að hækka þennan lið um 500 þús. kr., eða upp í 1 millj. kr.

Þá er hér 26. brtt., við 17. gr., nýr liður: Til áfengismálaráðunauts, 12 þús. kr.

27. brtt., við 17. gr., er um, að til Heimilisiðnaðarfélags Íslands, til leiðbeiningarstarfsemi í heimilisiðnaði, greiðist 12 þús. kr. Þessi till. var tekin aftur við 2. umr. Virtist sem rétt væri að verða við þessari beiðni.

28. brtt. er um 400 þús. kr. hækkun til jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga. Það þótti nauðsynlegt að hækka þessa upphæð upp í 1 millj. kr., og fellst n. á það.

29. brtt. er um 150 þús. kr. hækkun til vatnsveitna. Hafa ýmis erindi borizt til fjvn. í sambandi við styrk til þessara framkvæmda. Fjvn. skiptir ekki þessu fé. Er það sjálfsagt hæstv. heilbr.- og félmrh., sem dæmir um það á sínum tíma, hvort styrkirnir skuli veittir og hvaða aðilum eða hvort þeir skuli veittir sem lán, ef það sýnir sig, að fyrirtækið geti borið sig fjárhagslega, þegar því hefur verið komið upp.

Þá vil ég fara nokkrum orðum um 18. gr. Vil ég beina því til hæstv. fjmrh., að það virðist halla sí og æ meira á ógæfuhliðina, ef svo mætti segja, í sambandi við þessa gr. fjárl. Það er eins og ríkisstj. hafi ekki kjark í sér til þess að spyrna hér við fótum. Þó er sýnilegt, að þetta getur ekki gengið svona til lengdar. Það eru sífelldar kröfur frá ýmsum aðilum um sífelldar hækkanir, til þess að þetta verði í samræmi við það, sem fyrir var. Það, sem er verst í sambandi við þetta mál, er, að ómögulegt er að finna út af 18. gr. til samanburðar, hvað fólkið hefur í raun og veru. Það þarf að finna út, hvað fólkið hefur t. d. úr lífeyrissjóði, í eftirlaun o. fl. Þegar verið er að gera samanburð, er afar villandi að hafa þessa gr. fyrir sér eins og hún er. Ég vil beina því til hæstv. ráðh., hvort ekki væri hægt að gera einhverjar breytingar á þessu máli, þótt ekki væri nema þannig, að hægt væri að sjá í fjárl. alveg ákveðið, hve háa upphæð þessir menn hafa alls, bæði frá lífeyrissjóði, í eftirlaun o. fl., til þess að hægt sé að sjá, hvaða laun ríkissjóður greiðir þessu fólki. — Annars skal ég geta þess, að við 18. gr. II. a. er lagt til, að nokkur nöfn séu felld niður, sem samtals gera 15 þús. í grunn. Einn maður, Matthías Þórðarson fiskifræðingur, sem nú er orðinn háaldraður maður og hefur unnið merkilegt starf fyrir íslenzku þjóðina, er hækkaður úr 6727.50 kr. upp í 10 þús. kr.

31. brtt., við 18. gr. II. b., er um, að Camilla Hallgrímsson hækki um rúmlega 1921 kr., Katrín

Sveinsdóttir hækki um 1257 kr. Undir d-lið er Kristín Þórarinsdóttir, og hækki sá liður úr 3363.75 kr. upp í 5 þús. kr.; e-liður, Súsanna Friðriksdóttir, hækki úr 2811.75 upp í 5 þús. kr. Niður falli liðurinn Helga Stephensen, 1725 kr.

Þá er einnig tekinn nýr liður í þessa gr. fyrir vísitöluupphæð á lífeyri úr lífeyrissjóðum starfsmanna ríkisins, barnakennara, ljósmæðra og hjúkrunarkvenna, 575 þús. kr. Þetta er gert í samráði við hæstv. ríkisstj. Þetta er framlag, sem ríkið þarf að leggja fram á næsta ári. Það, sem þarf að bæta fyrir árið 1950—51, er greitt af tekjuafgangi þessa árs.

Þá hefur hæstv. ríkisstj. óskað eftir því, að tekin verði upp á 19. gr. vantalin verðlagsuppbót, 3500000 kr., þar sem ekki lítur út fyrir, að kaupgjaldsvísitalan stöðvist í 141. Þótti rétt að áætla nokkra upphæð fyrir þessari hækkun, sem þegar er vitað að mun verða.

34. brtt. er við 20. gr. Þar er lagt til, að hækkað sé um 200 þús., úr 1600 þús. í 1800 þús., framlag til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana. Af þeirri upphæð fari 250 þús. kr. til byggingar hjúkrunarkvennaskóla. Það þótti ekki ástæða til að setja það sem sérstakan lið, heldur var þessi athugasemd sett við framlagið. Er það fyrsta sporið til þess að koma af stað þessari byggingu, sem svo margir hafa óskað eftir að rísi upp og geti tekið til starfa sem allra fyrst.

Þá er 35. brtt. um hækkun til lögreglustöðvar í Reykjavík, að í stað 150 þús. kr. komi 250 þús. kr. Ég skal taka það fram, að fjvn. hefur óskað eftir því að geta haft þessa upphæð miklu hærri, því að það er áreiðanlega mjög æskilegt, að þessi bygging komist upp.

36. till. er um styrki til hjúkrunar, að fyrir 4 þús. kr. komi 10 þús. kr. Þetta er heimild á 22. gr. og er ætlað til ljósmóður í Vestur-Ísafjarðarsýslu, sem hefur haft styrk undanfarin ár.

37. till. er um að verja allt að 1 millj. kr. til byggingar sementsverksmiðju.

38. till. er um að greiða hafnarsjóði Húsavíkur vegna samnings við síldarverksmiðjur ríkisins allt að 240 þús. kr. Þetta er borið fram samkv. ósk hæstv. fjmrh. til þess að leysa deilu, sem verið hefur milli Húsavíkurhafnar og síldarverksmiðja ríkisins, og á þetta að vera lokagreiðsla.

39. till. er um að greiða allt að 25 þús. kr. til foreldra Sólheimadrengsins, ef að því ráði yrði hnigið að fara með hann til Bandaríkjanna og koma honum þar á skóla fyrir vansköpuð börn. Eins og kunnugt er, fæddist þessi drengur á Akureyri handleggjalaus, og fjvn. hefur viljað stuðla að því, að hann fengi kennslu, ef með því væri hægt að bæta úr erfiðleikum foreldranna og drengsins að einhverju leyti.

40. till. er um að lána bændum á harðindasvæðunum frá 1949—51 allt að 5 millj. kr., enda greiðist fé þeirra af tekjum ríkissjóðs árið 1951. Hæstv. ríkisstj. hefur látið fara fram nákvæma athugun á ástandinu og ekki talið annað fært en að fá þessa heimild til þess að bæta úr sárustu neyðinni.

41. till. er um að heimila ríkisstj. að ábyrgjast allt að 6 millj. kr. lán til byggingar hraðfrystihúsa og fiskimjölsverksmiðja. Þessi heimild hefur áður verið á fjárl., en verið bundin við hraðfrystihús, sem ætlunin var að fengju stofnlán úr stofnlánadeild sjávarútvegsins, en ekki fengu þessi lán vegna fjárskorts stofnlánadeildarinnar. Nú hefur fiskimjölsverksmiðjum verið bætt við.

42. till. er um að heimila ríkisstj. að ábyrgjast nýtt rekstrarlán, að upphæð 700 þús. kr., fyrir vinnuheimili Sambands íslenzkra berklasjúklinga að Reykjalundi. Mér þykir rétt að ræða þessa till. nokkuð. Samband íslenzkra berklasjúklinga fékk á sínum tíma ábyrgð ríkissjóðs fyrir 300 þús. kr. rekstrarláni. Þó að félagið hafi nú stóraukið rekstur og peningagildið minnkað, hefur félagið ekki fengið meira en þessar 300 þús. kr., af því að ábyrgð hefur ekki verið fyrir meiru. Stofnunin getur ekki dregið úr rekstrinum, þar sem um sjúklinga er að ræða. Hæstv. ríkisstj. hefur líka sýnt skilning í þessu máli og fallizt á þetta.

43. till. er í tveimur liðum. Fyrri liðurinn er um að endurgreiða aðflutningsgjöld af minkum, kr. 23413.29. Minkar þessir voru fluttir inn frá Kanada á árinu 1946 í því skyni að endurbæta minkastofn landsmanna. — Síðari liðurinn er um að endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af skólabíl, sem trúbræður 7. dags aðventista hafa gefið söfnuðinum hér til afnota fyrir heimavistarskólann að Vindheimum í Ölfusi. Mér þykir rétt að segja nokkur orð í sambandi við þennan lið. Það mætti ætla, að hér væri verið að fara inn á nýja braut, en svo er ekki, því að þessi gjöld hafa verið endurgreidd af öllum skólabílum. Aðventistar hafa reist mikið skólahús, sem að öllu hefur verið byggt fyrir gjafafé, að miklu leyti erlent, og hafa allir tollar verið greiddir af þeim innflutningi. Ríkissjóður hefur ekkert styrkt skólann, og þykir því ekki ósanngjarnt, að þetta verði heimilað og að hæstv. ríkisstj. noti heimildina, verði hún samþ.

44. till. er um það að gefa eftir að einhverju leyti aðstoðarlán úr ríkissjóði, sem veitt voru á árunum 1945—49 til síldarútvegsmanna, ef útvegsmenn hafa ekki notið eftirgjafar samkv. l. nr. 120 1950. Því mun hafa verið lofað á sínum tíma, að þó að þessir menn færu ekki í skuldaskil, skyldi það sama gilda um þá í þessu efni og hina.

45. till. er um að endurgreiða Akureyrardeild Rauðakross Íslands aðflutningsgjöld af sjúkrabifreið. Er þetta í samræmi við það, að Rauðikross Íslands hefur fengið endurgreidd aðflutningsgjöld af þeim bifreiðum, sem hann hefur áður flutt inn.

46. og síðasta till. er um það, að tryggt verði með samningi, að bókasafn Þorsteins M. Jónssonar verði eign Kennaraskóla Íslands, enda fallist ríkisstj. á skilyrði eigandans fyrir afhendingu safnsins. Það þótti ekki rétt að gefa stj. heimild til að kaupa safnið. Það lá fyrir, að Þorsteinn M. Jónsson hefur boðizt til að afhenda það fyrir matsverð. Helmingur þess á að ganga til að viðhalda safninu og auka það, en hitt til eiganda. Eigandinn setur þó ýmis skilyrði, og hefur hann sent fjvn. uppkast að samningi, en n. vildi ekki samþ. hann. Væntir n. þess, að hæstv. ríkisstj. láti athuga hann vel. (Viðsk-

mrh.: Þess gerist ekki þörf.) Það er svo annað mál, hvort stj. notar heimildina, en meiri hl. fjvn. álítur rétt að veita hana. Í samningnum er m. a. gert ráð fyrir því, að ríkissjóður greiði vátryggingarfé, sem nemur 3000 kr. á ári. Safnið er talið 400 þús. kr. virði samkv. bráðabirgðamati, eftir því sem eigandi þess gefur upp. Þá er það tekið fram í samningnum, að eigandinn þurfi ekki að afhenda safnið allt fyrr en hann og kona hans eru látin. Honum er heimilað að afhenda það, sem honum sýnist, og er þetta hvað óaðgengilegast, því að svo gæti farið, að eigandinn vildi afhenda hluta af safninu, sem ekki væri mikils virði. Þá kemur geymsluskylda og annar kostnaður. Fjvn. væntir þess þó, að hæstv. ríkisstj. láti athuga þetta mál.

Þá er á þskj. 512 till. um að hækka framlag til hafnargerðar í Bolungavík úr 60 þús. kr. í 260 þús. kr. Ég sé, að hv. þm. N-Ísf. er ekki við, og vil því skýra þetta atriði nokkru nánar. Það var ákveðið á síðasta ári á 22. gr. fjárl. að heimila ríkisstj. að verja fé til viðgerðar á brimbrjótnum í Bolungavík vegna skemmda, sem urðu á mannvirkinu í desember 1950. Kostnaðurinn var áætlaður 500 þús. kr. Áður hafði verið ákveðið að bæta tjón, sem orðið hafði á öðrum árum, án framlags á móti. Á þessu ári hafa verið greiddar upp í þessar framkvæmdir 800 þús. kr., en alls hafa verið greiddar 1 millj. og 200 þús. kr., án þess að neitt kæmi á móti, fyrir viðgerð á brimbrjótnum. Í raun og veru hefur þó ekki verið hér um viðgerð eina að ræða, heldur endurbætur, svo að garðurinn hefur verið gerður traustari en hann var áður, en það var ekki ætlun Alþ., að ríkissjóður bæri allan þann kostnað. Nú þarf um 500 þús. kr. í viðbót, svo að unnt sé að vinna að þessum framkvæmdum á næsta ári, sem er knýjandi nauðsyn, og verður þessu fé skipt í sama hlutfalli og öðrum hafnarframlögum. Þetta er ástæðan til þess, að þessar 200 þús. kr. hafa verið teknar upp, og vegna þessa fær Bolungavík 40 þús. kr. meira en nokkur önnur höfn á landinu.

Þá er brtt. við 14. gr. B. II., sem hæstv. menntmrh. bar fram við 2. umr., en tók aftur til 3. umr. N. þótti rétt að bæta við till., að lánin yrðu veitt samkv. reglum, sem menntmrn. setti. Till. er um það, að af styrk þeim, sem veittur er íslenzkum námsmönnum erlendis, skuli 275 þús. kr. veittar námsmönnum sem lán með hagkvæmum kjörum. Ég veit ekki, hvort vakað hefur fyrir hæstv. ráðh., að allir námsmenn hefðu jafnan aðgang að þessum lánum eða hvort þeir ættu frekar að fá þau, sem möguleika hafa á því að greiða þau síðar, en n. taldi rétt að taka till. upp.

Þá er 3. till. á þessu þskj. varðandi Laugarvatn, sem ég vildi ræða nokkuð. Við 2. umr. bar meiri hl. fjvn. fram till. um 100 þús. kr. fjárveitingu til menntaskólakennslu á Laugarvatni. Till. þótti ekki nægilega skýrt orðuð og var tekin aftur til 3. umr. Nú hefur till. verið orðuð um á þann veg, að fé þetta verði veitt til menntaskóla á Laugarvatni. Verði till. samþ., er því þar með slegið föstu, að l. um menntaskóla í sveit skuli framkvæmd. Alþ. verður að segja til um það, hvort það vill samþ. þetta eða ekki. Verði till. felld, fær skólinn ekkert framlag á þessu ári, en verði hún samþ., þýðir það, að þegar á næsta ári verður settur upp menntaskóli á Laugarvatni með þeim kostnaði, sem því fylgir. Það er vert, að menn geri sér þetta ljóst.

4. till. er við 17. gr., 7. lið, um að í stað „⅓ af andvirði Silfurtúns“ komi: lokagreiðsla vegna Silfurtúns. — Þessi breyt. er gerð samkv. upplýsingum skrifstofustjóra ráðuneytisins, en eins og kunnugt er, er þetta skoðað sem rekstrarstyrkur til Sambands íslenzkra berklasjúklinga, sem fengið hefur trésmiðjuna til eignar og afnota.

5. brtt. er við 18. gr. II. a., um að bætt verði við þeim Ágústi Elíassyni, fyrrv. yfirfiskimatsmanni, og Jóni Sveinssyni, fyrrv. skattdómara.

Loks er 6. og síðasta till., við 18. gr. II. b., um hækkun eftirlauna til Helgu Finnsdóttur og um, að bætt verði við Sólveigu Pétursdóttur, ekkju Stefáns Kristinssonar.

Þetta eru þær till., sem fjvn. ber fram, en auk þess er von á nokkrum fleiri till. frá n., sem enn eru ekki komnar fram, og mun ég ræða þær síðar. Allar þessar till. hafa fylgi meiri hl. fjvn.

Hækkanir þær, sem till. fjvn. hafa í för með sér, eru sem hér segir: 10. gr. hækkar um 16 þús. kr. 11. gr. hækkar um 691 þús. kr. 12. gr. hækkar um 530 þús. kr. 13. gr. hækkar um 229 þús. kr., að viðbættum 473 þús., ef till. samvn. samgm. eru taldar með, eða alls um 702 þús. kr. 14. gr. hækkar um 145 þús. kr. 15. gr. hækkar um 182500 kr. 16. gr. hækkar um 1925000 kr. 17. gr. hækkar um 574 þús. kr. 18. gr. hækkar um 197398.38 kr. Við þetta bætist svo vísitöluuppbót á lífeyri, 575 þús. kr., og einnig bætast við rúmar 50 þús. kr. vegna hækkaðrar verðlagsuppbótar. Loks hækkar 19. gr. um 3500000 kr. Alls hækka rekstrarútgjöldin um rúmar 9 millj. kr., þegar með er talin styrkhækkunin til flóabáta.

Rekstrarútgjöldin, sem voru 323154171.00 kr., hækka um 9037889.38 kr. og verða því alls 332192060.38 kr.

Tekjur á rekstraryfirliti verða 356688378 kr., en það er sú upphæð, sem lögð var til fyrst, svo að ef till. n. verða samþ., verður rekstrarafgangur 24496317.62 kr.

Nú hefur 20. gr. frv. verið hækkuð um 300 þús. kr., svo að sjóðsyfirlitið mundi líta þannig út, að útborganir yrðu 332194060.38 kr., að viðbættum 47076075.00 kr., sem eru útgjöld samkv. 20. gr., eða alls 379270135.38 kr. Innborganir yrðu hins vegar 362638378.00 kr., svo að greiðsluhalli mundi verða, sem næmi 16631757.38 kr.

Vegna þessa greiðsluhalla, sem ég hef lýst, hefur það orðið samkomulag í n. og við fjmrh. að leggja til að hækka tekjuliði 2. gr. sem hér segir, og verður till. útbýtt síðar: Tekju- og eignarskattur hækki úr 41 millj. kr. í 45 millj. kr., verðtollur hækki úr 93 millj. kr. í 105 millj. kr., stimpilgjald hækki úr 6 millj. kr. í 7 millj. kr., tekjur af tóbakseinkasölunni verði áætlaðar 2½ millj. kr. hærra en gert er ráð fyrir í frv. nú. Samtals er þetta um 19½ millj. kr. Ef þessi hækkun á tekjuáætluninni verður samþ. og tekjurnar innheimtast, verður greiðsluafgangur á sjóðsyfirliti um 3 millj. kr.

Ég skal ekki ræða það nú, hve þýðingarmikið

það er, að fjárl. verði afgr. greiðsluhallalaus, — hæstv. fjmrh. hefur oft gert það áður. Hitt er sýnt, að gæta verður allrar varúðar og að ekki er hægt að samþ. mikið af öðrum till., ef ná á hagstæðum greiðslujöfnuði, nema séð sé samtímis fyrir nýjum tekjum.

Ég vil fyrir hönd fjvn. óska þess, að allar till. n. verði samþ. og allar aðrar till. felldar, nema n. fái tækifæri til að athuga þær og ræða og geti fallizt á nauðsyn þeirra.

Ég skal svo ekki ræða þetta frekar.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég kvaddi mér hljóðs til að þakka hv. fjvn. fyrir góða samvinnu og það mikla starf, sem hún hefur unnið.

Eins og allir hv. þm. vita, má ekki tæpara standa, og veit raunar enginn, hver útkoman verður, því að það fer eftir árferðinu næsta ár. Ég vil því mjög taka undir það, sem hv. frsm. n. sagði í niðurlagi ræðu sinnar.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég vildi lítils háttar gera að umræðuefni 3. liðinn í brtt. meiri hl. fjvn. á þskj. 512, um menntaskóla á Laugarvatni, þar sem lagt er til, að til menntaskóla þar verði veittar 100 þús. kr. Ef það verður samþ., mun ég gera gangskör að því, að slíkur skóli verði stofnaður í sveit sem sjálfstæður menntaskóli, með því sem þar til þarf, en ekki sem útibú frá héraðsskólanum á Laugarvatni, eins og mér virðist ýmsir halda, að hægt sé að gera nú, að hafa menntaskóla í sveit sem útibú héraðsskólans á Laugarvatni. — En í þessu sambandi vil ég taka fram, að 100 þús. kr. er alls ekki nægileg fjárveiting, það er ekki hægt að stofna og reka menntaskóla í sveit eða annars staðar með 100 þús. kr. fjárveitingu, og þá er um tvennt að gera: annaðhvort, að skólinn verði stofnaður með þessari fjárveitingu og ríkissjóður bæti við því, sem á vantar, eða að skólinn verði ekki stofnaður, vegna þess að fé er ekki fyrir hendi til að stofna hann, þó að þingið hafi veitt fé til hans á fjárl. Ég bið hv. þm. að gæta þess, að ég mundi halda, að slíkur skóli kostaði frekar 400—500 þús. kr. en 100 þús. kr., og í framtíðinni verður náttúrlega ekki, hvorki á Laugarvatni né annars staðar, rekinn menntaskóli í sveit með 100 þús. kr. fjárveitingu. Ef ég man rétt, kostar skólinn á Akureyri 1200 þús. kr. á næsta ári, svo að það hlýtur að vera ljóst, að ekki er hægt, hversu vel sem til þess er stofnað og hversu vel sem á er haldið, að reka menntaskóla með 100 þús. kr. framlagi. — Þessa afstöðu mína vildi ég gera hv. þm. ljósa, svo að ekki sé neitt um að villast og ekkert um að deila í sambandi við þau frv., sem e. t. v. síðar kynnu að koma fram í þessu máli. Ég er út af fyrir sig ekkert andvígur því, að stofnaður verði menntaskóli í sveit, — ég tel það að mörgu leyti æskilegt, — en ég álít, að því leyti sem ég hef getað kynnt mér þetta mál, að ekki sé enn tími til þess kominn að hefjast handa um þessar framkvæmdir.

Frsm. 1. minni hl. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða mál þetta almennt. Ég var búinn að því við 1. og 2. umr. málsins, en ég ætla að gera nokkra grein fyrir brtt. á þskj. 515.

1. till. er um að hækka framlag til læknisbústaða og sjúkrahúsa um 1 millj. kr., eða úr 550 þús. kr. í 1550 þús. kr. 7 nm. voru sammála um, að hækkunin yrði 450 þús. kr., eða upp í 1 millj., og samþ. það við afgreiðslu málsins í n. 1 millj. er þó of lítið. Það er viðurkennt, að heilbrigðismál og sjúkrahús hafa orðið útundan hjá okkur, og tel ég því sjálfsagt, að upphæð þessi verði ekki höfð lægri en lagt er til á þskj. 515.

Þá flyt ég brtt. við 15. gr. A. XXI. 15. Það er nýr liður, sem fjallar um að veita Bandalagi íslenzkra leikfélaga 30 þús. kr. Þetta lá fyrir til afgreiðslu í n., og samþ. meiri hl. n. að hafa framlagið 20 þús. kr., en ég flyt þetta svona, því að ég tel hitt of lítið. Ég vil benda á, að það virðist vera mikill áhugi úti um land á slíkri starfsemi. Þess má einnig minnast, að enginn styrkur hefur verið veittur til þessarar starfsemi úti um land.

Þá flyt ég till. um annan nýjan lið við 15. gr. A. XXXII. Þetta er nýtt atriði, sem hefur ekki fyrr verið flutt á fjárl., varðandi norrænan sumarháskóla, sem stofnaður var í fyrra, en hann á að vinna að aukinni þekkingu og samstarfi meðal vísindamanna hinna ýmsu vísindagreina, þ. e., auka þekkinguna á vísindagreinum almennt og á milli þeirra innbyrðis. Það virðist eðlilegt, að Íslendingar taki þátt í þessari starfsemi, enda gerðu þeir það í sumar í Askov. Þar voru 240 menn og þar af 10 Íslendingar. Danir sýndu Íslendingum þá vinsemd að kosta þar dvöl þeirra og kennslugjald. Hins vegar liggur í augum uppi, að það verður ekki alltaf þannig, og verður því að taka lið þennan upp á fjárl. Lagt er til í till. þessari, að 25 þús. kr. verði veittar til þessa, en svo er varatill., 15 þús. kr. — Næsta ár mun háskólinn verða haldinn í Noregi.

Næsta brtt., sem ég flyt, er um að hækka framlag til vatnsveitna, sem sett var í l. 1947. Þessi l. voru sett í þinglok 1947 vegna þess, að margar vatnsveitur höfðu ekki bolmagn til þess að standa undir framlögum sínum. Í 4. gr. þessara l. er svo að orði kveðið: „Styrkur ríkissjóðs nær til greiðslu hluta af kostnaði við stofnæðar, vatnsgeyma, dælur og jarðboranir. Styrkurinn nemi þó ekki meir en helmingi kostnaðar þessa. — Styrkurinn skal því aðeins veittur, að fyrirsjáanlegt sé, að sveitarfélag geti ekki með hæfilegum vatnsskatti staðið straum af stofn- og rekstrarkostnaði veitunnar.“ — Nú eru vatnsveitur alls staðar dýrar, svo það er ekki víst, að öll sveitarfélög hafi möguleika til þess að standa straum af kostnaðinum þrátt fyrir þetta framlag. Í till. er lagt til, að það hækki úr 200 þús. kr. í 500 þús. kr. Meiri hlutinn lagði til, að það væri hækkað upp í 350 þús. kr.

Þá er næsta brtt., nýr liður, sem fjallar um að veita til byggingar kennaraskólans 500 þús. kr. Það er alkunnugt, að það er mikið átak, sem gert hefur verið í skólamálum okkar. Það hafa verið reistir héraðsskólar og barnaskólar, en ein stofnun hefur verið alveg útundan, og er það kennaraskólinn sjálfur. Eins og kunnugt er, var kennaraskólinn byggður rétt eftir síðustu alda-

mót og er því allt að hálfrar aldar gamall. Það var upphaflega gert ráð fyrir því, að nemendafjöldinn væri 50, og var hann þá gott skólahús. Hins vegar hefur starfsemi skólans færzt mjög í aukana á þessari hálfu öld, nemendum hefur fjölgað mjög, og kennslan er viðtækari en áður. Er nú svo komið, að kennsla mun ekki fara þar fram nema að litlu leyti; hún fer fram á 7—8 stöðum í bænum, og eru það leiguhús, sem engin vissa er fyrir um, hve lengi fást eða hvort þau fást næsta starfsár. Það virðist því vera óhjákvæmilegt að samþ. þessa till., að tekin verði upp 500 þús. kr. fjárveiting til byggingar nýs kennaraskólahúss. Það getur ekki gengið þannig lengur, að kennaraskólanum sé sýnd slík vanræksla.

Síðast er svo brtt. við 22. gr. XII., þar sem gert er ráð fyrir, — þ. e. a. s. í XII. lið sjálfum, — að ríkissjóður ábyrgist allt að 2 millj. kr. lán til hraðfrystihúsa, sem nú skortir mjög fé. Í n. var mál þetta rætt, og voru menn sammála um að hækka þessa upphæð og breyta orðalaginu þannig, að það nái líka til fiskimjölsverksmiðja. Það var enginn ágreiningur um þetta að öðru leyti en því, hvort hér ætti að vera um ábyrgð eða lán að ræða. Þannig gæti staðið á fyrir ýmsum frystihúsum, að þeim væri ekki nóg að fá ábyrgð, en ríkissjóður gæti veitt lán, og er því lagt til, að þetta sé þannig eins og það er orðað í till., sem er breyt. frá því, sem meiri hlutinn vildi, en það var aðeins ábyrgð. Enginn ágreiningur varð í n. um upphæðina. Álít ég, að hér sé um sæmilega úrbót fyrir þessa aðila að ræða.

Sé ég ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þessar brtt.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Við þm. Eyfirðinga flytjum hér 2 brtt. við fjárlfrv., og er önnur þeirra í tveim liðum. Þessar brtt. eru nú ekki komnar hér á þskj., en munu koma bráðlega. Ég mun ekki ræða nema aðra till., hina mun meðflm. minn ræða.

Till. sú, sem ég mun ræða, er brtt. við 22. gr. XX. og er nýr liður. Hún fer fram á, að ríkissjóði verði heimilað að greiða að fullu tjón það, sem varð á hafnargarðinum á Dalvík í stórbrimi haustið 1950. Við eigum ekki við það, að þetta verði sérstök útgjöld á næsta árs fjárl., heldur að fjárveitingum til hafnarinnar verði varið til þessa án framlags á móti, þar til skaði þessi er að fullu bættur, og ekki verði krafizt á meðan framlags frá Dalvík á móti, eða þótt Dalvík leggi eitthvað til þessara framkvæmda, þá verði lögboðinn hluti af því greiddur. Þetta raskar því ekkert niðurstöðu fjárlagaafgreiðslunnar nú né heldur þarf að raska fjárlagaafgreiðslu á næsta ári, nema ríkisstj. vildi ljúka þessu á næsta ári og nota hluta af því fé, sem væntanlega verður veitt sem aukaveiting til hafnarframkvæmda á fjárlagafrv.

Það tjón, sem varð á garðinum og nú er búið að bæta, hefur kostað 300 þús. kr. Hv. fjvn. fékk upplýsingar um þetta í fyrra, er ný skoðun fór fram, en það hafa víst ekki legið nú fyrir skjöl um þetta mál. En ég get ekki talið, að það geri neitt til, því að vitanlega mun það ráðuneyti, sem mál þessi heyra undir, kynna sér nákvæmlega allar aðstæður, svo að það sé að öllu leyti tryggt, að ekki geti orðið um misnotkun á þessu að ræða.

Við berum þessa till. fram bæði vegna þess, að vitanlegt er, að þetta sveitarfélag, Dalvík, á við mikla örðugleika að stríða vegna þessa óhapps og hefur orðið að vinna að því eftir megni að reyna að bæta það. Í öðru lagi er það vegna þess, að fordæmi er fyrir hendi. Það mun hafa verið greiddur kostnaður við viðgerð á höfninni í Bolungavík og einnig á öðrum stöðum. Finnst okkur, að þetta muni því engu síður eiga rétt á sér. Hér er um að ræða hlut, sem enginn heima á Dalvík getur að gert. Ekki létu þeir þetta stórbrim koma, og ekki reiknuðu þeir út, hvernig garðurinn ætti að vera. Ég ætla mér ekki að bera hér sakir á neinn, en það var vitamálaskrifstofan, sem hafði með höndum allar áætlanir og framkvæmdir í þessu máli.

Um það má lengi deila, hvort rétt sé að ganga inn á þessa braut, hvort ríkið eigi að taka á sig útgjöld, þegar ýmis sveitarfélög verða fyrir svona óhöppum, en það hefur verið gert, eins og ég gat um áðan, í Bolungavík og annars staðar, og eiga því aðrir staðir sama rétt. Og það er þannig með margt, að þegar hefur verið gengið inn á þessa braut, þá er erfitt að segja: Þessir eiga að fá hlunnindin, en hinir ekki. — Ég vænti því, að þessi till. fái góðar undirtektir hjá Alþ. og fjvn.

Ég vil svo að endingu þakka forseta fyrir, að hann skyldi vilja leyfa mér að tala um þessa brtt., þótt ekki væri búið að útbýta henni.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Ég flyt tvær brtt. við fjárlagafrv. við þessa umr. Þessar till. eru að vísu ekki komnar prentaðar enn þá, en von á þeim þá og þegar, en ég get talað um þær fyrir því.

Hin fyrri er að efni til sú sama og ég flutti við 2. umr. málsins, að fé til hafnarmannvirkja á Siglufirði verði 220 þús. kr. í stað 100 þús., sem frv. gerir núna ráð fyrir, þegar fjvn. hefur gengið frá því. Ég verð að segja, að mér finnst nokkuð ósanngjarnt að láta Siglufjörð ekki njóta sömu réttinda og ýmsa aðra kaupstaði, sem fram eru taldir í frv., í þessu efni. Ég sé, að 220 þús. kr. er sú hámarksfjárveiting, sem fjvn. hefur lagt til að veitt verði til nokkurra einstakra hafna, en þær eru: Akranes, Akureyri, Hafnarfjörður, landshöfnin í Njarðvíkum og Keflavík, Skagaströnd, Vestmannaeyjar, Þorlákshöfn og Patreksfjörður. Ég get ekki séð, að það geti verið nein ástæða að hafa Siglufjörð í 100 þús., en veita 220 þús. til hafnargerðar á þeim stöðum, sem ég nefndi. Framkvæmdir, er að gagni verði Siglufjarðarhöfn, eru mjög aðkallandi, því að það er talið, að fari svo, að síldveiði verði sæmileg eða í meðallagi, verði stór vandræði af því að hafa ekki betri hafnarskilyrði á Siglufirði. Og á eðlilegum síldaraflaárum hefur síldarmagnið að verulegu leyti byggzt á því, hvað Siglufjörður hefur getað tekið á móti miklu, en það hefur verið um ⅘ og allt upp í ⁹⁄₁₀ hlutar af allri síldarsöltun í landinu. Þetta sýnir það, að ef Siglufjörður getur ekki tekið við síld og það

greiðlega, þá verður ekki söltuð öll sú síld, sem hægt hefði verið að salta.

Höfnin á Siglufirði var fyrir stríð orðin nokkuð grunn, einkum suðurhluti hennar, og auk þess var mjög óheppilegt að hafa ekki varnargarð innan við höfnina til þess að taka af vindbárur, sem ná inn á höfnina. Þær framkvæmdir, sem nú er verið að vinna að við höfnina, eru þær, að verið er að byggja garð frá landi og austur í höfnina upp í svokallað „Anlegg", sem byggt var fyrir mörgum árum. Nú er búið að byggja mikinn hluta af þessum garði, það er búið að reka niður þarna stólpa, en ekki búið að byggja neitt við þá, og er þetta í mikilli hættu fyrir ísreki, því að ísrek er þarna mikið. Í þetta er þegar búið að leggja á þriðja hundrað þús. kr. Það eru um 250 þús. kr. komnar í þennan varnargarð, og hann verður sem sagt ónýtt verk, ef ekki verður í tíma byggt innan við þennan stálskífuvegg, og hætt við, að hann fari fyrir sjógangi. Þegar búið er að reisa þennan garð, er meiningin að dýpka við hann og byggja timburbryggju til afnota á sumrin, sem einnig geti verið söltunarplan. Enn fremur er meiningin að dýpka gömlu höfnina, svo að hún verði fær stærri skipum, þar sem hún er það ekki nú. Það var farið að bera á því fyrir stríð, að höfnin væri orðin of grunn, en nú hefur þetta breytzt og horfir nú til stórvandræða, og stafar það m. a. af því, að nú eru veiðiskipin, sem stunda síldveiðarnar, orðin stærri en áður var. Í bátaflotanum eru skipin miklu stærri núna en þau voru og rista dýpra, og einnig eru nú notuð fleiri stór skip til veiðanna. Komi eðlilegt síldarár, þótt ekki verði nema það síldarmagn, sem eðlilegt var talið meðan síldin hagaði göngum sínum þannig, að meginhluti hennar veiddist fyrir miðhluta Norðurlands, þ. e. a. s. út af Skagafirði og Eyjafirði, þá liggur Siglufjörður einna bezt við fyrir veiðiskipin, en þá er e. t. v. ekki hægt að koma síldinni í land á Siglufirði, og verður þá miklu minna saltað en ella mundi verða. Ég vildi því mjög eindregið skora á hv. þm. að leiðrétta þá ósanngirni, sem mér virðist vera á fjárl., að minna er veitt til Siglufjarðarhafnar en þeirra hafna, sem ég áðan taldi upp. Það eru 16 hafnir með hærri fjárveitingu en Siglufjarðarhöfn. Átta þeirra eru með 220 þús. kr. og átta aðrar með yfir 100 þús. kr., og þetta bendir til þess, að þarna sé Siglufirði sýnd mjög mikil ósanngirni.

Önnur till. mín er sú að taka upp á 16. gr. fjárlagafrv. nýjan tölulið: til sjóvarnargarðs á Siglufjarðareyri, gegn jafnháu framlagi annars staðar að, 200 þús. kr. Ég var búinn að gera grein fyrir þeirri till. minni með nokkrum orðum við 2. umr., og ég vil taka það fram, sem ég sagði þá, að norðan á Siglufjarðareyri eða Hvanneyri — eins og hún heitir — hefur mjög lengi eða frá 1918 eða 1919 verið flóðgarður, sem var byggður upphaflega til verndar landinu. Þá var lítil flóðhætta þar, en eftir því sem byggð hefur vaxið á Eyrinni, hefur flóðhættan farið vaxandi og hefur aukizt með þeim verðmætum, sem bætt hefur verið við þar á Eyrina. Nú er svo komið, að allur miðhluti bæjarins er undirlagður, þegar flóð kemur. Garður þessi var upphaflega byggður til varnar landbroti. En núna er hlutverk hans að verja bæinn fyrir þeim stórfelldu flóðum, sem þarna koma alltaf annað veifið, ef saman fer viss vindátt og stórstraumsflóð. Ef þetta fer saman, er alltaf hætt við flóðum. Þannig getur tjón manna orðið gífurlegt. Nú er þannig háttað, að ríkið á þarna mikið land, m. a. land, sem ríkið keypti fyrir síldarverksmiðjur ríkisins. Þetta land er nú í hættu, og þarna er nú hin fræga síldarmjölsgeymsla, sem þakið féll niður á og flestir kannast nú við, og hefur hún nú verið byggð upp aftur og þakið haft rismikið, og er talið, að síldarverksmiðjur ríkisins geti þar geymt alla sína framleiðslu. Síðasta flóðið var í desember síðastl., og hefði þá verið mjöl í skemmunni, hefði þarna orðið mikið tjón. Það er nú farið fram á, að 200 þús. kr. verði veittar til þess að bægja frá flóðhættunni, og mun Siglufjarðarkaupstaður leggja fram aðrar 200 þús. kr. á móti. Það var í desembermánuði 1950, að skörð brotnuðu í fyrrnefndan varnargarð, og urðu þá skemmdir á mannvirkjum víðar á landinu, t. d. á Dalvík, og það, sem þarf að gera, er að gera við þessar skemmdir, áður en þær verða meiri og valda alvarlegu tjóni. Með tilliti til þessa vil ég vænta þess að fá stuðning við þessa till. hjá hv. þm., enda er ætlazt til, að Siglufjarðarkaupstaður leggi fram jafnmikla upphæð af sinni fátækt, til þess að mál þetta komist áleiðis.

Jón Gíslason: Herra forseti. Við 2. umr. fjárlagafrv. flutti ég brtt. við till. fjvn. um framlag til brúar á Kerlingardalsá. Í till. fjvn. var fjárveiting til þeirrar brúar 120 þús. kr. Við 2. umr. flutti ég brtt., og var þar farið fram á að hækka þessa upphæð upp í 300 þús. kr. — Þannig er ástatt hjá V.-Skaftfellingum, að vegir fyrir austan Mýrdalssand eru mestan hluta vetrar meira og minna ófærir fram á vor. Þó hefur verið reynt að nota þarna á söndunum í Meðallandi bíla með drifi á fram- og afturhjólum, þó að um vötn sé að fara, og hefur þetta tekizt, þegar ekki er rigning eða vatnavextir og ef allt er autt, en ef nokkuð rignir eða frýs að vetri til, þá er þessi leið ófær um Kerlingardalsá. Þess vegna er mjög aðkallandi að fá brú á hana til þess að bæta úr þeim samgönguerfiðleikum, sem hún skapar, og hefur nú á þessu ári vaknað mjög mikill áhugi hjá mönnum þar eystra á að afla fjár til þess, að þessi brú komist í framkvæmd. Það er vitað, að þessi brú mun kosta allt að 500 þús. kr., og með 120 þús. kr. framlagi upp í þá upphæð er okkur fjárhagslega um megn að afla þess fjár, sem á vantar, og koma brúnni upp. Af þeim ástæðum flutti ég þessa brtt. um að hækka framlagið upp í 300 þús. kr. En sú brtt. hlaut ekki náð fyrir augliti hv. þingmanna og var felld. Nú flyt ég þessa brtt. enn á ný og fer nú fram á, að fjárveitingin verði 200 þús. kr. Ef þetta fengist, þá geri ég mér vonir um, að líkur séu til þess, að hægt verði að koma brúnni upp í sumar, ef okkur tekst að fá nokkurt lánsfé. Fáist ekki þessi fjárveiting, er útilokað að koma brúnni á í sumar. — Ég ætla ekki að tala

mikið um þetta nú, ég ræddi þetta mál við 2. umr. málsins. Ég vona, að hv. þm. líti á nauðsyn okkar Skaftfellinga og sýni þessari till. velvilja.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég flyt hér ásamt 1. þm. Eyf. tvær brtt. við fjárlagafrv. Þær eru báðar við 15. gr. fjárlaganna. Við 2. umr. flutti ég brtt. þess efnis, að 1500 kr. yrðu veittar til bókasafnanna á Dalvík og í Hrísey. Við höfum nú lækkað þessa upphæð niður í 1000 kr. til hvors bókasafnsins. — Ég vék að því við 2. umr., sem hv. þm. er kunnugt, að í 15. gr. eru sérstakar fjárveitingar til bókasafna. Þessi fjárveiting, sem við förum fram á, er svo lág, að hún er langt fyrir neðan þá meðalupphæð, sem veitt er til annarra bókasafna, sem upp eru talin í 15. gr. Fjvn. hefur ekki tekið þessa till. upp í sínar till., og berum við því þessa till. nú fram og vonum, að hv. þm. fallist á að ljá henni stuðning sinn.

Mig langar til að beina einni fyrirspurn til fjvn. í sambandi við 9. brtt. n., þar sem er hækkun á eftirlaunum presta og prestsekkna, hvort þessi upphæð muni koma þessum aðilum til góða eða hvort hún renni til Tryggingastofnunar ríkisins og lífeyririnn verði þeim mun minni. Um þetta veit ég ekki, en sé svo, að þetta lækki bara ellilífeyri þessa fólks, þá sé ég ekki ástæðu til að hækka þennan lið, ef það kemur ekki þessu fólki til góða. Það væri fróðlegt að fá að vita um þetta.

Frsm. samvn. samgm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að gera grein fyrir áliti samvinnun. samgöngumála, sem birtist á þskj. 390. Því miður hefur ekki enn verið útbýtt till. n., en þar sem frá efni þeirra og öðru er greint í nál., þá hygg ég, að það komi ekki að sök, að ég mæli fyrir till., þótt þeim hafi ekki verið útbýtt.

Samvinnun. samgm. hefur eins og undanfarin ár fjallað um styrki til flóabáta og vöruflutninga. Hún hefur fengið upplýsingar frá ýmsum fyrirtækjum, sem sjá um þær samgöngur, og frá forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, sem hafa mjög auðveldað starf nefndarinnar.

Það er fyrst að segja, að rekstur flóabátanna hefur gengið mjög illa á þessu ári, svo illa, að við borð hefur legið, að rekstur þeirra stöðvaðist algerlega á þessu ári. Ástæðurnar fyrir þessu eru fyrst og fremst þær, að á undanförnum mánuðum hefur kaupgjald hækkað allverulega og enn fremur hefur verðlag á olíu og varahlutum til véla hækkað geysilega. Allt þetta hefur orðið til þess að auka útgjöld bátanna svo, að styrkur sá, sem þeir hafa fengið frá ríkinu, hefur engan veginn nægt til að tryggja rekstur þeirra. Bátarnir hafa ekki getað hækkað tekjur sínar með því að hækka fargjöld, þar sem þau eru nú þegar orðin svo há, að frekari hækkun mundi einungis draga úr notkun þeirra. Ég minni á þetta af því, að styrkur til þessara flóabáta hefur verið næstum óbreyttur undanfarin fimm ár. Ef athugað er, hvernig þessum styrk hefur verið háttað á fjárlögum, þá kemur í ljós, að 1947 var hann 916200 kr., 1948 912200 kr., 1949 878 þús. kr., 1950 958 þús. kr. og 1951 975 þús. kr. Þessar tölur sýna það, að þessum útgjöldum hefur verið haldið meira niðri en hægt er að segja um nokkur önnur útgjöld fjárl. Hv. þm. vita, hversu mjög öll útgjöld fjárl. hafa aukizt á þessum tíma og þá sérstaklega rekstrarkostnaður ríkisins og stofnana þess. Afleiðingarnar af því, hve ríkisstyrknum hefur verið haldið niðri, eru þær, að margir bátanna eru orðnir svo skuldugir, að trafali er að verða af í rekstri þeirra. Nefndin hefur því lagt til, að styrkur til flóabáta verði hækkaður allverulega, til þess að unnt verði að koma í veg fyrir stöðvun þeirra og það óhagræði, sem það hefði í för með sér.

Í þessu sambandi vildi ég leyfa mér að minna á, að á síðasta Alþingi bað samvinnun. samgm. ríkisstj. um, að hún léti athuga, hvernig þessum ferðum yrði bezt og haganlegast fyrir komið í þeim héruðum, sem njóta styrks úr ríkissjóði. Samvinnun. samgm. taldi nauðsynlegt, að slík athugun færi fram, vegna þess að á hverju ári koma fram raddir um það, að þetta sé óþarfi, ríkið þurfi ekki að styrkja starfsemi þessara báta og þarna væri hægt að spara. Nefndin vildi sem sé fá það athugað, á hversu miklum rökum þetta væri byggt. Í samræmi við þessa till. n. skipaði samgmrn. 3. apríl s. l. þriggja manna nefnd til þess að vinna umrætt verk. Þessi nefnd skilaði svo áliti 20. sept. s. l. Samvinnunefndin hefur fengið það álit sent til athugunar. Niðurstaða þessarar n. er sú, eins og getið er í nál. á þskj. 390, að hún leggur til, að styrkir til fimm flóabáta verði felldir niður. Eru það þessir bátar: Vestmannaeyja- og Stokkseyrarbátur, Rangársandsbátur, Flateyjarbátur á Breiðafirði, Skógarstrandar- og Langeyjarnesbátur og Húnaflóa- og Strandabátur. Í þessu sambandi er þess að geta, að mþn. ætlaðist til þess, að Stykkishólmsbátur ræki einn eftirleiðis allar flóabátaferðir við Breiðafjörð. Með þessum breytingum var gert ráð fyrir af hálfu n., að hægt yrði að spara 197 þús. kr., miðað við heildarstyrkupphæð á fjárl. yfirstandandi árs. Mþn. hefur að öðru leyti lagt áherzlu á, að halda yrði þessum samgöngum í svipuðu horfi og nú er, en leggur um leið áherzlu á það, að nauðsyn beri til að halda áfram að styrkja þau héruð, sem verst eru sett um samgöngur á landi til vöruflutninga. Eins og hv. þm. geta kynnt sér, eru þessar till. mþn. mjög í samræmi við það, sem fram hefur komið í umr. í samgmn. Alþingis. Nú hafa borizt eindregnar óskir um það frá Vestmannaeyjum og Suðurlandsundirlendinu, að Vestmannaeyjabáturinn starfi áfram. Einnig eru taldar litlar líkur til þess, að hægt sé að láta Stykkishólmsbát taka við ferðum Skógarstrandar- og Langeyjarnesbáts, sökum þess að bátur af þeirri stærð mun eiga erfitt með að athafna sig á ýmsum þeim stöðum, þar sem hinn litli bátur, sem þar hefur verið í förum, hefur haft viðkomu. Ekki hefur heldur náðst samkomulag um að fella niður ferðir Flateyjarbáts, sem annazt hefur ferðir um norðanverðan Breiðafjörð, og fela þær síðan Stykkishólmsbát. Það má og teljast auðsætt, að með slíkri fyrirkomulagsbreytingu yrði varla um mikinn sparn-

að að ræða, þar eð hækka yrði verulega styrk til hins síðarnefnda. Einnig hefur verið minnzt á, hvort ekki kæmi til greina að fá minni bát til ferða á Ísafjarðardjúpi og um Eyjafjörð. Allar þessar till. hafa strandað vegna eindreginna mótmæla úr héruðunum. Þm. hafa svo fylgt þessum mótmælum eftir, og hefur niðurstaðan jafnan orðið sú, að örfáir bátar hafa verið lagðir niður, eða aðeins á þeim stöðum, þar sem sæmilegur akvegur hefur komið og bílar hafa tekið við flutningunum, en samgmn. hefur einnig séð marga annmarka á því að leggja þessa báta niður, ef ekki hefur verið hægt að leysa samgöngumálin með öðrum hætti. Í þessu sambandi má geta þess, að um það hefur verið talað, að skip á stærð við Herðubreið og Skjaldbreið gætu sinnt flóabátaferðum, en slíkar till. eru algerlega út í bláinn. Skip af slíkri gerð er ekki hentugt að nota til vöruflutninga til bænda um hin ýmsu héruð. Það er því ekki á rökum reist, þegar rætt hefur verið í þessu sambandi að fækka strandferðabátunum. Alþingi hefur viðurkennt þetta sjónarmið. Þetta eru og niðurstöður samvinnunefndarinnar, og í till. hennar er ekki lagt til að fella niður nema einn bát, Rangársandsbátinn. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að nægilegt væri að starfrækja Vestmannaeyja- og Stokkseyrarbátinn. Þetta sprettur af því, að fólkið í héruðunum hefur neitað að fallast á þessar breytingar. Í sambandi við ferðir eins flóabátsins, Skógarstrandar- og Langeyjarnesbáts, þá er talið, að Stykkishólmsbáturinn ætti erfitt með að athafna sig í ferðum á þeim slóðum. Um Strandabátinn gegnir hins vegar sérstöku máli, þar eð hægt mun verða að fella hann niður, er akvegur kemur frá Hólmavík að Drangsnesi. Þess er og að geta í sambandi við þennan bát, að hin mjög svo bága afkoma hans stafar að miklu leyti af því, að síldveiðar hafa brugðizt mjög hrapallega, en síldarflutningar hafa verið eitt verkefni bátsins, sem gefið hefur honum allmiklar tekjur. Verkefni bátsins hefur því af þessum sökum mjög rýrnað. Báturinn flutti og fólk og varning frá Hólmavík til Blönduóss, en þeir flutningar hafa og dvínað mjög að undanförnu. Eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, er líklegt, að hægt verði að leggja þennan bát niður á næstu árum, þegar vegargerð er lokið frá Hólmavík að Drangsnesi og bryggja byggð í Kaldrananesi. Verður þá akfært alla leið þangað, og gæti þá lítill bátur annazt flutninga þaðan norður til hafnanna í Árneshreppi, sem er nyrzti hreppur Strandasýslu.

Ég vil nú leyfa mér að fara nokkrum orðum um hina einstöku báta.

Lagt er til, að styrkur til Flateyjarbáts hækki um 10 þús. kr. Á ferðum þessa báts hefur orðið rekstrarhalli undanfarin ár, og telja stjórnendur hans lítt mögulegt að halda ferðunum áfram án aukins stuðnings. Hins vegar hefur rekstur Stykkishólmsbátsins gengið sæmilega, og er svo ráð fyrir gert, að styrkur til hans haldist óbreyttur. Sama er að segja um Skógarstrandar- og Langeyjarnesbát, að lagt er til, að hann fái sama styrk og áður.

Þá kem ég að Ísafjarðarsamgöngunum. Sama skip og verið hefur, m/s Fagranes, hefur annazt þessar samgöngur. Það er að segja um rekstur þessa skips, að með hverju árinu, sem liðið hefur, hefur rekstur þess orðið óhagstæðari. Ein meginorsök þess, hvernig komið er með rekstur skipsins, er sú, að flutningar hafa stórum minnkað, er akvegur hefur nú verið lagður við utanvert Ísafjarðardjúp og Djúpið þannig komizt í þjóðvegasamband. Af þessum sökum hefur nú mjög hallað undan fæti og reksturinn orðið óhagstæður. Á þessu ári mun hallinn af rekstri skipsins vera um 100 þús. kr., eða eins mikill og rekstrarhallinn varð tvö árin á undan. Þrátt fyrir ríflegan ríkisstyrk er nú svo komið. Fyrirsjáanlegt er, að ekki verður hægt að halda þessum rekstri áfram án aukins styrks frá ríkinu. Forstjóri Skipaútgerðar ríkisins hefur í till. sínum til n. lagt til, að styrkurinn verði hækkaður um 130 þús. kr. á næsta ári. Hins vegar hefur nefndin ekki séð sér fært að hækka framlagið til þess flóabáts meir en um 100 þús. kr. Þess er ekki nokkur kostur að leggja ferðir þessa flóabáts niður. Sveitirnar við Ísafjarðardjúp sjá Ísafjarðarkaupstað að mestu fyrir mjólk. Hins vegar eru þær svo flestar nær akvegalausar, og ekki er nokkur kostur fyrir þær að koma afurðum sínum á markað með öðrum hætti en sjóleiðis. Á vetrum er þess og brýn þörf, að haldið sé uppi ferðum á milli Ísafjarðar og sumra kauptúnanna í Vestur-Ísafjarðarsýslu. Hafa t. d. bændur í Önundarfirði selt talsvert magn af mjólk þangað undanfarin ár. Það má segja, að allar samgöngur sveitanna við Djúp og í norðurhreppum héraðsins byggist á ferðum Djúpbátsins. Mþn. hefur bent á, að hugsanlegt væri að halda þessum ferðum uppi um vetrarmánuðina með minna skipi en Fagranesinu, en mjög óvíst yrði um sparnaðinn af þessu, vegna þess að þá mundi hitt skipið skorta verkefni þann tíma.

Ég fékk í dag skeyti frá stjórn Djúpbátsins h/f, þar sem framkvæmdastjórinn segir, að ef hin nauðsynlega styrkaukning fáist ekki, verði báturinn að hætta ferðum 15. jan. n. k. Ég hef nú ekki átt þess kost að taka afstöðu til þessarar beiðni. Það dylst engum, að þetta er orðinn geysilegur fjáraustur, er styrkurinn til þessa báts er orðinn 340 þús. kr. á ári. Hvernig komið er, orsakast af því, eins og ég hef minnzt á í ræðu minni, að fólkinu, sem ferðast með bátnum, hefur fækkað. Að hinu leytinu er leiðin, sem þessi flóabátur fer, einhver sú lengsta, sem slíkir bátar fara. Hér er um að ræða hina löngu strandlengju Ísafjarðardjúps. Það er erfitt og kostnaðarsamt að halda skipi úti á svona langri leið, en einnig erfitt að komast af með minna skip. Skipið verður einnig að halda uppi ferðum í sambandi við ferðir áætlunarbíla til Arngerðareyrar og koma fólki og farangri þaðan til Ísafjarðarkaupstaðar. Þótt e. t. v. mætti komast af með minni bát, þá eru veður oft válynd á Djúpinu, og þessum ferðum þarf að halda uppi í skammdeginu, oft í vonzkuveðrum og miklum sjógangi. Nú kunna menn að spyrja: En má þá ekki draga úr útgjöldum að einhverju leyti með því að fækka þeim mönnum, sem við rekstur skipsins eru? — Það vita

nú allir, að á skipum vissrar stærðar verður að vera ákveðin tala áhafnar samkv. lögum. Verður því að ætla, að fækkun áhafnar komi ekki til greina. — Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þessa till., en sný mér þá að Norðurlandssamgöngunum.

Það er lagt til, að Húnaflóa- og Strandabátur fái 18 þús. kr. styrkhækkun. Hallinn á ferðum báts þessa hefur orðið 24 þús. kr. á þessu ári. Norðurlandsbáturinn hefur sem aðrir flóabátar átt við mikla örðugleika að stríða. Leggur n. til, að styrkur til hans hækki um 40 þús. kr., en að auki fái hann 30 þús. kr. aukastyrk vegna nauðsynlegrar viðgerðar, sem útgerð hans hefur ekki neina möguleika á að kosta af eigin rammleik. — Einnig er lagt til, að styrkur til Hríseyjarbáts verði hækkaður um 1 þús. kr. og að honum verði veittur styrkur vegna viðgerðar, sem fór fram á honum snemma á þessu ári. — Þá er lagt til, að styrkur til Flateyjarbáts á Skjálfanda hækki um 1 þús. kr. Þessar hækkanir spretta af auknum rekstrarkostnaði, og má þar t. d. nefna hækkanir á smur- og brennsluolíum.

Varðandi Austfjarðasamgöngur er það að segja, að gert er ráð fyrir, að styrkir til flestra bátanna hækki smávægilega. Styrkur til Loðmundarfjarðarbáts er gert ráð fyrir að hækki um 4 þús. kr. Þessi bátur fékk 10 þús. kr. vélastyrk á þessu ári. Heildarstyrkveiting til hans nú verður því 6 þús. kr. lægri en á síðasta ári. Styrkur til Mjóafjarðarbáts er hækkaður um 2500 kr., og lagt er til, að Eskifjarðarbátur fái 5 þús. kr. vélastyrk.

Skal ég þá vikja að Suðurlandsskipi.

Það er nú langt síðan Alþingi viðurkenndi sérstöðu Skaftafellssýslna í samgöngumálum. Mikill hluti þessara víðlendu héraða er með öllu hafnlaus, og njóta þau því af mjög skornum skammti umbóta í strandferðum, eins og flest önnur byggðarlög landsins gera. Vestur-Skaftafellssýsla flytur talsvert landleiðina til Reykjavíkur, frá Vík í Mýrdal og Kirkjubæjarklaustri. Vestur-Skaftfellingar hafa notið nokkurs styrks vegna þessara löngu flutninga á landi. Í áliti mþn. er frá því skýrt, að flutningskostnaður Vestur-Skaftfellinga sé 83—268 kr. hærri á tonn en til þeirra staða á landinu, sem þó verða að nota dýrar flóabátaferðir frá höfnum strandferðaskipanna. Hefur þá verið dreginn frá flutningsstyrkur sá, sem Vestur-Skaftfellingar njóta og er frá 50—65 kr. á hvert tonn þeirra nauðsynja, sem styrkurinn nær til. Það er augljóst, hversu kostnaðaraukinn hefur orðið mikill á þessum ferðum á undanförnum missirum. Hefur n. því lagt til, að nokkur hækkun verði á flutningsstyrknum, og leggur til, að hann hækki um 30 þús. kr. — Enn fremur leggur n. til, að styrkur til vöruflutninga til Öræfa hækki um 7 þús. kr., en þeir flutningar fara nú að verulegu leyti fram flugleiðis. Eru slíkir flutningar vitaskuld mjög dýrir. Sjálfsagt er að taka tillit til aðstæðna þessara héraða, sem svo mjög eru afskipt í samgöngubótum.

Að lokum skal ég nokkuð ræða um Faxaflóasamgöngurnar. Um nokkur undanfarin ár hefur verið unnt að halda uppi ferðum milli Reykjavíkur, Borgarness og Akraness án ríkisstyrks. Áður fyrr nutu þó bátar þeir, sem önnuðust þessar ferðir, nokkurs styrks. Hins vegar skipaðist svo fyrir nokkrum árum, að fengið var til þessara ferða fullkomnara skip en áður hafði tíðkazt um flóabáta, og er það nú fullkomnasti flóabátur landsins. Nú er þó svo komið málum, að þessar samgöngur eru einnig reknar með miklu tapi. Rekstur h/f Skallagríms, sem annast rekstur Laxfoss, hófst á þessu ári með líðlega 140 þús. kr. yfirfærðu tapi. Félagið hafði þá og eytt öllum varasjóði sínum, sem var um 200 þús. kr. Félagið hefur og á þessu ári orðið að leggja í mikinn kostnað vegna viðgerðar á vél skipsins og kaupa á varahlutum í vél skipsins. Hefur sá kostnaður numið um 100 þús. kr. Félagsstjórnin hefur áætlað, að tap á rekstri skipsins á þessu ári verði allt að 260 þús. kr. Hefur stjórn félagsins skýrt n. svo frá, að hún sjái sig til neydda að stöðva ferðir skipsins, ef félaginu verði ekki veittur styrkur, sem nemi þessum rekstrarhalla. Ég skal ekki fara út í að rekja nákvæmlega, hvers vegna svo skyndilega hallar undan fæti. Smur- og brennsluolíur hafa hækkað mikið, vélahlutar og annað slíkt, sem til viðhalds þarf, hefur stigið mjög í verði. Einnig hefur kaupgjald hækkað talsvert á árinu. Að þessum upplýsingum fengnum virðist það augljóst vera, að ekki verður hjá því komizt að styrkja ferðir Laxfoss, og hefur n. því lagt til, að h/f Skallagrími verði veittur 100 þús. kr. styrkur til rekstrar skipsins á næsta ári. Enn fremur hefur hún talið óumflýjanlegt að flytja till. við 22. gr. fjárl. um, að ríkisstj. verði heimilað að greiða h/f Skallagrími 100 þús. kr. styrk vegna vélaviðgerða á árinu 1951.

Ég hef þá gert grein fyrir rekstri hinna ýmsu flóabáta í hinum ýmsu landshlutum. Samvinnun. samgm. leggur til samkv. þessu, að til flóabáta verði í fjárl. fyrir árið 1952 veittar 1323 þús. kr., eða 348 þús. kr. meira en árið 1951. Í þessu eru þó ekki taldar 100 þús. kr., sem n. hefur flutt brtt. um, að ríkisstj. verði heimilað að greiða til h/f Skallagríms þetta ár. Um þessa hækkun fjölyrði ég ekki, en hygg, að samvinnun. geti vel horft framan í Alþ., þó að hún flytji hækkunartill. nú eftir að hafa haldið þessum útgjöldum eins rækilega niðri og ég gat um í upphafi.

Ég vil svo að lokum segja, að innan samvinnun. samgm. hefur ríkt góð samvinna og þær till., sem hér liggja fyrir, eru fluttar af n. í heild, óklofinni.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég get að vísu sagt svo um eina till., sem ég stend að ásamt fleiri þm., eins og hv. 6. landsk. var að segja, að sú till. er ekki komin á borðið enn þá, en ég get lýst henni fyrir því, þegar þar að kemur. En áður en ég vík að þeim till., sem ég er við riðinn, vil ég segja nokkur orð í framhaldi af þeirri ræðu, sem hv. frsm. samvinnun. samgm. var að ljúka við. Hann lýsti þar rækilega till. n., sem ég ætla ekki að gagnrýna, og þykir mér n. hafa eftir megni reynt að gera hvort tveggja, að verða við réttmætum óskum ýmissa landshluta varðandi samgöngubætur og um leið að stilla útgjöldunum í hóf.

— Ég vil gera lítils háttar athugasemd við þá brtt. n., er snertir styrk til h/f Skallagríms — eða Laxfossferðanna. Eftir því, sem mér skilst, þá leggur n. til í fyrsta lagi, að þetta félag njóti 100 þús. kr. styrks, og í öðru lagi er till. um, að heimilað sé að greiða þessu félagi vegna taprekstrar á s. l. ári sömu upphæð, eða 200 þús. kr. bæði árin. Ég tel rétt að drepa aðeins á þetta og vekja athygli hv. n., — ekki fyrir það, að ég leggist á móti þessari till., heldur vil ég skýra nokkuð ástæðuna fyrir því, að þessar 200 þús. kr. eru lagðar á ríkissjóð. — Hv. þm. sagði, að Borgarnes- og Akranesferðunum væri haldið uppi af hálfu félagsins með góðu og hentugu skipi, og get ég tekið undir það með honum. Ég veit það af reynslunni, þar sem Laxfoss innti í stríðinu þarfa þjónustu varðandi flutninga frá Reykjavík til Vestmannaeyja, og gekk það vel og kom sér vel vegna samgönguleysis, sem Vestmannaeyjar áttu þá við að búa. Það mun hafa verið á s. l. ári, að þetta hlutafélag sóttist eftir því, að Skipaútgerð ríkisins keppti ekki við þá vöruflutninga, sem félag þetta hefði með höndum, ekki á Laxfossi, heldur á öðrum skipum, milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja, á bátum, sem ekki eru eign Skipaútgerðarinnar. Það er vitað, að í þessum flutningum fyrir Skipaútgerðina eru skip, sem vitað er, að eru ekki gerð út af Skipaútgerðinni, heldur eru í einkaeign. Þeir, sem sögðu mér frá þessum málaleitunum, skýrðu mér frá því, að Laxfossútgerðin hafi talið sig geta bjargazt styrklaust af ríkisins hálfu, ef ríkið keppti ekki við þessa vöruflutninga til Vestmannaeyja á annan hátt en að skip Skipaútgerðarinnar flyttu vörur þangað. Það leit um tíma svo út, að þeir forráðamenn, sem eru fyrir Skipaútgerðinni, og sá ráðh., sem um þetta fjallar, mundu fallast á að láta Laxfossútgerðina fá aukatekjur af þessum flutningum, sem að dómi forráðamanna hennar mundu bjarga henni frá að þurfa að leita til ríkisins um styrk. En því miður hefur þetta ekki orðið, og þessi leiguskip hjá Skipaútgerðinni hafa haldið áfram flutningum til Vestmannaeyja, og niðurstaðan er sú fyrir þessa útgerð, að ríkissjóður verður að borga þessar 200 þús. kr., sem hann annars hefði losnað við. Ég hef þetta frá beztu heimildum, sem hægt er, eða frá afgreiðslumanni Laxfoss hér í Reykjavík, og hygg ég, að hv. frsm. samvinnun. samgm. sé kunnugt um þessar málaleitanir Laxfoss. Þessar 200 þús. kr. hefði vel mátt spara ríkissjóði. Læt ég svo að því er snertir þetta mál útrætt um þetta atriði.

Ég hef leyft mér að endurnýja till., sem ég bar fram við 2. umr. fjárl. varðandi styrki til leikstarfsemi úti um landið, eða utan Reykjavíkur. Ég flyt þessa brtt. ásamt hv. þm. Snæf. og hv. 6. landsk. þm. Hún er nú í öðru formi og flutt sem heimild fyrir ríkisstj. eða ráðh., eins og segir á þskj. 520, XXIV. lið:

„Við 22. gr. VIII. Nýr liður: Að leggja fram 100 þús. kr. aukastyrk til þess að örva leiklistarstarfsemi leikfélaga utan Reykjavíkur, enda úthluti menntmrh. styrknum, og miðist hann við tölu leiksýninga á árinu 1952 á hverjum stað.“

Það er vitað, að úti um land, svo að segja í hverjum hreppi og hverri sýslu, er höfð viðleitni af heimamönnum og leikfélögum til að sýna sjónleiki í félagsheimilum, samkomuhúsum og góðtemplarahúsum til að skemmta héraðsbúum. Það er vitað, að af öllum skemmtunum, sem efnt er almennt til, eru leiksýningar bezt til fallnar að skemmta bæði ungum og gömlum, en það er ekki hægt að segja um allar skemmtanir, sem haldnar eru úti um land. Þegar á það er litið, hve ríkið kostar mikið upp á þjóðleikhúsið og leikstarfsemi hér í Reykjavík, þá finnst mér hóflegt að fara fram á, að dreifbýlið njóti þessarar styrkveitingar til að halda uppi leikstarfsemi við vegar. Það er ekki ætlazt til, að félögin fái styrk eða greiðslu, nema þau hafi til hans unnið, og er þá miðað við, að fylgt verði till. menntmrh. Úthlutun styrksins miðast við tölu leiksýninga, hve menn hafa lagt mikið á sig í þessu skyni. Ég fæ ekki annað séð en þetta sé sanngirni og gæti verið uppörvun til að halda uppi hollu skemmtanalífi úti á landi. — Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta, en ef á að vísa þessari till. frá, annaðhvort með tilvísun til lítilfjörlegs styrks á fjárl. til einstakra leikfélaga eða 20 þús. kr. styrks til Bandalags íslenzkra leikfélaga, þá vil ég benda á, að í fyrsta lagi er þessi styrkur svo lítilfjörlegur, að það tekur varla að nefna hann, og í öðru lagi koma þessar 20 þús. kr. til bandalagsins óbeint til góða fyrir félagsstarfið. Þess vegna er þessari till. engan veginn ofaukið, ef hv. þm. vilja sýna dreifbýlinu nokkra viðurkenningu fyrir það erfiði, sem menn leggja á sig til að efna til leiksýninga. Það er ekki ætlazt til, að farandleikfélög, sem fara byggð úr byggð, njóti þessa styrks, heldur aðeins þau félög, sem eru staðbundin við plássið, þar sem leikurinn er sýndur.

Ég hef svo ráðizt í að flytja brtt. á þskj. 522 — en það er ekki komið enn þá — ásamt hv. 2. landsk. þm., hv. 4. landsk. þm., hv. þm. Seyðf. og hv. þm. Hafnf. Er sú till. líka við 22. gr. og miðar að því að fela fjmrh. heimild til að bæta þeim skipasmíðastöðvum, sem byggðu fiskibáta fyrir ríkisstj. í tíð nýsköpunarstjórnarinnar, að einhverju leyti það tjón, sem þær urðu fyrir. Svo sem kunnugt er, efndi ríkisstj. til byggingar báta innanlands í samvinnu við margar skipasmíðastöðvar, sem byggðu þessa báta á vegum ríkisstj., en þeir urðu alls 26. Byggðir voru 9 bátar af stærðinni 60—66 smál., en 17 bátar af stærðinni 36—40 smál. Það féll í minn hlut sem sjútvmrh. að standa fyrir sölu á þessum bátum til útgerðarmanna og sjómanna í landinu. Ég get fullyrt, að þessir bátar voru vel byggðir og komu í góðar þarfir. Ég veit um marga, — og hygg, að sama megi segja um flesta, ef ekki alla, — að þeir hafa orðið til þess að draga björg í þjóðarbúið. Nú var það svo, að þeir, sem keyptu þessa báta, voru látnir skrifa samning um þetta efni og fengu að borga þá eftir þeim samningi. Meðan á byggingunni stóð hækkaði efnið, og þessar skipasmíðastöðvar höfðu ekki allar getað komið því við að tryggja sér nægilegt efni fyrir hækkunina. Þess vegna urðu allar þessar skipasmíðastöðvar fyrir tjóni með því að skila bátunum eftir þeim samningum, sem ríkisstj. krafðist. Þær fengu

að vísu samningsbundið verð fyrir þá, en vegna hækkunar á efni og vegna þess að þær fengu ekki eftirgjöf á tollum, urðu þær fyrir miklu tjóni og hafa sumar ekki borið sitt barr síðan. Ég ætla, að það sé víst, að engin ríkisstj. vilji efna til þess að láta þegnana vinna fyrir sig verk, sem þeir tapa á, enda er ekki hægt að segja, að þetta sé ríkisstj. að kenna, þó að svona hafi farið. En ríkisvaldið verður að taka tillit til, hvaða ástæða er fyrir því, að þessir menn urðu fyrir tjóni. Nú var það svo, að eftir þessu var leitað, meðan ég var fjmrh., en mig skorti heimild til að verða við þessari ósk, þó að ég gæti ekki séð annað en að þetta væri rétt. Í fjárlfrv., sem ég bjó út, þegar ég var fjmrh., setti ég því heimild fyrir ráðh. til að mega bæta þessum skipasmíðastöðvum þetta tjón, 35 þús. kr. á stærri bátana, en 25 þús. kr. á hina minni. Þannig fór frv. úr fjmrn. til Alþ. Það er dálítið táknrænt fyrir þá aðbúð, sem fjmrh. átti við að búa í þeirri tíð af hálfu fjvn., að hún felldi þetta úr frv. M. ö. o., heimild, sem fjmrh. bað um til að verða við óskum borgaranna, var látin niður falla af fjvn. og Alþ. Ég skal — til að sýna sanngirni — kannast við, að hv. fjvn. hafði það fyrir augum, að ef við þessari beiðni yrði orðið, þá mundu aðrar kröfur sigla í kjölfarið, og heyrðist í því sambandi getið um endurgreiðslu á tollum af sænsku húsunum og bátum, sem fluttir voru til landsins á sama tíma. Ég get þessa hér vegna þess, að það kunna í þessu að felast nokkrar málsbætur fyrir n. fyrir að vísa beiðni ráðh. frá. Hann varð að láta sér lynda, að beiðnin var ekki veitt. Nú hefur það skeð síðan, að núverandi fjmrh. hefur freistazt til að láta niður falla toll af þessum sænsku húsum, og ég hef tekið eftir því, að það er stjfrv. um að veita heimild til að endurgreiða tollinn af hinum innfluttu bátum, svo að þeim þrándi er nú vikið úr götu. Það ætti því að vera auðsótt nú að gefa ráðh. heimild til að geta litið á skaða þessara skipasmíðastöðva með sanngirni. Ég vil enn fremur geta þess, að á þeim tíma, sem fyrrv. fjmrh. bjó út frv. til fjárl. fyrir árið 1950, var íslenzka krónan á öðru gengi en hún er nú. Þrátt fyrir þetta vildi ég ekki breyta þeim upphæðum, sem þá voru nefndar, svo að í rauninni er hér farið fram á lægri upphæð en í upphafi, og er það enn ein ástæða til þess, að hið háa Alþ. sýni nokkurn réttlætisvott þeim, sem fyrir skaðanum hafa orðið. Loks vil ég geta þess, að Gunnlaugur Briem, skrifstofustjóri í ráðuneytinu, hefur sagt, að hann teldi það hið mesta réttlætismál, að Alþ. veitti aðstoð í þessu efni. Hann var fulltrúi í atvmrn., þegar bátarnir voru smíðaðir. Hann var það enn, er ég var ráðh., og flutti ég þetta þá í samráði við hann og einnig 1950, en þetta komst ekki í gegn hér í þinginu, og flyt ég þetta því enn í samráði við hann. Ég vona því, að Alþ., hafandi þessar staðreyndir í höndum, sjái sér fært að sýna réttlæti í þessu máli. Þessir bátar eru það vel úr garði gerðir, að ég hef enga kvörtun heyrt um þá, hvorki bátana, sem smíðaðir voru hér, né vélarnar, sem fengnar voru í þá. Það sýnir, að þeir, sem smíðað hafa bátana, hafa afhent þjóð sinni góð og vönduð skip og eiga því vissulega ekki skilið að bera einir þann skaða, sem orðið hefur af smíði þeirra.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. Ég flyt hér eina brtt. ásamt hv. 1. landsk. á þskj. 520, XX. Sams konar till. var flutt við 2. umr. af hv. 5. landsk. og var þá um 10 millj. kr. til atvinnubóta, en hún var felld, og flytjum við nú þessa brtt. Það væri ef til vill, þótt ekki hafi liðið nema ½ mánuður síðan till. kom fram, ástæða til að hækka hana, því að síðan hefur atvinnuástandið og dýrtíðin stórversnað. Það er dálítið einkennilegt, að á fjárl. hefur staðið í nokkur ár 5 millj. kr. framlag til atvinnuaukningar, en er svo kippt burt, þegar veruleg þörf verður fyrir þetta fé. Það mun engum hv. þm. detta í hug, að ekki sé þörf fyrir stj. að hafa þessa heimild, því að það er öllum ljóst, eins og atvinnuástandið er í landinu, að óhæft er að ganga svo frá fjárl., að ekki sé neitt fé veitt til atvinnuaukningar. — Mér fannst eftir þeim umr., sem hér hafa farið fram, að menn væru komnir í jólaskap, þegar rætt var um söluskattinn. Það getur vel verið, að þm. séu komnir í jólaskap út af ríkiskassanum. En fólk yfirleitt er ekki í jólaskapi, þegar það hugsar um sinn kassa. Þar er vá fyrir dyrum, og það væri full þörf að taka þessa smáupphæð inn á fjárl., og vona ég, að hv. þm. sjái sér fært að muna eftir þessu fólki á þann hátt að taka till. vel og samþykkja hana.

Frsm. 2. minni hl. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég skal strax taka það fram, að ég er samþykkur flestum brtt. á þeim fjórum þskj., sem útbýtt hefur verið frá meiri hl. fjvn. Þó eru þar nokkrar till., sem ég get ekki fallizt á.

Ein af þeim till. er 1. till. á þskj. 512 um, að í stað 60 þús. komi 260 þús. til brimbrjótsins í Bolungavík. Það má þykja undarlegt, að ég sé á móti fjárveitingu til brimbrjótsins, og skal ég gera grein fyrir þessari afstöðu minni. Það var á fjárl. síðasta árs heimild til handa vitamálastjórninni að ljúka gerð brimbrjótsins. En af þeim ástæðum, að vitamálastjórnin lét ekki byrja nógu snemma á framkvæmdum við þetta, varð verkinu ekki lokið í haust. Og svo varð afleiðingin sú, að er haustbrimin komu, eyðilagðist allt verkið, sem unnið var í sumar. Það var þess vegna, að fjvn. samþ. að veita 200 þús. til viðbótar upphæðinni á fjárl. til verksins. Meiri hl. n. samþ. að veita einungis 200 þús. kr. til þessa, en það var hins vegar upplýst af formanni n., að fullkomin viðgerð mundi kosta 300 þús. kr. í viðbót við þessa fjárveitingu. Það fé er Bolvíkingum algerlega ofvaxið að leggja fram. Ég er persónulega alveg sannfærður um, að þótt þessi till. yrði samþ., yrði ekki unnt með því að bjarga mannvirkinu. Það hefur verið hafður sá háttur á að byrja of seint á verkinu og láta svo vetrarbrimið brjóta niður það, sem áunnizt hefur um sumarið.

Þetta var ein af þeim brtt. hv. meiri hl. fjvn., sem ég get ekki fallizt á, og af því leiðir, að ég ásamt hv. þm. N-Ísf. flyt brtt. á þskj. 520 um, að heimilað verði á 22. gr. að verja fé í sam-

ráði við vitamálastjóra til þess að ljúka viðgerðinni á brimbrjótnum, þ. e. endurnýjun á heimild yfirstandandi árs, sem hefði nægt, ef byrjað hefði verið nógu snemma á verkinu, svo að því hefði verið lokið áður en tíð spilltist.

Af þeim hækkunum, sem gerðar hafa verið á gjaldahlið fjárl. og meiri hl. fjvn. stendur að — og minni hl. líka að mestu — leiðir það, að greiðsluhalli verður um 17 millj., en rekstrarhagnaður enn nokkrar millj. kr. Samkomulag hefur orðið um það milli meiri hl. og hæstv. ríkisstj. að hækka tekjuáætlunina um 19.5 millj. kr. Það er gleðilegt, að meiri hl. fjvn. og hæstv. ríkisstj. sáu það, að möguleikar voru til að hækka tekjuhlið fjárl. með því einu að láta prenta nýtt þskj. Er þá komið að því, sem ég spáði við 1. umr., að hæstv. ráðh. yrði neyddur til að hækka tekjuhliðina um tugi millj. til að bjarga sóma sínum, svo að þjóðin sæi ekki, hversu fráleit fjárhagsáætlunin væri.

Þá kem ég að brtt. mínum á þskj. 521. Ég legg þar til í fyrsta lagi, að tekju- og eignarskattur verði áætlaður 48 millj. í stað 41 millj. Hæstv. ráðh. hefur talið forsvaranlegt að hækka þennan lið í 45 millj. Ég tel fært að hækka hann um 7 millj. Núna er álagður tekju- og eignarskattur 50 millj. Það má telja víst, að með hækkaðri krónutölu verði álagður tekju- og eignarskattur ekki minni en 52 millj. Nú er það rétt, að hann rýrnar hjá yfirskattan. og ríkisskattan. Vanhöld tel ég hóflegt að áætla 4 millj.

Þá legg ég til, að verðtollur hækki úr 93 millj. í 106 millj. Þetta mun ýmsum þykja stórt stökk, en hæstv. ráðh. hefur sjálfur séð, að þarna var góður tekjustofn, og hefur sjálfur hækkað þetta í 105 millj. Það, sem bendir til þess, að þetta muni vera óhætt að hækka í 106 millj., er, að í byrjun nóvember þetta ár var verðtollurinn orðinn 93 millj. Er þá ekki ósanngjarnt að áætla, að nóv. og des. gefi 19—20 millj. Þar sem hann verður þá í ár 102 millj., tel ég óhætt að áætla hann 106 millj. nú.

Þá legg ég til, að innflutningsgjald af benzíni, sem er áætlað 9.5 millj., hækki í 10.5 millj. Síðasta dag októbermánaðar þ. á. var það orðið 9.5 millj., og útlit er fyrir, að það verði 11.5 millj. á árinu. Ætla mætti, að óhætt væri að áætla þetta ekki lægra en í fyrra.

Þá legg ég til, að bifreiðaskattur hækki úr 3 millj. í 4 millj. Byggist þessi hækkun á því sama. Bifreiðum fer fjölgandi, og er skatturinn nú á 4. millj.

Stimpilgjald er áætlað 6 millj. Legg ég til, að það hækki í 7 millj. Líkur benda til, að það muni verða 7½—8 millj. í ár. Í októberlok var það orðið 6 millj. á þessu ári. Á tveim mánuðum má ætla að það nemi alltaf 1½ millj. Og svo vel vill til, að hæstv. ráðh. hefur fallizt á 7 millj. ásamt meiri hl. fjvn.

Þá er það söluskatturinn, sem hæstv. ráðh. viðurkennir að núna muni fara yfir 90 millj. Ég vil áætla hann 98 millj. Og þegar hæstv. ráðh. gerir ráð fyrir, að hann geti hækkað um 12 millj. frá yfirstandandi ári, má áætla, að hann verði ekki lægri en þetta. Það leiðir af sjálfhækkandi verði á þeim vörum, sem hann er lagður á.

Till. mín er því sú, að tekjuliðir á 2. gr. hækki um 45 millj., en hæstv. ráðh. leggur til, að áætlunin verði hækkuð um 19½ millj.

Þá hef ég lagt til að áætla tekjur Áfengisverzlunar ríkisins 2 millj. hærri en gert er á fjárl. Það er minni hækkun en 7 undanfarin ár, sem hefur verið 4—6 millj. árlega. Tóbakseinkasalan er áætlað að gefi af sér rúmar 29 millj., en ég hef lagt til, að það verði áætlað 3 millj. kr. hærra. Er það ekki ógætilega áætlað, miðað við reynslu fyrri ára, enda minnir mig, að hæstv. ráðh. hafi sagt, að vel liti út með gott tóbaksár. Aftur á móti er hann svartsýnn með brennivínið. (**Fjmrh.**: En hv. þm. er það ekki enn.)

Samtals mundi þá hækkun á tekjunum nema um 49 millj. kr. og á útgjöldunum um 44 millj. Kæmi þá fjárlagafrv. þannig út, ef allar till. mínar og flokksbræðra minna yrðu samþ., að fjárl. yrðu afgr. með 5 millj. kr. hagstæðum greiðslujöfnuði.

Skal ég svo ekki fara fleiri orðum um þessar till. mínar, en víkja nokkuð að einstökum till., sem ég flyt eða er meðflutningsmaður að. Það virðist ekki vera búið að útbýta þskj. með öllum þessum till., en nokkrar þeirra liggja þó fyrir.

Á þskj. 520 á ég brtt. ásamt hv. þm. N-Ísf. (SB), till., sem við fluttum við 2. umr. fjárl., en tókum þá aftur til 3. umr. Hún er um það að verja 30 þús. kr. til menntaskólakennslu á Ísafirði. Ég skal ekki fjölyrða um þessa till. nú. Okkur þótti ósanngjarnt, að hún skyldi slitin úr tengslum við aðra samkynja till., sem þá var flutt, þ. e. að veita 100 þús. kr. til menntaskólakennslu á Laugarvatni. Nú hefur hv. meiri hl. fjvn. fallizt á að breyta þessum lið um Laugarvatn þannig, að fjárveitingin heyri til menntaskóla á Laugarvatni, og tekin þar með af öll tvímæli um það, að stofna skuli menntaskóla á Laugarvatni, sem skuli fá 100 þús. kr. fjárveitingu árið 1952. Aftur á móti er ekki um slíka framtíðarskuldbindingu að ræða í till. okkar hv. þm. N-Ísf., heldur aðeins, að veittar skuli til menntaskólakennslu á Ísafirði á næsta ári 30 þús. kr. Ég gat þess um daginn, að frá Ísafirði hefur farið nokkuð á annan tug nemenda til menntaskólanáms á Akureyri, og hefur þessi hópur getið sér hinn bezta orðstír og þessi stofnun á Ísafirði þannig fengið sín laun og sína viðurkenningu, þótt hún hafi ekki enn þá fengið viðurkenningu hér á Alþ.

Þá flyt ég á sama þskj., þskj. 520, ásamt hv. þm. Vestm., hv. 8. þm. Reykv. og hv. 5. landsk. þm. till., sem flutt er af okkur eftir ósk Slysavarnafélags Íslands. Till. er um það, að á 17. gr. hækki b-liður 17. tölul. úr 50 þús. kr. í 80 þús. kr. Þetta þýðir það, að veitt verði til umferðarslysavarna 30 þús. kr. hærri upphæð en gert er ráð fyrir í fjárl. Hv. þm. mun öllum kunnugt um það, að Slysavarnafélag Íslands annast ekki aðeins slysavarnir á sjó, heldur hefur það líka í sinni þjónustu mann, sem annast og hefur eftirlit með slysavörnum á landi. Laun þessa manns eru 35 þús. kr., en auk þess er ferðakostnaður hans allmikill, eða um 15 þús. kr., prentunarkostnaður, kostnaður við bókaútgáfu o. fl. á annan tug þúsunda og aug-

lýsingakostnaður um 10 þús. kr. Þannig mun þetta starf kosta Slysavarnafélagið um 80 þús. kr. á ári nú, en fyrir nokkrum árum var kostnaðurinn við það kringum 50 þús., og var þá viðurkennt, að rétt væri að greiða þann kostnað úr ríkissjóði. Ef þetta sama sjónarmið réði nú, ætti þessi hækkun að verða samþ., þ. e., að til þessa starfs verði veitt hlutfallslega jafnhá upphæð og viðurkennt var, að réttmæt væri, fyrir nokkrum árum. Starf þessa manns, sem er Jón Oddgeir Jónsson, er fólgið í því, að hann annast umferðarkennslu í öllum kaupstöðum landsins og víðar, og hefur hann haldið í því skyni umferðarvikur víðs vegar á landinu og leitað einkum til unga fólksins í þessu efni. Það mun óhætt að fullyrða, að þetta starf er þess vert, að því sé gaumur gefinn. Ung börn og annar æskulýður er fræddur á áhrifamikinn hátt um það, hvernig eigi að koma í veg fyrir slys, haldið er uppi leiðbeiningum um hjálp í viðlögum og brunavarnir, og þessi maður skrifar svo í blöðin og talar í útvarpið um þessi mál og nær þannig til allrar þjóðarinnar. Í Reykjavík og Hafnarfirði hefur hann á hendi eftirlit á vinnustöðvum með sjúkraútbúnaði o. fl., og allt þetta starf hans hygg ég að njóti viðurkenningar allra, sem þar til þekkja, enda er maðurinn hinn ötulasti og gengur af lífi og sál að sínu starfi. Ég held það sé ástæðulaust og óþarft að hvetja hv. þm. til að láta þessa starfsemi njóta sömu viðurkenningar og hún naut, er 50 þús. voru teknar upp, með því að samþ., að ríkissjóður greiði hana að fullu. Ég held, að hv. þm. muni taka það upp hjá sjálfum sér að tryggja framgang þessarar nauðsynlegu starfsemi.

Þá flyt ég till. ásamt þeim hv. þm. N-Ísf., hv. 4. landsk. þm. og hv. 2. þm. Eyf., um það, að í heimildagrein fjárl. verði tekinn upp nýr liður, að upphæð 120 þús. kr., sem verði varið til að bæta tjón vegna slysfara á Bolungavíkurvegi s. l. sumar. Þessi till. var flutt við 2. umr., en þá var farið fram á, að upphæðin yrði 180 þús. kr. Sú till. náði þó ekki fram að ganga, og er þetta því tekið hér aftur upp, þar sem dregið er nokkuð úr upphæðinni, en það virtist ekki nema herzlumunur, að 180 þús. kr. framlagið yrði samþ., þar sem allt að helmingur hv. þm. greiddi henni atkvæði. Ég trúi því ekki öðru en till. nái samþykki, er upphæðin er lækkuð um þriðjung. Ég trúi því ekki, að með þessari fjárveitingu væri verið að fara inn á braut, sem mundi skapa hættulegt fordæmi. Ég gæti nefnt mörg dæmi þess, að mönnum hafi verið bættir slíkir skaðar og tjón, sem menn hafa orðið fyrir, og minnist ég þess t. d., er slys varð á Austfjörðum fyrir nokkrum árum vegna sprengjubrota, að þá var það bætt með fé úr ríkissjóði. Hér er því ekki um neitt fordæmi að ræða, heldur er sjálfsagður hlutur að láta í ljós samúð og koma til hjálpar, þegar svona hörmulegir atburðir gerast, til að létta aðstandendunum lífsbaráttuna. Þarna voru það aldraðir feður á Akureyri, sem misstu sína sonu, og maður á bezta aldri, sem lemstraðist svo, að hann mun sennilega ekki verða vinnufær meir, og við flm. þessarar till. viljum, að Alþ. sýni þessum mönnum samúð sína með því að veita þeim þessa fjárupphæð.

Þá flyt ég ásamt hv. 4. þm. Reykv. (HG) nokkrar till. til hækkunar á gjöldum fjárl., en það er ekki búið að útbýta þeim enn, og veit ég, að meðflm. minn mun mæla fyrir þeim, og get ég því sleppt þeim núna.

Sigurður Ágústsson: Herra forseti. Ég hef flutt hér nokkrar brtt. á þskj. 520.

Það er í fyrsta lagi till. nr. IV. á því þskj., sem er við 13. gr. fjárl., nýr liður, að til Hellissandsvegar verði veittar 200 þús. kr. Að ég flyt þessa brtt. hér, en hef ekki reynt að fá þessa veitingu hjá hv. fjvn., stafar af því, að ég tel, að hér standi sérstaklega á. Þessi vegarlagning undir Enninu mundi ekki aðeins koma Hellissandi og Ólafsvík til góða, heldur mundi hún og koma væntanlegri Rifshöfn til góða, og það er nauðsynlegt, að þarna verði komið á vegasamband um það leyti, sem Rifshöfn verður tekin til notkunar, sem menn vona nú að geti orðið á næsta ári. Það er því margra hluta vegna nauðsynlegt, að þessi vegur undir Enninu verði fullgerður sem allra fyrst. Það er þegar búið að leggja veg um Hellissand, utanvert við Ennið, en undir sjálfu Enninu er vegur enn ólagður. Það eru býsna mörg ár síðan gert var ráð fyrir, að vegur kæmi undir Ennið, og fyrir nokkrum árum var áætlað, að hann mundi kosta um 600 þús. kr. Að sjálfsögðu yrði kostnaðurinn allmiklu meiri nú, en ég tel nauðsynlegt, að þegar á næsta ári verði byrjað á þessum vegi. Ég vona því, að hv. þm. geti verið sammála um að veita þessa upphæð, sem ég fer fram á í minni brtt.

Þá er það 2. liður þessarar brtt., sem er líka við 13. gr. fjárl. og er um það, að til brúargerðar á Kársstaðaá verði veittar 170 þús. kr. í stað 130 þús., eins og hv. fjvn. hefur lagt til. Það var till. vegamálastjóra, að lagt yrði til þessarar brúar 170 þús. kr., en það er sú upphæð, sem áætlað var að brúin mundi kosta. Það yrði illt til þess að vita, ef það þyrfti að fresta að taka þessa brú í notkun aðeins vegna þess eins, að það vantaði 40 þús. kr. til að ljúka framkvæmdinni, þegar líka er á það litið, að til hennar er fyrirhugað að veita 130 þús. kr. samkvæmt fjárlögum. Það eru því aðeins þessar 40 þús. kr., sem hafa úrslitaþýðingu um það, hvort þessi brú kemst á á næsta ári, og vona ég því, að hv. þm. taki þessari till. vel.

Þá flyt ég á sama þskj. brtt. við 13. gr. fjárl., það er brtt. VII á því þskj., þar sem ég fer þess á leit, að til hafnarinnar í Ólafsvík verði veittar 150 þús. kr. í stað 60 þús., eins og gert er ráð fyrir í fjárlfrv. Það hefur verið unnið töluvert mikið að hafnarframkvæmdum á yfirstandandi ári í Ólafsvík, eða fyrir um 600 þús. kr., og á næsta ári þyrfti að vinna þar fyrir allt að ½ millj. kr. Ólafsvíkurhöfn á 130 þús. kr. óborgaðar, sem ríkissjóði ber að leggja fram til hafnarinnar. Það hefur því komið fram einhuga ósk frá hreppsnefnd Ólafsvíkur um það, að framlag ríkisins til hafnarinnar verði hækkað úr 60 þús. kr. upp í 150 þús. kr.

Þá er enn á sama þskj. brtt. frá mér við 15.

gr., till. nr. XIII á því þskj., þar sem ég leyfi mér að leggja til, að til amtsbókasafnsins í Stykkishólmi verði veittar 10 þús. kr. í stað 4500 kr. eins og hv. fjvn. hefur lagt til. Ég hef nokkrum sinnum áður mælt með þessari till. hér á Alþ., en hún hefur þó ekki fengið hljómgrunn hjá hv. alþm., og ég fæ ekki skilið, að nokkur sanngirni geti verið í því að vinna gegn samþykkt hennar. Það eru til þrjú önnur amtsbókasöfn á landinu, á Akureyri, Seyðisfirði og í Reykjavík, eða var þar að minnsta kosti. Til hinna bókasafnanna eru veittar 13 þús. kr., nema til bókasafnsins á Seyðisfirði, þar sem gert er ráð fyrir 6250 kr. Hins vegar hafa þeir nú, hv. þm. Seyðf. og hv. 10. landsk. þm., flutt till. um, að framlagið til amtsbókasafnsins á Seyðisfirði verði hækkað upp í 10 þús. kr. Við væntum þess allir, að hv. alþm. geti fallizt á að sýna þessum bókasöfnum þann skilning, að til þeirra verði veittar þessar fjárupphæðir, þ. e. 10 þús. kr. á hvorn stað. Ég vil taka það fram, að það er allmikið fé, sem Stykkishólmskaupstaður og sýslan veita til amtsbókasafnsins árlega.

Þá er ég flm. að till. nr. XXIV á þessu sama þskj., þskj. 520, ásamt þeim hv. þm. Vestm. og hv. 6. landsk. þm., sem er um það, að ríkið leggi fram 100 þús. kr. aukastyrk til að örva leiklistarstarfsemi leikfélaga utan Reykjavíkur. Við flm. þessarar till. erum þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt sé að auka áhuga fólks í kaupstöðum og kauptúnum og sveitum landsins fyrir leiklistinni, og við erum sannfærðir um, að slíkir styrkir sem þessi mundu valda straumhvörfum í þessu efni.

Þá er það að lokum till. nr. XXVIII á þessu sama þskj., sem ég flyt ásamt þeim hv. þm. V-Ísf., hv. 1. þm. Árn. og hv. 6. þm. Reykv. og fjallar um það, að Sigurði Birkis verði veittar 20 þús. kr. í byggingarstyrk og til vara 15 þús. kr. Við flm. þessarar till. teljum, að Sigurður Birkis hafi unnið mikið og þarft verk í okkar þjóðfélagi. Hann hefur ferðazt um landið og komið upp kirkjukórum og eflt kirkjusöng við fjölmargar kirkjur landsins og með því valdið straumhvörfum í kirkjusókn, og því teljum við, að hann sé þess fyllilega maklegur, að honum verði veittur þessi byggingarstyrkur. Hann hefur undanfarin tvö ár verið að reyna að koma sér upp húsi í Reykjavík, og mun hann hafa í hyggju að annast söngkennslu fyrir kirkjukóra í því húsi. Við flm. væntum þess því, að hv. þm. verði sammála um að veita Sigurði Birkis þennan byggingarstyrk.

Þá vil ég aðeins í sambandi við eina brtt. hv. meiri hl. fjvn. geta þess, að ég hjó eftir því, að það ætti að greiða Húsavíkurhöfn 240 þús. kr. vegna samninga við síldarverksmiðjur ríkisins. Ég hef átt tal við formann síldarverksmiðjanna um þetta, því að mér kom þetta dálítið einkennilega fyrir sjónir, þar sem ég hef setið tvö ár í stjórn verksmiðjanna og hef aldrei heyrt þessarar kröfu getið. Ég vil taka það fram, að stjórn síldarverksmiðja ríkisins hefur raunar ekkert við það að athuga, þótt ríkið greiði Húsavíkurhöfn þessar 240 þús. kr., en hún telur það bara ekki gert vegna síldarverksmiðja ríkisins, eins og stendur í till. hv. meiri hl. fjvn. Þetta vildi ég aðeins láta koma fram, því að stjórn síldarverksmiðjanna telur sig ekki hafa gert neina þá samninga við Húsavíkurhöfn, þar sem í felist ósk um, að þessi upphæð verði greidd í nafni síldarverksmiðja ríkisins.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 519, 520, 521, 522, 523 og 524, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv. — [Fundarhlé.]

Forseti (JPálm): Þá er fundi fram haldið. Ég vil biðja hv. þm. Snæf. og hv. þm. A-Sk. að gegna skrifarastörfum.

Það hafa fyrir óaðgætni flm. orðið eftir tvær brtt., sem mér hafa borizt hér skriflega.

Sú fyrri er frá Rannveigu Þorsteinsdóttur, Gunnari Thoroddsen, Gylfa Þ. Gíslasyni og Einari Olgeirssyni, svo hljóðandi: [Sjá þskj. 526].

Hin till. er frá Haraldi Guðmundssyni og Hannibal Valdimarssyni við brtt. á þskj. 522 og er svo hljóðandi: [Sjá þskj. 527].

Þessar till. eru skriflegar og of seint fram komnar, og þarf því afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég á hér ásamt öðrum tvær till. um sama efni á þskj. 520. Eru þær nr. XIX og XXVII, og flyt ég þær ásamt 6. þm. Reykv. og 4. landsk. þm.

Till. nr. XIX fjallar um það að veita 2 millj. til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði skv. III. kafla laga nr. 44 7. maí 1946, og enn fremur flytjum við varatill. um, að veittar verði 800 þús. kr. Við fluttum við 2. umr. till. um, að veitt yrði í þessu skyni 1 millj. kr., en þar sem þá virtist svo sem þm. stjórnarflokkanna teldu það vera of lítið, berum við fram till. nú um, að þarna verði veittar 2 millj., en ef svo skyldi fara, að þeir verði fleiri, sem álíta, að það sé of mikið, þá höfum við flutt varatill. um 800 þús., og ættu þeir þá að geta samþ. hana, þar sem hún er lægri.

Till. nr. XXVII er um það að taka fé að láni eða verja fé af tekjuafgangi ríkissjóðs til þess að lána bæjar- og sveitarfélögum til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði skv. III. kafla laga nr. 44 7. maí 1946, og sé lánsupphæðin í hlutfalli við framlög ríkissjóðs samkvæmt lögum. Hv. þm. vita, hvert hlutfallið var þarna á milli, en það var það, að lána átti 75%.

Ég þarf ekki að fjölyrða um nauðsyn þessa máls, hún er öllum mönnum kunn, og vænti ég þess, að hv. þm. geti léð brtt. atkv. sitt.

Jón Pálmason: Herra forseti. Við 2. umr. flutti ég brtt. um að verja til sjúkrahúsbyggingar á Blönduósi 500 þús. kr., en við nánari athugun tók ég hana aftur til 3. umr. í von um, að hún fengi ef til vill náð hjá hv. fjvn. Að vísu hefur hún nú hækkað framlagið til sjúkrahúsa og læknisbústaða um 450 þús. kr. En vegna þess, að mér er kunnugt um, að margir spítalar eru, sem ekki veitir af styrk, þá er varla von, að

mikið verði gert fyrir ekki hærri upphæð. Ég hef þess vegna leyft mér að flytja brtt. við þetta og legg til, að upphæðin verði hækkuð upp í 1 millj. 250 þús. kr.

Annars verð ég að ítreka það, sem ég sagði við 2. umr. fjárl., að mér þykir það undarlegt, hvað þessi liður hefur orðið útundan hjá fjvn. Fjárl. eru nú komin upp í 380 millj., og þó er ekki ætluð 1 millj. til allra sjúkrahúsa utan Akureyrar og Reykjavíkur, og þó vita allir, að það er ekki hægt að koma upp myndarlegu sjúkrahúsi fyrir minna en 2—3 millj., og af því á ríkið að greiða ýmist ⅔ eða ⅚. En það er um þetta nýja sjúkrahús á Blönduósi að segja, að ef ríkið ætti að standa við sínar skuldbindingar í þeim efnum, þá ætti það að greiða til þess 2 millj., og eftir þessu tæki það 4 ár að greiða þá upphæð og fullnægja sínum skyldum. Eða er það nokkurt samræmi að ætla til allra sjúkrahúsa 1 millj. eða samsvarandi því, sem ætlað er til eins skóla? Það verður að segjast eins og það er, að það er margt ósamræmið í þessu frv. Og ég vil leyfa mér að lýsa yfir óánægju minni yfir því, ef fjvn. ætlar að halda fast við þá ákvörðun að veita ekki meira fé til þessara framkvæmda. Hér er fé, sem er alveg sambærilegt við það fé, sem ætlað er til hafnar- og lendingarbóta, og þess vegna eðlilegt, að fjvn. veiti til þess fé í samræmi við það, en til allra sjúkrahúsa mundi 1 millj. lítið hrökkva.

Ég vil svo vænta þess, að þó að fjvn. hafi ekki fallizt á þessa till., þá fái hún góðar undirtektir.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég á brtt. á þskj. 520 undir tölulið XVII, það er brtt. við 16. gr. um lán til dieselrafstöðva, að í stað 500 þús. komi 800 þús. og í stað 150 þús. til rafstöðva minni en 100 hestöfl komi 300 þús.

Þessi till. er væntanlega kunn Alþingi áður. Flestir þm. vita, að víða hefur orðið að grípa til þess ráðs að koma upp dieselrafstöðvum, og hefur stuðningur við þær verið lítill í samanburði við vatnsvirkjanir. Þessar rafstöðvar eru flestar á Vestfjörðum og Austfjörðum, og hafa lán til þeirra flestra verið lítil, borið saman við heildarkostnað þeirra, og þær hafa flestar borið sig illa. Ég tel rétt, að orðið sé við óskum þessara aðila, og þarf ekki fleiri orð um það að hafa.

Þá á ég aðra till. undir tölulið XXIII, þar sem lagt er til, að ríkissjóður verji allt að 500 þús. til verðlækkunar á olíum til dieselrafstöðva, sem framleiða rafmagn fyrir almenning. Það hefur áður verið sótt um svipað og þá fengizt viðurkenning á réttmæti þess, og meiri hluti fjvn. mælti með því, þó að enn hafi ekki fengizt vilji til að létta undir með þessum rafstöðvum, en það er staðreynd, að rafmagn frá þessum rafstöðvum er selt miklu dýrara en frá öðrum stöðvum.

Nú á síðustu tímum hefur olíuverðið hækkað geysilega á erlendum markaði, og enn fremur hefur gengisbreytingin haft þar sitt að segja, og hefur ríkisstj. með henni gert þessum rafveitum erfitt um að standa straum af ríkisábyrgðarlánum, og held ég, að það væri rétt að létta með þessu móti undir með þeim.

Þessar rafveitur eru flestar á Austfjörðum og Vestfjörðum og eru allar hugsaðar sem bráðabirgðaúrlausn á raforkumálum þessara staða, vegna þess að þeir hafa orðið á eftir með vatnsrafveitur. Og ráðuneytið hugsaði þetta sem bráðabirgðaúrlausn og að þessir staðir yrðu að bíða með þessar framkvæmdir meðan lagt yrði rafmagn á þá staði, sem léttara yrði að leggja rafmagn til.

Þá vil ég víkja að till., sem ég á ásamt öðrum þm. Sósfl. á þskj. 522, undir lið VIII. En þar höfum við þrír þm. lagt til, hvernig ráðstafað skuli allmiklu af tekjuafgangi ríkissjóðs frá þessu ári. Það eru nú komnar svo margar till. fram um þetta efni, að þær munu nema um 100 millj. kr. Nú er hér í okkar till. miðað við 66 millj. Formaður Framsfl. var áðan að lýsa því yfir, að tekjuafgangurinn yrði um það bil 60—70 millj. kr., og ég hugsa, að það láti nærri, að hann nemi því.

Það má segja, að það séu skiptar skoðanir um það, hvern rétt slíkar till. eigi á sér, en það virðist eðlilegt, að um leið og veittar eru ýmsar fjárveitingar í 22. gr., þá sé ákveðið, á hvern hátt tekjuafgangi ríkisins sé ráðstafað, og má í því sambandi benda á, að meiri hl. fjvn. flytur á þskj. 502 einar 40 till., en ég dreg það mjög í efa, að það sé rétt, að ríkisstj. ákveði það ásamt fimm mönnum, hvernig tekjuafgangi ríkisins sé ráðstafað. Ég tel þess vegna, að það sé fyllilega rétt, að till. sem þessar komi fram.

Í fyrsta lagi leggjum við til, að veittar verði 25 millj. til íbúðabygginga, og er ætlazt til, að ríkisstj. ráði, hvernig þeim verður skipt milli smáíbúða og aftur til byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum. Það þarf ekki að hafa mörg orð um það, hver þörf er á þessu. Ríkisstj. hefur viðurkennt hana með því að bera fram till. um, að til þessa verði veittar 12 millj., en við leggjum hér til, að veittar verði 25 millj.

Í öðru lagi leggjum við til, að veittar verði 10 millj. til byggingar sjúkrahúsa, heilsuhæla og heilsuverndarstöðva. Það mál hefur nú verið rætt svo, að það þarf ekki að hafa þar nein orð um, það mál þekkja allir.

Þá leggjum við til í þriðja lagi, að veittar verði 6 millj. til raforkuframkvæmda á Austfjörðum og Vestfjörðum. Við höfum hugsað, að þessi fjárveiting yrði byrjunarfjárveiting og færu þá 3 millj. á hvorn stað, Austfirði og Vestfirði. Þetta eru þau landssvæði, sem mest hafa orðið útundan með vatnsorkuvirkjanir. Því var þá, þegar það var ákveðið, borið við, að það væri ekki til nægilegt fé og þessi svæði yrðu að bíða, meðan verið væri að leggja veitur um Suðurland frá Sogsvirkjuninni og Norðurland frá Laxárvirkjuninni. En ef þessar 6 millj. yrðu teknar þarna til, þá mætti byrja að hreyfa framkvæmdum og athuga, hvernig mætti haga virkjunum, þegar þær yrðu hafnar fyrir alvöru.

Í fjórða lagi leggjum við til, að veittar verði 10 millj. til bæjar- og sveitarfélaga til atvinnu- og framleiðsluaukningar. Þessa er líka full þörf. Till. skýrir sig sjálf, svo alvarlegt er ástandið, og það er ekki óeðlilegt, að af tekjuafgangi ríkisins í ár verði veittar 10 millj. til þess að

greiða fram úr vanda bæjarfélaganna í þessum efnum.

Þá leggjum við til í fimmta lagi, að veittar verði 15 millj. til byggingarsjóðs og ræktunarsjóðs Búnaðarbankans; hins vegar hefur ríkisstj. þegar gert ráðstafanir í sömu átt.

Sem sagt viljum við láta það koma undir atkv. allra þm., hvernig tekjuafgangi ríkisins verði ráðstafað.

Ég hef þá gert grein fyrir þessum till. og læt máli mínu lokið.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. á þskj. 524 við 20. gr. um, að þar komi nýr liður, að veitt verði til byggingar skólahúss og heimavistarhúss menntaskólans í Reykjavík 1 millj. kr.

Menntaskólinn í Reykjavík er elzta menntastofnun landsins og átti aldarafmæli fyrir skömmu. Þessi skóli hefur ávallt notið hins mesta trausts. Hann nýtur nú ágætrar stjórnar og hefur á að skipa prýðilegum kennslukröftum, en samt hefur verið mjög vangert við hann á undanförnum árum. Enn býr hann við 100 ára gamalt hús, sem er orðið allt of lítið, þótt það sé enn gott sem bygging, og hefur undanfarið orðið að tvísetja í skólann. Skólinn býr við ákaflega slæm skilyrði til, að þar geti farið fram á fullnægjandi hátt kennsla í náttúru- og eðlisfræði, og gegnir furðu, hvílíkur árangur hefur náðst í þeim greinum við svo slæm skilyrði. Skilyrði nemenda til félagslífs eru og mjög af vanefnum.

Þegar það er haft í huga, hvað miklu fé hefur verið varið til skólabygginga í landinu, þá er það furðulegt, hvað menntaskólinn í Reykjavík hefur orðið afskiptur. Það er fyrir löngu orðið ljóst, að byggja þarf hús fyrir menntaskólann, og má segja, að komið hafi fram þrjár stefnur í því máli: Í fyrsta lagi er það að byggja nýtt hús á gamla staðnum og auka landrými hans þar. Í öðru lagi er að byggja nýtt hús á nýjum stað fyrir allan skólann. Og í þriðja lagi er að hafa gamla skólann á sínum stað, en stofna nýjan skóla á öðrum stað og byggja yfir hann þar. Ég álít, að þriðja leiðin væri heppilegust, og mætti þá t. d. hafa skóla í gamla húsinu fyrir hin humanisku fög, en byggja nýjan fyrir náttúru- og eðlisfræðikennslu.

En hvaða leið sem farin yrði, þá ber jafnframt brýna nauðsyn til að byggja heimavistarhús fyrir skólann. Til skamms tíma var heimavist í húsinu sjálfu, en hún var fyrir nokkrum árum lögð niður, þegar um þrengdist, og síðan hefur skólinn ekki haft nein skilyrði til að veita nemendum sínum húsnæði. Úr þessu þarf að bæta hið bráðasta, ef utanbæjarnemendur eiga að geta sótt skólann. Hér er verkefni, sem ekki má dragast að leysa.

Því hefur verið borið við jafnan, er málefni menntaskólans hafa verið rædd, að ekki væri til fé til þeirra framkvæmda. En nú sýnist mér á fjárlfrv. því, sem liggur fyrir, að varla sé hægt að bera við fjárskorti til menntaskólakennslu. Nú virðist svo sem ríkisstj. telji fé vera fyrir hendi í ríkissjóði, allmikið fé, sem rétt sé að verja til aukinnar menntaskólakennslu. Í brtt. meiri hl. fjvn. er lagt til, að 100 þús. kr. verði varið til menntaskóla á Laugarvatni. Þessi till. kemur að ýmsu leyti undarlega fyrir sjónir. Jafnglöggskyggnum mönnum á fjármál og eru í meiri hl. fjvn. hlýtur að vera ljóst, að þessi fjárveiting dugir hvorki til þess að stofna menntaskóla á Laugarvatni né heldur til að greiða rekstrarkostnað menntaskólakennslu þar á einu ári. Þeir fróðu fjármálamenn, sem skipa fjvn., hljóta að vita, að undanfarin þrjú ár hefur slíkur skóli starfað á Laugarvatni, þótt ekkert fé hafi verið veitt til þess á fjárl., og kostnaður við þá kennslu er ekki 100 þús. kr., heldur 200—300 þús. kr. árlega. Þess vegna hlýtur það að koma mjög undarlega fyrir sjónir, að n. flytur till. um aðeins 100 þús. kr. fjárveitingu til þessarar menntaskólakennslu. Hvað á það eiginlega að þýða, að fjvn. sé að veita fé til ákveðinna þarfa, þótt hún hljóti að vita, að það dugir ekki til að inna þær greiðslur af hendi, sem liðnum er ætlað að standa undir? Í sambandi við þetta hlýtur sú spurning að vakna, og er ekki óeðlilegt, að henni sé beint til n. og einnig menntmrh. og ríkisstj. í heild: Hver er tilætlunin með þessari fjárveitingu? Er það tilætlunin að stofna fullkominn menntaskóla á Laugarvatni? Og ber að setja þessa fjárveitingu í samband við ákvæði núgildandi laga um menntaskóla, sem kveða svo á, að stofna skuli menntaskóla í sveit, þegar fé er veitt til þess á fjárl.? Ber að líta svo á, að með þessari fjárveitingu sé verið að stofna nýjan menntaskóla í sveit? Úr þessu tel ég nauðsynlegt að fá skorið, þannig að þm. viti, hvað þeir eru að gera, ef þeir samþ. þetta. (**Rödd:** Ráðherra lýsti þessu yfir í kvöld.) Að það bæri að skoða þetta þannig? (**GJ:** Og n. lýsti því líka yfir í kvöld.) Ég var því miður bundinn við nefndarstörf og hef ekki heyrt þetta og biðst afsökunar. En ég verð þá að segja, að þessi fjárveiting er mjög undarleg, því að allir hljóta að vita og engir betur en fjvn.-menn, að hún dugir ekki til að standa undir árskostnaði við menntaskólakennslu á Laugarvatni. Ég hygg óhætt að fullyrða, að árlegur kostnaður á Laugarvatni verði, ef skólinn starfar í öllum deildum, ekki undir 400—500 þús. kr. á ári. (**GJ:** Þetta var líka upplýst í kvöld.) Þá er það staðfesting á því, sem ég er að segja. En ef ríkissjóður hefur efni á að greiða til menntaskólakennslu meira en gert hefur verið og það upp undir ½ millj. kr., þá hlýtur sú spurning að vakna, hvort því fé sé ekki í bráð betur varið á einhvern annan hátt en þennan. Menntaskóli á Laugarvatni verður ekki fullskipaður á næstunni, það er óhætt að fullyrða, þ. e. a. s., þar verður ekki skóli með 20—25 nemendum í hverri bekkjardeild. Óhætt er að fullyrða, að kennslukraftar muni á næstunni a. m. k. illa hagnýtast og verða mjög erfitt að fá hæfa kennara. Stærðfræðideild er ómögulegt að koma upp á næstunni, þó að hugur skólastjóra standi þar mjög til. Ég hygg óhætt að staðhæfa, að ef ríkissjóður hefur efni á að verja á næstunni allt að ½ milljón til viðbótar því, sem nú er gert til menntaskóla, þá komi slíkt fé að miklu, miklu meiri notum hjá þeim, sem eiga að njóta

kennslu í framtíðinni, ef því er varið til menntaskólans í Reykjavík eða á Akureyri, — og þá sérstaklega til þess, sem ég minntist á áðan, að bæta fyrir vanrækslu við menntaskólann í Reykjavík á undanförnum árum. Mér hafa sagt rektor og kennarar menntaskólans í Reykjavík og fleiri skólamenn, — og ég hef sams konar fregnir frá stjórnendum menntaskólans á Akureyri, — að sá skóli þar nyrðra geti tekið við öllum nemendum, sem nú eru og búast má við að mundu sækja menntaskóla á Laugarvatni á næstu árum, ef heimavistin á Akureyri yrði fullgerð, sem verður að gerast á næsta ári, því að það er hæpinn sparnaður að fullgera hana ekki. Það er m. ö. o. ástæða til að ætla, að á Akureyri standi húsrými autt og ónotað fyrir það fólk, sem er verið að koma upp húsnæði fyrir á Laugarvatni. Að vísu má segja, að það muni líka standa húsnæði autt á Laugarvatni. Mér hefur skilizt, að höfuðástæðan fyrir því, að þetta er nú tekið upp með svo mikilli áherzlu, sé sú, að vegna þeirrar breyt., sem gerð var ekki alls fyrir löngu með nýju fræðslulögunum, hafi aðsókn að héraðsskólanum á Laugarvatni minnkað svo mjög, að nokkurt húsnæði hefur staðið ónotað þar, og séu horfur á, að það fari vaxandi á næstunni. Þannig hafi skapazt áhugi hins bráðduglega forstöðumanns skólans á Laugarvatni til að hagnýta þetta húsnæði með sérstöku tilliti til þess, að í gildi eru ákvæði um að stofna menntaskóla í sveit, þegar fé er veitt til þess. En ef autt er og ónotað húsnæði í tveimur stöðum á landinu, annars vegar við menntaskólann á Akureyri, en hins vegar við héraðsskólann á Laugarvatni, þá skil ég ekki, hvernig ágreiningur getur orðið meðal skynsamra manna um það, að fólki, sem ætlar að stunda menntaskólanám, skuli vísað til Akureyrar í ónotað húsnæði heimavistarinnar þar, í stað þess að koma upp nýjum menntaskóla á Laugarvatni, a. m. k. að svo komnu máli, þ. e. meðan aðsóknin að menntaskólanámi er ekki meiri en er.

Mér finnst, að eins og málum er háttað nú, sé verið að stíga víxlspor, og er slíkt algerlega óþarft. Hér er menntaskóli í Reykjavík. Hann býr við hin mestu þrengsli, óverjandi þrengsli, algerlega ósæmilegan aðbúnað í raun og veru, — svo slæman á ýmsum sviðum, að það hlýtur að fylla alla þá, sem til þekkja, hinni mestu aðdáun, hvað stjórnendum og kennurum menntaskólans hefur tekizt að gera vel, miðað við þann aðbúnað, sem skólinn verður að sætta sig við. Hins vegar er hitt, að menntaskólinn á Akureyri hefur nóg húsnæði og mjög ríflegt heimavistarhúsnæði. Samt er Alþ. í þann veginn að stíga það spor að koma upp nýjum menntaskóla til að fylla upp í húsnæði í nýjum héraðsskóla, sem hefur losnað og stendur autt til bráðabirgða, án þess að sýna nokkra viðleitni til að fylla það á þann hátt, sem var upphaflega gert ráð fyrir. Gömlum syndum í þessu efni skal ég sleppa, svo sem hvernig byggt var upp á Laugarvatni, þegar héraðsskólinn brann fyrir nokkru. Þá var talið sjálfsagt að leggja stórkostlegt fé í miklar skólabyggingar, vitandi þó um breyt. á fræðslulöggjöfinni og þau áhrif, sem þær mundu hafa á skólann. Jafnframt var menntaskólanum í Reykjavík synjað um bráðnauðsynlegar fjárveitingar, ekki aðeins til auknings, heldur til sjálfsagðs viðhalds og endurbóta. Ég skal ekki rifja frekar upp þessar gömlu syndir, heldur er aðalatriðið hitt, að ekki sé nú farið að stíga enn fleiri víxlspor í þessu efni en þegar hafa verið stigin. Ég bið menn samt sem áður fyrir alla muni að skilja ekki þessi orð, sem ég hef nú mælt, á þá leið, að ég sé að andmæla almennt, að menntaskóli sé starfræktur í sveit, þegar ástæða þykir til að fjölga menntaskólum, né heldur að slíkur skóli verði á Laugarvatni. Ég tel það ákvæði gildandi laga að stofna menntaskóla í sveit, þegar þörf eykst fyrir menntaskólakennslu, eðlilegt og skynsamlegt. Ég hef að ýmsu leyti meiri trú á heimavistarskólum en heimangönguskólum. Ég tel því ágætt, að þegar eftirspurn eftir menntaskólavist verður meiri en svo, að hægt sé með góðu móti að fullnægja henni í menntaskólum í Reykjavík og á Akureyri, verði næsta sporið að stofna menntaskóla í sveit. Og Laugarvatn er af ýmsum ástæðum vel til fallið. Andmæli mín nú eru eingöngu byggð á því, að ég tel misráðið og ranglátt gagnvart menntaskólanum í Reykjavík, þ. e. meðan jafnvangert er við þá stofnun, að taka nú að veita mikið fé til nýrrar menntaskólastofnunar. Ef ríkissjóður hefur efni á að veita ½ milljón til viðbótar til menntaskólakennslu í landinu, þá tel ég skilyrðislaust, að það eigi að fara í þágu menntaskólans í Reykjavík. Það, sem hefur valdið því, að þeir, sem unna menntaskólanum í Reykjavík, hafa sætt sig við, hvað lítið hefur verið gert undanfarið, er það, að menn hafa tekið trúanlegt, að erfitt hafi verið að veita meira fé í þennan farveg en gert hefur verið. En þolinmæðina hlýtur að þrjóta í þessum efnum, þegar menn sjá, að nú virðist vera fyrir hendi allt að ½ millj. kr. á ári í þessu skyni.

Til þess að undirstrika þessi sjónarmið hef ég leyft mér að flytja þessa till., sem ég hef nú mælt með. Og ég vona, að hv. alþm. sjái sér fært að samþ. hana. Ég bið þá í þessu sambandi að vera þess minnuga, að þó að margar vanrækslusyndir hafi Alþ. drýgt gagnvart þessari gömlu og virðulegu menntastofnun, þá var sú ekki minnst, þegar skólinn átti hundrað ára afmæli og tekin var upp till. um að veita eina millj. kr. til að koma upp yfir hann nýju húsi. Þá var farið svo að, að upphæðinni var skipt jafnt á milli beggja menntaskólanna. Þessi hálfa milljón er í byggingarsjóði skólans nú. Minna er ekki hægt að gera fyrir skólann en að veita honum eina milljón til viðbótar og halda síðan áfram. Raunverulega hefði upphæðin þurft að vera hærri, þó að ég hafi ekki borið fram till. í þá átt. En samþykkt þessarar till. mundi væntanlega vera skoðuð þannig af ríkisstj., að Alþ. teldi nauðsynlegt að hefjast þegar handa um það að bæta úr byggingarmálum skólans og þá jafnframt að sjá honum fyrir því aukna rekstrarfé, sem hann þarf nauðsynlega á að halda til þess að geta gegnt sínu mikla hlutverki með þeim sóma, sem hann vill gera og ber að gera og hann er vissulega fær um, en

honum er nú að ýmsu leyti torveldað vegna þess, hve fjárveitingar til hans hafa verið af skornum skammti. Þetta er mergur málsins, og á þetta hef ég viljað minna með þessari till. Það er ekki lengur hægt að bera við fjárskorti, ef stíga á það spor, sem fjvn. hefur lagt til með till. sinni um 100 þús. kr. fjárveitingu til menntaskólastofnunar á Laugarvatni.

Haraldur Guðmundsson: Ég ber fram nokkrar brtt. á þskj. 520 og 522 og leyfi mér að gera nokkra grein fyrir efni þeirra.

Hæstv. forseti lét í ræðu sinni áðan falla þau orð, að í þeim tiltölulega ríflegu fjárveitingum, sem undanfarið hafa verið lagðar til gagnlegra framkvæmda, hafi sjúkrahúsmálin orðið útundan. Þetta er vissulega fullkomlega rétt. Till. á þskj. 520, III. liður, lýtur að því að bæta nokkuð fyrir vanrækslusyndir í þessu efni, að til heilbrigðisstofnana í Reykjavík verði varið ekki einni millj. kr., heldur 3 milljónum, eða til vara 2.4 millj. kr. Ég veit ekki, hvort hv. þm. gera sér fyllilega grein fyrir, hversu óskaplegt — vil ég segja — ástandið er orðið í þessu efni hér í Reykjavík. Mörg hundruð manns eru á biðlista við sjúkrahúsin, og verða þeir að liggja illa haldnir í heimahúsum við allt aðra og lakari aðhlynningu en sjúkrahúsin geta veitt, auk þess sem fjöldi manna bíður nauðsynlegra handlæknisaðgerða, þó að slíkir séu kannske ekki allir rúmliggjandi, og ekkert rúm fæst á sjúkrahúsunum. Bærinn á ekkert sjúkrahús. Landsspítalinn, sem byggður er fyrir röskum 20 árum, var ekki byggður fyrst og fremst fyrir Reykjavík, enda lætur fjarri, að hann fullnægi nema örlitlu broti af sjúkrahúsþörfinni í bænum. En hann er að miklu leyti notaður fyrir utanbæjarfólk, eins og eðlilegt er. En önnur sjúkrahús í bænum, að undanskildu Hvítabandinu, eru einkasjúkrahús, annað rekið af einstökum manni, en hitt af sankti Jósefs reglunni, eins og kunnugt er. Bæjarstjórnin hefur gert samþykkt um að byggja sjúkrahús, og er þar miðað við 300 sjúkrarúm. Og það er fullkomlega rétt mál, sem læknar segja, að hér sé ekki gert ráð fyrir vexti bæjarins, heldur aðeins til að bæta úr þeirri brýnu aðkallandi dagsins þörf. Ég veit ekki, hvað kostnaður við byggingu þessa sjúkrahúss er áætlaður, en þykir líklegt, að hann sé eitthvað um 35—40 millj. kr. Eitthvað mun vera farið að róta upp jörðinni fyrir grunni hússins, en um aðrar framkvæmdir er ekki enn að ræða. Þá ber bænum að byggja heilsuverndarstöð, sem komin er nokkuð áleiðis, en skammt. Enn fremur er gert ráð fyrir lækningamiðstöð, sem ekki er farið að teikna enn. Allt eru þetta nauðsynlegar stofnanir, sem óhjákvæmilegt er að byggja innan tíðar. Ef veitt er til þessa úr ríkissjóði, sem ætlað er að bera ⅔ af kostnaðinum, ein milljón á ári, verður eilífðarmál að koma nokkru í framkvæmd, sem um munar. Að vísu er loforð frá Tryggingastofnuninni um 12 milljónir til þessara framkvæmda, eftir því sem miðar áfram. Með þeirri fjárveitingu, sem hér er lagt til að veita, má eiga von á að sjá fyrir endann á þessu verki á 4—6 árum, og það er sá allra lengsti tími, sem fært er að láta þessi mál óleyst enn. Ég fæ ekki annað séð en að þeir hv. þm., sem til þekkja um ástandið í Reykjavík og raunar víðar, hljóti að ljá þessari till. stuðning.

Önnur till. mín á sama þskj. er nr. XXII, þess efnis, að fjárveiting skuli ákveðin til viðbótarhúsnæðis á Kleppi, ein milljón, en til vara 600 þús. kr. Fyrir þessu þingi liggur nú frv. til l. um að leggja þá skyldu á geðveikrahælið á Kleppi að hafa rúm ávallt og án fyrirvara til að taka við mönnum, sem skyndilega brjálast. Það segir sig sjálft, að erfitt er að samþ. slíka skuldbindingu á hendur stofnun sem þessari, nema samtímis séu gerðar ráðstafanir til að auka húsnæði. Það er ekki hægt að segja við forráðamenn slíks sjúkrahúss: Nú vantar pláss fyrir 2—5 menn. Gerið svo vel að fleygja einhverjum út! — Af þeim ástæðum tel ég nauðsynlegt í sambandi við fyrirætlun þingsins um að leggja kvöð á Klepp í þessu efni að gera ráðstafanir til þess, að unnt sé að verða við þeim réttmætu kröfum, sem beint er til stofnunarinnar, eftir að slík l. eru sett. Ég veit, að öllum er kunnugt ófremdarástandið í þessu efni. Bæði í Reykjavík og úti um landið kemur það fyrir, að menn verða að borga svo að þúsundum króna skiptir á dag fyrir gæzlu óðs manns. Fæstir hafa efni á að greiða þetta sjálfir, og lendir það á sveitarfélaginu eða öðrum opinberum aðilum. Slíkt ástand er gersamlega óþolandi. Þess vegna er frv. um að leggja þessa skyldu á Klepp fram borið, sem gerir þá einnig óhjákvæmilegt að gera ráðstafanir til þess, að unnt sé að verða við þessari kröfu. Ég hygg, að enginn þeirra, sem þekkja til ástandsins í þessu efni, geti annað en viðurkennt nauðsyn þessa. Og með hliðsjón af öðrum fjárveitingum, sem þegar eru samþ. og verða samþ., verð ég að segja, að það er óafsakanlegt að láta þetta ógert.

Þá ber ég fram á sama þskj. brtt. nr. XXIX, að ríkisstj. sé heimilt að verja allt að 5 millj. kr. til atvinnubóta og atvinnuaukningar í kaupstöðum og kauptúnum, gegn allt að því jafnmiklu framlagi frá hlutaðeigandi sveitarsjóðum, og til vara 3 millj. kr. Þm. Reykvíkinga hafa fengið heimsóknir undanfarið frá fulltrúaráði verkalýðsfélaganna í Reykjavík og stjórnendum Iðju og sennilega fleiri verkalýðssamtökum hér í bænum. Það er ekki dregið í efa af neinum, að að minnsta kosti um 1200 manns séu atvinnulausir í Reykjavík, og skal ekki að þessu sinni rekja orsakir til þess. Staðreynd er staðreynd, og við hana verður að horfast í augu. Allt bendir til þess, að eftir jólaannríkið ágerist þetta atvinnuleysi, ef ekki er að gert. Ekki hefur fengizt samkomulag á þessu þingi, sem sýslar mjög við lagasetningu, að setja í almenn lög nokkrar ráðstafanir til þess að bæta úr þessu böli, sem ekki þarf að lýsa, en hver maður þekkir, sem nokkru sinni hefur augu opin. Það fé, sem lagt er til að verði varið í þessu skyni, er hugsað að verði bráðabirgðaráðstöfun til þess að mæta því ástandi, sem yfir er skollið og verður ekki umflúið, bæði hér í bænum og annars staðar þar, sem svipað stendur á. Í till. er gert ráð fyrir mótframlagi frá hlutaðeigandi

sveitarsjóði og frá bæjarsjóði Reykjavíkur að því leyti, sem bæinn varðar. Enn fremur vil ég benda á það, að í þessari till. er ekki ætlazt til, að fénu verði varið eingöngu til atvinnubóta, heldur einnig til atvinnuaukningar, og geta bæjarfélögin ákveðið um það, hvort fénu skuli varið til atvinnuaukningar eða til atvinnubóta, þ. e., hvort þau verja því til framkvæmda, sem mundu þá koma meira að gagni í framtíðinni. Ég fæ ekki betur séð en þingfulltrúar þeirra kaupstaða, sem nú standa uppi alveg ráðalausir gegn atvinnuleysinu, hljóti að greiða þessari till. atkv.

Þá er það till. á þskj. 522, nr. V, sem ég flyt ásamt hv. 6. landsk. þm. (HV). Hún er þess efnis, að fjárveitingin til Alþýðusambands Íslands, sem ganga á til fræðslustarfsemi og gert er ráð fyrir í fjárl. að nemi 10 þús. kr., verði hækkuð upp í 100 þús. kr., og til vara 50 þús. kr. Ég hygg ekki ofmælt, að útgjöld Búnaðarfélags Íslands í sambandi við útgáfu rita og aðra fræðslustarfsemi *muni nema um* 220—250 þús. kr. á ári. (GJ: Þar frá dregst ágóðinn af bókasölunni, sem er um 150 þús. kr. á ári.) Hv. form. fjvn. telur, að þarna megi frá draga andvirði þeirra bóka, sem seldar eru á árinu, og er það áætlað um 150 þús. kr. Ég verð þó að leyfa mér að efast um, að þarna séu öll kurl komin til grafar. En þótt svo væri, þá sé ég ekkert réttlæti í því að ætla Alþýðusambandi Íslands aðeins 1/10 hluta af þeirri upphæð, sem Búnaðarfélagið fær. Mér finnst vart þurfa að mæla mörgum orðum með þessari till. Þetta er fjölmennasta stéttasamband í landinu, sem þarna á í hlut, og allir hljóta að vera sammála um það, að ekkert er nauðsynlegra fyrir almenning í landinu en að fá sanna fræðslu um málefni, sem snerta almannahag, og þá fyrst og fremst um málefni sinnar eigin stéttar.

Á sama þskj., þskj. 522, flyt ég ásamt hv. 6. landsk. þm. brtt. í tveim liðum, brtt. nr. IX á því þskj. Fyrri liðurinn er um það, að ríkisstj. verði heimilað að verja allt að 13 millj. kr. til þess að inna af hendi vangreidd framlög ríkisins vegna skólabygginga, hafnarmannvirkja og sjúkrahúsa. Fyrir liggja ekki nokkrar tölur um það, hvað hárri upphæð þessar vangreiddu skuldir nema, og skal ég ekki blanda inn í þessar umræður deilum um það, hvaða kröfur, sem fram kunna að koma frá sveitarfélögunum nú, séu lögfestar. En hinu neitar enginn, að það sé eðlileg krafa, að ríkissjóður verði að veita fé einhvern tíma á fjárl. til þess að mæta þessum löglegu kröfum. Við Alþýðuflokksmenn fluttum við 2. umr. fjárl. till. í þessa átt, og töldum við ekkert eðlilegra, þegar tekna í ríkissjóð væri aflað svo óvægilega, en nokkurt fé yrði látið renna til slíkra greiðslna. Þessi till. var þó felld, en síðan hefur verið viðurkennt, að hún hafi verið á rökum reist, með því að nú á að greiða til bæjar- og sveitarfélaga 7 millj. kr., sem ganga skulu til skóla og hafnarmannvirkja. Till. okkar hv. 6. landsk. er við það miðuð, að það, sem á vantar, að þessar lögboðnu greiðslur séu inntar af hendi, sem við gizkum á að sé um 13 millj. kr., verði nú greitt að fullu.

Mikið hefur verið rætt á þessu þingi um hinn erfiða fjárhag bæjar- og sveitarfélaga og nauðsynina á því, að Alþ. gerði einhverjar ráðstafanir til úrbóta. Till. var samþ. í Nd. um það, að ¼ hluti söluskattsins skyldi renna til bæjar- og sveitarfélaga, einmitt með tilliti til þeirra fjárhagsörðugleika, sem þau eiga nú við að stríða. Þessi tillaga fór síðan þann veraldar veg, sem hv. þm. er kunnugt um. En eftir að fyrir liggur viðurkenning hv. alþm. á því, að fjárhagur sveitar- og bæjarfélaga sé slíkur, að þörf sé ráðstafana af hálfu ríkisins, fyrst í samþykkt á ráðstöfun ¼ söluskattsins og í öðru lagi með till. um, að ríkissjóður verji 7 *millj. kr. í þessu skyni, þá er óréttlætanlegt með* öllu, ef ríkissjóður, sem nú er vel stæður, dregur enn að greiða þessi réttmætu framlög til þessara sömu félaga. Það væri að gera gys að sjálfum sér að vera sífellt að tala um og viðurkenna erfiðleika bæjar- og sveitarfélaganna, en láta sér þó ekki detta í hug að stuðla að því, að ríkið borgi þessi vangreiddu framlög. Mér virðist *einsýnt, að nú eigi að grípa tækifærið*, þegar ríkissjóður er svo vel stæður sem raun ber vitni, og koma þessum félögum til hjálpar með því að greiða þessi framlög nú, þegar erfiðleikarnir steðja að.

Annar liður þessarar sömu brtt. er þess efnis, að ríkisstj. verði heimilað að lána Ísafjarðarkaupstað allt að 4 millj. kr. til byggingar fiskiðjuvers á staðnum. Mjög hefur verið rætt um ástandið á Siglufirði að undanförnu, að það nálgist það að vera neyðarástand. Hæstv. ríkisstj. og hv. fjvn. hafa þótzt bregða stórmannlega við. Það hefur verið veitt ½ millj. kr. til atvinnubóta á staðnum og lofað aðstoð við frystihúsið og útvegun á láni til þess að bæta úr atvinnuleysi bæjarbúa, svo að þeir þyrftu ekki að flytjast burt. En það eru fleiri kaupstaðir, sem svipað er komið fyrir og Siglufirði. Það eru fleiri kaupstaðir, sem eiga sína afkomu undir síldveiðunum og þorskveiðunum, þar sem veiðin hefur brugðizt hin síðari ár. Síldveiðin, sem jafnan hefur bætt upp hallann af þorskveiðunum, hefur brugðizt Ísafirði hin síðari ár á sama hátt og Siglufirði. Mér er þó ekki kunnugt um, að ríkissjóður hafi greitt nema einar 100 þús. kr. til atvinnubóta á Ísafirði. Í fleiri ár mun hafa verið rætt um að koma upp fiskiðjuveri á Ísafirði til að hagnýta sem mest þann afla, sem berst þar á land, og til kaupstaðarins hefur nú lánazt að fá tvo botnvörpunga til viðbótar öðrum fiskiskipum til þess að styðja þessar framkvæmdir. En skilyrðið fyrir því, að hægt verði að hagnýta að fullu afla þessara skipa, er, að til sé á staðnum fiskiðjuver. Með hliðsjón af því, hvað gera hefur þurft fyrir Siglufjörð í þessu efni, fæ ég ekki betur séð en óhjákvæmilegt sé að veita Ísafirði nokkra aðstoð líka. Hér í okkar till. er ekki farið fram á, að ríkissjóður leggi fram fé, heldur farið fram á heimild ríkisstj. til handa til að ábyrgjast og útvega Ísafjarðarkaupstað beint lán til þessara framkvæmda. Aftur á móti er ekki gert ráð fyrir neinum skuldum, sem Siglufjarðarkaupstaður beri í sambandi við fiskiðjuverið og hraðfrystihúsið þar. Ég vil því mælast til þess við hv. alþm., að þeir gefi þessari till. nokkurn gaum

og beri saman ástæðurnar á Siglufirði og Ísafirði.

Þá hef ég mælt hér fyrir nokkrum helztu till. Alþfl., og skal ég ekki gera aðrar till. að umræðuefni. Mér þykir sennilegast, að allar till. meiri hl. fjvn. verði samþ., svo sem venja er. En mér þykir þó rétt að gera nokkra grein fyrir því, hverjum breyt. á fjárlagafrv. till. okkar Alþfl.-manna, ef samþ. yrðu, mundu valda. Eins og frv. liggur nú fyrir frá meiri hl. fjvn., er um 17 millj. kr. greiðsluhalli á því. En hv. 6. landsk. hefur getað sýnt glögglega fram á það, að óhætt er að áætla tekjurnar allt að 49 millj. kr. hærra en gert er í frv., og liggja fyrir frá honum sundurliðaðar till. í þessu efni. Þessar hækkanir komu nokkuð heim við þær upplýsingar, sem hæstv. fjmrh. gaf í ræðu sinni í gær. Till. Alþfl. um hækkun á gjaldaliðunum hljóða upp á 26 millj. kr. Sé við þá upphæð bætt 17 millj. kr. greiðsluhallanum, sem meiri hl. fjvn. gerir ráð fyrir, verða það 43 millj. kr., eða 6 millj. kr. lægra en sú hækkun á tekjuáætluninni, sem við teljum rétta. Í frv., eins og það nú liggur fyrir, er gert ráð fyrir 46 millj. kr., sem ríkið greiði sem afborganir af skuldum. Ef till. Alþfl. yrðu samþ., mundu því þessar greiðslur hækka um 7—9 millj. kr. Nú viðurkenni ég, að ekki er hægt að fullyrða neitt í þessu efni, en á það má benda, að hv. fjvn. og hæstv. fjmrh. hafa nú viðurkennt, að tekjuáætlunin hafi verið of lág, með því að hækka hana um allt að 20 millj. kr. Og ég er ekki í minnsta vafa um það, eftir að ég hef heyrt eftir góðum heimildum, að hæstv. fjmrh. hafi lagt blessun sína yfir till. meiri hl. fjvn., að það er gott svigrúm til að mæta þessum till. okkar Alþýðuflokksmanna.

Andrés Eyjólfsson: Herra forseti. Við 2. umr. fjárl. bar ég fram tvær litlar brtt., en tók þær þá aftur í þeirri trú og von, að fjvn. tæki þær til athugunar. Þetta hefur nefndin nú gert, og get ég verið eftir hætti ánægður með þá úrlausn, sem þær fengu, og vil ég þakka hv. nefnd fyrir þá afgreiðslu.

Að þessu sinni hef ég borið fram fáeinar brtt., sem eru flestallar um að hækka fjárveitingu til vega í Mýrasýslu, því að mér hefur alltaf fundizt, kannske vegna þess, hve ég þekki þar vel til, að Mýrasýsla hafi verið nokkuð afskipt með vegi. Mýrasýsla er allvíðlend sýsla, og á hún við slæm vegasambönd að búa, auk þess sem hún er mikil mjólkursýsla, og eru þar ein 10—15 heimili, sem eiga mestalla sína afkomu undir mjólkursölunni, en búa við mjög lélegt vegasamband, og er það skiljanlega mjög erfitt fyrir þau. Ég vil því freista að bera fram nokkrar till. um hækkun fjárveitinga til vega í Mýrasýslu til að reyna, hvort þær nái ekki samþykki þingsins. Skal ég vera fáorður um þessar till. hverja um sig. Till. eru prentaðar á þskj. 522, undir tölul. II, og eru í fjórum liðum.

Fyrsti liðurinn er um Hvítársíðuveg, að í stað 60 þús. komi 90 þús. kr. Það er þannig ástatt í Hvítársíðunni, að það eru 16 bæir í hreppnum og af þeim hafa aðeins 7 gott vegasamband. Í fyrra voru það ekki nema 5 af þessum 16. Á hinum býlunum flestum þarf að flytja mjólkina yfir 20 km veg dag hvern, og sjá allir, að ógerningur er við slíkt að búa. Í sumar sem leið var gerður nokkur sprettur við vegagerðina og lagður vegur tvær bæjarleiðir, svo að nú eru það 7 af 16, sem hafa allgott vegasamband, eins og ég sagði áðan. Í frv. er nú gert ráð fyrir, að til þessa vegar verði veittar 60 þús. kr. á næsta ári, og er það sama upphæð og hreppurinn lánaði s. l. sumar til vegagerðarinnar, og þótt hreppurinn vildi lána þessa upphæð, mun það varla hægt, þar sem nú er verið að undirbúa byggingu barnaskóla fyrir hreppinn og í hann verður að leggja 40—50 þús. kr. Því leyfi ég mér að mælast til, að hv. þm. samþ. þessa 90 þús. kr. fjárveitingu í stað 60 þúsundanna.

Þá er 2. liður í þessum brtt., sem er um það, að til Álftaneshreppsvegar verði veittar 90 þús. kr. í stað 80 þús., eins og gert er ráð fyrir í frv. Um þennan veg er það að segja, að vegur sá, sem er í þjóðvegatölu í þessum hrepp, er langt til lagður, og vegamálastjóri hefur áætlað, að það muni þurfa um 85—90 þús. kr. til að ljúka honum. Þessar 80 þús. mundu því mjög naumar til þessa, og hef ég lagt til, að 10 þús. kr. yrði bætt við, svo að öruggt yrði, að þessi vegur yrði kominn á næsta sumar.

Þá er það í þriðja lagi Hraunhreppsvegur, að í staðinn fyrir 110 þús. kr. í fjárlagafrv. komi 125 þús. kr. Þessi hreppur er mjög illa vegaður, og bæði þar og í fleiri hreppum var á síðasta vetri gerð sú krafa, að mjólkin yrði flutt þaðan daglega til Borgarness. Þetta gerði það að verkum, að margir bændur urðu að hætta við alla mjólkursölu, gátu ekki annað, þar sem ógerlegt var að flytja mjólkina daglega svo langa og illfæra leið. Það er því hin mesta þörf að reyna að hraða vegagerð á þessum slóðum, svo að þessir bændur geti komið mjólk sinni fyrirhafnarlítið á markað.

Þá er það í fjórða lagi Þverárhlíðarvegur, að í stað 15 þús. kr. komi 25 þús. kr. Þarna stendur þannig á, að í hittiðfyrra var á, sem nefnist Litla-Þverá, brúuð, en brúin var staðsett nokkru fyrir neðan vað, sem er á ánni og er í sambandi við þjóðveginn. Það vantar því þarna dálitinn vegarspotta til að tengja brúna við þjóðveginn. Nú hefur verið áætlað af vegagerðarverkstjóra í Borgarnesi, að þessi vegarspotti mundi kosta um 25—30 þús. kr. Þennan vegarspotta þyrfti nauðsynlega að leggja næsta sumar, þar sem þetta er dagleg mjólkurflutningaleið, sem þarf að vera fær á veturna. Ég hef því leyft mér að leggja til, að fjárveitingin til þessa vegar yrði hækkuð um 15 þús. kr.

Um alla þessa vegi er það að segja, að ég hefði óskað þess, að hv. fjvn. hefði tekið þá til athugunar nánar, til þess að vita, hvort ekki væri unnt að veita ríflegar til þeirra. En ég vona, að hv. þm. sjái sér fært að samþ. þessar till. mínar.

Þá á ég einnig smátill., nr. IV á þessu sama þskj., þskj. 522, sem er um það, að framlagið til Skallagrímsgarðs verði hækkað úr 1000 kr. í 5000 kr. Þetta mundi þá vera nokkuð til samræmis við það fjárframlag, sem fjvn. hefur lagt

til að veita til Egilsgarðs á Borg á Mýrum. Mér er kunnugt um það, að allir þeir, sem séð hafa þennan garð, hafa dáðst að honum fyrir, hvað hann væri sérstaklega vel hirtur. En garður þessi er gerður utan um haug Skallagríms.

Að lokum vil ég minnast ögn á VI. till. á þskj. 522, sem fram er borin af samvinnunefnd samgöngumála. Hún er um það að veita ríkisstj. heimild til að greiða h/f Skallagrími 100 þús. kr. vegna vélaviðgerðar á árinu 1951. Fjárhag h/f Skallagríms er komið þannig í vetur, að það liggur við borð, að segja þurfi öllum mannskapnum upp, vegna þess að ekki er hægt að reka skipið næsta ár með þeim halla, sem verið hefur á rekstrinum að undanförnu. Fyrst eftir að þessar truflanir urðu á útgerð skipsins, var gripið til varasjóðs, en nú mun hann allur upp étinn, og skuldir félagsins nema nú á milli 200 og 300 þús. kr. Þessi till. er því borin fram til þess, að útgerð skipsins þurfi ekki að stöðvast næsta ár, ef till. nær samþykki þingsins.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég flyt brtt. á þskj. 520 ásamt hv. 6. landsk., sem ég vildi mæla nokkur orð með. Eins og hv. þm. mun kunnugt, var á síðasta Alþingi samþ. heimild til handa ríkisstj. til að verja nokkru fé til að gera við skemmdir, sem urðu á brimbrjótnum í Bolungavík 10. des. 1950. Að endurbótum þessum var svo unnið í sumar, og varð við þær allmikill kostnaður, en þeim er þó enn ekki lokið. Þess vegna var það, að við hv. 6. landsk. töldum rétt að fara fram á, að þessi heimild yrði endurnýjuð, svo að unnt væri að ljúka þessum viðgerðum. Við fluttum þessa tillögu einnig við 2. umr. fjárl., en tókum hana þá aftur í þeirri von, að hv. fjvn. mundi sinna þessu máli. Nú sé ég, að niðurstaðan hefur orðið sú, að hv. fjvn. hefur, í stað þess að taka upp þessa heimild, flutt brtt. á þskj. 512 um, að lögð verði fram með venjulegum hætti hærri upphæð til hafnarinnar í Bolungavík en gert var ráð fyrir í fjárlagafrv. Þetta þýðir það að sjálfsögðu, að byggðarlagið verður að leggja sinn skerf á móti samkvæmt reglum hafnarlaganna. Þess vegna var það, að við hv. 6. landsk. fluttum þessa till. um að endurnýja heimildina frá í fyrra um framlag til viðgerðar á brimbrjótnum. Og ég vil upplýsa hv. fjvn. um það, að þessi till. hennar þýðir ekki annað en það, að það verður ekki hægt að halda áfram og ljúka við þessar framkvæmdir. Ég veit, að hv. fjvn. veit, hvernig fjárreiður hreppsfélaganna eru, svo að ég tel ekki ástæðu til að rifja það upp hér. En það er ekki djúpt tekið í árinni, þó að ég segi, að ég harma það gáleysi, sem fjvn. hefur sýnt í þessu efni. Ég veit til þess, að fjvn. sá sér ekki fært að fá samþykki hv. þm. fyrir þessari brtt., sem ég hef hér flutt og gert grein fyrir, ásamt hv. 6. landsk. þm.

Ég vil svo aðeins bæta því við, að árið 1946, þegar unnið hafði verið í heilt sumar að mjög verulegri lengingu brimbrjótsins, þá virtist það um haustið, þegar framkvæmdinni var lokið, að allt hefði farið í rústir, af því að of lengi var unnið að mannvirkinu. Verkfræðingar vitamálastjórnarinnar réðu framkvæmdinni og hve lengi var haldið áfram. En út af þessum skaða sýndi Alþingi skilning sinn á erfiðleikum þessum og greiddi að verulegu leyti það tjón, sem varð við þessar skemmdir.

Það gerðist svo á eftir, árið 1950, þegar búið var að koma þessum mannvirkjum nokkurn veginn í það horf, sem þau áttu að vera, að enn urðu á ný stórskemmdir. Og það er þannig nú, að ekki er hægt að segja, að byggingarsjóður jafnvel hafi möguleika á því að standast slík eindæma óhöpp eins og þarna gerðust. Og mér virðist, að Alþingi hafi viðurkennt hlutdeild sína með samþykkt heimildartill., er það afgreiddi í fyrra á þann veg, að ríkið skyldi greiða þetta tjón. Það var viðurkennt af okkur, sem fluttum þetta mál í fyrra, að hafnarlögin væru vissulega óljós um það atriði, að ríkissjóður skyldi standa undir slíkum útgjöldum, sem af einstökum óhöppum mundi leiða. Nú kemur hv. fjvn., eftir að hún veit, að þessi kostnaður er hærri en hann var í upphafi áætlaður, og segir, að byggingarsjóður skuli standa undir þessum kostnaði. Ég verð að segja, að mér finnst þetta mjög annarleg afstaða, í staðinn fyrir, að mér fyndist eðlileg afstaða hjá hv. fjvn., að hún færi fram á og krefðist þess, að rannsókn færi fram á því, hvernig á þessum óhöppum stæði, og reyndi síðan, ef henni sýndist svo, að grafast fyrir um það, hver bæri ábyrgð á þeim. Hins vegar yrðu áreiðanlega aðrir til þess en við fulltrúar þessa héraðs að biðjast undan því, að slík rannsókn færi fram. Og það er fyrst eftir að slík rannsókn hefur farið fram, að hugsanlegt er að flytja till. eins og hv. fjvn. gerir hér og er alveg út í **bláinn.**

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þessa brtt. En ég vænti, að hv. fjvn. taki hana til baka, en samþ. verði sú brtt., sem liggur hér fyrir og við hv. 6. landsk. þm. höfum flutt.

Ég vil svo aðeins bæta örfáum orðum við í sambandi við brtt., sem er á þskj. 523, um, að ríkisstj. verði heimilað að verja allt að 120 þús. kr. til þess að bæta tjón vegna slysfara á Bolungavíkurvegi s. l. sumar. Ég endurtek ekki rök mín fyrir þessari till., sem ég flutti við 2. umr. Brtt. var felld þar með meiri hluta atkv. Hér er um töluverða lækkun að ræða, og vænti ég, að hv. þm. samþ. nú þessa till., sem ég hygg að eigi við sterk rök að styðjast.

Loks vil ég minnast á brtt., sem meiri hluti hv. fjvn. flytur á þskj. 519. Það er 6. brtt. á því þskj. Þar er lagt til, að lánið til raforkusjóðs verði hækkað úr 1½ millj. kr. upp í 8 millj. kr. Ég heyrði því miður ekki röksemdafærslu hv. frsm. fyrir þessari brtt. En ég fagna því, að hún hefur komið fram. Ég flutti ásamt hv. 1. þm. Eyf. við 2. umr. þessa máls brtt. um að heimila ríkisstj. að verja fé af tekjuafgangi ársins 1951 til framkvæmda rafveitna ríkisins. Ég þykist vita, að þessi brtt. fjvn. eigi að vera svar við hinni brtt. og það eigi að sætta okkur flm. með þessari till. Og ég vil segja, að ég tel, að þetta sé spor í rétta átt, að með þessu sé sýndur örlítill skilningur á nauðsyn þess, að rafveitum ríkisins verði gert kleift að sinna að-

kallandi verkefnum, sem við blasa víðs vegar um landið. Ég hef oft bent á þá hættu, sem að minu viti felst í því, að eingöngu sé unnið að rafmagnsframleiðslu fyrir þéttbýlustu héruð og stærstu kaupstaði á landinu, og ég sé ekki ástæðu til að rifja þau mál upp að nýju. En hættan, sem liggur í því og bent er á í till., er fyrst og fremst sú, að ekki fáist þessi rafveitulán, sem á að taka til nauðsynlegra framkvæmda. Við þekkjum það, bæði hjá ríkinu og einstökum bæjar- og sveitarfélögum, að það hefur verið veitt lántökuheimild í fjárl., en lánið hefur ekki fengizt. Og þess vegna hafa till. eins og þessar orðið nokkurs konar snuðtútta upp í það fólk, sem vonast eftir gagni af þeim framkvæmdum, sem lánið á að renna til. En ég vil nú samt meta viðleitni þá, sem hér kemur fram í þessum efnum. Og ég vænti þess, að ríkisstj. sjái svo um, að þessi till. verði ekki pappírsgagn eitt, en það verði reynt að auka framkvæmdir á vegum rafveitna ríkisins og freista þess að leysa þörf þeirra Íslendinga, sem búa í dag við algert rafmagnsleysi eða svo rándýra raforku, að naumast verður sagt, að viðhlítandi sé.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Ég hef nú gerzt meðflm. aðeins að einni brtt., sem liggur fyrir við þessa umr., og ætla ég ekki að fjölyrða neitt um hana. Ég vil vænta, að hv. þm. meti vel þann tilgang, sem hún hefur, og samþ. hana. Hv. 1. flm. hennar hefur mælt fyrir henni, og ég vísa til þess, sem hann sagði um það efni.

Ég vil láta í ljós þakklæti mitt til hv. fjvn. fyrir till. hennar á þskj. 519, nr. 7, sem er um að endurgreiða hafnarsjóði Þorlákshafnar kostnað af lagningu Þorlákshafnarvegar, kr. 262851.81, á næstu þrem árum með jöfnum afborgunum. Ég hefði að vísu kosið heldur, að það hefði ekki tekið lengri tíma en tvö ár. Þó er þetta bót, og er sjálfsagt að meta og virða vilja hv. n. til þess að greiða fyrir málinu, og þakka ég henni fyrir það.

Þá vil ég einnig þakka hv. fjvn. fyrir till. hennar á þskj. 512, nr. 3. Það er til menntaskólans á Laugarvatni, 100 þús. kr. fjárveiting. Ég vil aðeins, — þó að ég viti, að hv. frsm. muni gera því miklu betri skil og ég þurfi ekki að aðstoða hann neitt við það, — láta í ljós skoðun mína á því, sem kom fram í ræðu hæstv. menntmrh. Hann er nú ekki hér viðstaddur. En ég býst við, að þessum umr. verði lokið án þess að það gefist kostur á að láta hann heyra nokkuð um þetta efni. En ég vil víkja stuttlega að því, sem hann sagði. Hæstv. ráðh. taldi, að þessi fjárveiting mundi ekki nægja og að kostnaðurinn mundi verða meiri, og hann sagði — að mér skildist — að það gæti svo farið, að hæpið væri, að hann mundi sjá sér fært að framkvæma þessa samþykkt. Ég held, að hæstv. ráðh. hafi kannske ekki íhugað það, að þessi aukakostnaður á næsta ári verður ekki svo sérlega mikill. Það er sökum þess, að það eru nemendur í þessu húsnæði nú, sem skólinn hefur, og verður þess vegna sennilega ekki gerður mikill reikningur fyrir það. Sömuleiðis eru nemendur í þessum kennslustofum, sem þar eru til staðar, sem einnig dregur úr kostnaðinum. En það er rétt hjá hæstv. ráðh., að þegar þessi menntaskóladeild er að fullu tekin til starfa, þá kostar það nokkru meira. En mjög mikill kostnaður vona ég að það verði ekki og minni nokkuð en hv. 3. landsk. þm. hafði verið að orða hér áðan. En viðvíkjandi framkvæmdinni, þá kemur mér ekki til hugar annað en að hæstv. ráðh. hljóti að verða fullkomlega samþykkur Alþingi í þessum efnum sem öðrum, þannig að ég óttast ekki neitt slíkt, enda þykist ég nú vita, þó að kannske hefði mátt skilja ummæli hæstv. ráðh. eitthvað á þann veg, þá hafi hann ekki meint það. Ég get svo látið þetta nægja um þetta atriði.

En hv. 3. landsk. þm. gaf mér tilefni til þess að víkja nokkrum orðum að því, sem hann sagði. Ég veit, að hv. frsm. fjvn. gerir því atriði mjög góð skil. En af því, hvernig mér fannst hv. 3. landsk. þm. fara eitthvað annarlegum höndum um þetta mál og talaði um það af takmörkuðum skilningi, svo að ekki sé meira sagt, þá finnst mér ég ekki geta annað en vikið að þessari ræðu hans nokkrum orðum. Hann sagði, að þessi brtt. kæmi sér undarlega fyrir sjónir, þetta væri 100 þús. kr. fjárveiting. Vera má, að hann hafi meint bara, að þessi fjárveiting kæmi honum undarlega fyrir sjónir, því að hann gerði ráð fyrir, að þetta kostaði að minnsta kosti 400—500 þús. kr., sagði hann. Það mun ofmælt hjá hv. þm., að það kosti svo mikið. En það er rétt, að í framtíðinni verður kostnaðurinn miklu meiri en hér er áætlað. En mér fannst á ræðu hans umfram þetta atriði, að þá fyndist honum, að það kæmi að öðru leyti undarlega fyrir sjónir. Hann drap á það, — og mun ég koma að því síðar, — að menntaskólinn í Reykjavík væri nú svo yfirfullur, að hann gæti alls ekki tekið á móti fleiri nemendum, og það er vissulega rétt hjá hv. þm. Hann hafi verið vanræktur. Og það er einmitt það. Það er of lítið hlynnt að menntaskólanum, og ég hef látið áður í ljós skoðun mína um það atriði hér á Alþingi, og þar eigum við, sem eigum sæti hér, ríka sök á. Væri þörf á að reyna að bæta fyrir það eins fljótt og frekast er hægt. En þar finnst mér gæta nokkurs misskilnings hjá hv. þm., að það séu sérstaklega breytingar fyrir menntaskólann í Reykjavík, sem komi í veg fyrir, að menntaskóli geti starfað í sveit. Ég held, að það sé misskilningur varðandi menntaskóla í sveit, að það eigi að vera á kostnað menntaskólans hér í Reykjavík. Og ég hygg, að hvorki rektor menntaskólans né kennarar séu þeirrar skoðunar, að þeir endilega óttist, að þetta gerist með því móti.

Eftir upplýsingum hv. þm., sem ég held að séu alveg réttar, um að menntaskólinn í Reykjavík geti ekki tekið á móti fleiri nemendum og hann sé yfirfullur nú, þá hafa piltar, sem vilja stunda menntaskólanám utan af landi, ekki átt annars úrkostar en að fara til Akureyrar. Hv. þm. sá ráð við því og sagði, að húsrúm í Akureyrarskólanum væri of mikið fyrir skólann eins og hann er skipaður nú. Hann taldi, að þar væri of mikið húsrúm og það stæði bara autt. En hann álítur betra húsrúm á Laugarvatni, en hins vegar, að þeir, sem vildu stunda þar nám,

skyldu þó annaðhvort hætta eða fara til Akureyrar. Hann athugar ekki það, að það er dýrara að stunda nám á Akureyri en í heimavistarskóla í sveit. Nú vil ég mega vona, að kennslan geti verið jafngóð á báðum stöðunum, svo að að því leyti ættu menn að sækja jafnt til staðanna. Ég veit, að Laugarvatnsskólinn hefur lagt sig fram nú á síðustu árum, eftir að byrjað var að stunda þessa kennslu þar, um að ná í góða kennara. Og ég held, að þeim hafi tekizt það og að kennararnir þar séu góðir og að þau próf, sem nemendurnir hafa tekið, séu eins góð og hjá nemendum í öðrum skólum. En því má þá ekki Laugarvatnsskólinn nota sitt húsnæði til þessarar kennslu? Sérstaklega finnst mér þetta undarlegt hjá hv. 3. landsk. þm., þar sem hann segir sig eiginlega vera hlynntan því, að menntaskóli komist á í sveit. (GÞG: Þegar tími er til kominn.) Þetta var marklaust innskot hjá hv. þm. Húsrúm er nú til, og það þarf ekki svo mjög að kosta til þess, að minnsta kosti ekki nú um skeið, að endurbæta það. Kennslustofurnar eru þar til. En það þarf einhvern smákostnað til að koma öðru þar í lag. En þessi kostnaður getur ekki orðið mikill. Það verður nokkur aukakostnaður að vísu. En verður hann ekki á Akureyri einhvern tíma? Hv. þm. sagði, að það yrði enginn aukakostnaður á Akureyri. Ég skil ekki þetta. Hvernig er þeirra skólastjórn? Kennarar hafa ákveðinn stundatíma lögboðinn, mega kenna meira, en þurfa þess ekki. Mundu þeir vinna það fyrir ekki neitt, ef þeir bættu við sig stundakennslu? Stundakennarar lifa á því starfi að vera stundakennarar. Ég hef enga trú á, að þeir geti, þó að þeir vildu, bætt við sig kennslu vegna þessarar viðbótar, sem kæmi vegna kennslu í Akureyrarskólanum, og unnið fyrir ekki neitt. Þeir yrðu að fá viðbót á laun sín, ef gert er ráð fyrir, að þessi viðbót kæmi á Akureyri, nema því aðeins að skólastjórnin á Akureyri sé þannig, að þeir kennarar, sem þar kenna, kenni ekki eins langan tíma og þeim ber. En því vil ég ekki trúa. Og það hlýtur að aukast kostnaður vegna fjölgunar nemenda þar.

Mér fannst því satt að segja, þó að hv. þm. lýsti yfir góðri hugsun varðandi slíka stofnun sem menntaskóla í sveit, að það kenndi heldur kulda í þessu máli, eftir því sem kom í ljós hjá hv. þm. Hann minntist á, að húsnæðið á Laugarvatni hefði verið byggt óþarflega stórt. Það má vel vera. En komi þessi stofnun þarna, þá er ég viss um, að húsnæðið verður fullnotað, og ef skólinn starfar þar áfram. En hvað á þá að segja um bygginguna á Akureyri, ef að einhverju leyti er ekki notað það húsnæði, sem er þar, og að það þurfi að gera þessar ráðstafanir, sem sé að koma í veg fyrir, að stofnaður verði menntaskóli í sveit, til þess að húsnæðið á Akureyri verði notað? Er það þá nokkuð mætara, að þeim fjármunum, sem kæmu fyrir það, að ekki kæmi menntaskóli á Laugarvatni, yrði þá varið til kennslu á Akureyri? Er Reykjavíkurskólinn betur settur með það, að fjármununum verði varið til kennslu á Akureyri? Það get ég ekki séð, að slíkt mundi hjálpa fyrir menntaskólanum í Reykjavík. En úr því nú að hv. 3. landsk. þm. finnst, að það sé ekki neitt að því að koma í veg fyrir, að menntaskóli geti starfað á Laugarvatni eða í sveit, og það megi vísa nemendum til Akureyrar, þá er það í mörgum tilfellum sama og að segja þeim hér í Reykjavík að hætta, því að hv. 3. landsk. þm. er búinn að segja, að menntaskólinn í Reykjavík geti ekki tekið við fleirum og hafi jafnvel of margt af nemendum. Og ef það reynist svo, að þeir komi ekki fleiri nemendum fyrir hér í Reykjavík, má þá ekki hafa sömu svör við því og segja, að það sé ekkert rúm nema á Akureyri, farið þið þangað, hér höfum við ekkert húsnæði, fyrr en Akureyrarskólinn er fullskipaður? Þetta veit ég að hv. 3. landsk. þm. dettur ekki í hug, og ég ætla ekki að styðja slíka skoðun með honum.

Ég álít, að það eigi að laga fyrir menntaskólanum í Reykjavík, og ég er hv. þm. alveg sammála um það. En mér finnst hv. 3. landsk. þm. gleyma hinum hlýja hug gagnvart menntaskóla í sveit, þegar hann sagði, að það væri rangsleitni í garð menntaskólans í Reykjavík, ef það á að verja fé til menntaskóla á Laugarvatni. Hvernig ætti sú rangsleitni að koma fram? Varla þannig, að það kæmust ekki fleiri kennarar að hér í Reykjavík. Ekki gæti það orðið rangsleitni í garð menntaskólans í Reykjavík, þó að kennararnir væru þar betri en við skóla í sveit eða á Laugarvatni. Það atriði yrði ekki rangsleitni gegn menntaskólanum, en það gengi þá út yfir nemendurna. Þetta er því fjarri öllu lagi, það sem hv. þm. sagði um þetta. Síðan kemur hann og segir það sína skoðun, — og ég vil trúa, að hann sé hlynntur því, — að menntaskóli komi í sveit. Og það hefur mikið að segja fyrir okkar þjóð, að þeir menn, sem ganga skólaveginn, fái sem fullkomnasta þekkingu og sem allra víðtækastan skilning á öllum málum, svo að þeir, sem koma til með að starfa að verkefnum þjóðarinnar, þar með almennum störfum í hennar hag, svo sem kennslustörfum, embættisstörfum og iðnaðarstörfum, hafi sem víðtækasta þekkingu á öllum þjóðarhag. Og það er áreiðanlega bezt fyrir því séð með því, að þeir, sem þarna koma til með að hafa þjónustu á hendi fyrir þjóðina, hafi skilning á öllu hennar þjóðlífi. Hver einstaklingur getur það ekki til fulls, en til samans ætti það að geta gerzt. Til þess að þetta geti orðið, verða þeir, sem munu hafa skilyrði til að öðlast þessa þekkingu í kaupstöðum, að kynnast því starfi, sem þar fer fram og við sjó, en aftur á móti þeir, sem stunda nám í sveit, kynnast störfunum þar, eftir því sem gerist í sveitinni. Og þeir munu áreiðanlega kynnast athafnalífinu meira en þeir, sem stunda nám í kaupstöðum eða við sjó. Þetta liggur í augum uppi. Og ég vil minna hv. 3. landsk. þm. á þessi atriði. Ég óttast það, ef það fer svo, að embættismenn hafa einhliða þekkingu aðeins á því, sem gerist í fjölmenninu, en ekki á því, sem gerist úti um byggðir landsins. Þetta veit ég að hv. 3. landsk. er mér sammála um. Við verðum að lofa þessari stofnun að koma á fót, og ég skal taka höndum saman við hann um að hlynna að menntaskólanum í Reykjavík, og þá hygg ég, að

við vinnum vel og þetta geti orðið gagnlegt fyrir þjóðina.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Við 2. umr. fjárl. flutti ég brtt. um það, að framlag til byggingar fjórðungssjúkrahúss á Akureyri hækkaði úr 500 þús. kr. í 1 milljón. Ég sýndi þá fram á, að eins og framkvæmdum þessarar sjúkrahússbyggingar er nú komið, þá skuldar ríkissjóður allt að 1½ millj. kr. af lögboðnu framlagi til byggingarinnar, og ef miðað er við þá áætlun, sem gerð hefur verið um, að byggingin fullgerð kosti 9 milljónir, þá mundi ríkið þurfa að leggja fram af því um 5½ millj., en hefur enn ekki lagt fram nema 2½ milljón, og ef látið er sitja við þessar 500 þús., sem nú eru á fjárlfrv., þá mundi það nema 3 millj., en standa eftir í lögboðnu framlagi ríkisins til byggingarinnar 2½ millj. Miðað við sama áframhald til þessarar byggingar mundi það taka a. m. k. 5 ár enn þá, að ríkið lyki þessum greiðslum sínum, þó að byggingarkostnaður færi ekki fram úr þeirri áætlun, sem upphaflega var gerð. Nú eru byggingarframkvæmdir þegar búnar að standa um 6 ára skeið, og það er sannast mála, að sá tími er orðinn allt of langur, sem þessi bygging hefur staðið yfir, og orðin nauðsyn, að henni sé lokið sem fyrst, enda upplýst af þeim, sem fyrir byggingunni standa, að það eru allir tekniskir möguleikar á því að ljúka henni til fulls á næsta ári. Byggingin sjálf má heita nálægt því fullgerð, lækningatæki hafa verið keypt og innanhússmuni er hægt að fá fyrirvaralítið, þannig að ef ekki stæði á fjárframlögum til byggingarinnar, þá væru engin vandræði að ljúka henni á næsta ári og leysa þar með úr mikilli þörf, sem er á því, að þessi stofnun geti tekið til starfa. Ég taldi þess vegna líklegt, að þegar fjvn. og alþm. yfirleitt hugleiddu þetta mál nánar, eftir að hafa heyrt færð fram þessi rök, þá mundu þeir fallast á að ganga þetta til móts við þörfina á að hækka fjárveitinguna um þessar 500 þús., sem fólst í till. minni, og í því trausti tók ég till. aftur til 3. umr., í von um, að fjvn. mundi sýna þessu máli skilning og fallast á það að mæla með minni till.

Nú hefur reyndin orðið sú, að það hefur alls ekki neitt komið fram um þetta í till. fjvn., og hv. frsm. hennar minntist ekki á þetta mál í sinni framsögu, þrátt fyrir það að hann segði frá því, að n. hefði rætt við þá aðila, sem tekið hafa till. sínar aftur til 3. umr. Við mig sem flm. þessarar till. hefur ekkert verið rætt, og standa kannske ekki efni til þess, því að það, sem hv. form. fjvn. hefur sennilega átt við, eru aðeins þeir aðilar, sem eru stuðningsmenn núverandi ríkisstj., við hina þykir ekki þurfa að ræða um þau mál, sem þeir hafa fram að bera. En hvað sem því líður og þó að ekki virðist blása byrlega um undirtektir undir þessa till., þá hef ég freistað þess að taka hana upp við þessa umr. og mun láta hana ganga undir atkv., hver sem örlög hennar verða. En ég vil leyfa mér að segja það enn, sem ég tók fram við 2. umr., að mér finnst það næsta furðulegt, þegar fjárhag ríkisins er þó þannig komið eins og allir vita, að mjög verulegur tekjuafgangur hefur orðið s. l. ár, sem er til ráðstöfunar, og þegar ríkisstj. hefur líka boðað, að hún muni leggja fyrir þingið till. um að ráðstafa nokkrum hluta þess tekjuafgangs til þess að greiða nokkurn hluta þeirra vangreiddu framlaga, sem ríkinu ber að greiða til hafnarmála og til byggingar skólahúsa, þá þykir mér furðulegt, að sjúkrahúsabyggingum skuli alveg sleppt í því sambandi, og ekki aðeins það, heldur þrjózkazt við svo hógværri till. í því efni sem hér um ræðir. Það eru ekki rök til fyrir því, að ríkið geti ekki í þessu tilfelli lagt á næsta ári 1 millj. í byggingu fjórðungssjúkrahússins, ef nokkur vilji er til þess að gera það. Meðal annars er hægt að rökstyðja þetta með þeim mikla tekjuafgangi, er verður á árinu, sem nú er að líða, og það má færa rök fyrir því, að fjárhagslegir möguleikar eru fyrir hendi til þess að gera þetta, — það vantar bara viljann. Og ég verð að segja það einu sinni enn, að mér finnst þetta viljaleysi alveg furðulegt, þegar um er að ræða jafnbráðnauðsynlega framkvæmd og að byggja þetta fjórðungssjúkrahús, sem búið er að taka jafnlangan tíma og það hefur gert, ef það á að draga í 5—6 ár enn að greiða það, sem ríkinu ber að greiða til þessarar byggingar, vitandi það, að fólkið á Akureyri og Norðurlandi bíður eftir því, að þetta sjúkrahús geti tekið til starfa og fullnægt mikilli þörf, sem fólkið hefur fyrir stærra og vandaðra sjúkrahús heldur en nú er til á þessum stað. — Maður talar hér fyrir tómum stólum að heita má, og hefur virzt svo líka, þótt fleiri áheyrendur væru, að talað væri fyrir daufum eyrum um þetta mál. En ég hef samt sem áður ekki viljað láta hjá líða að taka upp þessa till. og flytja enn á ný rökin, sem fyrir henni eru, svo að þessu máli væri ekki gersamlega gleymt, þó að örlögum þess eða þeirri ákvörðun, sem virðist vera búið að taka um þessa fjárveitingu, verði þess vegna ekki haggað.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Það er komið svo, að flestir þm. eru flúnir, enda liðið langt fram á nótt; fundur stóð til kl. 3 s. l. nótt, og nefndarfundir og þingfundir hafa staðið síðan kl. 8 í morgun, og nú er þegar liðið á 3. tímann. En ég kemst ekki hjá því að reyna á þolinmæði hæstv. forseta og svara nokkru af því, sem hér hefur verið borið sumpart á ríkisstj. og sumpart á fjvn. í sambandi við þessar umr., sem staðið hafa síðan kl. 4 í dag og ég hef mest af tímanum orðið að hlusta á.

Ég skal þá fyrst leyfa mér að fara nokkrum orðum um þær brtt., sem hefur verið útbýtt frá meiri hl. fjvn. síðan ég flutti mína framsöguræðu hér í gær. Það er fyrst brtt. á þskj. 519. Þar leggur n. til, að hækkaður verði tekju- og eignarskattur um 4 milljónir og verðtollur verði hækkaður um 12 milljónir, stimpilgjald um 1 millj., tóbakseinkasalan um 2.5 millj., og lýsti ég þessu nokkuð í framsögu. En þetta gerir allt 19.5 millj. kr., og verður þá nokkuð hagstæður greiðslujöfnuður, eins og ég gat um í framsöguræðu. — Þá er enn fremur lagt til í 5. till. á þessu þskj., að niður falli nokkrir liðir

á 18. gr., en það eru menn, sem hafa látizt og fengin er vitneskja um síðan fyrra þskj. var gefið út.

Í sambandi við 6. till., sem er heimild til ríkisstj. á 22. gr. fjárl. til að hækka úr 1½ millj. í 8 millj. lán til raforkuframkvæmda, þá hefði mér þótt eðlilegt í sambandi við ummæli hv. þm. N-Ísf., að hann hefði sýnt sama manndóm í að bíða hér til loka umr. til að fá þau svör, sem hann bað um, eins og hann sýndi við það að kasta óverðskulduðum ádeilum á fjvn. fyrir ákveðna afgreiðslu málsins, sem hann hefur ekki heldur botnað í, hvorki upp né niður, og virðist ekki þekkja sjálft málið til hlítar. En hann er ekki við. Ég skal samt skýra frá því, að það fylgja engar upplýsingar í sambandi við það, hvernig þessum 8 millj. skuli varið, þar er engin sundurliðun á því, hvort þær skuli fara til Vestfjarða eða annarra landshluta. Það er aðeins heimild til að taka lán til slíkra raforkuframkvæmda, og fjvn. litur svo á, að það sé ekki á þessu stigi málsins hennar hlutverk að skipta því fé, sem varið er til þessara raforkuframkvæmda í landinu. Til þess hafa verið valdir aðrir menn, önnur enn voldugri n., sem heitir raforkuráð, að gera till. um þessi mál. Fjvn. telur sig ekki hafa leyfi til þess að grípa þar inn í, enda ekki unnt fyrir hana að gera það eins og búið hefur verið um þessi mál. Það var þess vegna ómögulegt fyrir hv. þm. N-Ísf. að ætlast til þess, að við gætum bundið þetta atriði við neinn sérstakan stað, og hefði ég þó óskað eftir því, að mest af þessu hefði getað farið til Vestfjarða, en það var ekki í okkar verkahring að ákveða það. Þetta þótti mér rétt að taka fram í sambandi við þessa till.

Um 7. till. á þessu þskj., sem hv. 1. þm. Árn. ræddi nokkuð um, er það að segja, að okkur þótti rétt að leggja til, að þetta yrði greitt á þremur árum, en þetta er upphæð, sem hefur verið varið til þess að leggja veg, Þorlákshafnarveg, sem er í þjóðvegatölu og var kominn í þjóðvegatölu það ár, sem verkið var unnið, þó að fyrir einhvern misskilning hafi þetta ekki verið tekið upp og greitt fyrr, enda hefur ekki komið um það beiðni til fjvn., og mun það stafa af því, að hafnarn. hafi hugsað sér að geta fengið þetta greitt óskipt af hafnarfé. Hefur fjvn. rætt um þetta við ríkisstj., og það er í samráði við hæstv. fjmrh., að þessu er skipt svona, og kvaðst hann mundu taka við heimildinni á þennan hátt og nota hana. Þykir mér rétt að láta það koma fram í umr.

Þá er hér till. á þskj. 523 frá meiri hl. fjvn., að til fangahjálpar skuli varið 60 þús. kr. samkvæmt ákvörðun dómsmrh. N. hefur fengið margvísleg gögn í hendur í sambandi við þetta merkilega mál, sem er nýmæli hér í okkar landi, en hefur þó vakið svo mikla athygli, að ég hef sjálfur séð meðmæli ekki ómerkari manns en Guðmundar Grímssonar dómara í Kanada, þar sem hann ritar mjög vinsamlega um þetta mál á Íslandi og telur mikilsvert fyrir okkar þjóð að koma þessu á fót. Mér er persónulega kunnugt, að það hefur komið töluvert fé frá einstökum mönnum, sem skotið hafa saman til þess að standa undir þessari starfsemi. Það hefur mikil fórnfýsi verið sýnd í þessu máli, og fjvn. hefur á þessu ári fengið fullkominn skilning á því í sambandi við viðræður við fangavörðinn á Litla-Hrauni, hversu áríðandi það er, að ungir menn, sem þaðan koma, séu einangraðir frá þeim félagsskap, sem þeir hafa lent í, og hjálpað yfir örðugleikana. Ég vænti því, að þessi till. verði samþ. Þetta hefur einnig verið rætt við hæstv. dómsmrh., sem er þess fýsandi, að það verði svo.

Þá vildi ég fara nokkrum orðum um till. hv. 2. minni hl., hv. 6. landsk., sem nú hefur flúið hér af hólmi eftir að hafa sett fram sínar till. og mjög mælt fyrir því, að þær verði samþ., og einnig gert harða hríð að fjvn. og ríkisstj. fyrir að afgr. fjárl. eins og þau eru nú. Hann leggur hér til, — og kveður sinn flokk standa að því óskiptan, — að tekjuhliðin sé hækkuð enn um tæpar 30 millj. frá því, sem meiri hl. fjvn. leggur til. Mér þykir rétt í þessu sambandi að láta ekki hæstv. fjmrh. bera einan ábyrgð á þessum gerðum eða láta líta svo út sem þetta séu óskir hans eins, það er síður en svo, því að það er þrautrætt við hæstv. ráðh. af mér persónulega, og meðan ég sit sem form. fjvn., þá þykir mér skylt að finna til ábyrgðar í sambandi við afgreiðslu fjárl., burtséð frá því, hvaða flokks maður situr sem fjmrh. Þessi atriði eru þrautrædd við hæstv. fjmrh., og mér er ómögulegt að sjá, að nokkurt vit sé í að áætla hærri tekjur en gert er hjá meiri hl., ef á að treysta því, að ríkisreikningurinn 1952 komi út með hagnaði. En til þess þurfa áreiðanlega að verða yfir 400 millj. kr. tekjur á árinu, og sé ég ekki, eftir að búið er að beita vissu fyrirkomulagi eins og nú hefur verið gert, að það sé nokkur von til þess, að þessar tekjur geti orðið hærri eða verulega hærri, og síður en svo, að þær geti orðið hærri en gera má ráð fyrir að útgjöldin einnig hækki, nema við fáum mjög mikið tekjuár eða veltuár. En það er að sjálfsögðu engin hagsýni og engin fjárhagsleg ábyrgð, hvorki af fjmrh. né form. fjvn., að byggja eingöngu á því. Það stóðu allt aðrar vonir til þess í fyrra, þegar vitað var, að verzlunin öll var í höftum, og við vissum þá ekki, hvort þau höft yrðu afnumin eða ekki, en það er grundvallaratriði fyrir því, að ríkissjóður fékk meiri tekjur á árinu en gert var ráð fyrir. Þetta er ekki fyrir hendi á næsta ári, og því er ekki hægt að gera ráð fyrir, að tekjuaukningin verði eins mikil. Ég tek því undir það með hæstv. fjmrh., að það sé ekkert vit í því að hækka þessa áætlun frá því, sem nú er, og stend með honum í því máli og hef ekki viljað leggja mitt nafn í að hækka um 30 millj., eins og lagt er til af 2. minni hl. Ég skal svo ekki ræða meira um tekjuáætlunina.

Hv. þm. sagði, að sér hefði ofboðið, hvernig fjvn. hefði nú farið að í till. sínum um útgjöld á þskj. 502. Það mátti skilja það svo af hans ræðu, og þykir mér rétt að mótmæla því, að hann hefði í raun og veru ekki viljað styðja neitt af þeim tillögum, sem hér eru lagðar fram á þessu þskj., eða neina af þeim till., sem nokkru nemur að upphæð. En mér er ekki kunnugt um það í n., að hann hafi hreyft mót-

mælum um nokkra till., nema aðeins tvær. Önnur er hækkunin til sauðfjársjúkdómavarna um 360 þús. kr. Ég skal viðurkenna, að honum ofbauð að bæta því ofan á allar þær milljónir, sem til þeirra framkvæmda fara, og lýsti ég því nokkuð í dag. En ég vil í sambandi við það benda á, að hann hefur samfara mér gert sterkar kröfur til Alþ. um það, að allt sé gert, sem unnt er, til þess að mæðiveikin berist ekki út um Vestfirði, en ég hef vikkað enn minar kröfur um það, að allt sé gert til að stöðva veikina, og 360 þús. kr. frá eða til baka, ef hægt er að ná takmarkinu, hafa ekkert að segja í þessari upphæð. En þessi till. vildi hann ekki að yrði samþ. — Hann vildi ekki heldur samþ. 500 þús. kr. fyrir iðnskólann. Hins vegar hef ég einnig heyrt þennan hv. þm. telja sig vera svo sterkan vin iðnaðarmálanna í landinu, að hann hefur talið, að allt þyrfti að gera fyrir þessa stétt — eins og ég — því að ég álít, að hér sé um að ræða eina af þremur fjölmennustu stéttum landsins, og hann ætti ekki að sjá eftir því, að reynt sé að bjarga þeim verðmætum, sem búið er að láta í skólann nú, því að það stendur svoleiðis á, að það má búast við, að þessi bygging verði lítils virði, nema haldið sé áfram með stóru átaki. — Aðrar till. varð ég ekki var við að hv. þm. beitti sér gegn í n. Ég veit ekki, hvort hann hefur viljað láta — án þess að láta það í ljós — fella till. okkar um 400 þús. kr. framlag til jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga, en það er ein af þeim stóru till., eða 150 þús. kr. til vatnsveitna, en þetta eru með stærstu till. Svo að ég hygg, að hér sé komin fram ein sönnunin fyrir hans takmarkalausa ábyrgðarleysi í sambandi við gagnrýni á afgreiðslu fjárl. Ég þarf ekki að fara út í aðra liði til þess að sanna þetta.

Þá ræddi hv. þm. nokkuð um þá till., sem fjvn. hefur borið fram í sambandi við höfnina í Bolungavík, og hv. þm. N-Ísf. ræddi einnig um þetta mál af allmiklum þjósti og litlum skilningi, bæði á störfum fjvn. og málinu sjálfu. Ég vil í sambandi við þetta leyfa mér að benda á, eins og ég gat um í kvöld, að búið er að greiða 1311000 kr. í þetta. Það var sameiginlegt álit meiri hl. fjvn. og ríkisstj., að það væri ógerlegt að fara lengra, nema því aðeins að mótframlag kæmi frá mönnum heima fyrir, því að hér er komið a. m. k. 800 þús. kr. hærra en gert var ráð fyrir, og þegar veitt var heimild hér á Alþ., þá var það með þeim upplýsingum frá vitamálastjóra, hv. þm. Hafnf., sem ég hygg a. m. k. að hv. 6. landsk. vilji ekki láta segja neitt illt um og enginn maður vill segja neitt misjafnt um, að þetta færi ekki yfir 500 þús., en það er komið upp í þá upphæð, sem ég hef sagt. Hins vegar hafa engar upplýsingar legið fyrir fjvn. um það, hvernig höfnin stendur fjárhagslega og hvort hægt er að hækka þeirra hafnargjöld. En ekkert af þessu varð þó til þess að vera þyngsta lóðið á vogarskálinni, heldur hitt, sem þegar er komið fram, að hér er farið inn á þá braut, sem Alþ. mundi ekki geta stöðvað sig á nú, ef á að greiða að fullu hvert það tjón, sem verður á slíkum hafnarmannvirkjum, hvar sem er á landinu. Það þyrfti þá a. m. k. að setja um það alveg sérstakan lagabálk, því að annars er ekki hægt að stöðva sig á þessu máli. Við höfum heyrt frá hv. 1. þm. Eyf., að hann geri kröfu um þessi mál fyrir tjón, sem búið er að greiða, en hann þykist hafa lagalegan og siðferðislegan rétt til að fá þetta greitt, eftir að það er greitt til einnar hafnar, og ég skil vel hans kröfu og hans hugsunarhátt. Hitt er svo alvarlegra mál, að hér hafa þessi tjón sannarlega orðið fyrir mistök þeirra, sem hafa átt að sjá um þetta verk. Það má upplýsa í sambandi við Bolungavík, að hafnarstjórnin þar mótmælti á sínum tíma, að þetta verk væri unnið, en þeim mótmælum var ekki sinnt, og þess vegna er hart fyrir sveitarfélagið að þurfa að þola milljónatap vegna slíkra mistaka. En hv. 6. landsk. getur deilt um þetta við flokksbróður sinn. En þetta hefur ekki aðeins skeð í Bolungavík, heldur líka á Bakkafirði. Við þessu er þó það að segja, að hafnarstjórnin sjálf hefur ráðið þessu, og gæti því komið til greina að beita sér fyrir að vátryggja fyrir slíkum óhöppum, því ef slík óhöpp eiga oft að kosta ríkissjóð 1, 2 eða 3 milljónir, getur slíkt orðið stórkostlegt fé. Þetta er svo alvarlegt mál, að æskilegt væri, að það væri tekið upp á öðrum grundvelli en í sambandi við afgreiðslu fjárlaga. — Ég vil svo að endingu í sambandi við þetta mál segja, að ég sem form. fjvn. vil ekki gera hv. þm. N-Ísf. eða hans kjósendum og fátæku kauptúni þann bjarnargreiða að taka aftur till. þá, sem hann óskaði eftir að ég tæki aftur, og með því að stöðva allt fjárframlag til hafnarinnar, sem er 60 þús. á frv. nú, því að vitanlega er ekki hægt að taka aðeins 200 þús., heldur verður að taka 60 þús. líka, og þá stæði Bolungavík eftir og fengi ekki einn eyri, þar sem þetta er 3. umr. um fjárl. Svona lítið hefur hv. þm. hugsað um þetta mál, og í offorsi við að reyna að koma fram með gagnrýni á n. verið að því kominn að gera sínum umbjóðendum tjón, ef n. hefði ekki haft vit fyrir honum. Þó hans till. yrði samþ., gæti hann ekki bjargað þeim hluta, sem fjvn. lagði til, að höfnin fengi. Þessi till. verður því ekki tekin til baka. Verði till. hans um að heimila að bæta tjónið að fullu samþ., mun ríkissjóður nota þessa upphæð til að ganga upp í þá greiðslu, og er því enn síður ástæða til að taka þessa till. aftur.

Hv. þm. Snæf. minntist á eitt atriði, og er ég neyddur til að segja nokkur orð út af því. Það er út af 240 þús. kr. greiðslu til Húsavíkurhafnar, og er upplýst, að stjórn síldarverksmiðjanna hefði mótmælt þessu í nafni verksmiðjanna, en með þessu er hún að hraða e. t. v. enn meir kröfum í sambandi við þetta mál, því að sannleikurinn er sá, að Húsavíkurhöfn þykist eiga stórkröfu á hendur verksmiðjunni í sambandi við samningsrof. Þykir því skynsamlegt að taka það fram, svo að hægt sé að vísa í það, að það er bundið því skilyrði, að ef þessar 240 þús. eru greiddar, skuli það vera lokagreiðsla í sambandi við þessa deilu. Um það er samkomulag milli ríkisstj. og hafnarstjórnar Húsavíkur. Þannig er þetta langa og leiðinlega deilumál leyst, svo að þessi stofnun þarf ekki að óttast vandræði út úr því síðar.

Ég ætla ekki að fara inn á einstakar athugasemdir frá hv. þm., en vil þó í sambandi við athugasemd frá hv. þm. Vestm. út af hans till. um uppbætur til bátasmiðjanna benda á, að þótt fjvn. sæi sér ekki fært að taka þetta upp, er ákaflega mikil sanngirniskrafa, að þetta tjón sé bætt upp, af tveim ástæðum. Í fyrsta lagi af því, að þessi kostnaður stafaði af vísitöluhækkun og láðst hafði að setja í samningana við þessa menn, að þeir skyldu fá bætt tjón, sem stafaði af vísitöluhækkun. Hins vegar var það svo gert til að forða ríkissjóði frá að greiða toll af sænsku húsunum, en það var aldrei heimilað að endurgreiða nema af þeim húsum, sem flutt voru inn 1946, að þetta var fellt, þó að meiri hluti væri fyrir því í þinginu. Ég segi þetta ekki til að vera með áróður gegn till., heldur til þess að þetta komi fram í þingtíðindunum, að það var af þeim ástæðum, að fjvn. felldi á sínum tíma þá heimild, sem þáverandi ráðh. óskaði eftir og rætt var um í dag.

Ég get þá ekki heldur annað en rætt ofur lítið í sambandi við sjúkrahúsin. Það er rétt, sem hv. þm. A-Húnv. sagði, að sjúkrahúsin hafa orðið útundan, því miður, ef litið er á það kapphlaup í framkvæmdum, sem verið hefur í öðrum málum. Það sorglega í þessum málum er, að þau hafa nú orðið útundan, ef litið er á stórkostlegar framkvæmdir eins og Vífilsstaðahælið og það svo borið saman við það, sem gert hefur verið síðan skipt var um yfirstjórn þessara mála. Það er táknrænt, að í yfirstjórn heilbrigðismálanna nú sitja landlæknir, skóari og bakari, flokksbræður hv. 6. landsk. og hv. 4. þm. Reykv., sem fast hafa deilt á þessi mál. Það sorglega við þessi mál er það, að þau eru þannig í dag, að ekki er hægt að fá samkomulag um að nota þær 2 milljónir, sem boðnar eru fram til að byggja barnaspítala, en það er ekki hægt að ná samkomulagi um, hvar á að byggja þetta hús, að maður nú ekki tali um 1 milljón, sem liggur ónotuð til að byggja fávitahæli í Kópavogi. Því er ekki hægt að koma fram, og þó liggja fávitarnir um allt land til stórrar byrði fyrir þá, sem eiga að sjá um þá. Í þriðja lagi er svo 1.2 millj. til að byggja hæli fyrir drykkjusjúka menn, sem ómögulegt er að ná samkomulagi við landlækni um, hvar á að reisa, að maður nú ekki tali um, að hægt sé að fá samkomulag um að leggja hornsteininn að hjúkrunarkvennaskóla, sem er frumskilyrði heilbrigðisgæzlu í landinu. Ég varð sjálfur að beita mér mikið við afgreiðslu fjárl. til að geta fengið inn í þau 250 þús. til þessarar byggingar. Það er áreiðanlegt, að heilbrigðisstjórnin beitir sér ekki fyrir, að þessum málum verði hrundið áfram.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. forseti sagði, að hann skildi ekki, hvers vegna þessu fé væri ekki skipt í fjvn., vil ég segja, að það mundi að sjálfsögðu verða talið vantraust á viðkomandi ráðh., ef fjvn. færi að skipta því, enda er svo með ýmislegt annað fé, að því er ekki skipt í fjvn., m. a. hafnarbótafé. Það er nóg togstreita um að skipta vega- og brúafénu, þó að þetta bætist ekki við. — Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. hafi það mikinn skilning á þörfum Húnvetninga, að hann láti þá ekki verða afskipta, þótt upphæðin verði ekki hækkuð. Ber ég til hans fullt traust, að hann geri það af sanngirni.

Ég vil þá aðeins segja nokkur orð í sambandi við skólamálin. Hv. 3. landsk. hélt hér athyglisverða ræðu í sambandi við menntaskólann í Reykjavík og Laugarvatn og menntaskólann á Akureyri, og get ég stytt mál mitt vegna ræðu hv. 1. þm. Árn. Í sambandi við þetta vil ég benda á og mótmæla þeirri ásökun, að það sé fjvn. og Alþ. að kenna, að menntaskólinn í Reykjavík er svo langt aftur úr. Það er að kenna ósamkomulagi og skilningsleysi manna hér í Reykjavík. Þegar átti að verja fé í þessu skyni, var byrjað að rífast um það af kennurum skólans og rektor, hvort skólinn ætti að vera þar, sem hann er nú, eða í Laugarnesi, þar sem menntmrh. vildi hafa hann og eyddi 300 þús. kr. til að kaupa eign, sem ríkissjóður átti. Þetta varð til þess, að ekki var hægt að byggja menntaskólann í Reykjavík upp, að ekki var einu sinni hægt að koma sér saman um, hvar hann ætti að standa. Það var þess vegna, sem borin var fram till. af hæstv. núverandi dómsmrh. um, að menntaskólinn í Reykjavík skuli standa þar, sem hann nú er. En það er útilokað að leysa þá deilu, nema með því að rífa húsið og flytja það burt. — Ég hef ekki heldur séð, að sá stóri og fríði flokkur manna, sem kemur út úr menntaskólanum í Reykjavík, hafi átt það sterk ítök í þessu landi eða komizt það vel áfram, að þeir hafi lagt fram nokkra krónu til endurreisnar skólanum. Menn hjá öðrum þjóðum telja það fyrst og fremst skyldu sína að láta þær stofnanir, er þeir nema hjá, njóta einhvers fyrir menntunina. Þessir menn veit ég ekki til að hafi lagt fram eina krónu til að koma upp húsi yfir skólann, þó að þeir þykist elska hann mikið, og ekki heldur hafið baráttu fyrir, að skólinn gæti hafizt upp úr niðurlægingunni. Það eina, sem þeir geta gert, er að horfa á sjómannaskólann og vera gramir yfir, að menntaskólinn sé í 100 ára húsi, meðan sjómannaskólinn hefur fengið sína höll. Fyrir baráttu Sigurðar Guðmundssonar skólameistara fékkst fé til Akureyrar meðan menntaskólinn í Reykjavík, rektor og kennarar sváfu og gátu ekki hugsað um málið. Þá á að ásaka fyrir þessi mál. Þegar hv. þm. segir, að það sé skorið við neglur sér við skólann í fjárframlögum, get ég ekki lengur orða bundizt. Er skorið við neglur sér við skóla, þar sem kennari hefur 60—90 þús. kr. í tekjur? Ég held, að það sé eitthvað annað, sem þarf að laga í slíkri stofnun, en að ausa í hana fé. Ef hv. þm. halda, að ég fari með fleipur, þá er svo ekki. Það liggja fyrir skjöl um þetta hjá fjvn., og hefur orðið að skipa rannsókn í þessu máli. Ég ætlaði ekki að geta um þetta, en þegar komið er með slíka ádeilu, er ekki hægt að þegja lengur. — Ég vil svo taka undir það, að ég tel mikilsvert að hafa ekki einungis menntaskóla í kaupstöðum. Ég tel þjóðinni bezt borgið, þegar nemendur geta verið úr öllum stéttum og lesið undir mismunandi áhrifum frá okkar landi. Jafnvel geta menn úr kaupstöðum farið í sveitaskóla til að breyta um. Mín skoðun er sú, að þjóðin eignist

betur undirbúna stúdenta, ef þeim á sama tíma er kennt að vera við lífræn störf. Ég tel því, að það sé síður en svo goðgá að stofna menntaskóla í sveit. Ég vil benda hv. þm. á ummæli hæstv. ráðh. í sambandi við þetta mál í dag. — Ég veit, að hæstv. forseti er orðinn órólegur, en ég skal nú fara að stytta mál mitt. Ég veit ekki, hvort hv. þm. hafa tekið eftir því, en hann sagði, að ef þessi till. yrði samþ., mundi hann telja sér skylt að koma upp menntaskóla í sveit. En það er ekki bundið við Laugarvatn. Það er eins heimild til að gera það í Skógaskóla. Vildi ég, að hv. 1. þm. Árn. athugaði það. Það er alveg eins möguleiki til að gera það í Staðarfellsskóla og engin trygging fyrir, að það verði gert á Laugarvatni, ef ekki er búið betur um hnútana. En ég teldi óhappaverk, ef gengið væri fram hjá öllum þeim verðmætum, sem þar eru. Það er takmarkið, sem við erum að reyna að ná, að menn geti lesið við sveitaskóla án þess að þurfa að borga allt of mikið fé fyrir. Hæstv. ráðh. sagði, að þetta kostaði ekki nema 175 þús., en í dag var það svo komið upp í 500 þús. Þegar talað er um 175 þús., er átt við mismuninn á því sem kostar að hafa menntaskóla og héraðsskóla. — Ég álít, að það beri síður en svo að hraða byggingu heimavistarinnar á Akureyri. Ég álít, að beri að stöðva það mál. Það er meiningarlaust að halda því áfram, meðan ekki er hægt að ljúka við sjúkrahúsið þar. Það er ástæðulaust að vera að byggja þar hótel með eins góðum herbergjum og Hótel Borg og láta svo ekki borga þar húsaleigu, ljós eða hita.

Ég get ekki lokið máli mínu án þess að leiðrétta tölur, sem hv. 4. þm. Reykv. fór með í sambandi við Búnaðarfélagið. Ég er nú ekki talinn bera mikla ást til Búnaðarfélagsins, en mér er skylt að leiðrétta þetta. Hann sagði, að varið væri til bókaútgáfu 240 þús. kr. Sannleikurinn er sá, að varið er til Búnaðarfélags Íslands, sem reiknast sem útgjaldaliður, 245 þús., en hann gleymir að draga frá tekjuliðinn, sem er 130 þús., svo að útgáfukostnaðurinn er allmiklu minni, eða 115 þús. Ég veit, að hv. 4. þm. Reykv. hafði þetta eftir þeim þm., sem varð sú skyssa á að tvöfalda allar tölur, og hefur þá einu afsökun, að hann er ekki búinn að læra, að það má ekki taka of mikið mark á því, sem hv. 6. landsk. segir.

Ég vil svo enda mál mitt með því að biðja hv. þm. að gæta þess að samþ. ekki inn í frv. aðrar meiri háttar upphæðir en þær, sem meiri hl. fjvn. flytur, svo að fjárl. verði ekki afgr. með greiðsluhalla. Það er ekki til sóma fyrir hæstv. ríkisstj. eða Alþingi, ef það er gert. Og áreiðanlega verður að halda vel á í sambandi við útgjöld, ef ríkisreikningurinn á að sýna hagstæðan rekstur á næsta ári, eftir því sem lagt er til um tekjur og gjöld.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 27. fundi í Sþ., 20. des., var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 521,1 felld með 27:13 atkv.
— 519,1 samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 521,2 felld með 26:12 atkv.
— 519,2 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 521,3—4 felldar með 30:14 atkv.
— 519,3 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 521,5 kom ekki til atkv.
— 521,6 felld með 27:11 atkv.
— 521,7 felld með 30:9 atkv.
— 522,I.1 felld með 27:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KS, LJós, PZ, PÞ, PO, RÞ, SG, SkG, StgrA, VH, ÁB, ÁS, BrB, EOl, HÁ, HV, JÁ.

nei: LJóh, ÓTh, SÁ, SB, SÓÓ, StJSt, StgrSt, ÞÞ, AE, ÁÁ, BSt, BBen, BÓ, EmJ, EystJ, GJ, GTh, HelgJ, IngJ, JóhH, JJós, JG, JS, JR, JörB, KK, JPálm.

MJ, ÁkJ, FRV, GG, GÞG, HG, HermJ greiddu ekki atkv.

1 þm. (FJ) fjarstaddur.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég er samþykkur þeirri hugsun, sem felst í till., en þar sem ég tel óeðlilegt að bera þetta mál fram sem brtt. við fjárl., þar sem hér er aðeins um ákvæði að ræða, sem gildir í eitt ár, enda vafasamt, að þetta haldi gildi gagnvart lögum um áfengisverzlun ríkisins og tóbakseinkasöluna, tel ég mér ekki fært að greiða atkv. með till., enda þótt ég sé henni samþykkur í eðli sínu. Ég greiði því ekki atkv.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég get vel álitið, að það mætti eitthvað draga úr því, sem till. fjallar um, en hitt er áreiðanlegt, að ekki er hægt að afnema þetta með öllu nema með því móti að auka verulega risnufé, en engin till. liggur fyrir um það. Auk þess lít ég svo á, að þessi till. sé ekki góðrar ættar, þó að gott fólk hafi flutt hana, og segi ég því nei.

Haraldur Guðmundsson: Ég tel, að þetta mál beri á annan veg upp að taka, svo að það geti fengið betri afgreiðslu, og greiði því ekki atkv.

Brtt. 521,8 felld með 31:12 atkv.
— 519,4 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 522,I.2 felld með 25:13 atkv.
— 502,1—3 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 523,I samþ. með 29 shlj. atkv.
— 502,4 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 515,1 felld með 31:13 atkv.
— 520,I felld með 26:15 atkv.
— 502,5 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 520,II felld með 32:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrB, EOl, FRV, GÞG, HV, HG, JÁ, JR, LJós, SG, StJSt, StgrA, ÁkJ, ÁS.

nei: EystJ, GG, GJ, GTh, HÁ, HelgJ, HermJ, IngJ, JJós, JG, JS, JörB, KK, KS, LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, PO, RÞ, SÁ, SB, SÓÓ, SkG, StgrSt, VH, ÞÞ, AE, ÁB, BBen, BÓ, JPálm.

EmJ, MJ, ÁÁ, BSt greiddu ekki atkv.

2 þm. (FJ, JóhH) fjarstaddir.

Brtt. 520,III felld með 35:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÞG, HV, HG, JÁ, LJós, SG, StJSt, StgrA, ÁÁ, BrB, EOl, EmJ, FRV.

nei: GG, GJ, GTh, HÁ, HelgJ, HermJ, IngJ, JóhH, JG, JS, JR, JörB, KK, KS, LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, PO, RÞ, SÁ, SB, SÓÓ, SkG, MJ, StgrSt, VH, ÞÞ, AE, ÁB, BSt, BBen, BÓ, EystJ, JPálm.
JJós, ÁkJ, ÁS greiddu ekki atkv.
1 þm. (FJ) fjarstaddur.

Brtt. 520,III varatill. felld með 27:12 atkv.
— 522,II felld með 29:9 atkv.
— 520,IV.1 felld með 27:4 atkv.
— 520,IV.2 felld með 32:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrB, EOl, EmJ, FRV, GTh, GÞG, HV, HG, JJós, JÁ, LJós, SÁ, SG, StgrA, ÁkJ, ÁÁ.

nei: BÓ, EystJ, GG, GJ, HÁ, HelgJ, HermJ, IngJ, JG, JS, JR, JörB, KK, KS, LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, PO, RÞ, SB, SÓÓ, SkG, MJ, StgrSt, VH, ÞÞ, AE, ÁB, BSt, BBen, JPálm.
StJSt, ÁS greiddu ekki atkv.
2 þm. (FJ, JóhH) fjarstaddir.

Brtt. 520,V samþ. með 26:9 atkv.
— 502,6—8 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 522,III samþ. með 37 shlj. atkv.
— 520,VI felld með 28:13 atkv.
— 512,1 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 520,VII felld með 30:7 atkv.
— 502,9 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 512,2 samþ. með 33:8 atkv.
— 512,3 samþ. með 39:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁB, ÁS, BSt, BBen, BrB, EOl, EmJ, EystJ, FRV, GG, GJ, GTh, HÁ, HV, HG, HelgJ, HermJ, IngJ, JóhH, JJós, JG, JörB, KK, KS, LJóh, LJós, PÞ, RÞ, SÁ, SB, SG, SÓÓ, SkG, MJ, VH, ÞÞ, AE, ÁkJ, JPálm.

nei: BÓ, GÞG, JR, PO, StJSt.
JS, JÁ, ÓTh, PZ, StgrA, StgrSt, ÁÁ greiddu ekki atkv.
1 þm. (FJ) fjarstaddur.
4 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Gísli Jónsson: Ég er samþykkur till. að því tilskildu, að fjárveitingin fari ekki fram yfir 100 þús. kr., eins og í till. stendur, og segi já.

Gylfi Þ. Gíslason: Ég óska að láta þessa getið:

1) Þessi fjárveiting, 100 þús. kr., nægir alls ekki til greiðslu á kostnaði við menntaskólakennslu á Laugarvatni. Slík kennsla mun kosta um 400—500 þús. kr. árlega. Sú aðferð, sem hér er viðhöfð til stofnunar nýs skóla, er því óviðkunnanleg í hæsta máta.

2) Ef hæstv. ríkisstj. er reiðubúin til þess að verja framvegis 400—500 þús. kr. árlega til menntaskólakennslu til viðbótar því fé, sem nú er varið í þessu skyni, tel ég, að sjálfsagt sé að verja því fé á næstunni til þess að bæta aðbúnað menntaskólans í Reykjavík, sem nær ekkert hefur verið gert fyrir síðustu áratugi, og til þess að fullgera heimavistarhúsið við menntaskólann á Akureyri.

3) Verði heimavistarhúsinu á Akureyri lokið, getur Akureyrarskólinn veitt viðtöku í heimavist öllum þeim menntaskólanemendum, sem gera má ráð fyrir að sæki til Laugarvatns á næstu árum.

4) Ég er því ekki andvígur, að menntaskóla verði komið upp í sveit, þegar menntaskólarnir í Reykjavík og á Akureyri geta ekki með góðu móti veitt viðtöku þeim nemendum, sem menntaskólanám vilja stunda, og enn síður, að slíkur skóli yrði á Laugarvatni. En eins og nú stendur er ekki þörf fyrir nýjan menntaskóla. Kennslan í slíkum ófullskipuðum skóla í sveit yrði miklu dýrari en viðbótarkennsla í menntaskólunum í Reykjavík og á Akureyri, en þeim peningum, sem rekstur nýs skóla mundi kosta, væri miklu betur varið til þess að bæta fyrir gamlar og miklar vanrækslusyndir gagnvart menntaskólanum í Reykjavík og til þess að ljúka heimavistarhúsinu á Akureyri. Ég segi þess vegna nei.

Pétur Ottesen: Ég get ekki séð, að það sé ákaflega brýn og aðkallandi þörf á nýjum menntaskóla, og segi nei.

Stefán Jóh. Stefánsson: Með tilvísun til grg. hv. 3. landsk. þm. segi ég nei.

Brtt. 520,VIII felld með 28:18 atkv.
— 522,IV samþ. með 31:5 atkv.
— 502,10 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 520,IX felld með 27:18 atkv.
— 520,X felld með 33:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SG, StJSt, StgrA, ÁkJ, ÁS, BrB, EOl, EmJ, FRV, GTh, GÞG, HG, JóhH, JÁ, LJós, RÞ.

nei: SÁ, SB, SÓÓ, SkG, MJ, StgrSt, VH, ÞÞ, AE, ÁB, BSt, BBen, EystJ, GG, GJ, HÁ, HV, HelgJ, HermJ, IngJ, JJós, JG, JS, JR, JörB, KK, KS, LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, PO, JPálm.
ÁÁ, BÓ greiddu ekki atkv.
1 þm. (FJ) fjarstaddur.
1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Vilhjálmur Hjálmarsson: Þar sem mér sýnist af skjölum, sem fyrir liggja í þessu máli, að bandalagið hafi ekki safnað meiru en um 40 þús. kr. til þessa máls, sem mun vera nokkuð innan við eina krónu á mann í umdæminu, sem að þessu máli stendur, þá virðist mér það ekki bera vott um þann áhuga, að það beri að leggja fram mikið fé úr ríkissjóði til þessa, — og segi ég því nei.

Brtt. 522,V felld með 27:12 atkv.
— 527 samþ. með 24:8 atkv.
— 520,XI samþ. með 30:8 atkv.
— 520,XII—XV samþ. með 28:3 atkv.
— 502,11—13 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 502,14 samþ. með 26:15 atkv.
— 515,2 felld með 24:12 atkv.
— 502,15—17 samþ. með 38 shlj. atkv.

Áður en gengið væri til atkv. um brtt. 515,3 mælti

viðskmrh. (Björn Ólafsson): Ég vil bara lýsa yfir í sambandi við þriðja liðinn á brtt. nr. 515, að ef þessi þörf kemur fyrir, þá mun verða leyst úr þessu samkvæmt varatill. Það hefur verið gert áður, án þess að það væri tekið inn

í fjárlög. En það er ekki alveg sagt, að það sé nauðsynlegt, að það séu 15 þús. kr., sem komi þar til greina, þó að leyst verði úr þeirri þörf, sem fyrir hendi er í þessu efni.

Brtt. 515,3 felld með 27:14 atkv.
— 515,3 varatill. felld með 30:15 atkv.
— 502,18—20 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 520,XVI felld með 26:12 atkv.
— 502,21 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 502,22—24 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 520,XVII.1 felld með 32:11 atkv.
— 520,XVII.2 felld með 31:12 atkv.
— 502,25 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 512,4 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 520,XVIII felld með 32:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LJós, RÞ, SG, StJSt, StgrA, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, BrB, EOl, EmJ, FRV, GÞG, HV, HG, JJós, JÁ.

nei: LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SÁ, SB, SÓÓ, SkG, MJ, StgrSt, VH, ÞÞ, AE, ÁB, BSt, BBen, BÓ, EystJ, GG, GJ, GTh, HÁ, HelgJ, HermJ, IngJ, JG, JS, JR, JörB, KK, JPálm.

KS greiddi ekki atkv.
2 þm. (FJ, JóhH) fjarstaddir.

Brtt. 502,26—28 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 520,XIX felld með 30:14 atkv.
— 520,XIX varatill. felld með 30:15 atkv.
— 515,4 felld með 26:13 atkv.
— 502,29 samþ. með 39 shlj. atkv.

Áður en atkv. voru greidd um brtt. 520,XX, mælti

forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Ég vildi aðeins leyfa mér, áður en gengið væri til atkv. um þessa brtt. og aðrar hliðstæðar, sem munu koma síðar til atkv., varðandi framlag eða framlög til atvinnuaukningar, lýsa því yfir, að ríkisstj. mun afla sér sem víðtækastra upplýsinga um atvinnuástandið í landinu, eins og hefur verið nú að undanförnu leitazt við. Og komi í ljós eftir slíka rannsókn, að til vandræða horfi á einstökum stöðum í þessum efnum, þá mun ríkisstj. rannsaka einnig sérstaklega, hvað auðið sé að gera til úrbóta í þessum efnum. Hins vegar sér ríkisstj. sér ekki fært að greiða atkv. með till. eins og þeirri, sem hér liggur fyrir.

Brtt. 520,XX felld með 31:14 atkv.
— 512,5. Ágúst samþ. með 29 shlj. atkv.
— 502,30.e. Áskell — Einar samþ. með 35 shlj. atkv.
— 502,30.a. Eiríkur samþ. með 35 shlj. atkv.
— 502,30.e. Gísli samþ. með 32 shlj. atkv.
— 520,XXI samþ. með 27:1 atkv.
— 502,30.a. Guðbrandur — Stefán, b, c, d og e. Guðbrandur — Sæmundur, 31.a—f og 32.a—b; 512,5—6; 519,5 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 502,33 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 502,34 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 520,XXII felld með 26:12 atkv.
— 520,XXII varatill. felld með 27:14 atkv.
— 524 felld með 29:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÁ, JörB, LJós, PZ, RÞ, SG, SÓÓ, StJSt, StgrA, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, BBen, BÓ, BrB, EOl, EmJ, FRV, GÞG, HV, HG.

nei: HelgJ, HermJ, IngJ, JóhH, JJós, JG, JS, JR, KK, LJóh, ÓTh, PÞ, PO, SÁ, SB, SkG, MJ, StgrSt, VH, ÞÞ, AE, ÁB, BSt, EystJ, GG, GJ, GTh, HÁ, JPálm.

KS greiddi ekki atkv.
1 þm. (FJ) fjarstaddur.
4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Jörundur Brynjólfsson: Ég tel, að þessi menningarstofnun hafi fulla þörf fyrir þessa fjárveitingu og að henni hafi ekki verið sinnt sem skyldi hér á Alþingi, en samkv. upplýsingum frá hv. frsm. fjvn. á Alþ. þó ekki þar eitt sök á. — Eigi að síður er hér mikil þörf lagfæringar. — Reyndar má telja samkv. rökstuðningi hv. 3. landsk. þm. um fjárveitingu til Laugarvatnsskólans, að ekki sé nægilegt fé til að leggja í þetta, en þrátt fyrir þetta, sem ég að vísu viðurkenni ekki, þá segi ég já.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Það er nú vitað, að þessi menningarstofnun hefur verið vanrækt undanfarið, og geta þó forsvarsmenn stofnunarinnar ekki borið neina ábyrgð þar á. Nú hafði ég hugsað mér, að þetta yrði ekki hægt á þessu ári, en þar sem nýlega hefur verið samþ. að veita fé til nýs menntaskóla, þá segi ég já.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Úr því að Alþingi hefur efni á að ráðstafa fé til menntaskóla á Laugarvatni, þá segi ég já.

Gunnar Thoroddsen: Ég tel nauðsyn, að byggt sé yfir menntaskólann í Reykjavík, en þar sem þetta mál er í undirbúningi og enn hefur ekki verið ákveðið, hvar hann á að standa, og þar sem málið er ekki komið lengra áleiðis, þá segi ég nei.

Brtt. 515,5 felld með 24:15 atkv.
— 502,35 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 520,XXIII felld með 28:12 atkv.
— 502,36 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 523,II felld með 25:18 atkv.
— 502,37 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 520,XXIV felld með 34:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÞG, HV, HG, JJós, JÁ, LJós, SÁ, SÓÓ, StJSt, StgrA, ÁkJ, ÁS, BrB, EOl, EmJ, FRV.

nei: GG, GJ, GTh, HÁ, HelgJ, HermJ, IngJ, JóhH, JG, JS, JR, JörB, KK, KS, LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, PO, RÞ, SB, SkG, MJ, StgrSt, VH, ÞÞ, AE, ÁÁ, ÁB, BSt, BBen, BÓ, EystJ, JPálm.

SG greiddi ekki atkv.
1 þm. (FJ) fjarstaddur.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Sigurður Bjarnason: Ég flutti við 2. umr. brtt. um, að Bandalagi íslenzkra leikfélaga yrði veittur styrkur. Þessa till. tók ég aftur í trausti þess, að fjvn. mundi líta réttilega á þetta mál. Nú

hefur verið samþ. að veita í þessu skyni 20 þús. kr., og fylgi ég þess vegna ekki þessari till. og segi nei.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Með tilvísun til grg. hv. þm. N-Ísf. segi ég nei.

Brtt. 520,XXV samþ. með 25:11 atkv.
— 520,XXVI samþ. með 27:8 atkv.
— 502,38 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 502,39 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 520,XXVI felld með 31:14 atkv.

Áður en atkv. væru greidd um brtt. 520,XXVIII, mælti

Sigurður Ágústsson: Herra forseti. Flm. þessarar till. hafa orðið sammála um að afturkalla tillöguna.

Brtt. 520,XXVIII tekin aftur.
— 522,VI samþ. með 33 shlj. atkv.

Áður en atkv. væru greidd um brtt. 522,VII, mælti

atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég vildi aðeins beina því til flm. þessarar till., að þeir tækju hana til baka. Ríkisstj. mun afla sér heimildar til þess að greiða þeim mönnum, sem við þessar bátasmíðar fengust, bætur fyrir tap þeirra, og í trausti þess, að þetta verði gert, vil ég biðja þá um að taka þessa till. til baka.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Eftir að hafa heyrt þessa yfirlýsingu hæstv. atvmrh. tel ég rétt í samráði við aðra flm. þessarar till. að taka hana aftur.

Brtt. 522,VII tekin aftur.
— 526 felld með 24:22 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁkJ, ÁS, BrB, EOl, EystJ, FRV, GG, GTh, GÞG, HV, HG, HelgJ, JÁ, JörB, LJós, ÓTh, PÞ, RÞ, SB, SG, SkG, StgrA.
nei: ÞÞ, AE, ÁB, BSt, BBen, BÓ, GJ, HÁ, HermJ, IngJ, JóhH, JG, JS, JR, KK, KS, LJóh, PZ, PO, SÁ, SÓÓ, StJSt, StgrSt, JPálm.

ÁÁ, JJós, MJ greiddu ekki atkv.
3 þm. (EmJ, FJ, VH) fjarstaddir.

Brtt. 502,40 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 519,6 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 520,XXIX felld með 33:12 atkv.
— 520,XXIX varatill. felld með 25:14 atkv.
— 522,VIII.1 felld með 29:14 atkv.
— 522,VIII.2 felld með 28:12 atkv.
— 522,VIII.3 felld með 30:13 atkv.
— 522,VIII.4 felld með 27:13 atkv.
— 522,VIII.5 felld með 26:13 atkv.
— 515,6 felld með 35:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁkJ, ÁS, BrB, EOl, EmJ, FRV, GÞG, HV, HG, JÁ, LJós, PÞ, SG, StJSt, StgrA.
nei: ÞÞ, AE, ÁÁ, ÁB, BSt, BBen, BÓ, EystJ, GG, GJ, GTh, HÁ, HelgJ, HermJ, IngJ, JóhH, JJós, JG, JS, JR, JörB, KK, KS, LJóh, ÓTh, PZ, PO, RÞ, SÁ, SÓÓ, SkG, MJ, StgrSt, VH, JPálm.

2 þm. (FJ, SB) fjarstaddir.

Brtt. 502,41 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 522,IX.1 felld með 34:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: LJós, SG, StJSt, StgrA, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, BrB, EOl, EmJ, FRV, GTh, GÞG, HV, HG, JJós, JÁ.
nei: KK, KS, LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, PO, RÞ, SÁ, SB, SÓÓ, SkG, MJ, StgrSt, VH, ÞÞ, AE, ÁB, BSt, BBen, BÓ, EystJ, GG, GJ, HÁ, HelgJ, HermJ, IngJ, JóhH, JG, JS, JR, JörB, JPálm.

1 þm. (FJ) fjarstaddur.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Gunnar Thoroddsen: Ég sé ekkert á móti því, að ríkisstj. hafi heimild til að verja meiru í þessu skyni en þeim 7 milljónum, sem hún hefur heitið, og segi því já við þessari till.

Brtt. 522,IX.2 felld með 30:13 atkv.

Áður en atkv. voru greidd um brtt. 520,XXX, mælti

atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Það er gagnlegt að hafa þessa heimild, en ég vil, að þingheimur viti, að hún mun ekki verða notuð, nema því aðeins að öll ríkisstj. sé á einu máli um það, eftir hvaða leiðum beri að fullnægja útveginum um dráttarbraut, og einnig um það að hagnýta þessa heimild í þessu skyni. Að öðru leyti verð ég með till.

Brtt. 520,XXX samþ. með 27:6 atkv.
— 502,42 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 502,43.a samþ. með 24:17 atkv.
— 502,43.b samþ. með 30:4 atkv.
— 519,7 samþ. með 25:2 atkv.
— 502,44 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 502,45 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 502,46 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 520,XXXI samþ. með 32:1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 535).

20. Fólksflutningar með bifreiðum.

Á 3. fundi í Sþ., 8. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 22 30. jan. 1945, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum [33. mál] (stjfrv., A. 37).

Á 6. fundi í Nd., 10. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 8. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Hæstv. samgmrh. er nú ekki við, en ég sé ekki ástæðu til þess að tefja það, að þetta litla frv. gangi til 2. umr. Er það til staðfestingar á brbl., sem gefin voru út 26. sept. s. l. og eru um það að lækka úr 7% í 3% þau sérleyfisgjöld,

sem sérleyfishafar hafa greitt af fargjöldum í farþegaflutningum með sérleyfisbifreiðum. Þótti nauðsynlegt vegna afkomuerfiðleika sérleyfishafa að lina á þessum gjöldum, og þess vegna voru þessi brbl. sett af ríkisstj.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri, en legg til, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 9. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Nd., 12. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 37, n. 175, 176).

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Þetta frv. er lagt fram til staðfestingar á brbl., sem hæstv. stj. gaf út skömmu áður en þing kom saman í haust. Efni laganna er lækkun sérleyfisgjalda, sem þeir eiga að greiða, sem leyfi hafa til fólksflutninga með bifreiðum, úr 7% í 3%, og enn fremur, að gjaldið skuli innheimt þannig frá byrjun þessa árs. — Fjhn. leggur til í nál. á þskj. 175, að frv. sé samþ., en aðeins gerð á því formsbreyting, sem n. telur rétt að gera, til þess að efni frv. falli betur inn í lögin. Þó hefur einn nm., hv. 2. þm. Reykv., skrifað undir nál. með fyrirvara og flutt brtt. á öðru þskj. um að undanþiggja fólksflutningsbifreiðar sérleyfisgjaldinu. Mér finnst engin þörf á að samþ. þessa till. Þeir, sem slá sér saman um bifreið í hópferð, eru undanþegnir þessu gjaldi, ef um aðrar bifreiðar er að ræða en þær, sem sérleyfishafar hafa. Það gæti orðið erfitt að greina á milli, hvað af tekjum sérleyfishafa væri fyrir hópferðir og hvað fyrir aðra fólksflutninga. — Sé ég svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál, en n. leggur til, að frv. verði samþ. með þeirri formsbreytingu, sem lögð er til á þskj. 175.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það mætti virðast alveg sérstaklega gleðilegt og óvanalegt, að þetta frv. skuli koma fram, þar sem hér er um að ræða lækkun á sköttum. En tilfellið er, að aldrei reyndist unnt að innheimta þessi 7%, þannig að þegar þessi 3% voru ákveðin með lögum í sumar, fannst mönnum eins og þá fyrst væri verið að leggja skattinn á. En um leið og 3% voru lögð á, var líka farið að leggja á fólksflutninga, sem ekki voru fastar rútuferðir.

Í 1. gr. laganna, 4. mgr., stendur: „Enn fremur er ráðh. heimilt að undanskilja sérleyfi fólksflutningsferðir endrum og sinnum á héraðsmót, fjölsóttar skemmtanir, hópferðir og því um líkt.“ Það mun hafa verið ætlunin í upphafi, að þetta væri undanskilið. — Nú þykist ég vita, eins og fram kom hjá frsm., að erfitt sé að aðgreina þetta og að sérleyfishafar óski eftir, að þessi 3% séu innheimt undir öllum kringumstæðum. Hins vegar er þetta ósanngjarnt gagnvart fólkinu, ekki síst þegar efni manna til að fara í sumarleyfisferðalög fara síminnkandi. Veldur það mikilli óánægju, að þetta gjald skuli lagt á. Ég held, að það geti ekki verið erfitt að hafa eftirlit með þessu, svo að ríkissjóður tapi ekki. Það, sem um er að ræða, eru allar ferðir, sem ekki eru fastar áætlunarferðir, daglega eða svo og svo oft í viku. Það ætti að vera tiltölulega auðvelt að kontrolera þetta. Það má ekki skilja þetta svo, að ég vilji útiloka sérleyfishafana frá að hafa þessar ferðir, og ríkið er nú ekki í svo miklum vandræðum með að kosta skrifstofur sínar. — Það er satt að segja dálítið óviðfelldið að gera eins mikið að því og nú er gert að innheimta álögur af almenningi með sérstökum gjöldum til sérstakra skrifstofa. Það er raunverulega verið að reyna að komast fram hjá fjárlögunum, svipað og er með skattinn til fjárhagsráðs. Það er rétt, að ríkið telji fram allar þær tekjur, sem það fær, og greini öll gjöld. Gagnvart þeim, sem það skattleggur, á það ekki að fela neitt. Það er sjálfsagt, að ríkið standi undir sinni skipulagningu. Ég held þess vegna, að vel sé fært að samþ. mína tillögu, sem er á þá leið, að undanskildar sérleyfisgjaldi skuli vera fólksflutningsferðir endrum og sinnum á héraðsmót, fjölsóttar skemmtanir, hópferðir og því um líkt. Í staðinn fyrir heimildina, sem er í lögunum, komi ákvæði um, að þetta sé undanskilið. Hér er ekki um neitt stórmál að ræða, en ég álít samt gott, ef hv. þm. gætu samþ. þessa till. Það væri ofur lítil viðleitni til að létta af gjöldum, er lenda á fólki, sem hefur ekki of miklar tekjur til skemmtiferða. Allar skemmtiferðir, þar sem fólk á sinn eigin bíl, eru undanþegnar þessu gjaldi; aðeins þeir, sem þurfa að leggja í þann aukakostnað að kaupa með sig bíl, verða að greiða það. Þess vegna legg ég til, að þessi brtt. verði samþ.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég verð að segja það, að það kom illa við marga úti um land, þegar tekinn var upp sá háttur samkv. reglugerð að heimta leyfi af öllum, sem slógu sér saman í hópferð innan héraðs. Ég held, að þetta hafi komið mönnum á óvart, a. m. k. bílstjórum, sem höfðu haft slíkar ferðir á hendi án þess að þurfa til þess sérstakt leyfi og án þess að borga fyrir það nokkurt sérstakt gjald.

Mér finnst þó fulllangt gengið í till. hv. 2. þm. Reykv. um, að einnig skuli undanþegnar hópferðir milli héraða, en ég tel, að hópferðir á héraðsmót og innan héraða eigi að vera undanþegnar. Vil ég því leyfa mér að leggja fram skriflega brtt., svo hljóðandi: „Síðari hluti till. frá orðinu „fólksflutningsferðir“ orðist svo: á héraðsmót og fjölsóttar skemmtanir innan héraðanna.“ Þarna eru ekki undanskildar hópferðir farnar á lengri leiðum. — Ef hæstv. forseti vill leita afbrigða fyrir þessari till., getur málið komið strax til afgreiðslu. Annars mætti málið bíða, ef hv. nefnd vill athuga það nánar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 201) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Umr. frestað.

Á 36. fundi í Nd., 4. des., var fram haldið 2. umr. um till. (A. 37, n. 175, 176, 201).

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Umr. um þetta frv. var frestað fyrir nokkru, vegna þess að brtt. höfðu borizt og óskað var, að fjhn. tæki þær til athugunar.

N. hefur athugað þessar till. og einnig átt tal við fulltrúa frá póstmálaskrifstofunni, sem annast innheimtu á sérleyfisgjöldum. Hann lagði á móti því, að brtt. á þskj. 176 frá hv. 2. þm. Reykv. sem og brtt. á þskj. 201 frá hv. þm. A-Húnv. yrðu samþ., en mælti með því, að frv. yrði samþ. eins og það liggur fyrir, þ. e. a. s. með þeirri formsbreyt., sem n. leggur til á þskj. 175.

Meiri hl. fjhn. leggur til, að frv. verði samþ. með þeirri breyt., sem n. leggur til á þskj. 175, en hinar brtt. verði felldar.

Ég skal geta þess, að formaður Félags sérleyfishafa ræddi við mig og sagði, að félagið væri andvígt þeim breyt., sem felast í till. þessara tveggja hv. þm.

Fleira er ekki ástæða til að taka fram af hálfu n.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. fjhn. hefur sagt, voru þessi mál rædd á fundi n., og mætti þar form. Félags sérleyfishafa. En ég gat ekki sannfærzt um, að brtt. mín ætti ekki rétt á sér.

Eins og hv. þm. muna, fer till. fram á, að í stað þess, að heimilt sé að undanskilja sérleyfi og sérleyfisgjaldi fólksflutningaferðir endrum og sinnum á héraðsmót, fjölsóttar skemmtanir, hópferðir og því um líkt, þá verði þessi réttur skilyrðislaus. Það hefur nú verið þannig þangað til í sumar, að fólk hefur ekki þurft að borga neitt gjald af hópferðum. Þess vegna er það svo, þó að þetta frv. líti sakleysislega út, — en það fjallar um, að 7% þau, sem verið hafa, lækki niður í 3%, — þá felur það í sér nýtt 3% gjald á aðila, sem ekkert slíkt gjald hafa þurft að greiða fram að þessu. Hópferðir, eins t. d. berjaferðir Reykvíkinga, hafa verið undanþegnar þessu sérleyfisgjaldi. Ég fæ ekki séð, að það sé nein nauðsyn á þessu. Ég fæ ekki séð, að menn eigi ekki að geta slegið sér saman um bíl án þess að þurfa að borga sérstakt gjald. Það er ófært, hvernig menn geta ekki orðið hreyft sig í þessu þjóðfélagi án þess að þurfa að borga fyrir það. Auðvitað kemur þetta niður á þeim, sem hafa ekki efni á því að eiga lúxusbíl. Auk þess þurfa menn ekki að búast við því, þó að þeir greiði þetta gjald, að það komi fram sem tekjur á fjárlögum, því að þessar tekjur verða alls ekki gefnar upp eins og fleiri smáskattar, sem líta sakleysislega út, eins og t. d. leyfisgjaldið, sem rennur til fjárhagsráðs, þrátt fyrir það að ríkið fái þar 2 millj. kr. tekjuafgang. Svona er farið að því að koma alls staðar að gjöldum, sem ekki koma fram sem tekjuliður á fjárlögum, og finnst mér því, að þessi gjöld séu óréttmæt. Þess vegna vildi ég eindregið leggja til, þrátt fyrir mótmæli nokkurra sérleyfishafa, að gjöldum þessum verði létt af almenningi.

Hv. þm. A-Húnv. hefur flutt brtt. við mína brtt. Er ég hans till. samþykkur að því undanteknu, er snertir samkomur innan héraða. Það þýðir það, að ef t. d. Reykvíkingar skreppa til nærliggjandi héraðs á héraðsmót, þá eru þeir skuldbundnir til að borga sérleyfisgjald, sem bændur innan héraðsins sleppa við. Mér finnst þetta óþarfleg þröngsýni, að ef Reykvíkinga eða aðra kaupstaðarbúa langar til að slá sér saman um bíl og fara í næsta hérað, þá þurfi þeir að borga fyrir það sérstakt gjald, sem menn innan héraðsins þurfa ekki að greiða. Ég held, að brtt. hv. þm. A-Húnv. sé einnig þannig, að erfitt sé að hafa eftirlit með innheimtu á þessu gjaldi og tryggja, að það verði ekki misnotað, en það held ég að væri auðvelt, — því að hvað er hérað? Fyrir utan það er þetta ekki réttlátt.

Viðvíkjandi því, að haldið hefur verið fram, að erfitt væri um innheimtu gjalds á sérleyfisleiðum, þá held ég, að það sé ekki rétt, því að það er annað með bíla, sem hafa sínar fastákveðnu leiðir, og er það auðskilið.

Fæ ég ekki séð nein þau rök, sem mæla gegn brtt. minni. Það virðist vera tilgangurinn að skattleggja allt stórt og smátt, þegar nokkur möguleiki er að koma því við.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég átti þátt í því, að þessu var komið á, þegar ég hafði með þessi mál að gera, að sækja skyldi um leyfi til hópferða. Ég gerði þetta að nokkru leyti með eigi fúsum vilja, en rök þeirra manna og mótmæli, er hér áttu hlut að máli, voru svo sterk, að ég lét til leiðast. Aðalhættan var í því fólgin, að þetta yrði misnotað þannig, að gengið yrði á rétt sérleyfishafa, sem undanfarið hafa farið með skarðan hlut frá borði og hafa rekið sérleyfisferðir sínar með halla eða litlum hagnaði. Niðurstaðan af þessu varð sú, að gjaldið var lækkað með bráðabirgðalögum úr 7% niður í 3%.

Ég tel sanngjarnt að hafa orðið við og verða við þessum kröfum. En ég verð að segja það, að eftir því sem ég hef hugsað málið betur, þá finnst mér hart að gengið, ef á að leggja sérleyfisgjald á allar hópferðir, jafnvel innan héraða. Ég get því fyrir mitt leyti fallizt á þá brtt. hv. þm. A-Húnv., að hópferðir innan héraða séu undanþegnar. Þó ber ég fram brtt. um orðalag, þannig að í stað orðanna „innan héraðanna" komi: innan sýslna. M. ö. o., að takmörkin verði miðuð við sýslutakmörkin, þar sem ég get hugsað mér, að erfitt verði að ákveða takmörk héraða. Finnst mér fullkomin sanngirni að hafa þetta þannig, þó að ég á sínum tíma hafi verið með í að koma þessum lagaákvæðum á.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég get tekið undir það, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði, að það hefur ekki verið að ástæðulausu, að talað hefur verið um eltingaleik við að leggja skatta á allt. Ég verð að segja það, að ef raktar væru allar þær aðferðir, sem notaðar hafa verið við að koma þessum sérleyfisgjöldum á, þá væri það

ljót saga, en ég ætla ekki að fara að rekja hana hér. Það er búið að höggva á þennan hnút nú með því að fyrirskipa rannsókn í sambandi við málið, og þegar brbl. komu út um málið í sumar, þá gekk alveg fram af mönnum, og ég heyrði það á öllum almenningi og einnig bílstjórum, að þeim þótti alveg nóg um. Í sambandi við þetta finnst mér talsverður munur á því, hvort á þennan hátt eru skattlagðar allar hópferðir innan héraða eða langferðir út á land.

Hv. 2. þm. Reykv. hélt því fram, að ég vildi gera upp á milli sveitanna og kaupstaðanna. Hann hélt því einnig fram, að erfitt mundi að skilgreina takmörk héraða. En því er til að svara, að í fyrsta lagi eru kauptún til í flestum sýslum; undantekningar eru að vísu til, og mín till. nær vitanlega yfir þau líka. Í flestum tilfellum er það einnig svo, að í kauptúnunum eru flestar bifreiðarnar og bifreiðarstjórarnir. Hér í Rvík er mikið um, að menn eigi privatbíla og bjóði þá vinum sínum með sér, og eru þeir undanþegnir þessari skattálagningu.

Varðandi brtt. hæstv. viðskmrh. þá játa ég, að orðalagið er betra þannig, því að í einstaka tilfellum getur leikið vafi á því, hvað er hérað, og stefnir því þessi brtt. hans að því að gera till. skýrari. Ég gæti hugsað mér, svo að ég taki dæmi, að flestir muni skoða Mýra- og Borgarfjarðarsýslur sem sama hérað. Þess vegna get ég fallizt á brtt. viðskmrh., að þetta gildi um hópferðir innan sýslu og gjaldið taki aðeins til hópferða, sem farnar eru út úr sýslunni. — Sé ég svo ekki ástæðu til að fjölyrða meir um þetta.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 340) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er út af fyrir sig fagnaðarefni, að hæstv. viðskmrh. sjái sér fært að vera meðmæltur till., sem ég tel vera spor í rétta átt.

Það er eitt atriði, sem ég er ekki viss um, að hæstv. ráðh. hafi athugað. Með brtt. hans yrði að vísu skorið úr því, hvar takmörkin væru, en þá væru aftur á móti allir kaupstaðir á Íslandi útilokaðir frá þessu, og sérstaklega mundi það lenda illa á Reykjavík, Akureyri, Seyðisfirði o. fl. Þar mundi hið sama harðvítuga sérleyfisgjald gilda áfram, og gætu Reykvíkingar því ekki slegið sér saman um bíl, þegar þá langaði til, án þess að borga þetta gjald. Ef fólk úr Árnessýslu fer að Kolviðarhóli, þá þarf það ekki að borga sérleyfisgjald, en ef Reykvíkingar fara þangað, þá þurfa þeir að borga gjald, og finnst mér þetta ranglátt. Býst ég einnig við, að það verði erfitt að skylda fólk til að greiða gjald þetta. T. d. ef Seyðfirðingar ætla að slá sér saman í hópferð á einhvern stað hinum megin fjarðarins, þá verða þeir að sækja um leyfi til Reykjavíkur og spyrja, hvort þeir megi allra náðarsamlegast slá sér saman um 25 manna bíl og keyra í klukkutíma. Fæ ég ekki séð, að þetta nái nokkurri átt, að menn, sem búa öðrum megin fjarðarins, skuli þurfa að sækja um leyfi til þess að fara yfir fjörðinn. Held ég þess vegna, að till. hæstv. ráðh. verði fyrst réttlát, ef hún gildir í bæjum líka. Býst ég við, að það yrði litið svo á, að sýslan væri í þessu sambandi lögsagnarumdæmi, þannig að Reykvíkingar megi fara upp í Mosfellssveit, en menn í Mosfellssveit megi ekki fara austur á Þingvöll án þess að greiða sérleyfisgjald. Hins vegar þyrfti þess ekki, ef bíllinn færi ekki nema í Kjósina. — Ég er hræddur um, að ef þannig verður að Íslendingum búið með löggjöf, þá mundi ýmsum detta Hólmfastur sálugi í hug. Ég er hræddur um, að þetta yrði erfitt í framkvæmd. Þess vegna vil ég eindregið beina því til hv. þm., að þeir taki þetta til nánari athugunar eða sjái sér fært að samþ. mína till.

Hv. þm. A-Húnv. minntist á það, að hér í Rvík ætti allur fjöldinn einkabíla, og þyrfti því ekki að hugsa um þá, heldur bændurna. Nú eru þeir fleiri, sem engan privatbíl eiga, og þó að þeir, sem þá eiga, sleppi við að borga þetta gjald, hvaða réttlæti er þá í því, að þeir, sem engan bíl eiga, þurfi að borga þetta gjald, að þeir megi ekki slá sér saman um bíl og fara í næstu sýslu án þess að þurfa að borga fyrir það gjald, en hinir, sem eiga lúxusbíla, sleppi? M. ö. o., þá held ég, að eina lausnin við brtt. hæstv. ráðh. sé að ganga einu skrefi lengra og vera ekki að gera upp á milli sveita og kaupstaða með því, að kaupstaðarbúar megi ekki fara í næstu sýslu án þessa gjalds, og vera sammála till. minni.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Hér hafa verið fluttar margar ræður um lítið mál eins og oft hefur komið fyrir áður. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er um að staðfesta brbl. um lækkun sérleyfisgjalds úr 7% í 3%. Með þessu léttir undir hjá sérleyfishöfum, en þeir hafa haldið því fram, að rekstur sérleyfisferða hafi ekki borið sig nema hjá þeim, sem hafa beztu leiðirnar. Þá held ég, að ætti ekki í sömu andránni að samþ. brtt., sem gæti verið þeim til óþurftar, en á það hefur verið bent af ýmsum, að sú hætta vofði yfir, að bifreiðarstjórar taki fólk á samkomur á sérleyfisleiðum og taki þannig allan flutning af sérleyfishöfunum, sem verða þrátt fyrir það að halda uppi ferðum.

Það hafa komið fram þrjár brtt., ein frá hv. 2. þm. Reykv. og brtt. við hana frá hv. þm. A-Húnv. og við þá brtt. brtt. frá hæstv. viðskmrh. Hver verður svo framkvæmdin, ef það verður ofan á, sem hæstv. ráðh. leggur til, að heimilt sé að flytja fólk án sérleyfisgjalds, eins og það er orðað hér, „á héraðsmót og fjölmennar skemmtanir innan sýslunnar". Það má kannske færa rök fyrir þessu, en hvernig verður framkvæmdin? Við skulum nú hugsa okkur, að það verði stofnað til skemmtunar á Hólum eins og oft kemur fyrir. Það er gott fyrir Skagfirðinga að sleppa við að greiða þennan 3% skatt. En er nú nokkur sanngirni í því, að íbúar kjördæmis hv. þm. A-Húnv. þurfi að borga gjaldið, sem verða mun, ef brtt. ráðh. verður samþ.? Og ef bílstjóri á Sauðárkróki flytur fólk þaðan á samkomuna, þarf það að borga gjaldið. En

ef honum dytti í hug að taka fólk í bíl sinn til viðbótar í Hegranesinu, þá þyrfti ekki að borga sérleyfisgjald af fargjaldi þess. Ég held, að þetta fari að verða nokkuð erfitt í framkvæmd. Það er fleira í þessari brtt., eins og t. d. að láta þetta gilda fyrir héraðsmót og fjölsóttar skemmtanir. Hvað er fjölsótt skemmtun? Nú hefur skemmtun orðið fámenn, að því er talið er, og þá eiga þeir, sem sóttu skemmtunina, að greiða skattinn, en að sleppa, ef skemmtun hefur orðið fjölmenn.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Lögin frá 1945 hafa ekki verið framkvæmd í mörg ár, en það getur verið, að það sé eitthvað farið að herða á framkvæmdinni nú. Þó að eitthvað verði hert á framkvæmdinni, eru margir, sem sleppa við gjaldið, því að það er orðið mikið um bíla, og menn taka þá oft nágranna með í bílunum, og það er ekkert skipt sér af þessu. Það er ekki áhugamál mitt, að þetta verði samþ. Ég geri ráð fyrir, að komizt verði að þeirri niðurstöðu, að rétt sé að samþ. frv. óbreytt og láta þar við sitja.

Jón Pálmason: Herra forseti. Það er ekki nýtt að heyra, að hv. þm. V-Húnv. kalli það lítið mál, þó að lagður sé á nýr skattur, því að þetta er ekkert annað en nýr skattur. Um leið og lækkað er sérleyfisgjald á langleiðum, þá er það fært á allar mögulegar ferðir innan sýslna, sem ekkert gjald á að greiða af. Hér er því verið að færa út þetta sérleyfisgjald til mörgum sinnum fleiri manna. Ég játa, að verði þetta samþ., þá er örðugt að framfylgja því. Það er það eina rétta að gefa þetta allt frjálst og afnema þessi l. um sérleyfisgjöld. En úr því að verið er með þetta, vil ég draga úr þessu og tel rétt, að undanþegnar skatti verði ferðir á skemmtanir innan héraðs og niðurlag brtt. orðist eins og hér segir: „á fjölsóttar skemmtanir og héraðsmót innan sýslna". Ég lýsi því yfir, að ef mín brtt. verður felld, þá greiði ég brtt. hv. 2. þm. Reykv. atkv., því að það er því betra, því meira sem höggvið er í þessa vitleysu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 37. fundi í Nd., 6. des., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 340 tekin aftur til 3. umr.

— 201 felld með 14:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JR, JörB, KS, PO, SÁ, GÍG, MJ, ÁÁ, BÓ, EmJ, EystJ, IngJ, JPálm, SB.

nei: JÁ, PÞ, SG, SkG, AE, ÁB, ÁS, EOl, GG, GÞG, HÁ, HelgJ, JG, JS.

JóhH greiddi ekki atkv.

6 þm. (LJós, ÓTh, StgrSt, ÁkJ, FJ, GTh) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Einar Olgeirsson: Þar sem þessi brtt. mundi verða til þess að bola frá þeirri brtt., sem ég flyt á þskj. 176, og útiloka alla kaupstaðabúa og mikinn hluta sveitafólks frá að njóta þeirra hlunninda, sem mín brtt. vill veita þeim, segi ég nei.

Brtt. 176 felld með 15:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÞG, JPálm, JÁ, JR, SG, ÁkJ, ÁS, EOl, EystJ, SB.

nei: HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JG, JS, JörB, PÞ, SÁ, SkG, GÍG, AE, BÓ, EmJ, GG.

PO, MJ, ÁÁ, ÁB greiddu ekki atkv.

6 þm. (KS, LJós, ÓTh, StgrSt, FJ, GTh) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 175,1 (ný 2. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

— 175,2 (3. gr. falli burt) samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., 7. des., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Nd., 10. des., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 358, 340, 364).

Einar Olgeirsson: Brtt. hæstv. viðskmrh. fer fram á, eins og sagt er á þskj. 364, að það þurfi ekki sérleyfi, þegar um hópferðir er að ræða innan hvers lögsagnarumdæmis. Í þessu sambandi skulu bæjarfélögin teljast til þess lögsagnarumdæmis, sem næst þeim er. Ég verð að segja, að þó að þessi till. sé til orðin sem samkomulag út frá brtt., sem ég hef borið fram við 2. umr. þessa máls, þá er ég hræddur um, að hún sé ófullnægjandi. T. d. geta Reykvíkingar farið án þess að spyrja um leyfi upp í Kjós í smáferðalag, en ef þeir nálgast Þingvelli, þurfa þeir sérleyfi. Hins vegar vil ég segja, að með tilliti til þess, að þessi brtt. bætir nokkuð fyrir þessum hópferðum, finnst mér von um, að hún fáist betur liðkuð til síðar, og lýsi því yfir, að ég er henni fylgjandi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 41. fundi í Nd., 11. des., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 340 tekin aftur.

— 364 samþ. með 20 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 23. fundi í Sþ., 12. des., var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 400).

Á 42. fundi í Ed., 13. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til samgmn. með 11 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 400, n. 460).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Þessu frv., sem er komið frá Nd. og var samþ. þar, var vísað hér í deildinni til samgmn., og varð n. sammála um að samþ. það óbreytt. Ekki er hér um stórvægilegt mál að ræða, heldur má segja, að verið sé að lögfesta það, sem hefur verið látið viðgangast óátalið, þótt heimild hafi ef til vill skort til þess, en það er, að aka megi fólki í skemmtiferðir án þess að greiða af því sérstakt gjald, ef ekki er farið út úr lögsagnarumdæminu, og þurfi þá ekki að sækja um undanþágu. Okkur finnst ekki gengið hér lengra í þessu en góðu hófi gegnir og því ekki ástæða til að spyrna við fótum gegn frv. — Um 2. gr. frv. er það að segja, að við töldum okkur ekki geta sett okkur gegn því, að hún verði samþ., og leggjum yfirleitt til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Ed., 4. jan., var frv. aftur tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RÞ, StgrA, BBen, GJ, HV, HermJ, KK, LJóh, PZ, BSt.

HG greiddi ekki atkv.

6 þm. (SÓÓ, VH, ÞÞ, BrB, FRV, JJós) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 540).

---

21. Bifreiðalög.

Á 3. fundi í Nd., 4. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941 [18. mál] (stjfrv., A. 312).

Á 5. fundi í Nd., 9. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Svo sem kunnugt er, er skyldutrygging á bifreiðum, en sú upphæð, sem tryggingarskyldan er bundin við, er allt of lág, miðað við verðgildi peninga nú á dögum. Þess vegna er ekki tryggt, að t. d. farþegi, sem verður fyrir tjóni í bifreið, fái út úr tryggingunni nema litinn hluta af því tjóni, sem hann verður fyrir. Með þessu móti þykir of mikil áhætta lögð á farþegana, og þótti hlýða að flytja frv. um að hækka skyldutrygginguna mjög verulega, eins og segir í greinargerð frv., þannig að skyldutryggingin verði 150000 kr. fyrir tvíhjóla bifreiðar og 300000 kr. fyrir fjórhjóla bifreiðar, sem síðan hækkar eftir því, sem bifreiðin verður stærri.

Það átti sér stað ýtarleg athugun á málinu af hálfu rn., áður en frv. var lagt fram. Það kom þá í ljós, að bifreiðaeigendur töldu slíka hækkun ekki alls kostar réttmæta, heldur vildu hafa á þessu annað form og mynda eins konar tryggingasjóð sín í milli og borga álag á tryggingu, sem rynni í þann sjóð, og telja þeir, að það verði ódýrara. En athugun leiddi í ljós, að það yrði ekki fullnægjandi og ekki heldur ódýrara, þegar til lengdar léti, þvert á móti meiri kostnaður en ella. Jafnframt er 3. gr. sett með það fyrir augum að veita tryggingafélögunum aðhald, til þess að þau taki ekki óhæfilegar greiðslur af þessum tryggingum, með því að skylda þau til að birta alla reikninga, svo að allir geti fylgzt með þeim. — Þetta eru aðalbreyt. frá því, sem nú er. Hitt má svo deila um, hvort með þessum hætti er betur leyst úr málinu en með þeim, sem bifreiðaeigendur halda fram.

Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og allshn.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Samkvæmt 1. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir því, að bifreiðar verði tryggðar fyrir ekki minna en 150—300 þús. kr. Þetta er tíu sinnum hærri skyldutrygging en nú er, en nú er hún 30000 kr., og er þetta nokkuð stórt stökk.

Mér skildist á hæstv. ráðh., að hann teldi þörf á að hækka þessa skyldutryggingu, vegna þess að farþegar, sem ferðast með bifreiðum, fái að öðrum kosti ekki að fullu bætt tjón, sem þeir kunna að verða fyrir. Ég vil beina því til n. þeirrar, sem fær mál þetta til meðferðar, að samkvæmt frv. eru allar bifreiðar, sem taka allt að 12 farþega, tryggðar fyrir jafnháa upphæð. Mér finnst ástæða að taka þetta til athugunar og breyta þessu. Og hvaða þörf er að stíga svona stórt skref til hækkunar á skyldutryggingunum? Ég kom hvergi auga á það í frv., hve mikið þetta hækkar útgjöldin. Ef til vill getur hæstv. ráðh. gefið einhverjar upplýsingar um það, ef honum er það kunnugt. Þessu vildi ég beina til n. þeirrar, sem málinu verður vísað til.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég get ekkert annað sagt en að þessar athugasemdir eru eðlilegar. Þessar tölur eru nokkuð teknar af handahófi og það er ekki hægt að ákveða með neinni vissu, hver eigi að vera fjárhæð í þessu efni, og gott er, ef n. athugar þetta nokkru nánar. En núverandi trygging er of lág, og frá 1941 hefur komið til greina að hækka hana 4—5 sinnum, hvort sem það hefur þá verið of mikið eða ekki. En ég vil segja, að þetta er álitamál, og mætti e. t. v.

lækka þessa upphæð. Hér er ekki um neinn óyggjandi vísdóm að ræða í þessu frv., en okkur fannst þó nauðsynlegt að leggja þetta mál inn á Alþingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 28 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., 4. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., 6. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 18, n. 312).

Frsm. (Emil Jónsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft þetta mál til athugunar um skeið, og hefur dregizt nokkuð að koma því áleiðis, vegna þess að n. hefur leitað upplýsinga hjá tryggingafélögum þeim, sem hafa bílatryggingar á hendi, og eigendum bifreiða. Aðalefni frv. er, að skyldutrygging bifreiða hækki úr 30 þús. kr. í 300 þús. kr. Þetta kann að virðast nokkuð stórt stökk, en ástæðan fyrir þessu er sú, að það hafa komið fyrir slys, sem skyldutryggingin megnar ekki að bæta. Annaðhvort verður sá, sem fyrir slysinu verður, án bóta eða sá, sem slysinu veldur, verður fyrir útgjöldum, sem honum eru fjárhagslega ofviða. Það hefur komið fyrir, að slys hafa numið ekki 30 þús. kr., heldur tugþúsundum króna meira. Það liggur í hlutarins eðli, að það þarf að tryggja eigendur bifreiðanna fyrir tjóni, sem þeir kunna að verða fyrir eða valda. Þetta er um leið trygging fyrir þá aðila. Vitaskuld getur það oft verið svo, að sá, sem ekur bifreiðinni, geti ekki greitt þær bætur, sem dómur kveður á um. Þannig orkar þetta ekki tvímælis, að hækka verður þessar tryggingar, en hins vegar er það spurning, hve mikið á að hækka þær, og veltur það á því, hve mikið bifreiðareigandi, sem tryggir bíl, þarf að greiða í iðgjöld fyrir trygginguna. Eins og ég sagði, leitaði allshn. umsagnar allra þeirra tryggingafélaga, sem hafa bílatryggingar, og ég held, að ég fari rétt með, er ég segi, að öll tryggingafélögin voru sammála um, að hækka þyrfti trygginguna. Þau telja, að þessi upphæð sé við hæfi, og mæla með, að hún sé tekin upp. — N. hefur borizt erindi frá bifreiðaeigendum, sem láta í ljós vafa um, að þetta fyrirkomulag sé hentugt. Þeir leggja til, að tryggingin sé höfð svipuð og hún er nú, en leggja til, að stofnaður verði sjóður, sem bílaeigendur greiði í nokkra upphæð á ári, og nefna í þessu sambandi 15—20% af venjulegum iðgjöldum. Svo verði veitt úr sjóðnum til bóta fyrir slys af þessu tagi. Þegar svona langt var komið, sendi n. málið aftur til tryggingafélaganna og bað þau um umsögn um, hvað tryggingagjöldin mundu hækka, ef skyldutryggingin væri hækkuð upp í 300 þús. kr. N. hefur fengið svar frá öllum tryggingafélögunum um það, að iðgjöldin hækkuðu merkilega lítið, þó að upphæðin yrði tífölduð. Af þessu kemur í ljós, að bótaskyldan er tiltölulega há. Til marks um hækkun iðgjaldanna óskaði n. eftir að fá upplýsingar um, hve hækkunin yrði mikil, ef tryggingaupphæðin yrði hækkuð upp í 100 þús., 150 þús. og 300 þús. kr. Það kom í ljós, að iðgjald, sem nú er 500 kr., hækkaði við 100 þús. kr. tryggingu upp í 560 kr., ef tryggingin væri 150 þús. kr., hækkaði það um 80 kr., og ef hún yrði 300 þús. kr., hækkaði iðgjaldið upp í 590 kr. Þannig hækka iðgjöldin um 12—18%, eða m. ö. o. minna en bifreiðaeigendur lögðu til, að lagt væri í þennan sjóð, sem ætlað var að standast að nokkru það tjón, sem þeir yrðu fyrir. Hækkunin er miklu lægri en maður gat búizt við.

Allshn. leggur til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir með þessari hækkun skyldutryggingarinnar upp í 300 þús. kr. Tryggingafélögin taka fram, að iðgjaldahækkunin sé miðuð við núverandi iðgjöld og ef grundvöllur þeirra breytist, þá breytist þetta einnig. Þessi hækkun er ekki meiri en svo, að n. telur sjálfsagt að leggja til, að hún verði lögfest og þannig fengið fullkomið öryggi fyrir bótum. Tryggingaupphæðin er að vísu hærri fyrir stóra bíla. Það er gert ráð fyrir, að hún sé sú sama fyrir 6 manna bíla, svo hækkar hún um 25 þús. kr. fyrir hvern farþega, sem er fram yfir. Ef tekinn væri upp sá háttur, sem bifreiðaeigendur leggja til, að hafður verði á, verða iðgjöldin svipuð, en tryggingin og öryggið verður ekki það sama. — Þetta er sem sagt aðalefnið í frv., og n. leggur einróma til, að það verði samþ.

Í 3. gr. frv. er svo gert ráð fyrir því, að reikningar tryggginganna yfir lögboðnar bifreiðatryggingar skuli vera endurskoðaðir af tveimur endurskoðunarmönnum, er dómsmrh. skipar, en laun endurskoðunarmanna skulu greidd af viðkomandi tryggingafélagi eftir ákvörðun dómsmrh. Þetta þóttu sumum tryggingafélögunum nokkuð harðir kostir, en önnur tóku á þessu með fullum skilningi. Hér á landi eru engin lög um eftirlit með bifreiðatryggingafélögum, og þess vegna er ekki óeðlilegt, að rn. reyni að hafa einhverja hönd í bagga með starfseminni, er tryggi það, að hagsmunir almennings séu þar ekki fyrir borð bornir og að tryggingariðgjöldunum sé í hóf stillt. N. telur þess vegna ekki ástæðu til að breyta þessu ákvæði og leggur til, að það verði einnig samþ. eins og gert er ráð fyrir þessu í frv.

4. gr. kveður svo á, að lög þessi öðlist þegar gildi. En öll tryggingafélögin andmæla þessu ákvæði og telja, að það sé æskilegt, að lögin gangi ekki í gildi fyrr en 1. maí næsta ár, þar sem mikinn tíma taki að undirbúa þessar breyt. og iðgjaldagreiðslur til 1. maí næsta ár mundu þegar vera greiddar og þess vegna sé gjalddaginn 1. maí heppilegur tími til þess að miða breyt. við. N. hefur fallizt á þessar óskir tryggingafélaganna og leggur til, að 4. gr. verði orðuð þannig, að lög þessi öðlist gildi 1. maí 1952.

Fleiri atriði held ég að ég þurfi ekki að taka fram í sambandi við málið. Það er fullt samkomulag hjá öllum aðilum um það, að iðgjöldin þurfi að hækka. N. taldi eftir atvikum, að þær iðgjaldahækkanir, sem af þessu leiddi, væru tiltölulega óverulegar og að eftirlitið, sem í frv. felst, með löggiltri endurskoðun, væri eðlilegt. N. leggur sem sagt til, að frv. verði samþ.

með breyt. þeim, sem till. er um á þskj. 312 og ég hef þegar lýst.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 38. fundi í Nd., 7. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 312 (ný 4. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Nd., 10. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 378).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 40. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 41. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Þetta frv. var undirbúið í dómsmrn. og ætlað til þess að koma á samræmi milli verðlags og trygginga á bifreiðum. Ég hef nokkuð athugað þetta mál og komizt að þeirri niðurstöðu, að rétt væri að samþ. það. Hitt er alltaf nokkurt álitamál, hvaða upphæð menn vilja setja í þessu sambandi. Í Nd. var því hreyft, að upphæðin væri of há og rétt væri að lækka hana, en frá því var þó horfið aftur. — Ég mælist til þess, að frv. verði afgr. óbreytt og sem fyrst.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., 4. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 378, n. 499).

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Allshn. hefur haft málið til athugunar, en eins og segir í hinum ýtarlegu upplýsingum, sem hafa verið lagðar fram í athugasemdum með frv., er þetta frv. borið fram vegna þess, að upphæð sú, sem ætluð er til tryggingar, er ekki nógu há til þess að koma upp í bætur fyrir tjón það, sem bifreiðar kunna að valda. Má segja, að þetta sé öllum ljóst, að ekkert samræmi er milli trygginganna og bótaupphæðanna. Ekki er gert ráð fyrir svokölluðum topptryggingum, heldur 300 þús. kr. fyrir fjórhjóla bifreiðar, en fyrir stærri bifreiðar 25 þús. kr. fyrir hvern farþega, sem í bifreiðinni er. Er það einnig rökstutt í athugasemdum þeim, er fyrr greinir, að ekki sé að sama skapi meiri áhætta fyrir hinar stærri bifreiðar sem farþegar séu fleiri í þeim.

Allshn. hefur fengið ýmis gögn um þetta mál, m. a. frá félögum bifreiðaeigenda og tryggingafélögum, og til skýringar prentuðum við sýnishorn áætlana, sem komu frá hinum ýmsu tryggingafélögum, en þær voru allar samhljóða. Er það gert til skýringar, af því að maður skyldi ætla, að t. d. tíföld tryggingarhækkun kostaði tíföld iðgjöld, en svo er þó ekki. En það er annað atriði, sem n. lagði til að gerð yrði breyting á. Það var í félögum bifreiðaeigenda óánægja yfir einkaafstöðu tryggingafélaganna, þar sem þau kæmu alltaf fram sem einn aðili, og félög bifreiðaeigenda hefðu ekkert tækifæri til þess að fylgjast með tryggingunum, sem þau þó ættu að gera. Allshn. þótti rétt að koma til móts við félög bifreiðaeigenda og leggur því til þá breytingu á 3. gr., er segir á þskj. 499, til þess að gefa þessum félögum tækifæri til þess að tilnefna annan endurskoðandann eftir 3. gr. Gallinn við þessa till. var sá, að það er enginn aðili til þess að koma sameiginlega fram fyrir hönd þessara félaga, ef ágreiningur yrði þeirra á milli um tilnefningu endurskoðanda.

Í stuttu máli sagt leggur n. til, að frv. verði samþ. með þeim breytingum á 3. gr., sem segir í nál. á þskj. 499, og að frv. verði vísað til 3. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég hef ekkert við þessa brtt. að athuga annað en það, að ég veit ekki, hvernig dómsmrn. á að velja þennan mann, ef félögin tilnefna engan eða ef þau geta ekki komið sér saman um mann í þetta. Ég mundi skýra þetta svo, að í fyrra tilfellinu hefði rn. þetta í höndum sér, en í seinna tilfellinu skyldi það velja einhvern af þeim, sem félögin tilnefndu. Ég tel rétt að taka þetta fram nú við þetta tækifæri.

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Þetta er alveg ljóst, sem hæstv. dómsmrh. benti á, enda var það skoðun okkar í n., og vil ég fyrir hönd n. fallast á skoðun hæstv. dómsmrh. Greinin yrði hins vegar of þunglamaleg og fyrirferðarmikil um svo lítið efni, ef þessi tilfelli hefðu bæði verið tekin með, og var ágætt að fá skýringu hæstv. dómsmrh. einmitt hér núna.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 499 samþ. með 9 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 7. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 539).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 54. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 55. fundi í Nd., 10. jan., var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 572).

22. Lánasjóður stúdenta.

Á 18. fundi í Sþ., 28. nóv., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um lánasjóð stúdenta [132. mál] (stjfrv., A. 278).

Á 35. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Það hefur verið þannig undanfarið, að það hefur verið veitt fé á fjárl., 250 þús. kr., til háskólans í því skyni að veita stúdentum ófafturkræfan styrk. Nú hefur komið málaleitan frá stúdentum um, að þetta fé, sem ríkið hefur lagt til háskólans, verði ekki látið af hendi ófafturkræft, heldur látið í sjóð, sem stúdentar geta svo fengið lán úr. Þetta fyrirkomulag er að mínu áliti mjög skynsamlegt og betra en áður tíðkaðist, og þeir stúdentar, sem við mig hafa talað, telja, að það komi að betri notum en áður. Ég hef einnig talað um þetta við rektor háskólans, og hefur hann ekkert við þetta að athuga.

Ráðuneytið hefur lagt til, að þetta framlag til stúdenta verði heldur hækkað — eða úr 250 þús. í 300 þús. Þó verð ég að viðurkenna, að þetta framlag er ekki nóg, til þess þyrfti það að vera 500 þús. Ég tel samt rétt að koma sjóðnum á stofn með þessu framlagi, en ef þingið sæi sér fært seinna meir að hækka þetta framlag, þá mundi það koma að góðum notum og vera vel þegið.

Að lokinni þessari umr. legg ég til, að málinu verði vísað til 2. umr. og fjhn.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég vildi með fáum orðum þakka hæstv. ríkisstj. fyrir þetta frv. og lýsa fylgi mínu við það.

Á síðasta þingi fluttum við hv. 1. þm. Rang. þáltill., sem gekk í þá átt, að hafinn yrði undirbúningur að stofnun námslánasjóðs. Skömmu eftir þingbyrjun í haust endurfluttum við þessa till. okkar án þess að vita, að stúdentar höfðu þá undirbúið frv. það, sem hæstv. menntmrh. leggur nú fram á þskj. 278. Á þessu frv. og þáltill. okkar hv. 1. þm. Rang. er samt sá munur, að í till. okkar var gert ráð fyrir því, að sjóðurinn næði til stúdenta, sem nám stunda við erlenda háskóla, en samkv. frv. ríkisstj. á starfssvið sjóðsins eingöngu að vera bundið við Háskóla Íslands. Ég tel hins vegar, að hér sé um svo gott mál að ræða, að það sé til ills eins að bera fram brtt. um að víkka starfssvið sjóðsins, þar sem það mundi ef til vill verða til þess að tefja málið, og sjáum við 1. þm. Rang. ekki ástæðu til, að tillaga okkar verði afgreidd, fyrst svona er komið. Ef þetta frv. gefur góða raun, þá mun síðar verða tími og tækifæri til að auka starfssvið sjóðsins. Ég vil því lýsa fylgi mínu við þetta frv. eins og það er borið fram, og ég tek undir það með hæstv. menntmrh., að það er miklu heppilegra fyrirkomulag að geta fengið þessi lán heldur en að fá ófafturkræfan styrk. Ég tel því, að hér sé um hið mesta og bezta mál að ræða.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég er sammála hv. 3. landsk., að það er full ástæða til að athuga, hvort ekki ætti að hafa þann hátt á, að fé því, sem stúdentum er árlega veitt sem styrkur til að stunda nám erlendis, verði komið í svipað horf og gert er í frv. þessu. Ég er að láta athuga þetta mál lítils háttar, og það getur verið, að ég beri fram brtt. við orðalag þessa frv. til þess að koma því á rekspöl og undirbúa það. Mér hefur skilizt það á þeim stúdentum, sem hafa með þetta mál að gera, að þeir leggi áherzlu á, að þessi sjóður sé eingöngu fyrir stúdenta, sem nám stunda við Háskóla Íslands.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 278, n. 436, 303).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. Þetta frv. mun vera samið af stúdentaráðinu og er flutt af hæstv. menntmrh. Fjhn. hefur orðið sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt, en hefur ekki tekið afstöðu til þeirrar brtt., sem fyrir liggur, þar sem ætla má, að skammt sé til þingslita og n. óttast, að breyt. geti orðið til þess að tefja málið.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Hv. fjhn. hefur nú skilað áliti um frv. til l. um lánasjóð stúdenta, og hv. frsm., hv. þm. V-Ísf., hefur lýst yfir því, að n. mæli með frv. óbreyttu, en hafi ekki tekið afstöðu til brtt. á þskj. 303 um, að framlag ríkissjóðs verði hækkað úr 300 þús. í 500 þús., þar sem n. telji hættu á því, að breyt. á frv. muni tefja framgang málsins.

Þar sem komið hefur í ljós í umr. við hæstv. fjmrh., að hann er andvígur þessari hækkun, má gera ráð fyrir því, að till. gæti orðið til þess að tefja málið, þar sem langt er liðið á þingtímann, og þess vegna munum við flm. taka till. til baka. Ég vil þó segja frá því með fáum orðum, hvers vegna við berum till. fram.

Því hefur verið lýst af hæstv. menntmrh., hve nauðsynlegt það er, að lánasjóður stúdenta taki

til starfa til þess að hjálpa stúdentum og að skynsamlegra sé að gera það með námslánum með góðum kjörum en með óendurkræfum styrkjum á fjárl., eins og áður hefur verið. Ég er hæstv. ráðh. sammála um þetta og tel þessa hugmynd heppilegri en styrkjaleiðina. Stúdentaráðið fór í fyrstu fram á, að framlag ríkissjóðs til lánasjóðs yrði 250 þús. kr. á ári í 30 ár og að ríkið ábyrgðist allhátt lán, 2.5 millj. kr. Síðar var þessu breytt af stúdentaráði og gert ráð fyrir því, að framlag ríkisins yrði 500 þús. kr. á ári í 25 ár og að ríkið ábyrgðist ½ millj. kr. lán til sjóðsins. Með þessu móti voru taldar meiri líkur á því, að sjóðurinn gæti tekið fyrr til starfa með fullum krafti, því að erfitt er nú að fá lán og vextir eru háir. — Ástæðan til till. okkar hv. þm. Ak. var sú, að við vildum, að sjóðurinn gæti tekið til starfa strax af fullum krafti. Til þess að tefja ekki málið höfum við þó ákveðið að taka till. aftur, en það er gert í trausti þess, að sjóðurinn fái nægileg lán nú þegar, svo að hann geti tekið til starfa af fullum krafti. Takist það ekki, verður að endurskoða málið á næsta þingi. Margir hv. þm. hafa tjáð mér, að þeir væru till. okkar meðmæltir, þó að þeir óskuðu, að hún væri tekin aftur nú. Treysti ég á stuðning þeirra á næsta þingi, ef endurskoðun reynist nauðsynleg.

ATKVGR.
Brtt. 303 tekin aftur.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 45. fundi í Ed., 17. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., 10. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 278, n. 554).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Þetta frv. er stjfrv. og er breyt. á fyrirkomulagi, sem verið hefur um styrkveitingar til stúdenta við Háskóla Íslands. Áður hefur því verið þannig fyrir komið, að þeim styrkjum, sem veittir hafa verið stúdentum við háskólann, hefur háskólaráð skipt á milli deildanna, síðan hafa prófessorar deildanna skipt honum milli nemendanna í hverri deild. Afleiðingin varð svo sú, að fámennari deildirnar báru minni hlut frá borði en þær, sem fleiri voru í. Þar að auki getur kennurum verið minna kunnugt um aðstöðu nemenda heldur en ef fulltrúar bæði frá kennurum og nemendum kæmu sér saman um að skipta styrkjunum. Það vildi oft verða svo, að það væri gengið fram hjá nemendum með styrk, jafnvel þótt þeir væru fátækir og efnilegir námsmenn, ef þeir gátu ekki sótt vel kennslustundir af einhverri ástæðu, en lögðu þó rækt við námið. Það, sem mestu varðar við frv., er, að ekki er lagt til, að veittir verði styrkir, heldur leggi ríkið fram 300 þús. kr. á ári um 25 ára bil í lánasjóð, og er ekki um styrk að ræða, heldur lán, sem námsmönnum er lánað á námsárunum og nokkur ár eftir þau.

Auðvitað mun það fara svo, að einhver misbrestur verður með greiðslur þessara lána. Það verða einhverjir, sem erfitt munu eiga með endurgreiðslur þessar, og verða hjá þeim greiðslur í baugabrotum. Aftur eru aðrir stúdentar, sem koma til með að geta orðið efnaðir menn og munu þá ekki eiga erfitt með endurgreiðslur lánanna frekar en ýmsir iðnaðarmenn, sem verða að taka lán meðan á námi þeirra stendur, en endurgreiða þau svo aftur, þegar þeir eru komnir í ríki sitt.

Aftur á móti er það ljóst, að eins og nú er þessu háttað, verður ríkið á hverju ári að leggja kvartmilljón í þessa styrki, sem ekki eru endurkræfir, og verður hagkvæmara fyrir það að leggja 300 þús. kr. í þennan sjóð í 25 ár og vera þar með laust við allar styrkveitingar, og verður að gera ráð fyrir því, að það sé hagur ríkissjóðs, að þetta fyrirkomulag komist á. Og eftir því sem nefndarmönnum virtist, þá væri það bæði til að bæta form þessarar aðstoðar og fjárhagslegt gagn hennar, að þetta frv. yrði samþykkt eins og það nú liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Ed., 11. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 589).

23. Áfengislög.

Á 3. fundi í Ed., 4. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 33 9. jan. 1935 [19. mál] (stjfrv., A. 19).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Eins og hv. þm. muna, þá var á stríðsárunum heimild í l. til þess að brugga og selja öl til brezka setuliðsins, sem þá dvaldist hér. Nú, þegar erlent varnarlið er komið til landsins, þótti eðlilegt, að sams konar heimild yrði veitt. Við athugun kom í ljós, að gamla heimildin nægði ekki, og því þótti rétt að veita þessa heimild með þeim hætti, sem gert er í þeim brbl., sem hér er leitað staðfestingar á. Hins vegar hygg ég, að enn þá hafi ekki orðið úr þessari framleiðslu eða framkvæmdum.

Þar sem þetta mál varðar aðeins tiltekinn hluta áfengislaganna, en ekki áfengislögin öll, og hér er nánast um iðnaðarframleiðslu að ræða innanlands, sem þó ekki kemur borgurum landsins beinlínis til nota, þá þykir mér eðlilegast að vísa málinu til hv. iðnaðarnefndar.

Haraldur Guðmundsson: Ég skal ekki gera neina breyt. við það, að þetta mál fari til iðnn., þó að ég geti ekki neitað því, að ég lít svo á, að hér sé spor stigið til breytinga á áfengisl., sem styður að því, að hér verði framleitt sterkara öl en áður. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh. að því, hvort engin fyrirmæli eru um það, hve sterkt þetta öl megi vera. Ég tel, að hér sé um varhugavert mál að ræða, sem vel þurfi að athuga í n., en ég skal ekki leggja á móti því, að það fari til iðnaðarnefndar.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég bið afsökunar á því, að ég hef ekki við höndina þær reglur, sem um þetta eru settar, og hef ekki í höfðinu einstök atriði úr þeim fyrirmælum. Ég held hins vegar, að reynslan á stríðsárunum hafi sýnt, að hér geti naumast verið um hættulegt fordæmi að ræða. Það átti sér þá stað öll þau ár bruggun á öli með sama eða svipuðum hætti og hér er ráðgert, og ég held, að það hafi alls ekki komið út á meðal Íslendinga, a. m. k. varð ég þess ekki var. Og í þeim deilum, sem orðið hafa um sjálft ölmálið, hef ég aldrei heyrt þess getið, að sérstaklega hafi verið vitnað í þetta. Hér er nánast eingöngu um að ræða gjaldeyrisöflun af hálfu Íslendinga, og þess vegna finnst mér þetta nánast iðnaðarmál. Hvort menn vilja leyfa þetta eða ekki, það er komið undir ýmsum atriðum, og í sjálfu sér legg ég ekki mikið upp úr því, en það var álit okkar í ríkisstj., að það þyrfti að hafa sams konar heimild og fyrr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til iðnn. með 9 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., 4. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 19, n. 484).

Frsm. (Gísli Jónsson): Þetta frv. hefur legið lengi hjá iðnn. Því var útbýtt 4. okt. s. l. og sent til n. sama dag. Tók n. það strax fyrir á fundi og boðaði á fundinn menn frá Félagi íslenzkra iðnrekenda. Óskuðum við eftir skriflegri staðfestingu á svörum þessara manna, og vil ég leyfa mér að lesa hér upp bréf frá þessum mönnum frá 10. okt. s. l., með leyfi hæstv. forseta. Bréfið hljóðar svo:

„Formaður iðnaðarnefndar hv. Ed. Alþ., hr. Gísli Jónsson, hefur snúið sér til félags vors með nokkrar fyrirspurnir varðandi framleiðslu á sterku öli innanlands í tilefni af frv. því til breyt. á áfengislögum, er nú liggur fyrir Alþ. Eftir nánara viðtal milli formanns yðar annars vegar og hr. Tómasar Tómassonar, forstjóra Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson, og framkvæmdastjóra félags vors, Páls S. Pálssonar, hins vegar, viljum vér leyfa oss að senda hv. iðnn. nokkrar athugasemdir varðandi þetta þingmál.

1. Árin 1941—46 framleiddi Ölgerðin Egill Skallagrímsson h/f sterkt öl fyrir brezka setuliðið hér á landi. Ótti um það, að þessa öls yrði neytt af Íslendingum, reyndist með öllu ástæðulaus, því að þess var stranglega gætt af öllum aðilum, að herinn einn neytti þess. Það skal sérstaklega tekið fram, að ameríska setuliðinu var ekki selt öl á þessu tímabili. — Brezka setuliðið gerði engar athugasemdir vegna verðsins á ölinu, vegna þess að þarfir þeirra voru svo brýnar fyrir að fá ölið.

2. Á meðan amerísk flugfélög starfræktu Keflavíkurflugvöll, eftir að herinn hvarf þaðan, fluttu þau inn allt það öl, sem þau þurftu til sinna nota, m. a. frá Danmörku, án þess að greiða einn eyri í toll.

3. Eftir að varnarliðið kom, hefur ölneyzlan á vellinum aukizt hröðum skrefum, vegna þess að nú eru fleiri menn þar en í tíð flugfélaganna, en varnarliðið flytur inn ölið erlendis frá, án þess að nokkur eyrir renni í vasa landsmanna vegna þeirrar neyzlu.

4. Eftir að brbl. um framleiðslu á sterku öli til varnarliðsins voru gefin út, hinn 24. maí 1951, hóf ölgerðin framleiðslu á því með sérstöku leyfi dómsmrn., útgefnu 4. júní 1951. Síðan hafa farið fram viðræður milli ölframleiðandans annars vegar og fulltrúa varnarliðsins hins vegar um sölu ölsins til varnarliðsins, að viðstöddum fulltrúa frá utanrrn.

5. Það hefur komið fram í þeim viðræðum, að varnarliðið treystir sér ekki til að greiða hærra verð en það, sem ölið mundi kosta, ef það væri flutt inn frá Ameríku. Þetta jafngildir því, að ekki er hægt að selja varnarliðinu íslenzkt öl á samkeppnisfæru verði, nema sala þess sé undanþegin framleiðslutolli og söluskatti. Það kom fram í fyrrnefndum viðræðum, að varnarliðið á kost á því að fá ölið frá heimalandinu á hagstæðu verði, sem herinn nýtur þar í landi, hagstæðara t. d. en flugfélögin áttu kost á á sínum tíma.

6. Framleiðslutollurinn á hverja flösku var,

meðan sala átti sér stað til brezka setuliðsins árin 1941—46, 7 aurar á flösku, en er nú 58.8 aurar auk söluskatts á bruttóverð frá verksmiðju. Innflutningstollur af hráefni í innihald hverrar flösku er nú um 8 aurar, en var þá aðeins lítið brot af því.

Allar frekari upplýsingar er félag vort reiðubúið að veita, hvenær sem óskað er.“

Það var vegna þessa bréfs, að n. þótti ekki ástæða til að afgreiða málið, nema full vissa fengist fyrir því, að ríkissjóður fengi jafnmiklar tekjur af þessu öli og af bruggun óáfengs öls. Fyrir áramót var n. tilkynnt frá ríkisstj., að það væri næstum því sama, hægt væri að framleiða öl á því verði, að ríkissjóður fengi jafnmiklar tekjur af þessu öli og af því öli, sem nú er bruggað í landinu. Það eru nú 58.8 aurar á flösku auk söluskatts. Með því að upplýst er, að ríkissjóður getur fengið þessar tekjur, leggur n. til, að frv. verði samþ. óbreytt. Væri ekkert vit í því að minnka framleiðslu á óáfengu öli, ef það ætti að kosta, að tekjur ríkissjóðs minnkuðu við það, en framleiða svo öl, sem ríkissjóður fengi ekki eins miklar tekjur af.

Sé ég svo ekki ástæðu til að ræða þetta mál nánar. Vil ég þó geta þess, að 6. des. s. l. kom annað bréf frá viðkomandi aðilum og er þar ítrekuð ósk um það, að þetta mál verði afgreitt. — N. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Frv. til l. um bruggun áfengs öls hefur oft skotið upp kollinum hér á Alþingi. Nokkrir þm. virðast hafa haft meiri áhuga á því en nokkru öðru að tryggja íslenzku þjóðinni með lögum áfengt öl. Þetta frv. hefur þó ekki náð fram að ganga, og nú er farin sú leið, að hæstv. ríkisstj. hefur sett brbl. um, að brugga megi áfengt öl handa setuliðinu á Keflavíkurflugvelli. Þessi brbl. eru nú til meðferðar hér á Alþ., og er vonazt eftir, að þau verði staðfest eins og önnur brbl. Nú hefur komið í ljós við athugun n., að það virðist vera mjög vafasamt, hvort ríkissjóður fær jafnmiklar tekjur af framleiðslu þessa áfenga öls eins og af bruggun óáfengs öls. Það mun þó fyrst og fremst hafa verið ætlunin, að ríkissjóður fengi af þessu auknar, en ekki minnkaðar tekjur, geri ég ráð fyrir. Svo hefur a. m. k. verið látið í veðri vaka af þeim, sem hafa haft mikinn áhuga fyrir bruggun áfengs öls, að það mætti fá af því jafnmiklar tekjur í ríkissjóð og af hinu ölinu og mætti jafnvel gera það að útflutningsvöru. Var þetta byggt á því, hve íslenzkt vatn virtist vel til þess fallið að vera meginkjarninn í slíkum drykk. Nú hefur fengizt sú reynsla, að það er erfitt að framleiða áfengt öl hér, sem er samkeppnisfært og sölufært til drykkjar hér innanlands, hvað þá heldur ef ætti að leggja á það flutningskostnað til annarra landa. N. telur sig þó hafa fengið vitneskju um, að þeir samningar hafi verið gerðir, að mögulegt verði að framleiða þetta áfenga öl þannig, að það verði ekki dýrara en erlenda ölið. Einnig, að tryggt verði, að ríkið fái jafnmiklar tekjur af framleiðslu þess og af óáfenga ölinu, þ. e. a. s. öli, sem hefur minna en 2¼% vínanda.

Mér hefur verið tjáð, en veit þó ekki á því fullar sönnur, að svo hafi farið, þegar búið var að framleiða nokkuð af þessu öli samkv. brbl., að þá hafi strandað á afsetningarmöguleikum til hermannanna á Keflavíkurflugvelli og verulegu magni af ölinu verið hellt niður. Mér er nær að halda, að þetta sé satt. — Svona fór nú um þessa fyrstu sjóferð. En nú á að vera búið að ákveða þetta þannig, að ekki á að bera í milli um verðlag og ríkissjóður á að fá af því jafnmiklar tekjur og hann hefur haft af óáfengu öli, sem hefur verið framleitt. Ég sé enga ástæðu til að staðfesta þessi brbl., því að engar upplýsingar liggja fyrir um, að ríkissjóður fái auknar tekjur við það.

Ég skal ekki fjölyrða um þetta mál, en ég segi það strax, að ég er andvígur þessu máli og legg til, að þessi brbl. verði felld, þar sem engin frambærileg ástæða hefur verið borin fram þessu máli til stuðnings. Þó að tilgangur l. sé aðeins að heimila ölframleiðslu handa erlendum her og Íslendingar neyti þess ekki, þá er ekki alveg öruggt að treysta því, að þessi lög verði ekki brotin. Að vísu var áfengt öl framleitt á stríðsárunum, og í upplýsingum er svo til tekið, að það hafi ekki borizt til Íslendinga. En það er aðeins komið undir trúnaði þeirra manna, sem starfa að þessari framleiðslu, hvort vel tekst til eða ekki, en eitt er víst, að fast verður sótt að komast í þennan drykk, ef hann verður framleiddur hér. Ég held, að það væri meiri ástæða til að setja lög til að sporna við áfengisbölinu í landinu heldur en hjálpa til við að auka á það. (**JJós:** Eftir fenginni reynslu hefur ölið alls ekki gert það.) Sú reynsla nær nú ekki til framtíðarinnar og gefur því ekki fulla tryggingu fyrir því, að svo verði ekki. Ég held, að það sé ekki óeðlilegt, þó að menn segi, að hér sé farið inn á hættulega braut. Máltækið segir: „Af mjóum þvengjum læra hundarnir að stela,“ — og má heimfæra það upp á þessi lög eða segja, að með þessu frv. sé verið að bjóða skrattanum litla fingur, og hann tekur alla höndina.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Eins og tekið er fram í nál. frá iðnn., var ég ekki mættur á þeim fundi, sem málið var endanlega afgreitt á. Hef ég því ekki skrifað undir nál. Hins vegar var ég á fundi, þegar málið var fyrst rætt í n., skömmu eftir að það kom fram. Á þeim fundi gat ég ekki betur séð en allir nm. væru sammála um, að í raun og veru væri enginn fjárhagslegur grundvöllur fyrir framleiðslu þessa öls, sem hér er talað um og selja á setuliðinu á Keflavíkurflugvelli. Mér virtist þá sem öll n. væri sammála um, að engin ástæða væri að samþ. þetta frv. Ég furða mig því mjög á því, að allir nm. hafa orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ., og ekki sízt eftir þá reynslu, sem hv. síðasti ræðumaður, hv. 6. landsk. þm., benti á að fengin væri, þar sem verulegu magni af því öli, sem búið var að framleiða, hafi verið hellt niður. Því hefur verið haldið fram opinberlega, og ég hef ekki séð því mótmælt og geng því út frá, að það sé rétt. Ég er því á sama máli og hv. 6. landsk. þm., að það er engin ástæða til að setja lög, sem heim-

ili slíka framleiðslu. Í fyrsta lagi er engin ástæða til þess, og í öðru lagi hefur ekki komið neitt það fram, sem bendir til, að fjárhagslegur ávinningur verði við þetta. Fyrst og fremst er það enginn ávinningur fyrir ríkissjóð, því að mér hefur skilizt, að það eigi ekki að framleiða það sem öl almennt, því að ríkissjóður gefur eftir framleiðslutollinn. Mér hefur einnig skilizt, meðal annars af bréfi og viðræðum við forstjóra þessarar ölgerðar, að ölgerðin hafi engan fjárhagslegan hagnað af þessu, nema hún fái sérstakar ívilnanir og geti þess vegna keppt við þá drykki, sem setuliðið getur fengið. Af þessu er því enginn fjárhagslegur hagnaður. Mun ég því hafa sömu afstöðu og áður og er á móti því, að frv. verði samþ.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. þetta kemur ekki almennri ölframleiðslu hér á landi neitt við. Það er allt annað mál og er þessu máli á engan hátt tengt. Kemur það líka mjög berlega fram í sögu þeirri, sem tveir síðustu ræðumenn hafa sagt um það, að ölinu hafi verið hellt niður. Ég sá þessa sögu í Þjóðviljanum, og er ekki hægt að leggja dóm á, hvort hún er sönn. Það kann að vera, að hún sé sönn, og það kann að vera, að hún sé ósönn. (HV: Það hefur ekki verið borið á móti henni.) Það eru líkur til, að hún sé ósönn, af því að hún birtist í Þjóðviljanum, en þó ratast oft kjöftugum satt á munn. En ef svo einkennilega vildi til, að hún væri sönn, þá er það bending um það, að hinum þorstlátu mönnum takist ekki að ná í hinn dýrmæta mjöð í þetta sinn og það hafi einmitt tekizt, sem bæði var lofað af hálfu verksmiðjunnar og eftirlitsmannanna, að sjá til þess, að þessi drykkur kæmist ekki í hendur annarra en þeirra, sem hann var framleiddur vegna. En þó að þessi hv. þm., sem fyrstur reifaði þetta hér, sé á móti frv. þm. N-Ísf. og finnist þess vegna, að hann verði að vera á móti áfengu öli, af því að hann flutti frv. um bruggun áfengs öls á Íslandi, finnst mér engin ástæða til, að hann sé á móti þessu. Þetta kemur Norður-Ísafjarðarsýslu og Sigurði Bjarnasyni ekkert við. En það er ljóst, að hv. 6. landsk. þm. hefur algerlega misskilið málið. Það væri alveg ástæðulaust að samþ. þetta frv., ef það væri hvorugt fyrir hendi, að íslenzk framleiðsla og þar með verksmiðjan hefði hagnað af framleiðslunni né heldur hefði ríkissjóður hagnað af framleiðslunni, vegna þess að það ætti ekki að greiða skatt af henni, sem rynni til ríkissjóðs. Þetta, sem þeir fullyrða, mundi því aðeins standa, ef sú ölframleiðsla, sem hér um ræðir, yrði til þess að koma í veg fyrir, að framleitt yrði öl handa Íslendingum, sem full skattgjöld yrðu greidd af, en engin skattgjöld af þessu öli, sem er framleitt handa varnarliðinu. Nú hefur frsm., hv. þm. Barð., þegar skýrt frá því, að meiri hl. n., þ. e. a. s. allir þeir nm., sem viðstaddir voru á fundi, styðji þetta frv. því aðeins, að skattur fáist af ölinu, sem er sambærilegur við þann skatt, sem fæst af öli, sem Íslendingar neyta sjálfir og þeim er löglega selt til neyzlu. Úr því að frv. nær stuðningi n., nær það þar með væntanlega samþykki þingsins, en þó því aðeins, að þetta sé tryggt. Ég lýsi því yfir sem ráðh., að ef það kemur undir mig að samþykkja málið, mun ég ekki samþykkja það, nema fullkomin skattgreiðsla sé tryggð, sem ég tel sjálfsagt að sé tryggð samkv. eðli málsins. Það er því alveg öruggt, að skattgreiðsla af ölinu verður tryggð, svo framarlega sem ölið verður selt lögum samkvæmt.

Þá gætti einnig nokkurs misskilnings hjá hv. þm. Barð., þar sem svo var að skilja af hans ræðu, að hann teldi, að þessi framleiðsla mundi draga úr framleiðslu annars öls. En þetta er alls ekki svo vaxið. Ég hygg, að geta ölverksmiðjunnar hér til að framleiða sé miklu meiri en nú kemur fram, þar sem nú er framleitt öl til sölu innanlands. Eftir þeim fregnum, sem ég hef af þessu, er það öruggt, að hér verður um umframframleiðslu að ræða. Mundi þessu fylgja aukin atvinna fyrir verkamenn, sem að þessu vinna, aukinn rekstur verksmiðjunnar og auknar tekjur hennar og þar að auki auknir beinir skattar til bæjar og ríkis. Þannig er það greinilegt, að af þessari framleiðslu mundi leiða margvísleg fjárhagsleg hlunnindi fyrir einstaklinga og almenning. Ég hygg, að hið lítið ágæta blað Þjóðviljinn, sem sagði, að ölinu hefði verið hellt niður, hafi það sem aðalásökunarefni, að ekki hafi tekizt með þessu móti að auka atvinnu á þann hátt, sem til var ætlazt, og verður þetta ekki skilið á annan veg en þann, að það væri sakir aumingjaháttar yfirvaldanna, að þessi atvinnubót kom ekki fram. Voru mörg önnur orð þar sögð, en ekki þarf að eyða miklum tíma í að svara þeim.

Það eru undarlegar þær forsendur, sem hv. þm. hafa fært hér fram máli sínu til stuðnings, og fá þær ekki staðizt. Það er augljóst, að ef þetta öl verður framleitt, leiðir af því margvísleg fjárhagsleg hlunnindi fyrir Íslendinga. Þarf ekki að rökstyðja það frekar, enda tel ég þetta ekki neitt stórmál, og mun litlu skipta, hvernig um það fer. En samt sem áður tel ég, að þar sem ljóst er, að þetta mun örugglega verða til atvinnuaukningar og fjárhagslegs hagnaðar fyrir ríkissjóð og einnig fyrir bæjarsjóð og til nokkurs gagns fyrir fyrirtækið, sem hlut á að máli, þá getum við okkur að meinlausu veitt þessa heimild, og tel ég, að rétt sé að veita hana. En ef hv. þm. sjá einhverja annmarka á þessu, þá legg ég ekki kapp á, að frv. nái fram að ganga. Og ef af þessu er ekki sá fjárhagslegi hagnaður, sem við gerðum ráð fyrir og byggðum brbl. á, þá finnst mér síður en svo sjálfsagt, að frv. nái fram að ganga, og tel réttast, að frv. dagi uppi. Ég mundi vissulega ekki styðja að framgangi þessa máls, nema full skattgreiðsla af ölinu væri tryggð. Kemur ekki til mála, að nein eftirgjöf á slíkum skattgreiðslum verði veitt, þó að hún yrði til þess að gera mögulega sölu á öli, ef hún er ekki mögulegt með öðru móti.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þær upplýsingar, sem hann gaf í sambandi við skattgreiðslur af ölinu. Það er áreiðanlegt, að sá hluti n., sem

afgreiddi málið, gekk út frá, að þessi heimild væri bundin því skilyrði, að ríkissjóður fengi jafnmiklar tekjur af þessu áfenga öli og hann fær af því öli, sem framleitt er til innanlandsneyzlu. Nm. var vel ljós nauðsyn þess, að þetta skilyrði yrði sett. Í bréfinu frá 6. des. er óskað eftir því, að þetta frv. verði að lögum, og því lýst yfir, að komizt hafi verið að samningum við hið erlenda setulið og muni hægt að selja því þessa framleiðslu á því verði, sem nauðsynlegt er, þegar reiknað er með þeirri tollagreiðslu, sem af ölinu greiðist.

Út af þeim orðum hæstv. dómsmrh., að það væri misskilningur hjá mér, að þessi framleiðsla yrði til að draga úr framleiðslu annars öls handa Íslendingum, þá vil ég skýra frá því, að ég ræddi þetta atriði við framleiðendurna, og þeir sögðu, að á þessu stigi málsins væri engin hætta á, að framleiðsla þessa öls yrði til að draga úr framleiðslu ölsins, sem fer á innlendan markað; afkastamöguleiki verksmiðjunnar væri svo mikill. Það er alveg rétt hjá hæstv. dómsmrh., að það gætu orðið auknar tekjur af þessari framleiðslu, jafnvel þó að ekki væru greiddir af því jafnháir tollar og af hinu ölinu. N. vildi setja undir þann leka og fyrirbyggja, að slíkt ástand skapaðist, að draga yrði úr framleiðslu öls, sem fullir skattar væru borgaðir af, meðan haldið væri áfram að framleiða öl, sem ekki væru borgaðir fullir skattar af.

Hvað viðvíkur aths. hv. 4. landsk. þm., þá er hún byggð á misskilningi, sem stafar af því, að hann var ekki með í afgreiðslu málsins, sem ég skýrði frá í minni frumræðu. Ég skýrði í henni, hvernig þessi mál lágu fyrir, að iðnrekendur óska þess, að þetta frv. verði afgreitt, þó að þeir verði að greiða toll af þessu öli. Þá er rangt að telja, að ríkið hafi engar tekjur af þessu; af þessu skapast einmitt aukatekjur fyrir ríkissjóð.

Hvað snertir aths. hv. 6. landsk. þm., þá var hann þar að blanda saman tveimur óskyldum málum. Þetta öl er ekki framleitt fyrir innlenda neyzlu, og það er sannanlegt, að því hefur ekki verið hellt niður. Það var talin fjarstæða í n. að setja nokkuð um framleiðslu á öli handa landsmönnum almennt, og n. vildi ekki hafa neinar undantekningar þar um, og það hefur aldrei hvarflað að neinum nefndarmanna að taka neitt inn um það.

Um það, að þarna hefði verið hellt niður öli, þá er það að segja, að **við höfðum nú heyrt** þetta eftir Þjóðviljanum og höfðum þess vegna rætt um það við forstöðumenn þessarar stofnunar, og þeir töldu það vera fjarstæðu, að nokkuð slíkt hefði átt sér stað. Hitt sögðu þeir, að það væri ekki enn að fullu ráðið, hvort tækist að selja, en það mun nú hafa tekizt. **(Dómsmrh.:** Ég er ekki viss um, að það hafi enn tekizt, og það er ekki vist nema einhverju hafi verið hellt niður.) Ja, því var neitað af framleiðendunum 10. okt. s. l. Hins vegar þarf ekki að vera að tala um það, að þessu hafi verið hellt niður. Það er svo heimskulegt að láta sér detta það í hug, að nokkur framleiðandi hefði gert það. Ætli það hefði ekki mátt blanda það, þangað til það var hæft til innanlandsneyzlu?

Sá hagnaður, sem ríkið kemur til með að hafa af þessari sölu aukalega, er sá, að það tekur 58.8 aura af flösku plús söluskatt, sem er fram yfir það, sem væri, ef þetta væri selt til Íslendinga. Í öðru lagi fæst þetta borgað í erlendri mynt, sem ekki er hægt að neita, að eru tekjur út af fyrir sig. Þar að auki veitir þetta nokkra aukna vinnu til iðnverkafólks, sem sagt er að hafi verið fækkað um 80% og hv. 6. landsk. þm. hefur ekki virzt vera ánægður yfir. Og mér finnst, að það ætti sízt að sitja á honum, þó að reynt væri að auka eitthvað vinnu í iðnaðinum. En það virðist vera fyrir fram ákveðið hjá honum að vera á móti öllu, sem ríkisstj. kann að koma fram með.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þetta mál nánar að sinni. Þær aðfinnslur, sem fram hafa komið, eru byggðar á misskilningi. Þessi framleiðsla færir okkur auknar tekjur, og það er fyllilega tryggt, að þetta öl verður einungis selt til útlendinga og verður alls ekki látið ganga til Íslendinga sjálfra.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil með nokkrum orðum gera grein fyrir minni afstöðu til þessa máls. Ég er því fylgjandi, þar eð þetta öl er ekki ætlað Íslendingum, og af fenginni reynslu er ekki mikil hætta á, að það muni leka mikið út til Íslendinga. Á fyrsta fundi n. virtist svo sem ekki væri hægt að selja það til útlendinga, og var ég þá á alveg sama máli og hv. 4. landsk. þm., að ekki kæmi til mála að leyfa að selja það á lægra verði, og ég mun ávallt verða á móti því. En eftir þær upplýsingar, að samkomulag hefði orðið við varnarliðið um, að það keypti þessa framleiðslu, og hægt væri að bæta við nokkru fólki í verksmiðjuna til að framleiða þetta umfram það, sem framleitt er til landsmanna sjálfra, þá gat ég fallizt á málið á þeim grundvelli, þar sem séð var, að ekki var hætta á, að það færi til Íslendinga, og það mundi færa ríkinu nokkrar auknar tekjur. Af þessum orsökum var ég með málinu, og ef þær forsendur hefðu ekki verið fyrir hendi, þá hefði ég ekki verið með því og mun aldrei verða á öðrum grundvelli.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hæstv. dómsmrh. vildi láta að því liggja, að ég hefði blandað saman tveimur óskyldum málum. Þetta er alrangt. Ég gat þess, að það hefðu áður verið þm. hér á þingi, sem hefðu haft áhuga á því að koma á bruggun öls fyrir landsmenn sjálfa, og ég blandaði því máli á engan hátt saman við þetta mál, sem er alls ekki hið sama, og ég veit, að þeir eru ekki svo skilningssljóir, að þeir sjái það ekki.

Hins vegar gegnir það furðu, að hv. þm. N-Ísf. skuli hafa barizt svo ákaft fyrir því máli, því að ég veit, að það stafar ekki af því, að hans kjósendur séu svo miklu þorstlátari en aðrir, og ég geri mér það fyllilega ljóst, að þetta mál er flutt á annan hátt og þetta frv. er flutt undir því yfirskini, að þetta öl eigi að vera handa hinu erlenda setuliði. En þarna er verið að rýmka þær hömlur, sem verið hafa á framleiðslu öls hér á landi, og það er sagt, að þegar

skrattanum sé boðinn litli fingurinn, þá taki hann alla höndina. Hér hefur nú litli fingurinn ekki verið tekinn strax, en það mun þá ákveðið að bjóða alla höndina.

Þetta mál er af fylgismönnum þess túlkað sem atvinnubótamál. Það á að veita Íslendingum vinnu til viðbótar því, sem þeir hafa við að brugga óáfengt öl handa landsmönnum sjálfum; þetta er atvinnubótamál. Mér lá nú við að brosa, þegar ég heyrði það. Nú, — og það er meira, það er bjargráð, það er fjárhagslegt hjálpráð fyrir ríkissjóð, það á að bæta úr bæði fyrir bæjar- og ríkissjóði. Þetta er sem sagt atvinnu- og fjárhagsmál. Ég veit ekki, hvort hæstv. ráðh. er góður að blása sápukúlur, en þetta mál er ekki annað en sápukúla, sem hann er að reyna að gera litfallega. Þetta er ekki nein úrbót í atvinnu- eða fjárhagsmálum, eða hvað á það þá að veita mörgum atvinnu, og hvað á það að gefa miklar tekjur í aðra hönd? Það er ekki annað en hjákátlegt að fara inn á þá braut að túlka það þannig. — Þm. Barð. var ekki lengi að taka undir þetta. Hann sagði: 6. landsk. er á móti þessu máli. Hann er á móti aukinni atvinnu og auknum tekjum fyrir ríkið. — Þetta er þvættingur og hvergi boðlegur og sízt í sölum Alþingis. Það verða jafnmargir atvinnulausir, þó að þetta verði samþ., og það veit hv. þm. Barð. eins vel og ég. En ef það skyldi vera, að einhverjir stæðu í þeirri meiningu, að af þessu fengjust auknir skattar, er það þá ekki gefinn hlutur, að af þessum mjóu þvengjum verði þau skæði, að með þeim mætti bæta við nýjum tekjustofnum og auka atvinnulífið? Og ef svo færi, er mér næst að halda, að á næstu fjárlögum yrði nýr liður um tekjur af öli, sem brugga mætti til innanlandsneyzlu. Það er gefinn hlutur, að svona verður afgreiðsla þess.

Það hefur verið falazt eftir að mega brugga öl handa Íslendingum sjálfum, og hv. 1. þm. N-M. vill ekki ljá þessu máli lið nema í þessu formi einu. Það hefur verið falazt eftir að brugga áfengt öl, og reyndar er verið með þessum aðgerðum að opna gáttina, það er verið að rétta alla höndina. Í þessu máli er um meira að ræða en það, hvort leyfa eigi að brugga öl handa setuliðinu. Það er um það að ræða, hvort leyfa eigi bruggun öls í landinu. Þess vegna er þetta svo mjög mikilsvert mál.

Það hefur verið upplýst, að framleiðandinn hefur ekki af þessu auknar tekjur, nema af því séu felldir tollarnir, og svo segir frsm. n., að það sé búið að selja, en ráðh. heldur hins vegar, að það sé ekki búið. Ekki ber þeim nú rétt vel saman, blessuðum. Það er að segja, þarna veður n. í villu og svíma, og ráðh. hefur upplýst, að það er ekki búið að leysa þann hnút, sem n. taldi frumskilyrðið, að leystur væri, til þess að hún gæti fallizt á að leyfa þessa bruggun. Með öðrum orðum, n. ætti að fresta frekari ákvörðun, þangað til ljóst er, hvort samningar takast. Meðan ekki hefur tekizt að selja þessa framleiðslu, þá eru ekki líkur til, að af henni verði atvinnubætur eða auknar tekjur.

Þegar þm. Barð. ætlaði að sanna, að það væri lygasaga, að ölinu hefði verið hellt niður, af því að fréttin hefði birzt í Þjóðviljanum, greip ráðh. fram í fyrir honum og sagði, að það væri ekki víst nema ölinu hefði verið hellt niður. Þ. e. a. s., hann gat ekki sagt á kurteislegri hátt, að ölinu hefði verið hellt niður. Þetta ber allt að sama brunni. Það er enginn möguleiki fyrir framleiðendurna að hefja framleiðslu þessa öls, fyrr en tekizt hefur að semja við setuliðið. Með því eru færðar óyggjandi sannanir fyrir því, að af þessu getur ekki orðið fjárhagslegur styrkur fyrr. Og ég vil leyfa mér að spyrja hv. frsm. n., hann getur svarað því hér á eftir: Hvað mikil fjölgun mun verða hjá Ölgerðinni Egill Skallagrímsson á verkamönnum, ef af þessu verður, og hvað miklar auknar skatttekjur mun þetta gefa? Þetta eru þau grundvallaratriði, sem við hljótum að verða að vita.

Það er meining stuðningsmanna þessa máls að fleyta því í gegn undir því yfirskini, að það sé atvinnubótamál og skapi auknar tolltekjur fyrir ríkissjóð og þetta sé mikið atvinnuspursmál og fjárhagsspursmál. Ég skal játa, að það mundu renna á mig tvær grímur, ef þetta mundi veita mörgum tugum verkamanna atvinnu og mörgum tugum milljóna í bæjarsjóð. En ég hef trú á, að það verði svipað með þetta og sápukúlur ráðh.

Ég veit, hvers eðlis þetta er. Það á að fá þetta í gegn í saklausu formi sem lagaákvæði um, að selja megi þetta setuliðinu; þó segir einungis, að ríkisstj. sé heimilt að leyfa bruggun handa hinu erlenda setuliði, en það segir ekkert um það, að ekki megi selja það Íslendingum sjálfum. (BSt: Það er í öðrum lögum.) Nú, — ekki verður það ráðið af þessari lagagr. Það er einungis tekið fram, að leyfilegt sé að búa til öl handa hinu erlenda setuliði, en ekkert tekið fram um, hvað það megi vera sterkt né hvort ekki megi selja það öðrum. Það má hafa meira en 2¼% áfengismagns af innihaldi, en hvað mikið, er framleiðandanum í sjálfsvald sett, og mun hugsað, að það megi vera eins sterkt og framast er hægt að hafa öl.

Ég er handviss um, að næsta skrefið verður það, að á næsta Alþingi verður borið fram frv. um, að þessi drykkur skuli framleiddur handa öllum landsmönnum, þar sem hann auki atvinnu og auki tekjur. Þannig verður hægt að gera sápukúluna að bolta úr einhverju haldbetra efni. Þá verður það komið í gegn, sem Jón Auðun dreymdi um, að bruggað yrði áfengt öl handa Íslendingum, og Sigurður Bjarnason hefur síðan tekið upp á sína náðararma.

Og af þeim ástæðum, sem ég nú hef fram tekið, og af því, að þetta hefur enn ekki verið ákveðið við herinn, hvort hann mundi kaupa þessa framleiðslu, og enn fremur af öllum þeim loddaraleik og skinhelgi, sem þetta mál er fram borið með, þá er ég enn meira á móti því en áður.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður tók reyndar af mér ómakið að svara, þar sem hann tók fram flest þau atriði, sem ég ætlaði að minnast lítillega á. Annars ætla ég að benda á það ósamræmi, sem fram kom í ræðum þeirra manna, sem málinu eru fylgjandi. Annað var það, að dómsmrh. tók

fram í sinni framsöguræðu fyrir málinu, að heimildin hefði enn ekki komið til framkvæmda, og jafnframt talaði hann um, að hún mundi aldrei koma til framkvæmda, nema uppfyllt væru viss skilyrði, — þau, að greiddar yrðu af framleiðslunni tolltekjur þær, sem ríkissjóður á að hafa. Jafnframt þessu talaði frsm. n. um, að framleiðsla hefði strax verið hafin, en hins vegar vildi hann ekki heyra, að framleiðslunni hefði verið hellt niður, og gaf í skyn, að samkomulag hefði náðst og þá tollar sennilega greiddir í ríkissjóð. Þetta kemur illa saman og bendir ekki til mikillar alvöru í þessu máli, og virðist skorta haldgóð rök fyrir því, að þessi heimild verði gefin fyrir framleiðslu ölsins.

Meiri hluti n. hefur fært þau rök fyrir málinu, að full trygging sé fyrir því, að greiddur verði framleiðslutollur af þessari framleiðslu, án þess að nokkuð hafi komið fram, í hverju sú trygging er fólgin, öðru en því, að ráðh. lýsti yfir áðan, að hann mundi ekki — eins og hann orðaði það — nota þessa heimild, nema þessi tollgreiðsla fengist. Ég tel þetta samt sem áður ekki nægja tryggingu og það því síður sem enn þá stendur í lagafrv. ákvæði, sem beinlínis er við það miðað, að hafður sé annar háttur á um tollgreiðslu af þessu en því öli, sem ætlazt er til að verði framleitt fyrir Íslendinga. Það stendur hér, að ákveðið skuli með reglugerð, hvaða tollur skuli greiddur af þessu öli. Ég vænti þess, að meiri hl. n. og þeir alþm., sem vilja samþykkja þetta frv. með þeirri forsendu, að greiddur skuli af þessu öli tollur eins og öðru öli, sem hér er framleitt, muni á það fallast að fella þetta ákvæði niður úr gr., og leyfi ég mér því að flytja skriflega brtt. við 1. gr., um að orðin „tollgreiðslu af ölinu“ falli niður. Það stendur hér í 1. gr., með leyfi hæstv. forseta: „Nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, tollgreiðslu af ölinu, sölumeðferð .... má setja með reglugerð.“ Ef það á að vera forsenda fyrir framkvæmd l. og notkun heimildarinnar, að greiddur sé af þessu fullur tollur, þá er engin ástæða til að hafa þessi orð: „tollgreiðslu af ölinu“, — að það sé ákveðið með reglugerð. Ég vildi því leggja til, að þessi orð verði felld niður, og vænti þess, að þeir, sem vilja fylgja málinu með þeirri forsendu, að fullur tollur skuli af þessu greiddur, geti á það fallizt, þannig að ekki sé um að villast, að ekki sé lengur í l. nokkur heimild til þess að falla frá tollgreiðslu af þessu.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt svo hljóðandi brtt. frá hv. 4. landsk. (StgrA): „Við 1. gr. Orðin „tollgreiðslu af ölinu“ falli niður.“

Þessi brtt. er skrifleg og þar að auki of seint fram komin, og þarf tvöföld afbrigði, sem ég leita hér með.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 541) leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég sé nú ekki ástæðu til að ræða mikið um þetta, en vil þó segja nokkur orð um þá till., sem hér er komin fram. Ég get að sjálfsögðu ekkert um það sagt, hvað meiri hl. n. segir um þessa brtt., en ef hv. tillögumaður vill taka hana aftur til 3. umr., skal ég ræða um hana við n. — Mér þykir ákaflega eðlilegt, að þessi till. er komin fram, og liggur fyrir um það fullkomin yfirlýsing frá mér og öðrum nm., að þessa framleiðslu megi ekki selja, nema greiddur sé af henni sami tollur og af annarri ölframleiðslu í landinu, og get ég því lýst yfir fyrir mína parta, að ég get fallizt á till., en get ekki sagt um það fyrir hönd n., nema haldinn verði nefndarfundur. Ég get líka látið mér nægja yfirlýsingu hæstv. ráðh., en ef hv. þd. telur það heppilegra, hef ég ekki á móti því, að þessi till. verði samþ. — Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða um þetta meira.

Ég sé ekki ástæðu til að þvæla mikið við hv. 6. landsk. Hann hefur belgt sig hér upp og rangfært, að hér sé um stórkostlegt fjárhagsmál að ræða. Ég veit ekki, hver hefur haldið því fram, en honum er orðið svo tamt að tvöfalda allar tölur, eins og hann t. d. gerði í sambandi við umr. um fjárl., svo að það er ekki furða, þó að hann haldi þessari stefnu sinni áfram hér nú á hinu nýja ári. Hvorki ég né hæstv. dómsmrh. höfum minnzt hér neitt á það, hve stórkostleg hagnaðarvon þetta væri fyrir ríkissjóð eða bæjarfélögin; það er hugmynd, sem hefur komið fram hjá hv. þm. sjálfum, en ekki neinum öðrum. Svo hefur hann hér í frammi ósæmilegt orðbragð, sem hæstv. forseti raunverulega hefði átt að hringja á hann fyrir. Hér í ekki meira alvörumáli belgir hann sig upp og reynir að hafa á móti þessu máli fyrir pólitíska hagsmuni, en vantar allan grundvöll til þess að geta flutt rök fyrir sínu máli. — Þetta mál er alveg einangrað. Hvað hefur skeð síðan heimildarl. voru sett 1941, annað en það, að þá mátti selja setuliðinu, en nú má selja varnarliðinu? Vill ekki hv. þm. svara því? Hvað er svo þessi hv. þm. að ræða um þessi mál? Hvaða hugmynd er það, að þetta verði einhver voði fyrir íslenzku þjóðina? Slíkt er ekkert annað en bull í sambandi við málið.

Hv. þm. vildi gera ákaflega mikið úr því, að ég hefði sagt, að minnzt hafi verið á það af þm., að rétt væri að setja inn í þetta frv. heimild til að selja ölið innanlands. Það hefur aldrei verið minnzt á það við n. sem slíka, en þm. er kunnugt um það eins og mér, að til eru menn í d., sem telja það ekki neina goðgá, að slíkt öl væri selt innanlands, en það kemur bara ekkert við afgreiðslu þessa máls, og hefur enginn blandað þessu saman nema hann.

Svo spyr hann, hvað þetta þýði mikla fjölgun verkamanna. Ég get svarað því. Það fer eingöngu eftir því, hve mikið magn varnarliðið vill nota, og ágóði ríkissjóðs fer líka eftir því. Ef ekkert öl er bruggað, er uppfyllt ósk þessa hv. þm., en líka ósk hans um það, að hvorki ríki né bær hafi tekjur af því og verkamenn ekki heldur tekjur af því. En hann vill, að það komist bara ekki upp, en í hjarta sínu væri hann ánægður yfir því, ef ekkert öl væri bruggað og bæjarsjóður fengi engar tekjur, verkamenn engar tekjur og ríkissjóður engar tekjur. Og ef

mótstaða hans er slík, að hann geti fengið meiri hl. Alþ. til að ganga inn á slíkt, fær hann óskir sínar uppfylltar í sambandi við málið með því að frv. verður fellt.

Hv. þm. gat einnig um, að það væri ekkert styrkleikahámark í sambandi við bruggunina. Það er alveg rétt, að það er ekkert hámark, enda kemur það ekkert málinu við, þegar ekki á að selja ölið innanlands. En ég get sagt honum, að það er til styrkleikahámark á vínanda um það, hvað hægt er að hafa ölið sterkt til þess að vera undir þeim flokki að heita öl, og upp í það hámark geta þeir náttúrlega farið.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða um þetta mál meir, það liggur alveg ljóst fyrir. Ég hef ekki neina löngun til að þrátta við hv. þm. um það meir. Hann reynir að blanda hér inn í allt öðrum málum, en hefur ekki tekizt frekar en endranær að halda sig að réttum tölum, því að sem sagt, þá hefur þessi freisting komið yfir hann áður, þar sem komið hefur í ljós, að hann hefur tvöfaldað tölur hér í Alþingi.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það fór eins og mig grunaði, að hv. þm. Barð. gat enga grein gert fyrir því, hvaða atvinnubót væri að samþykkt þessa frv., og því síður, hvaða auknar tekjur mundu fljóta í ríkissjóð eða bæjarsjóð. Hitt tekst honum ekki að draga fjöður yfir, að bæði hæstv. ráðh. og hann sjálfur vildu ræða um þetta mál á þeim grundvelli, að þetta væri atvinnubótamál og fjárhagsmál, sem hefði þýðingu. Hæstv. ráðh. talaði um, að af þessu fengist vinna fyrir íslenzkar hendur, sem annars fengist ekki, og auk þess kæmu af þessu skattar til bæjar og ríkis. Engar tölur voru nefndar af honum né mér, svo að allt tal hv. þm. Barð. um rangar tölur af minni hendi er út í hött eins og fleira af hans hendi. Sannleikurinn er sá, að n. hefur ekki fengið öruggar upplýsingar um neina hlið þessa máls, meðan hún hafði það til meðferðar og tók ákvörðun um að mæla með því til samþykktar.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vil aðeins skýra frá því, að eftir því sem mér var þá sagt frá, virtist vera öruggur grundvöllur fyrir því, að þessi framleiðsla gæti átt sér stað, með því samkomulagi, sem fengið var, þannig að ef það stóðst ekki á, er það ekki á neinn hátt sök n. Og eins og ég sagði, verður heimildin ekki notuð, nema því aðeins að þau skilyrði verði fyrir hendi, sem n. hefur byggt á, svo að allar ásakanir á hana eru ástæðulausar.

ATKVGR.
Brtt. 541 tekin aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 7:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BBen, GJ, JJós, KK, PZ, RÞ, BSt.
nei: HV, StgrA.

8 þm. (ÞÞ, BrB, FRV, HG, HermJ, LJóh, SÓÓ, VH) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 8:1 atkv.
3. gr. samþ. með 7:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 7:2 atkv.

Á 55. fundi í Ed., 7. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég ætla aðeins að segja fáein orð út af brtt. frá hv. 4. landsk. þm., sem kom fram í sambandi við þetta mál á síðasta fundi. Iðnn. hefur athugað þetta mál og komizt að því, að ef brtt. verður samþ., án þess að gerð verði á henni önnur breyt., mundi í raun og veru ekki verða greiddur neinn tollur af þessari framleiðslu, því að það er ekki heimilt samkv. lögum að framleiða öl, sem hefur inni að halda meira en 2¼% vínanda. Þar af leiðir, að ekki er ákveðið í l., að greiða skuli toll af öli, sem hefur meira en 2¼% vínanda, en ákveðið, hvaða toll skuli greiða af öli, sem hefur inni að halda minna en 2¼% vínanda. Það var vegna þessa, að n. þótti rétt að bera fram brtt., sem er skrifleg, við frv. og orða 1. gr. um. Meginmálsgr. orðist svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þó skal ríkisstj. heimilt að leyfa tilbúning öls, sem hefur inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli, til að selja hinu erlenda varnarliði hér á landi, enda verði eigi lægri tollar og skattar greiddir af því öli en af öli, sem framleitt er fyrir notkun almennings innanlands. Nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, sölumeðferð, refsingar fyrir brot á þeim fyrirmælum og annað, má setja með reglugerð."

Hér er bætt við „— enda verði eigi lægri tollar og skattar greiddir af því öli en af öli, sem framleitt er fyrir notkun almennings innanlands." Þetta er í samræmi við yfirlýsingu hæstv. dómsmrh. Ákvæði um meðferð l. má setja með reglugerð.

Hv. 4. landsk. þm. var ekki á fundi, þegar ákvörðun var tekin, og hefur hann því ekki verið með í að bera fram brtt., en hún er borin fram af iðnn. Afhendi ég hæstv. forseta hér með brtt. Sé ég ekki ástæðu til að ræða þetta mál nánar, en n. óskar eftir, að frv. verði að öðru leyti samþ. óbreytt.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt skrifleg brtt. frá iðnn. Brtt. er skrifleg og of seint fram komin, og þarf tvöföld afbrigði.

ATKVGR.
Afbrigði um brtt. (sjá þskj. 547) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Að efninu til er ekkert við þessa brtt. að athuga. Að vísu tel ég hana óþarfa eftir þær upplýsingar, sem hér hafa verið gefnar. En mér líkar ekki orðalag þessarar brtt. og vildi því gjarnan eiga þess kost að víkja því lítillega við, ef ég mætti biðja um frest í því skyni.

Umr. frestað um stund, en var fram haldið síðar á sama fundi.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Hæstv. dómsmrh. lýsti yfir, að hann hefði efnislega samþ. skrifl. brtt., sem ég lagði fram fyrir hönd n., en segir hins vegar, að ekki sé ástæða til að setja þetta inn, eftir að hann hefur gefið sína yfirlýsingu á síðasta fundi. En hann óskar eftir nokkurri orðalagsbreyt. á till., sem ekki breytir efni hennar. Vil ég lýsa yfir því, út af orðum hæstv. ráðh., sem kom einnig greinilega fram í n., að ekki sé bein ástæða til að gera þetta, eftir að hæstv. ráðh. hefur gefið sína yfirlýsingu, og þessi brtt. er engan veginn borin fram sem neitt vantraust á hæstv. ráðh. í sambandi við þetta mál. En það þótti hins vegar réttara að kveða á um þetta í l., úr því að það kom fram hreinn vilji í d., að þetta skyldi vera þannig, því að ekki er vitað, hvenær skiptir um ráðherra á voru landi, Íslandi. Ég hef nú haft tækifæri til að bera mig saman við ráðh. um breyt., og það er samkomulag við hann og n. um, að svofelld brtt. verði borin fram, með leyfi hæstv. forseta:

„Við 1. gr. Meginmálsgreinin orðist svo:

Þó skal ríkisstj. heimilt að leyfa tilbúning öls, sem hefur inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli, til að selja hinu erlenda varnarliði hér á landi, enda verði tollar og skattar greiddir af því öli eftir sömu reglum og gilda um annað öl, sem framleitt er í landinu. Nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, sölumeðferð, refsingar fyrir brot á þeim fyrirmælum og annað, má setja með reglugerð."

Efnislega er þessi brtt. nákvæmlega eins, en orðalagið nokkuð annað. Leyfi ég mér að bera þessa brtt. fram, en tek aftur þá brtt., sem ég lagði fram áðan.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 548) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 541 og 547 teknar aftur.

— 548 samþ. með 11:1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 11:2 atkv. og afgr. til Nd.

Á 30. fundi í Sþ., 9. jan., var frv. útbýtt frá Nd. eins og það það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 550).

Á 55. fundi í Nd., 10. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. þetta er staðfesting á brbl., sem gefin voru út s. l. vor, þess efnis, að leyft væri að brugga og selja til hins erlenda varnarliðs, sem hér dvelst, sterkari bjór en leyft er að framleiða til innanlandsneyzlu. Það var tilsvarandi heimild, sem var veitt meðan styrjöldin stóð til handa brezka setuliðinu, sem hér dvaldist. Að athuguðu máli var talið, að sú heimild væri ekki fullnægjandi til þess, að hægt væri að brugga bjór handa því erlenda varnarliði, sem nú dvelst hér. Og þar sem þannig er litið á, að um nokkra atvinnu sé að ræða, efling á innlendum iðnaði og nýjan tekjustofn til handa ríki og bæjarfélagi, þá taldi ríkisstj. rétt að breyta heimildinni frá því, sem áður var, til samræmis við það ástand, sem nú hefur skapazt. Hins vegar hefur af öðrum ástæðum orðið minna úr framkvæmdum í þessu efni. Það mun ekki hafa gengið saman um verð milli framleiðanda hér og hins erlenda varnarliðs. Og eins og stundum ella var því þá hreyft, að það væri eðlilegt, að þetta gengi út yfir skatta til ríkisins, þannig að þeir yrðu felldir niður, og þá yrði ölið talið samkeppnisfært. N. í Ed. lét í ljós þá skoðun, — og að vissu leyti réttilega, — að ef þessi skattgreiðsla væri felld niður, væri í sjálfu sér eftir svo litlu að slægjast af hálfu Íslendinga, að ekki væri rétt að veita heimild til þessarar framleiðslu, og lýsti þess vegna yfir, að hún teldi rétt, að þessari heimild yrði því aðeins beitt, að samsvarandi tollar og skattar verði greiddir af þessari framleiðslu eins og tíðkast af öðru öli í landinu, og ef framleiðslan stendur ekki undir slíkri skattgreiðslu, verði hún ekki leyfð.

Sumir vilja blanda þessu máli saman við deiluna um það, hvort almennt ætti að veita leyfi til að brugga áfengt öl, annaðhvort til heimaneyzlu eða til að flytja úr landi. Ég tel algera fásinnu að blanda þessu saman. Við höfum margra ára reynslu úr styrjöldinni um, að það ýtir ekki á neinn hátt undir bruggun eða neyzlu á áfengu öli í landinu, að leyfð var bruggun á áfengu öli handa erlenda setuliðinu, sem þá dvaldist hér. Það var frá atvíki skýrt í Ed., sem sýndi, að smyglhættan er ákaflega lítil í þessu sambandi. Því var haldið fram, að vegna þess að ekki gekk saman um sölu ölsins til hins erlenda varnarliðs, hefði því verið hellt niður, sem búið var að brugga. Ég veit ekki um sannindi þessarar sögu, en ef hún er rétt, sýnir hún, að ekki hefur því öli verið smyglað til landsmanna eða selt á íslenzkum markaði, heldur gerði framleiðandinn það, sem sjálfsagt var, að eyðileggja framleiðslu sína, úr því að ekki var hægt að selja hana á löglegan hátt. Engin rödd hefur heyrzt um það, hvorki fyrr né síðar, að nokkur dæmi séu þess, að þess konar öl hafi borizt á innlendan markað eða verið selt með ólöglegum hætti. Hér er því einungis að ræða um atvinnumál fyrir kannske ekki mjög marga menn, en þó einhverja, um efling íslenzks iðnaðar og svo töluverðan tekjulið fyrir ríkissjóð og væntanlega bæjarsjóð líka. Verður málið að skoðast eingöngu í því ljósi. Ég vona því, að málið fái hér mjög öruggan framgang. Gangi ekki saman um verð, verður heimildinni ekki beitt. Það er ekkert gat í l. Ég ætla ekki hér að ræða um þau rök, að það sé svívirðilegt athæfi að leyfa Íslendingum að brugga öl, jafnvel þó að tryggt sé, að menn nái ekki í þennan forboðna drykk. — Ég legg til, að málinu verði vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., 14. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 550, n. 582).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Meiri hl. allshn. mælir með því, að þetta frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir; einn nm. taldi sig andvígan málinu. — Þetta frv. ber með sér, hvað um er að ræða, og var gerð grein fyrir aðalefni þess við 1. umr. af þeim ráðh., sem að því stendur. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um málið frekar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17:4 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 17:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15:3 atkv.

Á 53. fundi í Nd., 15. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 616).

---

24. Skattfrádráttur tapaðra skulda vegna skuldaskila bátaútvegsins.

Á 55. fundi í Ed., 7. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um sérstakan skattfrádrátt tapaðra skulda vegna skuldaskila bátaútvegsins [156. mál] (stjfrv., A. 542).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Í skattalögunum segir, að menn megi draga frá sem útgjöld við skattframtal tapaðar skuldir vegna atvinnurekstrar, þó þannig, að skuldin sé dregin frá, þegar staðreynt er, að hún sé töpuð. Nú voru sett sérstök lög um skuldaskil bátaútvegsmanna. Í sambandi við þau urðu margir að gefa eftir af útistandandi skuldum, sem þeir höfðu áður talið með tekjum sínum af atvinnurekstri. Og ef þetta er rétt, þá kemur það til frádráttar á árinu 1951. Nú er málið þannig vaxið, að hér er um mikla fjárhæð að ræða í sambandi við þessi skuldaskil. Ef þetta mál nú stæði óbreytt, þá gæti svo farið, að þeir, sem eiga hlut að máli, gætu ekki notað sér skuldatöpin nema að litlu leyti til frádráttar tekna á þessu ári. Nú er hér um sérstakt ástand að ræða, vegna þess að þetta eru lögboðin skuldaskil, og hafa þeir, sem hlut eiga þar að máli, bent á, að þeim finnist ákvæði skattal. mjög þröng fyrir sig og að þeir gætu ekki notið þeirra nema að litlu leyti. Stjórnin hefur haft þetta mál til athugunar og álítur, að það sé rétt að breyta eða setja sérstök ákvæði um það að heimila mönnum að draga þessi skuldatöp frá á allt að 5 ára tímabili.

Á þessu ári var lagður á sérstakur stóreignaskattur. Hann var lagður á á miðju síðastliðnu ári, áður en skuldaskilin fóru fram. Og það er gert ráð fyrir því, að margar af þessum skuldum, — þó ekki allar, — hafi verið taldar fram sem eign við stóreignaskattinn. En við nánari íhugun á þessu þótti ríkisstj. eða þeim, sem málið höfðu til athugunar, þetta ekki sanngjarnt eins og háttað var og vildu fá heimild til að breyta þessu þannig, að þær skuldir, sem hafa tapazt á skuldaskilunum, verði dregnar frá eignum, en stóreignaskatturinn verði þó þannig ákveðinn, að um endurgreiðslu yrði að ræða á skattinum. Og vegna þess að gjalddagi er kominn, þá er ekki hægt að gera breyt. á þessu áður en greiðslan fer fram.

Bið ég hv. n., sem fær þetta mál, að breyta orðalagi 2. gr. frv. nokkuð, þannig að um endurgreiðslu verði að ræða á skattinum í sambandi við þessa nýju frumvarpsgrein. Mun ég koma orðalagsbreytingu á framfæri við n., að í staðinn fyrir „eftir nánari ákvörðun ráðherra“ komi þarna, að endurgreiðsla eigi sér stað á skattinum.

Ég sé ekki ástæðu til að útskýra þetta nánar en ég hef gert, og óska ég, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að lokinni þessari umr.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Þetta frv., sem hæstv. ríkisstj. leggur hér fram, mun vera fram komið til þess að sýna lit á að verða við óskum ýmissa iðnfyrirtækja, sem því miður hafa á mjög óhentugum tíma fyrir þau orðið fyrir skuldatapi eða tjóni vegna aðgerða ríkisvaldsins. Ég er þess fullviss, að skuldaskilin hafa verið á sett í þeim einlæga tilgangi að rétta við hag bátaflotans, og er það út af fyrir sig þarflegt. En fyrir atbeina þess hafa að minnsta kosti ýmsir orðið fyrir barðinu á skuldaskilunum. Þá hefur framkvæmdin orðið með nokkuð óþægilegum hætti, að því er virðist, og ekki síður fyrir það, að þetta kemur við fyrirtæki, sem fyrir fram eru aðþrengd, að mestu leyti af óviðráðanlegum orsökum. Verzlunarfyrirtæki, sem hafa í góðri trú lánað til útgerðarinnar, og iðnfyrirtæki, sem í jafngóðri trú hafa lánað til viðgerðar og endurbóta á bátaflotanum, verða þarna fyrir tjóni á sama tíma og öllum þótti aðstaðan til atvinnurekstrar þrengjast svo mjög, og hjá ýmsum má segja, að ekki sé fyrirsjáanlegt, að við það erfiða ástand verði ráðið. Ég á hér við lánsfjárkreppuna og peningaskortinn hjá öllum nema ríkissjóði, peningaskortinn og lánsfjárkreppuna, sem hljóta í báðum tilfellum að koma mjög hart niður á þessum fyrirtækjum og ekki síst á iðnfyrirtækjunum. Nú er það svo, eins og vitað er, að fyrir ýmissa annarra hluta sakir á iðnaðurinn mjög erfitt uppdráttar hér á landi, eins og stendur. Og í mörgum greinum iðnaðarins er nú svo komið, að atvinnuleysi er skollið á. Ég veit til þess, að iðnaðarmenn sérstaklega, og þá einkum eigendur skipasmíðastöðva og

vélaverkstæða, þykjast mjög illa haldnir út af sínum hlut í þessum málum. En einmitt þessar stofnanir í landinu, skipasmíðastöðvarnar og vélaverkstæðin, eru það, sem bátaútveginum er einna mest þörf á að hafa góð skipti við og eiga vísan stuðning hjá.

Ég hef við aðrar umr. hér í þessari hv. d. fyrir skömmu bent á, í hvert óefni stefnir hvað snertir starf skipasmíðastöðva hér á landi. Ég benti líka á það, sem sorgleg reynsla því miður staðfestir, að bátaflotinn verður sí og æ fyrir stórtjóni, og það er brýn þörf á endurbótum, en endurnýjunin er alveg lögð á hilluna, eins og nú standa sakir. Allar þær skipasmíðastöðvar, sem eru til hér á landi og fyrst komust á fót, voru endurbættar á dögum nýsköpunarstjórnarinnar. Síðan hefur verið hætt við alla nýsmíði. En það má segja, að auga gefi leið, að skipasmíðastöð er vart hægt að starfrækja í landinu án þess að hafa menn jöfnum höndum í bátaviðgerðunum, því að bátaviðgerðir eru oft og tíðum tilfallandi. Bátar verða fyrir tjóni og þurfa að fá viðgerð, og það þarf að gerast fljótt, og til þess þarf góða smiði. En það er erfitt að halda vel vinnandi mönnum, ef ekki er eitthvað upp á að hlaupa þá daga eða vikur, sem minni er þörf á viðgerðum á bátum. Og þess vegna er það, sem allur rekstur skipasmíðastöðva útheimtir að hafa mikla peninga með höndum. Þessir aðilar, vélsmiðjurnar og skipasmíðastöðvarnar og aðrir iðnaðarmenn, sem vinna við bátaviðgerðir, hafa borið sig upp við Alþingi á vissu sviði. Mér er kunnugt um það, að þeir hafa skrifað hv. fjvn. í síðastliðnum mánuði og rakið sínar raunir í þessum efnum og bent á, hvert tjón þeirra væri orðið vegna skuldaskilanna, og hafa þeir farið fram á það, að fjárveitingavaldið gerði þar nokkra úrbót. Þeirra uppástungur um þetta hafa verið fleiri en ein. Og þar á meðal er ein þeirra sú, sem hæstv. ráðh. var nú að lýsa og felst í þessu fram komna frv. og ég vil segja, að er lítils háttar viðleitni til þess að verða að einhverju leyti við óskum þessara iðngreina, sem ég einnig tel að væri mjög æskilegt. Það er reyndar alveg nauðsynlegt, að hér verði nokkru stærri fyrirgreiðsla gerð. Og verkefnið eða átakið er engan veginn svo stórt, að það sé óviðráðanlegt fyrir hæstv. ríkisstj. eða hið háa Alþingi að ganga svo frá þessu máli, að full skil séu fyrir hendi í þessu máli, t. d. með því að létta nokkuð þær byrðar, sem lagðar hafa verið á þessa mjög svo þörfu og þjóðhollu þegna, og á betri eða fullkomnari hátt en gert er með þessu litla frv. eða skattafyrirgreiðslu, sem hér liggur fyrir.

Mér er kunnugt um það, að n. sú, sem iðnaðarmenn kusu til að eiga viðræður við hæstv. ríkisstj. um þessi mál og skrifaði síðan hv. fjvn. og jafnvel ríkisstj., að hún fór fram á sitt hvað fleira en það, sem hér liggur fyrir. Og sérstaklega virðist mér, að þeir leggi áherzlu á það, að þeim verði á einhvern hátt opnuð leið til að ná í rekstrarfé, sem svari því tjóni, sem þessar iðngreinar hafa orðið fyrir vegna skuldaskilanna. Og í þeirri röksemdafærslu mun þetta tjón hafa verið metið á tugi hundraða. Ef ég hef ekki misskilið þá, sem við mig töluðu um þetta, þá mun vera næstum 3 millj. kr. sameiginlegt tjón þessara manna á þessu sviði. Þessum mönnum hefur verið tjáð af þeirri n., sem fór með skuldaskilin, að þeir fái 2—5% af kröfum sínum, sem í raun og veru er sama og þeir hafi tapað hverjum eyri, sem þeir hafa átt þar inni. Þegar nú vitað er, að hagur ríkissjóðs er með slíkum blóma sem öllum er kunnugt og fjárreiður hins opinbera nægar, og svo á hinn bóginn, ef litið er á þörf þessara iðnfyrirtækja, þá finnst mér, að það ætti að geta komið til álita, hvort Alþingi sjái sér ekki fært að ganga feti framar til að bæta úr tjóni iðnaðarmanna í ríkari mæli en lagt er til í þessu frv.

Þessar athugasemdir vildi ég láta koma fram við þessa umr., með þeirri ósk til hæstv. fjmrh. og annarra forráðamanna ríkisins að taka til ýtarlegrar athugunar við meðferð málsins í þessari hv. d. möguleika á því að rétta betur við hag þessara fyrirtækja, sem ég hef hér gert að umræðuefni, en gert er í þessu frv., sem hér liggur fyrir. Ég geri þetta vegna þess, sem að sjálfsögðu liggur í augum uppi og mér sjálfum sem útgerðarmanni um tugi ára er mjög kunnugt um, hve bátaútvegurinn víðs vegar um landið er háður góðu samstarfi við skipasmíðastöðvar og vélaverksmiðjur. Ég vil þess vegna leitast við að leysa af hendi nokkra þegnskyldu varðandi málefni þessara mjög svo þörfu manna í þjóðfélaginu.

Þegar ég bendi á og bið um, að tekið sé til athugunar það, sem ég hér hef minnt á, vona ég, að hæstv. fjmrh. muni vera sömu skoðunar eða hafa svipaðan skilning á málinu eins og ég og leggi ekki stein í götu þess.

Vænti ég svo, að við meðferð málsins verði fundin einhver sú leið til úrbóta, eftir því sem hér liggur fyrir og ég hef minnzt á, eða leið, sem komi viðkomandi fyrirtækjum að verulegu gagni. Mér hefur skilizt, að það skipti mestu máli hjá þeim, sem þarna eiga hlut að, að þá vantar rekstrarfé og þeir sætti sig frekar við orðin töp, ef þeim yrði séð fyrir lánsfé með sæmilegum kjörum, því að þeir sjá margir hverjir ekki út úr sínum vandræðum. Að vísu var nauðsynlegt að hjálpa bátaútveginum, en margra orsaka vegna var það gert á erfiðum tíma fyrir þá, sem eiga að missa sitt, þ. e. þá aðila, sem talað er um hér nú.

Ég fer ekki fram á, að hæstv. ráðh. gefi fyrirheit um ákveðna fyrirgreiðslu í þessu efni. Ég fer aðeins fram á, að hæstv. ráðh. ljái lið sitt við meðferð málsins hér á Alþ. og að athugað verði, hvað gera megi til úrbóta fyrir þessa menn, sem hafa orðið fyrir óverðskulduðu tjóni.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég á sæti í þeirri n., sem þetta frv. fer til, en vildi, áður en það er tekið til meðferðar þar, ræða nokkur atriði við hæstv. ráðh.

Ég vildi þá fyrst spyrja hæstv. ráðh., hvort með þessu frv. liggi fyrir viðurkenning frá hæstv. ríkisstj. um siðferðislega eða lagalega skyldu til að bæta þetta tjón, sem hér hefur orðið. Mér skilst, að ekki sé hægt að bera slíkt frumvarp fram, nema ríkisstjórnin viður-

kenni, að hún með lögum frá Alþingi hafi stöðvað rétt þessara manna til að ganga eftir skuldum og hafi um leið bakað sér þá skyldu að greiða úr þessu máli síðar, — og ef svo er, hvort hæstv. ráðh. er ekki til viðtals um aðrar úrlausnir þessa máls, m. a. þá, sem hv. þm. Vestm. talaði um. Í öðru lagi, hvort hæstv. ráðh. geti hugsað sér að fallast á, að farið verði með tekju- og eignarskattinn skv. 1. gr. l. eins og ætlazt er til að farið verði með stóreignaskattinn, þegar vitað er, hvaða upphæð hefur verið afskrifuð á hverju ári hjá hverju fyrirtæki, sem ekki hefur verið hægt að ganga eftir vegna l. Ég held, að það sé ekki hægt að ganga eftir þessu og ekki réttlátt. Réttast væri að umreikna að nýju fyrirtækin og að þau þá mættu afreikna tapaðar skuldir. Það væri eðlilegasta meðferðin, ef ætti að bæta skattgreiðendum að einhverju leyti þeirra tjón. En ég vil í sambandi við þetta mál spyrja, hvort nokkru sé að treysta, þótt þetta verði samþ., að dómstólarnir fái ekki þetta mál til meðferðar og ríkissjóður verði dæmdur til að endurgreiða skattinn. Ég hygg, að ef það kæmi fram við endurskoðun, að maður hefði um of afskrifað á ákveðnu ári, þegar búið væri að leggja skattinn á og úrskurða hann, hvort heldur væri af undir- eða yfirskattanefnd, og síðar kæmu fram upplýsingar um, að hann hefði verið rangt lagður á, mundi stj. krefjast þess, að viðkomandi skattur væri umreiknaður á ný til hækkunar. Það er ljóst af þessu dæmi, að ef þessi sama skattan. reiknar of háar tekjur, verður einnig að breyta því og lækka skattinn, og verður þá að fá úrskurð dómstólanna um það eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja. Ég hefði talið æskilegast, að farið væri með tekju- og eignarskattinn samkv. ákvæðum 1. gr. eins og með stóreignaskattinn samkv. ákvæði 2. gr. Það er sýnilegt, að þessir aðilar neita að greiða stóreignaskatt eftir framtali, sem ákvarðast af kröfum, sem hafa verið strikaðar út fyrir atbeina ráðh. og Alþ., og þeir láta sér ekki nægja annað en úrskurð dómstólanna þar um.

Ég vil svo taka undir það, sem hv. þm. Vestm. sagði um nauðsyn á samkomulagi milli þessara aðila. Ef er ástæða til að taka tugmilljónir króna til að koma flotanum á veiðar nú um áramótin og gera síðan ráðstafanir til að halda honum gangandi, sem kosta þjóðina tugmilljónir, er ekki síður ástæða til að koma á samkomulagi milli þessara aðila, ef þessi atvinnuvegur á að ganga truflunarlaust í framtíðinni. Þessi atvinnuvegur á svo mikið undir þessum aðilum og er þeim víða skuldbundinn. Það þarf að tryggja fullt samkomulag í sambandi við lausn þessa máls, og vildi ég spyrja hæstv. ráðh., hvort ekki sé rétt, að fjhn. kalli á sinn fund fulltrúa frá þessum aðilum og síðan verði rætt við fjvn. og ríkisstj. og reynt að ná samkomulagi við þá viðvíkjandi skuldaskilunum, svo að ekki þurfi að koma til árekstra síðar.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég vil þá fyrst út af því, sem hv. þm. Barð. sagði í upphafi, taka fram, að vitanlega ber ekki að líta á þetta frv. sem viðurkenningu ríkisstj. á því, að henni beri að bæta tjón í sambandi við skuldaskilin. Því er ekki til að dreifa, og ég veit, að allir hv. þm., sem fylgdu skuldaskilunum á sínum tíma, gerðu sér grein fyrir, að það yrðu skuldaafskriftir í sambandi við þau. Ég dreg ekki í efa, að ef þm. hefðu ætlazt til, að allir slyppu skaðlaust, hefðu þeir sett ákvæði í lögin til að tryggja það. Það er ekki hægt að setja löggjöf eins og skuldaskilalöggjöfina og túlka hana svo þannig, að ríkið sé ábyrgt fyrir þeim skaða, sem menn verða fyrir af henni.

Í sambandi við það, sem hv. þm. Barð. sagði, vil ég upplýsa það sem mína skoðun, að ég hygg, að sú leið sé óframkvæmanleg að reikna upp á nýtt skatta aftur í tímann, vegna þess að það er oft óhugsandi að finna út, frá hvaða tíma skuldin stafar, sem afskrifuð er, vegna þess að venjulega er um að ræða viðskipti í áframhaldandi reikningi og því ómögulegt að segja um, upp í hvað innborganirnar eru gerðar. Hitt er svo annað mál með stóreignaskattinn, því að hann er lagður á á sama ári. Ég held því að vel athuguðu máli, að það sé eina leiðin að viðhafa þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir. Það hefur verið rætt við aðila um þetta, og eru allir vel ánægðir með það, svo langt sem það nær, og hefur verið tekið tillit til þeirra óska. — Varðandi hitt, hvort stofnað verði til viðtækari ráðstafana en frv. gerir ráð fyrir, hef ég ekki rétt til að gefa svör endanlega fyrir hönd ríkisstj. hér, en hitt get ég upplýst, að þetta hefur oft verið rætt í ríkisstj. og íhugaðar þær óskir, sem fram hafa komið frá hlutaðeigendum, en ekki verið tekin ákvörðun um flutning annars frv. en þessa um þetta mál.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa afskipti af því, við hverja n. ræðir, en mundi telja rétt, að hún hefði samvinnu um málið við ríkisstj. eða þá ráðh., sem þetta snertir sérstaklega, eða atvmrh. og iðnmrh., og að nokkru leyti snertir þetta einnig mitt verksvið að því er viðkemur skattgreiðslunni eða hag ríkisins. Vil ég sérstaklega beina því til n., að hún eigi tal við ráðherrana um þetta mál.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð til að láta í ljós ánægju mína yfir því, að hæstv. ráðh. lætur undir það hilla, að hann og hæstv. ríkisstj. séu til viðtals um lausn þessara mála, að mér skildist fram yfir það, sem fram kemur í frv., eða ég skildi svo orð hans, að n. skyldi tala við sig eða hæstv. ríkisstj. eins og henni vitaskuld ber. Og eins lét hv. þm. Barð. uppi þá skoðun, að hann teldi rétt, að við þessa aðila væri talað, þá n., sem við báðir höfum í huga, og finnst mér þá, að skoðun þessara aðila falli vel saman, og vona, að hv. n. hafi þá málsmeðferð, þegar þar að kemur, og við hvora tveggja verði talað. Hér verður ekkert gert, án þess að hæstv. ríkisstj. leggi sitt lið, og ég er fyrir mitt leyti, að svo miklu leyti sem enn er fram komið, ánægður með, að málið hefur verið tekið til athugunar á velviljaðan hátt af þessum aðilum, sem hér um ræðir.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Út af þessu — til að vekja ekki neinar tálvonir — vil ég taka fram, að það, sem ég sagði áðan, að

stj. hefði haft þetta mál til athugunar, hefur enn ekki leitt til neins annars en að þetta frv. kom fram. Hins vegar er rétt, að n. tali við ríkisstj., en ég vil ekki vekja neinar tálvonir. Ég tel sjálfsagt, að n. hafi samband við ráðh. um málið, en ég tek fram, að ég mun ekki ræða einstök atriði á þessu stigi, en hef ekkert á móti því, að viðræður fari fram milli n. og ríkisstj.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. sagði, að þetta frv. bæri ekki að skoða sem viðurkenningu á því, að ríkisstj. bæri ábyrgð á töpum vegna skuldaskilanna, og alþm. hefðu gert sér það ljóst, þegar þeir samþ. lögin. — Ég vil benda á, að hér er ekki um að ræða lögin um skuldaskilasjóð, því að þau voru lítið annað en framlenging á gildandi lögum, og þó þau hefðu ekki verið samþ., hefðu þessir bátar komið undir gömlu lögin. Það er annað ákvæði, sem hefur valdið þessu tjóni. Það er ákvæðið um, að ekki megi ganga að til að innheimta vissar skuldir. Það var ekki gert til að tryggja að koma á skuldaskilum, heldur byggðist það á því trausti hjá útgerðarmönnum, að þetta væru aðeins stundarerfiðleikar, sem mundu batna með meiri veiði, en það hefur nú brugðizt ár eftir ár, og ég efa, að meiri hluti Alþ. hefði leyft þetta, ef það hefði verið ljóst þá, að þetta mundi leiða til þess ástands að taka eignarréttinn af mönnum. Þetta var gert í því trausti að hjálpa útgerðinni yfir aflaleysisárin. Ef ríkisstj. hefur talið sér skylt að verja tugum milljóna króna til útvegsins, til þess að hann héldi þessum tilraunum áfram, þá er ekki fjarstæða, að ríkissjóður taki á sig það tjón, sem menn hafa orðið fyrir, vegna þess að Alþ. hefur neitað þeim að ganga að, þegar þeir gátu tryggt kröfur sínar með aðför að lögum. Þó að hæstv. ráðh. neiti því, þá getur ekki legið annað á bak við þetta frv. en a. m. k. siðferðisleg viðurkenning á því, að ríkissjóði beri að bæta þetta tjón.

Ég get ekki fallizt á það, sem hæstv. ráðh. sagði, að ekki sé hægt að finna, hvað á að draga mikið frá sköttum á ákveðnu ári.

Þá minntist ráðh. ekkert á það, hvort hægt væri að fá dómsúrskurð í málinu. **(Fjmrh.:** Það er útilokað.) Ég óska samt sem áður, að form. n. ræði það við form. ríkisskattan., því að ég tel það ekki fullkominn hæstaréttardóm, þó að hæstv. ráðh. skjóti því hér fram. Það er kunnugt, að ýmsir aðilar hafa farið í mál við ríkissjóð út af skattamálum, þar sem ráðh. hefur talið útilokað, að þeir mundu vinna málið, en það hefur samt unnizt, og ég er viss um, að margir þessara aðila munu reyna þá leið, hvernig sem sá dómur kann að falla.

Ég ætla ekki að tefja umr. lengur nú. Ég á sæti í þeirri n., sem málið fer til, og álít rétt, að form. hennar kalli þessa aðila á fund, — ég sé, að það hefur verið boðaður fundur á morgun. Ég tel nauðsynlegt að ræða við þessa aðila, áður en málið kemur til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., 10. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 542, n. 558).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft frv. til athugunar, og eins og sést á nál. á þskj. 558, leggur hún til, að frv. verði samþ. með tveimur breyt. Ég þarf ekki að gera grein fyrir þessu máli, vegna þess að við 1. umr. skýrði hæstv. fjmrh. efni frv. og tilgang. En þessar brtt. n. eru þannig, að sú fyrri er um það, að fyrir orðið atvinnufyrirtæki komi skattþegnar. M. ö. o. um það, að þau fríðindi, sem frv. ætlar þeim, sem beðið hafa tjón vegna skuldaskilanna, nái til einstaklinga. Þetta gat verið hæpið svona, eins og frv. var orðað, a. m. k. náði það ekki til annarra einstaklinga en þeirra, sem reka atvinnufyrirtæki. — Síðari brtt. er við 2. gr. og er um það, að sá hluti skattsins, sem um ræðir í frv. og á að koma til frádráttar, endurgreiðist, því að sennilegt er, að skatturinn sé að einhverju leyti greiddur nú þegar. Þetta þykir hentugra a. m. k., að skatturinn verði greiddur og þessi hluti endurgreiddur.

Þetta er svo einfalt mál, að ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta.

ATKVGR.
Brtt. 558,1 samþ. með 10 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 558,2 samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Ed., 11. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 574).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 56. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 57. fundi í Nd., 14. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Þetta frv. er stjfrv., er komið frá hv. Ed. og er um það að heimila skattanefndum sérstaka aðferð við frádrátt á skattaframtölum vegna tapaðra skulda, sem afskrifaðar voru í sambandi við skuldaskil bátaútvegsins. Í grg. eru ástæðurnar fyrir þessari till. teknar fram. — Ég vil leyfa mér að óska eftir, að málinu verði vísað til hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., 17. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 574, n. 602).

Frsm. (Sigurður Ágústsson): Herra forseti. Á þskj. 542 var flutt frv. til l. um sérstakan frádrátt á sköttum tapaðra skulda vegna skuldaskila bátaútvegsins. Eins og hv. þm. er kunnugt, hafa ýmsir orðið fyrir tjóni í sambandi við skuldaskil bátaútvegsins. Koma þar sérstaklega til greina ýmis iðnfyrirtæki, sem átt hafa skuldir hjá þeim mönnum, sem neyddust til að fara í skuldaskil. Frv. gerir ráð fyrir því, að leyft verði að draga skuldatöp atvinnufyrirtækja frá skattskyldum tekjum við allt að fimm næstu áramót, eftir að skuldaskilum lauk, og þá jafnstóran hluta tapanna í hvert skipti. — Þá er og í 2. gr. gert ráð fyrir því, að eignatap vegna skuldaskilanna, sem heimilt er að afskrifa samkvæmt 1. gr. þessara laga, skuli og koma til frádráttar skattskyldri eign, sbr. lög nr. 22 1950.

Fjhn. þessarar deildar hefur samþykkt að mæla með frv. eins og það kom frá hv. Ed.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 18. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 668).

---

25. Greiðsluafgangur ríkissjóðs 1951.

Á 53. fundi í Nd., 4. jan., var útbýtt:

Frv. til. l. um ráðstöfun á greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1951 [155. mál] (stjfrv., A. 537).

Á 54. fundi í Nd., 7. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Því hefur áður verið lýst yfir, að ríkisstj. mundi leita heimildar til þess að ráðstafa fjárhæð af greiðsluafgangi fyrra árs, og hefur verið greint frá því, í hvaða skyni ríkisstj. legði til, að honum væri varið. Nú hefur verið samið frv. um þetta, sem að efni til er það, að ríkisstj. skuli heimilað að verja 38 millj. af greiðsluafgangi ársins 1951, og er greint frá því, hvernig stj. leggur til, að því fé verði varið, og er ástæðulaust að vera að lesa þann lista hér.

Ég skal taka það fram, að horfur eru á, að á þessu ári, sem var að líða, verði um 50 millj. kr. greiðsluafgangur, og síðustu athuganir, sem fram hafa farið, leiða í ljós, að hann muni verða nálægt því. Við höfum lagt þetta til bliðar nokkuð jafnóðum, og yfirdráttarskuld ríkissjóðs í Landsbankanum er 7 millj. kr. lægri nú á sama tíma en hún var um áramót í fyrra, og svo er um aðrar lausaskuldir ríkisins, þannig að þessi áætlun um 50 millj. staðfestist líka af því, að þær greiðslur, sem komnar eru út, eru álíka og þær voru í fyrra.

Nú er það sannast, að ríkissjóður hefði þurft að laga enn betur fyrir sér, með því bæði að höggva enn betur í lausaskuldirnar og eiga meira fé handbært til þess að hlaupa upp á. En með tilliti til þess, hvað þörfin fyrir þessar framkvæmdir er brýn, þá hefur ríkisstj. gert það að till. sinni að ráðstafa þessu fé svo sem þetta frv. gerir ráð fyrir, þó að þar sé teflt á tæpasta vaðið.

Ég vil svo að endingu æskja þess, að þessu frv. verði vísað til fjhn.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Ég vil aðeins segja nokkur orð um þetta mál við 1. umr. þess og ætla aðeins að vekja athygli á tveimur atriðum varðandi frv. Ég hafði búizt við, að meira yrði veitt til þess að bæta úr þeirri þörf, sem byggingarsjóður verkamanna er í. Ég veit, að hæstv. ráðh. er hún vel kunnug, þar sem hann á sæti í stjórn sjóðsins, og ég hafði vonað, að til hans yrði meira lagt en gert er í þessu frv. Ég hafði líka vonað, að hv. 8. þm. Reykv. yrði áhrifameiri á þessa stj., sem hann styður, heldur en kemur í ljós í þessu frv. Hann hafði áður lagt til, að í þessu skyni yrðu veittar 10 millj., en hér koma ekki nema 4 millj., og má segja, að smátt er smjörið skammtað. Alþfl. mun athuga, hvort ekki er ástæða til að reyna að koma fram með brtt. um þetta ákvæði.

Hitt atriðið, sem ég vildi vekja athygli á, er í niðurlagi 1. gr., en þar er gert ráð fyrir, að vextir af þessum lánum verði 5½% og lánstíminn 20 ár. Mér finnst þessi vaxtafótur vera nokkuð hár, þegar á það er litið, til hvers á að verja fénu. Og um byggingarsjóð verkamanna er það að segja, að hann lánar fé út með 3% vöxtum, svo að með þessu vaxtafyrirkomulagi er beinlínis gengið á höfuðstól sjóðsins sjálfs til þess að greiða þann mismun, sem er á þessum vöxtum, og með tilliti til þess, að ríkissjóður ráðstafar fé sínu á þennan hátt, þá finnst mér sanngjarnt, að vextirnir væru lægri en hér er gert ráð fyrir. Ég veit ekki, hvað ríkissjóður þarf að greiða Landsbankanum í vexti af yfirdráttarlánum sínum, en ég geri ráð fyrir, að þeir vextir séu ekki mjög háir, þar sem jafnvirðissjóður liggur í Landsbankanum, þ. e. a. s. annarri deild hans, og vextir hans hljóta að koma þar til greina. — Ég vil aðeins nefna þetta atriði og taka það fram, að Alþfl. mun freista þess að bera þarna fram brtt.

Að öðru leyti þykir mér vænt um, að ríkisstj. hefur borið þetta frv. fram og með því sýnt lit á að greiða nokkuð úr þeirri miklu lánsfjárþörf, sem um er að ræða nú, og verja til þessara framkvæmda hluta af tekjum sínum, þó að það sé raunalega lítið og um það megi deila, hvort hlutfallið milli hinna einstöku liða sé

rétt. En það atriði má athuga nánar seinna, og læt ég þetta nægja nú við þessa 1. umr. málsins.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er ekki ástæða til að halda langa ræðu um þetta mál nú við 1. umr., en eins og hv. 8. landsk. þm. tel ég rétt að vekja athygli á einu atriði, sem ég held að þurfi að athuga nánar. Þessu máli verður annars væntanlega vísað til nefndar, sem ég á sæti í, og gefst þá tækifæri til að ræða það þar nánar og bera fram við það brtt. og eins við 2. umr. þess. Ég hef því hugsað mér að geyma að ræða það nú og flytja við það brtt. og ræða það nánar síðar.

En það er eitt atriði, sem ég held, að hljóti að koma sérstaklega til athugunar, en það eru vaxtagreiðslurnar. Mig minnir, að þegar fyrstu lánin úr mótvirðissjóði voru veitt, þá hafi vaxtafóturinn verið 5½% og stjórnir Sogs- og Laxárvirkjananna gengið inn á þau lánakjör, og nú er það komið til kasta Alþ. að ákveða, hvað þessir vextir skuli vera háir. Eins og menn vita, eru vextir af lánum, sem margar af þeim stofnunum, sem þessi lán eiga að fá, veita, miklu lægri en hér er lagt til, og hingað til hefur ekki þótt rétt að setja svo háa vexti á þau lán, sem ríkið hefur veitt, m. a. til landbúnaðarins og sjávarútvegsins. Ég geng út frá því, að auk þess sem það muni koma fram brtt. við vaxtakjör þessara lána, þá muni einnig koma til athugunar nú, hvað háir skuli vera vextir af þeim lánum, sem veitt eru til Sogs- og Laxárvirkjananna.

Af því að hér er gert ráð fyrir, að vextir verði 5½%, langar mig til að spyrja ríkisstj., hvort hún hafi hugsað sér að fara að hækka vexti í landinu og hvort þessir háu vextir standi nokkuð í sambandi við breytta pólitík á því sviði. Hingað til hefur annað sjónarmið verið látið ráða í lánum sem þessum en hreint bankasjónarmið. Og mér finnst það vera óviðkunnanlegt, að ríkið fari að ganga á undan í því að setja háa vexti á þau lán, sem það veitir. Það hefur verið svo, þegar ríkið hefur lánað fé til ýmissa framkvæmda, að ekki hafa verið látnir vera uppsprengdir vextir af þeim lánum, og margar af þeim stofnunum, sem hér er um að ræða, lána út til sinna félagsmanna með allt niður í 2% vexti, svo að með þetta háum vöxtum er ríkið beinlínis að neyða þessar stofnanir til að ganga á stofnfé sitt, og það er mitt álit, að það sé ekki rétt pólitík.

Að öðru leyti mun ég ekki ræða þetta mál frekar við þessa umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Hv. 8. landsk. þm. sagðist hafa búizt við, að meiru yrði varið til verkamannabústaða af þessum greiðsluafgangi, sem orðið hefur á síðasta ári. Það verða nú auðvitað alltaf skiptar skoðanir um það, hvernig eigi að skipta á milli hinna einstöku bygginga, sem styrks eiga að njóta frá ríkinu, og þetta er það samkomulag, sem varð innan ríkisstj. um fjárveitingar í þessu skyni. Það varð að samkomulagi innan hennar, að ⅓ hluti þess fjár, sem veitt yrði til bygginga, skyldi fara til byggingarsjóðs verkamanna, ⅓ skyldi fara til að lána sveitarfélögum til útrýmingar heilsuspillandi íbúða skv. III. kafla laga nr. 44/1946 og ⅓ skyldi ganga til smáíbúða. Um þessa skiptingu má auðvitað alltaf deila, en þetta er það, sem varð að samkomulagi, og það er vitað, að brýn þörf er á þeirri fjárveitingu, sem um getur í 3. lið og á að fara til að greiða kostnað við útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis.

En annars kvaddi ég mér hljóðs út af því, sem þessi hv. þm. sagði um vaxtakjör þessara lána. Ég vil í fyrsta lagi benda honum á, að þó að nú standi þannig sakir, að ríkissjóður þurfi ekki að greiða háa vexti af yfirdráttarskuldum sínum í Landsbankanum, þá er svo um mótvirðissjóðinn, að ekki er annað fyrirsjáanlegt en að þær þrjár miklu framkvæmdir, sem ákveðið hefur verið, að hann skuli ganga til, éti hann upp að fullu.

Það er svo, að þó að nú sé lítill afgangur af vöxtum, sem ríkið þarf að greiða, þá verður það ekki til frambúðar, að mótvirðissjóður standi á móti vaxtagreiðslum ríkissjóðs, og það er sannast að segja, að af lánum, sem tekin eru í Landsbankanum, eru vextir ekki undir 6—7% og oft hærri. Og yfirleitt eru vextir hjá félögum, sem þurfa að taka lán, miklu hærri, og ég fullyrði, að þau tvö ár, sem ég hef komið nálægt þessum málum, hefur aldrei verið tekin ábyrgð á láni, þar sem vextir voru lægri en 6%, og eru það þeir vextir, sem hafa verið greiddir af þeim lánum, sem hafa verið veitt til ýmissa framkvæmda, svo sem hafnargerða, hraðfrystihúsa og beinamjölsverksmiðja. Þannig eru þessir vextir allmiklu hærri en þeir vextir, sem hér er lagt til að gangi til alveg hliðstæðra framkvæmda, svo að það eru veruleg hlunnindi að fá lán með þessum vöxtum, sem eru 5½%.

Svo er annað atriði í þessu máli, sem er alveg prinsipatriði. Hér á landi er einn aðalörðugleikinn lánsfjárskorturinn, sem kemur til af því, að það safnast svo lítið fyrir af innstæðufé, þannig að það eru hinar alvarlegustu horfur í þessum málum. Hér eru engar stofnanir, sem eru svo vel fjárhagslega stæðar, að þær geti lánað nokkuð verulega út til framkvæmda; hér eru engar stofnanir, sem eigi nokkuð verulega sjóði, nema vera skyldu tryggingarnar.

Það, sem við verðum að hugsa um, er það, hvernig við ætlum að hafa þetta á næsta ári. Við verðum að gæta þess að láta þetta fé ganga hringrás, þannig að við lánum það og fáum lánin endurgreidd, svo að við getum aftur lánað það fé öðrum aðilum. Við verðum að leggja aðaláherzluna á það að fá lánin endurgreidd, til þess að láta féð ganga. Ef við fleygjum þessu fé út úr höndum okkar, þannig að við fáum ekkert af því endurgreitt fyrr en eftir langan tíma, þá þýðir það það, að við verðum seinna meir á eftir með ýmsar framkvæmdir, vegna þess að féð kemur ekki aftur á hæfilegum tíma. Það er því sannfæring mín, að það, sem okkur ber að gera til þess að nota þetta fé sem mest til styrktar í efnahagslífi þjóðarinnar, það sé að lána fé þetta með hæfilega háum vöxtum til hæfilega langs tíma, svo að við getum styrkt

með því aðrar framkvæmdir og haft það alltaf tilbúið. Við eigum að stefna að því marki að láta okkur verða sem mest úr þessu fé og hafa það alltaf til taks til styrktar þeim framkvæmdum, sem sífellt hljóta að verða hjá okkur og nauðsynlegar eru. Það er þessi skoðun, sem ég legg til grundvallar og kemur fram í frv. Ég leyfi mér og að vænta þess, að hv. Alþ. geti fallizt á þetta sjónarmið. Þetta er mikilvægt atriði, og það er mikið undir því komið, að þjóðin geri sér þetta ljóst, ekki sízt er hún á við efnahagslega erfiðleika að stríða. Það þarf því að íhuga vandlega um stofnun deildar, sem mundi geta gert það að verkum, að okkur yrði sem mest úr því fé, er við höfum yfir að ráða, og gæti lánað með hæfilegum (5½%) vöxtum fé til hæfilegs tíma, sem væri þá hægt að veita inn í efnahagskerfi þjóðarinnar.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. var að ræða um vexti og sparnað. Ég ætlaði mér ekki að fara að ræða þetta nú, en ég ætla aðeins að drepa hér á nokkur atriði, sem ég er honum ósammála um. Mér er það fullljóst, að skoðanamunur okkar er djúptækur og nær ekki aðeins til ágreinings okkar um vextina af þessu fé.

Ég vil vekja eftirtekt hæstv. ráðh. á því, að ef hann ætlar að halda áfram á sömu braut og ætlar okkur slíkt hið sama, þá megum við vara okkur. Hæstv. fjmrh. og ríkisstj. ætla að verja hluta af greiðsluafgangi ríkissjóðs til lána til byggingar smáíbúða og byggingarsjóðs verkamanna, og skuli lánin vera með 5½% vöxtum. Svo er hæstv. ráðh. að tala um sparnað. Það verður ekki aðeins farið upp í 5½% gjald, heldur og líka 10%. Hæstv. ráðh. veit ósköp vel, að margar af þessum stofnunum, sem hér er um að ræða, lána til félagsmanna sinna með allt niður í 2% vexti. Ég kann því illa, að ríkið reki slíka okurstarfsemi sem rekin er í skjóli lánsfjárstofnana, sem lána út með 10% vöxtum. Ég er viss um, að þótt ríkisstj. haldi fast við þessa stefnu sína, þá gengur henni ekki vel að innheimta vextina af þessum lánum. Sannleikurinn er sá, að íslenzkir atvinnuvegir eru enn þá á lágu tæknilegu stigi. Ef við ætlum að reka þá á normalan hátt og þannig, að þeir dafni, þá verðum við að skapa þeim möguleika til þess að fá hagstæð lán, — fá lán til hæfilegs tíma með eðlilegum vöxtum. Og bankarnir verða að fá heimild til þess að auka lánsfé. Með þessum háu sköttum og vöxtum af lánsfé virðist stefnan vera sú að kyrkja allt efnahagslíf í þjóðfélaginu.

Ég vildi svo spyrja hæstv. ríkisstj., hvers vegna erlent lánsfé er ekki gefið frjálst. (**Fjmrh.:** Það er leyft.) Ef svo er, hvers vegna hefur hæstv. ríkisstj. þá ekki gefið yfirlýsingu um, að svo sé? Heldur á þessi mikli lánsfjárskortur í landinu að kyrkja allt efnahagslíf og alla möguleika til að efla atvinnuvegi landsmanna. Hugsum okkur það, að allur flotinn kæmist ekki út í dag, nema hann fengi aukið lánsfé. Þá mundi það verða að stranda á því, að féð fæst alls ekki og flotinn, sem aðallega aflar þjóðinni gjaldeyristekna, yrði að sitja í höfn. Það eru ekki peningarnir, sem okkur ber aðallega að hugsa um, heldur þau tæki, sem við eigum. Þeir eru ekki aðalundirstaða efnahagslífs þjóðarinnar, heldur þau tæki, sem við eigum og miða að því að skapa atvinnu og efla atvinnuvegina. Það eru bátarnir, sem skapa vinnu hér á landi og afla gjaldeyris með því, að við getum selt síld, hraðfrystan fisk og saltfisk. Við eigum ekki alltaf að hugsa um það að spara og spara, því að hvaða gagn er að því að eiga peningana í bönkum, þegar atvinnutækin geta ekki gengið vegna lánsfjárskorts? Við eigum tækin, og við verðum að hugsa um að halda þeim gangandi. Það eru þau, sem skapa atvinnu og efla efnahagslífið. Peningarnir eru aðeins ávísanir. Við eigum gífurlegt fjármagn, því að það eru ekki peningarnir, sem eru fjármagn, heldur atvinnutækin. Ég veit það vel, að ég prédika fyrir daufum eyrum um þetta, því að skoðanamunur okkar hæstv. ráðh. og ríkisstj. er svo djúptækur.

Fólkið getur ekki sparað, þegar það hefur enga atvinnu, en ef það fær nóga vinnu, þá mundi það frekar geta sparað og skapað sparifé. Ég álít stefnu hæstv. ríkisstj. vera litla fjármálapólitík, þegar ríkisstj. borgar svo 7% yfirdráttarvexti af lánum. Ef ríkissjóður borgar 7% yfirdráttarvexti, hvaða pólitík er þá í því, að ríkisstj. fyrirskipi honum að lána með lægri vöxtum? Fyrir þessu er engin afsökun. Svo drepumst við úr lánsfjárskorti.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég átti sæti í bæjarstjórn 1933. Þá var mikið atvinnuleysi, og var reynt að bæta úr því með atvinnubótavinnu. Þá var það á bæjarstjórnarfundi, er rætt var um þessi mál, að fulltrúi Alþfl. — kommúnistar voru þá ekki komnir — segir, að það sé enginn vandi að ráða fram úr þessu, því að peningarnir séu til í Landsbankanum og það sé ekkert annað en að sækja þá þangað og lána út, þeir komi inn aftur, og þannig megi halda áfram allan veturinn. Þetta er svipað hjá þessum hv. fulltrúa og 2. þm. Reykv. hér áðan. Peningarnir eru til, það er ekkert annað en að sækja þá og lána út, þeir koma inn aftur, og þá á að lána þá á nýjan leik. M. ö. o., rekstrarféð er nóg til, það er bara að sækja það, og það er tóm vitleysa að vera að þrátta um þetta, því að það er nóg fé til. Hans sjónarmið í þessu efni eru ólík því, sem aðrir hafa. Hann segir, að lánsféð sé nóg til, en lánsfjárskorturinn sé mikill, og er það af því, að allir geta ekki fengið allt, sem þeir vilja. Það land, sem efnahagslega er sjálfstæðast nú í dag, er sennilega Kanada, og er það eingöngu að þakka skynsamlegri útlánastarfsemi ... Hins vegar hafa ýmis félög viljað fá lán með vissum skilyrðum, og hefur verið reynt að greiða fyrir því. Aftur á móti hefur Landsbankinn verið mjög óviljugur að taka að sér þessar skuldbindingar. Ég skil nú ekki hv. þm., þegar hann er að tala um lánsfjárskort ríkisstj. Ríkisstj. hefur ekki skapað neinn lánsfjárskort, og það er fyrirbrigði, sem reynist erfitt að definera. Það er Landsbankinn, sem ber hitann og þungann í þessum efnum, og vitaskuld verður

bankinn að hafa hér einhvern hemil á, að ekki sé lánað út í öfgar. Í þessum efnum verður að gæta hófs og takmarkana, svo að ekki leiði til tjóns og dýrtíðar. — Annars er ég hissa á því, hvernig þessi hv. þm. getur talað, jafngreindur maður og hann er. Það er erfitt að átta sig á, hvað hann er að fara í öllum sínum mælskuflaumi. Það ætti að vera ljósara en svo, að fara þurfi um það orðum, að það þarf að reka skynsamlega bankastarfsemi í landinu.

Hv. þm. talaði um það, að 5½% vextir af lánum skv. 1., 2., 3., 4. og 8. tölul. 1. gr. frv. sé of há renta. Ég get nú ekki fallizt á það. Þegar yfirleitt taka þarf lán til einhvers framtaks og framkvæmda, má segja, að rentufóturinn sé hærri, og getur þetta ekki talizt annað en sanngjarn rentufótur og vart hægt að lána fé með lægri vaxtakjörum.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er ekki til neins að karpa um þetta við hæstv. ráðh., því að hann snýr út úr því, sem ég segi.

Hann talaði um, að það yrði að gæta þess, að rekin væri skynsamleg bankapólitík í landinu. En í hverju liggur það, þegar óskynsamleg bankapólitík er rekin? Hún getur legið í tvennu. Í fyrsta lagi, ef banki veitir of mikla peninga inn í þjóðfélagið, þannig að peningum sé beinlínis ýtt að mönnum. Á hinn bóginn skapast vandræðaástand, ef svo lítið fé er lagt fram til útlána, að atvinnuvegir stöðvist að meira eða minna leyti og atvinnuleysi skapast af þeim sökum. Þá er í báðum þessum tilfellum stefnt í þjóðhagslega hættu. Þetta er því hvort tveggja óskynsamleg stefna. Meðalhófið liggur hér á milli öfganna. Hjá okkar fámennu þjóð er vinnuaflið það dýrmætt, að einskis skyldi ófreistað að hagnýta það til aukinna framkvæmda og framleiðslu. Það verður að tryggja atvinnuvegunum rekstrarfé og landsmönnum atvinnu. Atvinnuleysið í landinu er nú orðið svo alvarlegt, að hafast verður eitthvað að. Útflutningsframleiðslan má ekki stranda. Það eru raunsæ vinnubrögð, sem við þurfum í bankapólitík okkar.

Ég skal svo ekki fara frekar út í þetta nú, enda virðist það vera til lítils að deila við hæstv. ráðherra.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., 11. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 537, n. 573).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þetta mál hefur verið til meðferðar í fjhn., og eins og nál. ber með sér, leggur meiri hl. n. til, að það verði samþ. óbreytt, en einn nm., hv. þm. V-Ísf. (ÁÁ), hefur áskilið sér rétt til að fylgja brtt., sem kynnu að verða fluttar.

Eins og hv. þd. er kunnugt, er þetta frv., um ráðstöfun á greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1951, byggt á samkomulagi milli stjórnarflokkanna. Ég vil þó í þessu sambandi láta það koma fram, að enda þótt ég ásamt öðrum nm., sem mynda meiri hl. fjhn., leggi til, að frv. verði samþ. óbreytt, þá er ekki því að leyna, að sérstaklega í sambandi við 2. lið frv., um byggingarsjóð verkamanna, hefði verið nærri mér að flytja brtt. varðandi það, hvernig byggingarsjóðsstjórnin skyldi verja þessum 4 millj. kr. til þess að veita lán til byggingarframkvæmda í Reykjavík annars vegar og í öðrum kaupstöðum hins vegar. En ég hef þó ekki flutt þá brtt. og læt þá við það sitja að lýsa yfir í þessu sambandi, að ég mun á öðrum vettvangi reyna að beita þeim áhrifum, sem kunna að vera fyrir hendi, til þess að hlutfallslega meira af lánveitingum byggingarsjóðs fari til byggingarframkvæmda í Reykjavík en verið hefur á undanförnum árum. Segi ég þetta vegna þess, að mér skilst, að þróunin hafi verið sú, að í æ ríkari mæli hefur skapazt verulegt ósamræmi milli þess fjár, sem byggingarsjóður verkamanna hefur veitt til bygginga í Reykjavík annars vegar og í öðrum kaupstöðum hins vegar. Eins og kunnugt er, leggja annars vegar bæjarsjóðir fram fé í byggingarsjóð og hins vegar ríkissjóður, og á hvor aðili að leggja fram jafnstórt framlag. Ef litið er yfir gang þessara mála til 1945, kemur í ljós, að framlag Reykjavíkurkaupstaðar til byggingarsjóðs hefur verið liðlega 4.8 millj. kr., en á sama tíma hefur byggingarsjóður veitt til byggingarframkvæmda í Rvík liðlega 6.1 millj. kr.; m. ö. o. hefur gengið til byggingarframkvæmda í Reykjavík úr þessum sjóði umfram það, sem bæjarsjóður Rvíkur hefur lagt fram á þessu árabili, 1.3 millj. kr. Hins vegar hefur á sama tíma framlag annarra kaupstaða til byggingarsjóðs verið tæplega 3 millj. kr., en byggingarsjóður hefur veitt til þessara kaupstaða á sama tímabili tæpar 18 millj. kr., eða 17.9 millj., sem þýðir, að á sama tíma sem til þessara byggingarframkvæmda í Reykjavík hefur farið umfram það, sem bæjarsjóður Rvíkur hefur lagt fram, 1.3 millj. kr., hafa í öðrum kaupstöðum farið umfram það, sem sjálfir kaupstaðirnir hafa lagt fram, 15 millj. kr. Af þessu sést glögglega, að hér er um óverjandi ósamræmi að ræða, sem kann ekki góðri lukku að stýra, — að tekið sé, að segja má, fé úr bæjarsjóði Reykjavíkur til þess að lána til byggingarframkvæmda í öðrum kaupstöðum og kauptúnum.

Í árslok 1950 eru skuldir byggingarfélags verkamanna í Reykjavík 11 millj. kr., en skuldir byggingarfélaga annars staðar á landinu eru 21 millj. kr. Þá liggur fyrir, að á sama tíma hafa verið byggðir í Rvík verkamannabústaðir, sem voru samtals 373 íbúðir, en annars staðar á landinu voru þeir 391 íbúð.

Ég skal nú ekki fjölyrða um þetta meir, en vildi að þetta kæmi fram, svo að þm. yrði ljóst það misræmi, sem hér hefur skapazt. Ég hef sem sagt á það fallizt undir meðferð málsins í n., að það verði samþ. óbreytt, en mun á öðrum vettvangi reyna að freista þess, að nokkur leiðrétting fáist á því misræmi, sem fram að þessu hefur átt sér stað í þessum efnum.

Forseti (JG): Ósk hefur borizt um það frá minni hl. fjhn., að umr. um þetta mál verði frestað, vegna þess að ekki er búið að útbýta nál. og brtt. frá honum.

Umr. frestað.

Á 57. fundi í Nd., 14. jan., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Nd., s. d., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 537, n. 573, 581, 583).

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Eins og sést af nál. meiri hl. fjhn., þá hafði ég ákveðið að gefa út sérstakt nál., en því miður var það seint undirbúið, og því verður ekki útbýtt fyrr en á morgun. En hins vegar eru þær brtt., sem ég hef borið fram á þskj. 581 ásamt hv. 5. landsk. þm., komnar til útbýtingar, og þar sem þar koma fram aðalatriðin, mun ég nú gera grein fyrir brtt. okkar, þótt nál. liggi ekki enn fyrir.

Hæstv. ríkisstj. hafði með 2. gr. frv. gert ráðstafanir til þess, að það fé, sem veitt væri af tekjum ríkisins fyrir árið 1951, mætti eins ganga til greiðslu á skuldum ríkissjóðs, en ríkissjóður fengi í staðinn heimild til þess að lána fé úr mótvirðissjóði til nokkurra þeirra liða, sem upp eru taldir í 1. gr. frv. Hæstv. ríkisstj. hefur þess vegna með því frv., sem hér liggur fyrir, farið inn á þá braut að leggja til um ráðstöfun lána úr mótvirðissjóði, og við flm. brtt. á þskj. 581 hefðum kosið að ganga nokkru lengra í þá átt og ekki sízt af því, að hér liggur nú fyrir Alþ. frv., flutt af þm. Sósfl., sem gengur í þá átt og hefur ekki enn fengið hér afgreiðslu. Við höfum þess vegna lagt hér fram víðtækar brtt. við þetta frv., sem að miklu leyti ganga út á það að taka upp till. okkar sósialista um ráðstöfun á fé úr mótvirðissjóði. En við göngum út frá því, að ríkisstj. sé heimilt að ákveða, hvað af þessum upphæðum er veitt af tekjum ríkissjóðs árið 1951 og hvað úr mótvirðissjóði. Við gerum ráð fyrir, að tekið verði burt það ákvæði, sem felst í 2. gr. frv., að ríkissjóði skuli skylt að greiða núna lausaskuldir sínar jafnframt. Það er engin ástæða til þess, að ríkið minnki sínar skuldir, heldur þvert á móti ætti ríkið að auka þær, svo framarlega sem það gæti orðið til þess að skapa betri atvinnuskilyrði og meiri atvinnu í landinu. Það yrði þjóðarböl, ef ríkissjóður nú drægi úr kaupgetu almennings og möguleikum sjálfs sín með því að draga úr framkvæmdum, því að það, sem nú þjakar þjóðfélagið og almenning, er of lítil kaupgeta og tilfinnanlegt atvinnuleysi, sem ekki hefur verið jafnmikið síðan 1931.

Ég held þess vegna, að það sé mjög nauðsynlegt, að Alþ. taki alvarlegt spor í þá átt að reyna að koma atvinnulífi landsmanna í eðlilegt horf. Og þegar ég segi, að koma eigi atvinnulífinu í eðlilegt horf, þá meina ég með því fulla atvinnu hjá almenningi og næga kaupgetu hjá almenningi, sem er hið eina eðlilega ástand hjá þjóðfélagi, sem á eins mikið af atvinnutækjum og okkar þjóðfélag. Það nær engri átt, að slíkt þjóðfélag þurfi að búa við atvinnuleysi og skort. En atvinnuleysið er framkallað af því opinbera, í stað þess að hið opinbera hjálpi til þess að koma sjálfu atvinnulífinu aftur í gang með því að veita til þess fé og stuðla að eðlilegri fjárfestingu.

Í brtt. okkar er í fyrsta lagi lagt til, að ríkisstj. sé heimilt að verja úr mótvirðissjóði eða af tekjuafgangi ársins 1951 50 millj. kr., og í öðru lagi er tekið fram, hvernig því fé skuli varið, en þar er gengið út frá því, að því sé fyrst og fremst varið til framkvæmda í kaupstöðum og kauptúnum til að bæta framleiðsluskilyrði þeirra, svo sem til byggingar eða endurbóta á frystihúsum og fiskimjölsverksmiðjum, bættrar aðstöðu til afgreiðslu fiskiskipa og hagnýtingar sjávarafurða og annarra framkvæmda til eflingar atvinnulífinu. En þessi brtt. er hugsuð alveg sérstaklega með tilliti til kauptúna og kaupstaða hringinn í kringum allt land. Þó að þetta kæmi Reykjavík að gagni, þá er hér fyrst og fremst miðað við, að það kæmi smærri bæjum og kauptúnum að notum og miðað við að skapa þar betri framleiðsluskilyrði og betri skilyrði fyrir togara og vélbáta en nú eru. Þau tæki, sem nú eru til, gætu þá framleitt miklu meiri verðmæti fyrir þjóðarbúið, svo framarlega sem möguleikar og aðstaða úti um land til þess að vinna úr afla þeirra væri bætt. Ýmis bæjarfélög, sem hafa togara eða vélbátaflota, geta ekki hagnýtt aflann, af því að þau hafa ekki nauðsynleg tæki til þess að taka á móti honum og vinna úr honum. Þau óska þess að geta komið upp hraðfrystihúsum og eru í óða önn að búa sig undir að koma þeim upp til þess að geta gert aflann að dýrmætari vöru. Og það er hægt að auka útflutning landsmanna stórkostlega, um 100—250 millj. kr. á ári, svo framarlega sem togurunum og mótorbátunum væri einbeitt að þessari framleiðslu, en það, sem stendur sérstaklega í vegi fyrir þessu, er skortur á lánsfé og skortur á fé til fjárfestingar, og það er annar tilgangur þessa frv. að bæta úr þeim skorti. Ég efast ekki um það, að það, sem þannig væri veitt til bæjar- og sveitarfélaga, mundi skila sér aftur með vöxtum og vaxtavöxtum. Það mundi setja líf í atvinnulífið úti um allt land og beinlínis verða til að auka erlendan gjaldeyri landsins.

Í öðru lagi legg ég til, að veittar verði 20 millj. kr. til verkamannabústaða og útrýmingar heilsuspillandi íbúða, en núna er í frv. hæstv. ríkisstj. gengið út frá, að veittar verði til þessa 4 millj. kr. auk 8 millj. kr. til byggingar sjúkrahúsa, heilsuhæla og heilsuverndarstöðva. Það væri heppilegt og nauðsynlegt að veita meira fé til þessara hluta, því að þarna er um að ræða nauðsynlega fjárfestingu og allur almenningur á við mikil húsnæðisvandræði að stríða, sem nauðsynlegt er að bæta úr, og eins og hv. 8. landsk. hefur bent á, mun þarna vera um að ræða verulega atvinnuaukningu. Allir vita, hversu alvarlegt atvinnuleysi hefur undanfarið verið hjá byggingarverkamönnum og öðrum verkamönnum, sem aftur hefur orsakað það kaupgetu- og peningaleysi, sem ógnar þjóðarbúskapnum. Þessi kaupgetuskortur hjá verkalýðnum veldur mjög hnignandi kjörum hans og stöðnun í atvinnulífinu.

Þá er í 1. tölul. í þriðja lagi lagt til að veita 15 millj. kr. til byggingar smáíbúða. Hins vegar hefur hæstv. ríkisstj. flutt frv. um þetta mál, en í þessari till. gerum við ráð fyrir, að vextir af þessum lánum verði 4%, eins og verið hefur um slík lán. — Í fjórða lagi leggjum við svo til, að lánaðar verði til Búnaðarbanka Íslands 30 millj. kr., og býst ég við, að hv. þdm. séu sammála um, að ekki muni af veita, þegar farið verður að ráðstafa fé mótvirðissjóðs, að auka þau framlög, sem ætluð eru til uppbyggingar landbúnaðinum. — Í fimmta lagi er svo lagt til, að greiddar verði upp í vangoldin framlög ríkissjóðs 10 millj. Í frv. er gert ráð fyrir, að varið verði 7 millj. upp í ógreidd framlög til hafna og skólabygginga, en við viljum, að sjúkrahúsin séu tekin með, og leggjum þess vegna til, að þessi upphæð sé hækkuð í 10 milljónir. — Í sjötta lagi leggjum við svo til, að til að byggja sjúkrahús verði veittar 8 millj., og er það ný till., sem ekki er í 1. gr. frv. hæstv. ríkisstj., og eins og hv. þm. vita, liggur till. fyrir um slíkar framkvæmdir. — 7. till. er svo sama till. og till. hæstv. ríkisstj. um iðnaðarbankann.

Ég vil taka fram, að fyrst á annað borð er farið inn á það að vilja með þessu frv. ráðstafa fé mótvirðissjóðs, fannst okkur rétt, úr því á að fara að borga skuldir ríkissjóðs, að koma með allýtarlegar till. um ráðstöfun á fé mótvirðissjóðs. Með þessu, ef reiknað er með 50 millj. kr. tekjuafgangi, þýðir þetta, að 86 millj. yrði varið úr mótvirðissjóði. Nú býst ég við, að mjög miklum hluta þess fjár, sem nú er í mótvirðissjóði, sé að vísu, eftir því sem hæstv. fjmrh. lýsti yfir, ráðstafað, þó að ekki liggi enn fyrir nákvæmar upplýsingar um þetta. Nú liggur fyrir Alþ. þáltill., sem felur í sér ósk um ráðstöfun á fé, sem að áliti flm. mundi taka fram yfir það fé, sem nú er til ráðstöfunar í sjóðnum, og taka að einhverju leyti til ráðstöfunar á því fé, sem kemur inn í sjóð, sem ríkisstj. stofnar í stað mótvirðissjóðs, og þangað ganga þær greiðslur, sem borgaðar eru af lánum úr mótvirðissjóði.

Ég skal ekki segja um, hvað líður ráðstöfun á því fé, sem er í mótvirðissjóði, né hvað verður í honum endanlega, og skal ekki segja um, hvort þessar till. passa við það. Ég veit ekki heldur, hvort notuð verður sú heimild að ráðstafa 50 millj., eins og samþ. var á síðasta þingi, til að greiða skuldir ríkissjóðs við Landsbankann, og veit ekki, hvort samþykki hefur fengizt vestanhafs fyrir þeirri greiðslu. Þætti mér vænt um að fá nokkurt yfirlit hjá hæstv. fjmrh. um, hvernig þetta stendur. Ef sú heimild verður ekki notuð eða tregða er á að fá hana hagnýtta, álít ég, að Alþ. eigi nú að gera sína samþykkt um ráðstöfun á fé mótvirðissjóðs og láta þessa 50 millj. kr. greiðslu falla niður. Ég áliti illa farið, ef ríkissjóður færi að greiða þessar 50 millj. af tekjuafgangi ársins 1951. Það eru sannarlega ekki þeir tímar nú, að ríkissjóði sé fært að láta fara fram skuldaskil við sínar eigin stofnanir, þó að það líti skár út á pappírnum, þegar þörf er fjárins í skynsamlegra augnamiði. Nú ganga atvinnulausir í Reykjavík úr 13 félögum um 1500 manns, þannig að ef talið er með fólk úr öðrum félögum, sem ekki er skráð og atvinnulausir meistarar í iðnaðarfélögum og verzlunar- og skrifstofufólk, er ekki efa bundið, að yfir 2000 manns eru atvinnulausir hér. Og hve mikið atvinnuleysi er úti um land, er þm. kunnugt, að undanteknum hæstv. viðskmrh., þannig að nú er brýn þörf, að hæstv. ríkisstj. beiti þeim yfirráðum, sem hún hefur yfir fé, til að reyna að bæta úr þessu atvinnuleysi, en samt er ekki í þessum till. lagt til, að farin verði nein sú leið, er orðið geti til eigna- eða framleiðsluaukningar.

Ég vil svo vona, að hv. þm. taki þessum brtt. vel, en væri kærkomið að fá frá hæstv. fjmrh. upplýsingar um þá ráðstöfun, sem þegar hefur verið gerð á mótvirðissjóði, til þess að hv. þm. geti í ljósi þess athugað þessar till. okkar á raunsæjan hátt, miðað við þær upplýsingar, sem fram koma.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 581 og 583, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls hér í d. gat ég þess, að af Alþfl. hálfu mundi verða tekið til athugunar með brtt. varðandi sjálft stjfrv., sem fyrir liggur. Ég lýsti því þá yfir, að þó að orkaði tvímælis sú skipting, sem gerð væri í frv. stj., þá fyndist mér þó höfuðgallinn á því, hve mjög væru klipin við nögl fjárframlög til byggingar verkamannabústaða og óþarflega langt gengið í ákvörðun vaxta af þeim lánum, sem gert er ráð fyrir í frv. Þess vegna hef ég leyft mér að bera fram 3 brtt. á þskj. 583. — Sú fyrsta er aðeins um allsherjar hækkun á heildarúthlutuninni í samræmi við 2. brtt., og ætla ég ekki að ræða hana sérstaklega, annað en það, að ég vildi benda á, að eftir yfirlýsingu frá hæstv. fjmrh. eru allar líkur til, að tekjuafgangurinn verði árið 1951 um 50 millj., og ég held, að það sé nokkur ástæða til að ætla, að hann verði frekar yfir 50 millj. en hitt, en e. t. v. getur hæstv. fjmrh. upplýst það nánar nú. Af því leiðir, að til ráðstöfunar er samkv. samþykkt Alþ. 50 millj., eða sennilega eitthvað á 6. tuginn. — Nú hefur mér skilizt af frv. ríkisstj., — en þar er lagt til, að úthlutað verði 38 millj., — að 12 millj. eða meira af tekjuafgangi ríkissjóðs árið 1951 eigi að ganga til að greiða afborganir af skuldum ríkissjóðs, sérstaklega lausaskuldum við Landsbankann. Í því sambandi er rétt að benda á tvennt, áður en ákveðið er að verja tugum milljóna af greiðsluafgangi ársins 1951 til að greiða lausaskuldir við Landsbankann. Annað er það, að þegar hefur verið samþ. hér að leita heimildar til að verja úr mótvirðissjóði 50 millj. kr. til að greiða lausaskuldir við Landsbankann. Nú veit ég ekki, hvort heimild liggur fyrir um þetta, en telja má líklegt, að ekki muni skorta samþykki af hálfu þess aðila, er til þarf að leita, því að eins og hv. þm. Hafnf. upplýsti, þegar hann ræddi við þessa aðila á sínum tíma, bentu þeir á það, að eðlilegt væri, að verulegur

hluti mótvirðissjóðs væri notaður til að greiða skuldir ríkissjóðs, svo að ég geri ráð fyrir, að ekki muni skorta heimild til þess.

Í annan stað var ákveðið í lögum um gengislækkun o. fl. að leggja á sérstakan stóreignaskatt, er má greiða í verðbréfum, er greiðist á 20 árum með 3½% ársvöxtum. Þó að litlar upplýsingar liggi fyrir Alþ. um, hverju stóreignaskatturinn nemur og hve mikill hluti hans er greiddur í bréfum, benda öll skynsamleg rök til þess, að verulegur hluti hans verði greiddur í þessum bréfum, ég skal ekki segja hve mikið, en hæstv. fjmrh. getur e. t. v. upplýst nánar um það, því að það átti að tilkynna um það fyrir 10. jan., hverjir ætluðu að nota þessa heimild og greiða skattinn með verðbréfum. Ég vil samt álykta, að allur þorrinn, jafnvel svo að skiptir tugum milljóna, verði afhentur ríkinu í þessum skuldabréfum. — Nú er það ákvæði í gengislækkunarlögunum, að þessi bréf skuli afhent Landsbankanum og hann sé skyldugur að taka þau á nafnverði upp í það, sem ríkið skuldar í Landsbankanum. Þegar þessa er gætt og að hægt er að verja 50 milljónum úr jafnvirðissjóði og í annan stað, að verulegur hluti skuldabréfanna verður afhentur sem greiðsla á lausaskuldunum, sé ég ekki, að brýn ástæða sé til að verja stórum hluta af tekjuafgangi ársins 1951 til að greiða lausaskuldir ríkisins í Landsbankanum og þar sem tugmilljónir eru ætlaðar til þess úr öðrum sjóði. Fyrir þessar sakir tel ég að sé útreiknað með varúð, að eftir séu 44 milljónir í stað 38 til ákvörðunar Alþ. af tekjuafgangi ársins 1951, og samt sé eftir óráðstafað 5—10 millj. Og með tilvísun til þess, sem ég hef áður sagt um greiðslu lausaskulda og skuldabréf stóreignaskattsins, tel ég séð mjög forsvaranlega fyrir niðurgreiðslu lausaskulda ríkisins við Landsbankann.

2. brtt. á þskj. 583 er reist á því, að varið verði 44 millj., en ekki 38, í ákveðnu skyni af greiðsluafgangi ársins 1951, og er lagt til, að í stað 4 milljóna til byggingarsjóðs verkamanna verði varið 10 millj. Við 1. umr. gat ég þess, að ég vissi vel, að hæstv. fjmrh. mundi kunn sú mikla fjárþörf, sem byggingarsjóður verkamanna hefur. Í annan stað er óhætt að slá föstu sem staðreynd, að bygging verkamannabústaða við sjávarsíðuna er einn hagkvæmasti byggingarháttur, sem upp hefur verið tekinn þar. Hús þessi reynast ódýr og hentug og í kaupstöðum og kauptúnum utan Reykjavíkur og Ísafjarðar hefur verið hugsað um það aðallega fyrir utan samvinnuíbúðir, en lítið verið byggt eftir III. kafla laga frá 1946. Ég hika því ekki við að staðhæfa, að þótt ekki dragi úr þörf bæjanna til að byggja sérstakar íbúðir til að bæta úr vandræðunum, sé einnig nauðsyn á að byggja verkamannabústaði, eins hagkvæma og völ er á. Þess vegna er lagt til, að 10 millj. af tekjuafgangi ríkissjóðs árið 1951 verði varið til byggingarsjóðs verkamanna. — Ég hef ekki lagt til, að breytt væri að öðru leyti því, sem lagt er til í frv. um framlög til íbúðabygginga í kaupstöðum til að reyna að bæta úr húsnæðisvandræðunum, og ekki heldur dregið úr að verja 4 millj. til smáíbúðabygginga.

Fyrir utan það, sem ég nú hef sagt um þörfina á að byggja verkamannabústaði og hversu hagkvæmir þeir séu, vildi ég geta þess líka, að svo mikil reynsla er fengin eftir 20 ár af þessu fyrirkomulagi, að ég held, að það komi skýrt í ljós, að með öðrum hætti er ekki betur hægt að bæta úr brýnustu þörfinni við sjávarsíðuna. Ég held, að enginn láti sér koma í hug að neita því, að æskilegt sé, að byggingarsjóður verkamanna fengi meira en þessar 4 millj., sem honum eru ætlaðar eftir frv. Það er aðeins hitt: Er hægt að verja 6 milljónum meira í þessu skyni? — og vísa ég þar til þess, sem ég hef áður sagt, að það er hægt, ef vilji og skilningur á þörfinni er fyrir hendi og ef hæstv. ríkisstj. og flokkar þeir, sem að henni standa, skilja þetta. En að óreyndu vona ég, að menn skilji þessa þörf og dragi rétta ályktun af þeim skilningi með atkvæði sínu.

Í þriðja lagi er lagt til, að í stað 5½% vaxtafótar af þeim lánum, sem gert er ráð fyrir að veitt verði, verði hann ákveðinn 4%. Við 1. umr. gat ég þess, að varðandi þau kjör, sem eru veitt mönnum við íbúðir í verkamannabústöðunum, þar sem vextir og afborganir eru aðeins 3%, kostar það sjóðinn verulegar upphæðir að greiða mismuninn á þessum vaxtakjörum, þeim, sem gert er ráð fyrir í frv., og þeim, sem hann þarf að lána út með samkv. gildandi lögum. Í annan stað er víða, t. d. í Reykjavík, þar sem hefur verið byggt og verið er að byggja hin svokölluðu Bústaðavegshús, að það er verulegur hluti af byggingarkostnaðinum, eða a. m. k. helmingur, sem bærinn veitir að láni þeim, sem byggja, og held ég, að þau lán eigi að greiðast á 50 árum með 3% í vexti. Þegar þess er gætt, hvaða vextir eru ákveðnir í l. um verkamannabústaði og hvaða vaxtakjör eru hjá Reykjavíkurbæ, tel ég þörf á að ákveða vexti af þessu framlagi ríkissjóðs lægri en gert er í frv. og legg til, að þeir verði 4% í stað 5½%. Tel ég þar mjög hóflega í sakirnar farið og vona að skilningur sé fyrir hendi að færa þessa vexti niður. — Án þess að vilja fara inn á fræðilegar umr. um ákvörðun vaxta í sambandi við lánsfjárþörf og lánsfjárkreppu og atvinnurekstur í landinu vil ég segja það sem mína skoðun, að ég tel hæpið að reyna að hefta athafnir og fjárfestingu með mjög háum vöxtum og tel ástæðu til að hafa vexti hóflega og gera aðrar og skynsamlegar ráðstafanir, sem miða að því að hindra of ríka fjárfestingu.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara um þessar brtt. mínar fleiri orðum, en vildi bara að lokum endurtaka, að það er fullkomlega forsvaranlegt að verja 44 millj. kr. af tekjuafgangi ársins 1951 í því skyni, sem lagt er til með frv. ríkisstj., að viðbættum brtt. mínum, og einna brýnustu þörfina til aukins lánsfjár er að finna hjá byggingarsjóði verkamanna, og verður að telja eðlilegt að miða við lögákveðna vexti í sambandi við byggingu verkamannabústaða og þær reglur, sem settar hafa verið t. d. í Reykjavík í sambandi við bæjarbyggingarnar, þ. e. að lækka vaxtafótinn frá því, sem gert er ráð fyrir í frv. ríkisstj., niður í 4%. — Þó að Alþfl. hefði að öðru leyti getað hugsað sér skiptinguna á

nokkuð annan veg, jafnvel innan þess ramma, sem lagður er með frv. ríkisstj., vil ég ekki fara inn á brtt. snertandi það atriði, því að það er þörf á auknu fé til allra þeirra atriða, sem gert er ráð fyrir í frv. ríkisstj. Við viljum þó með þessum brtt. reyna að bæta úr þeim höfuðgalla, sem okkur virðist vera á úthlutun tekjuafgangs ríkissjóðs 1951, án þess að ganga lengra en svo, að forsvaranlegt væri varðandi fjárhag ríkisins og greiðslu á lausaskuldum ríkisins í þjóðbankanum. Vænti ég þess vegna, að þessar brtt. mættu við nánari athugun fá þann stuðning hér í d., sem þær vissulega eiga skilið, eftir því sem málefni standa til.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég vil segja fáein orð út af brtt. — Vil ég þá fyrst minnast á brtt. frá hv. 2. þm. Reykv. og hv. 5. landsk. Í þessum till. er stungið upp á að ráðstafa 136 millj. kr. af greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1951. Þessar till. ná vitanlega alls engri átt vegna þess, að greiðsluafgangur ríkissjóðs 1951 nálgast ekkert þessa fjárhæð, sem þm. vilja ráðstafa. Hann verður ekki einu sinni helmingur af þeirri upphæð, þannig að ef þessi till. yrði samþ., yrði a. m. k. að taka mjög mikið af fé mótvirðissjóðs, enda hefur það komið fram hjá hv. flm., en þá hefði þurft að breyta fyrirsögn frv. En varðandi mótvirðissjóð er það að segja, að núverandi stjórnarflokkar hafa gert samkomulag um að beita sér fyrir því, að úr honum væri varið fé til þess að lána í virkjanir, þ. e. Sogsvirkjunina og Laxárvirkjunina, og áburðarverksmiðju og koma þessum fyrirtækjum upp. Og enn fremur hefur stj., með samþykki stjórnarflokkanna, lagt til, að úr mótvirðissjóði verði varið 50 millj. kr. til þess að greiða lausaskuldir ríkissjóðs í Landsbankanum, en að vísu er ekki enn þá búið að ganga frá þessari 50 millj. kr. greiðslu og nokkuð vafasamt, hvernig um það fer. Er auðséð af þessu, að ekki er til þess að hugsa, að mótvirðissjóður geti á þessu ári náð til annars en þessara atriða, þar sem hlýtur að verða að ætla það, sem hægt er að losa úr sjóðnum á þessu ári, til virkjananna og áburðarverksmiðju, og sést glöggt af því, að það mun þurfa til þessara fyrirtækja á þessu ári mun meira fé en kemur inn í sjóðinn á því sama ári. Sést því, að ekki er á þetta bætandi, og kemur þó enn betur í ljós á næstunni, því að stj. á enn eftir að leggja fyrir Alþ. frv. um heimild til að lána þessum fyrirtækjum úr mótvirðissjóði umfram það, sem þegar er í l. — Vil ég því mæla gegn því, að þessi till. verði samþ.

Varðandi till. hv. 8. landsk. vil ég segja örfá orð. — Talsmenn Alþfl. hafa sýnilega að minnsta kosti lært frá því fyrir jól. Þá gerðu þeir till. um að ráðstafa greiðsluafgangi ríkissjóðs upp á — ég held — 90—100 millj. kr., en nú telja þeir það ekki meira en 44 millj., þannig að óneitanlega hefur þetta mál skýrzt mikið fyrir þeim mönnum frá því, sem þá var. Þó hafa engar nýjar upplýsingar komið fram, því að ég var þá búinn að upplýsa það sama og hægt hefur verið að upplýsa fram að þessu um afkomuhorfur ríkisins. En þeir sýnast nú hafa tekið meira til greina þær upplýsingar, og er ekki nema gott um það að segja, og sízt mundi sitja á mér að finna að því. Er þá spurningin, hvort skynsamlegt sé að ráðstafa meiru af greiðsluafganginum en stjórnin stingur upp á, t. d., eins og hv. 8. landsk. stingur upp á, að ráðstafa 44 millj. í stað 38 millj. Um þetta er það að segja, að við höfum reynt að gera okkur grein fyrir því, hver þessi tekjuafgangur yrði. Komumst við að þeirri niðurstöðu, að hann mundi verða um 50 millj. kr., og síðustu upplýsingar gefa til kynna, að þessi afgangur muni verða nærri þessu, og er þessi áætlun sízt of lág, þannig að ekki er ástæða til að ætla, að hann verði yfir 50 millj. Hefur stj. ekki séð sér fært að ráðstafa meiru en frv. gerir ráð fyrir og leggur því á móti öllum brtt., sem ganga í þá átt að ráðstafa meiru. Af þessu leiðir, að ekki þarf að ræða um nauðsynina á því að leggja fram fé til verkamannabústaða. Ég veit, að það væri mjög heppilegt, hefði það verið hægt, og sama má segja um margt annað, sem stj. hefur orðið að leggja á hilluna í þessu tilliti. En það er að sumu leyti dálítið skemmtilegt fyrir mig, sem hef tekið á móti miklum ávítum frá stjórnarandstæðingunum fyrir að hafa hagað þessum málum þannig, að það hefur orðið svolitill afgangur, — það er skemmtilegt fyrir mig að heyra og sjá þær till., sem stjórnarandstæðingar hafa svo að gera um ráðstöfun á þessu fé, og lýsingar þeirra á því, hversu þetta fé hrökkvi skammt til þess að verða við þeirra brýnustu nauðsynjum. Þá verður lítið úr ákúrum stjórnarandstæðinga, að þannig skuli hafa verið stillt til, að nokkur afgangur varð af tekjum ríkisins 1951, og fer þá öll framkoma þeirra í þessu sambandi að verða nokkuð brosleg.

Að lokum vil ég leggja eindregið á móti því, að c-liður brtt. á þskj. 583 verði samþ., og nægir að mestu að vísa til þeirra raka, sem ég flutti við 1. umr. þessa máls, þar sem því var hreyft við þá umr. af talsmönnum sósialista og Alþfl., að rétt væri að lækka vextina frá því, sem lagt er til í frv. ríkisstj. Þessi till. um vextina er sett inn með tilliti til þess, að stj. beiti sér fyrir því að lána úr mótvirðissjóði með 5½% vöxtum, og vill þá stj., að það verði hliðstætt við vexti af þeim lánum, sem ríkissjóður lánar beint. Þetta er gert vegna þess, að það fé, sem við lánum úr mótvirðissjóði, og annað fé verðum við að reyna að innheimta aftur með eðlilegum vöxtum til þess að lána það aftur. Ég get ekki á það fallizt, að þau fyrirtæki, sem fá þetta fé úr fyrstu umferð, njóti forréttinda með því að fá þetta fé með óeðlilega lágum vöxtum, heldur er svo ráð fyrir gert, að þau greiði af því nokkurn veginn eðlilega vexti og síðan sé hægt að lána það út aftur til annarra fyrirtækja, sem hafa ekki orðið þess aðnjótandi að fá fé úr mótvirðissjóði frá fyrstu umferð. Þetta er sama og ég sagði við 1. umr., og mun ég ekki endurtaka það, en vil vona, að meiri hl. d. standi fast saman um það að hafa vaxtafótinn eins og stj. hefur lagt til. Sannleikurinn er sá, að fremur mætti segja, að hann væri óeðlilega lágur, en að íhuguðu máli þótti stj. ekki sanngjarnt að fara hærra en í 5½%.

Þetta vildi ég segja út af þeim brtt., sem komið hafa hér fram.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég saknaði þess í ræðu hæstv. fjmrh., að hann skyldi ekki gefa neinar upplýsingar um þá ráðstöfun, sem þegar hefur farið fram á mótvirðissjóði. Þó kom vel fram hjá honum, að því er snertir hinar 50 millj. kr., sem samþ. var fyrir alllöngu að heimila ríkisstj. að greiða úr mótvirðissjóði upp í lausaskuldir í Landsbankanum, að ekki hefur enn verið gengið frá því og vafasamt, hvernig um það fer. Mér sýnist þess vegna, að hæstv. ríkisstj. viðurkenni með þessu, að raunverulega sé þessum 50 millj. kr., sem gengið hefur verið út frá að skyldi verja til að greiða upp í skuldir við Landsbanka Íslands, óráðstafað enn þá. Og þar sem viðhorfið í þjóðfélaginu er gerbreytt síðan heimilað var að ráðstafa þessum 50 millj. á þennan hátt, þá er raunverulega ekki nema eðlilegt, að Alþ. endurskoði þessa ákvörðun sína og geri þá breyt., að í stað þess að verja þeim 50 millj. til að greiða skuldir við Landsbankann sé þeim varið til framleiðsluaukningar. Eins og við munum, mun líklega vera um 1½ ár síðan við samþ. þetta frv. ríkisstj. um 50 millj. kr. greiðslu á skuldum við Landsbankann, og fyrst ekki hefur verið gengið frá því máli nú og vafasamt, hvernig um það fer, eftir yfirlýsingu hæstv. ráðh., álít ég, að þessi till. okkar hér, þar sem farið er fram á, að ráðstafað verði 86 millj. úr mótvirðissjóði, verði eftir yfirlýsingu hæstv. ráðh. raunsæ, þegar miðað er við að breyta hér ákvörðun um þessar 50 millj., og þær fara þess vegna meira að segja upp í nokkuð af þeim 86 millj., sem við gerum till. um að ráðstafa úr mótvirðissjóði. Það nær vitanlega engri átt, eins og komið er efnahagsástandinu í þjóðfélaginu, að ætla að fara að greiða 50 millj. kr. upp í lausaskuldir við Landsbankann. Og ég held, að af þeim litlu yfirlýsingum, sem hæstv. ráðh. gaf um þetta, megi ráða, að till. okkar hafi við mjög mikil rök að styðjast að því er sjálfa ráðstöfunina snertir, fyrir utan þörfina á að ráðstafa fénu þannig. — Ég veit, að ríkisstj. hefur í undirbúningi að leggja frv. fyrir þingið um aukna fjárveitingu vegna Sogsvirkjunarinnar, Laxárvirkjunarinnar og áburðarverksmiðjunnar, en það mundi þó allt saman ekki hindra þessa ráðstöfun, ef gengið væri út frá því að breyta þessari till. um 50 millj., og held ég væri mjög æskilegt, að fjmrh. gæfi ótvíræða yfirlýsingu um, hvernig þetta er, — hvort efnahagssamvinnustofnunin í Washington hefur beinlínis lagt á móti þessari samþykkt ríkisstj. að borga 50 millj. til Landsbankans.

Eitt var rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, en það var þegar hann benti á, að réttara væri af okkur að gera brtt. við fyrirsögn frv. Væri sjálfsagt formlega réttara, að fyrirsögn þess hljóðaði svo: Frv. til l. um ráðstöfun á greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1951 og ráðstöfun á fé úr mótvirðissjóði. — Munum við bera fram till. um það við 3. umr., ef till. okkar verða samþ.

Þá kom hæstv. ráðh. með þá aths., að það væri skemmtilegt að sjá till. stjórnarandstæðinga um það, hvernig skyldi verja því fé, sem hann hefði verið svo duglegur að ná í frá almenningi. Ég vil út frá þessu segja ráðh. það, að þótt það sé ekki nema eðlilegt, að deilt sé um það, hvernig fénu sé ráðstafað, er a. m. k. spurning, hvort hefði ekki verið betra að koma því fé í umferð hjá almenningi en ráðstafa því á þennan hátt, sem hér er gert. Þess er að gæta, að þetta fé er tekið úr umferð á síðasta ári og þar með minnkað það fé, sem almenningur hefur í umferð, og sett í þjónustu ríkisins, þ. e. ríkissjóðs, þannig að þessi upphæð, sem tekin er þannig af almenningi, hefur þegar komið mjög illa við fólk almennt í landinu. Það er ekki aðeins, að kaupgeta verkamanna og annarra launþega hafi verið minnkuð um þessar 50 millj., heldur hefur líka það, sem atvinnureksturinn og verzlunin hafa haft til veltu, verið tekið í ríkissjóð, og það hefur áreiðanlega síðar skaðlegar afleiðingar, þegar svona harkalega er dregið úr öllu rekstrarfé. Þannig að það er síður en svo til að stæra sig af að hafa gengið svo nærri almenningi um innheimtu ríkisfjár.

Þess er líka að gæta í þessu sambandi, að með því að taka 50 millj. kr. eða meira frá neyzlu almennings, og þar sem allir okrarar fara fram á að fá að nota þetta fé til fjárfestingar, hefur verið lækkuð lífsafkoma þjóðarinnar á síðasta ári, minnkað það fé, sem hún hefur haft handa á milli til þess að kaupa fyrir sínar nauðþurftir, um 50 millj. kr. Það hefur með öðrum orðum verið pínt út úr almenningi 50 millj. kr. til þess að gera það síðan að kapítali á fjárl., sem síðan er lánað út með vöxtum og vaxtavöxtum, og þetta er mjög hörð aðferð gegn almenningi á þeim tíma, sem hann á jafnerfitt og nú.

Þá talaði ráðh. um eðlilega vexti og sagði, að vextirnir væru ekki nógu háir. Hvað heldur hæstv. ráðh., að séu eðlilegir vextir í þjóðfélaginu nú, og hvað meinar hann, þegar hann talar um eðlilega vexti? Á hann við, að það séu eðlilegir vextir, sem skapast með framboði og eftirspurn á núverandi lánsfjármarkaði? Ég veit ekki, hvort hann þekkir þá vexti, sem skapast með framboði og eftirspurn. Ég býst við, að ef menn ætluðu að selja nú t. d. ríkisskuldabréf með 25% afföllum, mundi það vera nokkurn veginn ókleift. Ég veit ekki, hvort hæstv. fjmrh. hefur fylgzt með afleiðingum þeirrar lánsfjárpólitíkur, sem ríkisstj. rekur. En hann má vita, að það eru til vextir í Reykjavík nú, sem eru þannig, að víxill til t. d. þriggja mánaða er seldur með 20% afföllum; það er m. ö. o. lánað fé með 80% vöxtum. Það er vafalaust til líka, að lánað sé fé með miklu skikkanlegra móti á þeim markaði, sem rekinn er utan bankanna, en hitt er vitanlegt, að aldrei hefur svartur markaður blómgazt eins á Íslandi og í tíð þessarar hæstv. ríkisstj., — svartur markaður á peningum. Hæstv. ríkisstj. hefur stært sig af því að hafa útrýmt svörtum markaði á vörum. Það er rétt, að það hefur skapazt það mikil fátækt hjá almenningi, að hann getur ekki lengur keypt sér nauðsynlegustu vörur til þess að lifa af. Þeim svartamarkaði, sem var á vörum, hefur ríkisstj. útrýmt með því að útrýma kaupgetunni, en hefur skapað annan svarta-

markað um leið, þ. e. svartamarkað á peningum, — skapað þeim mönnum, sem eiga peninga eða geta fengið lánaða peninga með góðum kjörum, möguleika til þess að taka 10—20 og upp í 80% vexti. Og hvað kallar hæstv. ráðh. svo eðlilega vexti í þessu sambandi? Þetta er ávöxturinn af vaxta- og lánsfjárpólitík hæstv. ríkisstj., — ávöxturinn af þeim bréfum, sem ríkisstj. hefur skrifað bönkunum um að draga úr lánsfjárstarfsemi. Það er eins og það séu samantekin ráð milli hæstv. ríkisstj. og okraranna í Reykjavík að fégletta almenning með þessari aðferð. Kemur þetta líka vel fram í því, að nú fer fram hvert nauðungaruppboðið á fætur öðru, þar sem fólki, sem á undanförnum árum hefur verið að reyna að eignast húsnæði undir pólitík Framsfl., er steypt í örbirgð einmitt með þeirri fjármálapólitík og svartamarkaðspólitík, sem hæstv. ríkisstj. rekur. Ef hæstv. ráðh. ætlar þess vegna í sambandi við vexti af því fé, sem ríkið hefur til ráðstöfunar, að fara út í það að keppa við okrarana, má hann fara langt upp fyrir 5%. Ef ráðh. hins vegar ætlar sér að reyna að stuðla að því, að þessum svartamarkaði verði útrýmt og sköpuð í landinu eðlileg lánsfjárpólitík, m. a. eðlileg fjárfestingarpólitík, sem geri mögulegt að þau fyrirtæki, sem lagt er í, geti borið sig, er ekki rétt að hækka þessa vexti. Það mundi nú líka satt að segja vera allundarleg aðferð — svo að maður taki dæmi í sambandi við landbúnaðinn — að lána úr ræktunarsjóði og byggingarsjóði, — það er nú mismunandi vaxtafótur, en ætli það sé ekki frá 2½ til 3½%, þegar lánað er til bænda, en mér skilst, að með núverandi till. hæstv. ríkisstj. sé gengið út frá, að til Búnaðarbankans skuli lánað með 5½% vöxtum. Og ef ríkissjóði finnst eðlileg ráðstöfun á sínu fé að reikna 5½% vexti til Búnaðarbankans t. d., skyldi þá ekki Búnaðarbankanum, sem er þó bankastofnun, bráðum fara að þykja eðlileg ráðstöfun á sínu fé að taka ekki aðeins 5½% vexti af bændum, heldur nokkru hærri vexti? En það liggja ekki fyrir hér till. um slíka hækkun, enda held ég, að það væri óréttlátt að breyta þeirri stefnu að veita þeim lán með lágum vöxtum, sem eru að byggja landið upp og rækta það og skapa arðbæra eign fyrir framtíðina. Það er undarleg aðferð af ríkisstj. að skapa fyrst að óþörfu lánsfjárkreppu í þjóðfélaginu með ráðstöfunum sínum, setja þar með vextina á svartan markað upp úr öllu valdi og koma síðan til Alþ. og segja: Það verður að hækka vextina, þannig að þeir geti talizt eðlilega háir, því að vextir eru að hækka í þjóðfélaginu.

Það var líka einu sinni hægt að fá fé með ákaflega lágum vöxtum hér á Íslandi, og þótt margt væri við það að athuga, var það áreiðanlega hollara ástand en það, sem nú hefur skapazt. Meðan það ástand var og fjmrh. sérstaklega talaði hvað mest um dýrtíðina, sem hann er nú hættur að tala um nú, eins og líka eðlilegt er, þá var a. m. k. allt gert sem hægt var til þess að byggja þjóðfélagið upp. En með þessari pólitík er verið að brjóta þetta niður; vinnuaflið er hindrað í því að vinna og fjármagnið hins vegar gert að okrarafjármagni, sem er það dýrt fyrir almenning, að heita má, að ókleift sé að ráðast í nýjar framkvæmdir, og ríkisstj. leggur hins vegar fyrir bankana að draga úr lánveitingum eins og þeir frekast geta.

Ég ætla hins vegar ekki að fara út í neinar almennar umr., en vildi hins vegar svara því, sem hæstv. ráðh. var að deila á okkur hv. 5. landsk. út af því, sem felst í till. okkar. — Mér þætti sem sagt gott að fá nánari upplýsingar varðandi mótvirðissjóð og enn fremur í sambandi við þessar 50 millj. kr., sem ætlunin hefur verið að greiða upp í lausaskuldir við Landsbankann, því að ef svo er sem gefið var í skyn af hæstv. ráðh., að meinað hafi verið að nota þær í því skyni, væri því frekari ástæða til að koma í veg fyrir slíkt með því að samþ. þá till., sem við hv. 5. landsk. þm. höfum lagt fram.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 59. fundi í Nd., 15. jan., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 581,1 felld með 21:6 atkv.
— 583 felld með 23:7 atkv.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 581,2—3 teknar aftur.
2.—3. gr. samþ. með 25:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., 17. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Nd., 18. jan., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 537, 652, 654).

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég lagði fram við 2. umr. þessa máls allvíðtækar brtt., og voru þær felldar. Ég vildi nú leyfa mér að bera fram nokkrar brtt. á þskj. 652, þar sem farið er allmiklu vægar í sakirnar, og vildi nú mega vænta þess, að hv. þm. gætu orðið sammála um nokkrar af þeim till., sem þar eru fluttar. Ég hef í þeim till. haldið við sama prinsipi og sjálf ríkisstj. hefur innleitt í sambandi við afgreiðslu málsins, þ. e. að áskilja sér heimild til þess, ef henni þykir hentugra, að lána viðkomandi fjárhæðir úr mótvirðissjóði, og sé þá varið jafnstórum fjárhæðum af tekjum ríkissjóðs til þess að greiða lausaskuldir. Þess vegna er a-liður 1. brtt. um það að fella niður í 1. mgr. orðin „38 millj. króna“, þannig að upphaf 1. gr. hljóði svo: Ríkisstjórninni er heimilt að verja af tekjum ríkissjóðs árið 1951 sem hér segir: — Það er vitað, að tekjur ríkissjóðs 1951 munu líklega verða meiri en 38 millj. kr., og þegar enn fremur ríkisstj. áskilur sér heimild til að lána úr mótvirðissjóði samkv. 2. gr., eins og ég hef tekið fram, ætti það að vera í lagi.

Sjálfar brtt. eru svo miðaðar við till. ríkisstj., þannig að ég vildi mælast til þess, að hver einstakur liður yrði borinn upp út af fyrir sig.

— Það er þá fyrst að hækka lánveitingu til ræktunarsjóðs og byggingarsjóðs um 5 millj. kr., þ. e. úr 15 millj. í 20 millj., og í öðru lagi að hækka lán til byggingarsjóðs verkamanna úr 4 millj. kr. í 9 millj. kr. Þá hef ég einnig lagt til, að lánsupphæð til sveitarfélaga til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum og lánsupphæð til byggingar smáíbúða verði hvor um sig hækkuð úr 4 millj. í 9 millj. kr. Hafa þannig þessir þrír síðustu liðir allir verið hækkaðir jafnmikið í brtt. minum frá því, sem ríkisstj. gerir ráð fyrir, og býst ég við, að flestir hv. þm. geti verið sammála um, að ekki muni af veita, að þessu fé verði ráðstafað til bygginga eins og nú er ástatt. — Þá legg ég til, að á eftir 8. lið komi nýr liður, þ. e. til byggingar sjúkrahúsa, heilsuhæla og heilsuverndarstöðva 7 millj. kr.

Verði þessar brtt. samþ., mundi það þýða, að þarna bættust við 27 millj. kr. Ef tekjuafgangur ríkissjóðs verður 50 millj. kr., mundi það þýða, að þetta yrði ekki nema um 15 millj. fram yfir greiðsluafgang ríkissjóðs, þannig að þarna væri þá raunverulega lagt til að taka 15 millj. úr mótvirðissjóði til þessara ráðstafana. Nú hefur verið upplýst í sambandi við þær umr., sem farið hafa fram um mótvirðissjóð, að í honum muni vera um 340 millj. kr. alls. Hins vegar nema samtals þær upphæðir, sem samþ. hefur verið að verja úr honum til hinna þriggja stóru fyrirtækja og til þess að greiða lausaskuldir í Landsbankanum, um það bil 265 millj. kr. alls, þannig að eftir munu verða í honum nálægt 75 millj. kr. Ég verð að segja, að 15 millj. kr. úr mótvirðissjóði af 340 millj. er ekki sérstaklega mikið, þegar á að ráðstafa því á þennan hátt. Þar er því um að ræða fé, sem er til, — fé, sem mun gefa sinn arð og hjálpa nokkuð til að bæta úr því neyðarástandi, sem nú ríkir í þessum efnum.

Brtt. við 2. gr. er til þess að gefa ríkisstj. heimild til að lána úr mótvirðissjóði með tilliti til þeirra 15 millj., sem hér hefur verið talað um. — Þá er einnig lagt til, að fyrirsögn frv. verði breytt vegna væntanlegra framlaga úr mótvirðissjóði. — Þá er og lagt til, að vaxtafætinum verði breytt. Voru felldar allar till., sem ég flutti við 2. umr. um að fá hann lækkaðan niður í 4%, og geri ég hér tilraun til að fá honum komið niður í 4½%.

Vænti ég svo, að þm. geti orðið sammála um að minnsta kosti nokkrar af þessum till.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Ég hef hér á þskj. 654 flutt brtt. við þetta frv., sem ég vil mæla fyrir með örfáum orðum.

Það er kunnugt frá því að þetta kom í þingið fyrir nokkrum árum, að austur á Hornafirði er mjög mikil þörf að byggja fiskiðjuver, ekki sízt vegna þess, að þar er útgerðarstarfsemi einhver hin mesta á Austurlandi á vetrarvertíðinni, sem Austurlandsflotinn hefur stundum orðið að treysta að öllu leyti á. — Fyrir nokkrum árum síðan, eða 1945, var fyrst flutt á Alþ. frv. um landshöfn og fiskiðjuver á Hornafirði, sem náði ekki fram að ganga. Það var flutt aftur 1946, en náði þá ekki heldur samþykki. Síðan hefur þetta mál legið þannig, að ekki hefur orðið af framkvæmdum fyrr en á síðasta ári, en þá var þörfin orðin svo aðkallandi, að kauptúnið tók það ráð að stofna sérstakt hlutafélag til þess að hrinda þessu máli í framkvæmd. Ástæðan til þess, að upphaflega var fram á það farið á Alþ., að hið opinbera leysti þetta mál að verulegu leyti, var sú, að alls ekki var eingöngu um að ræða hagsmuni þessa eina staðar, þ. e. Hornafjarðar, heldur hagsmunamál heils landsfjórðungs, sem ekki var hægt að ætlast til, að þetta litla byggðarlag leysti. En sem sagt, þegar þessi þáltill. fann ekki náð fyrir augum Alþ., var þegar hafizt handa um að hrinda þessu máli í framkvæmd af hreppsbúum sjálfum og stofnað hlutafélag í því skyni, sem hét Fiskiðjan h/f. Var búið, áður en félagið var stofnað, að safna loforðum um hlutafé, yfir 600 þús. kr., og munu menn þar í sjálfu héraðinu hafa gefið loforð um 300—400 þús. kr., og má telja, að það sé gott framlag frá ekki stærri hóp manna, ekki sízt þegar þess er gætt, að ekki var eingöngu um hagsmuni þessa fólks að ræða. Það gekk fljótlega að koma stofnun hlutafélagsins á laggirnar, eftir að byrjað var á því, og jafnframt var hafizt handa um að reisa fiskimjölsverksmiðju, sem á að geta bætt úr atvinnu á þessum stað og tryggt mun meiri gjaldeyrisöflun frá þessum stað en áður hefur verið. Fiskimjölsverksmiðjan, sem byrjað var að byggja á s. l. sumri, er nú fullgerð og getur tekið til starfa með vetrarvertíðinni. Má segja, að vel hafi verið að því unnið að koma því áfram, en næsti áfangi er bráðnauðsynlegur, ef á að tryggja, að það, sem þegar hefur verið gert, komi að fullu gagni, og það er bygging nægilega stórs hraðfrystihúss með ísgeymslu, sem aðilar eru ákveðnir í að hrinda í framkvæmd, og loks að koma á fullkominni saltfisksverkun. Þetta hefur gengið mjög fljótt, vegna þess að fólkið á staðnum hefur lagt sig mjög fram um það að leysa það mál fljótt og vel. En hitt er aftur á móti staðreynd, að næsti áfangi verður erfiður vegna þess, hve erfitt er að fá lánsfé í landinu til allra hluta, því að meiri hluti af umr. hefur fjallað um það að útvega lán til hinna og annarra hluta, sem nauðsynlegir þykja í framkvæmdum þjóðfélagsins. Mér var það ljóst strax, þegar þingið kom saman, að mjög yrði undir aðgerðum þess komið, þ. e. hve vel yrði leyst úr þessu vandamáli almennt, hve miklar líkur væru til þess, að Hornafirði tækist að koma þessum næsta nauðsynlega áfanga áfram á þessu ári, sem þarf að gera, og í því sambandi vil ég minna á frv., sem ég flutti hér á öndverðu þessu þingi ásamt hv. 2. landsk. (LJós), þar sem gert er ráð fyrir, að verja megi úr mótvirðissjóði allt að 50 millj. kr. til bæjar- og sveitarfélaga til að bæta atvinnuskilyrði þar. Hefði það náð fram að ganga, hefði þar verið skapaður möguleiki fyrir Hornafjörð til þess að fá mál sitt leyst ásamt öðrum, sem líkt stendur á um. Ég get ekki betur séð af þeim umr., sem fóru hér fram í gær út af öðru máli, sem flutt er af hæstv. ráðh., en að full ástæða hefði verið til þess að fá samþ. þetta frv. til þess að leysa þessi mál almennt. Hver þm. hefur staðið upp á fætur öðrum og sagt sorgarsögu úr sínu kjördæmi, mjög svipaða

og hér er um að ræða. En þetta frv. fékk aldrei afgreiðslu frá þeirri n., sem fékk það til meðferðar. Minni hl., fulltrúi Sósfl., skilaði áliti, en meiri hl. skilaði aldrei áliti. Það átti sýnilega að svæfa málið.

Ég vil í þessu sambandi geta þess, að sú stofnun, sem átt hefur samkv. lögum að veita lán til þessara framkvæmda, þ. e. stofnlánadeild sjávarútvegsins, hefur verið skert svo verulega og fé hennar minnkað svo að tugum milljóna skiptir við það, að ekki er framkvæmt það ákvæði l. um hana að láta vexti og afborganir af því fé, sem hún fékk aftur til útlána, renna inn í hana aftur. Og þetta er viðurkennt með ákvæði, sem stendur í 20. gr. fjárl. á hverju ári, þar sem svo er ákveðið, að ríkissjóði skuli heimilt að ábyrgjast ákveðna upphæð sem lán til hraðfrystihúsa, sem hafa ekki getað fengið lán úr stofnlánadeild sjávarútvegsins, einmitt vegna þess að hún hefur verið skert með öðrum l. en hún starfar eftir. — Mér var ljóst, þegar fjárl. voru afgr., að lítil von var orðin um það, að þetta frv. á þskj. 101 fengi samþykki og þar með leyst úr þessu máli, sem hér um ræðir. Gerði ég þá aðra tilraun í sambandi við þennan umrædda lið á 22. gr. fjárl., þar sem gert er ráð fyrir, að ríkissjóður megi ábyrgjast ákveðna upphæð vegna hraðfrystihúsa, sem ekki geta fengið lán úr stofnlánadeildinni, og gerði tilraun til að fá þann lið hækkaðan og setta inn þá klausu, að ríkisstj. væri samkv. liðnum heimilað að ábyrgjast lán vegna þessa hraðfrystihúss. Þetta var einnig fellt hér í þinginu, og sýnist þó, eftir þessar umr., að ekki hefði verið vanþörf að samþ. það, því að hefði það verið gert, hefði ríkisstj. þarna heimild, sem hæstv. ráðh. hafa leitað eftir nú til þess að lána til fiskiðjuvers í Siglufjarðarkaupstað.

Síðan gerðum við hv. 2. þm. Reykv. enn tilraun til að koma þessu í gegn við 2. umr. þessa frv., um ráðstöfun á greiðsluafgangi ríkissjóðs, og tókum við það ráð að taka upp aðaltill. úr frv. á þskj. 101 og flytja það sem brtt. við frv. um greiðsluafgang ríkissjóðs, og var það ekki samþ. heldur. Ég hef í lengstu lög ætlað að komast hjá því að flytja till. um, að þessi eini staður, Hornafjörður, yrði tekinn út úr og honum liðsinnt með alveg sérstakri ályktun frá Alþ. En þegar þær tilraunir, sem ég hef nefnt hér áður í sambandi við þetta mál, hafa algerlega brugðizt, hef ég séð mig neyddan til að flytja hér þessa till., sem er hér á þskj. 654, — till., sem hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Við 1. gr. Á eftir 8. tölulið komi nýr liður, svo hljóðandi:

Að lána 1.5 millj. kr. til byggingar fiskiðjuvers þess, er Fiskiðjan h/f á Hornafirði hefur nú í smíðum.

2. Við 2. gr. Í stað orðanna „8. tölulið“ komi: 8. og 9. tölulið.“

Ég mun ekki hafa öllu fleiri orð um þetta. Hv. 2. þm. Reykv. er búinn einmitt við þessa umr. að færa rök að því, að það er til fé til þess að leysa þessi mál. Þess vegna fæ ég ekki annað séð en sanngjarnt sé að verða við þeirri ósk, sem felst í þessari till., og ég vil í síðustu lög trúa því, að hæstv. ríkisstj. og Alþ. neiti um þessa aðstoð, sem er bráðnauðsynleg fyrir þennan stað og reyndar fyrir öll Þorpin og kauptúnin á Austurlandi.

ATKVGR.

Brtt. 652,1.a felld með 19:9 atkv.
— 652,1.b felld með 24:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁkJ, ÁS, EOl, JÁ, MK, SG.
nei: MJ, StgrSt, AE, ÁB, BÓ, EmJ, EystJ, GG, GTh, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JG, JPálm, JS, JR, JörB, KS, PÞ, PO, SÁ, SkG, SB.
StJSt, GÞG greiddu ekki atkv.
2 þm. (ÁÁ, ÓTh) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Emil Jónsson: Þar sem mér virðist, að af samþykkt þessarar till. mundi leiða lækkuð framlög til hina liðanna, segi ég nei.

Brtt. 652,1.c felld með 22:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GÞG, JÁ, MK, SG, StJSt, ÁkJ, ÁS, EOl, EmJ.
nei: EystJ, GG, GTh, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JPálm, JS, JR, JörB, KS, PÞ, PO, SÁ, SkG, MJ, StgrSt, AE, ÁB, BÓ, JG.
3 þm. (ÓTh, SB, ÁÁ) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Stefán Jóh. Stefánsson: Ég er með því að auka framlög til bústaða verkamanna, jafnvel þótt það kynni að draga úr framlögum til annarra greina, og segi því já.

Brtt. 652,1.d felld með 19:7 atkv.
— 652,1.e felld með 18:7 atkv.
— 652,1.f felld með 17:6 atkv.
— 654,1 felld með 17:7 atkv.
— 652,1.g felld með 19:8 atkv.
— 654,2 kom ekki til atkv.
— 652,2—3 teknar aftur.
Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 62. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 63. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Eins og greint var frá fyrir jólin, hafði stj. í hyggju að leggja fram þetta frv. um heimild til að ráðstafa greiðsluafgangi ríkisins 1951. Því var þá lýst, í hverju þær till. mundu verða fólgnar, og er þetta frv. í samræmi við þær yfirlýsingar. Mér finnst því ekki ástæða til að fara mörgum orðum um það nú. Ég vil aðeins taka fram, að þær athuganir, sem fóru fram í árslok 1951 á þessu máli, bera það með sér, að greiðsluafgangurinn verður sízt meiri en gert var ráð fyrir, en fyrir jólin var gert ráð fyrir, að hann mundi losa 50 millj. kr.

Ég sé ekki ástæðu til þess að útlista þetta mál nánar, þar sem það hefur verið svo oft og

ýtarlega rætt, en ég vil leyfa mér að óska þess, að frv. verði vísað til fjhn. að umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 19. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 537, n. 680 og 682, 683).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Fjórir menn af fimm úr fjhn. mæla með því, að frv. þetta verði samþ. óbreytt. Fimmti nm., hv. 1. landsk. þm., sem ekki gat vegna sérstakra atvika mætt í tæka tíð, hefur nú gefið út sérstakt álit og brtt.

Það þarf ekki langa framsöguræðu af hálfu meiri hl. fyrir þessu máli, þar sem hæstv. fjmrh. fylgdi málinu úr hlaði með grg. Það er ánægjulegt að hafa greiðsluafgang frá árinu 1951 til að ráðstafa, og við getum hugsað okkur, hvernig ástandið væri, ef Alþ. hefði ekki nú þennan greiðsluafgang. Stjórnarflokkarnir hafa komið sér saman um þá heildarupphæð af greiðsluafganginum, sem á að skipta. Um þessi mál mætti vitanlega deila, og um allt er hægt að deila. En varla teljum við ráðvænlegt að ganga lengra í þessu en gert er í frv., og sómasamlega held ég að megi telja till. um skiptinguna.

Hv. 1. landsk. þm. (BrB) gerir till. um breyt. á úthlutun á fénu. Það munu vera sömu till. og komið hafa fram í Nd. og fengið þar endanlega afgreiðslu. Ég geri ráð fyrir því, að þessi d. afgreiði þessar brtt., sem hér liggja fyrir, á svipaðan hátt og Nd. gerði. — Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. N. hefur ekki getað orðið samferða um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. vill samþ. frv. óbreytt, en ég vil gera á því víðtækar breytingar og legg fram brtt., sem eru á þskj. 683. — Ágreiningurinn milli mín og meiri hl. er ekki um það, að þær fjárveitingar, sem eru í frv., beri ekki að samþ., um það er öll n. sammála, en ég tel þessi framlög ófullnægjandi, sem stj. gerir ráð fyrir. Í þessu frv. er heimilað að verja greiðsluafganginum og ekki aðeins greiðsluafganginum 1951, heldur líka af fé mótvirðissjóðs, og út af þeirri heimild ber ég brtt. fram. Það fé, sem samkv. frv. er varið til verklegra framkvæmda, er aðallega 12 millj., sem veittar eru sem lán til íbúðarhúsabygginga. Að vísu er rétt, að undir venjulegum kringumstæðum er ekki verkefni ríkissjóðs að vera lánsstofnun fyrir íbúðabyggingar í landinu, eins og lagt er til í frv., en það er hið næstum algera lánsfjárbann, sem gerir þetta nauðsyn. En þegar þess er gætt, að við búum við slíkt lánsfjárbann og ekki eru líkur til, að því verði aflétt, þá er það sýnilegt og getur ekki verið deilumál, að þessar 12 milljónir hrökkva skammt og eru aðeins lítið brot af brýnustu þörfinni hér í Reykjavík.

Ég þarf ekki enn einu sinni að lýsa atvinnuástandinu í landinu eins og það er í dag. Það ber oft á góma hér á Alþ., og það síðast í dag, bæði hér og í hv. Nd. Ég held, að fleiri og fleiri þm. geri sér ljóst, hve þetta ástand í atvinnumálunum er geigvænlegt, og ég skil ekki, ef hv. þm. geta gengið frá þingi með góða samvizku og vita af þúsundum heimilisfeðra, sem ganga auðum höndum, og heimili þeirra bjargarlaus, auk þess sem ekki er hægt að hugsa sér lélegri búmennsku og ráðdeild en láta hendur í þúsunda tali vera atvinnulausar. Af því hlýtur að síga meira og meira á ógæfuhliðina.

Fyrsta till. mín var, að veittar yrðu 40 millj. kr. sem lán til bæjar- og sveitarsjóða til að bæta úr atvinnuástandinu. Frá mínu sjónarmiði skiptir þessi till. mestu máli. Tilgangur hennar er að gera nokkurt átak til að ráða verulega bót á atvinnuleysinu. Brtt. þessi er í samræmi við frv., sem sósialistar báru fram, en upphæðin aðeins lækkuð. Þær framkvæmdir, sem hér er fyrst og fremst um að ræða, eru bættar aðstæður til að taka á móti fiski, og annað í samræmi við brýnustu þarfir á hverjum stað. Hvert bæjarfélagið eftir annað hefur óskað eftir slíkri aðstoð. Hafa komið fram rökstuddar óskir og kröfur frá Siglufirði, Ísafirði, Seyðisfirði og víðar, og frá þeim stöðum hafa nefndir dvalizt hér langdvölum til að tala við máttarvöld landsins og fá þau til að skilja nauðsynina. Borin hefur verið fram till. um, að hraðfrystihús verði reist á einum þessara staða, og strax voru bornar fram viðbótartill. um aðra staði, þar sem nauðsynin var talin eins brýn. — Síðasta dæmið er frá Seyðisfirði, og hef ég hér í höndum ályktun, sem send var til þingsins þaðan, og er hún á þessa leið:

„Sakir alvarlegs ástands í atvinnumálum bæjarins ákvað bæjarstjórnin á fundi sínum í gær að fara þess á leit, að ríkissjóður veiti Seyðisfjarðarbæ fjárhagsaðstoð til atvinnulegrar viðreisnar eftirfarandi greinum:

1. Byggt verði fullkomið hraðfrystihús ásamt fiskvinnslustöð, þar sem unnið sé að fullri hagnýtingu sjávarafla, svo sem frystingu fisks, söltun og þurrkun.

2. Bæjarfélaginu verði veitt fulltingi til að halda togaranum Ísólfi og gera fjárhagslegar ráðstafanir til að tryggja rekstur hans til frambúðar.

3. Reist verði nú þegar á Seyðisfirði síldarbræðsla sú, er lögum samkvæmt á að reisa sunnan Langaness.

4. Bæjarfélaginu verði gert fært að leggja á móti framlögum ríkisins til hafnarbóta hér, t. d. með hagkvæmri lánsútvegun, þar eð gild rök eru fyrir því, að árleg afborgun slíks láns sé að fullu tryggð.

Kosin var þriggja manna nefnd til þess ásamt mér og yður að ræða við ríkisstjórn og aðra áhrifamenn um viðreisn atvinnulífs bæjarins.

Óskum samráðs við yður, hvenær heppilegast væri, að nefndin kæmi til Reykjavíkur í þessu skyni.

Bæjarstjóri."

Önnur aðaltill. mín er að auka lán til íbúðabygginga úr 12 milljónum í 25 milljónir. Þar er áreiðanlega vægt farið í sakirnar í hlutfalli við þarfirnar. — Þá legg ég til, að 6 milljónum verði varið til sjúkrahúsa, en það hrekkur sjálfsagt skammt.

Fjármagn það, sem ég legg til að ráðstafað verði af tekjuafgangi ársins 1951 og af mótvirðissjóði, er samtals 100 milljónir. Hv. 2. þm. Reykv. lagði til í Nd., að þessi upphæð væri 136 milljónir. Hef ég lækkað þessa tölu til þess að freista þess að fá till. samþ. í þessari hv. deild í breyttu formi. Það er ekki vafi á, að þetta fjármagn er til ráðstöfunar bæði í mótvirðissjóði og ríkissjóði. Það er upplýst, að tekjuafgangur ársins 1951 muni vera um 50 milljónir og til Sogs, Laxár og áburðarverksmiðjunnar hefur verið varið um 120 milljónum þegar, og nú er lagt til, að heimilað verði að verja 95 milljónum til viðbótar. Samtals verða það þá 215 milljónir af 340, sem gert er ráð fyrir að verði í mótvirðissjóði í lok Marshall-tímabilsins. Heimild er fyrir að verja 50 milljónum þar af til að greiða lausaskuldir ríkissjóðs, og þá eru eftir 125 milljónir til ráðstöfunar, ef talinn er með tekjuafgangur ársins 1951, þó að þessar skuldir verði greiddar. Má búast við, að með hlut áburðarverksmiðjunnar og virkjananna sé ekki óvarlegt að áætla, að 100 millj. verði eftir, þ. e. tekjuafgangurinn 1951 og eftirstöðvar mótvirðissjóðs samtals. Auk þess finnst mér fjarstæða, að nokkur skuldagreiðsla eigi sér stað, fyrr en séð hefur verið fyrir fjárþörf virkjananna og áburðarverksmiðjunnar.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Út af brtt. hv. minni hl. vil ég taka fram, að stj. sýnist ekki mögulegt að ráðstafa hærri fjárhæð af tekjuafgangi ársins 1951 en frv. gerir ráð fyrir. Gerð var áætlun snemma í des., og var þá gert ráð fyrir, að greiðsluafgangurinn mundi losa 50 milljónir. Það er ekki hægt að sjá enn, hver niðurstaðan verður, en þó hefur komið á daginn, að tekjurnar í des. voru rýrari en þá varð séð fyrir, svo að útkoman verður ekki betri en þá var spáð. Við sjáum, að það er ekki mögulegt að verða við þeim óskum að ráðstafa meiru. Það má ekki úthluta meiru en verður endanlega í mótvirðissjóðnum, þ. e. a. s. virkjanirnar og áburðarverksmiðjan þurfa það mikið á þessu ári, og það er því fyrirsjáanlegt, að ekki er kostur að úthluta meiru úr sjóðnum. Þess vegna verð ég að taka undir með hv. meiri hl. fjhn. og skora á hv. d. að fella brtt.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Í hv. Nd. var flutt brtt. á þskj. 583 við frv., og vil ég leyfa mér að freista þess að fá hana samþ. í þessari hv. d. — Ég skal taka undir það, sem frsm. sagði, að ekki er vert að ráðstafa meiru en til er af tekjuafganginum, og mun ég fara eftir því. Hæstv. fjmrh. upplýsti nú, að líkur væru til, að áætlun hans um tekjuafgang byggðist á fullmikilli bjartsýni og tekjurnar í desember yrðu lægri en þá var gert ráð fyrir. En allt um það virðist hann telja, að um 50 millj. verði afgangs, enda virðist nægilega riflega greitt umfram fjárl., ef ekki verður meiri afgangur.

Þær brtt., sem ég hef leyft mér að flytja ásamt hv. 6. landsk., eru þær, að heildarupphæðin verði hækkuð um 6 millj., úr 38 í 44, og er ekki vafi á því, að tekjuafgangurinn verður það riflegur, að eitthvað verður eftir samt. Þessar 6 millj. leggjum við til að gangi til að auka framlag á 2. tölulið, lán til byggingarsjóðs verkamanna, úr 4 millj. í 10 millj., og enn fremur að vextir verði ákveðnir 4% í stað 5½% í frv. stj. Hér er svo hóflega í sakirnar farið og svo mikil nauðsyn að auka framlög til byggingarsjóðs verkamanna, að ég trúi ekki fyrr en ég tek á því, að hv. d. geti ekki fallizt á það. — Ég sé, að hæstv. ráðh. er farinn, en ég beindi þeirri fyrirspurn til hæstv. forsrh. í Sþ. fyrir skömmu, hvað stj. hygðist gera til að bæta úr atvinnuleysinu í Reykjavík. Ráðh. svaraði, að stj. væri að athuga þetta og mundi þá næsta dag — eða í gær — ræða við stjórn fulltrúaráðsins, og nú langar mig til að vita, hvort hæstv. ríkisstj. getur svarað, hvað hún hyggst gera til að bæta úr eftir þær viðræður. Mun ég þá, að fengnum þeim upplýsingum, þó að ekki verði í sambandi við þetta mál, flytja till. til að reyna að bæta úr því. — Ég vil svo afhenda forseta þessa till. og óska þess, að hann leiti afbrigða fyrir henni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 697) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég þarf að sjálfsögðu ekki að taka fram, að ég er fylgjandi þeim brtt., sem eru fluttar hér á þskj. 683 af minni hl. fjhn. og miða sérstaklega að því að stíga nokkurt skref til að bæta úr því atvinnuástandi, sem ríkir hér og líkur eru til að fari vaxandi, ef ekkert er gert til úrbóta. Ég ætla samt ekki að ræða sérstaklega þær till., og hvað sem kann að verða um undirtektir dm., vona ég, að sú litla brtt., sem ég ætla að flytja hér, fái góðar undirtektir, því að hvað sem einn eða annar vill deila um fjárhagsgetu ríkissjóðs, held ég, að því verði ekki mótmælt, að hægt er að verða við þessari till., ef vilji er fyrir hendi.

Í frv. stj. eru tveir liðir, 6. og 7. liður, sem fjalla um greiðslur upp í vangoldinn hluta ríkissjóðs af stofnkostnaði fyrirtækja. 6. liður er um að greiða upp í hluta ríkissjóðs af stofnkostnaði skóla 5 milljónir, og 7. liður er um að greiða 2 milljónir upp í hluta ríkissjóðs við hafnargerðir. Þetta virðist mjög eðlilegur og sjálfsagður hlutur, þegar ráðstafað er tekjuafgangi, að honum verði varið fyrst og fremst til að inna af hendi þær greiðslur, sem ríkissjóður hefur tekið að sér að greiða, en hefur ekki getað staðið að fullu við vegna fjárskorts; þegar svo afgangur verður á fjárhagsáætlun, verði honum fyrst og fremst varið til að greiða þessi vangoldnu framlög. Þetta er viðurkennt að nokkru leyti í þessu frv. með ákvæðunum um þessi framlög. Þó er furða, að það er sérstaklega ein grein framkvæmda, sem ríkið stendur

að ásamt bæjar- og sveitarfélögum, og það er bygging sjúkrahúsa, sem er sleppt í þessu sambandi. Nú er ekki svo, að ekki standi svipað á og með hin atriðin; ríkið á líka vangreidd framlög til sjúkrahúsa. Ég veit ekki að vísu, hve mikið eða til hve margra sjúkrahúsa ríkið á ógreidd framlög, en mér er kunnugt um, að með fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri hagar svo til. Nú fyrir síðustu áramót tjáði gjaldkeri sjúkrahússins mér, að ríkið ætti þá vangreitt, miðað við það fé, sem þá var komið í byggingUna, 1½ milljón. Nú er þessi bygging langt komin, þó að hún gangi seint, og á fjárl. þessa árs er framlag ríkisins 500 þús. Ef gera mætti ráð fyrir, að byggingunni væri lokið á þessu ári, sem er nauðsyn og af hálfu Akureyrar lagt kapp á, þá er byggingin búin að standa yfir í 6 ár. Gert er ráð fyrir, að byggingin kosti fullgerð 9 millj., en þó er hætt við, að hún fari fram úr áætlun, en þó að miðað sé við þá áætlun, á ríkið að leggja fram þar af ca. 5½ milljón. Nú er ekki búið að greiða af hálfu ríkisins, þó að taldar séu með þessar 500 þús., nema 3 milljónir, og eru þá eftir 2½ milljón af því, sem ríkið á að leggja fram til þessa sjúkrahúss. Mér finnst furðu gegna, að gengið skuli vera fram hjá slíku atriði sem þessu, þegar verið er að ráðstafa greiðsluafganginum, og vil að svo komnu máli álíta, að aðeins sé um misgáning að ræða. Ég held, að ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar hafi viðurkennt það sem sjálfsagðan hlut, að þegar tekjuafgangi er ráðstafað, þá sé greitt verulega upp í það, sem ríkið á vangoldið til slíkra framkvæmda sem talað er um í 6. og 7. lið. Þess vegna vil ég leyfa mér að leggja fram brtt. í þessum efnum, að tekinn sé inn nýr tölul. á eftir 7. tölul., sem yrði orðaður á þá leið, að greiða skuli upp í hluta ríkissjóðs af stofnkostnaði fjórðungssjúkrahúss á Akureyri 1 millj. kr. og að heildarupphæðin, sem talað er um, yrði hækkuð úr 38 millj. í 39 millj. Hér er ekki um það mikla fjárhæð að ræða, að það skipti verulegu máli í þessu sambandi, og eins og ég sagði áðan, hvað sem menn vilja deila um getu ríkissjóðs til fjárframlaga, þá held ég, að það sé ómögulegt að bera því við í þessu sambandi, þegar viðurkennt er af hæstv. fjmrh., að greiðsluafgangurinn muni verða í kringum 50 millj., að það sé ekki hægt að verða við þessari till., þ. e. a. s. að greiða upp í skuld ríkissjóðs við fjórðungssjúkrahúsið þennan hluta upphæðarinnar, ef bara er vilji til þess að gera það. Það er það eina, sem skiptir máli raunverulega í þessu sambandi, og vil ég vænta þess, að sá vilji sé fyrir hendi og þessi till. verði þess vegna samþ. Og af því að hæstv. fjmrh. er kominn aftur í d., vil ég leyfa mér að beina því til hans sérstaklega, hvort hann sjái sér ekki fært að taka þetta mál til athugunar og hvort hann hefur ekki komizt að þeirri niðurstöðu í fyrsta lagi, að það sé mjög sanngjarnt og í öðru lagi fyllilega réttmætt að verða við þessum tilmælum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 698) leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Brynjólfur Bjarnason): Þessar till., sem fram eru komnar hjá hv. 4. þm. Reykv. og hv. 4. landsk., eru till., sem felast báðar í minum till. í raun og veru, þannig að það má líta á þær sem varatill., sem ég að sjálfsögðu mun greiða atkv., ef minar till. ná ekki fram að ganga. — Að öðru leyti vil ég benda hv. þm. á, að upplýsingar hæstv. fjmrh. eru alveg í samræmi við það, sem ég hélt fram í minni ræðu, svo að þrátt fyrir það, þó að tekjurnar hafi orðið minni en gert var ráð fyrir, þá verður tekjuafgangurinn ekki minni en 50 millj., enda er það hans háttur að áætla varlega.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Út af því, sem hv. 4. landsk. sagði, vil ég taka það fram, að ríkisstj. hefur vandlega íhugað, hvort henni þykir fært að úthluta meiru en ráð er fyrir gert í frv., og hún telur það ekki fært. Og þó að menn vildu gjarnan leggja fram fé til ýmislegs annars, meira en gert er ráð fyrir í frv., þá takmarkast það af því, sem mögulegt er að gera. Það hefði verið ánægjulegt að geta lagt fram meira fé til sjúkrahúsa en ráðgert er, en þegar þess er gætt, að það er enn þá vafamál, hvort greiðsluafgangurinn verður 5 millj., og tekið er til greina, að ríkissjóður hefur orðið að greiða hreinar vanskilaskuldir, þá kemur það fram, að ekki er hægt að ganga lengra en stj. gerir ráð fyrir.

Út af því, sem hv. 1. landsk. sagði, þá hef ég einmitt tekið fram, að það leikur nokkur vafi á því, hvort greiðsluafgangurinn nær 50 millj., því að tekjurnar eru rýrari en gert var ráð fyrir. Ég hygg, að það sé þó óhætt að treysta því, að hægt verði að úthluta 38 millj., en það þýðir ekki að úthluta meiru en greiðsluafgangurinn endanlega verður.

ATKVGR.

Brtt. 683,1.1 felld með 11:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrB, FRV, StgrA.

nei: VH, ÞÞ, BBen, GJ, HermJ, KK, LJóh, PZ, RÞ, SÓÓ, BSt.

HV, HG greiddu ekki atkv.

1 þm. (JJós) fjarstaddur.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Gísli Jónsson: Í Sþ. er till. um að bæta úr atvinnuástandinu á Siglufirði og aðrar till. í sambandi við það, og það mál er í athugun, og þar sem ekki hefur verið gengið endanlega frá því máli, þá segi ég nei.

Brtt. 683,1.2 tekin aftur.
— 683,1.3 felld með 10:5 atkv.
— 683,1.4 felld með 10:5 atkv.
— 683,1.5 felld með 10:5 atkv.
— 683,1.6 felld með 11:5 atkv.
— 683,1.7—8 felld með 11:3 atkv.
— 697,a felld með 10:5 atkv.
— 698,a felld með 10:5 atkv.
— 697,b—c felld með 11:5 atkv.
— 698,b felld með 10:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrB, FRV, HV, HG, StgrA.

nei: VH, ÞÞ, BBen, GJ, HermJ, KK, LJóh, PZ
RÞ, SÓÓ.
BSt greiddi ekki atkv.
1 þm. (JJós) fjarstaddur.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 683,2 tekin aftur.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., 21. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 713).

---

26. Forgangsréttur til embætta.

Á 3. fundi í Sþ., 8. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 84 23. júní 1936, um viðauka við l. nr. 36 11. júlí 1911, um forgangsrétt kandidata frá Háskóla Íslands til embætta, og viðauka við síðargreindu lögin [35. mál] (stjfrv., A. 39).

Á 6. fundi í Ed., 10. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., 4. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 39, n. 313).

Frsm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta frv. um breyt. á og viðauka við l. um forgangsrétt kandidata frá Háskóla Íslands til embætta er samið að tilhlutan Háskóla Íslands og flutt af hæstv. menntmrh. Það er búið að liggja nokkuð lengi í menntmn. N. hefur haldið marga fundi um málið og kvatt til viðræðna Pálma Hannesson, Ingimar Jónsson, Freystein Gunnarsson, Helga Þorlákssson og Guðmund Þorlákssson. Við þessa menn hefur verið rætt og fleiri aðila. N. taldi, að eins og frv. er frá hendi hæstv. menntmrh., drægi það of einhliða taum þeirra manna, sem hafa próf frá Háskóla Íslands. Það er greinilegt, að frv. er samið og flutt af háskólans hendi til að tryggja embættisrétt þeirra manna, sem ljúka prófi við B. A.-deild háskólans, og að nokkru leyti til að tryggja rétt þeirra, sem ljúka kandidatsprófi í íslenzkum fræðum frá háskólanum, til kennslu í íslenzkri tungu og bókmenntasögu og Íslendingasögu. Ég held, að allir þeir, sem n. ræddi við, hafi verið sammála um, að frv. mætti ekki lögfesta á þá lund, sem það nú er, en kandidatarnir fengju aukin réttindi frá því, sem þeir nú hafa, og var enginn ágreiningur um það. En það var miklu fremur ágreiningur um það, hvað væri framkvæmanlegt í hinum ýmsu gagnfræðaskólum, hvort lögfesta ætti forgangsrétt sérfróðra manna til kennslu í 1. og 2. bekk gagnfræðastigsins, sem víða er framkvæmd af barnaskólunum eða í beinu sambandi við þá. Það er eðlilegast, að kennslan sé undir slíkum kringumstæðum framkvæmd af kennurum með próf frá Kennaraskóla Íslands. Þá þótti ekki heldur rétt að veita B. A.-deild háskólans forgangsrétt til slíkrar kennslu á unglingastiginu, nema því aðeins að kennsla í þeim greinum, sem ráða á kennara í, nemi a. m. k. hálfu kennarastarfi eða sérstakur kennari ráðist til starfsins. — Þá var það, að n. ræddi sérstaklega við skólastjóra Kennaraskóla Íslands, og var ákveðið, að ekki mætti halla á réttindi þeirra manna með kennarapróf, sem eftir nokkra reynslu í kennarastörfum mundu halda áfram námi í erlendum kennaraskólum. Slíkir kennarar hefðu að lögum jafnan rétt til kennslu og menn með próf frá B. A.-deild háskólans. Þá var og talið rétt, að menn með próf frá B. A.-deildinni hefðu sömu réttindi til kennslu við framhaldsskóla og þeir, sem hafa háskólapróf frá erlendum kennaraháskólum.

Á frv. eru gerðar efnisbreyt. eftir till. n. Í fyrsta lagi hvað snertir meistara og kandidata í íslenzkum fræðum, þá eru felld niður forréttindi þessara manna til kennslu í Íslandssögu. Kennararéttindi þessara manna eru því aðeins viðurkennd, að sérfræðikennsla þeirra fylli út meira en nemur hálfu því starfi, sem nýr kennari er ráðinn til. Forréttindi meistara og kandidata koma ekki til greina, þegar kennslan fer fram í sambandi við barnaskólana. Með þessum breyt., sem gerðar voru á 1. gr., er siglt milli skers og báru, þannig að báðir megi við una, en hvorugur er þó fyllilega ánægður.

Hvað snertir efnisbreyt. á 2. gr., þá eru B. A.-prófsmönnum tryggð forréttindi til kennslu í sínum sérgreinum með sömu kvöðum og sömu skyldum og eru í 1. gr. Orðalagið „með hliðstæðum hætti“ bendir til, að þetta sé að öllu leyti bundið sömu skilyrðum og eru í 1. gr. Ég legg áherzlu á það, að þetta er skilningur n. — Þá er tekið skýrt fram í 2. gr., að B. A.-prófsmenn hafi rýrari réttindi, standi að baki þeim, sem ákvæði 1. gr. ná til, en hafi jafnan rétt við þá, sem háskólapróf hafa með kennsluréttindum í þeim greinum, sem B. A.-prófið lýtur að. Og enn fremur hafa þeir jafnan rétt við þá kennaraprófsmenn, sem hafa lokið fullnaðarprófi frá erlendum kennaraháskólum.

Þá er það till. n., og að verulegu leyti byggð á viðtölum við sérfræðinga, sem n. kvaddi á sinn fund, að við frv. bætist tvær gr., hin fyrri, sem yrði 3. gr., er nánar tekur fram, að sé um kennarastöðu í tveimur eða fleiri kennslugreinum að ræða, þá skuli sá hljóta starfið, sem hefur forgangsréttindi samkv. 1. og 2. gr. þessara laga að meiri hluta kennslustunda í þessum greinum. Þá þótti rétt að gefa veitingavaldinu bendingu um það, hvernig ætti að ráða, og í síðustu brtt. n., 3.b, leggur n. til, að ný gr., sem verði 4. gr., bætist við, svo hljóðandi: „Lög

þessi skerða þó á engan hátt kennslurétttindi þeirra manna, sem hafa hlotið kennararéttindi, þegar lögin taka gildi.“ Háskóli Íslands lagði til, að orðalag þessarar gr. væri nokkuð á annan hátt, nefnilega þannig, að lög þessi skertu á engan hátt rétt kennara til þeirrar stöðu, sem þeir gegna, er lögin öðlast gildi. Þetta taldi n. ekki rétt að hafa svona og taldi, að það væri sama sem að smeygja átthagafjötrum á þá menn, sem þarna væri um að ræða, og að ef þeir væru taldir færir til þess að kenna viðkomandi námsgreinar þar, sem þeir væru, áfram, þá væru þeir til þess jafnfærir að kenna sams konar námsgreinar á öðrum stöðum.

Ég held, að ég hafi þá gert grein fyrir efnisbreyt. frv. eftir brtt. n. N. hefur kostað kapps um það að halla á hvorugan aðilann eða hvorugan stéttarhópinn og reynt að tryggja í löggjöf sem réttlátust kennararéttindi manna, hvort sem þeir hafa lokið B. A.-prófi frá Háskóla Íslands eða erlendum háskólum eða kennaraprófi frá kennaraskólanum. En um réttindi þessara manna allra þarf að ákveða í löggjöf. Það má vel vera, að ekki hafi tekizt að fullnægja öllu réttlæti með brtt. n., en n. lagði í það verulega vinnu að gera sitt í þessu efni.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil gjarnan spyrja hv. frsm., hvaða skilning n. leggur í þessi orð hér í 2. gr.: „með hliðstæðum hætti“, þar sem um er að ræða, að þeir, sem lokið hafi B. A.-prófi við heimspekideild háskólans, skuli með hliðstæðum hætti njóta forgangsréttar til kennslu o. s. frv. (**HV:** Með sömu skilyrðum og í 1. gr. frv. getur.) En þessi grein hér er stíluð við 1. gr. í l. nr. 36 frá 1911, og þar eru þessar hliðstæður ekki fyrir hendi. Þetta vil ég benda á. Ég hafði skilið það svo, að hér væri átt við 1. gr. frv., og það mun vera rétt skilið hjá mér, að þessu muni vera ætlað að eiga við orðin í 1. gr. frv.: „skulu að öðru jöfnu hafa forgangsrétt til kennslu,“ o. s. frv. En þegar athugað er, að þessi brtt. í nál. er stíluð við lög nr. 36 frá 1911, þá er það orðalag ekki þar í lögunum. Með orðunum „að öðru jöfnu“ í 1. gr. frv. skil ég, að það sé t. d. ekki talið í þessu tilliti að jöfnu, ef annar maðurinn, sem um er að ræða, er reglumaður, en hinn óreglumaður. Ég get fellt mig við, að sú gr. verði samþ., en ekki að það standi í sambandi við 2. gr. það orðalag, sem hér er, vegna þess sem ég áður sagði. Ég vænti, að hv. n. taki þetta til athugunar fyrir 3. umr., og mun þá ekki bera fram neinar brtt. við þá umr.

Frsm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég held, að þetta sé byggt á misskilningi hjá hv. þm. Barð. Brtt. n. er um það, að gr. í l. nr. 84 frá 1936 orðist svo, og 2. gr., eins og gert er ráð fyrir henni í brtt. n. í nál., vikur þannig til þessarar gr. svo orðaðrar, og það er að miklu fleira leyti en til orðanna „að öðru jöfnu“, sem orðasambandið „með hliðstæðum hætti“ í seinni gr. brtt. bendir til. Orðasambandið „með hliðstæðum hætti“ bendir til allra skilyrða, sem fram eru tekin í 1. gr., eins og n. vill orða hana með brtt. sinni. Það þýðir, að B. A.-prófsmenn frá heimspekideild háskólans skuli hljóta forgangsréttindi með sama hætti og meistarar og kandidatar, sem fyrri gr. ræðir um, þ. e. a. s. þeir hafi forgangsrétt við alla framhaldsskóla, sem kostaðir eru eða styrktir af ríkisfé eða sveitarfé, ef kennslan á unglingastiginu fer ekki fram í sambandi við barnaskóla, og þó því aðeins, að kennsla í þessum greinum nemi a. m. k. hálfu kennarastarfi eða sérstakur kennari sé ráðinn til starfsins, og þessir menn hafi réttindi framhaldsskólastigsins. Þarna er því vísað til allra skilyrðanna, sem í 1. gr. eru sett. Ég held, að þetta komi ekki í bága við eldri lög, en þetta skal verða borið saman fyrir 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 313,1 (ný 1. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
— 313,2 (ný 2. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
— 313,3 (2 nýjar gr., verða 3.—4. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
3. gr. (verður 5 gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Ed., 15. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 332, 600, 601).

Frsm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þegar þetta mál var afgreitt hér við 2. umr., lofaði ég fyrir hönd menntmn. að athuga það nánar. N. hefur borið saman frv. og þær breyt., sem á því hafa orðið, við hinn upphaflega texta, en n. hefur tekið sér fyrir hendur að breyta formi þessa frv. frá því, sem var, þegar ríkisstj. flutti það. En eins og hv. þm. sjá, þá var frv. í því fólgið, að það var breyt. við l. frá 1936, sem aftur voru l. um breyt. á l. frá 1911.

Nú eru hér brtt. frá n. á þskj. 600, og um þær er það að segja, að þær eru formsbreytingar, en ekki efnisbreytingar frá því, sem frv. var við 2. umr. Helzta breyt. er sú, að l. frá 1936 eru felld úr gildi og allar brtt. því miðaðar við l. frá 1911. Þar af leiðir, að 1. gr. þessa frv. verður viðbótargr. við frv. frá 1911, 2. gr. frv. kemur í stað 2. málsgr. 1. gr. l. frá 1911, og 3. gr. frv. kemur í stað 2. gr. frv. frá 1911. — Þá eru breyt. á orðalagi, sem eru formsatriði: a) Á eftir 1. gr. l. bætist ný gr., svo hljóðandi. b) Í staðinn fyrir orðin „samkvæmt 1. og 2. gr. þessara laga“ kemur: samkvæmt 1. gr. — Fjórða brtt. á þskj. 600 er við 4. gr. l., að hún verði 3. gr. l. frá 1911 og orðist svona: „Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 84 23. júní 1936, um viðauka við lög nr. 36 11. júlí 1911, um forgangsrétt kandidata frá Háskóla Íslands til embætta.“ — Fimmta brtt. er sú, að 5. gr. þessara l. verði 4. gr. l., um það, að lög þessi öðlist þegar gildi. — Sjötta brtt. er svo samkvæmt framansögðu um það, að fyrirsögn frv. breytist, þar sem lögin frá 1936 falla niður, og verður hún því: „Frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 11. júlí 1911, um forgangsrétt kandidata frá Háskóla Íslands til embætta.“ — Það verður að viðurkenna, að það er miklu betra form að nema l. frá 1936 úr gildi og gera breytingarnar við l. frá 1911.

Ég sé, að komin er fram till. frá menntmrh. um það, að í 1. gr. l. komi: „forgangsrétt til kennslu í íslenzkri tungu, íslenzkum bókmenntum og Íslandssögu“. Þannig var þetta líka eins og hæstv. ríkisstj. flutti frv. upphaflega. En n. felldi þetta niður og taldi ekki ástæðu til þess að þeir, sem lokið hefðu kandidatsprófi eða meistaraprófi, hefðu forgangsrétt nema til sinna sérgreina, en samkv. till. hæstv. menntmrh. eiga þeir einnig að njóta forgangsréttar til kennslu í Íslandssögu, sem n. fannst ástæðulaust.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég bið afsökunar á því, að ég þarf nú sem stendur að vera til skiptis í báðum deildum. — Þetta eru aðeins nokkur orð í sambandi við brtt. Ég hef ekkert við brtt. menntmn. að athuga, þótt þær komi undir l. frá 1911, sökum þess að hér er ekki um neinar meginmálsbreytingar að ræða. Hins vegar hef ég flutt brtt. á þskj. 601 um það, að í stað orðanna „forgangsrétt til kennslu í íslenzkri tungu og íslenzkum bókmenntum“ komi: forgangsrétt til kennslu í íslenzkri tungu, íslenzkum bókmenntum og Íslandssögu. — Þetta er það, sem stóð upphaflega í frv., en hefur verið fellt niður í meðferð n. á málinu. Ég vil mælast til þess, að d. taki þetta atriði inn í frv. aftur, þannig að forgangsrétturinn nái einnig til kennslu í Íslandssögu. Um þetta kunna að vera skiptar skoðanir, en ég tel, að úr því að forgangsréttur er gefinn, þá eigi Íslandssaga einnig að vera þarna með.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Þegar þetta frv. lá fyrir menntmn., gekk n. að því til samkomulags að láta fella niður „Íslandssögukennslu“, til þess að málið yrði afgreitt sammála úr n. Ég fyrir mitt leyti leit svo á, að þetta væri ekki neitt verulegt atriði og þetta kæmi í sama stað niður. En síðan þetta hefur skeð, hef ég orðið var við það, að ýmsir kennarar og prófessorar hafa lagt töluvert mikið upp úr því, að ekki sé sleppt þarna úr Íslandssögu. Ég verð að segja það, að úr því að hæstv. menntmrh. hefur einnig komið fram með þetta og það er sýnt, að menntamenn telja nauðsynlegt að hafa Íslandssögu þarna, þá er svo mikil þjóðerniskennd í mér, að ég vil ekki spilla fyrir því, að hinir beztu menntamenn fái að kenna þessa námsgrein, sem við viljum lyfta til vegs. Ég mun því greiða atkv. með till. menntmrh. Ég held, að það þurfi ekki að rökræða mikið þetta mál, til þess að hv. þm. skilji, hvað hér er um að ræða, að ekki muni af veita, að við og æskan lærum sem bezt okkar sögu, mál og bókmenntir.

ATKVGR.
Brtt. 600,1 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 601 samþ. með 8 shlj. atkv.
— 600,2—6 samþ. með 12 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 11. júlí 1911, um forgangsrétt kandidata frá Háskóla Íslands til embætta.

Á 32. fundi í Sþ., 16. jan., var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 615).

Á 60. fundi í Nd., 17. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Frv. þetta er í raun og veru um breyt. á l. nr. 84 23. júní 1936, þó að á þskj. 615 sé talið, að það sé breyt. á l. nr. 36 frá 1911. En menntmn. Ed., sem fjallaði um málið í þeirri hv. þd., fannst eðlilegra að fella niður l. frá 1936 og fella þessi ákvæði inn í l. frá 1911, og sé ég ekki, að neitt sé við það að athuga, að svo sé gert.

Breytingin frá l. nr. 36 má segja að sé ekki mikil. Aðalatriðið er það, að kandidatar frá Háskóla Íslands hafa forgangsrétt til kennslu í framhaldsskólunum, og svo hefur verið bætt við nýju ákvæði, sem kemur til af því, að B. A.-deild hefur verið sett við skólann. Að öðru leyti má um þessa breytingu segja, að samkomulag hefur orðið milli háskólans og sambands kennara, og mælir menntmn. Ed. með því, að frv. verði samþ. eins og það liggur hér fyrir frá þeirri deild. Vil ég að lokum taka það fram, að ég legg til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Nd., 21. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 615, n. 704).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Menntmn. hefur athugað þetta frv. og leggur einróma til, að það verði samþ. eins og það kom frá hv. Ed.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 732).

27. Samkomudagur reglulegs Alþingis 1952.

Á 58. fundi í Ed., 14. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um samkomudag reglulegs Alþingis 1952 [166. mál] (stjfrv., A. 592).

Á 59. fundi í Ed., 15. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég þarf fyrst að biðja afsökunar á því, að raddfæri mín eru þannig, að það er varla forsvaranlegt, að ég segi hér nokkur orð. Ég skal því ekki hafa langt mál fyrir frv. á þskj. 592. En frv. þetta er fram borið vegna þess, að ríkisstj. telur, að nú innan fárra daga muni yfirstandandi þingi að öllum líkindum ljúka, og þá verður skammur tími til þess, er reglulegt Alþingi á að koma saman samkvæmt lögum, en sennilega ekki ástæða til þess að kveðja það saman á þeim tíma. Er það því till. ríkisstj., að reglulegt Alþingi verði kvatt saman í síðasta lagi 1. dag októbermánaðar n. k. Forseti hefur það svo vitanlega í hendi sinni að kveðja það saman fyrr, ef honum býður svo við að horfa og ástæða þykir til.

Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og allshn., þegar þessari umr. er lokið.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Ég vildi nota tækifærið til þess að spyrja hæstv. ríkisstj. eða forsrh., sem hér kemur fram fyrir hennar hönd, um það, hvað hæstv. ríkisstj. hefur hugsað sér að gera á þessu þingi til þess að bæta úr því ástandi, sem nú ríkir í atvinnumálum landsmanna. Ég geri ráð fyrir, að ég þurfi ekki að lýsa því ástandi, að minnsta kosti ekki nú, eftir að gefin hefur verið út skýrsla um það mál af verkalýðsfélögunum. Þessi skýrsla ber það með sér, að í Reykjavík einni, í 13 verkalýðsfélögum, eru 1470 menn atvinnulausir, og er það ekki nema nokkur hluti þeirra manna, sem eru atvinnulausir í Reykjavík nú um þessar mundir. Ég ætla, að þeir muni vera nokkuð á þriðja þúsund, eða um 2500, sem atvinnulausir eru hér í Reykjavík, og ástandið mun ekki betra annars staðar og sums staðar verra. Hér er um það að ræða, að neyðarástand er að skapast.

Sósfl. telur það fullkomið ábyrgðarleysi, að þetta Alþingi ætli sér að hætta störfum fyrr en ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að bæta úr þessu neyðarástandi. Afstaða Sósfl. til þessa frv. fer eftir því, hvaða svör hæstv. ríkisstj. gefur í þessu efni. Ef hæstv. ríkisstj. hefur ekki gefið nein fullnægjandi svör í þessu efni, áður en frv. kemur til n., þá mun Sósfl. snúast gegn því í n. og við 2. umr. og greiða atkv. gegn því. Ef þetta Alþ. gerir ekki skyldu sína í þessu efni, þá ætti Alþ. að koma saman aftur hinn 15. febr. n. k.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Út af orðum hv. 1. landsk. vil ég bara taka það fram, að vitanlega er það hverjum heimilt hér á Alþ. að leggja fram till. varðandi atvinnumál og annað slíkt. En Alþ. hefur nú staðið síðan 1. okt., og má því ætla, að það sé nægilega langur tími til þess að koma fram með till. í sambandi við þessi efni.

Ríkisstj. hefur athugað þær till., sem fram hafa komið til úrbóta, og ekki sízt þær till., sem komið hafa frá stjórnarandstöðunni, en þær till. virðast mér ekki hafa verið raunhæfar. En ríkisstj. lítur svo á, að ekki sé hægt að láta Alþ. standa allt árið af þeim ástæðum, að ekki liggi enn fyrir till. hvað þetta snertir.

Ég vil mælast til þess, að hv. 1. landsk. og flokkur hans geri sínar till. í sambandi við þessi mál við till. ríkisstj. í Sþ. Ég geri ráð fyrir, að þessu Alþ. ljúki innan tiltölulega fárra daga, eins og hæstv. forseti hefur fram tekið.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Hér er ekki um nein svör að ræða af hendi hæstv. ríkisstj. Stjórnarandstaðan hefur lagt fram margar till. á þessu þingi til þess að bæta úr ástandinu, en þær hafa ekki fengið meirihlutafylgi hér, og hæstv. ríkisstj. hefur snúizt móti þeim öllum. Hæstv. forsrh. talaði um það, að þessar till. hefðu ekki verið raunhæfar, en þá hefði hæstv. ríkisstj. haft nægan tíma til þess að leggja fram raunhæfar till., en það hefur hún ekki gert, og mín fyrirspurn var um það, hvort hæstv. ríkisstj. hygðist ekki leggja slíkar till. fram, áður en Alþ. hætti störfum.

Ég heyrði það af svörum forsrh., að hæstv. ríkisstj. hyggst ekkert fyrir í þessum efnum, eða svo skildist mér. Ég tel fullkomið ábyrgðarleysi, að Alþ. hætti störfum, meðan slíkt neyðarástand ríkir í landinu og ekkert er gert til þess að bæta úr því, til þess þarf þingið ekki að sitja allt árið, heldur bara nokkra daga. Út frá þessu sjónarmiði og þar sem engin svör hafa komið frá hæstv. ríkisstj., þá mun Sósfl. snúast öndverður gegn þessu frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Forseti (BSt): Eins og öllum má ljóst vera, er nauðsynlegt, að afstaða manna verði sem fyrst skýr með eða móti þessu máli. Ég vil því skora á hv. allshn. að afgreiða þetta mál sem allra fyrst.

Á 60. fundi í Ed., 17. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 592, n. 633 og 639).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. N. hefur klofnað í þessu máli, og skilum við 4 nm. nál. á þskj. 633, og leggjum við í meiri hl. til, að frv. sé samþ. óbreytt. Ég vil aðeins vekja athygli á því út af áliti minni hl., að þetta frv. segir ekkert um það, að þingið geti ekki komið fyrr saman en 1. okt., heldur er það aðeins um það, að það megi koma saman

í síðasta lagi þann dag, og er náttúrlega sá möguleiki fyrir hendi, að það komi saman fyrir þann tíma, ef þurfa þykir. — Við leggjum til, að frv. sé samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Finnbogi R. Valdimarsson): Herra forseti. Í grg. ríkisstj. fyrir þessu frv. segir á þá leið, að það virðist ekki ástæða til þinghalds á ný eftir 15. febr. n. k., og get ég einnig sagt það, að það mætti virðast svo, að það væri ekki, ef sá tími, sem eftir er af þessu þingi, sem nú stendur, væri vel notaður. Þetta þing hefur nú staðið í nærri 4 mánuði, og það er undir flestum kringumstæðum nægur tími til þinghalds, og það, að ég hef ekki að svo stöddu viljað greiða atkv. með þessu frv., sem þó er ekkert nýmæli, stafar ekki af því, að ég telji, að sú skipun að fresta samkomudegi reglulegs Alþ. til hausts sé óhagkvæm, heldur er það af sérstökum aðstæðum, sem ég tel að nú hafi skapazt þessar síðustu vikur, sem þingið hefur setið, að ég treysti mér ekki til að greiða atkv. með frv. að svo stöddu.

Það hefur komið í ljós á þessum síðustu mánuðum, einkum í þessum mánuði, að skapazt hefur alveg sérstakt ástand í atvinnulífi þjóðarinnar, sem menn hafa ekki gert sér ljóst að væri að verða svo alvarlegt sem nú er orðið. Það er upplýst óvefengjanlega, að nú sé slíkt atvinnuleysi orðið hér í Reykjavík, að af félagsbundnum verkamönnum séu 1500 atvinnulausir, og þó er vitað, að miklu fleiri þeirra eru atvinnulausir hér en þetta. Í umr. hér á Alþ. í gær komst einn þm. Reykjavíkur svo að orði, að það mundi láta nærri, að 3000 manns væru atvinnulausir. Það er einnig kunnugt, að þetta er ekki bundið við Reykjavík eina. Það er svo í nærri öllum kaupstöðum og kauptúnum, að um verulegt atvinnuleysi er að ræða. Ég veit, að fram að þessu hefur verið talið af ríkisstj., að atvinnuleysið væri annaðhvort staðbundið eða tímabundið við árstíðir, en væri ekki um alvarlegt króniskt atvinnuleysi að ræða. En eftir þær upplýsingar, sem nú hafa komið fram um atvinnuleysið í landinu í þessum mánuði, þá verður að minni hyggju ekki um það deilt, að það sé þegar komið á alvarlegt, almennt og stórkostlegt atvinnuleysi. Það er að vísu rétt, að atvinnulíf þjóðarinnar er yfirleitt mjög bundið við árstíðir, og um þetta leyti árs fellur niður ýmis vinna af eðlilegum ástæðum, og það er ekki alltaf í mínum augum um alvarlegt ástand að ræða, þótt ekki hafi allar hendur vinnu rétt í svartasta skammdeginu. En síðustu árin hefur þetta atvinnuleysistímabil um þetta leyti árs verið að lengjast, vegna þess að atvinnuvegirnir vegna verðlagsins hafa ekki komizt í gang, og það hefur verið með hverju ári þungbærara fyrir verkalýðinn að búa við þetta atvinnuleysistímabil, vegna þess að árstekjur verkamanna hafa farið lækkandi og þó sérstaklega að kaupmáttur launanna hefur stórkostlega rýrnað. En þegar komið er í þjóðfélaginu króniskt atvinnuleysi, þá er það ekki bundið við stað eða árstíð, og það er alveg ljóst, að það er svo komið nú, að hér er komið á stórfellt króniskt atvinnuleysi og slíkt ástand er hið alvarlegasta verkefni, sem þing og stjórn getur fengið til meðferðar. Ég efast um, að hæstv. ríkisstj. hafi gert sér ljóst nú undanfarið, að hverju stefnir, en að mínu áliti er það atvinnuleysi, sem nú er komið á, aðeins byrjun á enn alvarlegra ástandi. Það er byggt á reynslu, að stórfellt atvinnuleysi verður að enn meira atvinnuleysi, ef það er komið á. Þess vegna er það, að ef ráðamenn þjóðfélagsins telja það höfuðverkefni sitt að koma í veg fyrir slíkt ástand, þá ríður á, að gerðar séu ráðstafanir strax, áður en kemur að því að slíkt atvinnuleysi verður almennt, festist sem þjóðfélagslegt fyrirbrigði.

Hæstv. ríkisstj. lýsti því yfir, þegar hún settist að völdum, að það væri eitt aðalstefnuskrármál hennar að koma í veg fyrir atvinnuleysi, og þetta hafa ríkisstjórnir yfirleitt gert, þegar þær hafa setzt að völdum nú síðustu 15 árin. Við höfum ekki búið við króniskt atvinnuleysi að segja má um 20 ára skeið, en það atvinnuleysi, sem við þekktum þá, var svo alvarlegt fyrir þjóðfélagið, að allir, sem fengizt hafa við stjórnmál, hafa gert sér það ljóst og heitið því að koma í veg fyrir slíkt ástand, ef þeir kæmust til valda. Það atvinnuleysi stafaði af utanaðkomandi orsökum að nokkru leyti. Við höfðum einhæfa framleiðslu og einhæfa markaði, og markaðir okkar fyrir saltfisk brugðust, vegna þess að kaupgeta almennings í markaðslöndunum minnkaði, og þá gerðum við okkur ljóst, að ef við ættum að koma í veg fyrir lömun alls þjóðfélagsins vegna þess, að sjávarútvegurinn gæti ekki starfað, þá þyrfti að umskipuleggja sjávarútvegsframleiðsluna sjálfa að miklu leyti, og þetta var gert. Eftir árin 1930—33, þegar þetta alvarlega ástand skapaðist, gerðu menn sér ljóst, að til þess að koma í veg fyrir, að atvinnulíf Íslendinga lamaðist allt til frambúðar, varð að gera víðtækar ráðstafanir. Nú er ekki slíkt ástand, sem veldur því, að atvinnuleysi er nú komið, það er ekki utanaðkomandi kreppa eða markaðsleysi eða að atvinnuvegirnir séu ekki búnir þeim tækjum, sem þeir þurfa, til þess að vera reknir af fullum krafti. Ástæðan til þess atvinnuleysis, sem skapazt hefur, er fyrst og fremst stefnan í fjárhagsmálum, stefna, sem hæstv. ríkisstj. hefur haldið fast við og virðist ekki hafa gert sér ljóst, að hlýtur að leiða til atvinnuleysis. Það er sérstaklega ein atvinnugrein, iðnaðurinn, sem nú er lamaður, svo að samdráttur hans veldur stórkostlegu atvinnuleysi, og formælendur þeirrar atvinnugreinar hafa slegið því föstu, að það sé fyrst og fremst vegna lánsfjárleysis, að sú atvinnugrein geti ekki starfað, þó að aðrar orsakir komi þar einnig til. Hið sama má segja um aðrar atvinnugreinar, að lánsfjárleysið veldur því, að þær geta ekki gengið af fullum krafti. Það er að vísu til ástand bundið við einstaka staði á landinu, sem er annars eðlis; einstakir staðir búa við atvinnuleysi vegna aflaleysis eða vegna þess, að þeir staðir eru ekki búnir atvinnutækjum til að halda fullri atvinnu, og um einn stað er það kunnugt, Siglufjarðarkaupstað, að það ástand hefur verið í nokkur ár vegna síldarleysis. Það hefur hæstv. ríkisstj. gert sér ljóst og hefur síðast í dag sýnt vilja sinn til

þess að bæta úr þar, en þær till., sem hún leggur til þar, sýna, að það þarf ráðstafanir, sem taka nokkurn tíma og kosta fé, til þess að koma í veg fyrir, að slíkt staðbundið ástand verði til þess, að neyðarástand skapist á þeim stað.

Atvinnuleysinu í Reykjavík er svo varið, að það þarf ekki að skapa ný atvinnutæki til þess, að atvinna geti verið með eðlilegum hætti, það þarf aðeins að veita iðnaðinum lánsfé, til þess að hann geti starfað, að því er formælendur þeirrar iðngreinar segja. Það má að vísu vera, að það þurfi allvíðtækar ráðstafanir og breytta stefnu til þess að koma í veg fyrir, að það atvinnuleysi, sem orðið er, verði króniskt, og til þess þyrfti ef til vill nokkurn tíma, vegna þess að hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokkunum hefur ekki verið ljóst, að hverju stefnir. En ég tel, að það þyrfti ekki svo langan tíma, að það mætti ekki takast á þeim tíma, sem er fram til 15. febr., að gera slíkar ráðstafanir í samráði við Alþ., ef hæstv. ríkisstj. gerði sér ljóst, hve alvarlegt ástand er um að ræða. En andstaða mín gegn samþykkt þessa frv. kæmi ekki til greina, ef hér yrðu gerðar á Alþ. ráðstafanir, sem viðunandi gætu talizt, gegn þessu alvarlega ástandi á þeim dögum, sem eftir eru af þessu þingi.

Ég held ég þurfi svo ekki að gera frekari grein fyrir minni afstöðu til þessa frv. Það er aðeins þetta, að ég vil gera ljóst, að ég tel, að alvarlegasta viðfangsefni, sem þetta þing geti haft, sé enn óleyst, og það er ekki sæmandi, að þinginu verði slitið og frestað til 1. okt. n. k., án þess að það snúi sér að alvarlegasta verkefninu, sem Alþ. getur haft, þ. e. að sjá þjóðinni fyrir nægri atvinnu.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég get ekki látið þetta mál fara hér í gegnum hv. d. öðruvísi en ég láti það í ljós, að ég kann illa við þetta frv., þótt ég búist við að greiða því atkv., ef ekki næst samkomulag um breyt. á því. Ég kann illa við það sökum þess, að reynslan hefur sýnt það, ef ég man rétt, ég held s. l. 10 ár, að það hefur alltaf þurft að fresta hverju þinghaldi til hausts, og alltaf hafa verið sett l., sem gilda fyrir aðeins næsta ár, um það, að þinghaldi skuli frestað. Mér finnst, að það muni vera komin nægileg reynsla fyrir því, ef reikningsári ríkisins verður ekki breytt, að þá muni alltaf þurfa að hafa haustþing, og sá tími, sem ákveðinn er með stjskr., þótt breyta megi því með l., 15. febr., eigi ekki við lengur. Hví ekki, þegar menn sjá þetta, að setja l. um það, að Alþ. skuli koma saman fyrsta virkan dag í október í staðinn fyrir 15. febr.? Stjskr. heimilar að breyta þessu ákvæði með einföldum l., ekki fyrir eitt ár, heldur til frambúðar, og ég vil beina því til n. að athuga þetta milli umr., og eins vil ég beina því til hæstv. forsrh., sem hér er staddur, að ef það þykir ekki tími til þess nú að athuga þetta, þá mun ég sætta mig við það að greiða þessu frv. atkv., því að það er ekki um annað að gera, en þá vildi ég óska þess, að hæstv. ríkisstj. tæki þetta til athugunar **fyrir næsta þing,** a. m. k. annaðhvort að breyta þingtímanum til frambúðar, þannig að hann yrði færður til haustsins, eða breyta reikningsári ríkisins. Ég get látið það álit í ljós, að ef það þætti ekki nauðsynlegt — eins og hefur verið undanfarin ár — vegna fjárlagaafgreiðslu að hafa þing á haustin til þess að sjá betur afkomu ríkissjóðs fyrir næsta ár, þá teldi ég heppilegra að hafa þingtímann eins og hann er ákveðinn í stjskr., síðari hluta vetrar, heldur en að hafa hann í skammdeginu.

Ræða hv. frsm. minni hl. n. fannst mér litið koma þessu máli við. Þótt allt væri játað, sem hann sagði um þörf á því, að Alþ. skærist í leikinn út af atvinnuástandinu hjá almenningi og fjármálaástæðum þeim, sem nú eru að skapast, þá er það alveg öfugt við það, sem hann sagði. Ef farið væri að setja nýtt þing 15. febr., þá fylgir nýrri þingsetningu ýmislegt, eins og það, að leggja þarf fram nýtt fjárlagafrv. Það er beinlínis skylda, og ýmsar aðrar tafir mundu koma í ljós. Ég sé ekki, hvað er því til fyrirstöðu, að þetta þing sitji enn nokkurn tíma, þar til það hefur ráðið þessum málum til lykta. Þing, sem byrjað hafa að haustinu, hafa stundum staðið fram á vorið. Ef ég hefði verið í hans sporum og hans flokks, þá hefði ég miklu frekar beint því til þingheims og hæstv. ríkisstj. að slíta ekki þessu þingi fyrr en málin hefðu verið rædd og til lykta leidd. Hv. þm. hlýtur að sjá, að það er miklu eðlilegra að reyna að ljúka málunum á þessu þingi en setja nýtt Alþ. 15. febr. og verða svo að fresta því til næsta hausts, en það mundi reynast óhjákvæmilegt.

Ég vildi gjarnan fá svör við því frá hæstv. forsrh. nú við þessa umr., hvernig hann tæki í það að beina þessu frv. í þá átt, að það verði ekki tímabundið bara við þetta næsta ár, og eins vildi ég beina því til þeirrar nefndar, sem um málið fjallar. En ef engar undirtektir verða við það, mun ég þó sem forseti taka málið aftur til 3. umr., en þó hugsa til þess á næsta þingi að gera breytingu í þessu efni í þá átt, sem ég tel viðkunnanlegra.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef orðið samferða meiri hl. n. að leggja til, að frv. um frestun næsta Alþ. verði samþ. eins og það er borið fram af hæstv. ríkisstj. Ég skal taka það fram í sambandi við það, sem hefur verið talað hér, að ég er sömu skoðunar og ýmsir aðrir ræðumenn um það, að eitt af þeim verkefnum, sem þarf að gera ráðstafanir til þess að bæta úr, er atvinnuleysið. Ég sé hins vegar ekki, að það verði neitt síður gert, þótt ég fylgi þeirri till. að fresta Alþ. að þessu sinni. Það er enn nægur tími til þess, áður en þingi lýkur nú að þessu sinni, að afgreiða hverjar þær ráðstafanir, sem meiri hl. Alþ. getur fallizt á, og það er það, sem þarf að gera, áður en Alþ. er slitið.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. *Ég þakka meiri hl. allshn. fyrir afgreiðslu* þessa frv. En út af því, sem fram hefur komið hæði hjá minni hl. allshn. og eins hjá öðrum hv. þingdeildarmönnum, vildi ég aðeins segja nokkur orð.

Hv. 7. landsk. skýrði sína afstöðu móti frv. með því að segja, að hið alvarlega ástand, sem nú væri í atvinnumálum Reykvíkinga, gerði það að verkum, að hann teldi ekki forsvaranlegt að fresta Alþ. því, sem á að koma saman 15. febr. næstkomandi.

Ég verð að segja, án þess að rökræða, að hve miklu leyti þetta er rétt, að hann taldi aðalástæðuna fyrir atvinnuleysinu vera stefnu núverandi ríkisstj. í fjárhagsmálum. Þetta var eina orsökin, sem hann nefndi, til þess atvinnuleysis, sem nú ríkir.

Þar sem Alþingi er nú búið að sitja síðan 1. okt. og mun sitja nokkra daga enn þá, er óhugsandi, að þeir menn, sem andvígir eru stefnu ríkisstj., hafi enn ekki komið með mál sín fram fyrir Alþ. og það sé séð, hvort þingfylgi er fyrir þeim málum eða ekki. Og ég hef ekki trú á því, að neitt þýði að kveðja saman nýtt þing 15. febr., fáum dögum eftir að þessu þingi lýkur. Vel getur hér verið um deilumál að ræða, sem ég mun ekki fara út í að rökræða við hv. 7. landsk. Það verður brátt úr því skorið, hvort nokkur þingvilji er fyrir því, að um stefnubreytingu verði þar að ræða.

Það er rétt, að erfiðleikar eru í atvinnumálum, og stafa þeir af ýmsu. En hv. 7. landsk. sagði, að þeir væru meiri fram undan en þeir eru nú. Mér finnst það vafasamt að mála fjandann á vegginn og gera útlitið verra en það er. Það atvinnuleysi, sem nú er talsvert, stafar að vissu leyti af tíðarfarinu. Veðurfarið hefur alltaf mikil áhrif á atvinnulífið og ekki síst hér í Reykjavík. Og eftir þessa veðurhrinu, sem nú hefur gengið yfir landið, stöðvast um nokkurn tíma ýmis atvinnufyrirtæki, sem rekin eru í sambandi við sjávarútveginn, því að ekki hefur verið hægt að stunda sjóinn. Hv. 7. landsk. sagði, að þetta væri aðeins byrjun að atvinnuleysi, það mundi fara vaxandi. Ég álít þar of mikið sagt. Ég held, að það dragi úr því aftur, og hef að nokkru leyti bent á ástæðuna fyrir atvinnuleysinu.

Það er kominn nógu langur tími frá því Alþ. hófst, eins og hv. 4. þm. Reykv. sagði. Þótt hann hafi hér áður minnzt á atvinnuástandið og þinghaldið og borið fram fyrirspurn í Sþ. í gær, þá viðurkenndi hann, að það hefði ekki þýðingu að kalla Alþ. saman 15. febr. n. k. Ríkisstj. hefur það svo vitanlega í hendi sér að ákveða að kalla þingið saman hvenær sem er á þessum 7—8 mánaða tíma, þar til það í síðasta lagi má koma saman. Og án þess að ég viti nokkuð fyrir víst í þessu efni, þá er það svo, að þeir hlutir geta gerzt í atvinnulífinu hér hjá okkur á þessum mánuðum og í öðrum málum, að margt þykir mér ólíklegra en að þingið verði kallað saman vegna ráðstafana, sem e. t. v. verður að grípa til á þessum mánuðum. Það er ekki útilokað, að Alþ. komi saman fyrr en 1. okt., þó að það sé ekki lagaskylda að kalla það saman fyrr.

Af því, sem hv. 1. þm. Eyf. sagði, mátti ráða, að hann mundi kunna illa við þetta frv. Ég minnist þess, að hv. þm. vandaði um út af þessu, þegar frv. var fyrst borið fram, og skil ég það vel. Það er óviðkunnanlegt að koma með frv. á hverju ári um það, að samkomudegi Alþingis skuli frestað. Mig minnir, að hv. þm. hafi áður bent ríkisstj. á þetta og hún hafi ætlað að taka þetta til athugunar og setja ákvæði um annan samkomudag Alþ. Ég held, að allar þær ríkisstjórnir, sem hafa farið með framkvæmdavaldið síðustu 10—12 árin, hafi horfið að þessu ráði, af því að breytingar á þessu hafa verið settar að einhverju leyti í samband við endurskoðun stjórnarskrárinnar, að þegar hún fer fram, þá yrðu sett ákvæði um það, hver samkomudagur Alþ. yrði eftirleiðis. En hitt er rétt, að ef við sitjum við okkar gömlu stjórnarskrá næstu hundrað árin, þótt hún sé ekki nema átta ára, þá er það alltaf jafnóviðkunnanlegt fyrir því að hafa þennan hátt á. Og ég er kominn á þá skoðun, að við ættum að breyta reikningsárinu. Það gæti verið mikil lausn á því máli að láta það byrja með vorkomunni eða á miðju árinu. Og þá kæmi það af sjálfu sér, að samkomudagur Alþ. yrði upp úr áramótunum, fyrir 15. febr. Það er óþægilegt og slæmt að vera með jólaleyfið inni í þingtímanum, eins og nú er, og hlýtur það að valda truflun á störfum þingsins. — Það er ekki af því, að ég mótmæli þeim röksemdum, sem 1. þm. Eyf. bar fram, að ég treysti mér ekki til þess að beita mér fyrir því, að ríkisstj. fari að taka sig til og athuga það að setja lög um þetta atriði. Þetta þarf að athuga betur og gera fleiri breytingar en á samkomudegi Alþ. og fjárlagaárinu. Ég skal þó lofa hv. þm. því, að þetta skal verða tekið til athugunar fram til næsta Alþ., hvort við ættum að setja nokkur ákvæði um það atriði, sem hér er nú til umræðu, er giltu meir en eitt ár í senn. En ég trúi því ekki, að hægt sé að fara neina framtíðarleið í þessu núna, og ég vil ekki lofa neinu ákveðnu í þessu efni.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir það, hve vel hann hefur tekið í þær athugasemdir, sem ég gerði hér. Í því trausti, að hann og hæstv. ríkisstj. taki þetta mál til athugunar fyrir næsta Alþ. og geri till. um framtíðarlausn þess, þá mun ég ekki setja fótinn fyrir þetta frv. eins og það liggur nú fyrir, en breytingar á því, ef þær næðu fram að ganga, mundu frekar tefja málið, og það er síður en svo þörf á því að tefja málin nú. En aftur á móti geri ég lítið úr hinu, sem hæstv. forsrh. sagði, að þessum málum hefði ekki verið ráðið til framtíðarlykta vegna þess, að alltaf hafi staðið til að breyta stjórnarskránni. Ég fæ ekki séð, hvenær kemur að því, að ný stjórnarskrá verði sett. Og ég er ekki sannfærður um, að það sé ný stjórnarskrá, sem okkur vanhagar mest um núna. Mér þóttu athyglisverð svör hæstv. ráðherra í Sþ. í gær við fyrirspurn, hvað liði samningu nýrrar stjórnarskrár. Hæstv. ráðherra upplýsti, að þrjár n. hefðu verið settar, hver eftir aðra, til þess að athuga þetta mál og engin þeirra gert neitt, svo að vitað sé, nema hvað fyrsta n. breytti stjórnarskránni þannig, að hún átti við lýðveldið. Og þegar forsrh. var að svara þessum fyrirspurnum, skýrði hann frá því í sambandi við síðustu n., að hún hefði ekkert gert, vegna þess að engum nefndarmanna hefði

hugkvæmzt nein sú breyting, er gera þyrfti. (KK: Þeir hafa ekki látið sér detta neina breyt. í hug, af því að flokkarnir hafa ekki gefið nein fyrirmæli.) Þetta getur vel verið, en þó voru ekki nema fjórir nefndarmannanna tilnefndir af flokkunum, en alls voru sjö menn í n., og formaður n., sem var stjórnlagafræðingur, gat ekki heldur látið sér hugkvæmast neina breytingu. En ég vil benda á það, að hefði verið skipuð stjórnarskrárn. árið 1934, þá er óhugsandi annað en einhver nefndarmanna hefði látið sér detta í hug að gera einhverjar breytingar á stjórnarskránni, vegna þess að þá var stjórnarskráin þannig, að hún þjakaði þjóðina. Og fólkið og þingmennirnir er ekkert verra núna en þá. Núna, þegar þrjár n. hafa verið settar til þess að endurskoða stjórnarskrána, dettur engum neitt í hug. Og hvers vegna er það? Það er af því, að stjórnarskráin, eins og hún er núna, þjakar ekki neitt þessa þjóð. (FRV: Og stjórnarvöldin taka hana ekki alvarlega.) Það hafa aldrei komið fram kærur á hendur neinni ríkisstjórn fyrir að hafa brotið gegn stjórnarskránni, og ég held, að ekki hafi verið ástæða til þess.

Ég hef lesið stjórnarskrár og grundvallarlög hinna Norðurlandaþjóðanna, og mér sýnist okkar stjórnarskrá nauðalík þeirra stjórnarskrám; munurinn er bara sá, að hér er lýðveldi en þar konungsríki. Og ég hef ekki heyrt þess getið, að þær þjóðir séu nokkuð þjakaðar af sínum stjórnarskrám. Fyrirkomulag okkar á stjórnarskrá og þingi er t. d. mjög svipað og hjá Norðmönnum. Ég held þess vegna, að það geti dregizt, að okkur detti í hug nokkrar sérstakar breytingar á stjórnarskránni. En okkur hefur í sambandi við þessar umr. dottið annað í hug, og ég vil skora á hæstv. ríkisstj. að taka það til athugunar. — Nú, en fari svo, að stjórnarskrá komi og hafi ný ákvæði um þau atriði, þá er það gott og vel. En það er ekkert erfitt að setja ákvæði um þetta miðað við núverandi stjórnarskrá, og það er miklu viðkunnanlegra en að vera á hverju ári að setja lög um þetta og tefja þannig störf Alþ. Mér finnst ekki rétt, að verið sé að bíða lengur í von um að breyta þessu í sambandi við nýja stjórnarskrá. Hver veit nema þessi hæstv. ríkisstj. geti fundið svo heppilega lausn á þessu máli, að hún verði tekin upp í hina nýju stjórnarskrá, þegar hún kemur, og þá er það bara kostur að hafa ráðið til lykta einu atriði hennar?

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Í sambandi við þessar umr. vil ég ákveðið taka undir það, sem hér hefur komið fram og ég hef oft bent á áður, að breyta fjárlagaárinu. Ég tel þó ekki hægt að gera þetta að lögum núna, en ég tel, að miða ætti fjárlagaárið við 1. júní. Þá ætti að gera fjárhagsáætlun fyrir 1½ ár eða fram að árinu 1954. Ég er með því, að Alþ. komi saman rétt eftir áramótin. Þá ætti það að vera búið að afgreiða fjárhagsáætlunina í maí. Móti þessu mælir bara eitt atriði, og það er, að þá væri hægt að segja, að þær framkvæmdir, sem þarf að gera, brýr, hafnir o. fl., hefðu skemmri tíma en ella til undirbúnings, vegna þess að ákvarðanir á Alþ. um þær væru þá teknar síðar en nú er. Þó er það svo, að stuttu eftir að þing kemur saman mætti sjá, hverjar yrðu aðalframkvæmdir á næstunni, og mætti þá fara að undirbúa þær. Með þessu móti gæti líka endurskoðun ríkisreikninganna gengið miklu fljótar, og væri þá hægara fyrir Alþ. að fylgjast með þeim og finna að því, sem þar kynni að hafa verið gert. Þetta vildi ég biðja hæstv. ríkisstj. að taka til athugunar.

Frsm. minni hl. (Finnbogi R. Valdimarsson): Herra forseti. Það hafa nú orðið nokkrar umr. um þetta mál og einkum um formshlið þess.

Hv. 1. þm. Eyf. virtist slá því föstu, að óhjákvæmilegt væri að fresta þinginu, ef það kæmi saman 15. febr. En hví er ekki hægt að hefja það 15. febr. og semja ný fjárlög?

Ég skal ekki blanda mér inn í þær umr. um stjórnarskrána, sem hér hafa farið fram. En stjórnarskráratriði, sem hægt er að breyta með lögum, hefur ekki mikið gildi og aukaatriði, hvort því er breytt ár frá ári.

Ég tók það fram í fyrri ræðu minni, að nægur tími hafi verið til þess að gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegt er að gera til þess að leysa atvinnumál landsmanna á viðunandi hátt. Ég sé ekki, að það, sem hv. 4. þm. Reykv. heldur fram, sé næg ástæða til að vera með þessu frv. og gera ráð fyrir, að þingið verði sent heim næstu daga, eins og gert er ráð fyrir í grg. þessa frv. Það er þess vegna, að ég og sósialistar mótmælum, og þess vegna, að við greiðum frv. ekki atkv. Vitanlega þarf að samþ. slíkt frv., þó að þingið ætti að sitja til og eftir 15. febr., en það er ekki formsatriði hér á ferð, heldur á að senda þingið heim. Ég tel það óviðkunnanlegt, að þing verði sent heim, meðan þetta ástand ríkir í atvinnumálunum, án þess að ríkisstj. geri grein fyrir stefnu sinni og leiðum í þeim málum. Þess hefur áður verið getið, að það ástand, sem nú ríkir í atvinnumálunum, væri háð árstíðunum. Atvinnuleysi getur bæði stafað af tíðarfari og árstíðum, en það atvinnuleysi, sem hér ríkir, er ekki þess eðlis, og hæstv. forsrh. veit það.

Það eru fleiri en við stjórnarandstæðingar hér á Alþ., sem ræða þessi mál og eru sammála um skilning á orsökum atvinnuleysisins. Tveir stuðningsmenn ríkisstj., þeir hv. þm. Barð. og hv. þm. Vestm., hafa verið þungorðir um, að stefna ríkisstj. valdi samdrætti í iðnaðinum, og að mínum dómi er hún orsök atvinnuleysis í iðnaðinum í Reykjavík. Í umr. í Sþ. í gær komu fram raddir um það, að það þyrfti að gera fleiri ráðstafanir en þá einu, sem ríkisstj. lagði þá fram.

Eins og ég sagði áðan, er þetta ástæðan fyrir því, að ég og þm. Sósfl. greiðum því ekki atkv., að þingið verði sent heim, án þess að leitazt verði við að finna leið til úrlausnar þessa máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10:3 atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:3 atkv.

Á 61. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11:2 atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:3 atkv. og afgr. til Nd.

Á 60. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 61. fundi í Nd., 18. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Viðvíkjandi þessu máli held ég að venjulega sé sá háttur, að þm. hafi ekki mikið við það að athuga, þó að þeir samþykki þessi lög um breytingu á ákvæðum stjórnarskrárinnar um að flytja samkomudag Alþingis, en eins og sakir horfa nú, finnst mér að verði að hafa öðruvísi viðbrögð. Það er vitanlegt, að það er komið hörmungarástand hjá alþýðu manna slíkt sem ekki hefur verið undanfarin ár, þegar þing hefur lokið störfum, og ekki í Reykjavík eða úti um land síðan á kreppuárunum 1931 og þar á eftir.

Það hafa verið bornar fram margar tillögur hér til þess á einn eða annan hátt að reyna að bæta úr þessu ástandi, bæði í sambandi við fjárlög og sem frv. og þáltill. Þegar Alþingi kom saman, var hæstv. ríkisstj. óljóst, svo að ekki sé sterkara að orði kveðið, hvers konar ástand var í þjóðfélaginu, enda muna menn, að hæstv. viðskmrh. viðhafði þau orð í byrjun þings, að það væri ekkert atvinnuleysi á Íslandi, enda þótt það hafi verið tilfinnanlegt úti um land síðustu 2—3 árin, en sé fyrst að byrja í Reykjavík á þessu ári. Þótt það atvinnuleysi og neyðarástand, sem var hér fyrir jól, sé ekki nema hluti af því, sem nú er orðið, býst ég við, að enginn hv. þm. eða ráðh. — e. t. v. að hæstv. viðskmrh. undanskildum — komist hjá að viðurkenna, að ástandið í Reykjavík er nú svo alvarlegt, að Alþ. og ríkisstj. geta ekki skilizt við þessi mál án þess að gera eitthvað til úrlausnar þeim.

Ég álít því ekki rétt að samþ. þetta frv. fyrr en annaðhvort liggur fyrir yfirlýsing frá hæstv. ríkisstj. um, að hún ætli að gera einhverjar ákveðnar aðgerðir, sem þm. telja sig ánægða með, eða Alþ. sjálft hefur gert einhverjar ráðstafanir. — Ég skal viðurkenna, að það er að öllu leyti óeðlilegt, að Alþ. komi aftur saman 15. febr., þar sem fjárlög geta ekki verið til þá. En svo framarlega sem ekkert verður gert til úrlausnar á ríkjandi ástandi, finnst mér viðkunnanlegra, jafnvel þótt yrði að bíða að leggja fjárlög fyrir þingið, að Alþingi kæmi aftur saman 15. febr. til að taka ákvarðanir um þessi vandamál. Auk þess má minna á, eins og hv. forsrh. gat um, að það er ekki nóg með, að það sé atvinnuleysi, heldur er þar að auki hugsanleg alvarleg vinnudeila við togaraútgerðirnar í flestum kaupstöðunum, þar á meðal í Reykjavík. Og komi til stöðvunar togaraflotans um hávertíð, þykist ég vita, að flestir hv. þm. séu þeirrar skoðunar, að Alþ. verði að gera það, sem í þess valdi stendur, til þess að hægra væri að ná samkomulagi í slíku máli. Ég vil minna á, að hér liggja fyrir tvö frv. til vökulaga, sem búin eru að vera í sjútvn. deildarinnar, án þess að tekizt hafi að fá á þeim fullnaðarafgreiðslu, þótt þau hafi verið lögð fram í byrjun þings og þótt ekki sé þar farið fram á meiri raunhæfar úrbætur en 12 tíma hvíld á ísfisksveiðum. Og mér finnst, að Alþ. gæti lagt svo lítið fram til að koma í veg fyrir stöðvun togaranna að samþykkja vökulögin. Það ætti að vera skilningur á því hjá Alþ., með þetta viðhorf fram undan, að þingið má alls ekki hverfa þannig frá málunum. Hins vegar hef ég orðið var við þann áhuga hjá hæstv. ríkisstj. að ljúka þessu þingi í byrjun næstu viku, þegar þau frv. ríkisstj., sem ákveðið er að fram skuli ganga, eru afgreidd. Ég vildi því mælast til þess við hæstv. forsrh., að hann gæfi hv. deild fyrirheit um, að ríkisstj. muni ekki slíta þessu þingi, — því að til þess hefur hún vald strax og þetta frv. hefur verið afgreitt, — fyrr en viðunandi lausn fengist að áliti þingsins á þeim vandamálum, sem liggja fyrir. Ég verð að segja, að ef ekki næst samkomulag um, að þetta þing ljúki störfum sínum á viðunandi hátt, verð ég að vera á móti þessu frv., sem annars er eðlilegt.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég var í síma, þegar frv. var tekið fyrir, en hafði annars hugsað mér að mæla fyrir því nokkur orð. Frv. er búið að fara í gegnum Ed., og var fallizt á það óbreytt þar. — Stj. lítur svo á, að þegar þessu þingi verður slitið innan fárra daga, sé ekki ástæða til að kalla það saman aftur 15. febr. n. k., eins og gert er ráð fyrir í stjskr. Þær röksemdir, sem færðar eru fram af fulltrúum sósialista, bæði í hv. Ed. og í því, sem ég heyrði af ræðu hv. 2. þm. Reykv., hníga í þá átt, að atvinnumálin og vandræði í sambandi við þau og auk þess deila útgerðarmanna og sjómanna á togurum valdi því, að ekkert vit sé í, að þingi verði nú slitið. Þessi rök tel ég ekki mikils virði. Þing hefur nú staðið á fjórða mánuð, og eftir því sem fulltrúi sósialista talaði í Ed. í gær, á stefna ríkisstj. í fjármálum að vera meginröksemdin fyrir því, að þingi megi ekki slíta nú. Ég lít svo á, að frá 1. okt. hafi verið nægur tími fyrir stjórnarandstöðuna til að koma sínum till. á framfæri við ríkisstj. og Alþ. og fyrir bæði ríkisstj. og Alþ. til að átta sig á þeim till. Ég tel því ástæðulaust, að þing sitji lengur til að bíða eftir till. frá þeim aðilum. Hitt vita svo allir, að það er hægt hvenær sem er eftir 15. febr. að kalla þing saman aftur. Og ég vil taka það fram sem mína persónulegu skoðun, að mér virðast margar þær blikur á lofti, m. a. sú, sem hv. 2. þm. Reykv. minntist á, uppsögn togarasamninganna, sem geta valdið því, að það þurfi að kveðja þing saman fyrr en gert er ráð fyrir í þessu frv. að gert verði í síðasta lagi. Getur ríkisstj. þá lagt til við forseta, að kvatt verði saman aukaþing. Get ég endurtekið það, að mér virðist ýmislegt benda til, að þörf verði á

að kalla saman þing, áður en þessir 7 mánuðir eru liðnir, sem gert er ráð fyrir í frv. — Hitt er svo annað mál, sem ég get vel skilið, að stjórnarandstaðan treystir ekki ríkisstj. til að kalla þingið saman á þeim tíma, er nauðsyn ber til, en aðalatriðið er, hvort stuðningsmenn stj. treysta henni til þess. Slíkur meiningamunur stj. og stjórnarandstöðu er eðlilegur. — Hinu trúi ég ekki, að það komi fram margar nýjar till. frá sósialistum um nýja stefnu í fjármálum þjóðarinnar, er leiði til þess, að horfið verði að nýjum úrræðum, eins og flutt var sem aðalröksemd í Ed. í gær af hálfu þess þm., sem talaði fyrir hönd sósíalista. Og þó að nú beri mikið á atvinnuleysi, eins og viðurkennt er, kemur það af ýmsum orsökum, sums staðar vegna aflabrests og nú vegna tíðarfarsins. Ég sá, að málgagn sósialista gerði í dag lítið úr þeirri hagspeki minni, að atvinnuleysið stafaði af tíðarfarinu. En ég hygg að það séu ekki margir, sem ekki viðurkenna, að atvinnuvegir okkar séu háðir máttarvöldunum. (HV: Iðnaðurinn líka?) Atvinnuleysið stafar af fleiru en iðnaðinum, þegar svo er farið, eins og að undanförnu, að ekki er hægt að vinna verk utan dyra og útgerðin liggur niðri að miklu leyti, jafnvel togararnir geta ekki veitt vegna veðurofsans og lagt afla sinn upp. — Það hefur verið skýrt svo frá, að það séu gerðir út 28 bátar frá Reykjavík á þessari vertíð, og hygg ég, að það sé meira en verið hefur undanfarin ár. Ef þessir bátar kæmust á veiðar, færu þeir langt í að birgja upp vinnustöðvarnar í landi. En þegar vinna stöðvast í landi og ekki er hægt að koma bátunum út, þarf engan að undra þótt atvinnuleysi sé.

Það voru einkum þessi atriði, sem ég vildi í sambandi við það, sem fulltrúi Sósfl. hefur haldið fram um þetta mál, taka fram nú, og sé ég ekki ástæðu til að segja fleira um þetta atriði. — Ég vil svo leggja til, að þessu frv. sé vísað til hv. allshn. að lokinni þessari umr.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. lét svo um mælt, að á þeim langa þingtíma, sem liðinn væri, hefði stjórnarandstöðunni gefizt kostur á því að leggja fram sín úrræði til úrbóta í sambandi við atvinnu yfirleitt, og þetta er rétt, svo langt sem það nær. Alþfl. hefur fyrir sitt leyti, bæði í sambandi við afgreiðslu fjárl. og eins með sérstökum frv. og þáltill. og nú seinast í gær og fyrradag með brtt. við fram komna þáltill. frá tveimur hæstv. ráðh., lagt fram sínar till. til úrbóta vegna atvinnuástandsins, sem skapazt hefur og versnar með hverjum deginum, sem líður. Ég álít því, ef góður vilji er fyrir hendi og skilningur hjá hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokkum hennar, að það mætti afgr. eitthvað á þessu þingi til úrbóta á þessu vandræðamáli, og skiptir þar engu, þó að samþ. væri það lagafrv., sem hér liggur fyrir um frestun á samkomudegi reglulegs Alþ. til 1. okt. n. k., ef forseti Íslands hefur ekki kallað þing saman fyrr, svo að af þeim ástæðum sé ég ekki ástæðu til þess að snúast gegn frv. hæstv. ríkisstj. En hitt vildi ég taka fram, að tímarnir eru að verða svo örðugir, að ástæða væri til þess fyrir hæstv. ríkisstj. og Alþ. að hlaupa ekki frá verkefnum hér á Alþ. fyrr en búið væri að gera þeim nokkru betri skil, og það væri vel hægt á tiltölulega skömmum tíma, t. d. á þessum mánuði, sem nú er að líða, ef vilji og skilningur væri fyrir hendi. Sem sagt, Alþfl. hefur lagt fram till. til úrlausnar af sinni hálfu, en því miður virðist ekki vera skilningur hjá meiri hl. Alþ. fyrir því að taka til greina og samþ. þær till., en enn þá er það hægt á Alþ., ef upp kynni að renna nýtt ljós fyrir valdhöfum þessa lands vegna ástandsins í atvinnumálum.

Ég sé ekki ástæðu til að leggjast gegn frv. hæstv. ríkisstj. um ákvörðun á samkomudegi Alþ., en ég vil um leið taka það fram, að Alþfl. ber ekki það traust til hæstv. ríkisstj., að hann sé viss um, að hún muni kalla saman Alþ., þó að skilið verði við málin í næsta slæmu ástandi og ástandið versni enn meir. Vera kann þó, að þær öldur kynnu að rísa upp meðal þjóðarinnar sjálfrar, sem gerðu það að verkum, að hæstv. ríkisstj. sæi sér ekki annað fært en að kalla saman Alþ. fyrir 1. okt. Skal ég um leið undirstrika þau ummæli hæstv. forsrh. og viðurkenna, að þar var mælt af nokkrum skilningi, að vel gæti komið til mála frá hans sjónarhóli, að Alþ. þyrfti að kveðja saman til fundar fyrir 1. okt. n. k. vegna ástandsins í landinu.

Ég vil, um leið og ég skal endurtaka þá yfirlýsingu, að Alþfl. sér ekki ástæðu til að hindra framgang frv., sem fyrir liggur, ítreka það, að enn er hægt að gera ráðstafanir til úrbóta, áður en þessu þingi lýkur, og ég vil einnig vænta þess, að hæstv. ríkisstj. athugi, að vel kynni svo að fara, að allt að því lífsnauðsyn væri, að Alþ. kæmi saman fyrir 1. okt., vegna ástandsins í landinu. Allt bendir í þá átt, að ástandið versni og það verði að reyna að gera eitthvað, sem bæti úr sárustu neyðinni, sem nú ber að dyrum fjölda alþýðufólks um allt land.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. sagði, að það hefði gefizt nægur tími fyrir stjórnarandstöðuna til þess að bera fram till. til úrbóta á því vandræðaástandi, sem nú ríkir í landinu, og það er alveg rétt hjá honum, og það hefur stjórnarandstaðan líka gert. Frá upphafi þings hefur hún borið fram fjöldamargar till., eins og ég gat um í ræðu minni áðan, til þess að leysa úr atvinnuleysisvandamálinu og til þess að reyna að tryggja, að samningar gætu tekizt í togaradeilunni. Það er ekki það, sem hefur vantað, að stjórnarandstaðan hafi borið fram hagnýtar till. í þessum efnum, en það, sem hefur vantað, er, að hæstv. ríkisstj. átti sig á því ástandi, sem er í þjóðfélaginu.

Af því að hæstv. forsrh. var ekki inni, þegar ég hóf mál mitt, þá vil ég segja honum, að ég minntist m. a. á, að það hefði komið fram yfirlýsing frá hæstv. viðskmrh. hér snemma á þinginu um það, að ekkert atvinnuleysi væri á Íslandi, og það hefði ekki verið ríkjandi í stjórnarherbúðunum skilningur á því, hvers konar ástand nú væri orðið í atvinnumálum. Erfiðleikarnir eru þeir, að það er ríkisstj., sem hefur verið svo sein að átta sig á því, hvað ástandið

væri alvarlegt, þannig að hún hefur ekki verið reiðubúin til þess að taka eins alvarlega till. stjórnarandstöðunnar og þær till. áttu skilið, og ég veit, að hæstv. forsrh. hefur einmitt persónulega sýnt það, að hann hefur verið að átta sig á því, hve alvarlegt ástandið væri, með því að koma sjálfur fram ásamt öðrum ráðh. með till. um að veita fé úr ríkissjóði nú í þessari viku, rétt eftir að búið er að afgr. fjárl., þannig að það er auðséð, að hjá þeim hluta ríkisstj., sem hugsar ofur lítið meira um þessi mál, er vaknandi skilningur á því, hvers konar ástand sé að verða í landinu, og þökk sé honum fyrir það að hafa gengið á undan um að sýna þennan skilning í verki, að það yrði að taka eitthvað alvarlegri tökum á þessu neyðarástandi, sem nú væri að myndast. Hins vegar hefur hæstv. forsrh. orðið var við það, að strax og þessir tveir ráðh. hafa komið með góðar till. um að bæta úr þessu neyðarástandi á ákveðnum stöðum, þá hefur verið kvakað til hans af fjölda þm., sem hafa lýst því átakanlega hér í ræðum, hvernig ástandið sé á þeim stöðum, sem þeir eru fulltrúar fyrir. Og einmitt það, að í ljós kemur, að hæstv. ríkisstj. er smám saman að átta sig á því, hve alvarlegt ástandið er, gefur von um, að ef Alþ. stæði þótt ekki væri nema eina viku til viðbótar, þá mundi vera hægt að fá samkomulag við þingmeirihluta hæstv. ríkisstj. um afgreiðslu ýmissa mála, sem jafnvel kannske í dag finna ekki náð fyrir augum hæstv. ríkisstj., en mundu máske finna það í næstu viku.

Ég minntist líka á það áðan, að stjórnarandstaðan hefði lagt fram sínar till. viðvíkjandi því að reyna að ná samningum í þeirri togaradeilu, sem nú er fram undan, með togaravökul., sem hæstv. ríkisstj. hefur ekki fengizt til að taka afstöðu til. Hún hefði þó átt að gera það með hliðsjón af þeirri hörmulegu reynslu, sem fékkst fyrir tveim árum, þegar Alþ. afgr. ekki samsvarandi till., með þeim afleiðingum, að það varð 4 mánaða verkfall, sem hefði verið afstýrt, ef togaravökul. hefðu verið samþ. á Alþ., en í því langa verkfalli fengu togarasjómenn aukna hvíld á saltfisksveiðum. Það virðist þess vegna hafa verið óhætt, þótt reynt hefði verið og farið rólega í það að ná einhverju samkomulagi um þessi mál með því að láta þingið standa næstu viku.

Hæstv. forsrh. minntist á það, að tíðarfarið mundi valda einhverju um þetta atvinnuleysi. Hins vegar er það svo, að meginið af því atvinnuleysi, sem nú er, t. d. hér í Reykjavík, stafar af öðrum ástæðum. Tilfinnanlegasta atvinnuleysið stafar af því, að innlendur iðnaður hefur nálægt því að hálfu leyti lagzt niður, helmingurinn af því iðnverkafólki, sem starfaði fyrir ári, hefur hætt störfum. Þannig eru 500—600 manns, sem áður höfðu þar vinnu, atvinnulausir. Við þetta bætist svo tilfinnanlegt atvinnuleysi hjá byggingarverkamönnum, sem hefðu getað unnið inni í vetur. Ég vil í því sambandi minna á, að ríkisstj. og fjárhagsráð á sinn hluta af þeirri sök. Það er af fjárhagsráði gengið svo hart fram núna fyrir nýárið í því að hindra byggingar, að menn, sem áttu sement og timbur, hafa ekki getað fengið að byggja eina hæð úr því sementi, heldur hafa þeir orðið að láta það eyðileggjast. Það er ákaflega hart, að það skuli ekki fást rýmkað um slík höft, þegar svona neyðarástand er eins og núna er í þjóðfélaginu, — að það skuli vera haldið svona harðvítuglega á höftunum viðvíkjandi byggingu íbúðarhúsa, meðan atvinnuleysið er eins og það er hjá byggingarverkamönnum. Það er engum efa bundið, að ef þetta hefði ekki verið gert, þá mundi nú starfa mikið af mönnum við innréttingu á húsum, eins og vant er að vetrinum til. Það var ekki fyrr en fjárhagsráð tók til starfa, að hús voru fyrst og fremst steypt að vetrinum, vegna þess að leyfin komu ekki fyrr en í ágúst, í staðinn fyrir það normala að steypa skrokkana á vorin, svo að menn gætu unnið að innréttingu á veturna. Þess vegna er það, að þrátt fyrir þá sök, sem má gefa tíðarfarinu, þá liggur meginsökin annars staðar, og ég vil, af því að ég veit, að hæstv. forsrh. hefur svo miklu að sinna, að hann fylgist ekki með því, hvernig ástandið er raunverulega orðið hér í Reykjavík, benda honum á, að Reykjavík er orðin það stór borg, að það er allt annað þegar atvinnuleysi skellur hér yfir heldur en úti á landi. Ég veit vel, að það hefur sorfið víða að úti á landi, en víða er það svo í minni þorpum og kauptúnum, að menn bjargast á allt annan hátt en hér, menn eru ekki bornir út almennt í sjávarþorpum á Íslandi. Það er lítið um það, — það gerir kunningsskapurinn, — að menn svelti þar a. m. k. heilu hungri. Ofur lítið fá menn í soðið í slíkum sjávarþorpum, svo fremi að hægt sé að komast á sjó, og þá háttar þannig til, að menn hjálpa hver öðrum. En hér í Reykjavík búum við aftur á móti við stórborgarlíf að öllu leyti, og hér er ástandið þannig, að þegar menn hafa ekki peninga til að kaupa mat eða kol, þá skortir menn það, og það er sá hugsunarháttur ríkjandi enn, að menn leita ekki til sveitar fyrr en í síðustu forvöð og jafnvel ekki einu sinni það. Hér í Reykjavík er ástandið þannig núna, að það er beinlínis hungur hjá fjöldamörgum fjölskyldum, en menn komast ekki að þessu fyrr en menn, sem á einhvern hátt þekkja til, reka sig persónulega á þetta. Það er búið að vera það sæmilegt ástand í langan tíma, ekki sízt hér í Reykjavík, að menn gera sér ekki ljóst, hve fljótt kemur til þess, að slíkt neyðarástand skapist, og þess vegna er það vitanlegt, að það er ekki aðeins um það að ræða, að verkalýðsfélögin séu að gera kröfur um vinnu út af atvinnuleysinu, — það er um það að ræða beinlínis, að það er slíkt neyðarástand, að konur og börn svelta. Meira að segja lögreglan í Reykjavík hefur fengið að vita af þessu fyrir jólin og eftir jólin, vegna þess að heilar fjölskyldur hafa leitað á hennar náðir til þess að biðja um að koma sér á spítala, þegar fólkið hefur verið illa farið af sulti, eða sjá um mat handa fólki. — Ég vil minna á, að svo framarlega sem það hefur vofað yfir, að skepnur svelti hér á Íslandi, þá hefur verið brugðið fljótt og vel við, eins og rétt er, og þá er ekki sparað fé úr ríkissjóði til þess að bjarga skepnum frá hungurdauða, og hæstv. ríkisstj. sjálf

hefur haft lofsvert og gott framtak í þeim efnum. Nú eru það hins vegar konur og börn, sem svelta — og það um hávetur, meðan frostið er tilfinnanlegast fyrir þá, sem búa í verstu íbúðunum hér í Reykjavík. Ég þykist viss um, að hæstv. ríkisstj. sé ekki kunnugt um þetta neyðarástand, en ég vil láta hana vita í fullri vinsemd, að það sé til, og ég vil mælast til þess, að hæstv. ríkisstj. gefi þm., jafnt stjórnarandstöðunni sem meiri hl. sínum, tækifæri til þess að reyna að ná samkomulagi hér á Alþ. um úrlausn í þessum málum, atvinnuleysismálunum og neyðarástandinu almennt. Ég get vel trúað því fyrir mitt leyti, ef hægt er að fá hæstv. ríkisstj. til að trúa því, sem ég hef sagt í þessum efnum, eða hún rannsakar það sjálf til þess að ganga úr skugga um, að það sé rétt, að þá mundi vera hægt og það í næstu viku að fá samkomulag um aðgerðir í þessum efnum. Það er ekki nein stórkostleg aðgerð, sem farið væri fram á, að ríkisstj. væri hún ofviða með þau fjárráð, sem hún hefur. Ég sé á þeim till., sem fyrir liggja, að hæstv. forsrh. hefur, þegar til hans hefur verið komið frá bæjarfélagi, sem í neyð er statt úti á landi, sannfærzt um, að eitthvað þyrfti að gera, og flutt sjálfur till., eftir að fjárl. voru afgr., til þess að bæta úr neyðarástandinu. Þykist ég vita, ef hægt væri að fá samstarf um þetta hér á Alþ., að þá mundi vera hægt að fá svipaðar ráðstafanir gerðar bara í næstu viku. Þess vegna vil ég mælast til þess, að hæstv. ríkisstj. taki þessum tilmælum vel.

Ég mun auðvitað fylgja þessu frv. til 2. umr. og n. og mun því aðeins leggja á móti því úr n., að ég sjái, að það sé ekki hægt að fá neitt samstarf um að lina eitthvað á því neyðarástandi, sem nú hefur skapazt.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Nd., 21. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 592, n. 689 og 699).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Ég þarf ekki mörg orð um málið að segja. Meiri hl. allshn. mælir með því, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir. Ég sé, að hv. minni hl., sem er andvígur frv., færir það til, að sakir hins slæma atvinnuástands í landinu sé ekki rétt að slá því á frest, að þingið komi saman á ný. Ég vil benda á, að þótt atvinnuástandið sé svo alvarlegt, þá hefur ríkisstj. það í hendi sinni, ef frv. verður samþykkt, hvenær hún kveður Alþ. saman. Og ég er sannfærður um, að verði atvinnuástandið í landinu svo alvarlegt, að ríkisstj. treystist ekki til þess upp á sitt eindæmi að ráða þar bót á, þá muni hún kveðja þingið saman. Ég ætla því, að engin ástæða sé til að gera breyt. á frv.

Frsm. minni hl. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Ég hef í nál. 699 rætt sérstaklega um þetta mál. Meiri hl. allshn. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, en minni hl. leggur til, að það verði fellt. Ástæðan fyrir því er sú, að ástandið í atvinnumálum þjóðarinnar er svo alvarlegt, að það er nú eins og fyrir 12—14 árum eða á atvinnuleysisárunum fyrir stríð.

Nú er talið, að um 1500 manns séu atvinnulausir hér í Reykjavík. Og ég er þeirrar skoðunar, að ef Alþingi verður slitið nú næstu daga, eins og ráðgert hefur verið, þá sé ástæða til að ætla, að það þurfi að kalla þingið saman til fundar í næsta mánuði á samkomudegi þess, því að það er óhjákvæmilegt að gera ráðstafanir vegna þess, sem fyrirsjáanlega hlýtur að koma fyrir.

Sósfl. hefur borið fram till. um að gera ráðstafanir varðandi atvinnuleysið, og hafa þær ekki fengið góðar undirtektir. Því er haldið fram, að þær skýrslur, sem fyrir liggja, gefi ekki rétta mynd af ástandinu eins og það er, og séu þess vegna mjög villandi. Hæstv. forsrh. hefur sérstaklega tekið fram, að hann teldi það vafasama fyrirgreiðslu að gera meira úr því atvinnuleysi, sem nú er, heldur en það er í raun og veru. — Ég tel sérstaka nauðsyn, að þetta mál verði afgreitt áður en þing fer heim. Þess vegna vil ég mjög eindregið skora á hv. deild að hlaupa ekki frá vandamálunum eins og þau nú eru, heldur gera ráðstafanir til að fyrirbyggja atvinnuleysi, áður en þetta þing lýkur störfum, eða að öðrum kosti að fylgja því ráði að láta þingið koma saman aftur 15. febr., á reglulegum samkomudegi Alþingis.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21:6 atkv.
2. gr. samþ. með 19:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23:5 atkv.

Á 66. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 733).

---

28. Íbúðarhúsabyggingar í kaupstöðum og kauptúnum.

Á 30. fundi í Sþ., 9. jan., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 44/1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum** [157. mál] (stjfrv., A. 553).

Á 55. fundi í Nd., 10. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa langa framsögu fyrir þessu frv. á þskj. 553 vegna þess, að frv. fylgir allýtarleg grg., þar sem skýrt er frá því, hvernig þetta mál er fram komið, og nokkrar upplýsingar gefnar um ýmis atriði varðandi nauðsyn þess. Frv. þetta er fram borið í sambandi við frv. það, sem hér hefur verið til umr. fyrir fáum dögum, um ráðstöfun á nokkrum hluta tekjuafgangsins. Þar er svo ákveðið, að nokkur hluti hans gangi til byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum. Er gert ráð fyrir, hvernig hann skiptist í þrjá staði: til byggingarsjóðs verkamanna, og verði féð lánað til byggingar verkamannabústaða, til byggingar íbúðarhúsa, sem bæjarfélögin standi að til að útrýma heilsuspillandi húsnæði, og loks til smáíbúða. Var nauðsynlegt vegna þess samkomulags, sem var innan ríkisstj. um skiptingu þessa fjár og meðferð þess, að bera þetta frv. fram sem breytingu á lögum um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum. Eru það tvær aðalbreytingar, sem hér um ræðir. Í fyrsta lagi er bráðabirgðaákvæði frv., sem er um meðferð þess fjár, sem varið skal til íbúðarhúsa, sem bæjarfélagið byggir samkv. þessum lögum. Það hefur verið samkomulag um það innan ríkisstj. að leggja til við Alþ., að öll þau lán, sem verða veitt af tekjuafgangi ríkissjóðs frá fyrra ári, verði veitt með 5½% ársvöxtum án tillits til þess, hvert þau ganga. Var þá nauðsynlegt að breyta þeim ákvæðum í l., sem fjalla um vexti af lánum. Þess vegna eru borin fram þau bráðabirgðaákvæði, sem eru í þessu frv. En meginhluti frv. fjallar um það, að inn í þessi lög komi nýr kafli um lánagreiðslur til smáíbúðarhúsa, þar sem gert er ráð fyrir, að 4 millj. kr. af tekjuafgangi þessa árs verði lánaðar einstaklingum, sem leitast við að koma upp íbúðarhúsum fyrir sig, aðallega með eigin vinnu, og reyna þannig að koma sér upp húsnæði á sem ódýrastan hátt. Var óhjákvæmilegt að setja einhver ákvæði um meðferð þessa fjár, þar sem ekkert var í lögum áður um þau efni. Er því þessi kafli hér fram borinn.

Ég skal ekki fara langt út í einstök atriði frv., því að ég veit, að hv. þm. hafa gert sér grein fyrir því og áttað sig á því, hver megintilgangur þess er. En eitt, sem borið er fram, er algert nýmæli, — það, að hér skal ekki veita út á fyrsta veðrétt til slíkra íbúðarhúsa, heldur út á annan veðrétt. Er leyfilegt, að á fyrsta veðrétti hvíli allt að 60 þús. kr. Koma þau lán, sem veitt eru úr þessum smáíbúðasjóði, til viðbótar því, sem menn geta fengið út á fyrsta veðrétt. Þetta fyrirkomulag er til þess að greiða fyrir því, að þeir, sem byggja hús sjálfir, fái fyrsta veðrétt og geti þá haft fyrsta veðrétt til þess að fá lán út á hann. Ríkissjóður tekur á sig þá áhættu, sem stafar af því. Það getur alltaf verið álitamál, hvernig eigi að koma þessu fyrir. Hér er farin sú leið, að leyft er, að allt að 60 þús. kr. hvíli á fyrsta veðrétti og 30 þús. kr. á öðrum veðrétti. Eru það þá alls 90 þús. kr., ef menn geta notað 1. veðrétt að fullu. Ætti það að vera mikil hjálp til þess að menn gætu komið sér upp íbúð með eigin vinnu.

Í lögum þessum eru ýmis ákvæði um það, hvað viðkomandi bæjarfélag skuli gera í sambandi við þetta, og hefur verið leitazt við að ná samkomulagi við borgarstjóra Reykjavíkur um þessa hluti. Samkv. 2. gr. er gert ráð fyrir því, að ríkisstj. geti falið Landsbanka Íslands eða annarri lánsstofnun að fara með stjórn, reikningshald og starfrækslu lánadeildarinnar. Þær reglur, sem verða settar um þetta, verða gerðar í samráði við ríkisstj. alla. Kemur þá til athugunar, hvernig þessum lánum skuli úthlutað, og fleira í sambandi við það.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta frv., vegna þess að grg. þess upplýsir það nægilega að minni skoðun. Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að að þessari umr. lokinni verði frv. vísað til 2. umr. og félmn.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er margt í þessu frv., sem ástæða er til að fagna. Það er samt sérstaklega eitt atriði, sem ég vildi gera athugasemd við nú við 1. umr. og vita, hvort ekki væri hægt að komast að samkomulagi við hæstv. ríkisstj. um að breyta. Það er sagt í þessu frv., að lánadeildin skuli veita lán til „smáíbúðarhúsa“, en ekki sagt til smáíbúða. Þetta hefur mikið verið rætt, og var l. um fjárhagsráð breytt til þess að tryggja mönnum frelsi til að byggja smáíbúðir. Var það þá aldrei takmarkað við, að byggð væru smáíbúðarhús. Þegar svo á að rýmka nokkuð lán til smáíbúða, eru þau bundin við smáíbúðarhús. Það er vissulega nauðsynlegt fyrir okkur, þegar sett er löggjöf sem þessi, að gera okkur ljóst, hvaða afstöðu við þurfum að taka í þessu efni. Ég veit, að það ríkir ákaflega mikill áhugi hjá mörgum mönnum fyrir því að koma sér upp smáíbúðarhúsi. Það er nú svo, að við Íslendingar erum ekki enn þá orðnir bæjarþjóð nema í fyrstu kynslóð og enn svo skammt liðið síðan þjóðin bjó í sveit, að hefðu einstaklingarnir fengið að ráða, hefðum við byggt alla Reykjavík í smáíbúðarhúsum. Okkur er í blóð borið að hafa húsin eins og torfbæirnir voru, með dálitla bletti í kring, og athugum ekki, að ef við ætlum að búa í borg og gera kröfur til þæginda af okkar bæjarfélagi, svo sem hver maður gerir, þá er óvinnandi verk að byggja á slíkan hátt. Ég held því, að þegar hið opinbera setur löggjöf um þessa hluti, megi það ekki einskorða sig við að fullnægja þessari mjög svo ríku þörf og óskum hjá mörgum einstaklingum að mega hafa sína smáíbúð sem hús út af fyrir sig. Með þeirri litlu íbúð sé kjallari og ris, þó að ekki sé hægt að nota það, einnig nokkur lóð fyrir þetta smáhús. Svo á að leggja rafmagn, vatnsleiðslu, skólpleiðslu og hitalögn í húsið og útbúa yfirleitt götuna með öllum þeim þægindum, sem með þarf. Og þó að við gerum ráð fyrir, að gott sé, að þessi ríka tilfinning fái að njóta sín, þá eigum við í löggjöfinni líka að reikna með hinu, að það kunni að vera hægt að telja slíka menn á það, að skynsamlegt sé fyrir þá sjálfa að byggja slíkar smáíbúðir saman sem eitt hús, sem rúmi nokkrar íbúðir. Það veit hver einasti þdm., að hús, sem rúmar 20 og upp í 40 smáíbúðir, er mun ódýrara fyrir einstaklinginn en

hús, sem rúmar aðeins eina einustu íbúð. Ég tala svo ekki um, hversu miklu ódýrara þetta er fyrir bæjarfélagið. Ég býst við, að það að veita eigendum smáíbúðarhúsa þau nútímaþægindi, sem hver maður krefst, hljóti að verða tvöfalt til þrefalt dýrara, — ég þori ekki að segja nákvæmlega um tölur, — ef um t. d. 40 smáíbúðarhús er að ræða öll dreifð, heldur en eina til tvær sambyggingar með slíkum smáíbúðum, eða jafnvel þó að maður reikni ekki með eins stórum sambyggingum. Ef bæjarfélagið er skyldað til þess, eins og verður gert, að láta nútímaþægindi í té til smáíbúðarhúsa, þýðir þetta í raun og veru aukið álag á bæjarbúa sjálfa, sem ekki hefði þurft, ef byggingarlag var öðruvísi. Ég held þess vegna, að það sé óráð að binda starfsemi þessarar lánadeildar við smáíbúðarhús, eins og gert er með þessu frv. Það er tekið fram bæði í 1., 2. og sérstaklega í 4. gr., sem afnemur möguleika þess að veita fé, þó að ekki séu meira en 2—4 íbúðir saman í einu húsi. Þar er talað um „smáhýsi". Þó að gert sé ráð fyrir að veita fé til smáíbúða, þá held ég, að ekki eigi að neita þeim einstaklingum, sem vilja hafa samvinnu sín á milli, t. d. 8—10. Það væri engan veginn í anda þeirrar samvinnu, sem hæstv. forsrh. og hans flokkur alveg sérstaklega hafa beitt sér fyrir. Því tel ég, að það eigi að gera breyt. á þessu frv.

Þá er annað, sem vert er að athuga í þessu sambandi. Í 2. gr. eru réttindi til lána takmörkuð við það, að menn hyggist að koma þessum íbúðum upp að verulegu leyti með eigin vinnu og fjölskyldu sinnar. Ég skal ekki draga úr því, að margt getur verið heppilegt við það að ýta þannig undir menn, en ekki held ég, að rétt sé að binda þetta þannig, eins og að miklu leyti er gert þarna. Hví skyldu menn ekki mega hjálpast að almennt, vinna saman og jafnvel að einhverju leyti njóta stuðnings síns bæjarfélags, ef um það er að ræða? Við þekkjum þess dæmi, að bæjarfélagið aðstoðar með því að steypa upp hús, og eigendur ganga frá húsinu sjálfir, sem venjulega er það dýrasta við húsbygginguna. Það er tiltölulega ódýrt fyrir bæjarfélagið að láta í té gröft og steypuvinnu, með góðum tækjum. Ég verð að segja, að mér finnst hörmulegt að horfa upp á einstaklinga vinna með skóflu að grafa fyrir grunni sinna smáu húsa, þegar hægt er með mokstursvél að skófla þessu upp á nokkrum klukkutímum. Með því að útiloka samstarf manna að þessu er verið að gera margfalt erfiðara og að miklu leyti að útiloka þá tækni, sem samstarf um þessa hluti getur komið til leiðar og sparað mikinn kostnað. Og þegar við athugum, að ríkisstj. hefur fyrst og fremst í huga barnafjölskyldur, þá er erfitt að sameina þetta tvennt: að segja við fjölskylduföður með börn innan við tíu ára aldur, að hann geti fengið lán, ef hann vinni fyrst og fremst með eigin höndum og fjölskyldu sinnar. Ég held þess vegna, að rétt sé að lina þessi ákvæði í 2. gr.

Ég vil benda á þá hættu, að þetta form á íbúðum, einstaklingshúsin, getur leitt menn út í mikla drauma um íbúðarhús, sem verður þeim svo fjárhagslega ofviða. Eftir nokkurn tíma verður máske farið að gera slík einstaklingshús svo úr garði, að það skapast eins konar fátækrahverfi, eins og við erum nú mjög nærri því að fá upp hér í Reykjavík.

Ég tala hér engan veginn vegna þess, að ég vilji hindra menn í að fá lán út á smáhúsin. Ég skal engan veginn draga úr þeim þægindum, sem í því eru fólgin fyrir einstaklinginn að geta verið út af fyrir sig, og álít, að það eigi fyllilega að gera þeim það sem mest mögulegt, en hins vegar ekki banna þeim, sem vilja gera slík hús ódýrari fyrir sjálfa sig og bæjarfélagið. — Þetta mál held ég væri ákaflega heppilegt að athuga í n., og æskilegt væri að hafa vinsamlegt samstarf við ríkisstj. um lagfæringu, því að ég býst raunverulega við, að ekki vaki fyrir að binda þetta endanlega við einnar fjölskyldu hús, þó að þetta orðalag sé á frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., 17. jan., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 61. fundi í Nd., 18. jan., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 553, n. 603).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 603,1 samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 603,2 samþ. með 22 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
5.—7. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Bráðabirgðaákvæði samþ. með 19:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., 18. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 670).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 65. fundi í Ed., 19. jan., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., 21. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 670, n. 707).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Þessu máli er nú raunverulega til lykta ráðið á Alþ., því að ákveðið hefur verið að verja 4 millj. kr. af tekjuafgangi síðastliðins árs til þess að lána einstaklingum til að koma sér upp smáíbúðum. Þetta frv. fjallar því um nánari reglur um, hvernig þessum lánum skuli hagað, bæði um lánstíma, vexti og fleira, en um þetta hafa engin lög verið til áður, og þótti því rétt að setja nánari fyrirmæli um það, og er það gert með þessu frv.

Fjhn. hefur haft málið til athugunar og mælir eindregið með því, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Bráðabirgðaákvæði samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 22. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 738).

---

29. Ríkisreikningurinn 1949.

Á 57. fundi í Nd., 14. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1949 [168. mál] (stjfrv., A. 595).

Á 59. fundi í Nd., 15. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég get vísað til athugasemdanna, sem fylgja frv., og þarf enga framsöguræðu að halda, en vil aðeins óska, að frv. verði vísað til fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., 17. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Nd., 18. jan., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 595, n. 635).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Fjhn. deildarinnar hefur skilað áliti um þetta frv. á þskj. 635 og mælir með því, að frv. verði samþ. N. hefur borið saman tölur frv. á þskj. 595 við tölur ríkisreikningsins, og virðast þær vera samhljóða.

Fjárlög 1949 gerðu ráð fyrir því, að tekjuafgangur ársins yrði rúmlega 28 millj. kr., en í framkvæmdinni varð þetta öðruvísi eða rekstrarhalli um 800 þús. kr. og þá að sjálfsögðu mikill greiðsluhalli.

Athugasemdir yfirskoðunarmanna eru prentaðar með ríkisreikningnum eins og venjulega, og eru þær alls 29. Svör ráðherra eru þar einnig birt og till. yfirskoðunarmanna viðkomandi athugasemdunum. Yfirskoðunarmenn vísa alls 11 till. til aðgerða Alþingis.

Ég vil nú fara um þessar athugasemdir nokkrum orðum.

Hin svo nefnda umboðslega endurskoðun á reikningum ríkisfyrirtækja er mjög langt á eftir. Samkvæmt skýrslu um þetta eru óendurskoðaðir reikningar mjög margra stofnana fyrir árin 1948 og 1949 og þá vitanlega líka fyrir þau ár, sem síðan eru liðin. Það er skýrt frá því í svörum ráðherra, að verið sé að reyna að koma þessari endurskoðun í betra lag, sem vonandi tekst.

Önnur athugasemdin er viðkomandi óinnheimtum eftirstöðvum af ríkistekjum, sem eru um 19½ millj. kr. í árslokin, og er það nærri 7 millj. kr. hærri upphæð en um næstu áramót á undan.

Í þriðja lagi er rætt um miklar útistandandi skuldir tóbakseinkasölunnar um áramótin, eða alls um 5.4 millj. kr.

Í fjórða lagi er athugasemd um lánveitingar tóbakseinkasölunnar, sem upplýst er að farið hafa fram samkvæmt fyrirlagi þáverandi fjmrh., samtals yfir 1 millj. og 100 þús. kr.

Úr sjóði einkasölunnar hefur verið lánað sem hér segir:

Til Ísafjarðarkaupstaðar vegna vatnsveitu	200	þús. kr.
— Vestmannaeyjakaupstaðar vegna rafveitu ..	350	— —
— tunnuverksmiðju	300	— —
— póst- og símamálastjórnarinnar	250	— —
— byggingarsamvinnufélags Reykjavíkur	10	— —

Einnig kemur fram af ríkisreikningnum, að áfengisverzlunin hefur á sama ári lánað til póst- og símamálastjórnarinnar 250 þús. kr. og til tunnuverksmiðju 300 þús. kr. Eins og þarna kemur fram, er nokkuð af þessum lánum veitt til ríkisfyrirtækja. — Yfirskoðunarmenn spyrja um heimildir til þessara lánveitinga, en þeirri spurningu er svarað á þá leið, að lánin hafi verið veitt að fyrirlagi þáverandi fjmrh. En ekki er mér kunnugt um neina heimild til þess að lána Ísafjarðarkaupstað og Vestmannaeyjakaupstað fé með þessum hætti.

Í fimmta lagi er vísað til aðgerða Alþ. athugasemd um vörukaup tóbakseinkasölunnar hjá einhverjum á Keflavíkurflugvelli. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem hér liggja fyrir í athugasemd og svari, hafa þessi viðskipti verið rekin með nokkuð óvenjulegum og einkennilegum hætti, þar sem vörur þessar voru ekki færðar inn á vörureikning verzlunarinnar, heldur voru greiðslur fyrir þær skuldaðar á viðskiptamannareikningi, og þá einnig innborganir fyrir þær, er þær voru seldar. Ekki sést nein skýring á því, hvers vegna bókhaldi um þessi viðskipti var svo einkennilega hagað.

Þá er ein athugasemdin um umframgreiðslur hjá Ríkisútvarpinu. Þær eru að vísu miklar, nema um 37%. Víst er ástæða til að finna að slíku, ef verða mætti til þess, að betur væri fylgt áætlunum fjárlaganna eftirleiðis. En fleiri dæmi hefði mátt nefna um miklar og jafnvel meiri umframgreiðslur. Þannig hefur kostnaður við ríkisstjórnina samkv. 10. gr. fjárlaganna farið 40% fram úr áætlun, og kostnaður við utanríkismál samkv. 10. gr. fjárl. hefur farið 45% fram úr áætlun fjárlaganna. Hér þyrfti hæstv. ríkisstj. vissulega að gæta sín betur en verið hefur.

7.—9. athugasemd eru um óinnheimtar sektir til ríkissjóðs. Í sumum lögsagnarumdæmum hafa sektir innheimzt, en mjög mikið vantar á, að sektir séu innheimtar í nokkrum umdæmum.

Tíunda athugasemd er um kostnað við fjárhagsráð og deildir þess, sem yfirskoðunarmenn benda á að sé nokkuð mikill og meiri en áætlað var í fjárlögum.

Þá er athugasemd um framlag til lýsisherzluverksmiðju, 519 þús. kr., og spurt, hvað líði stofnun verksmiðjunnar, en ekkert svar hefur borizt um það frá ráðuneytinu.

Eru þá taldar þær athugasemdir, sem yfirskoðunarmenn vísa til aðgerða Alþingis.

Úr því sem komið er, verður tæpast séð, að Alþ. geti annað gert málum þessum viðkomandi en að leggja áherzlu á, að aðfinnsluverðar framkvæmdir, sem hér eru nefndar, verði ekki endurteknar, en betur verði á haldið framvegis. Ég vil þó enn fremur nefna hér nokkur atriði, sem reikningurinn hefur að geyma.

Greiðslur vegna ríkisábyrgða nema rúmlega 4.6 millj. kr., og eru útistandandi alls í árslok 1949 15113034.17 kr., sem ríkið hefur orðið að leggja út vegna ábyrgða, sem það hefur veitt. Ég vil nefna nokkra stærstu liðina þarna: Síldarverksmiðjur ríkisins 9618391.41 kr. Siglufjarðarkaupstaður vegna Skeiðsfossvirkjunar 2084150.49 kr. og vegna síldarverksm. Rauðku 413820.00 kr. Andakílsárvirkjunin í Borgarfirði 881054.50 kr. Skagastrandarhöfn 701198.37 kr. Búðanes h/f, Stykkishólmi, 471250.00 kr. Húsavíkurhreppur (höfnin) 331094.11 kr. Samvinnufélag Ólafsvíkur 98869.90 kr. Dalvíkurhreppur, Eyjafirði, 90123.09 kr. Stykkishólmshreppur 77420.28 kr. — Samkvæmt ríkisreikningnum 1950, sem við fengum einnig óendurskoðaðan, þá munu á því ári bætast við þetta um 4 millj. kr. vegna ábyrgða, og kemur þar í ljós, að margir sömu aðilar koma þar við sögu. Nú hefur hæstv. fjmrh. upplýst, að enn muni bætast þarna við um 5 millj. kr. fyrir árið 1951. Er þetta alvarlegt mál, og er nokkuð að því vikið í athugasemdum endurskoðenda.

Ég vil enn nefna eitt, en það er, að á árinu 1949 hefur ríkissjóður tekið við verðbréfum til greiðslu á sköttum og öðrum ríkistekjum, alls um 365 þús. kr. Yfirskoðunarmenn hafa ekki gert sérstakar athugasemdir um þetta. En víst gæti verið ástæða til að spyrja, hvernig á þessu standi. Var ekki hægt að innheimta þessa skatta á venjulegan hátt, fá þá greidda í peningum? Ófært er að ganga inn á þá braut að leyfa einstökum skattgreiðendum að borga gjaldfallna skatta með skuldabréfum, ef unnt er að innheimta þá með venjulegum hætti. Það er venjulegt að taka lögtak hjá skattgreiðendum, og víst er hægt að taka slík bréf og selja þau í stað þess að veita skattgreiðendum lán. Ekki veit ég heldur um neina heimild til þess að veita einstökum mönnum lán á þennan hátt.

Reikningarnir eru nú eins og áður allt of seint á ferðinni. Reikningurinn fyrir 1950 ætti að vera kominn endurskoðaður til úrskurðar á Alþ., til þess að telja mætti, að sæmilegt lag væri á þessum málum. Það stendur á endurskoðuninni, sem fram fer í stjórnarráðinu. Það er þörf á því, að þessu verði komið í betra lag.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð, en fjhn. gerir engar till. út af þessum athugasemdum, en leggur til, að frv. verði samþ.

Jón Pálmason: Herra forseti. Það hefur farið svo eins og áður, þegar ríkisreikningurinn hefur legið fyrir Alþ. og verið vísað til fjhn., að hún hefur lagt til, að hann verði samþ., án þess að hún gerði nokkrar ráðstafanir í sambandi við athugasemdir, sem við yfirskoðunarmenn höfum gert við hann. Þetta kemur mér að vissu leyti á óvart eins og mörgum öðrum. Mér þykir ástæða að minna á nokkur atriði í þessu sambandi, vegna þess að við, sem lengi höfum verið yfirskoðunarmenn, gerum árlega athugasemdir við reikninginn, oft út af sömu misfellunum, og fáum það svo frá Alþ., að það er ekki tekið til greina, og fer alltaf versnandi það ástand, sem við finnum að, og finnst okkur þreytandi í þessu starfi að sjá engan árangur.

Það er eitt atriði sérstaklega, sem ég hef ástæðu til að tala nú um, þegar hv. frsm. fjhn. vék að því, hve reikningurinn væri seint á ferðinni. Það hefur hvað eftir annað komið athugasemd út af þessu og jafnvel verið vikið að því, að það væri okkur yfirskoðunarmönnunum að kenna. Nú upplýstist þetta á s. l. sumri með bréfaskriftum milli hæstv. fjmrh. og mín. Ég fékk bréf frá honum, dags. 30. júlí, þar sem hæstv. ráðh. skorar á mig að flýta yfirskoðun þessara reikninga og reikninganna fyrir árið 1950. Ég svaraði þessu bréfi strax fyrir mína hönd. Bréfi mínu svaraði hæstv. ráðh. með bréfi dags. 7. sept. Nú kemur í ljós, eins og tekið er fram í athugasemdum yfirskoðunarmanna við reikninginn nú og oft áður, að mikill fjöldi starfsgreina og stofnana ríkisins er óendurskoðaður tölulega. Raunverulega ættum við ekki að skila athugasemdum fyrr en við fáum skýrsluna í hendur. Þó höfum við gert þetta, og samkomu-

lag varð um að gera þetta einu sinni enn þrátt fyrir þessa óreiðu. Þarna er um stórkostlegt mál að ræða. Þó að við skilum athugasemdum við reikninginn, er ekki þar með sagt, að við mundum ekki skila fleiri, ef við hefðum skýrslu um endurskoðun stofnananna í höndum.

Okkar verkefni er aðallega þrenns konar: að bera saman spjaldskrána við reikninginn; að athuga endurskoðun reikninganna; að rannsaka, að hve miklu leyti ríkisstj. fer eftir fjárlögum og öðrum samþykktum.

Þegar þannig stendur á, að tölulega endurskoðunin er mörgum árum á eftir tímanum, eins og hún hefur verið undanfarið, er hæpið frá mínu sjónarmiði, að Alþ. afgreiði slíka reikninga. Þetta þekkist ekki hjá neinu félagi á Íslandi, en ríkið samþ. reikninga tölulega óendurskoðaða. Nú má segja, að ýmissa hluta vegna sé eðlilegt, að þetta fari úr böndunum hjá fjmrh. Ríkiskerfið er svo flókið, eins og hæstv. fjmrh. bendir á, og þetta er svo mikið starf, að það þarf fjölda manns til að fylgjast alveg með, ekki síst þegar þetta er orðið langt á eftir tímanum.

Ég held, að það séu ekki nóg ráð, sem hæstv. ráðh. bendir á í þessu sambandi. Fjhn. þessarar d. bendir ekki á nein ráð og sér ekkert athugavert við þetta. Viðvíkjandi þessu frv. bendir ráðh. á tvö ráð. Annað er að fjölga endurskoðendum við fjmrn. og hitt að afhenda reikningana til löggiltra endurskoðenda. Það hefur verið gert, en ekki nægilega mikið. Ég held, að einna bezta ráðið væri að taka sumar stærstu og umfangsmestu stofnanir ríkisins og kjósa sérstaka endurskoðendur til að starfa þar. Ég held, að það komist varla í lag öðruvísi. Verkefni endurskoðunardeildarinnar væri svo að úrskurða athugasemdir. Í þessu sambandi má benda á póst og síma, áfengisverzlunina, tóbakseinkasöluna, Tryggingastofnun ríkisins og vita- og hafnarmál. Allar þessar stofnanir velta tugum milljóna. Það er kunnugt, að ríkið hefur 150—160 stofnanir á sinni könnu. Hér þarf að endurskoða vel, þegar komið er upp um atburði eins og nú, þegar óráðvendni hefur komið upp í stórum stíl. Þá er því beint til Alþ., að hér verði breytt til. Ég hefði viljað, að hæstv. ríkisstj. og aðrir, sem um þetta fjalla, athuguðu, á hvern hátt þessu væri komið í lag. Það er út í bláinn, sem hefur heyrzt hér á Alþ., að ásaka okkur yfirskoðunarmenn, þó að þessir reikningar séu á eftir tímanum. Ég held, að við höfum skilað athugasemdum um þetta eins fljótt og okkur var unnt.

Það eru svo tvö atriði, sem við höfum nú vísað til aðgerða Alþ. og höfum gert áður. Innheimta hjá ríkinu fer alltaf versnandi. Samkvæmt þessum reikningum á það útistandandi 20 millj. kr., og ég býst ekki við, að það hafi farið batnandi síðan. Það er út af fyrir sig erfitt við þetta að eiga. Svo eru tvær stofnanir, sem við höfum alltaf gert athugasemd við. Öll þessi ár síðan útvarpið var stofnað höfum við gert athugasemd við, hvað sú stofnun er frek á umframgreiðslur og virðist ekki taka tillit til fjárlaga. Á þessu ári er hér um að ræða umframgreiðslur, sem nema 900 þús. kr. Það er önnur stofnun, sem einnig er frek á umframgreiðslur, og það er fjárhagsráð. Ég man ekki, hvað upphæðin er mikil, en það er stór upphæð. Nú hefur það komið fram í svari hæstv. fjmrh., að þessar stofnanir þurfi ekki að taka tillit til fjárlaga, því að þær hafi tekjur til að greiða þau gjöld, sem þær stofna til utan fjárlaga. Þetta er atriði, sem við yfirskoðunarmenn teljum alvarlegt. Þó að þessar stofnanir hafi tekjur til að greiða þau gjöld, sem þær stofna til utan fjárlaga, teljum við fjarri lagi, að þær hafi heimild til þess nema með leyfi ráðh. Þær hafa ekki leyfi til að stofna til útgjalda, þó að þær hafi tekjur til þess, nema heimild sé veitt til þeirra á fjárlögum. Ráðherra hefur ekki heldur leyfi til að stofna til útgjalda, sem eru ekki leyfð á fjárlögum. Það má segja, að þær stofnanir, sem hér um ræðir, lítilsvirði fjárlögin, og þeir forstjórar, sem fara með þessi mál, fara sínu fram án þess að taka tillit til fjárlaga. Þetta þýðir, að starf Alþ. og fjvn. að fjárlögum sé þýðingarlítið.

Þessum reikningum fylgja fjáraukalög, sem hljóða upp á 133 millj. kr., og sýnir það, hvað hér er á ferð. Ég álít, að afgreiðsla fjáraukalaga sé aukaatriði, sem ekki eigi að þræta um. Ríkisreikningarnir eru hér aðalatriðið.

Ég ætla ekki að fara um þetta miklu fleiri orðum, en hv. þm. sjá, að hér er hætta á ferð. Hér er ekki persónuleg hætta fyrir neinn, en þetta varðar margar ríkisstj. og þó fyrst og fremst sambandið milli ríkisstj. og Alþ. og hvort ekki sé hægt að koma betra lagi á þetta og hvað eigi að gera.

Þá vil ég aðeins minnast á eitt atriði í ræðu hv. frsm. út af ábyrgð ríkisins. Það er ekki rétt, að það sé ekki vikið að því. Það er ekki þægilegt fyrir fjmrh. né ríkisstj. að standa á móti því að greiða skuldir, sem ríkið er ábyrgt fyrir, að sumu leyti fyrir ríkisstofnanir eins og síldarbræðsluna og hafnargerðir. Vegna þess að síldveiði og önnur veiði hefur brugðizt, geta fyrirtækin ekki staðið í skilum. Þetta mál er til athugunar, en það er erfitt við það að eiga. Þetta ætti að hafa það í för með sér, að ríkið gengi varlegar í ábyrgð fyrir vafasöm fyrirtæki. Þá ætti aðstaðan að vera þægilegri að geta staðið í skilum.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, en ég gat ekki látið hjá líða að vekja athygli hv. þm. á því, sem ég hef vikið að.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það hefur verið talað alvarlega um það, hvort ekki væri hægt að laga ástandið í endurskoðuninni, svo að reikningarnir kæmu fyrr fyrir Alþ. Fyrir nokkrum árum hefur þetta sýnilega farið úr böndum og endurskoðunardeild stjórnarráðsins er orðin á eftir tímanum. Ég þarf ekki að lýsa því, að athugasemdir við reikningana 1949 sýna það. Þessu hefur enn ekki verið hægt að kippa í lag nema að litlu leyti. Það hefur verið lagt til að semja við endurskoðendur utan stjórnarráðsins að taka það að sér, sem hefur dregizt aftur úr, svo að endurskoðendur stjórnarráðsins geti svo haldið hinu í horfinu. Þetta er eina leiðin til að koma þessu í lag, að koma því

fyrir, sem hefur dregizt aftur úr, en efla deildina svo, að hún geti haldið þessu í horfinu. Það þarf þá að bæta við 1—2 mönnum, og mega menn þá ekki umhverfast, ef þetta verður nauðsynlegt.

Það er annað atriði, sem hv. þm. drap á, og það er um óreiðuna hjá tóbakseinkasölunni. Hún er ein þeirra stofnana, sem firmu fengu til endurskoðunar, en það er ekki fyrir það, heldur hefur bókhaldið verið svo lélegt, að það var hægt að skjóta undan, án þess að það kæmist upp, en þegar bókhaldinu var breytt, kom það í ljós. Það var ekki fyrir það, að dráttur væri á endurskoðuninni, því að hún fór fram jafnóðum. Það er ekki nóg að hafa málið með höndum og líta á, hvort það sé halli, heldur verður að líta eftir, hvort kerfið sé nógu öruggt. Ég held, að það sé leið út úr þessu að fá viðbótarvinnu og efla endurskoðunardeildina til að ná jafnvægi og láta hana taka við nýjum reikningum, en kaupa endurskoðun á gömlu reikningunum. Þó að það þurfi að bæta fólki í endurskoðunardeildina, dugir það ekki, því að reikningarnir eru orðnir svo langt á eftir. Ég held, að ef deildinni tekst að fá vinnu við þessa gömlu reikninga, þá megi efla deildina svo, að hún geti haldið þessu jafnvægi. Það er eitt atriði, sem er rétt að taka fram, að ef við hugsum okkur, að hægt sé að loka reikningnum strax eftir áramót, getum við ekki búizt við því, að deildin sé búin að endurskoða hann fyrr en undir vor, en hann ætti að geta verið allur tilbúinn í júlíbyrjun. Ef hægt yrði að ná þessu, þá verða endurskoðendurnir reiðubúnir að vinna sitt starf yfir sumarið, svo að reikningurinn gæti komið fyrir næsta þing, en til þess að það sé hægt, þarf endurskoðunin að fara fram yfir sumarið eða snemma um haustið. Þeir, sem að þessu ynnu, gætu tekið vissa þætti fyrr á árinu, áður en búið er að ganga frá öllu, án þess að öryggið minnki. Það þarf að vera vel vakandi og grípa öll tækifæri og vinna eins fljótt og hægt er. Ég held, að þetta ætti að vera hægt með því að kjósa t. d. sérstaka endurskoðendur úr þinginu við hinar ýmsu starfsgreinar. Ég held, að það sé ekki hægt að gera sér vonir, að það yrði betra með því að kaupa endurskoðendur og efla deildina. — Ég skal svo ekki eyða meiri tíma í þetta.

Viðvíkjandi athugasemd um að koma í veg fyrir þessi ábyrgðarlán vil ég segja það, að það er heimtað af okkur, að við tökum ábyrgð á þessum lánum. Hv. þm. segja, að ef við ábyrgjumst ekki þessi lán, þá stöðvum við framkvæmdir, því að það sé ekki hægt að fá lán, nema við ábyrgjumst þau. Áður voru þessi lán til 2—3 ára, en nú eru þau ekki styttri en til 10 ára og flest 15—20 ára. Það er erfitt við þetta að eiga, og hv. þm. gera til okkar stórar kröfur um að láta þetta ekki standa í vegi fyrir framkvæmdum.

Ég skal ekki leggja meira til þessara mála nú, en mér þætti líklegt, ef ég yrði áfram við þetta, að mér þætti ástæða til að minnast á það síðar.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Hv. þm. A-Húnv., sem er einn af endurskoðendum ríkisreikninganna, hélt ræðu um málið áðan og sagði það m. a., að fjhn. þessarar d. gerði engar till. til þingsins í sambandi við þær aths., sem yfirskoðunarmenn hefðu vísað til aðgerða Alþ., og skildist mér hv. þm. furða sig nokkuð á þessu. Það, sem fjhn. hefur fengið til meðferðar, þegar ríkisreikningurinn er á ferðinni, það er frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum, og ég fæ ekki séð, þó að þingið vildi afgr. einhverjar till. í sambandi við ríkisreikninginn, að þær ættu heima í þessu frv. Mér finnst ekki eðlilegt að hafa þann hátt á, þó að eitthvað væri aðfinnsluvert við ríkisreikningana, að fara að setja slíkar till. inn eða samþ. um þau efni brtt. við þetta frv. um samþykkt á reikningnum, heldur yrðu þær að koma fram í öðru formi, sennilega þál.-formi. Þetta finnst mér að væri eðlilegt. En ekki skal því neitað, að vitanlega gætu fjhn.-menn borið fram slíkar till., en ég vil benda á, að tveir yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna, sem sæti eiga á þingi og hafa verið endurskoðendur í fjölda ára og eru þar af leiðandi kunnugir þessum málum, hafa engu síður en aðrir þm. aðstöðu til þess að koma með slíkar till. Ég geri ráð fyrir, að þeir hafi öðrum fremur um þessi mál hugsað, og ef þeir kæmu auga á, að líklegt væri til árangurs að gera till. um það, þá stæði engum nær að benda þinginu á, hvað hér ætti að gera, heldur en þeim, og þegar sessunautur minn, hv. þm. A-Húnv., talar um það, að fjhn. bendi ekki á nein ráð, þá mætti spyrja hann, sem svo mjög hefur við þessi mál fengizt, hver séu hans ráð.

Ég sagði áðan, að úr því sem komið væri, þá teldi n. ekki annað en sjálfsagt að samþ. þetta frv., sem hér liggur fyrir, en í tilefni af aths. yfirskoðunarmanna vildi n., eins og fram kemur í nál., benda á nauðsyn þess, að þau dæmi, sem þar eru nefnd um aðfinnsluverða hluti, verði höfð til viðvörunar framvegis. Það getur verið leið til árangurs, ef þingið gerði ályktun út af þessum vissu hlutum, sem þarna er um að ræða, en þá ætti það að koma sem sérstakt þingmál.

Hv. þm. A-Húnv. sagði, að það væri ekki ásökunarefni á yfirskoðunarmenn, þó að reikningurinn væri seint lagður fyrir þingið. Það kann að vera, en út af því, sem hann sagði um það, að ástæðan sé sú, að endurskoðunin í stjórnarráðinu, hin umboðslega endurskoðun, sé svo langt á eftir, og mér skildist hann líta svo á, að yfirskoðunarmennirnir, sem Alþ. velur, geti ekki gengið frá endurskoðun fyrr en hinni umboðslegu endurskoðun er að fullu lokið, þá er ég ekki frá því, að þarna gæti nokkurs misskilnings. Að vísu fer það eftir því, hvernig þeir líta á sitt verkefni, yfirskoðunarmenn þingsins, en ég held, að eins og nú er komið, þá eigi þeirra starf að vera fyrst og fremst kritisk endurskoðun, þeir eigi að bera ríkisreikningana saman við fjárl. og athuga, hvort tekjur, sem ríkið á að fá, innheimtast með eðlilegum hætti, athuga greiðslur úr ríkissjóði og bera það saman við upphæðir á fjárl., eins og þeir hafa gert, og athuga, hvort eitthvað er greitt úr ríkissjóði, sem engin heimild er til að greiða, eins og t. d. er bent á nú, þar sem fyrrverandi fjmrh.

hefur látið ríkisverzlun lána í heimildarleysi allstóra fjárhæð úr sínum sjóði, sem engin skýring er á hvers vegna hefur verið gert. Mér skilst, að þetta eigi þeir fyrst og fremst að gera, en það er ekki hægt að ætlast til þess, eins og ríkisreksturinn er nú, að þeir framkvæmi tölulega endurskoðun, en mér skilst, að þeir geri það að einhverju leyti. Mér hefur skilizt, að þeir séu að fást við tölulega endurskoðun, en ég held, að ef þeir ætluðu að framkvæma tölulega endurskoðun eins og yfirskoðunarmenn, sem Alþ. hefur kosið, höfðu gert fyrr á tímum, meðan þetta var allt miklu umfangsminna en nú, þá mundi þessum þrem mönnum ekki endast árið til að framkvæma vandlega slíka tölulega endurskoðun hjá ríkinu. Þess vegna held ég, að þeir ættu ekki að fást við slíkt, ég held, að það sé hin kritiska endurskoðun, sem þeir ættu að framkvæma. Ég vil benda á, að jafnvel þótt ekki sé búið að framkvæma þessa tölulegu endurskoðun í stjórnarráðinu, þá geta þeir yfirskoðunarmenn, sem þingið kýs, athugað fylgiskjöl við ríkisreikninginn og athugað, hvort greiðslur eru í samræmi við fjárl., o. s. frv. Þetta geta þeir gert, þó að einhver töluskekkja kynni að finnast við endurskoðun stjórnarráðsins, svo að ég er ekki á sama máli og hv. þm. A-Húnv. um það, að þeir geti ekki lokið sínu verki, þó að hin tölulega endurskoðun sé eitthvað á eftir. Fylgiskjöl öll liggja fyrir strax um það leyti, sem reikningurinn er gerður, þó að hin umboðslega endurskoðun sé eftir. Það eru þessi fylgiskjöl, sem ég hygg að hinir þingkjörnu menn eigi að athuga, og allar greiðslur, sem hafa átt sér stað inn í ríkissjóð og úr honum. — Þetta er sú aths., sem ég vildi gera út af því, sem fram hefur komið.

Jón Pálmason: Herra forseti. Út af þeim aths., sem fram hafa komið, sé ég ástæðu til að bæta nokkrum orðum við það, sem ég sagði hér áðan. Viðvíkjandi því, sem hæstv. fjmrh. tók fram varðandi það ástand, sem orðið er um endurskoðun ríkisins, vil ég segja það, að það er náttúrlega allrar virðingar vert að reyna eftir föngum að koma á þeirri lögun, sem hann var að gera ráð fyrir. En ég er hræddur um, að það verði dýr aðferð að fjölga alltaf í endurskoðunardeild fjmrn., þannig að það gæti komið lögun á þá óreiðu, sem hér er um að ræða.

Varðandi það, sem hv. frsm. fjhn., hv. þm. V-Húnv., tók hér fram, þá lítur hann mjög einkennilega á það, hvernig okkar starf, yfirskoðunarmanna, á að vera. Eins og tekið er fram í stjskr. og eins og allir vita, þá er ekki ætlazt til þess, eins og hv. þm. tók fram, að endurskoðendurnir, hverjir sem það eru, fari að endurskoða tölulega í stofnunum ríkisins. Það hefur okkur heldur aldrei dottið í hug, nema þegar um er að ræða einhverja sérstaka reikninga, sem okkur hefur þótt sérstaklega athugaverð útkoman á. Eigi að síður er það talsverð töluleg endurskoðun, sem við framkvæmum, sem er samanburður á spjaldskrárreikningum og fylgiskjölum öllum við spjaldskrá, sem fylgir reikningunum hverju sinni. En svo er það ætlunin, að jafnvel okkar aðalstarf sé að fara í gegnum allar endurskoðunarskýrslur frá þeim aðilum, sem endurskoða hjá stofnunum og starfsmönnum ríkisins, og það er þetta, sem deilan stendur um, hvort það sé hæfilegt eða eðlilegt, að við afgr. frá okkur reikninga, áður en þessar endurskoðunarskýrslur liggja fyrir, og okkar fyrsta aths., sem er það aðaldeilumál, sem hér liggur fyrir, hún sýnir glöggt, hve ástandið er hörmulegt á þessu sviði. Ég tel, að það sé hrein fjarstæða að kenna okkur um það, að ríkisreikningurinn er svo seint á ferð sem nú er og verið hefur, því að það má miklu frekar ásaka okkur fyrir það, að við höfum þó þrátt fyrir allt látið undan í því að skila aths. fyrr en við værum búnir að fá skýringar, og það er þetta atriði, sem ég teldi eðlilegast að Alþ. skæri úr, en það hefur ekki fengizt til þess undanfarin ár, og það er auðséð eftir starfsemi fjhn., að hún gerir ekki ráð fyrir að gera neinar till. í því efni.

Hv. þm. V-Húnv. sagði: Það, sem við fáum í hendur, það er frv. um samþykkt á ríkisreikningnum. — Þetta er rétt, það er lagt fram frv., sem er útdráttur úr einstökum greinum reikningsins, en aðalatriðið er það, sem vísað er til, þ. e. reikningurinn sjálfur og þær aths., sem honum fylgja, og þær úrskurðartill., sem þarna er um að ræða, og það er sérstaklega til þess ætlazt, ef yfirskoðunarmenn vísa einhverju deiluatriði til úrskurðar og aðgerða Alþ., þá sé það verksvið þeirrar n., sem fær þetta mál til athugunar, að gera till. út af því. Það hefur gengið svo undanfarin ár, eins og ég vék að áðan, að fjhn. virðist ekki telja, að það sé um neina athugaverða hluti að ræða eða sé þörf á því að gera neinar till. frá hálfu Alþ. í því sambandi.

Snertandi það, að það sé eðlilegt að afgr. svona reikning ár eftir ár frá Alþ., þá tel ég það mjög vafasamt, eins og ég sagði áðan, og eins og sakir standa, þá mun ég hafa það þannig sem yfirskoðunarmaður, að ég get ekki greitt atkv. með því að afgr. þennan reikning; ég býst ekki við, að ég greiði atkv. á móti því, en það mundi hvergi vera talið eðlilegt, ekki í sveitarfélagi, ekki í sýslufélagi, ekki í bæjarfélagi, ekki hjá bönkum eða neinni stofnun að afgr. reikninga, sem væri sannað að væru tölulega óendurskoðaðir, eins og hér um ræðir. Og það er ákaflega hæpið, hvort það á ekki að vera sú leið, sem farin er og hefði átt að vera farin fyrir löngu, að Alþ. afgr. ekki reikning, sem svona er til kominn, fyrr en væri sannað, að allar endurskoðunarskýrslur fyrir það ár, sem um er að ræða, væru komnar í hendur yfirskoðunarmanna. Þetta er deiluatriði, og það er líka deiluatriði, að því er virðist, við hv. þm. V-Húnv., að það, hvað reikningurinn er langt á eftir, sé sök okkar yfirskoðunarmanna. Þar erum við á annarri skoðun, og væri æskilegt, að úr þessu fengist skorið á Alþ.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Út af því, sem hv. þm. A-Húnv. sagði síðast, vil ég taka það fram, að mér skildist ekki betur en hann væri að lýsa yfir, að hann ætlaði ekki að greiða atkv. með því að samþ. reikninginn.

En þá kemur sú spurning: Hvernig stendur á því, að þessi hv. þm., sem er endurskoðandi landsreikninganna, hefur samþ. a. m. k. tvo landsreikninga, sem alveg stendur eins á um, að ekki var búið að endurskoða alla undirreikninga? Ég held, að þessi hv. þm., ef hann ætlar að setja þetta mál í einhverja klemmu, hefði þá átt að gera það fyrr. Ég held, að hann hefði átt að hafa manndóm í sér til þess í fyrsta skipti, sem það kom fyrir, að hann, sem endurskoðandi, sá, að ekki var búið að endurskoða alla undirreikninga, með því þá strax að stoppa þetta, því að þá var auðveldara að segja stopp heldur en nú fyrst, þegar búið er að endurskoða tvo reikninga, en svo þegar þriðji reikningurinn kemur, sem er alveg eins, þá segir hv. þm.: Nú get ég ekki verið með í því að samþ. þetta. — Og það er mikil spurning, hvort það er yfirleitt hægt fyrir hv. þm. að staðfesta reikninginn, eins og endurskoðendurnir hafa gert, en greiða síðan ekki atkv. með honum á Alþ. — Fyrst hv. þm. er að láta liggja að þessu, þá get ég ekki stillt mig um að minnast á það, að það hefði kannske verið hægt í upphafi að stemma á að ósi í þessu máli, ef hv. þm. hefði þá verið nógu stífur og tekið afstöðu um það að afgr. ekki landsreikninginn nema búið væri að endurskoða alla undirreikninga. Það hefði hann átt að gera strax, en ekki nú fyrst.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Hv. þm. A-Húnv. svaraði þeirri spurningu, sem ég beindi til yfirskoðunarmanna, hvernig þeir litu á sitt verkefni. Mér skildist á honum, að þeir væru eitthvað að fást við tölulega endurskoðun, hann talaði um spjaldskrárreikninga, sem þeir yfirfæru. Ég vék að því áðan, að ég liti svo á, eins og nú væri komið ríkisrekstrinum eins og hann er umfangsmikill, að það væri ekki hægt að ætlast til þess, að þeir hefðu með höndum tölulega endurskoðun, heldur kritiska endurskoðun, það væri þeirra verkefni.

Út af því, sem hann sagði um fjhn., sem ekki gerði neinar till., þá vil ég benda á það, að þessi aðferð yfirskoðunarmanna að vísa vissum aths. til aðgerða Alþ., hún gat verið skiljanleg, ef þeir væru allir utanþingsmenn, en nú eiga tveir af þremur yfirskoðunarmönnum sæti á Alþ., og þá hafa þeir ekki síður en aðrir þm. möguleika til að koma á framfæri till. og aths., sem þeir teldu ástæðu til að kæmu til úrslita á Alþ. Þessar aths. þeirra eru birtar með ríkisreikningnum, og geta allir alþm. lesið þær. Ég gerði líka sem frsm. fjhn. grein fyrir — í minni framsöguræðu — þeim 11 atriðum, sem þeir vilja vísa til aðgerða Alþ. Mér skildist á hv. þm. A-Húnv., að hann teldi, að við í fjhn. mundum gera einhverjar till. út af þessu. Ég benti á það áðan, að till. um það ættu ekki heima í því frv., sem hér liggur fyrir, þó að Alþ. vildi gera aths. um það. En ég vil spyrja hv. þm., sem mest hefur að þessum málum unnið í fjölda ára: Hvað telur hann að Alþ. gæti gert? Hverjar ályktanir telur hann að Alþ. gæti gert út af þessum aths., sem árangurs mætti af vænta? Það væri fróðlegt að heyra hans skoðun um þetta, t. d., að þessi umboðslega endurskoðun sé svona langt á eftir. Hvað getur Alþ. gert í því, sem leiði til meiri árangurs en það, sem hæstv. fjmrh. hefur sagt að nú sé verið að vinna að? Í öðru lagi varðandi óinnheimtar eftirstöðvar, útistandandi skuldir tóbakseinkasölunnar 1949 og heimildarlausa lánveitingu 1949 o. s. frv., hvaða till. og ályktanir telur hv. þm. A-Húnv. að Alþ. gæti gert um þetta til þess að lagfæra það, úr því sem komið er? Er eitthvað meira hægt að gera heldur en það, sem n. gerir í sínu áliti, að leggja áherzlu á, að þetta eigi að vera til viðvörunar framvegis? Það væri fróðlegt að heyra, hvaða till. hv. þm. hefur að gera til Alþ. um þetta sem einn af þm. þessarar d. og manna kunnugastur þessum málum vegna margra ára endurskoðunarstarfs. Ég fæ ekki skilið, að fjárhagsnefndarmönnum beri öðrum mönnum fremur að gera till. um þetta. Það má segja, að það hvíli á öllum þm. sú skylda að gera till. út af þessum hlutum, ef koma eigi að einhverjum ályktunum, sem gera mætti ráð fyrir að bæru einhvern árangur, en sú skylda hvílir ekkert frekar á fjhn.-mönnum en öðrum.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Mér finnst í umr. milli nágrannanna nú síðast gæta nokkurs misskilnings milli þeirra og það sé ekki svo mjög um höfuðatriði málsins, sem þá greinir á, a. m. k. sé ekki mikið úr því gerandi. Hv. frsm. fjhn. vék að því í sinni ræðu í upphafi, að greidd hefðu verið með bréfum nokkur gjöld frá fyrirtækjum og mönnum, líklega til ríkissjóðs, og taldi, að það kynni að vera varhugavert og mundi hafa verið rétt að ganga eftir því, að þessi gjöld eins og önnur væru greidd í peningum. Ég tek undir það með hv. frsm., að það mundi ekki vera heppilegt að leyfa slíkt, ef nokkur von væri um að geta fengið þessar greiðslur með öðru móti, og fyrir þá sök leitaði ég mér upplýsinga ráðuneytisins, þegar þetta gerðist, um það, hvort það hefðu ekki verið möguleikar að innheimta þetta á sama hátt og önnur gjöld. Og eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið um þetta efni, þá mun hafa verið erfitt hjá ríkissjóði að fá inn þessar greiðslur. Að minnsta kosti var ráðuneytið, sem hafði úrskurð þessa máls, þeirrar skoðunar, að hæpið væri, að það þýddi að reyna innheimtu á annan hátt en þarna var gert. Fyrir þá sök gerðum við ekki sérstakar athugasemdir um það, því að mér er ekki kunnugt um, að greiðsla venjulegra gjalda hafi haldið áfram í þessum stíl. En ég tek undir það með hv. frsm., að slík innheimtuaðferð ætti ekki að eiga sér stað nema sem nauðsynlegt úrræði.

Hv. frsm. vék að því, að endurskoðun sú, sem fer fram hjá stofnunum og fyrirtækjum, ætti að mestu leyti að vera töluleg, og hún á einnig að vera kritísk frá þeim mönnum, sem hana framkvæma, bæði töluleg og kritísk. Ég skal víkja að því í þessu sambandi, út af því, sem hv. frsm. sagði um störf yfirskoðunarmanna, að þau ættu að vera sem mest kritísk yfirskoðun, en ekki töluleg, að það er rétt. Fyrst og fremst á starf yfirskoðunarmannanna að vera kritískt, en jafnframt verður það líka

að vera tölulegt, af því að um er að ræða bæði niðurstöðu gjalda og tekna, sem vissara er að rétt sé með farið, þannig að reikningarnir séu réttir. En slíkt er ekki hægt án þess að ganga um leið úr skugga um, að reikningarnir séu rétt færðir, bæði hvað snertir tekjur og gjöld. Það er háttur yfirskoðunarmanna, en að vísu mismunandi eftir því, hvernig menn kunna að líta á einstök atriði, að vísa slíkum atriðum til Alþingis, ef það vildi láta til sín taka meira en þeir geta gert í till. sínum. Einmitt þau atriði, sem yfirskoðunarmennirnir víkja þar að og vísa til þingsins, tekur nefndin undir með þeim og bendir á, að framkvæmd þessara mála, sem hér liggja fyrir, skuli lagfærð eftir till. Það er ekki viðunandi að fara svo með þessi mál í framtíðinni eins og farið hefur verið með þau. Og ég get fyrir mitt leyti látið mér nægja afgreiðslu n. um þetta mál. En ég tek undir það, að forðast beri að láta þetta vera áfram eins og þarna hefur átt sér stað, því að í framkvæmdinni mundi það annars verða skoðað sem algert samþykki þingsins fyrir þessari afgreiðslu, ef ekki kæmu af hálfu þm. sérstök andmæli og fallizt væri á þessar athugasemdir og till., sem gerðar hafa verið og fjhn. undirstrikar.

Það hefur komið fyrir hér á Alþingi, en er mjög sjaldgæft, að af hálfu fjhn. hefur komið fram álit í sambandi við afgreiðslu reikninganna. Og þá sjaldan það hefur komið fyrir, þá hefur það ekki valdið neinum straumhvörfum um framkvæmdina hjá ríkinu um þessi atriði. Hitt er höfuðatriðið, að ríkisstj. viti, hvernig Alþingi hefur litið á þessi mál. Finnst mér þess vegna, að þetta út af fyrir sig þurfi ekki að valda neinum ágreiningi um afgreiðslu þessa máls. Og ég sé því ekki ástæðu til að deila mikið um þetta, þar sem ég vona, að þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið af hæstv. fjmrh., geti orðið til að kippa þessu í rétt horf og hin umboðslega endurskoðun komi til með að vera það fljótlega búin, að yfirskoðunarmennirnir geti haft hana við höndina, þegar þeir ganga frá reikningunum. Það er mikil nauðsyn, að öll endurskoðunin sé unnin jafnóðum og hún komist sem fyrst í það horf, að daglegt eftirlit verði með því, sem gert er. Og því vil ég beina því til hv. frsm., að það er alveg rétt í þessum efnum, sem hv. þm. A-Húnv. tók fram í ræðu sinni hér í dag. Bein lagafyrirmæli lúta að þessu, að yfirskoðunarmennirnir skuli kynna sér þessar skýrslur, áður en þeir skila reikningunum frá sér, svo að hér hefur hann lög að mæla.

Ég vænti, þó að hv. frsm. viti, að ef okkur yfirskoðunarmönnum, sem eigum sæti hér á þingi, sýnist sérstök ástæða til að gefa sérstakt álit um þetta efni, þá getum við flutt um það sérstakar till., þá skilji hann, hvernig háttar um þetta mál. Það er rétt, að við gætum það sem þm., en sá er munurinn á okkur og öðrum þm., að við erum riðnir við þetta mál sem yfirskoðunarmenn. En við getum gert okkar till. við þau atriði, sem okkur sýnist rétt að gera till. við, en þingið er okkar húsbóndi um þetta verk, og fjhn. er sá aðili í þinginu, sem fær þetta mál til meðferðar, en hún hefur litinn tíma, og getum við því ekki gert miklar kröfur til hennar. En við yfirskoðunarmenn, þó að við eigum sæti hér á þingi, álítum eðlilegast, að við drögum okkur sem mest í hlé, því að okkur er það ekkert sérstakt keppikefli að taka þetta mál hér sérstaklega upp til flutnings. En þetta er ekki mikilvægt atriði, og við eigum ekki að deila um það, því að þetta skiptir ekki neinu máli.

Ég fyrir mitt leyti ætla ekki að fjölyrða um þetta mál. En ég vona, að hv. frsm. telji það ekki óeðlilegt, að við yfirskoðunarmenn teljum okkur bundna af lagafyrirmælum, hvernig við eigum að vinna að þessu verki.

Hæstv. fjmrh. vék að því í ræðu sinni í dag, að til þess að þetta gæti komizt í gott horf, þá yrði endurskoðunin að fara fram upp úr áramótum og henni lokið að vori. En þá þyrfti yfirskoðunin að fara fram að sumrinu, til þess að reikningarnir gætu legið fyrir Alþingi að haustinu. Þetta er alveg rétt. Það þarf að hafa verkið tilbúið að haustinu, til þess að þetta starf gangi fyrir sig, eins og það þarf að vera. Og sjálfsagt verður reynt að uppfylla þær skyldur, þegar þannig stendur á, að hægt verði að koma verkinu þannig fyrir.

Jón Pálmason: Herra forseti. Hv. samstarfsmaður minn, 1. þm. Árn., hefur svarað því, sem ég þurfti að minna á, sérstaklega um skyldur fjhn. í þessum efnum, því að hún hefur þær skyldur sem aðrar nefndir að gera till. varðandi þau mál, sem til hennar er vísað, og þannig einnig í þeim atriðum, sem við leggjum til að verði vísað til Alþingis, því að ef fjhn. vildi eitthvað gera, þá ætti hún að flytja till. um það atriði, sem er hér um að ræða.

Það er að skilja á hv. frsm., að það sé óþarfi hjá okkur yfirskoðunarmönnum að vera með nokkurn samanburð á reikningunum. Þetta getur verið álitamál, því að það er gott lag á ríkisbókhaldinu. En þetta hefur verið regla, að menn bæru saman reikningana sjálfa, en það er mikið verk. Hann telur, að það sé annað, sem við eigum að gera, það sé að athuga, hvað hefur verið samþ., og bera saman við fjárlögin. En slíkt er alveg út í bláinn. Sú endurskoðun á skýrslunum, sem við eigum að athuga fyrst og fremst, er sú, sem á sér stað, þegar afgreidd eru atriði, sem þarfnast úrskurðar.

Það er slæmt, að hæstv. fjmrh. er farinn út, en ég vænti, að því verði skilað til hans, en hann taldi mikið ósamræmi af minni hálfu að hafa látið það viðgangast um tvo reikninga, árið 1948 og 1947, að hafa skilað athugasemdum og samþ. þá reikninga, en vilja nú taka harðar á málinu en áður hefur verið. Það er svo frá okkar hálfu, minni og hv. 1. þm. Árn., að við höfum bent á, hverju væri áfátt, að hér væri búið að ganga umfram það, sem rétt væri að gera, þrátt fyrir það að við hefðum látið undan að skila athugasemdum við þessa reikninga. Það er vissulega eðlilegt, að ráðh. segi, að þetta verði ekki látið viðgangast áfram. En þó að maður geri vel einhvern tíma, þá á ekki að halda því áfram, því að þetta hefur alltaf farið versnandi á undanförnum árum og aldrei komið eins margt fram og nú á þessu

ári í sambandi við ríkisreikningana. Og þó að ég hafi tekið þátt í því að afgreiða athugasemdir sem yfirskoðunarmaður, þá get ég setið hjá við atkvgr. hér í þessari hv. d.

Að öðru leyti skal ég ekki um þetta fjölyrða. Ég vona, að það fari batnandi í þessu efni. En það hefur ekki bólað mikið á því enn þá. Frá því að ég varð yfirskoðunarmaður, þá hefur farið versnandi. Og þrátt fyrir það að við yfirskoðunarmenn höfum gert athugasemdir við misfellur þær, sem á þessum liðum eru og rætt hefur verið um, þá hefur það aldrei skeð á þessu tímabili, að við höfum haft með að gera jafnstórkostlegar umframgreiðslur og á árinu 1948 og 1949, en eitthvað minni árin 1950 og 1951. Og við endurskoðun þessara reikninga kemur það skýrar í ljós, að það fer alltaf meira og meira að þokast í þá átt að láta undan kröfum þeirra, sem vilja í öllu fara eftir eigin höfði.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 64. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 65. fundi í Ed., 19. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Hér er um að ræða frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1949. Ég sé ekki ástæðu til að hafa fyrir því framsögu, en vil aðeins vísa til aths., sem fylgja reikningnum, og svara við þeim. — Ég vil leyfa mér að leggja til, að frv. verði vísað til fjhn. að lokinni umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., 21. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 595, n. 712).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft þetta mál til athugunar og rætt það allmikið. N. hafði jafnvel tekið það til umræðu, að vísu óformlega, áður en því var til hennar vísað, og er sannleikurinn sá, að n. hefur talið sig í allmiklum vanda stadda við afgreiðslu málsins. Í fyrsta lagi hefur n. borið frv. saman við niðurstöðutölur landsreikningsins fyrir árið 1949, og eru þær réttar. — Það er út af athugasemdum þeim, sem yfirskoðunarmenn ríkisreikningsins hafa gert, að n. telur, að athuga hefði þurft málið betur. Af 29 athugasemdum, sem yfirskoðunarmenn ríkisreikningsins hafa gert, hafa þeir vísað 11 til aðgerða Alþingis. Nú er það vitað mál, að þegar slíkum athugasemdum er vísað til aðgerða Alþingis, hlýtur það að vera meiningin, að Alþingi geri eitthvað í þessum málum, en það hefur nú verið svo og er svo enn, að engar till. hafa komið fram um það, hverra aðgerða Alþ. sé þörf, hér á hv. Alþ. frá yfirskoðunarmönnum, enda þótt þeir séu sjálfir alþm. Ég vil láta í ljós þá skoðun mína, að mér finnst, að þeir eigi sjálfir að gefa Alþingi bendingu um, hvað þeir vilja láta gera í þessum málum. Þetta hafa þeir ekki gert, hvorki fyrr né nú, en ég vil með þessari ábendingu minni vonast til þess, að annar háttur yrði upp tekinn í þessu máli.

Eftir þessum athugasemdum virðist misbrestur hafa orðið í ýmsu við landsreikningana fyrir árið 1949. Ég skal aðeins geta um það, sem vísað hefur verið til aðgerða Alþingis. Þá er það fyrsta athugasemdin um það, að endurskoðun á ýmsum ríkisstofnunum hafi dregizt úr hófi fram. Ríkisstj. viðurkennir þessa athugasemd rétta og eins aðra athugasemdina, sem einnig er vísað til Alþ. Hún er um það, að allmiklar eftirstöðvar af gjöldum séu enn útistandandi, og er vissulega ástæða til að gera gangskör að því að innheimta þessi gjöld. — 5. og 6. athugasemdunum er einnig vísað til Alþ., en þær fjalla um það, að ýmsar ríkisstofnanir hafi lánað af fé sínu allmikla upphæð, að vísu í þarfir ríkisins, og virðist þetta ekki viðeigandi, nema vel sé um alla hnúta búið. — 7. athugasemd er um það, að vörukaup hafi farið fram hjá tóbakseinkasölunni án þess að hafa verið bókuð fyrr en eftir á. Verður þetta að teljast — svo að ekki sé meira sagt — ákaflega óviðeigandi. Meðal annars geta vaknað ýmsar grunsemdir í sambandi við þessa aðferð. — 8. athugasemdin, sem einnig er vísað til aðgerða Alþ., er út af umframgreiðslum hjá Ríkisútvarpinu, og álíta yfirskoðunarmenn, að ríkisstofnanir eigi að fara betur eftir fyrirmælum Alþ. N. vill taka undir þetta, enda er tilgangslaust að semja fjárlög, nema eftir þeim sé farið að svo miklu leyti sem mögulegt er. — 11.—13. athugasemdir eru viðvíkjandi óinnheimtum sektum. Það er vitanlega sjálfsagt að leitast við, að þær séu innheimtar, því að annars verður það að markleysu að dæma menn í sektir. — Um 16. athugasemdina er svipað að segja og um þá 8. Fjallar hún um umframgreiðslur, sem orðið hafa hjá fjárhagsráði, og virðast þær hafa farið fram án samþykkis ráðherra. — 19. athugasemdinni er ósvarað af hæstv. ríkisstj., en hún er viðvíkjandi byggingu lýsisherzlustöðvar, og leyfi ég mér því nú að spyrjast fyrir um, hvað því máli líður. Vil ég spyrja hæstv. ráðh. (EystJ) um þetta.

Ég mun nú ekki ræða þetta nánar. Sumar þær athugasemdir, sem yfirskoðunarmenn hafa gert, eru allathyglisverðar, en þar sem þeim er ekki

vísað til aðgerða Alþ., er ekki eðlilegt eða að minnsta kosti ekki skylda að fara út í þær hér.

Niðurstaða n. er sú að beina því til hæstv. ríkisstj. að koma sem mest í veg fyrir þær misfellur, sem hér hafa verið raktar, og í trausti þess, að hæstv. stjórn geri eitthvað í þeim efnum, leggur öll n. til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Örfá orð viðvíkjandi ræðu hv. 1. þm. Eyf. — Ég er sammála hv. þm., að ef einhverjar athugasemdir eru þannig vaxnar, að yfirskoðunarmenn vísa þeim til Alþ. og vilja þar með gera þær að þingmálum, og þegar þeir jafnframt eru sjálfir þm., þá eiga þeir að beita sér fyrir því hér á hv. Alþ. Væri þá eðlilegast, að svona mál yrðu afgreidd með þáltill. En þetta hefur bara ekki tíðkazt hingað til.

Viðvíkjandi því, sem hv. frsm. sagði um tóbakseinkasöluna, þá er það yfirleitt venja hennar að lána kaupmönnum og kaupfélögum til eins mánaðar. Það er því engin ástæða til að vísa þessu máli til Alþ., nema því aðeins að það hefði bannað tóbakseinkasölunni að reka lánsviðskipti, en Alþ. hefur aldrei fyrirskipað henni að reka eingöngu kontant viðskipti. Að þessar upphæðir hjá einkasölunni hafa hækkað, stafar eingöngu af hækkuðu verðlagi. **(Dómsmrh.:** Þetta reyndist nú meir en athugavert á s. l. ári, því að það var gert að dómsmáli.) Já, það er rétt, að það varð sjóðþurrð þar á s. l. ári, en það kemur ekki þessum lið við.

Um fjárhagsráð er það að segja, að því er með lögum sett ákveðið hlutverk, og verður maður að líta svo á, að það sé skylda þess að framfylgja þessu hlutverki sínu, sem því lögum samkvæmt er ætlað, og hlýtur því þá að vera heimilt að ráða það starfsfólk, sem það telur sig með þurfa, þannig að það er vafasamt að taka svo til orða eins og gert er í þessari aths., þar sem sagt er, að óheimilt hafi verið að greiða þetta nema með samþykki Alþ., því að þetta er greitt eftir l. um fjárhagsráð. Svo eru ýmsar aðrar aths. þarna, eins og t. d. um innheimtuna, að hún hafi versnað, en það er líka verið að gera nýjar ráðstafanir til þess að bæta innheimtuna, svo sem með söluskattinn og eins með því að setja aukadráttarvexti á tekju- og eignarskattinn til að herða á innheimtunni.

Um endurskoðunina, sem þarna er aths. um, liggja fyrir þær upplýsingar, að það sé verið að bæta úr því á þann hátt að ráða til endurskoðunarinnar menn til þess að taka að sér að koma frá öllu því gamla, sem er óendurskoðað, þannig að endurskoðunardeild rn. geti fengið nýja reikninga. En þetta kostar talsvert fé, en það er ekki forsvaranlegt að láta reikninga yfir stórkostlega fjármuni óendurskoðaða, en við höfum ekki séð aðra leið til þess heldur en þetta, og hvað langan tíma það tekur, skal ég ekki segja.

Svo er ein aths., sem aldrei hefur verið svarað. — Ég vil að lokum segja það varðandi lýsisherzluverksmiðjuna, því að það er spurt um það í aths., að það hefur verið lagt út nokkurt fé til vörukaupa fyrir þessa verksmiðju, en það er aðeins lítill hluti af nauðsynlegum vélakaupum. Ég hef spurzt fyrir um það hjá atvmrn., hverjar séu framtíðarfyrirætlanir um þetta mál, en það vildi ekki svara þessu, vegna þess að rn. er ekki búið að gera það upp við sig, hvað það vilji gera, en ég vil upplýsa það, að þessar vélar, sem hafa verið keyptar, eru geymdar á vegum atvmrn. En atvmrn. vildi ekki svara þessari fyrirspurn og ekki segja til um það, hvað það hygðist leggja til um frambúðarráðstafanir í þessu máli.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Mér þykir vænt um að sjá, að hæstv. fjmrh. er við, þar sem ég tel nauðsynlegt að ræða þetta mál dálítið.

Það er rétt, sem hv. frsm. sagði, að málið var rætt allverulega í n., og það var vilji n., að gerðar yrðu frekari tilraunir til endurbóta í þessu máli, um það var n. sammála. Og ég hygg, að ég megi fullyrða, að allir nm. hafi óskað þess, að við þessa umr. kæmi fram yfirlýsing frá hæstv. fjmrh., sem verkaði á framtíðina, svo að þær misfellur, sem orðið hafa, endurtaki sig ekki.

N. hefur ekki viljað gagnrýna það, sem ekki er hægt að bæta, en hún vill, að þær úrbætur séu gerðar, sem gildi hafa fyrir framtíðina.

Ég vildi þá í fyrsta lagi minnast á endurskoðunina. Ég vil spyrja hæstv. ráðh., hvort ekki væri rétt, að hvert fyrirtæki hefði sína endurskoðendur. Það er t. d. kunnugt, að vegagerðin hefur það ekki, og þó notar hún 20—25 millj. kr. árlega. Ég held, að það væri heppilegt, að fyrirtækin hefðu ákveðna endurskoðendur og létu reikningana ganga endurskoðaða til ríkisstj. Það er fjöldi fyrirtækja, sem ekki hefur sérstaka endurskoðendur, og það er því meiri ástæða til að gefa þessu gaum, þar sem það er upplýst, að misfellur hafa orðið hjá að minnsta kosti tveimur stofnunum. Ég gæti ímyndað mér, að rétt væri, að Alþ. kysi endurskoðendur fyrir sumar stofnanir og kannske allar. Það er ekki rétt, að endurskoðunardeild stjórnarráðsins hafi þetta með höndum, þar sem ætla má, að hún verði langt á eftir ríkisreikningunum með endurskoðun margra stofnana. Ég vil beina þessu til hæstv. ráðh. Þó að sérstökum endurskoðendum verði falið að endurskoða reikninga þeirra stofnana, þar sem endurskoðun hefur dregizt í mörg ár, er vert að athuga þetta í framtíðinni.

Ég hef orðið var við, að deyfð þingsins í sambandi við ríkisreikningana, sem vanalega eru samþ. umræðulaust, sljóvgar löngun yfirendurskoðenda til þess að gera verulegar aths. Þeir líta á þetta sem formsatriði og telja, að ekki sé tekið mark á aths. þeirra. Ég hygg, að þær aths., sem nú koma fram, eigi rót sína að rekja til þeirra umr., sem urðu á síðasta þingi um málið, og að þær séu gerðar í trausti þess, að Alþ. láti málið ekki fara fram hjá sér athugasemdalaust.

Í sambandi við aths. nr. 2 skal ég geta þess, að erfitt er fyrir Alþ. að fyrirskipa neitt í þeim efnum annað en það, sem hefur verið gert, um það er ég hæstv. ráðh. sammála og held, að sú

viðleitni, sem hann hefur sýnt, sé vel metin. Ég skal því ekki orðlengja frekar um það.

Um nr. 3 vildi ég hins vegar segja nokkur orð, þó að ekki sé hægt að koma fram ábyrgð á hendur þeim aðilum, er að því máli stóðu. Ég vil leyfa mér að benda á það, að ef þetta hefði ekki verið gert, án þess að heimild væri fyrir því frá Alþ., þá hefði ríkissjóður komizt hjá því að greiða rekstrarhalla þessa fyrirtækis. Það var því fyrir velvild hæstv. ráðh., að fyrirtækið var ekki stöðvað. Ég skil hæstv. ráðh., hann var að lána fyrirtæki, sem átti að reka, en það var rekið með slíkum endemum, að millj. kr. þurfti úr *orlofssjóði og póstsjóði* til þess að halda því á floti. Ef hætt hefði verið að lána fyrirtækinu, hefði orðið að gera það upp og sá sannleikur komið í ljós nokkrum mánuðum fyrr, að ekkert vit var í því að halda því gangandi.

Um útistandandi skuldir tóbakseinkasölunnar er það að segja, að ég held, að þessi lánaviðskipti séu ekki heimil, enda hefur forstjórinn tjáð mér, að hann óskaði að fara inn á bein peningaviðskipti. Ef haldið er áfram lánaviðskiptum, hefur það áhættu í för með sér, þar sem stofnunin getur orðið fyrir töpum. Bein peningaviðskipti mundu heldur ekki leiða til þess, að salan minnkaði, því að hér er um einkasölu að ræða. Spurningin er sú, hvort stofnunin á að vera lánsstofnun fyrir viðskiptavinina. Ég held, að athugandi væri fyrir hæstv. ríkisstj. að stöðva alla slíka lánastarfsemi. Ég vil geta þess, að meira er útistandandi um áramót en kemur fram á reikningunum, því að það er ekki lokað fyrir reikningana fyrr en í febrúar eða marz. Ég held, að það sé óþarfi að hafa þessi lánaviðskipti, þar sem viðskiptavinirnir hafa ekki í annað hús að venda, og tel því, að rétt sé að breyta þessu, enda er það æskilegt, að peningaviðskiptum verði komið á í landinu yfirleitt.

Þá vildi ég minnast á útvarpið og umframgreiðslurnar þar og benda á, að ég get ekki fallizt á skoðanir hæstv. ráðh. Ég veit, að það er erfitt fyrir hæstv. ráðh. að stöðva allar greiðslur til útvarpsins, þegar búið er að eyða öllu, sem veitt hefur verið. En það er líka meiningarlaust, ef fjárveitingavaldið og meiri hluti Alþ. hefur ákveðið að greiða ákveðna upphæð til útvarpsefnis, að þá megi átölulaust taka ½ millj. kr. og bæta við hana. Ég veit ekki, til hvers fjvn. á að vera að þvælast gegnum öll þessi gögn, ef menn eiga að geta afsakað sig með því, að fjvn. hafi lækkað áætlanir þeirra, og eytt þeim upphæðum, sem þeir vilja. Ég skil hins vegar vel þann vanda, sem hæstv. ráðh. er settur í, þegar forstjóri útvarpsins kemur til hans og segist vera búinn að eyða peningunum, svo að annaðhvort verði að loka útvarpinu eða láta það hafa meira fé. Forretningsmaður mundi *segja við hann: Allt í lagi, en ég vil ekki hafa* slíkan ráðsmann, sem eyðir því á 9 mánuðum, sem á að endast honum í 12 mánuði. — Það er óafsakanlegt að bera því við, að áætlun útvarpsins hafi verið skorin niður frá því, sem ráðamenn stofnunarinnar töldu sig geta eytt. Það er ómögulegt að taka við slíkum svörum. Og ofan á þetta gengur svo sá maður, sem ber ábyrgð á þessu, á fullum launum án þess að gera neitt.

Sama gildir um fjárhagsráð. Það urðu hörð átök um það, hvað fjárhagsráð ætti að fá, og niðurstaðan varð sú, að meiri hluti Alþ. ákvað, að meira skyldi ekki notað. Það er því óverjandi, að notuð skuli hafa verið hundruð þúsunda fram yfir og ekkert eftirlit með þessu haft. Ef það er meiningin, að stofnanir geti notað fé eftir því, sem þær halda að þær þurfi, þá má létta störfum af fjvn. í framtíðinni.

Útvarpið er skýrt dæmi um þetta. T. d. hefur *útvarpsstjóri notað nokkur þús. til ferðalaga* fram yfir það, sem áætlað var til útvarpsins.

Ég vil einnig í sambandi við þá aths., sem gerð er við nr. 6, benda á, að ég tel rétt, að skipað verði fyrir um það, að tóbakseinkasalan og aðrar stofnanir fari ekki inn á annað svið en heimilað er í lögum. Ég tel, að taka þurfi fyrir það með öllu, að þessar stofnanir fari út fyrir sitt verksvið. Ef einkasölurnar taka að fást við almenna verzlun, er verið að fara inn á nýja braut, og það á að stöðva strax.

Ég vil í þessu sambandi spyrja hæstv. ráðh., hvort rekin er á kostnað ríkissjóðs án lagaheimildar ákveðin verzlun í sambandi við kaup og sölu setuliðseigna fyrir fé, sem kom inn fyrir setuliðseignir. Þetta var leyft á sínum tíma, en eigi það að halda áfram, verður að leita heimildar fyrir því.

Ég vil enn fremur í sambandi við nr. 19, sem varðar lýsisherzluverksmiðju, spyrja hæstv. ráðherra, hvort tilraunir hafi verið gerðar til þess að ná samkomulagi við áburðarverksmiðjuna. Mér er sagt, að mikið af þeim vélum, sem keyptar voru fyrir lýsisherzluverksmiðjuna, sé vel til þess fallið að nota í áburðarverksmiðjunni. Af því að hér er um mikla fjárfestingu að ræða, virðist ekki óeðlilegt, að það sé athugað, hvort hægt er að nota þessar vélar í áburðarverksmiðjuna. Annars er nauðsynlegt að fá að vita, hvort enn er ætlunin að reisa lýsisherzluverksmiðjuna og þá hvort gera á það á næstu árum eða mánuðum.

Þá *vil ég spyrja* hæstv. ráðh. í sambandi við aths. nr. 22, 23 og 24, sem allar varða nýsköpunartogarana, hvort þessi mál séu ekki komin á hreinan grundvöll. Togaraeigendur áttu að gera þetta upp, og ætti engin tregða að vera á því. (Fjmrh.: Það er á því fullkomin tregða.) Mér er óskiljanlegt, að tregða skuli vera á því. Það er vitað, að þegar útgerðarmenn tóku við samningunum, var t. d. lífrarbræðslan ekki talin með, enda greiddu togaraeigendur fyrir hana sjálfir, því að einn vildi fá þessa tegund og annar hina. Réttur ríkisins er því tvímælalaus. Eigendurnir hafa fengið það mikið fé, — sum skipanna hafa verið *seld síðar fyrir nær tvöfalt* verð, eins og „Akurey“ og „Garðar Þorsteinsson“, — og óskiljanlegt er, að tregða skuli vera á *því að gera* þetta upp.

Ég hef viljað láta þessar aths. fylgja þessu máli. Ég skal ekki ræða málið frekar, en ég vil mælast til þess, að málið verði athugað af hæstv. ríkisstj. og að viðkomandi n. fái nægilegan tíma til þess að athuga það, svo að ekki fari eins nú og í fyrra, að varla verði tími til þess að láta prenta nál. Hér er þó um allan kostnað ríkisins að ræða, svo að æskilegt væri

að afgreiðslan hefði a. m. k. annan blæ en verið hefur.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Mér er óhætt að segja, að ég mun að mínu leyti vinna að því að færa til betra horfs ýmislegt af því, sem fjallað er um í aths.

Varðandi endurskoðunina vil ég endurtaka það, að ætlunin er að fá löggilta endurskoðendur til þess að gera upp gömlu reikningana og að aðalendurskoðandinn beiti þá sínu liði að því nýja. Ég hygg, að það gæti orðið kostnaðarsamt, ef kjósa ætti tvo endurskoðendur fyrir hverja stofnun, og að ódýrara verði að fela endurskoðunardeild stjórnarráðsins þetta.

Um öryggið mætti ýmislegt segja. Sjóðþurrð varð hjá tóbakseinkasölunni, þó að þar væri löggiltur endurskoðandi. Skipulag bókhaldsins og innheimtunnar var ekki nógu fullkomið, en þar hafði ekki dregizt að endurskoða. Það er því margt, sem kemur til greina.

Viðvíkjandi því, að reikningurinn komi of seint fram, þá þarf að koma þessu í það horf, að umboðslegu endurskoðuninni verði lokið fyrir mitt ár. Ég teldi gott, ef henni væri lokið fyrir 1. júlí, svo að endurskoðendur landsreikninganna gætu unnið að endurskoðuninni yfir sumarið og hægt væri að leggja reikningana fyrir þingið ekki síðar en 1. desember. En þá verða líka endurskoðendur landsreikninganna að endurskoða á sumrin og ekki fyrst þegar þingið er byrjað.

Varðandi skuldaviðskipti tóbakseinkasölunnar, þá hefur forstjórinn ekki gert till. um það, og það er vegna þess, hvernig ástatt er fyrir viðskiptamönnunum. Það mundi koma sér illa fyrir þá, ef breytt yrði til, einmitt eins og nú er ástatt, en hins vegar hefur okkur komið saman um það, að reyna þyrfti að stefna að því, að hægt væri að láta hönd selja hendi. — Hv. þm. minntist á viðskipti, sem væru óviðkomandi einkasölunni, og að hún ætti ekki að hafa með höndum slík viðskipti.

En um sölu setuliðseigna er það að segja, að þannig var málum fyrir komið, að ákveðið var, að setuliðið seldi til ríkisins allan þann varning og eignir, sem það léti af hendi hér innanlands, en sú hefur orðið raunin, að alltaf er verið að afhenda einhverjar eignir, og þá þarf að ráðstafa sölu á þeim aftur. Hefur fallið undir fjmrn. að gera það, og hefur það framkvæmt það þannig, að það, sem hefur verið keypt, hefur verið selt við sem beztu verði, og hefur verið verulegur hagnaður af þessu undanfarið. Þessu er ekki hægt að hætta, meðan sífellt koma nýjar og nýjar eignir, og ekki eru horfur á, að þetta leggist niður, því að það hefur komið hingað herlið, sem sífellt hefur látið af hendi eignir til sölu.

Um lýsisherzluvélarnar er það að segja, að verið er að athuga það af atvmrn., hvort áburðarverksmiðjan gæti keypt þessar vélar.

Hv. þm. Barð. minntist að lokum á aths. um skuldir togaraeigenda. Þeir skulda þarna nokkrar millj., — að ég held á fjórðu milljón, — og höfum við verið að reyna að innheimta það, sent þeim hverja tilkynninguna á fætur annarri það 1½ ár, sem ég hef verið í fjmrn., en fæstir hafa svarað nokkru, og þá hefur rn. farið inn á þá braut að bjóða þeim 5 ára samning, en þeir hafa flestir ekki anzað þessu. Er nú svo komið, að ef þeir taka ekki upp samninga, verðum við að fara að stefna út af þessu, því að ekki er hægt að láta þetta ganga svona, og það munum við gera, ef þeir vilja ekki semja á næstunni.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég vildi segja hér fáein orð, vegna þess að þær framkvæmdir, sem sá reikningur, sem hér er til umr., gefur tilefni til aths. við, fóru fram meðan ég var í sæti fjmrh.

Ég verð að taka undir það, sem sagt hefur verið, að þegar hv. yfirskoðunarmenn vísa einhverju til aðgerða Alþ., væri viðkunnanlegra að kæmu beinar till. frá þeim um, hvað ætti að gera út af hverju og einu tilfelli.

Þegar ég tók við embætti fjmrh. í ársbyrjun 1947, þá lá fyrst og fremst fyrir, eins og kunnugt er, ákaflega gjaldafrek löggjöf á ýmsum sviðum, sem hafði verið sett á næstu árum þar á undan og gerði tilkall til mikilla fjárframlaga úr ríkissjóði, en á hinn bóginn voru tekjumöguleikar ríkissjóðs þá ekki farnir að rýmkast, sízt af öllu samkvæmt þeim aðgerðum, sem átt höfðu sér stað áður en gengisbreyt. fór fram. Það er hér til dæmi fyrir utan það, sem löggjöfin var þar beint ráðandi. Hér hefur t. d. verið minnzt á lýsisherzluvélar. Því máli var þannig komið, að fyrir þeim var engin fjárhæð til í fjárl., en hins vegar hafði atvmrh. sá, sem sat á tímum nýsköpunarstj., beinlínis látið gera samning við verksmiðju úti í Englandi um kaup á þessum vélum og afhendingu á þeim eftir hendinni, og það sem meira var, að áður en sú stj. tók við 1947, hafði sendiráð Íslands í London beinlínis undirgengizt skuldbindingu í þessum efnum, þannig að ekki voru tök á öðru en greiða, að því leyti sem þessir vélhlutar voru tilbúnir, og á því byggist svo sú 1½ millj., sem þá er greidd fyrir þessar vélar. Fjmrn. og ríkisstj. í heild áttu engrar undankomu auðið, þar sem fyrir lá gerður samningur í því efni.

Sama er að segja um Tunnuverksmiðjur ríkisins, en í því sambandi höfðu farið fram geysimikil efniskaup, sennilega á árinu 1946, úti í Svíþjóð, og var þar eins ástatt, þannig að við þau kaup varð að standa og finna eitthvert fé til þess. Þar sem engin fjárveiting var fyrir hendi, var horfið að því af neyðarástæðum að leita á náðir þessarar stofnunar ríkisins, þ. e. tóbakseinkasölunnar, sem lánaði tunnuverksmiðjunni 300 þús. kr. í þessu skyni. Já, það má kalla þetta misferli, séð frá sjónarmiði þeirra manna, sem síðar endurskoða þessa reikninga, og lá það, að svona aðferð hafi verið viðhöfð, án þess að nokkur fjárveiting væri fyrir hendi. En ég vil spyrja: Hvað mundu þeir sömu endurskoðendur hafa gert í sporum ríkisstj., þegar standa þurfti við samninga, sem lögleg ríkisstj. landsins hafði verið búin að gera?

Nú, varðandi lán til Byggingarsamvinnufélags Reykjavíkur, 10 þús. kr., lán til Vestmannaeyjakaupstaðar til rafveitu og til Ísafjarðarkaupstaðar til vatnsveitu, þá var þar hlaupið undir

bagga með að koma á fót framkvæmdum, sem ríkisábyrgð var fyrir í þessum tilfellum.

Varðandi kaup á vörum frá Keflavíkurflugvelli, sem hér hafa verið gerð að umtalsefni, er það að segja, að þetta var einstakt tilfelli. Annars var það forstjóri tóbakseinkasölunnar, sem með samþykki fjmrn. gerði kaup á þessum tóbaksvörum frá setuliðinu, og taldi ég ekki með því skapað neitt fordæmi fyrir því, að hann ætti að gera það áfram. En á þeim árum gekk svo illa að fá gjaldeyrisleyfi hjá gjaldeyrisyfirvöldum landsins til kaupa á t. d. tóbaksvörum, og þyddi það, að verzlunin og afrakstur af henni beið nokkurt afhroð af vöruskorti. Þess vegna fannst mér, eins og forstjórinn lagði það fyrir, að það væri sjálfsagt, að tóbakseinkasalan festi kaup á þessum vörum, — miklu betra en ef þeim hefði verið ýtt inn á markaðinn á bak við lög og rétt, ef tóbakseinkasalan sjálf hefði ekki viljað við þeim líta. Mér skilst, að niðurstaðan af þessu hafi ekki orðið til skaða, og tel, að fordæmið sé ekki hættulegt, því að ég tel, að þetta sé sérstakt tilfelli, að þarna var um afgang af vörubirgðum að ræða, sem enginn gat notfært sér nema Tóbakseinkasala ríkisins.

Ég vil svo láta þess getið í sambandi við þessar setuliðsvörur að öðru leyti og sölu á þeim, að þann tíma, sem ég átti sæti í fjmrn., bjóst ég alltaf við, að komið væri að leiðarlokum með vörur frá setuliðinu. En það kom í ljós, að með vissu millibili fengu þeir menn, sem þá höfðu með þetta að gera — og hafa enn í dag — fyrir ríkissjóð, tilkynningu frá herliðinu eða þeim, sem sáu um að koma eignum herliðsins í peninga, þess efnis, að þá og þá yrði þetta tilbúið til afhendingar. Það var því aldrei vitað um það fyrir fram, hvað til kynni að falla af þessu, en í öllu falli var þetta varningur eða áhöld, sem landsmenn gátu notað og sölunefnd setuliðseigna seldi og selur enn í dag með góðum árangri fyrir ríkissjóð, svo að séð gegnum gleraugu fjmrn. get ég ekki séð, að neitt sé við þetta að athuga, og sama býst ég við að megi segja nú.

Það hefur nokkuð verið rætt hér um það, að útistandandi skuldir tóbaksverzlunarinnar um árslok 1949—50 væru óhæfilega miklar. Og nú hefur hæstv. fjmrh. gefið á þessu skýringu, sem mér finnst mjög eðlileg, en hún er sú, að einmitt þá er ekki öll desembersalan komin inn, og ég held, satt að segja, að þá væri nokkuð harkalegt að fara að fyrirskipa, að tóbakseinkasalan mætti ekki líða neinn viðskiptamann hæfilegan tíma um greiðslu á þessum vörum. Þær eru dýrt seldar og heldur lítið upp úr þeim að hafa fyrir smásöluverzlanir, og einkum nú væri það til mikilla óþæginda að heimta alltaf staðgreiðslu. Ég er ekki að mæla með neinni óreiðu, en fyndist ekki mikið, þó að þessi stofnun lánaði eins og mánaðartíma slíkum viðskiptavinum. Það er mikið gert að því í tóbaksverzluninni að senda gegn póstkröfu, og verður drátturinn víst sjaldan skemmri en mánuður. Og þó að það sé raunar enginn frestur gefinn á greiðslu, þá fara alltaf nokkrar vikur í það að fá póstkröfur greiddar.

Þó að það væri nú þannig, að t. d. póststjórninni var á árinu 1948 veitt 250 þús. kr. mánaðarlán frá ríkisstofnun, var það beinlínis vegna þess, að ríkissjóður hafði ekki peninga til að lána í því skyni, og sama máli var að gegna með rekstur langferðabifreiðanna, sem póst- og símamálastjórnin hafði þá með höndum, að það var ekki hægt að stöðva þetta allt í einu, og þess vegna var það, að fjmrn. lét til leiðast við samgmrn. að heimila að taka þessa upphæð að láni til þess að halda ferðunum uppi um tíma.

Það var ekki þar fyrir, að það hafi allan tímann, sem ég átti sæti í fjmrn., verið hlustað á allar lánsbeiðnir, sem bárust frá þessum stofnunum, því að ég varð beinlínis sem fjmrh. að taka fyrir lánsbeiðni á áfengisverzlunina, sem var sótt fast að fá og ekki var fallizt á, því að það kom ekki ríkissjóði beint við.

Með öllu þessu er ég ekki að segja, að þetta sé sá rétti gangur málanna, og nú, þegar ríkissjóður hefur fleiri möguleika til þess bæði að standa við skuldbindingar þær, sem þingið bindur honum og ýmsar stofnanir þurfa að uppfylla, þá er auðvitað hægurinn hjá að kippa þessu í lag.

Að því er snertir sjálfa endurskoðunina er það að segja, að allan þann tíma, sem ég var í stjórnarráðinu, var ég mjög óánægður með þau vinnubrögð, og kom ég raunar í verk þeirri breytingu á yfirstjórninni við endurskoðunina innan stjórnarráðsins, sem ég taldi að væri að minnsta kosti það, sem þyrfti að gera til þess, að betur væri stunduð vinna. Ég skipti um yfirmann við endurskoðunina, og hvort sem það var rétt eða rangt, var það gert til þess að fá betri vinnubrögð í endurskoðuninni sjálfri þarna innanhúss.

Hér hefur verið minnzt á það, að sjóðþurrð hafi orðið í tóbakseinkasölunni, þrátt fyrir það að löggiltir endurskoðendur í bænum hafi löngu fyrir þann tíma og meðan það átti sér stað haft endurskoðunina með höndum. Slíkt getur alltaf komið fyrir, að einstakir menn misfari þann trúnað, sem þeir eiga að gæta í slíku starfi, og verður seint hægt að fyrirbyggja, að þess háttar geti komið fyrir. En mér virtist þá þegar og virðist enn, að þetta endurskoðunarbákn í stjórnarráðinu sé svo mikið, að full þörf sé á að fjölga þeim greinum, sem væru beinlínis teknar út úr, og fela þekktum, löggiltum endurskoðendum í bænum, en gera aðrar ráðstafanir jafnframt, og gerði ég tilraun til þess að fá betri vinnubrögðum komið á varðandi yfirstjórn endurskoðunarinnar í stjórnarráðinu. Sú breyt. var nýkomin á, þegar ég fór úr stjórnarráðinu, og ég veit ekki, hvernig hún hefur gefizt, en hitt veit ég, að sá maður, sem nú veitir endurskoðunardeildinni forstöðu, var, eftir því sem ég gat bezt séð, ákaflega vinnusamur maður og stundaði vel sitt starf.

Ég skal svo ekki orðlengja um þetta, en mér fannst rétt, þar sem hér var verið að ræða um atriði, sem fóru fram meðan ég átti að líta eftir þessu, að ég gæfi þessa skýringu, því að vissulega ber ekki núv. fjmrh. að svara fyrir þetta sem sínar persónulegu aðgerðir, hvort sem þær

sýnast réttar eða rangar. En svo mikið er víst, að þegar þingið bindur fjmrn. bagga, eins og gert var mjög mikið á næstu 5 eða 6 eða 10 árum fyrir 1947, og ekki er séð fyrir nægilegum tekjum til ríkissjóðs til þess að standa straum af því, þá hlýtur að fara svo, að ýmsir örðugleikar myndist fyrir þá, sem eiga að fara með framkvæmd þessara mála, eins og raun hefur orðið á. Af þessu hafa nú ekki hlotizt nein stórslys. Þetta, sem lánað var, var sumpart lánað á ábyrgð ríkisins eða sem eign ríkisins sjálfs. Mætti í því sambandi nefna, þegar afhenda þurfti þessa togara, sem byrjuðu að koma árið 1947 og héldu svo áfram að koma, en þá var ríkisstj. sett í þann vanda að gera eitt af tvennu: að sýna útgerðarmönnum og kaupendum og fleirum nokkurn trúnað og leyfa þeim að skrá skipin — sem ég og gerði — í því trausti, að engar refjar yrðu hafðar í frammi, eða þá bara að binda þessi nýju skip við bryggjuna jafnóðum og þau komu og bíða eftir, að hver og einn uppfyllti sína samninga, eftir því sem fyrir lá. Fyrri aðferðin var eiginlega sú einasta, sem hægt var að viðhafa, því að ekki voru tök á því að halda skipunum föstum og láta þau bíða aðgerðalaus, þangað til menn hefðu greitt sinn síðasta pening, og í mörgum tilfellum biðu skipshafnirnar eftir þessum skipum. Ég verð að segja, að það hafði staðið í miklu stímabraki allareiðu þá að fá suma af kaupendunum til þess að standa við sína samninga. Það gilti samt sem áður ekki um alla, því að margir voru mjög viðtalsfúsir og liðugir í þeim efnum, en ég lýsi því yfir, að mér þykir mjög fyrir því, eins og ríkisstj. á þeim tíma lagði sig í líma, þegar skipin voru að koma, til þess að mæta — sanngjörnum, skulum við segja — óskum kaupenda og leyfa þeim að fara að starfa sér til gagns með skipunum, þó að þau vitanlega væru ekki afhent þeim til sölu, — mér þykir mjög fyrir því, ef sú verður raunin á, að þeir sýni mikla tregðu í að uppfylla rétta samninga, en það er einmitt það, sem mér heyrðist á hæstv. ráðh., að hann ætti nú í nokkrum örðugleikum með. Það finnst mér sannast að segja mjög ósmekklegt af þeim, sem hafa notað þessi skip, gagnvart því ríkisvaldi, sem hefur lagt jafnmikið í sölurnar til að afla þessara nýju tækja inn í landið sem raun ber vitni að því er nýsköpunartogarana snertir.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 22. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþ. (A. 739).

---

30. Ríkisborgararéttur.

Á 2. fundi í Sþ., 3. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar [21. mál] (stjfrv., A. 21).

Á 4. fundi í Nd., 5. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Nokkrar umsóknir hafa borizt um íslenzkan ríkisborgararétt til dómsmrn., og þótti rétt að leggja fram frv. um veitingu slíks réttar. — Við samningu frv. var sú aðferð höfð, að teknir voru þeir menn af norrænum ættum, sem voru giftir íslenzkum konum eða þá ókvæntir og hafa dvalið hér um nokkurt árabil, þannig að sýnt þótti, að þeir væru orðnir tengdir böndum við landið, og hefur ekki verið haldið sig þar við 10 ára frestinn, heldur vikið frá honum.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta, en legg til, að málinu verði vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 21, n. 414).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Ég get að mestu skírskotað til nál. um frv. þetta á þskj. 414. Þar er drepið á öll helztu atriði þessa máls og viðhorf nefndarinnar. Það, að málið er svo síðbúið af hálfu n., stafar af því, að umsóknir hafa verið að berast n. fram til síðustu mánaðamóta frá rn. og jafnvel enn síðar. N. hafði því hlutverki að gegna að athuga þessar umsóknir, en fyrir lágu eldri umsóknir, sem n. sá enga ástæðu til að taka tillit til sérstaklega, þar sem þær höfðu ekki verið endurnýjaðar.

Hvað útlendinga áhrærir, þá hefur n. lagt til grundvallar, að þeir hafi eigi búið hér skemur óslitið en 10 ár. Hins vegar munu í frv. ríkisstj. vera tveir menn, nr. 1 og 7 í frv., sem dvalizt hafa hér skemur. Ég ætla, að þeir hafi báðir komið til landsins 1946, og mun þá nokkuð vanta upp á þessi 10 ár. En í till. n. hafa verið teknir þeir, sem dvalizt hafa hér tilskilinn tíma, sem er 10 ár samkv. l. um ríkisborgararétt, eða þeir, sem teknir hafa verið vegna eindreginna tilmæla ríkisstjórnarinnar.

Um skjöl þau, er þessum umsóknum hafa fylgt, er það að segja, að n. hefur athugað þau vandlega, og eru það meðmæli frá ýmsum mætum mönnum og vitnisburðir um hegðun þessa fólks. Aftur á móti hefur erlend hegningarvottorð vantað. Þau hafa verið áskilin, en nú í seinni tíð hefur ekki verið hægt að fá þau og ekki verið um það sakazt, því að þau hefur ekki verið hægt að fá síðan fyrir stríð.

Einn nm. áskildi sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram kynnu að koma við málið.

Það er ofur eðlilegt, að fólk, sem hefur tekið sér hér bólfestu, ætlar að starfa hér og dvelja og hefur tekið tryggð við þetta land, og fjölskyldumenn, sem giftir eru íslenzkum konum og eiga hér börn á ýmsum aldri, sem alast upp sem íslenzk, óski eftir því að öðlast hér þegnrétt. Börn þessa fólks alast hér upp sem íslenzkir þegnar, og þau hafa tekið tryggð við þetta land. Það er því engin ástæða til annars en að leyfa þeim að gerast íslenzkir þegnar. Það má kannske segja það, að þessir útlendingar hafi ekki endilega þurft að vera búsettir hér í 10 ár, til þess að veita megi þeim íslenzkan þegnrétt, en það er nú misjafn sauður í mörgu fé, og verður því að setja hér takmörk. Það hefur því frekar orðið hlutskipti n. að vera íhaldssöm um þessi mál.

Fólk þetta, sem sækir hér um ríkisborgararétt, er flest frá Norðurlöndum. Það hefur alltaf verið svo, að Íslendingar hafa frekar veitt Norðurlandabúum ríkisborgararétt. Þó að Norðurlandabúar séu að sjálfsögðu misjafnir eins og aðrir menn, þá held ég þó, að þeir hafi ekki brugðizt okkar trausti hvað þetta snertir, því að fólk þetta hefur yfirleitt reynzt vel og orðið góðir þegnar. — Skal ég svo ekki fjölyrða þetta frekar.

Áki Jakobsson: Ég vil leyfa mér að fara fram á það við hæstv. forseta, að hann fresti þessari umr. vegna ýmissa gagna, sem eftir eiga að koma fram í málinu.

Forseti (SB): Ætlunin var að þoka máli þessu áfram, en ef hv. þm. óskar, að málinu sé frestað, þá mun það verða gert. Málið er tekið af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 44. fundi í Nd., 14. des., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 21, n. 414, 432, 443).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 432 og 443. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég bjóst við, að einhver mundi hafa framsögu í þessu máli, en þar sem ég sé, að enginn hefur tekið til máls, þá langar mig til þess að fara nokkrum orðum um þann hátt, sem tíðkazt hefur hér á Alþ. um veitingu ríkisborgararéttar. Mér finnst, að það hafi ríkt fullmikil góðsemi hér á Alþ. í þeim efnum. Það er varhugavert að gera útlendinga í stórhópum að ríkisborgurum. Mér finnst, að það eigi að beita meiri gagnrýni hér á Alþ. í þessu máli en gert hefur verið og það því fremur þar sem lög eru til um þetta.

Síðan ég kom á þing hefur ekki verið farið eftir neinum föstum reglum og hin mesta ringulreið ríkt í þessu. En afleiðingin af þessu er sú, að það flæðir inn í landið fólk með útlend ættarnöfn. Þetta fólk eykur svo kyn sitt og margfaldast og þessi hvimleiðu nöfn festast í málinu, svo að eftir nokkur ár er hér orðið yfirfullt af alls konar erlendum nöfnum. Ég verð að segja það, að ég er hræddur um, að mér brygði í brún, ef ég liti upp úr gröf minni eftir svo sem 50 ár og sæi að fjöldinn allur af Íslendingum bæri þau nöfn, sem við ætíð sjáum á þeim frv., sem lögð eru fyrir þingið um veitingu ríkisborgararéttar. Mér fyndist ekki óeðlilegt, að um leið og mönnum er veittur íslenzkur ríkisborgararéttur, yrði þeim gert að skyldu að taka upp íslenzk nöfn. Ég tel, að ekki yrði of mikið á það fólk lagt, þótt sú kvöð yrði tekin upp. Ég minntist á þetta í þeim tilgangi að vekja athygli hv. alþm. á þeirri ringulreið, sem ríkt hefur í þessum málum undanfarið, og einnig af því, hve illa hin erlendu mannanöfn samrýmast íslenzkri tungu.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Ég er sammála hæstv. menntmrh. um, að það á að vera vel á verði um veitingu ríkisborgararéttar. Um það höfum við að vísu lög, sem kveða á um skilyrði, sem menn þurfa að uppfylla til þess að öðlast ríkisborgararétt. Þessi lög hafa margsinnis verið sniðgengin, og er þar skemmst að minnast hneykslisins, sem varð fyrir einu eða tveimur árum í sambandi við hinn þýzka fiskiðnaðarfræðing.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. menntmrh. sagði um hin erlendu nöfn, er það vel ætlandi að gera kröfu til þess, að þessir menn öðlist ekki meiri rétt en Íslendingar sjálfir, þar sem þeim er lögum samkvæmt bannað að taka upp ættarnöfn, og þeir verði skilyrðislaust að hlíta þessum ákvæðum. Það er alveg rétt hjá hæstv. menntmrh., að það er mjög óviðkunnanlegt að fá þessi nöfn inn í íslenzka tungu og alveg sérstaklega þegar menn, sem eru íslenzkir að þjóðerni, fara að bera þau.

Ég flyt hér brtt. á þskj. 432, og þegar mál þetta var tekið fyrir í þessari hv. d. í gær, bað ég um frest, þar eð ég óskaði, að hæstv. utanrrh. væri viðstaddur. Vegna þess að hæstv. ráðh. er einnig fjarverandi nú, vil ég enn á ný fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann taki málið ekki til umr., nema hæstv. ráðh. sé viðstaddur. Ég vil endurtaka það, að ég mælist eindregið til þess, að hæstv. ráðh. verði viðstaddur umr., þar sem hann hefur manna mest fjallað um mann þann, er um getur í brtt. minni.

Forseti (SB): Ég vildi mjög gjarnan geta orðið við óskum þessa hv. þm., en þar sem umr. hefur þegar verið frestað einu sinni og forseti getur ekki ráðið því, hvort hæstv. ráðh. er viðstaddur eða ekki, sé ég mér ekki fært að verða við óskum hans að þessu sinni, og mun því umr. verða haldið áfram.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér brtt. um það, að Knauf, Edvard Carl Walter, blikksmið á Ísafirði, verði veittur ríkisborgararéttur. Hann fluttist til landsins árið 1934 og dvaldist þá fyrst 3 ár á Djúpuvík og síðan 4 ár á Ísafirði. En eins og mönnum er kunnugt, þá voru svo að segja allir Þjóðverjar, sem dvöldust hér á landi um það leyti, sem Bretar hernámu landið, teknir höndum og haldið sem stríðsföngum í Bret-

landi, þar til styrjöldinni lauk. Þessi maður var einn af þessum ólánssömu mönnum, sem hrepptu þessi dapurlegu örlög. Hann dvaldist síðan í 6 ár í Bretlandi, en kom heim strax og honum var sleppt úr haldi og dvaldist þá 2 ár á Þingeyri, en fluttist síðan til Ísafjarðar og hefur dvalizt þar síðan. Hann er kvæntur íslenzkri konu og talar íslenzku. Ef til þessa hefði ekki komið, væri hann búinn að vera hér í 17 ár. Ég flutti till. um það á síðasta þingi, að honum væri veittur ríkisborgararéttur, en þar sem langt var liðið á þingið, þá varð ég við þeirri ósk að draga till. til baka. Mér finnst því sanngjarnt, að þessum manni verði nú veittur ríkisborgararéttur.

Hin brtt. er um það, að Vroomen, Pieter Martin Hubert, sem fæddur er í Hollandi 1906, verði veittur ríkisborgararéttur. Hann fluttist hingað 31. marz 1935, var síðan í Hafnarfirði 1935—38, í Stykkishólmi 1938—39, í Reykjavík 1940—43, síðan var hann aftur um tíma í Stykkishólmi 1943, en hefur annars verið í Reykjavík síðan 1943 og er þar nú. Þessi maður er prestur við Kristskirkju í Landakoti. Hann talar íslenzku eins og Íslendingur og er ráðvandur og elskulegur maður, sem skotið hefur hér rótum. Ég vil því eindregið mæla með því, að honum verði veittur ríkisborgararéttur. Áður hefur ýmsum starfsmönnum Kristskirkju verið veittur ríkisborgararéttur. Þeir vinna hér mannúðarstörf og eru eftir langa dvöl hér orðnir ágætir Íslendingar. Ég tel því sjálfsagt, að þessum manni verði veittur ríkisborgararéttur.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta frekar. Ef hv. n. óskar eftir því að athuga till., er ég fús til að taka þær aftur til 3. umr. N. hefur ekki fjallað um þær, svo að það er kannske eðlilegast að taka þær aftur til 3. umr.

Áki Jakobsson: Ég vil fara fram á það við hæstv. forseta, að hann láti athuga, hvort hæstv. dómsmrh. er í húsinu og hvort hann getur ekki mætt hér í d., ef svo er.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Eins og ég gat um í gær hefur n. aðeins tekið til meðferðar þær till., sem umsóknir lágu fyrir um. N. hefur ekki athugað till. hv. þm. N-Ísf., og ég vildi því mælast til þess, að hann tæki þær aftur til 3. umr., eins og hann líka talaði um, svo að n. geti athugað þau skilríki, sem þeim fylgja.

Hæstv. menntmrh. vék að því, að nauðsynlegt væri að fylgja föstum reglum við veitingu ríkisborgararéttar. Allshn. hefur alla þá tíð, sem ég hef átt þar sæti, reynt að fara eftir föstum reglum og fyrst og fremst stuðzt við hina almennu löggjöf um þetta. Þó að það hafi stundum borið við, að Alþ. hafi hvikað frá reglunum, ætla ég ekki, að allshn. verði um það kennt. N. hefur haldið nokkuð fast við það, að öllum skilyrðum laganna væri fylgt, og þannig hefur málið líka verið afgr. að þessu sinni. Af þeim ástæðum hefur n. ekki getað fallizt á tvo menn, sem stj. tók upp, því að það skortir á, að þeir hafi búið hér nógu lengi.

Hæstv. ráðh. taldi eðlilegt, að þeir útlendingar, sem veittur væri íslenzkur ríkisborgararéttur, tækju upp íslenzk nöfn, því að er frá liði yrðu hin erlendu nöfn til lýta á tungunni. Ég er hæstv. ráðh. sammála um þetta, og það hefði fyrr mátt setja reglur um það. Það ætti að vera öllum útlátalaust, þó að þessari reglu verði komið á, og ég býst við, að n. hafi ekkert við það að athuga, að þessi regla verði upp tekin.

Áki Jakobsson: Ég vil spyrja hæstv. forseta, hvort hann hafi komið boðum til hæstv. utanrrh.

Forseti (JG): Ég hef látið hæstv. utanrrh. vita, en hann er upptekinn í Ed.

Áki Jakobsson: Ég vil þakka hæstv. forseta, ég get ekki gert kröfu til þess, að hæstv. utanrrh. mæti hér.

Ég flyt á þskj. 432 till. um það, að Heinz Karl Friedlaender verði veittur ríkisborgararéttur. Þessi maður kom til Íslands í ágúst 1935, og hefur legið fyrir umsókn frá honum um ríkisborgararétt síðan 1945, en þá vantaði hluta úr ári til þess að hann hefði verið hér búsettur nægilega lengi, því að l. segja, að menn þurfi að hafa verið búsettir hér samfleytt í 10 ár til þess að fá ríkisborgararétt. Hann hefur endurnýjað umsókn sína á hverju þingi síðan, og hann fullnægir öllum skilyrðum laganna. Hann hefur lagt fram öll skilríki og vottorð, en þrátt fyrir það er umsókn hans alltaf vikið til hliðar og komið í veg fyrir, að hann fái ríkisborgararétt. Það er því óhjákvæmilegt að skýra nokkru nánar frá þessum manni, sem ég þekki lítils háttar.

Hann er fæddur 27. ágúst í Berlín, er af Gyðingaættum og fór þess vegna burt frá Þýzkalandi í ágúst 1935 og settist að á Íslandi. Hann hefur gert grein fyrir veru sinni hér, svo að fylgjast má með því, hvar hann hefur verið. Þá hefur hann lagt fram hegningarvottorð, sem sýnir, að hann hefur ekki brotið nein lög og ekki sætt neinni ákæru eða refsingu fyrir meint brot. Samkv. vottorði frá borgarstjóranum í Reykjavík frá 12. des. 1945 hefur hann ekki fengið framfærslustyrk og staðið í skilum með gjöld sín.

Þessi maður er kvæntur íslenzkri konu, dóttur Halldórs Jenssonar frá Kolfreyjustað í Fáskrúðsfirði, og hefur hann hér reynt að greiða fyrir tengdasyni sínum, þar sem hann vill verða íslenzkur borgari.

En þó að þessi maður uppfylli öll þau skilyrði, sem lögin gera ráð fyrir, hefur það reynzt honum erfitt að fá íslenzkan ríkisborgararétt, og erfitt hefur verið að finna, hver það er, sem berst á móti því. Ég hef talað við alla hv. samnm. mína, og þeir viðurkenna allir, að öllum skilyrðum sé fullnægt. Hv. 1. þm. Árn. og hv. þm. Ak. hafa einu sinni glæpzt til þess að mæla með málinu, en fengið bágt fyrir, og nú eru þeir ófáanlegir til þess, þó að þeir geti ekki nefnt neina ástæðu. Málið er ekki rætt á fundum n., heldur eru nm. kallaðir út og hvíslað að þeim þar.

Ég hef nú reynt að komast að því, hvaðan þessi andstaða stafar, og virðist svo, að hún

stafi frá hæstv. utanrrh. Það lítur út fyrir það, að hæstv. utanrrh. hafi fengið þennan mann á heilann og megi ekki heyra það nefnt, að honum verði veittur íslenzkur ríkisborgararéttur. Ég hef heyrt, að tengdafaðir þessa manns hafi átt tal við þm. og beðið þá að mæla með tengdasyni sínum, en að þeir hafi svarað því til, að þeir þyrðu ekki að baka sér reiði utanrrh. Hæstv. forseti sér af þessu, að það er ekki að ástæðulausu, að ég vil tala við hæstv. utanrrh. Hann heldur í spottann, og kjarkur nm. er ekki meiri en það, að af þeim ástæðum þora þeir ekki að mæla með umsókninni.

Ég skal ekki tefja umr., en ég vildi, að þetta kæmi fram, og ég tel hæstv. utanrrh. minni mann, ef hann þorir ekki að mæta hér til þess að ræða málið og leggja fram rök sín.

Ég skal ekki ræða þetta frekar nú, en vænti þess, að ég fái tækifæri til að ræða málið við hæstv. utanrrh. við næstu umr. Í þeirri von mun ég taka brtt. mína aftur til 3. umr.

ATKVGR.
Brtt. 432 og 443 teknar aftur til 3. umr.
— 414 (ný 1. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 47. fundi í Nd., 18. des., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 454, 467, 473, 485, 486).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 473, 485 og 486. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Allshn. hefur leyft sér að bera fram við frv. brtt. á þskj. 467 um, að bætt sé við þremur mönnum, sem fái einnig ríkisborgararétt. Þannig er ástatt um þá tvo fyrst nefndu, að þeir hafa dvalizt hér þann áskilda tíma, sem ætlazt er til um útlendinga samkvæmt lögum um ríkisborgararétt. Umsóknir höfðu ekki legið fyrir frá þeim, og fyrir þær sakir hafði n. ekki tekið þá upp á till. sína fyrir 2. umr. Um þriðja manninn er það að segja, að hann hefur líka dvalizt hér tilskilinn tíma. Pietsch, Heribert Jósef, kom hingað til landsins 1933 og dvaldist til 1940, en var þá tekinn af Bretum og farið með hann til Englands. Þar var hann svo þangað til hann kom aftur hingað til landsins. Hann átti kost á því að fara í fangaskiptum yfir til Þýzkalands, en hafnaði því, og var svo hjá Bretum, þar til hann kom aftur hingað. Ef ekki er tekið tillit til þess, að dvalartími þessa manns slitnaði í sundur af þeim ástæðum, sem voru honum alveg óviðráðanlegar, þá hefur hann dvalizt hér tilskilinn tíma. Hann er kvæntur íslenzkri konu, og þau eiga tvö börn. Skjöl hans eru í bezta lagi. Hann hefur stundað keramiksmíði og fær hinn bezta vitnisburð, m. a. frá þeim, sem hafa haft náin kynni af honum og hann hefur starfað fyrir. Þar sem svo er ástatt um þennan mann, sá n. sér ekki fært annað en að leggja til, að honum verði veittur ríkisborgararéttur og honum ekki gefið að sök, þó að dvöl hans hlutaðist sundur af þeim ástæðum, sem voru honum alveg ósjálfráðar.

Þá flytur n. auk þess till. um, að þeir útlendingar, sem hljóta hér íslenzkan ríkisborgararétt, taki upp íslenzk heiti. Hæstv. menntmrh. hafði orð á því við 2. umr. málsins og benti þá réttilega á, að það væri varhugavert fyrir íslenzka tungu í framtíðinni, ef það væri látið halda svo áfram að þessir útlendingar og niðjar þeirra héldu sínum erlendu heitum. Í framtíðinni yrði þetta mjög afkáralegt og óæskilegt, ef það yrði látið svo til ganga. Ég er alveg sammála hæstv. menntmrh. um, að þetta eru orð í tíma töluð og að rétt sé að ráða bót á þessu nú þegar. — Það kann að þykja nokkur strangleiki í því fólginn, að þessir menn þurfi jafnvel að skipta um nafn. En þegar þess er gætt, hvað okkar tunga á í hættu, þá tel ég það alls ekki of harða kröfu, ef þeim er mikið kappsmál að verða íslenzkir ríkisborgarar, þó að þeir taki sér nýtt nafn. — N. vitnar í till. sinni í lög um mannanöfn og ætlast til, að farið verði eftir ákvæðum þeirra laga. Skulu þeir sækja um heiti til ríkisstj., og það verði það nafn, sem þeir vilja taka upp, og verður það löggilt með þessum hætti. — Nm. eru einnig þeirrar skoðunar, að það verði þá betur gætt þess, að eftir þessum lagaákvæðum sé farið heldur en undanfarið. Ég treysti því, að hæstv. ríkisstj. gefi þessu betri gætur en nú um alllangt skeið. Það er óþarft fyrir okkur Íslendinga að herma eftir erlendum siðum í þessu efni. Það fer vel við okkar mál, að synir og dætur kenni sig við feður sína. En það er afkáralegt, þegar konur hætta að kenna sig við feður sína, en taka að kenna sig við feður eiginmanna sinna. Allt þetta fer mjög illa við mál okkar, okkar þróttmiklu og fögru tungu. Síðar meir mundi vera hin mesta nauðsyn að ganga enn betur frá þessu efni með því að endurskoða l. um mannanöfn, og eitt af þeim grundvallarskilyrðum, sem við viljum setja inn í hina almennu löggjöf um veitingu ríkisborgararéttar gagnvart þeim erlendu mönnum, sem öðlast þennan rétt, er það, að þeir taki upp íslenzk heiti.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta. N. hefur athugað brtt. hv. þm. N-Ísf. og fellst á að mæla með þeim. Það er að vísu þannig ástatt um þann mann, sem nefndur er undir fyrri tölul., að hann hefur ekki dvalizt hér tilskilinn tíma, en það er eins ástatt um hann og manninn undir 3. tölul. í brtt. n., að hann hefur að vísu dvalizt eitthvað erlendis, en kom svo heim og er búinn að vera hér alls í 10 ár. En þar sem stendur eins á um þessa menn báða og þeir hafa beztu meðmæli, sér n. ekki ástæðu til að gera upp á milli þeirra og leggur þess vegna til, að þessi brtt. verði samþ.

Að því er snertir brtt. á þskj. 473, frá hv. 3. landsk. og hv. 5. þm. Reykv., þá er þannig ástatt um þessa menn alla, að þeir hafa verið hér of stuttan tíma, þar sem þeir hafa allir

komið hingað 1946 og verið hér síðan. Tveir þeirra, þ. e. þeir, sem eru undir 1. og 3. lið, voru á frv. hæstv. ríkisstj., og skjöl þeirra eru í bezta lagi, en n. sá sér ekki fært að gera till. um það af sinni hálfu, að þeir yrðu teknir upp, þar sem þeir hafa ekki dvalizt hér nógu lengi. Það er eins ástatt um mann þann, sem er undir 2. lið, en að öðru leyti virðist standa nákvæmlega eins á um hann, skjöl hans öll eru í bezta lagi og þetta eina skilyrði aðeins, sem hann skortir. Hv. d. verður að skera úr um það, hvað hún vill samþ. í þessu efni, meðmæli þessara manna eru góð, það er ekkert að þeim að finna, og hef ég þess vegna ekkert frekar um þetta að segja að sinni.

Jóhann Hafstein: Það eru bara örfá orð út af brtt. á þskj. 473, sem við hv. 3. landsk. flytjum. Hv. frsm. allshn. hefur gert grein fyrir 1. og 3. tölul. brtt., en það stendur þannig á um þá menn báða, að þeir voru á stjfrv., sem var lagt fyrir d., og plögg þeirra öll í bezta lagi, þeir uppfylla öll önnur skilyrði en það að hafa verið hér búsettir í 10 ár samfleytt. Við ræddum þetta í n., en niðurstaðan varð sú, að hún vildi ekki fara út fyrir ramma ríkisborgararéttarl. um þessa meginreglu. Hv. 3. landsk. talaði þá um það við mig, að við flyttum sérstaka till. um þessa menn, og þar sem þeir höfðu einnig verið á frv. ríkisstj., fannst mér ástæða til að verða við því, því að með þessu móti er hægt fyrir d. að skera úr því, hvort hún vill fylgja í því efni því, sem n. hefur lagt til, eða leyfa sér að fara í einstökum tilfellum út fyrir þann ramma, sem hún auðvitað hefur rétt til, ef hún óskar eða vill. Og það eru að sjálfsögðu nokkur meðmæli með því, að orðið verði við óskum þessara manna, að þeir voru á því frv., sem ríkisstj. upphaflega lagði fyrir d. varðandi veitingu ríkisborgararéttar.

Um 2. tölul. á þessu þskj., Norðmanninn, stendur nokkuð öðruvísi á en um hina, og vil ég bæta nokkrum frekari upplýsingum við að því er hann snertir. Hann er nú búinn að vera hér samfleytt í 10 ár, en hins vegar hófst vera hans hér sem hermanns í norska hernum á stríðsárunum, og var hann þá búsettur á Seyðisfirði sem norskur hermaður og giftist þar íslenzkri konu og eignaðist með henni 4 börn. Hann hefur svo dvalizt hér síðan og er sjómaður á íslenzkum togara. Eins og nú er komið högum þeirra hjóna, með þessi 4 börn, mun það vera ásetningur þeirra að halda áfram búsetu heima á Íslandi, og verða menn þá að gera upp við sig, hvort þetta atriði skuli verða honum að fótakefli, að hann að vísu fyrstu árin dvaldist hér sem norskur hermaður á stríðsárunum, en með þeirri dvöl og dvölinni eftir stríðið er dvöl hans hér orðin 10 ár. — Það er rétt, að þetta er utan við hinn formlega ramma að skilningi l., en eins og hv. frsm. gerði grein fyrir, höfum við í sambandi við einn mann í till. n. ekki bundið okkur algerlega við það ákvæði l., að viðkomandi skyldi hafa átt óslitið heimilisfang hér, áður en ríkisborgararéttur væri veittur. Og hið sama gildir um annan þeirra manna, sem hv. þm. N-Ísf. leggur til að fái ríkisborgararétt, og mælir hv. n. með, að það verði samþ. Finnst mér þá svo mjótt á mununum þarna, að hv. þdm. ættu ekki að taka nærri sér að veita þessum aðila ríkisborgararétt eins og hinum, sem þó hefur dvalizt hér öll árin samfleytt.

Áki Jakobsson: Ég hafði óskað eftir því í sambandi við till., er ég flutti við 2. umr., en tók aftur til 3. umr., að hæstv. utanrrh. yrði viðstaddur umr., og barst honum það til eyrna, þannig að hann vissi um það. Ég bjóst við, að hann mundi verða hér viðstaddur við þessa umr., því að enginn virðist neitt vita í þessu máli eða vilja vita nema utanrrh. Ég sé hins vegar, að hann er ekki viðstaddur, þó að hann hafi séð, að þetta er fyrsta málið á dagskrá þessarar d., og vísa ég til þeirra tilmæla, sem fyrir lágu. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þá till., sem ég flyt á þskj. 485, en bara vísa til þess, sem ég sagði, þegar málið var til 2. umr., og vil aðeins ítreka það, að mér finnst utanrrh. farast hér heldur lítilmannlega, að vera ekki hér viðstaddur umr., þegar beinlínis er búið að skora á hann að vera það. Þar sem mjög er liðið á þann tíma, sem þinginu er ætlaður fyrir jól, sé ég ekki ástæðu til að lengja umr. frekar nú, en vil þó fara fram á það við forseta, að þessu máli verði frestað, þar til hæstv. utanrrh. hefur tíma til að vera við.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju minni yfir seinni till., sem allshn. flytur á þskj. 467, og vænti þess, að þingið stöðvi nú í eitt skipti fyrir öll þann ósóma, eins og ég vildi kalla það, að veita útlendingum ríkisborgararétt, án þess að sett séu skilyrði um nöfn þeirra. Í l. um mannanöfn segir meðal annars, að ekki megi menn bera önnur nöfn en þau, sem eru rétt að lögum íslenzkrar tungu. Ef farið hefði verið eftir þessum lagabókstaf, væru náttúrlega nöfn fjöldamargra manna, sem ríkisborgararétt hafa hlotið, stríðandi á móti þessari lagagrein. Það er óþarfi að endurtaka það, hversu afskræmislega ýmis nöfn, sem hér eru á þessum lista, mundu koma fram í íslenzku máli. Það skýrir sig sjálft. Ég skil þannig till. hv. n., að þeir, sem fá væntanlega ríkisborgararétt með þessu frv., ef að lögum verður, verði að taka sér íslenzk nöfn samkv. þeirri heimild, sem er nú í l. um mannanöfn, — að það sé skilyrði fyrir því, að þeir geti fengið ríkisborgararétt, að íslenzk nöfn séu upp tekin. Ég fagna þessu mjög, og ef ég verð eitthvað áfram í þessu embætti, eftir að þessi till. yrði samþ., mun ég reyna að láta sjá um, að þessu verði nákvæmlega framfylgt. — Einnig vil ég taka undir það, sem hv. frsm. sagði, að það er full ástæða til þess að gefa betri gaum, hvernig framfylgt er l. um mannanöfn. Ég geri ráð fyrir, að sú framkvæmd heyri undir menntmrn., og hef hugsað mér að gera þær ráðstafanir, sem l. gera ráð fyrir að framkvæmdar séu í þessu efni, en það er meðal annars það, að háskólinn geri skrá yfir þau nöfn, sem hann telur, að ekki eigi að vera heimild fyrir að menn nefnist, og sé lagt bann við slíkum nöfnum í íslenzku máli.

ATKVGR.
Brtt. 467,1 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 473 felld með 11:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: MJ, ÁÁ, BÓ, EmJ, GÞG, HÁ, JóhH, KS, ÓTh, SÁ, SB.
nei: AE, ÁkJ, ÁB, EOl, EystJ, GG, JS, PÞ, PO, SG, SkG.
ÁS, IngJ, JG, JÁ, JR, JörB, LJós greiddu ekki atkv.
6 þm. (GÍG, StgrSt, FJ, GTh, HelgJ, JPálm) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef ákveðið að fylgja till. hv. n. í þessu máli og segi þess vegna nei.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Þar sem, eins og ég hef gert grein fyrir, einn af þessum 3 mönnum hefur dvalizt hér tilskilinn tíma, þó að með sérstökum hætti sé, en hinir tveir voru upphaflega á frv. ríkisstj., segi ég já.

Brtt. 485 felld með 11:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JÁ, LJós, SG, ÁkJ, ÁS, EOl, GÞG, HelgJ.
nei: JPálm, JS, ÓTh, PÞ, PO, MJ, AE, EystJ, GG, IngJ, JóhH.
JR, JörB, KS, SÁ, SkG, ÁÁ, ÁB, BÓ, EmJ, HÁ, JG, SB greiddu ekki atkv.
4 þm. (GÍG, StgrSt, FJ, GTh) fjarstaddir.
3 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég hef ekki fengið skýringu á því frá allshn., hvers vegna hún tekur ekki þennan mann upp, og þar sem ég tel málið velta á því, að farið sé eftir því, sem n. samþ., segi ég nei.

Einar Olgeirsson: Með því að þessi hv. d. hefur áður samþ. þennan mann einróma inn á lagafrv. um veitingu ríkisborgararéttar og það frv. síðan verið stöðvað í Ed. af því, að þessi maður kom þar inn, sé ég ástæðu til þess að ítreka, að Ed. á ekki að ráða yfir Nd., og segi því já.

Gísli Guðmundsson: Með sömu grg. og í atkvgr. um till. á þskj. 473 segi ég nei.

Brtt. 486 samþ. með 18:3 atkv.
— 467,2 samþ. með 24 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 19:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 26. fundi í Sþ., 19. des., var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 492).
Á 54. fundi í Ed., 4. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. þetta er undirbúið af dómsmrn. og hefur nú þegar tekið miklum breytingum, og verða þær til þess, að miklu fleiri fá ríkisborgararétt en við ætluðumst til. Virðist það einkum stafa af því, að þm. hafa viljað láta alla, er uppfylla skilyrði ríkisborgararéttarlaganna og þó einkum ákvæðið um 10 ára heimilisfang, fá hér ríkisborgararétt. Ég hef nú aldrei fylgt þessum lögum bókstaflega, af því að þetta ákvæði um 10 ára frestinn er í rauninni þýðingarlaust og fær ekki staðizt vegna ákvæða stjskr. Það er á valdi Alþ. að veita þennan rétt, og er löggjafinn óbundinn af öðru en því, sem stjskr. segir um þetta. Ég hef því ekki farið eftir þessum lögum, heldur því, sem mér hefur virzt réttast í hverju tilfelli, og haldið í það, að fáir fengju réttinn og þá helzt fólk af íslenzku bergi brotið eða frá Norðurlöndum, og tekið mjög fáa aðra, nema þá helzt fólk, sem hefur komið hingað til þess að setjast hér að og vinna að mannúðar- og líknarstörfum, eins og nunnurnar í Landakoti. Segja má, að með þessu sé rétturinn veittur nokkuð af handahófi. En sannleikurinn er sá, að stjskr. ætlast til þess, að Alþ. meti þetta í hvert sinn, en fari ekki eftir blindum reglum. Ég legg þó enga megináherzlu á að breyta frv. aftur. Þó er þess að gæta, að þeir menn, sem eiga ekki skilið að fá þessi réttindi, hljóti þau ekki á þennan hátt.

Ég tel, að fyrirmælin í 2. gr. séu til bóta, að þessu fólki sé gert að skyldu að taka upp íslenzk nöfn, áður en það hlýtur réttinn. En þó verður að segja, að ef l. um mannanöfn verða þannig endurvakin af löggjafanum, verður að fylgja þeim betur en gert hefur verið, en þau hafa alla tíð verið dauður bókstafur. Og ef Alþ. vill, að þessum l. sé framfylgt um suma, verður að láta það gilda um alla, svo sem þá, er hafa tekið upp ný ættarnöfn gegn lögunum. Og eins er það, að eldri ættarnöfn hafa verið notuð áfram, eftir að þau áttu að hafa verið felld niður. Ég held því, að ekki verði hægt að láta sem þessi l. séu ekki til, eftir að þau hafa verið endurvakin af löggjafanum á þennan hátt. — Ég legg svo til, að frv. verði vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Ed., 17. jan., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 62. fundi í Ed., 18. jan., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 492, n. 606, 607).

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Eins og segir í nál. á þskj. 606, hefur allshn. mælt með því, að frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar, sem er á þskj. 492, verði samþ. með þeim breytingum, sem n. leggur til á þskj. 607. Þess ber að geta, að á þeim fundi, sem ákvörðunina tók, voru ekki mættir nema þrír nm. og þar af undirritaði einn nál. með fyrirvara.

Það er svo, að við afgreiðslu þessa máls hafa gilt mismunandi sjónarmið. Sams konar frv. hefur verið borið fram hér í deildinni áður, og var þá unnið að því af allshn. þessarar d., sem var skipuð sömu nm. og nú. Sjónarmið n. var

þá að afgreiða málið allþröngt, þ. e. a. s., að nærri enginn skyldi fá ríkisborgararétt, nema hann væri af íslenzku bergi brotinn, fæddur af íslenzku foreldri, og svo Norðurlandamenn. Þegar frv. var afgreitt í Nd. á síðasta ári, kom í ljós, að allshn. gat ekki litið svo á málið sem n. þeirrar hv. d. né fylgt þeirri reglu, sem þar var fylgt, og gekk nauðug inn á þá braut, sem hún fór þá. — Í Nd. voru nú allir teknir inn á frv., sem höfðu dvalizt hér 10 ár og umsóknir komu frá, en aðrir, sem ekki höfðu dvalizt hér þann tíma, voru allir felldir niður án tillits til þess, hvort þeir væru fæddir Íslendingar og væru af íslenzku foreldri eða ekki. Þeir hafa sett sér þessa reglu og skáru alla hina úr frv. Þegar frv. kemur svo til allshn. Ed., eru nm. ekki ánægðir með þessa afgreiðslu. En vegna þess að svo margir tengja vonir sínar við afgreiðslu þessa máls, vill n. freista þess að fá það afgreitt með þeim brtt., sem hún hefur gert.

Eins og málið horfir nú, þótti n. ekki rétt að gera neina allsherjar athugun á þeim, sem sóttu og voru teknir, og hinum, sem ekki voru teknir. Leggur n. fram brtt. sínar á þskj. 607, er byggjast eingöngu á einstökum upplýsingum, sem n. fékk. Mun ég gera nokkra grein fyrir þeim.

Nr. 1 og 5 voru upphaflega á frv., en voru felldir burt samkv. reglu n. Þessir menn eru báðir danskir og hafa dvalizt hér í rúm 5 ár, þannig að ríkisstj. getur veitt þeim ríkisborgararétt, því að það ár, sem þeir komu, voru sett ákveðin takmörk, hvort heldur um var að ræða Dani eða Íslendinga. Af þeirri ástæðu leyfum við okkur að leggja til, að samþ. verði að veita þessum tveimur mönnum ríkisborgararétt. — Þá er það nr. 2 á brtt. 607. Hann er búinn að dvelja hér tilskilinn tíma. — Nr. 3 er nunna í Hafnarfirði. Virðist það hafa stafað af misskilningi, að hún var ekki tekin með, því að önnur nunna var tekin og eins stendur á um báðar. — Nr. 4 er íslenzk kona, rúmlega tvítug, sem giftist Færeyingi hér og fluttist til Færeyja og missti sinn íslenzka ríkisborgararétt. Bjó hún rúmt ár í Færeyjum, en fór svo heim í sumar til stuttrar dvalar. En eiginmaðurinn fór þannig að ráði sínu, að hann seldi eigur þeirra og fór á skip. Veit hún ekkert, hvar hann er niður kominn. Er ekki annað fyrir hana að gera en vera hér kyrr og fá skilnað. Er því mjög erfitt fyrir hana að vera erlendur ríkisborgari. Mér er kunnugt um, að þetta er rétt, því að ég reyndi að bjarga eignum hennar, en það var of seint. — Nr. 6 er fræðimaður af þýzkum uppruna, sem er búinn að dveljast hér samfleytt síðan 1935. — Mér þótti rétt að gera grein fyrir þessu.

Ég vil skjóta því til hæstv. dómsmrh., að sú aðferð, sem höfð hefur verið við veitingu ríkisborgararéttar, er vægast sagt mjög óheppileg. Er það sérstaklega áberandi, þegar deildirnar hafa hvor sína aðferð til að vinna eftir og geta ekki komið sér saman um neinar reglur. Virðist nauðsynlegt, að málið sé betur búið í hendur þingsins, ef það á að afgreiðast vel.

Ef litið er á upphaflega frv., má sjá, að þar eru teknir aðeins sjö umsækjendur, en síðan hafa margir bætzt við. Allur skjalabunkinn er svo sendur til n., og er ekkert undarlegt, þó að einhver mistök verði við afgreiðslu jafnumfangsmikils máls, þegar til er ætlazt, að það sé afgreitt með slíkum hætti sem nú. Leyfi ég mér að benda á, að eðlilegt væri að afgreiða málið með öðrum hætti í framtíðinni. Það kann ekki góðri lukku að stýra, þegar deildirnar geta ekki verið sammála um þá aðferð, sem nota á við afgreiðslu málsins. — Legg ég til, að frv. verði samþ. með áorðnum breytingum.

Finnbogi R. Valdimarsson: Herra forseti. Ég vil taka undir þau orð hv. frsm. allshn., að það er vægast sagt óheppileg aðferð, sem hefur verið höfð við afgreiðslu þessa máls.

Ég var ekki á fundi n., þegar málið var afgreitt þar. Hafði ég ekki fengið boð um fundinn, hvort sem það hefur stafað af mistökum eða símabilunum.

Eins og nú er lagt til að málið verði afgreitt, fæ ég ekki komið auga á, að nein regla gildi við afgreiðslu þess. Hefur meiri hl. n. tekið upp menn, sem n. í Nd. tók út úr frv. Meira að segja er ekki farið eftir reglunni um 10 ára búsetuskyldu. Verður því ekki hægt að segja, að farið sé eftir öðru en persónulegri afstöðu þeirra manna, sem með þetta fara. En n. er sjálf ekki sammála um, hvaða reglum eigi að fara eftir, og deildirnar geta heldur ekki komið sér saman um fastar reglur. Ég verð að segja, að ég get ekki tekið þátt í afgreiðslu máls, sem er svona persónulegt, nema fyrir fram séu settar reglur um afgreiðslu þess. Ég get ekki tekið afstöðu til manna, sem ég þekki yfirleitt alls ekki, aðeins eftir því sem einstakir menn á þingi segja um þá. Það getur verið, að persónuleg afstaða eins manns geti ráðið því, hverjir fá ríkisborgararétt og hverjir ekki. Ég held, að mönnum sé ljóst, að þetta eru vinnubrögð, sem eru þm. til lítils sóma, og má ekki við svo búið standa. Þyrfti að endurskoða lögin um ríkisborgararétt, bæði með tilliti til þess, hverjir fái ríkisborgararétt og hverjir væru sviptir ríkisborgararétti. Við setningu laganna um veitingu ríkisborgararéttar mætti taka tillit til þeirra nýju reglna, sem ýmsar þjóðir hafa tekið upp, t. d. með tilliti til þess, hvernig konur fá ríkisborgararétt við giftingu. En sérstaklega þyrfti að endurskoða reglurnar um það, hvernig menn fái ríkisborgararétt, hverjum sé falið að veita hann og hverjum hann sé veittur. Gæti komið til mála, að sérstakt próf færi fram á þessum mönnum undir umsjá óhlutdrægra aðila, áður en málið kæmi á þing, þótt Alþingi hefði svo endanlegt vald til að skera úr því, hverjir fái ríkisborgararétt. Einnig þyrfti að setja reglur um sviptingu ríkisborgararéttar. Ættu að vera til reglur um það, að menn, sem hafa fengið ríkisborgararétt, geti verið sviptir honum, ef þeir uppfylla ekki þau skilyrði, sem þeim væru sett. Þekki ég slík tilfelli hér, þótt ég muni ekki fara lengra út í þetta nú, en það þarf að setja ákvæði um þetta.

Ég átti ekki hlut að brtt. allshn., en þær eru ekki í samræmi við reglur þær, sem giltu í fyrra, ekki í samræmi við reglur Nd. og ekki í samræmi við lög um ríkisborgararétt. Það má

vel vera, að full ástæða sé til að veita þessum mönnum ríkisborgararétt, en eftir þeim upplýsingum, sem ég fékk á fyrsta fundi n., þá get ég ekki greitt atkv. með sumum þeim mönnum, sem eru í brtt. Ég á erfitt með að taka þátt í afgreiðslu slíks máls sem þessa.

Lárus Jóhannesson: Herra forseti. Að nafninu til er ég með meiri hl. allshn., en ég undirskrifaði nál. með fyrirvara. Helzt hefði ég kosið, að sömu reglu og d. hefur fylgt undanfarin ár við veitingu ríkisborgararéttar hefði verið fylgt nú, því að ég álít, að það eigi að fara mjög varlega í þetta mál. Höfum við dæmin fyrir okkur um, að þetta hefur verið stórlega misnotað. Er þess skemmst að minnast, hvernig nokkrir Þjóðverjar, sem fengu ríkisborgararétt, misnotuðu hann. Mér virðist, að með þessari tillögu sé búið að opna öll hlið meira en æskilegt er.

Ég hlustaði ekki á alla ræðu hv. 7. landsk. þm., en ég vil taka undir með honum, að þessi afgreiðsla málsins er óviðunandi. Ég teldi rétt að breyta lögunum um veitingu ríkisborgararéttar og það verði síðan vandlega athugað, hvaða menn eru þess verðir, að þeim verði veittur hann, og verði það þá sérstök deild stjórnarráðsins, sem hann veiti.

Þeir hv. nm., sem voru á fundi nefndarinnar, þegar hún afgreiddi málið, töldu, að samkv. samþykkt Nd. á því yrði erfitt að gera á því stórfelldar breyt., eins og hefði orðið að gera, ef fylgja hefði átt reglu þessarar deildar, og það yrði til þess, að það yrði ekki útrætt, og ýmsir menn yrðu þá fyrir vonbrigðum, sem Nd. með samþykki sínu er búin að gefa góðar vonir um, að verði teknir upp. En þessi deild verður hins vegar að gera sér ljóst, að ef frv. verður samþykkt nú eins og það liggur fyrir, þá verður á næstunni að taka upp allmarga menn, sem felldir hafa verið niður undanfarið.

Ég skal játa það, að ég hefði viljað fella niður allmarga af þessu frv., sem ekki eru Skandinavar, að undanteknum nunnunum, og mun greiða atkvæði á móti þeim mönnum, sem ekki uppfylla þau skilyrði, sem þessi deild hefur sett fyrir veitingu ríkisborgararéttar hingað til. Og ég vil að endingu bera þá ósk til hæstv. dómsmrh., að hann láti á næstunni endurskoða lögin um ríkisborgararétt, hvernig menn fá hann og missa, og þar verði teknar upp ákveðnar reglur, sem losi Alþingi undan því að þurfa í hvert skipti sem hann er veittur að grafast fyrir um það um hvern einstakling, hvort hann uppfylli þau skilyrði, sem við höfum sett fyrir veitingu réttarins.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Þegar þetta mál var afgr. í fyrra, tók ég þátt í afgreiðslu þess. Nefndarmenn höfðu skiptar skoðanir á því, hvaða reglu bæri að fylgja í þessum efnum, og komu þar aðallega til greina þrjár reglur, en allir voru sammála um það, að einhverri reglu yrði að fylgja og það væri óviðunandi, að þar væri engin regla, sem hægt væri að fara eftir. Í þetta skipti var farið eftir ákveðinni reglu, en allir voru sammála um það, að sú regla væri ekki ætluð til frambúðar, en ég var henni fylgjandi, af því að ég taldi, að aðalatriðið væri, að þarna væri einhver regla, sem hægt væri að fara eftir. Hitt er algerlega óviðunandi, að veiting ríkisborgararéttar fari eftir því, hvað einstakir deildarmenn eru duglegir að róa og reka áróður fyrir þeim mönnum, sem þeir vilja veita ríkisborgararétt, og þar komi til greina persónuleg vinátta þeirra við þessa menn og jafnvel vitneskja manna um pólitískar skoðanir þeirra. Nú heyri ég það á máli þeirra þriggja manna, sem hér hafa talað um þetta mál, að þeir eru allir á sama máli og þeir voru í fyrra, og vekur það því meiri furðu mína, að þeir skuli leggja til, að frv. verði samþykkt með þeirri handahófsafgreiðslu, sem hér er lagt til.

Ég verð að segja, að ég tel það vera algerlega ósamboðið virðingu Alþingis og vítavert, að dómsmrn. skuli leggja málið þannig fyrir. Það er engan veginn samboðið virðingu þingsins að afgreiða málið á svona losaralegan hátt. Ég tel, að þessi afgreiðsla sé svo vítaverð og svo mikill skrípaleikur, að ég mun ekki taka þátt í afgreiðslu þess og ekki greiða atkvæði um það, — ég tel, að það sé ekki samboðið neinum manni að taka þátt í slíkri afgreiðslu máls sem þessari.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég veit ekki, hvort hæstv. dómsmrh. er viðstaddur. (**Forseti:** *Hann mun vera í húsinu.*) — *Ég vil í sambandi* við þetta mál leyfa mér að minna á atvik, sem kom hér fyrir í þinginu fyrir nokkrum árum og varð ekki til þess að auka á virðingu Alþingis. Það var þegar rætt var um frv. til l. um að veita ákveðnum mönnum ríkisborgararétt, og var það mál afgreitt við sex umr. á einni nóttu. Ég benti á það í sambandi við það mál, hvað óviðurkvæmilegt það væri að brjóta þingreglurnar og sjálf lögin til þess að koma þessu máli í gegn. Og það var ekki að tilefnislausu, að ég gerði það, því að það hefur nú upplýstst, að enginn af þessum sjö eða átta mönnum hefur nokkru sinni stigið fæti sínum á íslenzka grund og þetta var aðeins gert í því skyni að veita þessum mönnum, sem ætluðu að flytjast til Suður-Ameríku, tækifæri til að komast þangað á okkar nafni, hún var þeim lokað land, nema við hefðum veitt þeim rétt til þess með því að veita þeim ríkisborgararétt. Ég hélt, að þetta atvik ætti að vera nóg til þess að minna allshn. á að hika við að afgr. þetta mál, eins og það er undirbúið.

Það hefur verið minnzt á það af hv. 1. landsk. þm., hvað óviðurkvæmilegt það er að afgr. þetta mál á þennan hátt og það yrði að setja fastar reglur um þetta atriði. Það eru til í lögum nr. 64 frá 1935 ákveðnar reglur um veitingu ríkisborgararéttar, en hér eru þær þverbrotnar án þess svo mikið sem að gera breytingu á þeim sömu lögum um leið. Það eru í þeim lögum ákveðnar reglur um það, að viðkomandi menn hafi orðið að vera hér a. m. k. 10 ár, en hins vegar er það látið óátalið, þó að mönnum sé veittur ríkisborgararéttur, sem aldrei hafa komið til landsins. Þetta mál er því vandasamara,

sem við verðum að gæta þess fremur en aðrar þjóðir, að hingað fái ekki að flytjast aðrir menn en þeir, sem uppfylla þessi skilyrði að öllu leyti. Það er ekki lítil hætta, sem í því er fólgin að taka upp hina og þessa menn, sem hljóta þennan rétt aðeins fyrir áróður einstakra manna, en geta á engan hátt uppfyllt þau skilyrði, sem við hingað til höfum fylgt í þessu efni.

Ég get því á engan hátt fylgt þessu frv. og mun bera fram rökstudda dagskrá um það efni, að þessu máli verði vísað frá og ríkisstj. láti fara fram athugun á þessum lögum um ríkisborgararétt, hvernig menn fá hann og missa, og að það mál þurfi ekki eftir það að koma fyrir Alþingi. Það er einungis stjórnaratriði að veita ríkisborgararétt, og það á að gera eftir ákveðnum reglum.

Ég get fallizt á, að það þurfi að athuga aftur reglurnar frá 1935. Ég get t. d. fallizt á það, að ekki sé nauðsynlegt, að mennirnir hafi verið 10 ár í landinu. Ég tel, að það gæti verið réttlætanlegt að veita þeim mönnum, sem framið hafa einhverja sérstaka dáð, ríkisborgararétt fyrr en öðrum, og gæti þar alveg nægt eitt ár. Það má í því sambandi minna á, að brezka ríkið veitir mönnum, sem hafa unnið einhverja sérstaka dáð, ríkisborgararétt fyrr en öðrum mönnum. Þeir telja, að ef maðurinn hefur gert eitthvað það, sem sé svo mikilsvert fyrir þjóðina, að til sérstakra dáða megi teljast, þá sé það vel þess virði að veita honum þar fyrir ríkisborgararétt og landinu reyndar sæmd að því. En meginreglan hlýtur að vera sú, að maðurinn skuli hafa verið langan tíma í landinu, og sú regla verður að setjast þannig, að ríkisstj. geti veitt þennan rétt, en það þurfi ekki að vera að bera það undir þingið hverju sinni, hverjir skuli fá ríkisborgararétt og hverjir ekki. Ég held, að það sé fyllilega tími til kominn að breyta þessu máli í þetta horf. Það er ekkert aðkallandi að veita ríkisborgararétt á þessu ári og hægt að koma málinu í það horf, sem við erum hér að ræða um, áður en þing kemur aftur saman næsta haust. Það er ekkert, sem tapast við það, þó að beðið sé með að afgreiða þetta mál þangað til búið er að ganga úr skugga um það, hvaða reglur menn vilji að ráði í þessu efni og hvaða menn eiga réttinn samkvæmt þeim reglum. Allt annað er vansæmd fyrir þingið, vansæmd á sama hátt og það var stórlega vítavert að veita þremur eða fjórum fjölskyldum, sem aldrei komu til landsins, ríkisborgararétt.

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Það er út af ummælum hv. 1. landsk. þm., sem ég vildi segja fáein orð. Hann gat þess sérstaklega í sambandi við afgreiðslu málsins í fyrra, að það hefði verið afgr. með hliðsjón af afgreiðslu þess á síðasta þingi á undan og að ekki hefði með því átt að fara að innleiða neina reglu um veitingu ríkisborgararéttar. Þessi afstaða n. í fyrra var algerlega bundin við það mál, sem þá var til afgreiðslu, en n. lýsti því sérstaklega yfir, að hún væri ekki með þeirri afgreiðslu að skapa neina reglu um veitingu þessa réttar.

En eins og þetta mál lá nú fyrir, þá átti allshn. um það að velja að láta málið vera óafgreitt, og það vildi hún ekki láta viðgangast, eða á hinn bóginn að halda sig við einhverjar reglur um þetta efni. Hún hefði getað haldið við þær reglur, sem hún fór eftir í fyrra, eða þær reglur, sem hv. Nd. fór eftir nú. Og þar sem segja má, að nokkuð mikið beri á milli hjá deildunum í þessu máli, þá þótti okkur, sem að afgreiðslu málsins stóðum nú, réttast að fara milliveginn og láta nokkuð af þeim kröfum, sem við annars hefðum viljað fara eftir, og þó að við værum á engan hátt ánægð með þær reglur, sem hv. Nd. hafði farið eftir. Ég held ég megi segja, að Nd. hafi t. d. bundið sig við 10 ára takmarkið. (**BrB:** Nei.) Jú, það má ég fullyrða. (**BrB:** Nei, þetta er rangt.) Ja, ég hef ekki skoðað plögg þessa fólks, en ég tók trúanlegt það, sem þeir sögðu mér, sem að afgreiðslu málsins stóðu í Nd., og þeir sögðu, að þeir hefðu bundið sig við það aldurstakmark. Og ég sé ekki, að við séum á neinn hátt nær því takmarki að fara á sanngjarnan hátt með veitingu þessa réttar, þó að deildirnar fari að slást um það, hverjum á að veita þennan rétt og hverjum ekki.

En nú er málinu háttað þannig, að Nd. afgr. þetta mál í fyrra á allmikið annan hátt en hún hefði kosið og lét þá nokkuð að óskum okkar. Mér finnst því skynsamlegast, þar sem svo langt er liðið á þing, — og ef þetta mál fær ekki framgang nú strax, þá eru líkur fyrir, að það verði alls ekki afgreitt, — að við slökum nokkuð til í því til samræmis við óskir Nd.

Það er engan veginn svo erfitt að hugsa sér, ef sú leið hefði ekki verið farin, að þessar tvær nefndir hefðu farið í hár saman út af þessu máli.

Nú var okkur öllum það fullljóst, að það voru vandræði að afgreiða málið eins og það lá fyrir. En þá kom það til athugunar, að með því að samþ. það í Nd., þá var búið að vekja vonir í brjósti ýmissa af þessu fólki og það hlaut að verða fyrir vonbrigðum, ef þetta mál hefði verið fellt hér eða einstakir menn teknir þaðan út.

Hv. þm. Barð. var að tala um það, að reglur hefðu verið brotnar. Á það við afgreiðslu þessa máls eins og það er í dag? (**GJ:** Almennt.) Það er tekið fram, að allir þessir menn hafa dvalizt hér a. m. k. í 10 ár nema þrír, og það stendur í ákvæðum um þetta 10 ára takmark, að þeir menn, sem séu af íslenzku foreldri, skuli vera undanþegnir því ákvæði. Og þessir menn, sem ekki hafa dvalizt hér tilskilinn tíma, voru teknir upp í frv. að tilhlutun ríkisstj. Og ég sé ekki ástæðu til að fara að rökræða það, hver skaði kann að vera af því, að þeir hafa verið teknir upp.

Ég mun að sjálfsögðu greiða þessu máli mitt atkvæði og tel, að þeir menn, sem upp hafa verið teknir, hafi verið teknir á öruggum grundvelli.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég sagði það áðan, að ég mundi bera fram rökstudda dagskrá við þetta mál. Ég vil nú leyfa mér að lesa hana hér upp.

„Í trausti þess, að ríkisstj. láti endurskoða lög nr. 64 28. jan. 1935, um ríkisborgararétt, hversu menn fá hann og missa, og leggi fyrir næsta Alþingi frv. til laga um breytingar á þeim lögum, þar sem ákveðnar reglur séu settar fyrir því, hvaða skilyrði menn skuli uppfylla til þess að öðlast ríkisborgararétt, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Ég mælti fyrir þessu áðan og þarf ekki fleiri orð um það að hafa, að ég tel rétt, að um þetta séu settar ákveðnar reglur og þegar þær einu sinni hafa verið uppfylltar, þá sé það á valdi sérstakrar stjórnardeildar að veita mönnum þennan rétt og Alþingi hafi þar ekkert um að segja, nema það vilji breyta þeim reglum, og þá verði það gert með lagabreytingum, en því verði hins vegar hætt að bera fram um það sérstakt frv., hvenær menn skuli fá ríkisborgararétt.

Ég verð nú að segja það, að ég hef aldrei heyrt önnur eins rök og þau, sem fram komu hjá hv. frsm. n. áðan fyrir þessu máli, hvernig ætti yfirleitt að fara með þau mál, sem á einhvern hátt hafa vakið vonir í brjósti einhverra manna. Ég held, að ef ætti að samþ. öll mál, sem vekja einhverjar vonir hjá einhverjum, þá yrði nú að samþ. flest mál. Ætli yfirleitt séu borin fram nokkur mál hér á þingi, sem ekki vekja einhverjar vonir? Hvernig hefði þá átt að fara með söluskattinn? Hefði ekki átt að samþykkja hann? Ætli hann hafi ekki vakið vonir hjá mörgum einstaklingum í þeim bæjarfélögum, sem nú eru aðframkomin og illa stödd? Þetta er alveg ný kenning um það, hvenær eigi að samþ. mál og hvenær ekki. Það var samþ. í Nd., að söluskatturinn skyldi renna að nokkru til bæjarfélaganna, en við hér í þessari deild vildum ekki samþ. það vegna þeirrar ábyrgðar, sem því fylgdi að stefna þannig öllu fjármálalífi landsins í voða. En ef við hefðum átt að fara eftir því, hvort það frv. hefði verið búið að vekja einhverjar vonir í brjósti ýmissa manna, þá held ég, að við hefðum nú mátt samþ. hann. Og ef það á nú að fara að innleiða þessa reglu, þá vil ég biðja menn að minnast hennar, þegar að því kemur að greiða atkvæði um mörg af þeim málum, sem ég hef borið fram. Ég held satt að segja, að þau hafi vakið vonir í brjósti margra og að ýmsir verði fyrir vonbrigðum, ef þau verða ekki samþykkt. (HG: Ég held það verði enginn fyrir vonbrigðum.) — Ég verð að segja það, að ég tel, að þetta séu ákaflega veik rök fyrir einu máli.

Ég vil svo ekki vera að tefja þetta mál með frekari umr., en leyfi mér að leggja þessa rökstuddu dagskrá fram, og vona, að menn sjái, að það er langréttast að afgreiða þetta mál nú á þann hátt, sem þar er lagt til.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt frá hv. þm. Barð. svo hljóðandi rökstudd dagskrá: „Í trausti þess, að ríkisstj. láti endurskoða lög nr. 64 28. jan. 1935, um ríkisborgararétt, hversu menn fá hann og missa, og leggi fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um breytingar á þeim lögum, þar sem ákveðnar reglur séu settar fyrir því, hvaða skilyrði menn skuli uppfylla til þess að öðlast ríkisborgararétt, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Liggur þessi till. hér fyrir til umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er aðeins út af þessari rökstuddu dagskrá, sem ég vil benda á það, að hún hvílir á misskilningi, því að í stjórnarskránni segir, að ríkisborgararétt skuli veita með lögum. Það á með öðrum orðum að ákveða það í hvert skipti, hverjir skuli hljóta þennan rétt. Og þegar menn eru eins og nú að tala um það, að það sé ómögulegt að meta það í hvert skipti, hverjir eigi að hljóta þennan rétt, og þeir séu óánægðir með þær reglur, sem um það eru látnar gilda, þá eru þeir ekki að segja annað en að þeir séu óánægðir með stjórnarskrána og eiga því að beita sér fyrir breytingum á henni í þessu sambandi, en þangað til henni hefur verið breytt, þá er hún í gildi umfram aðrar reglur. Og þegar menn eru að vitna í lög frá 1935, þá er um það að segja, að þau eru markleysa og stríða á móti stjórnarskránni, það er ekki hægt með lögum að taka það vald af Alþingi, sem stjórnarskráin ætlast til að það hafi.

Hitt er annað mál, sem hv. 8. þm. Reykv. talfærði við mig, áður en þessi umr. fór fram, að rétt væri, að dómsmrn. aflaði sér gleggri upplýsinga um þá menn, sem meiningin er að veita ríkisborgararétt hverju sinni, og leggja þær upplýsingar fyrir Alþingi ásamt umsóknum þessara manna. Ég er alveg á því, að sú ábending hafi við rök að styðjast, og því hef ég lagt fyrir dómsmrn. að láta athuga, hvort ekki sé hægt að gera eitthvað til þess að fá bót á þessu. En eins og sakir standa og á meðan stjórnarskráin er óbreytt í þessu efni, geta menn ekki komizt hjá því að taka afstöðu til hvers og eins, og geta það þá verið bæði stjórnmálaskoðanir og kunningsskapur, sem ræður afstöðu manna, og getur þá hver þm. skapað sér reglur um þessi atriði. En af þessum sökum finnst mér ekki viðhlítandi að afgreiða málið með þeirri rökstuddu dagskrá, sem hv. þm. Barð. hefur lagt fram, og ég get lýst því yfir, að ég mun ekki treysta mér til að undirbúa slíka löggjöf, sem að mínum dómi mundi stangast á við ákvæði stjórnarskrárinnar.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég get ekki neitað því, að það er alveg rétt, sem hæstv. dómsmrh. sagði, að með lögunum frá 1935 voru ekki sett lög, sem banna það, að Alþ. geti veitt ríkisborgararétt hverjum og hvenær sem það vill. En ástæðan til þess, að þessi lög voru sett 1935, var sú, að þá var hin mesta óregla á þeim hlutum, hvaða skilyrði umsækjendur um ríkisborgararétt þyrftu að uppfylla til þess að fá réttinn, og þessi óregla gekk svo langt, að mönnum var jafnvel veittur ríkisborgararéttur hér, þótt þeir hefðu ekki dvalizt hér nema um örskamman tíma. Menn voru svo ósparir á veitingu þessa réttar hér í þinginu, að það þótti ástæða til að setja einhver lög, sem takmörkuðu þetta. En hæstv. dómsmrh. hafði rétt fyrir sér að miklu leyti, þótt hann hafi kannske ekki haft það að öllu leyti, ef

orð hans eru skilin út í yztu æsar, því að þingið getur að sjálfsögðu sett lög um það, eftir hvaða reglum ríkisborgararéttur skuli veittur. Þannig eru þessi l. frá 1935 þýðingarlítil á vissan hátt, vegna þess að Alþ. getur breytt þeim hvenær sem því þóknast. Þó hafa þessi lög dugað nokkuð, því að eftir þeim reglum, sem þingið setti sér þannig, hefur verið farið í aðalatriðum við veitingu ríkisborgararéttar síðan. Þau hafa dugað eins og eins konar kritarstrik, sem ekki hefur verið farið yfir, og hafa því dregið úr þvi gáleysi, sem ríkti áður í þessum efnum. Hvort þingið vill nú fara að setja slíkar reglur með nýjum lögum eða þá með endurskoðun á l. frá 1935, er að sjálfsögðu undir vilja þess komið, en það er rétt hjá hæstv. dómsmrh., að þau standa ekki í veginum fyrir því, að þingið getur veitt ríkisborgararétt eftir öðrum reglum og þarf ekki að taka tillit til þeirra. En ég get sagt það eins og það er, að mér þótti ástæða til að setja þessi lög, þótt ég vissi, hve lítið lagalegt gildi þau hefðu, vegna þess að íslenzkur ríkisborgararéttur er svo mikils virði og eftirsóttur. Við erum ein af þeim fáu þjóðum, sem ekki nota sinn kvóta til innflutnings í þau lönd, sem mikil eftirsókn er eftir að komast til. Og það hefur víða vakið mikla eftirtekt, og má kannske segja, að það sé dálítið undarlegt, að í þessu kalda landi hefur kvótinn til innflutnings í hin eftirsóttu lönd ekki verið notaður. Þess vegna hafa margir erlendir menn sótzt eftir að fá ísl. ríkisborgararétt til þess að komast inn í þau lönd, sem útilokað er að þeir kæmust til frá sínum eigin löndum. Og er ég komst að því, að svona stóð á, að það átti að nota ísl. ríkisborgararétt til þessa, þá var tekið fyrir það af ráðuneytinu á þann hátt, að ráðuneytið mælti ekki með því, að þeir fengju ríkisborgararéttinn. Ég man sérstaklega eftir tveimur dæmum, þar sem svona stóð á og umsækjendurnir uppfylltu öll þau skilyrði, sem krafizt var í þessu efni, en fengu þó ekki réttinn, vegna þess að við komumst að því, að þeir ætluðu að nota ísl. ríkisborgararétt til þess að komast til annarra landa, þar sem þeir vissu, hve okkar innflutningskvóti var lítið notaður. En það er mjög illa séð hjá öðrum þjóðum, sem eðlilegt er, ef við látum slíkt líðast. En þannig hefur sem sagt ísl. ríkisborgararéttur verið mjög eftirsóttur. — Eins og menn geta séð, er raunar enginn ágreiningur um þetta atriði á milli mín og hæstv. dómsmrh., en ég vildi bara, að hv. þm. tækju eftir því, að lögin frá 1935 hafa þannig gert geysilegt gagn. Þau hafa komið í veg fyrir, að ísl. ríkisborgararéttur hafi verið veittur með jafnmikilli ógætni og áður.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég hef nú talað tvisvar um þetta mál, en ég spurði um það í fyrri ræðu, hvort hæstv. dómsmrh. gæti ekki verið viðstaddur, en var þá sagt, að hann væri fjarverandi, og vil ég því leyfa mér að segja nokkur orð núna.

Hæstv. dómsmrh. lýsti því yfir, að það væri ekki hægt að samþ. rökstuddu dagskrána vegna þess, að hún stríði á móti ákvæðum stjórnarskrárinnar, enda væru lögin frá 1935 einskis virði. Ég skal nú ekki fara að taka upp umr. við hann um svo veigamikil lagafyrirmæli. Hins vegar virðist mér, að samstarfsmaður hans í ríkisstj. sé nokkuð á annarri skoðun í þessu efni. Þegar ég talaði um þetta mál áður, benti ég á, að mér fyndist eðlilegast fyrir okkur hér að koma á föstum reglum um skilyrðin fyrir því, að hægt væri að veita ríkisborgararétt, svo að ráðuneytið gæti síðan veitt hann án þess að spyrja Alþ., og ég get ekki skilið, að slíkar reglur þyrftu að brjóta í bága við stjórnarskrána. Og þegar bornar eru hér fram breytingar, þá verða þær að koma fram við þau lög, sem gilda í þessu efni. Mér finnst þetta eðlilegri starfsaðferð en að hér sé sett fram frv. um þetta efni á hverjum tíma og þá velti allt á kunningsskap og áróðri, hverjir fá ríkisborgararéttinn og hverjir ekki. Ég vænti því, að hæstv. dómsmrh. sjái sér fært að láta útbúa fastar reglur um þessa hluti, eins og gert var 1935, sem séu a. m. k. til leiðbeiningar fyrir Alþ. Ég veit ekki betur en farið hafi verið eftir lögunum frá 1935 í stórum dráttum og oft vitnað í þau, svoleiðis að eitthvert gildi hafa þau haft. — Ég skal svo ekki ræða frekar um þetta atriði. En ég vildi spyrja hæstv. dómsmrh. að því, hvort til ráðuneytisins hafi ekki borizt umsókn um ríkisborgararétt fyrir Björn Hallsson, fæddan í Danmörku, en faðir hans er íslenzkur. Faðir hans hefur sagt mér, að hann hafi lagt fram í ráðuneytinu umsókn fyrir nokkru, en ég sé, að hann er ekki tekinn hér með, og mér er sagt, að skjöl hans hafi ekki komið til hv. allshn. En ég vil óska eftir þeim upplýsingum, hvort hans umsókn hafi ekki borizt til ráðuneytisins og hvort það hafi þá lagzt á móti henni. Ég mun þá kannske við 3. umr. bera fram brtt. um þennan mann, og ég vildi óska, að hv. nefnd geti tekið gögn hans til athugunar, ef þau hafa borizt til ráðuneytisins.

Finnbogi R. Valdimarsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, þar sem hæstv. landbrh. tók fyrir í ræðu sinni nokkuð af því, sem ég ætlaði að segja. En ég vil benda hæstv. dómsmrh. á það, sem kom og fram í ræðu hv. þm. Barð., að þótt það sé hans skoðun, að ríkisborgararétt eigi ekki að veita samkvæmt föstum lögum frá Alþ., þá felast ekki nein ákvæði um slíkt í till. þeirri til rökstuddrar dagskrár, sem hv. þm. Barð. hefur lagt fram. Það felst ekki í henni, að Alþ. hætti að veita ríkisborgararétt með lögum í hvert sinn. Það er því óhætt að samþ. rökstuddu dagskrána þess vegna, að hún þarf ekki að leiða til stjórnarskrárbrots. Ég benti á það áður, að ég teldi fulla ástæðu til að endurskoða reglurnar um veitingu ríkisborgararéttar, bæði um það, hverjir skuli fá ríkisborgararétt, og enn fremur og ekki síður að breyta reglunum um meðferð þessara mála í sambandi við umsóknirnar. Það er nauðsynlegt að breyta eitthvað meðferð og undirbúningi þessara mála, áður en þau koma fyrir þingið. Þess vegna sé ég ekki, að hæstv. dómsmrh. þurfi að þvertaka fyrir það að láta fara fram endurskoðun á þessum reglum, sérstaklega með það fyrir augum, að meðferð umsóknanna um ríkis-

borgararétt verði breytt, enda þótt ríkisborgararéttur verði veittur með lögum frá Alþ. eins og áður samkvæmt stjórnarskránni. — Ég vil benda á, að hluti nefndarinnar, sem ég hélt að væri meiri hl., en ég sé nú, að svo er ekki, hefur gert till. um að taka þrjá menn inn í frv., sem uppfylla ekki skilyrðið um 10 ára dvöl hérlendis, en það skilyrði er í lögunum frá 1935, og fær það því ekki staðizt, að nefndir í þinginu hafi haldið þessar reglur, sem í lögunum eru. Það er líka vitað, að hv. allshn. Nd. hefur ekki farið eftir þessari reglu í a. m. k. einu tilfelli, þar sem hún hefur ekki tekið upp mann, sem uppfyllti öll skilyrðin, en tók aftur á móti út einn mann, sem nefnd þessarar hv. deildar hafði tekið inn, vegna þess að hann uppfyllti ekki skilyrðið um 10 ára dvöl hér á landi. Það er því sýnilegt, að hér er ekki farið eftir reglum laganna frá 1935, auk þess sem engar reglur eru til um meðferð málsins í heild.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Út af fyrirspurn hv. þm. Barð. er það sannast að segja, að ég man ekki með neinni vissu eftir þessum manni, en þó er eins og ég kannist við, að hann hafi lagt fram umsókn og við talið einhvern annmarka á hans máli. Ég man þetta þó ekki með vissu, en sannast að segja veit ég ekki, hvort nokkur ávinningur er að því fyrir nokkurn að draga það mál hér fram. Þó hef ég auðvitað ekkert á móti því, að nefndin spyrjist fyrir um hans gögn í dómsmrn.

Hins vegar er það ljóst, að það er nokkur meiningarmunur á milli mín og hv. þm. Barð. í þessu máli. Hann vildi telja það mögulegt, að stefnt yrði að því að taka þetta mál úr höndum Alþ. Þetta álít ég að sé óheimilt, ef ákvæði stjórnarskrárinnar í þessu efni eiga að gilda. Hitt er svo að sjálfsögðu rétt, eins og kom fram hjá hæstv. landbrh., að lögin frá 1935 geta hafa haft móralskt gildi. Þau hafa getað gilt sem eins konar sáttmáli, sem þm. hafa gert sín á milli um þetta mál, en lagalega þýðingu hafa þau ekki haft. Ég held, að okkur greini ekki á um þetta. Ég neita því ekki, að almennar reglur geti haft nokkra þýðingu. En það verður að virða mér þessa skoðun mína nokkuð til vorkunnar, því að ég var kennari við lagadeildina, þegar þessi lög voru sett, og ég hélt því þá alltaf fram, að lagalega væru lögin þýðingarlaus og í andstöðu við stjórnarskrána, svo að þessa skoðun mína fékk ég þá. Og þess vegna segi ég það, að ég treysti mér ekki til að setja reglur, sem ég samkvæmt sannfæringu minni tel, að ekki fái staðizt. En ef deildin samþ. þessa rökstuddu dagskrá, þá hún um það. Hinu er ég sammála, sem kom fram hjá hv. 7. landsk., að það er eðlilegt, að þingið ætlist til þess, að þessi mál verði betur undirbúin, er þau koma inn í þingið, og mun ég reyna að beita mér fyrir því, að svo verði gert.

Um endurskoðun sjálfra laganna um ríkisborgararétt vil ég segja það að öðru leyti, að það hafa nú verið sett um þetta ný lög á Norðurlöndunum. Áður voru íslenzk lög um þetta efni í nokkru samræmi við lög þeirra landa, en nú er það þá ekki lengur, og við höfum skoðað það gaumgæfilega, hvort rétt væri að breyta ísl. lögum í samræmi við þær breyt., sem þessi lönd hafa gert, og sýndist okkur, að það væri ekki rétt að leggja slíkar breytingar fyrir það þing, sem nú er að ljúka. Að vissu leyti væri kannske hentugt og skemmtilegt að fylgja reglum hinna Norðurlandanna í þessu efni, en þó kynni það að vera, að í þeirra reglum fælust ákvæði, sem við vildum ekki samþ.

Umr. frestað.

Á 63. fundi í Ed., s. d., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 492, n. 606, 607, 673).

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Það er bara út af setningu, sem féll hjá hv. 7. landsk., um, að ekki hafi verið haldið reglunni í þeim till., sem n. gerir á þskj. 607. Um þetta vil ég segja, að nr. 2, 3 og 6 uppfylla skilyrði l. Um nr. 1 og 5 er það að segja, að þeir voru í frv. ríkisstj., þegar það kom frá dómsmrn., og ef þeir eru samþ., þá koma þeir inn í l., og er það í þessu tilfelli réttmeira heldur en þessi regla. Með öðrum orðum: fjórir af þessum mönnum, sem við höfum lagt til að verði samþ., uppfylla skilyrðin og um hina tvo verður deildin að gera upp við sig, hvort hún vill afgr. l. um þá, sem ekki falla undir þessa reglu.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég þarf ekki að segja mikið um þetta mál, því að raunverulega greinir okkur lítið á, hæstv. dómsmrh. og mig, um þetta mál.

Það er ljóst, að þingið getur gengið fram hjá þessari reglu, hvenær sem það vill, og sett l. um ríkisborgararétt. Það er því alveg rétt hjá hæstv. dómsmrh. og n., að hún er ekki bundin við þessa reglu og þingið getur sett l. um það, að þessi og þessi maður skuli fá ríkisborgararétt, þó að hann uppfylli ekki þessi skilyrði. En það er engum efa bundið, að þrátt fyrir þetta er nauðsynlegt að setja lagaákvæði fyrst og fremst um það, hvernig á að afla upplýsinga um mann, sem veita á ríkisborgararétt, og hvernig á að vinna úr þeim gögnum, og jafnframt, hvaða skilyrði hann þarf að uppfylla, en þetta eru vitanlega reglur, sem að jafnaði verður farið eftir, því þó að þetta sé svona, vegna þess að þessi ákvæði eru í stjskr., þá hlýtur það alltaf að verða handahóf og leiðinleg afgreiðsla, ef ekki eru settar um þetta reglur. Ég álít þess vegna ekki óeðlilegt, að Alþ. segi: Eftir þessum reglum ætla ég að fara, þegar ég set um það l. — En eins og ég sagði áðan, þá er sáralítill ágreiningur eða næstum enginn um þetta atriði, og ég álít, í samræmi við það, sem ég vann að þessu 1935, að það þurfi að fullkomna þessar reglur, sem aldrei geta orðið annað en meginreglur, sem þingið segist ætla að fara eftir fyrst um sinn og getur síðan vikið frá eftir vild. Því er það mjög vafasamt atriði, að þetta eigi að vera í hendi löggjafans, svo mikið handahóf, sem á því hefur verið.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég hef sannfærzt um það undir þessum umr., að það

er stjórnskipulega rétt, að þingið hverju sinni ákveði, hverjum er veittur ríkisborgararéttur og hverjum synjað um hann. En samt er ég alveg sannfærður um, að það færi betur á því, að einhverjar meginreglur væru gildandi um það, hvaða skilyrðum menn þyrftu að fullnægja til þess að geta öðlazt íslenzkan ríkisborgararétt, því að það væri mjög óskemmtilegt, ef það giltu gerólíkar reglur um það frá ári til árs, hverjir fengju þennan mikilsverða rétt. Að manni væri veittur ríkisborgararéttur í fyrra, en öðrum, sem alveg stæði eins á um, væri synjað um hann í ár, það væri óskemmtilegt þingsins vegna. — Nú er með þessu frv. sett í 2. gr. nýtt skilyrði, sem ekki hefur verið sett áður, þar segir: „Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum nr. 54 27. júní 1925, um mannanöfn.“ Í ár væri þá kannske fjölda útlendra manna veittur ríkisborgararéttur, sem ekki mættu heita sínum útlendu nöfnum, en næst mættu menn heita hverrar þjóðar nöfnum sem vera vildi. Ef þetta er samþ. svona nú, þá tel ég sjálfsagt að fylgja þessari reglu í framtíðinni, en ekki að þingið rokki til með þetta frá ári til árs. — Í sambandi við þetta er ekki ljóst, hvernig á að framkvæma þetta, hvernig útlendingar eiga að skipta um nöfn. Svo er vitnað til l. um mannanöfn frá 1925, en þar segir, að prestar skuli hafa eftirlit með því, að þeim ákvæðum sé fylgt, að menn heiti íslenzkum nöfnum og kenni sig við föður sinn, og ef ágreiningur er, þá beri heimspekideild að skera úr, og að þeir, sem heita klaufalegum erlendum nöfnum áður en þessi l. voru sett, geti fengið nöfnum sínum breytt með konungsleyfi. Eiga nú þessir menn að sækja um forsetaleyfi, ganga undir skírn hjá presti eða sækja um leyfi til ríkisstj.? Er ekki einhver, sem getur upplýst, hvaða ráðstafanir útlendingar eiga að gera til þess að fullnægja þessu skilyrði, sem nú er sett til að geta fengið íslenzkan ríkisborgararétt?

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég get tekið undir það, sem hér hefur komið fram, að æskilegast væri, að farið væri eftir vissum meginreglum varðandi veitingu ríkisborgararéttar, og þau frv., sem ég hef lagt fram um þetta, hafa hvílt á þeirri hugsun að halda mjög í þennan rétt, en láta hann ná til þess fólks, sem raunverulega eru Íslendingar, eins og n. tekur núna upp konu, sem um nokkurra mánaða skeið fluttist úr landi og missir ríkisborgararéttinn og er svo komin hingað aftur. Það er meiningarlaust að láta þessa konu bíða mörg ár eftir því að fá fullan borgararétt aftur, og í þessu tilfelli er eðlilegt og sjálfsagt að breyta út af reglunni. Ég er ekki að hafa á móti því sem meginreglu, að menn verði að dveljast hér á landi t. d. í 10 ár, en í þessu tilfelli horfir málið öðruvísi við. Það getur líka staðið þannig á, að menn séu svo gersamlega tengdir íslenzku lífi, að ljóst sé, að þeir séu orðnir Íslendingar, þó að þeir séu ekki búnir að vera þennan tíma, svo að ég held, að menn greini talsvert minna á í þessum efnum en lítur út fyrir.

Varðandi spurningu hv. 6. landsk. um nafnabreytingar, þá er það auðvitað atriði, sem kemur til athugunar, og liggur sennilega næst að ég svari því, þar sem framkvæmd l. mundi koma undir mig. Ég geri ráð fyrir, að ég mundi ekki krefjast nýrrar skírnar, og skilst mér, að það sé alveg ljóst, en þá mundi sennilega eðlilegast að láta þá sækja til ráðuneytisins um nafnabreytingu, og yrði þá sennilega látið vera það form að kalla það forsetaúrskurð eða forsetaleyfi með hliðsjón af lögunum.

ATKVGR.

Rökstudd dagskrá á þskj. 673 felld með 8:5 atkv.

Brtt. 607 samþ. með 10 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 9:1 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 19. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 674).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samb. með 9 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls bar ég fram till. til rökst. dagskrár, þess efnis að vísa málinu frá í trausti þess, að ríkisstj. léti endurskoða l. frá 1935, en hún var felld, m. a. vegna þess, að hæstv. dómsmrh. lýsti því yfir, að hann mundi ekki taka við dagskránni, þar sem hann taldi, að hún ætti ekki stoð í stjskr., en núverandi landbrh. er ekki á sömu skoðun. Ég fullyrði, að það sé nauðsynlegt að endurskoða þessi l. Það er rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að það væri vafasamt, eftir hverju ætti að fara í sambandi við veitingu ríkisborgararéttar. Það hafa verið nokkrar meginreglur, sem farið hefur verið eftir, þó að vikið hafi verið frá þeim að nokkru leyti. Ég get ekki fallizt á þau rök hæstv. ráðh., að þetta stríði á móti stjskr. Ég hef orðið var við það hér, að hún hefur verið teygð á alla vegu. Það er ein sönnunin, að kosningu hefur verið frestað um eitt ár, og hygg ég, að það sé ekki eftir fyrirmælum stjskr. Það stendur einnig í stjskr., að ekkert megi greiða úr ríkissjóði, nema veitt sé til þess heimild á fjárlögum, en nú er það vitað, að 100 millj. kr. hafa verið greiddar án þess að leita heimildar á fjárlögum. Þetta er því ekki sönnun þess, að ekki megi gera endurbætur á þessum l., vegna þess að það stríði á móti stjskr. Ég ætla því nú að bera fram brtt. við frv. sjálft. Ég vil m. a. taka undir það, sem hv. 6. landsk. sagði hér, að ef ekki verður sett í önnur l. skilyrði fyrir nafnabreytingum, verður að taka það upp í hvert skipti, sem þarf ekki, ef það er tekið upp í hin almennu l. Rn. má þá ekki leyfa sér að veita þeim mönnum ríkisborgararétt, sem ekki uppfylla þessi skilyrði, sem ákveðin eru með þessum l. Ég tel, að það séu mörg ákvæði, sem nauðsynlegt er að setja inn í þessi l. Ég vil taka það fram, að ég tel

sjálfsagt, að íslenzkar konur, sem misst hafa ríkisborgararéttinn við að giftast erlendum mönnum, en misst þá, fái hann strax aftur, þegar þær æskja þess. Ég tel það vafasamt, að íslenzk kona eigi að missa ríkisborgararéttinn, þegar hún giftist erlendum manni. Þannig er það í Ameríku, að íslenzk kona fær ekki strax ríkisborgararétt, en þegar hún hefur misst hann á Íslandi, þá er hún ættjarðarlaus. Það eru því fleiri atriði en þetta, sem ég tel sjálfsagt að taka til athugunar við samningu þessara l. Ég tel rétt að athuga, hvort ekki væri rétt að veita mönnum ríkisborgararétt fyrir dáðir, sem þeir hafa drýgt. Ég tel það ekki neina goðgá að veita manni eins og Carlsen ríkisborgararétt, ef hann væri búsettur á Íslandi, þó að hann hefði ekki uppfyllt tímatakmarkið. Allt þetta má setja í l. og ber að setja í l.

Ég skal svo ekki frekar ræða um þetta, en leyfi mér að leggja fram till. mína og vænti þess, að hæstv. forseti sjái sér fært að bera hana upp, þó að hin hafi verið felld í gær.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 701) leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það, sem ég vildi segja um þetta mál, er það, að ég tel, að þetta sé eitt það nauðsynlegasta og eðlilegasta mál, sem tekið hefur verið upp í þinginu. Það er mikilsvert, að þetta verði samræmt, en nú eru í gildi ýmis ákvæði um þetta í ýmsum löndum. Og ég vil mjög beina því til þeirra manna, sem fara á þing Sameinuðu þjóðanna, hvort ekki væri ástæða til að reyna að koma meira samræmi á um ríkisborgararéttinn í löndunum. Þetta fyrirkomulag, sem nú ríkir, er afar óheppilegt. Það er óheppilegt, að ein kona fái réttinn, ef hún giftist erlendum manni, en önnur ekki, eftir því, til hvaða lands hún giftist. Þess vegna vildi ég beina því til hæstv. dómsmrh. og þeirra annarra manna, er mæta á alþjóðaráðstefnum, hvort ekki væri rétt að reyna að samræma þessi mál í hinum ýmsu löndum.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. 1. þm. N-M., að það er mjög mikilsvert atriði, ef samræma mætti ríkisborgararéttarlög í hinum ýmsu löndum, og hefur einmitt mikið verið um það rætt, að samræma mætti þetta á Norðurlöndum. Er vel farið að vekja máls á þessu og mjög fróðlegt að heyra, hvað þm. sýnist um þetta. Þetta er mjög skynsamlega athugað hjá hv. 1. þm. N-M. og orð í tíma töluð.

Varðandi till. hv. þm. Barð., þá sýnist mér, að hún ætti að vera í þál.-formi, en eigi ekki heima hér, og er það hinn mesti ósiður að blanda saman þannig óskyldum málum. Ég vil því mælast til, að hv. d. samþykki ekki þessa tillögu.

Ég hef mikinn hug á að koma inn í l. ríkisborgararétti handa 1—2 mönnum í viðbót, en hef ekki enn nægar upplýsingar fyrir hendi. **Vil ég þó ekki tefja málið meira við þessa umr.,** en mun reyna að koma þessu að í Nd.

ATKVGR.

Brtt. 701 felld með 9:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, GJ.

nei: HV, HG, HermJ, JJós, KK, PZ, RÞ, SÓÓ, BBen.

BSt greiddi ekki atkv.

5 þm. (LJóh, StgrA, VH, BrB, FRV) fjarstaddir.

3 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Hannibal Valdimarsson: Mér finnst ekki rétt að gera breytingar á frv., ef á að bjarga því í gegnum þingið. (GJ: Það er þegar búið að gera.) Auk þess fellst ég á skoðun hæstv. dómsmrh., að till. ætti að vera í þál.-formi, og segi nei.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Ég er samþykkur því að efni til, að þessi l. um ríkisborgararétt verði endurskoðuð, en get ekki fallizt á að setja fyrirmæli um það inn í þessi lög, sem hér er verið að afgreiða, og segi því nei.

Bernharð Stefánsson: Ég greiði ekki atkv., er samþykkur till. efnislega, en hef að athuga við formið.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 65. fundi í Nd., 21. jan., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil eindregið mælast til þess, að sú nefnd, sem hafði þetta frv. til meðferðar við fyrri umræður þess, taki það til athugunar á ný. Við munum eftir því, að það voru nokkrar deilur hér í hv. deild út af afgreiðslu þess, og því held ég væri réttast að fá það fram, hvort nefndin vildi ekki freista þess að koma málinu í réttlátara horf. Það er sannarlega ekki vansalaust fyrir Alþ. að afgreiða þetta mál eins og nú er komið um það. Ég vildi því mælast til þess, að nefndin kæmi saman á ný og tæki málið til athugunar, og þyrfti það ekki að verða til að tefja málið.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Þetta mál hefur nú tekið nokkrum breyt. í hv. Ed. Að vísu mun allshn. Nd. þekkja til sumra breytinganna, en þó treysti ég mér ekki til þess að fullyrða neitt um 2—3 nöfn, sem hv. Ed. hefur tekið upp í frv., hvernig ástatt er með þau. Get ég því fyrir mitt leyti fallizt á ósk hv. 2. þm. Reykv. um, að nefndin taki frv. aftur til athugunar. Vonandi ætti það ekki að þurfa að tefja málið, þótt það sé gert.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil aðeins leyfa mér að benda á það, að eftir því sem bezt er vitað, er nú mjög liðið á þingtímann, þar sem gert er ráð fyrir, að þinginu verði slitið þá og þegar. Það er því mjög hæpið, ef málinu verður frestað nú, að það fái afgreiðslu á þessu þingi, og ef hæstv. forseti frestar því, vildi ég mælast til þess, að séð yrði fyrir því, að málið geti komið síðar í dag til umr. og afgreiðslu.

Forseti (SB): Mér hefur borizt ósk um að fresta þessu máli um skeið, og hefur verið tekið undir þá ósk frá hv. allshn. Málinu er því frestað um skeið, en það verður tekið fyrir aftur síðar í dag, og hefur þá nefndin tóm til að taka það til athugunar í millitíðinni.

Umr. frestað.

Á 66. fundi í Nd., s. d., var fram haldið einni umr. um frv.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. N. hefur nú kynnt sér afgreiðslu Ed. á málinu. Það hefur komið í ljós, að allshn. Ed. hefur haft aðrar reglur til að fara eftir en allshn. Nd. Allshn. Nd. hefur haldið sig við þau ákvæði l., að menn hafi haft hér búsetu minnst um 10 ára skeið samfellt. Fyrir þá sök gerði allshn. þessarar d. till. um að fella tvo menn niður úr frv. Nú lagði allshn. Ed. til, að þeir yrðu teknir upp í frv. að nýju, og hv. Ed. samþ. þá till. n. Enn fremur hafa borizt nýjar umsóknir frá fólki, sem átt hefur jafnan rétt á að fá ríkisborgararétt, a. m. k. hvað áhrærir flesta þá menn, sem n. tók upp. Allshn. þessarar deildar sá ekki ástæðu til út af hinni mismunandi afgreiðslu málsins að fara að gera breyt. á frv. af þessum sökum og lætur það þess vegna hlutlaust. En fyrst svo var, að hv. allshn. Ed. hélt sig ekki við ákvæðin um búsetu fólks, þá fannst okkur 5. þm. Reykv. ástæða til að taka upp í frv. tvo menn, sem hafa búið hér lengur en sumt af því fólki, sem hv. allshn. Ed. hefur tekið upp í frv. Fyrir þá sök höfum við leyft okkur að bera fram brtt., sem nú er í prentun. Þessir tveir menn eru Eilertsen, sem er sjómaður í Reykjavík og fæddur í Noregi, og Rafn, sem er vélvirkjanemi í Reykjavík, einnig fæddur í Noregi. Rafn fluttist hingað 1941 og kvæntist 1944, og á hann hér 3 börn. Hann stundar hér vélvirkjanám og hefur verið í iðnskólanum í 3 ár. Hann hefur kynnt sig hér vel, hefur góð meðmæli, og öll hans skilríki eru í bezta lagi, og hann hefur verið hér búsettur í nokkuð langan tíma, svo að okkur finnst ekki ástæða til annars en að hann fái þennan rétt. Hið sama má segja um Eilertsen. Hann kom hingað laust eftir 1940 og kvæntist hér 1943. Hann hefur stórt heimili, því að þau hjónin eiga 6 börn. Hans skjöl eru einnig í bezta lagi, og af þeim er það að sjá, að hann sé vel látinn maður. — Hv. 1. flm. þessarar till. hefur persónuleg kynni af þessum mönnum, og gefur hann nánari upplýsingar um þá. Mér finnst fara vel á því, að þessi hv. deild bæti þessum tveim mönnum inn í, og vænti ég þess, að hv. Ed. geri ekki ágreining út af því. — Vænti ég svo þess, að málið fái fljóta afgreiðslu.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég ætla aðeins að bæta hér nokkru við það, sem hv. 1. þm. Árn. sagði. Hann gerði grein fyrir afstöðu n. í heild, en eins og menn rekur minni til, þá lá fyrir við 3. umr. hér í d. till. um annan þessara manna, sem nú er tekin upp í þessa brtt., flutt af okkur hv. 3. landsk. Ég gerði þá grein fyrir afstöðu minni. Þessi maður er Dagfinn Eilertsen, sem sennilega yrði Dagfinnur Erlendsson, ef till. um íslenzk nöfn kemur til framkvæmda. Ég vil aðeins bæta því við, að við meðferð málsins í Ed. voru tveir menn teknir upp í frv., sem komu til landsins 1946. Við þetta höfum við ekki gert neina athugasemd, er við athuguðum málið á ný í n. En þessi Norðmaður kom hingað til lands 1941 og giftist íslenzkri konu. Hann var búsettur á Seyðisfirði og giftist þar, en fluttist síðan hingað suður og átti þá tvö börn. Hann ætlaði að ílengjast hér á landi, en skrapp út. Þau hjónin eiga nú 6 börn, og hann gegnir hér sjómennsku. Hann fór, eins og ég sagði áðan, út í millitíðinni með herdeildinni til að hitta foreldra og vini og leysa sig úr herþjónustu. Að öllu þessu athuguðu, af því að hann hefur góð meðmæli og fluttist hingað 1941 og er giftur íslenzkri konu, þá sé ég ekki ástæðu til að mæla á móti honum, þar sem Ed. hefur ekki tekið strangt á l. um búsetu.

Svipað mun standa á með hinn Norðmanninn. Hann mun hafa komið hingað 1941 og kvæntist íslenzkri konu 1944 og á með henni börn. Það gegnir öðru máli en ella, þegar um er að ræða svo skyldar þjóðir sem Norðurlandaþjóðirnar eru, sem hafa haft hér nokkur forréttindi fram yfir aðrar þjóðir. Ég sé því ekki ástæðu til að neita mönnum um þennan rétt, sem hafa öll skilríki í lagi og hafa komið sér vel og vilja ílengjast hér, þar sem þeir eru kvæntir íslenzkum konum. Ég vil því leyfa mér að vænta þess með hliðsjón af því, hve mjótt er á mununum um afgreiðslu málsins, að hv. þm. hafi ekki skap í sér til þess að láta þessa tvo Norðmenn verða eftir, þegar 35 mönnum er veittur þessi réttur. Ég hygg, að menn geti með góðri samvizku greitt atkvæði með því, að þessir tveir menn fái íslenzkan ríkisborgararétt. Ég vildi aðeins bæta því við, ef einhver kynni að álíta, að málinu væri stefnt í hættu með brtt. nú, að ég hef átt tal við meiri hl. allshn. Ed., og þeir munu ekki setja fótinn fyrir þetta, og ætti þetta því ekki að hafa nein áhrif á framgang málsins. — Ég vildi bara láta þetta koma fram.

Forseti (SB): Mér hefur borizt brtt. frá hv. 5. þm. Reykv. og 1. þm. Árn. Till. þessi er skrifleg og of seint fram komin og þarf því afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 726) leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er aðeins viðvíkjandi þingsköpum. Þarf ekki forsetaúrskurð fyrir því, hvort bera má fyrri till. fram?

Jóhann Hafstein: Það er aðeins stutt athugasemd út af fyrirspurn hv. þm. Það hefur aldrei verið borin upp till. í sama formi, því að þessir menn hafa verið bornir upp í till. með öðrum, og breytir það málinu, hvort þeir hafa verið bornir upp út af fyrir sig eða ekki.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Ég vildi gjarnan taka undir þessa fyrirspurn hv. 2. þm. Reykv.

Mér hefur skilizt, að till., sem legið hefur fyrir til umr. og verið felld, megi ekki bera upp aftur. Ef hæstv. forseti kemst á þá skoðun, að þetta megi, þá vildi ég bera upp aftur till., sem ég flutti við 3. umr. hér í Nd. um þýzkan mann, sem fullnægir öllum skilyrðum um ríkisborgararétt og hefur allt til að bera til að geta orðið íslenzkur ríkisborgari. Ég vildi fá úrskurð forseta um þetta.

Umr. frestað.

Á 67. fundi í Nd., s. d., var enn fram haldið einni umr. um frv. (A. 674, 726).

Forseti (SB): Út af þeirri fyrirspurn, sem hv. 2. þm. Reykv. og hv. þm. Siglf. hafa beint til forseta, skal það tekið fram, að till. hefur ekki verið felld í þessari hv. d. um að veita þeim manni ríkisborgararétt, sem um getur í fyrri lið till. Hins vegar var þessi till. um ríkisborgararétt borin upp ásamt till. um tvo aðra menn og var felld. Má því ætla, að sá uppburður till. hafi haft áhrif á þann lið till., sem tekinn er upp á þskj. 726. Því verður að teljast leyfilegt að bera undir atkv. fyrri lið till. á þskj. 726.

ATKVGR.
Brtt. 726,1 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 726,2 samþ. með 22 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 20:3 atkv. og endursent Ed.

Á 68. fundi í Ed., 22. jan., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 736).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Ég vildi bara gera grein fyrir því, að brtt. við þetta frv., sem kom fram í Nd. og var samþ. þar, er um að veita tveim Norðmönnum ríkisborgararétt og er á þskj. 726.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 744).

---

31. Hámark húsaleigu o. fl.

Á 5. fundi í Nd., 9. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um hámark húsaleigu o. fl. [38. mál] (stjfrv., A. 42).

Á 9. fundi í Nd., 11. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Það var á þingi 1950, að gerð var breyt. á l. um húsaleigu frá 1943, og voru þá m. a. gerðar þær breyt., að viss ákvæði skyldu falla niður á ákveðnum tímamótum. Þau fyrstu skyldu þá falla niður 1. okt. 1950, nokkur önnur 14. maí 1951 og svo loks nokkur 14. maí 1952. Meðal þeirra ákvæða, er skyldu falla niður 14. maí 1951, var ákvæðið um leiguíbúðir, sem eru í því sama húsi sem húseigandi býr sjálfur í, en í l. er bæjar- og sveitarstjórnum heimilt að ákveða, að sum ákvæði l. gildi áfram fyrir hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélag.

S. l. vor, er ákvæðin skyldu ganga úr gildi, kom beiðni frá bæjarstjórn Reykjavíkur um, að sett yrðu brbl. um hámark húsaleigu og ákvæði, er tryggi forgangsrétt bæjarmanna að leiguhúsnæði í bænum að því er tekur til leiguhúsnæðis í húsum, sem eigandi býr sjálfur í, m. ö. o., sömu ákvæðin og áttu að ganga úr gildi. Þar sem þarna kom fram einróma beiðni, voru sett brbl. 25. maí um þetta atriði. Frv. er hér fram borið til að fá staðfestingu hæstv. Alþ. á þessum brbl.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál. Legg ég til, að málinu verði vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 42, n. 206, 191).

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 31. fundi í Nd., 22. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 191 samþ. með 18 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., 26. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 255, 256).

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Það er aðeins smávægileg breyt., sem ég hef flutt við þetta frv. Það er um gildistöku l. Því var ekki veitt athygli fyrr en eftir 2. umr., að heppilegra væri að breyta ákvæðum 5. gr. í þá átt, að l. skyldu öðlast gildi þegar.

ATKVGR.
Brtt. 206 samþ. með 20 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 35. fundi í Ed., 27. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 270).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég sé, að enginn hæstv. ráðh. er mættur hér. En ég minnist þess, að á síðasta þingi, í umr. um húsaleigumálin, lýsti hæstv. félmrh. því yfir, að sér-

stök n. mundi skipuð til að undirbúa löggjöf um þetta efni. Í þessu sambandi vildi ég spyrja, hvort þessi mál hafi ekki verið athuguð og hvort ekki megi vænta þess, að árangurinn af þeim athugunum verði lagður fyrir Alþ. Veit ég ekki, hvort einhver hv. dm. getur gefið upplýsingar um þetta í fjarveru ráðherra.

Rannveig Þorsteinsdóttir: Herra forseti. Út af því, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði, vil ég geta þess, að n. hefur starfað í þessu máli og þegar undirbúið frv. Veit ég ekki, hvers vegna það hefur ekki verið lagt fyrir Alþ. enn þá.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að beina því til þeirrar hv. n., sem þetta mál fær til athugunar, að ganga eftir því hjá hæstv. félmrh., hvað þessu máli líður.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Mér finnst ekki óeðlilegt að biðja hæstv. forseta að fresta þessu máli, þar til hæstv. ráðh. hefur tíma til að gefa upplýsingar um það, áður en það fer til n. Hér er um stjfrv. að ræða og því ekki óeðlilegt, að það sé ekki tekið fyrir að ráðh. fjarstöddum. Mér er ljóst það, sem hæstv. forseti sagði, að þm. eiga að vera hér við. En þar sem áhugi virðist ekki vera meiri en svo, að hæstv. ráðh. gefur sér ekki tíma til að vera viðstaddur 1. umr. málsins, vona ég, að það verði tekið af dagskrá.

Forseti (BSt): Ég get ekki lagt mælikvarða á mál, hvort þau séu gagnleg eða þeim liggi á, eftir því, hvort hæstv. ráðh. eru við, þegar þau eru tekin til umr. Þó að hæstv. ráðh. hafi ekki áhuga á málinu, geta aðrir haft það. Og eftir því, sem hæstv. ráðh. mæta í þessari d. a. m. k., er ómögulegt að gera það að reglu að taka mál af dagskrá, þó að hlutaðeigandi ráðh. sé ekki við, en í eitt skipti er það hægt. Umr. um þetta mál er því frestað og það tekið af dagskrá. Forseti lætur hæstv. ráðh. vita, hvaða mál eru tekin fyrir á hverjum degi, með því að senda þeim dagskrá eins og öðrum hv. þm.

Umr. frestað.

Á 36. fundi í Ed., 29. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég sé, að hér er á ferðinni sams konar mál og hefur verið útbýtt í Nd. og flutt þar af allshn. Hins vegar hafa þessi mál jafnan verið athuguð í heilbr.- og félmn., enda borin fram af hæstv. félmrh. — Ég vil bara benda á, að ef þessi mál eiga að afgreiðast saman, þá er eðlilegast, að frv. fari til hv. allshn. Ég vildi aðeins benda á þetta.

Frv. vísað til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 270, n. 388).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Frv. þetta er komið til þessarar d. frá hv. Nd., þar sem það var borið fram, en á því voru gerðar þar nokkrar orðalagsbreyt., en að efni til kom það óbreytt frá d. Þegar allshn. hafði málið til umræðu, þótti henni eðlilegt að athuga, hvort ekki væri rétt að tengja þetta frv. við frv. um húsaleigu, sem nú liggur fyrir Nd. Í þessu sambandi ræddi n. við borgarstjórann í Reykjavík um það, hvort ekki mundi vera rétt að framlengja bindingarákvæði húsaleigul. frá 1949, og tjáði borgarstjóri n. það álit sitt, að þess mundi ekki þörf sökum þess, hve mörg ný hús væru nú að rísa upp, og mundi því fljótlega rakna úr þeim húsnæðisskorti, sem menn hafa átt við að búa. Hins vegar taldi þó meiri hl. n., að rétt væri að framlengja þessi ákvæði, bæði með tilliti til ýmissa upplýsinga um húsnæðisskort, sem nm. hafa borizt, og enn fremur með tilliti til þess, að ef þessi ákvæði yrðu felld úr gildi núna og engin ný húsaleigulög samþ. á þessu þingi, þá yrði búið að kippa burt öllum þeim leifum, sem eftir eru af almennum húsaleigul.

N. leggur því sem sagt til, að l. frá 1949 um húsaleigu skuli framlengd um eitt ár, eða til 14. maí 1953. Að öðru leyti leggur meiri hl. n. til, að frv. verði samþ. óbreytt. En eins og segir í nál. voru aðeins fjórir nm. viðstaddir, er málið var afgr., en sá 5., hv. þm. Seyðf., var ekki mættur á fundinum, og mun hann því gera grein fyrir sinni afstöðu í málinu, ef hann sér ástæðu til þess og hefur aðra afstöðu en meiri hl. — Ég vænti þess svo að lokum, að brtt. á þskj. 388 verði samþ.

Lárus Jóhannesson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. meiri hl. tók fram, var ég ekki viðstaddur, þegar þetta mál var afgr. í n., — gat ekki komið því við, þar sem fundur var ekki haldinn á venjulegum fundartíma. Ef ég hefði mætt, hefði ég lagt til, að frv. yrði samþ. óbreytt, en brtt. meiri hl. n. yrði felld. Ég get að öllu leyti fallizt á rök borgarstjórans í Reykjavík, sem tekin eru upp í nál. meiri hl. Þetta er mál, sem mæðir einna mest á honum, og hann er manna kunnugastur ástandinu í þessum efnum, eins og það er hér núna. Til viðbótar vil ég benda á, að fyrir utan þá, sem eiga innstæður í sparisjóðum, og aðra, sem eiga skuldabréf, hefur Alþ. ekki farið verr með nokkra en húseigendur undanfarin ár, og er kominn tími til að hverfa frá þeirri stefnu og því ekki ástæða til að halda henni áfram. — Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál, en legg til, að brtt. meiri hl. verði felld.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 388 (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 9:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ, RÞ, StgrA, VH, FRV, HV, HG, KK, BSt.

nei: LJóh, SÓÓ, ÞÞ, BBen, GJ, JJós.
2 þm. (BrB, HermJ) fjarstaddir.
3.—5. gr. (verða 4.—6. gr.) samþ. með 9:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:2 atkv.

Á 42. fundi í Ed., 13. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 403).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:3 atkv. og endursent Nd.

Á 42. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Ég sé, að mál þetta hefur tekið nokkurri breyt. í Ed. N. sú, er fjallaði um það hér í þessari d., hefur ekki átt þess kost að athuga málið þannig breytt. Ég vil því leyfa mér að fara fram á það við hæstv. forseta, að málinu verði frestað, þangað til n. hefur átt þess kost að athuga það svo breytt.

Umr. frestað.
Á 47. fundi í Nd., 18. des., var fram haldið einni umr. um frv. (A. 403, 489).

Frsm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég hefði metið það mest, að allshn. tæki þetta mál til athugunar, þar sem þetta er framhald einnar umr. og um það hefur verið talað, að allshn. tæki það til athugunar. Þetta hefur ekki verið gert enn þá, en það væri ástæða til þess, að n. óskaði eftir fresti til að leita nokkru ýtarlegri upplýsinga í sambandi við þær breyt. á frv., sem samþ. hafa verið í Ed. Hér er um að ræða staðfestingu á brbl. og ákvæði, sem sett voru eftir beiðni frá bæjarstjórn Reykjavíkur. Óskaði bæjarstjórnin þess, að ríkisstj. setti brbl. til að framlengja ákvæði um leiguhúsnæði, sem falla skyldu niður. Það var farið fram á, að þessi lög yrðu látin halda gildi sínu áfram, eins og fram er tekið í grg. fyrir brbl. Hæstv. ríkisstj. setti þessi l. eftir ósk bæjarstjórnarinnar, og þannig fór þetta mál gegnum Nd. En nú hefur Ed. tekið upp í frv. gömlu deilumálin og frestað um eitt ár framkvæmd þeirra, þannig að húsnæðiseigendum sé ekki heimilt að segja upp leigjendum í húsnæði sínu fyrr en vorið 1953; annars kemur þetta til framkvæmda á vori komanda, nema bæjarstjórnin hafi óskað annars. En bæjarstjórn Reykjavíkur hefur ekki óskað eftir því, að gildi þessara ákvæða væri framlengt. Það voru höfð stór orð um það af mörgum, að ef þetta ákvæði væri fellt niður, mundi af því leiða stór vandræði í húsnæðismálum. Það liggur fyrir reynsla um þetta hér í Reykjavík frá s. l. ári, og ef menn nú vilja fara að framlengja þetta ákvæði, þá fyndist mér a. m. k., að hv. d. ætti að fá vitneskju um það, hvað það væri mikið af húsnæðinu í bænum og hvaða vandræði hafa hlotizt af því að fella ákvæði þetta niður. Bæjarstjórn Reykjavíkur lét gera mikla skýrslu um þetta mál, liggur sú skýrsla hjá bæjarstjórninni, og liggja þar fyrir upplýsingar um það, hvort með þessu hafi verið stofnað til þeirra vandræða, sem sumir halda fram. Áður en gengið er til atkvæða í þessu máli, þá ætti n. að kynna sér þessi atriði og upplýsa hv. þm. um þau í sérstakri grg., þannig að menn geti metið, hvaða þýðingu það hefur, að menn megi ekki segja upp húsnæði, þar sem þeir búa ekki sjálfir.

Hv. Alþ. hefur verið gerð grein fyrir því, að borgarstjórinn í Reykjavík hafi sagt, að þessi lög þurfi ekki að framlengja. Sömuleiðis taldi hann ekki rétt að breyta um þá stefnu, sem tekin var hér á síðasta Alþ., því að það er víst, að það rísa upp hús, þar sem núna er verið að gefa frjálsar byggingar smáíbúða með vissum skilyrðum, og þær munu rísa hér upp á næsta ári, og eins mun verða annars staðar á landinu. Þarna er því ein ástæðan, sem mælir á móti því að breyta frá þeirri stefnu, sem tekin var hér í fyrra.

Því hefur verið haldið fram, að þar sem fyrir þinginu liggur frv. um húsaleigulög, þá sé ekki ástæða til að athuga þetta núna. Ég vil taka það fram, að ég hef ekki enn þá lagt það á mig að lesa þann lagabálk, og flestir hv. þm. vita, að það frv. verður ekki afgr. á þessu þingi. Ég vil fyrir mitt leyti segja, að ég get ekki metið það, hvort þessi rök hv. allshn. Ed. eru veigamikil, að þessi lög verði e. t. v. samþ. á næsta Alþ., 1952, og þess vegna sé ástæða til að fresta þessu.

Þskj. 489 felur í sér till. um að fella niður þá breyt., sem gerð var á frv. í Ed., en ég held, að það hljóti að vera æskilegt fyrir hv. þm., að n. fjalli um efnishliðina á málinu og það sé síðan lagt fyrir Alþ. Ég að minnsta kosti mundi óska eftir því og tel það heppilegustu afgreiðslu málsins.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Ég vil fara fram á það við hæstv. forseta, að hann fresti umr., til þess að allshn. fái tækifæri til að athuga málið betur. Það ætti að vinnast tími til afgreiðslu þess fyrir því.

Umr. frestað.
Á 53. fundi í Nd., 4. jan., var enn fram haldið einni umr. um frv.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég vildi, áður en ég held lengra, gera fyrirspurn til hv. n., — þar sem hún kvaðst mundu athuga málið nánar, hvort hún hefði gert það.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. N. hefur ekki tekið málið fyrir sérstaklega, en þó minnzt á það, og efast ég um, að n. taki neina sérstaka ákvörðun varðandi till. hv. 2. þm. Eyf.

Frsm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Út af þessu máli óskaði ég sérstaklega að afla frekari upplýsinga og gagna, sem ég veit að liggja fyrir varðandi Reykjavík a. m. k. eftir

þær breyt., er urðu á síðasta vori, og leggja fyrir allshn. En eins og menn vita, hefur enginn tími unnizt til slíks síðan þingi var frestað og þar til nú og því allt við það sama. Hins vegar er ekki ólíklegt, eins og öllu er háttað, að tóm fengist til að athuga þessi atriði.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða þetta atriði, sem brtt. hv. 2. þm. Eyf. fjallar um. Þetta var ekki í upphaflega frv. og var að ég held sett inn í í Ed. Ég ætla ekki að fara að ræða þetta atriði, en held, að í Ed. hafi verið nokkurn veginn samkomulag um að bæta þessu inn í, og tel ég rétt, að n., sem fjallaði um málið, taki það til athugunar og að ekki fari fram atkvgr. um það nú á þessu stigi. Fyrir mitt leyti tel ég ekki fráleitt að ræða þetta atriði við hv. nefnd.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Síðan mál þetta var til meðferðar hér, hefur hv. Ed. gert á því allverulegar breyt. varðandi 3. gr. Tel ég sjálfsagt, að hv. allshn. fái það formlega til athugunar, og legg til, að málinu sé vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til allshn. með 18 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 61. fundi í Nd., 18. jan., var frv. tekið til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Nd., s. d., var enn fram haldið einni umr. um frv.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Þegar mál þetta kom frá Ed., var því vísað á ný til allshn. þessarar hv. d. Ég vildi fara fram á það við hæstv. forseta, að málið yrði ekki afgr., fyrr n nál. er komið frá hv. allshn.

Jörundur Brynjólfsson: Það hefur nú verið minnzt á málið í allshn., þótt nál. hafi ekki komið frá henni, og mun n. bíða eftir upplýsingum um það. Það væri því máske réttast, að málinu yrði frestað.

Umr. frestað.

Á 65. og 66. fundi í Nd., 21. jan., var frv. tekið til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Nd., s. d., utan dagskrár, mælti

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Viðvíkjandi því máli, sem var 4. mál á dagskrá á síðasta fundi og er frv. til l. um hámark húsaleigu o. fl., vil ég leyfa mér að spyrjast fyrir um, hvort það sé ekki á dagskrá þessa fundar.

Forseti (SB): 4. dagskrármál var tekið út af dagskrá síðasta fundar og er ekki á dagskrá þessa fundar, en væntanlega verður það á dagskrá á morgun.

Á 68. fundi í Nd., 22. jan., var enn fram haldið einni umr. um frv.

Jörundur Brynjólfsson: Allshn. hefur haft mál þetta til athugunar, og skiptar skoðanir innan n. um það, hvort bæri að breyta frv. í hið upphaflega horf. En niðurstaðan hjá meiri hl. n. varð nú að leggja ekki til, að gerð yrði breyt. á frv., úr því sem nú er komið, — hrekja það ekki á milli deilda.

Frsm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þessu máli var vísað aftur til allshn. eftir breyt., sem á því var gerð í hv. Ed. Er það smábreyt. sú, sem nú er í 3. gr., að fresta um eitt ár að fella úr gildi bindingarákvæði l. um húsnæði í húsum, sem húseigandi býr ekki í sjálfur.

Mér þykir rétt að rekja nokkuð gang þessa máls. Eins og hv. form. allshn. gat um, varð ekki samkomulag í n. um að leggja til breyt. á frv. frá því, sem það er nú, en á síðasta þingi stóðu sjálfstæðismenn og framsóknarmenn að þeirri breyt. á húsaleigul., þ. e. l. nr. 56, sem þetta frv. er breyt. á. En þá var í raun og veru bundinn endir á margra ára deilu hér á þingi um það, hvort niður skyldi fella úr l. þau ákvæði, sem tekin voru upp í húsaleigul. á sínum tíma, að húseigendum væri óheimilt að segja upp leigjendum í húsum þeirra. Þetta ákvæði var varið með þeim rökum, að um sérstakt neyðarástand væri að ræða á stríðstímanum. En þegar stríðinu lauk og aðstæður breyttust og niður féllu margar hömlur, sem rétt þótti að hafa á stríðsárunum, voru samt þessar hömlur látnar haldast. Þótti húseigendum hart að búa áfram við svo takmarkaðan ráðstöfunarrétt á eignum sínum, ekki sízt vegna þess, að á þeim tíma, sem þessi lögbinding hafði gilt, hafði skapazt í mörgum tilfellum óþolandi ástand í sambýli húseigenda og leigjenda. Um þetta var svo mikill ágreiningur manna á meðal og hér á þingi ár eftir ár. Var því sérstaklega haldið fram af þeim, sem vildu halda lögþvinguninni áfram, að það mundi leiða til öngþveitis í húsnæðismálunum, ef lögþvingunin yrði niður lögð. Hinir héldu fram, að slíkt afnám leiddi á engan hátt til meiri vandræða í húsnæðismálum en var. Þvert á móti mætti vænta þess, að í ýmsum tilfellum rýmkaðist húsnæðisástandið, — að það yrðu lausar til leigu íbúðir, sem menn hefðu ekki þorað að festa, þegar þeir hefðu í huga þau ströngu ákvæði, sem þeir yrðu að búa við, ef þeir einu sinni hleyptu leigjanda inn. — Ég fer fljótt yfir sögu og skal ekki rekja gang þessa máls lengra. En ég sagði áðan, að á s. l. þingi hefði verið bundinn endir á þessa deilu með sameiginlegum þingmeirihluta sjálfstæðismanna og framsóknarmanna. Var slegið föstu, að lagt skyldi á vald bæjarstj., hvort lögþvingunin héldi áfram. Hún skyldi falla niður gagnvart leiguhúsnæði, þar sem húseigandi bjó, árið 1951, nema bæjarstjórn óski þess og geri ákvörðun um, að hún skuli halda áfram. Þessi lögþvingun skyldi falla niður gagnvart húsnæði í leiguhúsi, þar sem húseigandi er ekki sjálfur, vorið 1952, nema bæjarstj. óski eftir, að lengur haldist. Nú hygg ég, að eingöngu í Reykja-

vík hafi komið verulega til álita um þetta mál af hálfu bæjarstjórnar. Um atvinnuhúsnæði og einmenningsherbergi var orðin frjáls ráðstöfun á árinu 1950. En þegar leið á árið 1951, kom að því hér í Reykjavík, hvort bæjarstj. óskaði eftir lögþvinguninni áfram. Þetta mál var rætt nokkrum sinnum á bæjarstjórnarfundum fyrir áramótin 1950—51 og í byrjun ársins, og það kom fram sá sami kvíði hjá mörgum bæjarfulltrúum eins og komið hefur fram í þinginu, að við mundum lenda í óviðráðanlegum vandkvæðum í húsnæðismálunum í höfuðstaðnum, ef bæjarstjórnin óskaði ekki að halda lögþvinguninni áfram. Af hálfu meiri hl. bæjarstj. var litið þannig á þetta mál, að úr því fengist naumast skorið, hvaða afstöðu bæjarstj. gæti tekið, nema fyrir lægi vitneskja um það, í hve ríkum mæli húsnæði mundi verða sagt upp, þegar frjálst yrði að segja því upp, þ. e. með 3 mánaða fyrirvara, fyrir 15. maí 1951. Því var það að *tilhlutun borgarstjóra*, að húsaleigun. stofnaði til rannsóknar eða skráningar um miðjan febr. s. l., hversu mörgum leigjendum hefði verið sagt upp húsnæði þar, sem húseigandi bjó sjálfur, því að þeir, sem ekki hafði verið sagt upp húsnæði fyrir 15. febrúar, gátu setið áfram til 15. maí. Þessi rannsókn stóð yfir nokkurn tíma og var, eftir því sem verða mátti, vel undirbúin af hálfu húsaleigun. Þegar skýrslur lágu fyrir bæjarstj., tók meiri hl. hennar þá afstöðu að lýsa yfir, að bæjarstj. óskaði ekki eftir, að áður nefnd lögþvingun gilti áfram, og rökstuddi það með tilvísun til skýrslunnar, sem fyrir lá. Meginatriði þeirrar skýrslu skal ég nefna og fara fljótt yfir sögu. Af 3500—4000 íbúðum, sem í bænum voru þannig leigðar, hafði verið sagt upp 272 leigutökum. Engir voru meðal þeirra, sem höfðu stórar fjölskyldur á framfæri sínu. Skýrslan var rækilega sundurliðuð. Á grundvelli hennar tók bæjarstjórnin þá ákvörðun, sem ég vitnaði til. Síðan þetta gerðist, liggur fyrir nokkur reynsla. Fer svo fjarri því, að hún staðfesti ótta þeirra, sem héldu, að af þessu lögþvingunarákvæði stöfuðu meiri vandræði. Þvert á móti má segja, að vandræðin séu minni en áður. En ljóst er, að langt frá því vandkvæðalaust var að láta lögþvingunina falla niður. Hafa af því stafað viss vandkvæði, sem bæjarstj. hefur gert sitt til að greiða fram úr, og fasteignaeigendafélagið hefur haft fullan skilning á því að draga sem mest úr vandkvæðunum. En um leið og viðurkennd eru viss vandkvæði, verða menn að muna hin sífelldu og stöðugu vandkvæði áður, meðan lögþvingunarákvæðið var í gildi. Og þeir menn, sem hafa nánust kynni af þessu máli og starfa á skrifstofu framfærslumála í Reykjavík, telja vandkvæðin sízt hafa aukizt, en kannske minnkað, eftir að lögþvingunin var felld niður. Ég tel rétt, að hv. þm. verði kunnug skýrsla sú, sem skrifstofa framfærslumála í Reykjavík hefur gefið mér um þetta atriði. Ég óskaði eftir henni, til þess að hún yrði rædd í n. Og ef náðst hefði meirihlutasamkomulag í n. um að breyta aftur því, sem hv. Ed. hefur breytt í frv., þá hefði meiri hl. gefið út sérstakt nál. og látið þessa skýrslu fylgja og aðrar, sem safnað hefur verið í málinu. En þar sem ekki náðist meirihlutasamkomulag á þessum grundvelli, hef ég ekki að svo komnu máli hirt um að gefa út sérstakt minnihlutaálit.

Ég les þá upp þessa skýrslu, og er hún á þessa leið.

„Þegar lög nr. 56 25. maí 1950 voru sett, var mjög um það óttazt af ýmsum, að uppsagnir á leiguíbúðum hér í bænum yrðu svo margar, að ógerningur mundi reynast að ráðstafa því fólki, sem missti íbúðir sínar, ef hömlur húsaleigul. á uppsagnarrétti húseigenda yrðu látnar niður falla.

Leiguíbúðir í Reykjavík eru alls 6360, og var jafnvel gert ráð fyrir, að sagt yrði upp leigu á allt að þriðjungi þeirra.“ Eða m. ö. o., það var gert ráð fyrir því fyrir fram af starfsmönnum Reykjavíkurbæjar, og þeir eru þessum málum bezt kunnugir, að sagt yrði upp um 2000 íbúðum. — Svo heldur skýrslan áfram:

„Vegna þessa lét borgarstjórinn fram fara opinbera skráningu á vegum húsaleigun., þar sem ætlazt var til, að allir leigutakar, sem sagt hefði verið upp leiguíbúðum, gæfu sig fram, greindu frá uppsagnarástæðum og skýrðu frá þeim úrræðum, er þeir hefðu um að útvega sér annað húsnæði eða semja um framhaldsleigu við leigusalana. Skráning þessi fór fram eftir 14. febr. 1951, en þá hlutu að vera komnar fram allar uppsagnir, er miðast áttu við 14. maí s. á. Var skráningin auglýst mjög rækilega í öllum dagblöðum og útvarpi og skrifstofa húsaleigun. höfð opin til kl. 7 e. h. skráningardagana, svo og einn sunnudag.“ Ég vil vekja sérstaklega athygli á því, að hér er annars vegar miðað við 14. maí og hins vegar 1. okt., en um það leyti eru útburðarbeiðnirnar venjulega flestar.

„Til skráningar komu alls 272 leigutakar, aðrir en einhleypingar, sem fengið höfðu uppsagnir, og var það miklum mun færra en flestir höfðu ætlað.

Meiri hluti þessara leigutaka réð fram úr húsnæðisvandræðum sínum af eigin rammleik án nokkurra opinberra afskipta, og nokkrir fengu íbúðir með tilstyrk eða fyrir milligöngu bæjarfélagsins, og aðeins einn útburður fór fram. Svipað er að segja um leigufardagann 1. okt. s. l., nema að þá voru uppsagnir og útburðarbeiðnir talsvert færri.

Í grg. með frv. til húsaleigul., þskj. 268, bls. 15, er yfirlit um þær útburðarbeiðnir, sem borizt hafa borgarfógetaembættinu í Reykjavík á árunum 1941—1951. Þar kemur í ljós, að á árinu 1951, fram til 25. okt., hefur borizt alls 121 útburðarbeiðni, og eru þá meðtaldar allar þær beiðnir, sem stafa af breytingum á uppsagnarákvæðum húsaleigul. á því ári. En á næstu 10 árum á undan, 1941—1950, bárust að meðaltali rúmlega 147 útburðarbeiðnir á ári, fyrir utan allan þann fjölda ágreiningsmála, sem húsaleigunefndin lagði úrskurð á á þessum árum og aldrei komu til fógetaréttarins. Á þessu tímabili gilti þó húsaleigulöggjöf með mjög þröngum uppsagnarákvæðum.

Af framanrituðu verður séð, að brottfall þeirra takmarkana, sem giltu um uppsagnarrétt á leiguíbúðum í húsum, er eigandi býr sjálfur í, hefur

engan veginn valdið þeim vandræðum, sem margir óttuðust, og að uppsagnir á leigurétti urðu mun færri en búizt var við.

Eins og áður segir, eru leiguíbúðir í Reykjavík alls 6360. Þar af eru 2000—2500 í húsum, sem eigendur búa ekki sjálfir í, og gilda um þær óbreyttar sömu takmarkanir á uppsagnarrétti og verið hafa undanfarin ár, fram til 14. maí þessa árs a. m. k.“ Þessu ákvæði hefur Ed. breytt þannig, að þetta ákvæði skuli gilda einu ári lengur. „Verði þær takmarkanir látnar niður falla, er að sjálfsögðu mjög erfitt að gera sér grein fyrir, hver áhrif það mundi hafa, og þýðingarlaust að byrja á rannsókn fyrr en eftir 14. febr. n. k., þegar uppsagnarfrestur er liðinn.

Til skrifstofu borgarstjóra hafa þegar leitað 24 leigutakar, sem búa í slíkum íbúðum, og óskað eftir aðstoð um útvegun húsnæðis 14. maí n. k. Þar af hafa 8 fengið skriflegar uppsagnir frá húseigendum, en hinir allir töldu víst, að uppsagnir kæmu innan lögboðins tíma, og engum þeirra virtist hafa komið til hugar, að takmarkanirnar á uppsagnarrétti yrðu látnar gilda framvegis.

Um þessa leigutaka má yfirleitt segja, að þeir búa í stærri og betri íbúðum en þeir, sem misstu íbúðir sínar 14. maí og 1. okt. s. l., og eru mun betur stæðir fjárhagslega. Þeir ættu því að hafa meiri möguleika til að ráða fram úr húsnæðismálum sínum af eigin rammleik, en hins vegar hætt við, að þeir eigi erfiðara með að sætta sig við umskipti til hins lakara.

Margar uppsagnir og útburðarbeiðnir 14. maí og 1. okt. s. l. stöfuðu eingöngu af ósamkomulagi eða illri sambúð leigutakans og húseigandans, sem oft hafði staðið árum saman og var orðið óþolandi fyrir báða. Ætla má, að slík tilfelli séu tiltölulega miklu færri í þeim húsum, sem eigendur búa ekki sjálfir í, a. m. k. getur ekki verið um illa sambúð að ræða.“

Þegar Alþ. hafði mál þessi til meðferðar, var ákveðið að leita álits borgarstjórans í Reykjavík, og hann mælti móti því, að þessi breyt. yrði gerð, sem Ed. hefur nú gert. Samt sem áður gerði meiri hl. d. þessa breyt. En mér er ekki kunnugt um það, hvaða aðilar það voru, sem fyrir þessu stóðu aðallega í allshn. Ed. Þeir hv. þm., sem beitt hafa sér fyrir samþykkt frv., virðast ekki hafa kynnt sér, hvaða áhrif húsaleigul. hafa haft, eða gert sér grein fyrir því, hvaða áhrif þau muni hafa á komandi ári. Og það sýnist harla einkennilegt af þeim mönnum, sem stóðu fyrir þessari breyt. fyrir ári síðan, í maí 1950, að vilja nú í miðjum janúarmánuði telja þm. bæra um að kveða upp úr með það, hvort lög þessi muni leiða til ófarnaðar, án þess að afla skýrslna um málið og átta sig á hinu raunhæfa ástandi í því.

Þegar bæjarstjórn Reykjavíkur aflaði sér upplýsinga, voru það aðeins 272 leigutakar, sem fengið höfðu uppsögn af 2000—2500 leigutökum alls. Enn er ekki hægt að segja um það, hve mörgum verður sagt upp 14. maí í vor, en um það getur bæjarstjórn Reykjavíkur aflað sér upplýsinga strax eftir 14. febr. Hvað það er, sem rekur þm. til þess að taka þessa afstöðu eftir þennan dóm þeirra manna, sem bezt þekkja til þessara mála, get ég ekki skilið, því að síðan hafa ekki skapazt nein vandræði, og þar sem bæjarstjórnin hefur aðstöðu til þess að fylgjast með því, hve mörgum er sagt upp sínu leiguhúsnæði. Mér finnst, að Alþ. eigi ekki að hrapa svona að máli eins og þessu. Bæjarstjórnin hefur látið þessa lögbindingu niður falla og komizt að þeirri niðurstöðu, að við það hafi ekki skapazt meiri vandræði í húsnæðismálunum en áður voru. Og nú eftir nokkra mánuði yrði enn séð aftur, hver árangurinn yrði. En ef þessi ákvæði eru svo nauðsynleg, hvers vegna eru þau þá ekki framlengd til 1955 eða 1956? Ef bæjarstjórn Reykjavíkur mátti ráða þessu 1951, hvað er þá því til fyrirstöðu, að hún megi líka ráða þessu 1953?

Fram hjá hinu verður ekki gengið, að Ed. hefur tekið hér á dagskrá deilur um eitthvert viðkvæmasta vandamál þjóðfélagsins, sem við höfum hér við að glíma, og vandinn hvílir fyrst og fremst á herðum þeirra manna, sem stýðja málið, og á flm. þess, hv. 8. þm. Reykv. (RÞ), og þykir mér merkilegt, að hún skuli geta fengið hv. þm. Ed. til þess að sinna þessu máli.

Okkur, sem sæti áttum í bæjarstjórn Reykjavíkur, var það ljóst, að þegar þessi breyt. var gerð á l. 1950, þá tók bæjarstjórnin á sig ýmsa erfiðleika, sem skapast mundu í sambandi við þetta. Og nú koma fram menn, sem leggja til, að l. verði aftur breytt í sama horf og þau voru í fyrir þann tíma, án þess að rökstýðja það nánar. En hvernig stendur á því, að gera á þessa ráðstöfun hér í Reykjavík án þess að athuga og rannsaka málið? Það mætti, ef bæjarstjórnin sérstaklega óskaði eftir því, eftir að málin hefðu verið enn betur athuguð, setja þau ákvæði, sem mörkuð voru með húsaleigul. Hvers vegna ekki að heimila bæjarstjórninni að ráða þessu sjálf? Ég mun fylgja þeirri brtt., sem hér hefur nú komið fram um að taka aftur 3. gr. eins og hún nú er, þ. e. breyt., sem kom inn í frv. í Ed., og jafnvel fylgja öðrum brtt., sem fram kunna að koma. Mér er það ljóst, að hér er fjallað um viðkvæmt mál. En bæjarstjórn Reykjavíkur hefur reynt að greiða úr þessu máli fyrir sitt leyti, og hún hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að ekki muni skapast meiri húsnæðisvandræði, þótt lögþvingun húsaleigu falli niður. Það er hægt að skilja aðstöðu leigjenda í þessu máli, en þeim, sem fasteignirnar eiga, finnst það allhart að hafa ekki umráðarétt sinna eigna, þar sem þjóðfélagið þó viðurkennir umráðarétt þeirra á eignum sínum. Og ef tekinn er af mönnum réttur þeirra til þess að ráðstafa eigin húsum og sett lög um húsaleiguna, er víst, að margir húseigendur geta ekki haldið eignum sínum við, svo dýrt er nú orðið allt viðhald húsanna.

Nú liggur fyrir þinginu frv. um það að fimmfalda fasteignamatið. Ef það verður samþ., þá hækka stórlega gjöld af húseignum, og ég fæ ekki séð, hvernig eigendur þeirra fá staðið undir þessum gjöldum, ef húsaleigan er lögþvinguð. Ég tel óeðlilegt að taka upp þá löggjöf um leiguhúsnæði, sem í gildi var eftir hið bindandi ástand stríðsáranna.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Í nál. allshn. Ed. er mín getið að nokkru og skýrt frá ummælum mínum á fundi þeirrar n. Þar sem ég á ekki sæti í þeirri n., sem málið fór til í þessari d., hef ég ekki aðstöðu til þess að koma þar að aths. varðandi þskj. 388, en þar eru orð mín nokkuð rangfærð.

N. óskaði *eftir umsögn minni um það*, hvort ég teldi eðlilegt, að bindingarákvæði húsaleigul. yrði framlengt eða gert ráð fyrir því, að það félli úr gildi eftir 14. maí 1952. Ég lét orð falla á þá leið, að þar sem Alþ. hefði afgreitt þetta mál 1950 með miklum meiri hl. þm. að baki, þá væri ekki rétt, að Alþ. breytti nú um stefnu. Að öðru leyti gat ég þess, að minni ástæða væri til þess að halda bindingarákvæðinu, þar sem nú hefði verið gefið frjálst að byggja smáíbúðir og nokkurt starf hafið í því sambandi.

Þetta vildi ég láta koma hér fram. — Ég skal svo ekki fara mörgum orðum um þetta frv., en aðeins taka fram nokkur atriði.

Þetta frv. er þannig til komið, að á síðasta ári samþ. bæjarstjórn Reykjavíkur að skora á félmrh. að gefa út brbl. um tvö atriði: að setja ákvæði um hámark húsaleigu, en þau ákvæði hafa fallið niður, og í öðru lagi að setja ákvæði til þess að tryggja forgangsrétt bæjarmanna til húsnæðis í bænum, en þau ákvæði hafa einnig niður fallið. Hæstv. ráðh. varð við þessu og gaf út brbl. í samræmi við þetta. Nú vill svo til, þegar málið kom til meðferðar í Ed., að þá er sett inn það ákvæði, sem nú er 3. gr. frv., að fyrir orðin „14. maí 1952“ skuli koma „14. maí 1953“, og húsaleigul. þannig framlengd um eitt ár. Ég endurtek, að hér er um afvik að ræða frá því, sem þá var um samið, og tel það illa farið vegna þess, að vorið 1950 var gert ráð fyrir af meiri hl. þm., að þessar hvimleiðu deilur væru úr sögunni og stefnan mörkuð, og þetta er ekki aðeins mitt álit, heldur fjölmargra annarra, sem fengizt hafa við húsnæðismál hér. — Í frv. til *laga um húsaleigu, sem lagt er fyrir Alþ.* sem 128. mál, segir m. a. í sérgrg. Ólafs Sveinbjörnssonar, en hann er sá maður, sem kunnugastur er þessum málum hér í Reykjavík, hann ræðir sérstaklega hættuna af óvissunni, hvort megi segja upp eða ekki, og segir: „Það er einmitt þessi óvissa um framhaldslöggjöf í húsnæðismálum, sem nú veldur því, að nokkurt húsnæði stendur autt í Reykjavík og víðar.“ Þó mætti deila um samkomulagið, sem hér náðist 1950. Var því þó þar með slegið föstu, að ákveðin, tímabundin ákvæði skyldu niður falla, nema sveitarstjórnir á hverjum stað sæju ástæðu til að framlengja þau.

Hv. 5. þm. Reykv. gerði ýtarlega grein fyrir því, hvernig þessi mál hefðu horft á s. l. vori og hvers vegna meiri hluti bæjarstjórnar taldi *ekki heppilegt að framlengja bindingarákvæðin*. Nú eiga hins vegar þær breyt., sem Ed. gerði, að gerbreyta þessu og skapa að nýju þessa óvissu um, hvort uppsagnir séu heimilar. Vil ég taka undir þau ummæli Ólafs Sveinbjörnssonar, að þessi óvissa skapar vandræði og er ein af mörgum ástæðum húsnæðisvandræðanna. Ég tel rétt, að þetta komi hér fram á þessu stigi, því að ég tel, að með þessari breyt., sem hv. Ed. gerði á frv., sé verið að fara inn á óheppilega braut með því að skapa að nýju þessa óvissu. Annars vekur þessi afstaða Framsfl. furðu, því að í frv. um breyt. á húsaleigul. 1949—50 var í málflutningi þeirra lögð megináherzla á það, að Alþ. eigi ekki að ákveða um þetta, heldur eigi það að vera í höndum bæjar- *og sveitarstjórna, og í grg. með þessu frv.*, sem var samin af hv. 1. þm. Árn. og hv. þm. A-Sk., segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Með þessu frv. er að því stefnt, að húseigendur fái full og óskoruð ráð yfir húseignum sínum, áður en mjög langur tími líður. En hve það dregst lengi, fer eftir afstöðu hvers bæjarfélags um sig. Samkv. frv. á að veita bæjarstj. heimild til að kveða á um, hvenær hætt verði að framkvæma húsaleigul. á hverjum stað. Bæjarstjórnir eiga að hafa mesta kunnugleika á þessu máli í hverju bæjarfélagi um sig.“

Og í nál. síðar um sama mál, sem samið er af hv. 1. þm. Árn., sem var frsm., er lögð áherzla á þetta sama, að bæjarstjórnir hljóti vegna kunnugleika þeirra að vera bezt dómbærar á, hvað henti í þessum efnum. En nú er alveg söðlað um, og nú virðast þessir hv. þm. fylgja breyt. þvert ofan í þá skoðun, er þeir héldu fram um heimild bæjarfélaganna til að ráðstafa þessum málum. Ástæðan til, að þetta kemur hér fram, má vera sú, að þessi flokkur hafi gert samkomulag við stjórnarandstæðinga um að breyta þessum l., og verður þá ekki við það ráðið, en ég tel misráðið, að horfið er frá þessari stefnu og með nýjum l. gerbreytt þessum brbl. og þannig tekið fram fyrir hendur bæjarstjórnanna af þm., sem sögðu sjálfir, að bæjarstjórnirnar væru bezt dómbærar um þessi mál.

ATKVGR.

Brtt. 489 felld með 16:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GTh, IngJ, JóhH, JPálm, JS, JR, KS, SÁ, BÓ, **SB.**

nei: EystJ, GÞG, HelgJ, JG, JÁ, JörB, MK, PÞ, SG, SkG, StJSt, AE, ÁkJ, ÁB, EOl, EmJ.

8 þm. (GG, HÁ, MJ, ÓTh, PO, StgrSt, ÁÁ, ÁS) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 18:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 745).

32. Fjáraukalög 1949.

Á deildafundum 14. jan. var útbýtt frá Sþ.:

Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1949 [169. mál] (stjfrv., A. 596).

Á 32. *fundi í Sþ., 16. jan.*, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Hér er frv. til fjáraukal. fyrir árið 1949 á ferðinni. Síðast þegar fjáraukal. voru afgreidd hér á Alþingi, þá var þess látið getið af hv. fjvn., að hún væri óánægð með það fyrirkomulag, sem var tekið upp á fjáraukal. Það var tekið upp

að láta fjáraukal. sýna þann mismun, sem verið hefði, þ. e. a. s. það, sem hefði farið fram úr áætlun, og það, sem hefði sparazt. Ég vildi þess vegna taka inn á fjáraukal. það, sem hafði orðið umfram á einstökum liðum frv., og veita fjárveitingu fyrir því. — Ég lagði svo fyrir, að þessi athugasemd um fjárveitinguna skyldi tekin til greina, og veit ég, að það hefur verið gert, og vænti, að með þessari löggjöf verði bætt úr þessu.

Um einstök atriði í fjáraukalagafrv. sé ég ekki ástæðu til að ræða. En ég óska, að málinu verði vísað til hv. fjvn. að lokinni þessari umr.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir þessa formsbreyt. En ég vil spyrja hæstv. ráðh., hvort hann ætlist til þess, að þetta frv. verði afgreitt áður en þessu þingi verður slitið, og á hve löngum tíma hann ætli fjvn. að ræða þetta mál.

Hér er um að ræða frv. til fjáraukal. fyrir árið 1949, að upphæð um 60 millj. kr. Ég sé ekki annað en að fjvn. verði að afgreiða þetta mál blindandi. Ég minnist þess, að á hverju ári síðan ég kom í fjvn., eða frá 1945, þá hefur n. setið með sveittan skallann 4—6 tíma á dag til að meta þau gögn, sem fram hafa komið, og kalla til sín forstjóra ýmissa fyrirtækja og ræða við þá og gera samninga við þá og ríkisstj. um að halda gjöldunum innan þeirra takmarka, sem áætlað er. Og hvenær sem ætlað er að koma fram nýrri breyt., þá þarf það að ganga ekki aðeins fyrir fjvn., heldur ríkisstj. og Alþingi. En hér á að afgreiða á nokkrum dögum 60 millj. kr. frv. til fjáraukal., nema einhver önnur gögn liggi fyrir. En þá veit ég ekki, hvers vegna verið er að vísa þessu máli til n.

Ég vil benda á, að nýlega er búið að útbýta ríkisreikningnum 1949, en nú er farið að vísa til Alþingis ýmsum umframgreiðslum og athugasemdum, sem komið hafa fram við endurskoðunina. Ég vil benda á, að í sambandi við það eru gerðar mjög róttækar athugasemdir, t. d. við útvarpið, þar sem þar er eytt, eins og þetta frv. sýnir, yfir 1200 þús. kr. fram yfir áætlun og yfir 400 þús. kr. í útvarpsefni án nokkurrar heimildar frá Alþingi eða fjvn. Og ef hugmyndin er að samþ. þetta frv. eins og það liggur hér fyrir, þá er það hrein syndakvittun ekki aðeins fyrir ríkisstj., heldur þá menn, sem stjórna þessari stofnun. Og hvers vegna er verið að leggja alla þessa vinnu í þessi mál á þinginu og kalla þessa menn fyrir sig, ef síðan, þegar þeir eru farnir út úr herbergjunum, þá mega þeir haga sér eins og þeim sýnist?

Ég vildi því spyrja hæstv. ráðh., hvort ætlazt sé til þess, að þetta mál afgreiðist nú. Ég mun ekki sjá mér fært að afgreiða málið, nema sams konar gögn séu send til n. eins og send eru til athugunar við fjárlagafrv. árlega. Ég óska, að þau gögn komi áður en n. gengur frá málinu.

Jón Pálmason: Herra forseti. Mér þykir ástæða út af þessum athugasemdum hv. þm. Barð. að segja hér nokkur orð og af því að á síðasta þingi var nokkuð deilt um þessi mál.

Eftir því, sem ég veit bezt, þá hefur það alla tíð verið skoðað sem hreint formsatriði og sem sjálfsagt mál að samþ. fjáraukal., því að fjáraukal. eru aðeins töluskýrsla um þær umframgreiðslur, sem ríkisreikningarnir sýna. Og deilur um það eiga að mínu áliti alls ekki að vera til á Alþingi, nema þá að töluvillur séu í frv. Þetta er svo eðlilegur hlutur, að það er fullkominn óþarfi að vera með deilur um fjáraukalögin. Það hafa löngum verið deilur um ríkisreikningana, og þær deilur eru eðlilegar. En ég vil leggja áherzlu á það, að hv. þm. ættu ekki að fara að tvöfalda þessar deilur með því að fara að deila líka út af fjáraukal., því að þau hafa alltaf verið skoðuð sem formsatriði. En allar deilur hafa verið í sambandi við ríkisreikningana sjálfa.

Þetta vildi ég láta koma fram til þess að koma í veg fyrir, að fjvn. fari að eyða tíma í miklar deilur út af fjáraukal.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég hafði út af því, sem hv. þm. Barð. tók fram, gert ráð fyrir því, að afgreiðsla þessara fjáraukal. tæki ekki langan tíma, því að þetta hefur aldrei tafið neitt fyrir á Alþingi. Þetta er aðeins formsatriði, eins og hv. þm. A-Húnv. tók fram hér áðan. Þetta er aðeins skýrsla um það, sem skeð hefur, um gerðan hlut. Ef menn vilja gera athugasemdir út af þeim framkvæmdum, sem gerðar hafa verið árið 1949, þá skulu þeir ræða það og gera till. um það í sambandi við landsreikningana.

Varðandi nauðsyn á því að láta fara fram ýtarlega athugun á frv. í fjvn., þá væri það hægt að láta henni í té ríkisreikningana frá 1949, sem hún hefur haft til afnota, og fylgiskjöl og allar upplýsingar, sem hún getur fengið þar um. En slík athugun hefur farið fram við endurskoðun landsreikninganna, og er gert ráð fyrir því, að hún sé gerð af endurskoðunarnefnd, en ekki af fjvn. Ég held, að það sé því ekki ástæða fyrir fjvn. að endurskoða landsreikningana, þó að ráð sé fyrir því gert, að henni sé heimilt að fá gögn um þetta, ef henni þykir það rétt.

En svo vil ég eindregið mælast til þess, að n. afgreiði þetta frv. fljótlega frá sér, og mér sýnist, að það geti ekkert verið því til fyrirstöðu. Þær upplýsingar, sem í frv. felast, eru ekki neitt nýtt fyrir fjvn., því að það er ekki meira en ár síðan reikningarnir voru gerðir og hafa verið til athugunar fyrir n. Og þegar n. hefur verið að íhuga þetta og rætt við forstöðumenn stofnana, þá hefur n. haft fyrir sér heimild í l. frá 1949.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það er yfirlýsing hv. þm. A-Húnv. eða forseta Sþ., að hér sé um formsatriði að ræða. Ég vil þá spyrja: Hvers vegna er þá verið að hafa nema eina umr. um þetta mál, og til hvers er þá verið að senda það til n.? Ég held, að það séu svo margir endurskoðendur í stjórnarráðinu, að það þurfi ekki að senda þetta til fjvn. til að telja þessar tölur saman. Sé það álit forseta og fjmrh., að hér sé aðeins um formsatriði að ræða, þá sé

ég ekki þörf á að tefja þingið við samlagningu á tölunum, en taka þetta heldur fyrir í sambandi við ríkisreikningana. Og ég sé því ekki, hvers vegna verið er að senda þetta til fjvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til fjvn. með 27 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Sþ., 23. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 596, n. 746, 747).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjvn. hafði fremur lítinn tíma til að athuga málið, þar sem því var vísað til hennar 16. þ. m. og síðan hafa verið miklar þingfundasetur, eins og kunnugt er, auk þess sem n. hafði nokkrum öðrum málum að sinna.

N. hefur borið þetta frv. saman við ríkisreikninginn 1949 og leggur til, að frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem fram eru settar á þskj. 747.

Fjáraukalagafrv. er nú fram borið í nokkuð öðru formi en verið hefur nokkur s. l. ár. Það hefur nú verið upp tekinn sá háttur að leita samþykkis Alþingis fyrir umframgreiðslum á hverjum útgjaldalið fjárlaga. Er þessi breyting tekin upp samkv. ábendingu fjvn. á síðasta þingi. Hins vegar er frv. að sumu leyti tölulega ógreinilegra en ástæða er til. Vil ég þar benda á, að frádrátt og útfærslu talnanna vantar, en niðurstaðan birt í lok 2. gr. Enn fremur er samtala frv. ekki tilfærð sérstaklega, og er þetta leiðrétt af n.

Af tölulegum leiðréttingum, sem gerðar eru á frv., eru þessar helztar:

Við 2. gr. Á liðnum áfengisverzlun, laun starfsmanna, er vantalið um 37053.50 kr. — Liðurinn tóbakseinkasala er vanreiknaður um 30 kr. — Ríkisútvarpið er oftalið um 14353.20 kr., en það er hallinn á rekstri viðgerðarstofunnar. N. leit svo á, að óþarft væri og rangt að leita hér sérstakrar heimildar fyrir þessari umframgreiðslu útvarpsins, þar sem annars staðar í frv. er leitað umframgreiðslu á öllu vardandi viðgerðarstofuna. Ef þetta hefði verið látið gilda, hefði í raun og veru tvisvar sinnum verið leitað fjáraukalagaheimildar fyrir þessu. — Skekkja er á liðnum um grænmetisverzlunina, eru umframgreiðslur oftaldar um 1 kr. — Framantaldar leiðréttingar valda þess vegna því, að niðurstöðutala 1. gr. frv., sem varðar rekstur ríkisfyrirtækja, hækkar í 15014768.40 kr.

Þá eru leiðréttingar á frv. varðandi hina eiginlegu rekstrarreikningsgrein.

6. gr. frv., tollstjóraembættið í Reykjavík, er 43326.96 kr. hækkun frá því, sem er á frv.

Í 7. gr., landsspítalinn, eiga umframgreiðslurnar hjá honum að færast út, en þær eru 500772.15 kr. — Sama er að segja um umframgreiðslur heilsuhælisins á Vífilsstöðum, 35961.18 krónur.

8. gr. Umframgreiðslur varðandi flugmál hækka um 488718.13 kr. En tekið er fram til upplýsingar, að tekjur stofnunarinnar hafi farið að sama skapi fram úr áætlun.

Vegna þessara leiðréttinga á 3.—14. gr. frv. hafa niðurstöðutölur þessara greina hækkað í 45878401.93 kr. En sú fjárhæð, sem samkvæmt 2.—14. gr. frv. er leitað heimildar fyrir, hefur þá samtals hækkað í 60893170.33 kr.

Til viðbótar við þetta eru umframgreiðslur á 20. gr., 73686782.52 kr. Nemur þá fjáraukalagaheimildin fyrir árið 1949 samtals 134579952.85 kr. Þó að þessi upphæð sé há, má segja, að með tilliti til fjárlaga sé þessi niðurstaða hvorki lakari né betri en algengt hefur verið mörg undanfarin ár.

Þetta eru þær tölur, sem ég taldi rétt að gera grein fyrir. En í sambandi við þetta vil ég lýsa því yfir sem minni skoðun, að mér virðist það óheppileg venja að taka ekki upp í fjárlög rekstraráætlun fyrir ríkisbúin önnur en Bessastaði. Með því fyrirkomulagi þarf að leita fjáraukalagaheimildar á hverju ári fyrir öllum rekstrarkostnaði búanna. Virðist óeðlilegt og óþarft að hafa þetta þannig. — Þá tel ég rétt að geta þess, að við samanburð á fjáraukalagafrv. við ríkisreikninginn var því veitt athygli, að tilraunastöðin á Keldum hefur ekki skilað reikningi fyrir árið 1949. Er því uppgjör stofnunarinnar aðeins byggt á þeirri fjárhæð, sem hún hefur fengið á árinu borgaða úr ríkissjóði. En greiðslan er eðlilega byggð á þeim tölum, sem fyrir liggja. En ef maður athugar ríkisreikninginn með tilliti til þeirra tekna, sem gert er ráð fyrir, er augljóst, að fjáraukalagaheimildin, sem sett er fram í frv. vegna þessarar stofnunar, er vantalin um allt að 100 þús. kr. Þetta atriði getur hver og einn athugað, ef hann lítur á ríkisreikninginn frá s. l. ári. Ég leit á reikninginn fyrir 1950 og sá, að þessi stofnun hefur skilað reikningi fyrir það ár, og þess vegna er sjáanlegt, að það er ekki ástæða til, að hjá henni verði misbrestur í þessu atriði framvegis. — En við samanburð frv. við ríkisreikninginn sást enn fremur, að sandgræðslan á 16. gr. A. hefur ekki heldur skilað rekstrarreikningi fyrir þetta ár. Við nánari athugun upplýstist, að sú stofnun hefur ekki skilað rekstrarreikningi nú samtals í 4 ár. Þó að fjáraukalög séu bara formsatriði, þá er venjan að telja, að þau eigi að byggjast rétt upp. Það má í raun og veru teljast furðulegt, að þessari stofnun skuli haldast uppi vítalaust ár eftir ár að skila ekki sínum rekstrarreikningi.

Ég hef svo ekki meira um þetta mál að segja, en endurtek þá till. fjvn., að hún leggur til, að frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem hér hafa verið lagðar fram.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Út af því atriði, sem hv. frsm. fjvn. upplýsti, að sandgræðslan hefði ekki skilað reikningi nokkur ár og að byggja verði á útborgunum til þessa fyrirtækis, verð ég að segja, að mér þykir þetta ákaflega einkennilegt. Mér þykir merkilegt, að það skuli ekki hafa verið athugað af endurskoðendum landsreikningsins, því að þeir hefðu átt að veita því athygli, hvort landsreikningurinn byggist á rekstrarreikningi eða útborgun-

um. Hefur ekki upplýstst, hvort fleiri reikninga vantar á þennan hátt. Þyrfti alltaf að fylgja listi yfir það, ef reikningsskil vantar, því að vitanlega er hægt að ganga eftir því og vita, hvernig þessu er varið og hvort víðar er um vanrækslu að ræða. Er sjálfsagt að athuga það.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil beina því til hæstv. ráðh., hvort hann gæti ekki séð um, að slíkar töluskekkjur sem hér komu fram eigi sér ekki stað. Þessi reikningur er venjulega sendur til fjvn. á síðustu stundu, og er því ekki auðvelt fyrir nm. að athuga, hvaða tölum hún má treysta og hverjum ekki. Hér er um rangan samanburð að ræða, og eru leiðréttingar fjvn. á þskj. 747.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Eins og kunnugt er, eru það starfsmenn fjmrn., sem semja þessi fjáraukalög, og koma gögnin ákaflega seint í þeirra hendur, svo að þeir verða að hraða sér mikið. Af þessum ástæðum er frv. ekki eins vel borið saman sem skyldi, og er sjálfsagt að athuga það framvegis.

ATKVGR.
Brtt. 747,1 samþ. með 27 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 747,2—9 samþ. með 26 shlj. atkv.
2.—14. gr., svo breyttar, og ný gr. (verður 15. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Sþ., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 756).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 36 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 760).

---

33. Fasteignaskattar til sveitarsjóða.

Á 57. fundi í Nd., 14. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir sveitarstjórnir til að innheimta með álagi fasteignaskatta til sveitarsjóða [167. mál] (stjfrv., A. 593).

Á 58. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Það þarf ekki að hafa mörg orð um þetta frv., því að athugasemdirnar, sem því fylgja, skýra, hvernig það er til komið, en það er, eins og tekið er þar fram, bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar, sem hefur sent til Alþ. og fjmrn. ósk um, að Alþ. heimili bæjarsjóði Akureyrar að innheimta fasteignaskatta með allt að 400% álagi og komi þetta til framkvæmda á yfirstandandi ári.

Ríkisstj. hefur orðið ásátt um að leggja til við Alþ. að samþ. heimildarlög um þetta efni, þannig að bæjarstjórnunum sé heimilt að innheimta með allt að 400% álagi þá skatta, sem renna til bæjarsjóðs og miðaðir eru við fasteignamat. En undanskilinn þessu er þó vatnsskattur, þar sem hann mun áður hafa verið hækkaður sérstaklega.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta frv., en legg til, að því að lokinni þessari umr. verði vísað til 2. umr. og fjhn.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér í sambandi við þetta frv., áður en það fer til n., að óska eftir upplýsingum frá hæstv. ríkisstj. um það, hvernig hún hugsar sér framkvæmdir í sambandi við þetta frv., ef einnig verður samþ. frv. um endurskoðun fasteignamatsins, sem fjhn. flytur að tilhlutun hæstv. fjmrh.

Ef við gerum ráð fyrir því, að bæði þessi frv. verði samþykkt hér á Alþ., sem er engan veginn óhugsandi, þar sem hæstv. ríkisstj. stendur að þeim báðum, hvernig hugsar hæstv. ríkisstj. sér þá að hafa framkvæmdirnar á þessu? Mér skilst, að ef lögin um fasteignamatið verða samþykkt og það endurskoðað og því breytt, þá hljóti líka þetta frv. að þýða 400% álag, miðað við það endurskoðaða fasteignamat. Þannig get ég ekki séð, hvernig það má fara saman, að hæstv. ríkisstj. beiti sér fyrir samþykkt beggja frv. óbreyttra.

Það er sjálfsagt svo, að það frv., sem nú liggur hér fyrir, er hugsað þannig, að það komi í staðinn fyrir endurskoðun fasteignamatsins, en það er erfitt um afgreiðslu þessara mála, meðan þau liggja bæði fyrir þinginu óbreytt.

Ég skal ekki ræða þetta mál nánar að sinni, því að það fer til n., sem ég á sæti í, en það er bara þetta formlega spursmál, sem mig langar til þess að fá upplýsingar um.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég hafði ætlað mér að bera fram sams konar fyrirspurn til hæstv. ríkisstj. og hv. 2. þm. Reykv. hefur nú gert, um það, hvernig hæstv. ríkisstj. geti ætlazt til þess, að bæði þessi frv., það, sem nú er hér til 1. umr., og frv. á þskj. 200, verði samþykkt. Það er augljóst mál, að bæði þessi frv. er ekki hægt að samþ. óbreytt, eins og hv. 2. þm. Reykv. hefur bent á.

En ég vildi bæta nokkrum orðum við þetta. Það, sem ég hef fyrst og fremst að athuga við frv. um endurskoðun fasteignamatsins á þskj. 200, er, að af því mundi leiða hækkaðar opinberar álögur og skatta, bæði til ríkissjóðs og bæjar- og sveitarfélaga, en þessar byrðar eru þegar orðnar mjög þungar. Bæjar- og sveitarfélögin hafa mikla þörf fyrir auknar tekjur, en sama verður ekki sagt um ríkissjóðinn. Það er þetta, sem ég hef við það frv. að athuga. Hins vegar tel ég hitt atriði frv. hafa dregizt allt of lengi, að færa fasteignamatið til samræmis við verðgildi eigna í landinu og færa eignamatið

þannig nær sannvirði, svo að ekki væri hægt við skattaframtal að halda stóreignunum skattfrjálsum í skjóli hins ranga fasteignamats.

Frv. þetta miðar að því að færa rétt mat á eignir manna, og er ég því vitanlega samþykkur og tel brýna nauðsyn til þess að gera slíka ráðstöfun. Hins vegar getur þetta frv., sem nú kemur hér fram á Alþ., þýtt það, að það verði ofan á, að Alþ. falli frá því að leiðrétta fasteignamatið, en einungis verði hækkuð þau gjöld, sem miðuð eru við núgildandi fasteignamat, allt að því fimmfalt og bæjar- og sveitarsjóðir afli sér aukinna tekna á þann hátt. Ef þetta frv. á að tákna það, að þessi stefna hafi orðið ofan á, þá virðist mér sem svo sé, að sú leið sé valin, sem lakari er. Um þetta vildi ég óska upplýsinga.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Hv. 2. þm. Reykv. spurði um það, hvernig yrði um framkvæmdir, ef lög yrðu jafnframt sett um fasteignamatið. Meinar hv. þm. það frv., sem hefur verið hér langan tíma til umr. í þingdeildinni, og það frv sem nú liggur fyrir? En ég sé ekki, að þessi frv. fari í bága hvort við annað, og samþykkja mætti þau bæði. Það yrði aðeins að gera lítils háttar breytingu á því frv., sem hér liggur nú fyrir. Bæjarstjórn Akureyrar hefur lagt á það áherzlu að fá tekjur af þessari ráðstöfun á yfirstandandi ári, og þótt endurskoðun fasteignamatsins verði samþykkt og fari fram, þá koma ekki inn neinar auknar tekjur af því á þessu yfirstandandi ári. Það þarf því ekki annað en gera örlitla breyt. á orðalagi þessa frv., þar sem tekið sé fram, að það miðist við núgildandi fasteignamat, og ég tel sjálfsagt, að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, lagfæri þetta, þegar hún sér, hvað verður um framgang þess frv., sem hér liggur fyrir.

Mér finnst ekki ástæða til að koma verulega inn á það, sem hv. 3. landsk. (GÞG) sagði, þar sem hann óskaði að mestu leyti upplýsinga um það sama og hv. 2. þm. Reykv. Öllum hv. þm. er kunnugt um þau frv., sem hér liggja nú fyrir Alþ., og það er hlutverk þess að ákveða, hvað verður ofan á í þessu efni, og afgreiða þessi mál. Það eru deilur um þetta, og það verður hlutverk Alþ. að velja um og skera úr, hvort frv. verði ofan á. En frv. það, sem nú liggur hér fyrir, er flutt eftir ósk bæjarstjórnarinnar á Akureyri til þess að fá skattana hækkaða nú á þessu ári, og ríkisstj. leit svo á, að sjálfsagt væri að leyfa þessu bæjarfélagi og öðrum að leggja skatta á á þann hátt, sem hér er farið fram á. Það er tilgangur þessa frv. að leyfa þessa skattahækkun á því ári, sem nú er að byrja, og er það ekki í neinni mótsögn við önnur frv. hér eða til fyrirstöðu á endurskoðun fasteignamatsins, sem kann að fara fram síðar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., 17. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Nd., 18. jan., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 593, n. 636 og 637).

Frsm. meiri hl. (Sigurður Ágústsson): Herra forseti. Á þskj. 593 hefur hæstv. ríkisstj. að beiðni bæjarstjórnar Akureyrar flutt frv. um heimild fyrir bæjar- og sveitarsjóði að innheimta fasteignagjöld með álagi. Það hlýtur að vera öllum hv. þm. ljóst, hvílíkir erfiðleikar eru viðs vegar um land fyrir bæjar- og sveitarsjóði að afla sér tekna til að standa straum af sívaxandi útgjöldum. Frv. þetta heimilar 400% álag á alla skatta, sem miðaðir eru við fasteignamat, að vatnsskatti undanskildum.

Fjhn. hefur haft þetta frv. til meðferðar og gat ekki orðið á eitt sátt um afgreiðslu þess. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ. með þeirri breytingu á 1. gr., að í stað orðanna „skatta, sem miðaðir eru við fasteignamat" komi: skatta og önnur gjöld, sem miðuð eru við fasteignamat. — Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ. með þessari breytingu, en minni hl., hv. 2. þm. Reykv., hefur gefið út sérstakt nál. á þskj. 637, sem hann mun mæla með.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Við höfum ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessa frv. Ég hef gefið út nál. á þskj. 637. Ástæðan til, að ég er andvígur þessu frv., er ekki sú, að ég álíti ekki almennt réttlætanlegt að afla tekna í ríkissjóð og bæjarsjóði með hækkuðum fasteignagjöldum, hvort heldur það er gert með því að hækka matið eða þau gjöld, sem leyfilegt er að leggja á. Almennt séð eru fasteignirnar eðlilegur gjaldastofn, en hér er um að ræða að tvennu leyti sérstakar kringumstæður í okkar þjóðfélagi. Í fyrsta lagi held ég að sé óhætt að segja, að nú sem stendur sé enginn möguleiki fyrir eigendur fasteigna að fá lán út á sínar fasteignir. Í öllum borgaralegum þjóðfélögum, þar sem ég þekki til, er auðvelt fyrir mann, sem á sæmilega fasteign, að fá lán út á slíka eign. Þegar því fasteignagjöldin nú eru innheimt, er ekki hægt að greiða þau með húsum eða lóðum, heldur verður að greiða þau með peningum. Þetta, hve erfitt er að fá lán, veldur því, að allt, sem við kemur fasteignum, er allt öðruvísi en í okkar nágrannalöndum. Það þekkist ekki í okkar nágrannalöndum, að menn, sem eiga hús og aðrar fasteignir, geti ekki fengið lán út á þær. Með slíkum aðstæðum, sem hér eru, er eignin gerð einskis virði, svo framarlega sem eigi að greiða einhverja fjárhæð, nema með því að selja hana, og þá er það svo, að engir geta keypt nema örfáir menn. Margir hafa lagt út í það að reyna að eignast fasteign, oft af litlum efnum, í trausti þess að geta unnið fyrir afborgununum. Hér í Reykjavík er fjöldi manna, sem þannig er ástatt um, að þeir hafa ekki getað fengið lán nema til 10 eða 15 ára og verða því að borga lánið upp á óeðlilega stuttum tíma. Og nú þegar atvinnuskorturinn vex og dýrtíðin vex, stendur þannig á, að jafnvel smáupphæðir geta

munað því, hvort fasteignin verður áfram eign þessara manna. Ég álít því, að hækkun á fasteignagjöldunum, sem þó er eðlileg, geti haft þær afleiðingar, að ýmsir slíkra manna, sem raunverulega eru bjargálna menn, missi sínar eignir. Ég þekki persónulega til manna, sem eiga smáhús, sem á normal-tímum væru seljanleg fyrir 300 þús., skulda í þeim 150—170 þús., en eru nú vegna skatta, dýrtíðar og atvinnuleysis í vandræðum með að halda þeim, og hvað eftir annað er auglýst á þeim uppboð vegna smáskulda, vegna þess að enginn banki vill lána út á hús nú sem stendur. Það eru því fjöldamargir, sem missa þessar eignir út úr höndunum á sér, þó að þeir eigi í þeim kannske 200 þúsund. Það er ekki í þágu þjóðfélagsins að rýja þannig menn, sem eru að reyna að verða efnahagslega sjálfstæðir. Hins vegar vil ég taka fram, að svo framarlega sem er þarna kippt í lag og mönnum gert kleift, ef um smáeign er að ræða, að fá lán sem svarar helmingi af eðlilegu mati slíkrar eignar, er ég síður en svo að sjá eftir þeim mönnum að greiða hækkuð gjöld, jafnvel þó að þeir þurfi að taka lán til þess, og það er ekki nema eðlilegt, og það er sérstaklega eitt, sem mælir með því, og það er, að það er fjöldi af stóreignamönnum, sem eiga miklar fasteignir og sleppa nú sem stendur vel við skatta. Ég get vel skilið þann tilgang ríkisstj. með þessari till. að ná betur til slíkra manna. En ég vil ekki vinna það til, ef það kostar að hrinda mörgum, sem unnið hafa baki brotnu til að eignast eitthvað, niður í örbirgð. Það er nokkurn veginn gefið hvað fasteignamatið snertir, að það breytist á næstunni, og það er eðlilegur hlutur, en með þessu frv. er verið að heimila þeim bæjarstjórnum, sem það vilja nota, að fjórfalda öll gjöld, sem þær mega leggja á eftir fasteignamati, og það finnst mér ekki réttlátt eins og aðstæður eru nú. Hins vegar strandar þessi breyting, sem er eðlileg, sérstaklega á lánsfjárbanninu, sem er óeðlilegt ástand og hefur þær afleiðingar, ef það heldur áfram, að rýja smám saman þá alþýðumenn, sem hafa verið að eignast eitthvað, og safna öllum eignum í hendur fárra stórgróðamanna. Þetta vildi ég segja út af því princip-atriði, er í þessu felst og gerir það að verkum, að ég er frv. andvígur. Hins vegar er hugsanlegt, að þetta frv. yrði í framkvæmdinni ekki eins varasamt, ef fáar bæjarstjórnir notuðu það, en ég óttast, að það yrði notað þar, sem sízt skyldi, en sleppt annars staðar, þar sem hægt væri að gera það með meiri rétti. Þær bæjarstjórnir, sem yrði gefinn þessi réttur, hafa í útsvarsálögum meiri rétt til að taka tillit til efnahags manna en ríkisvaldið í álagningu eignarskattsins. — Ég vil því, miðað við þær aðstæður, sem nú eru, leggjast gegn því, að frv. verði samþ.

Jón Pálmason: Herra forseti. Þegar ég sá þetta frv. á þskj. 593, varð ég undrandi, eftir þær deilur, sem hér hafa orðið að undanförnu um hækkun fasteignamatsins. Því var af sumum haldið fram í sambandi við það mál, að það mundi hækka fasteignaskatt og eignarskatt. Nú er lítið annað gert í þessu frv. hæstv. ríkisstj. en hækka öll fasteignagjöld, sem renna til bæjar- og sveitarsjóða, um 400%, en það nær hvorki til fasteignaskatts né eignarskatts. Það yrðu aðallega smágjöld, sem hækkuðu, rafmagnsgjald, símagjald og vegagjald til sýsluvega og hreppsvega. — Eins og kunnugt er, ber að leggja á útsvör eftir efnum og ástæðum, og er bæjar- og sveitarstjórnum í sjálfsvald sett, hvernig þær reikna út eignir manna, og geta því hækkað útreikninga og útsvarsálögur eins og eðlilegt er og sjálfsagt. Fyrir þessu frv. eru ekki færð önnur rök en að þetta sé gert eftir beiðni frá bæjarstjórn Akureyrar. Mér þykir þessari bæjarstjórn gert hátt undir höfði, ef eftir beiðni hennar einnar á að gefa svo víðtæka heimild. Á síðastliðnu hausti héldu hér fund fulltrúar frá bæjarstjórnum á landinu, 13 að tölu. Þar voru gerðar ýmsar till. um endurbætur á hag bæjarfélaganna, sem allir fulltrúarnir voru sammála um. Ekkert hefur verið gert út af þeim ályktunum enn þá, en svo kemur ein af þessum 13 bæjarstjórnum og biður um að fá hækkuð öll fasteignagjöld um 400%. Mér finnst nokkurt ósamræmi í því, hve þessari bæjarstjórn er gert hátt undir höfði.

Ég álít, að þetta frv. sé óþarft vegna þess, að bæjar- og sveitarstjórnir hafa rétt til að taka svo mikil fasteignagjöld gegnum útsvörin sem þeim þykir sanngjarnt. Þess vegna vil ég bera fram svo hljóðandi till. til rökstuddrar dagskrár:

„Þar sem aðaltekjur bæjar- og sveitarfélaga eru útsvör, þar sem þau ber að leggja á eftir efnum og ástæðum og þar sem bæjar- og sveitarstjórnir geta samkvæmt þeirri reglu reiknað fasteignir með öðru og hærra verði en matsverði, ef þær telja það sanngjarnt, við álagningu útsvaranna, þá telur deildin þetta frv. óþarft og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“

Ég tel, að hver sú sveitar- og bæjarstjórn, sem álítur, að þeir, sem eiga fasteignir, fari betur út úr útgjöldum en sanngjarnt er, geti hækkað hjá þeim, en ef á að samþ. svona heimild varðandi hækkun smærri útgjalda, er hætt við, að það yrði rótfast og kæmi oft illa við að mínu áliti.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég vildi aðeins þakka hv. meiri hl. fjhn. fyrir afgreiðslu þessa máls. — Út af því, sem hér hefur fallið frá hv. 2. þm. Reykv., sem mér virtist nú erfitt að henda reiður á, því að í öðru orðinu var hann með frv., en var samt á móti því, og sérstaklega út af dagskrártill. hv. þm. A-Húnv., vil ég segja það, að þetta frv. er borið fram samkvæmt ósk bæjarstjórnar Akureyrar, og ég vil yfirleitt hafa þá reglu, þegar bæjarstjórnir koma með einhverjar till., sem mér virðast skynsamlegar og þær eiga að vita bezt hvort henta þeim, að láta þær þá ráða. Bæjarstjórn Akureyrar hefur óskað eftir þessari heimild, af því að hún telur það heppilegra við álagningu gjalda, og undrast ég, ef menn eru á móti því að leyfa slíkt. Ég er ekki svo spenntur fyrir sentraliseringu, að ég vilji ekki leyfa einstökum landshlutum að fara sínar leiðir.

Ég vil ekki blanda umræðum um endurskoð-

un fasteignamatsins inn í þessar umr., það yrði aðeins til að lengja umr. og snertir þetta mál ekkert. Það, sem við hér erum að ræða, er heimild, sem bæjarfélögin mega nota, ef þau telja það rétt, og held ég, að það sé bezta lausnin. Vil ég svo ekki blanda hér inn í umr. um mál, sem búið er að afgreiða á þessu þingi.

Umr. frestað.

Á 62. fundi í Nd., s. d., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 593, n. 636 og 637, 677).

Jónas Rafnar: Herra forseti. Eins og hæstv. forsrh. tók fram við 1. umr. þessa máls, þá er þetta frv. flutt eftir beiðni, sem kom frá bæjarstjórn Akureyrar. Það munu aðallega tvær ástæður liggja að baki þessari beiðni. Í fyrsta lagi sú ástæða, að þegar bæjarstjórnin fór að vinna að fjárhagsáætlun bæjarins fyrir þetta ár, kom í ljós, að erfitt mundi vera að afgreiða hana án þess að hækka útsvörin til muna, enda kom það á daginn, að útsvörin þyrftu að hækka um 1—2 millj. kr., til þess að hægt væri að láta gjöld og tekjur standast á. Í öðru lagi var ástæðan sú, að tekjur bæjarins af ýmiss konar fasteignum höfðu ekki aukizt þrátt fyrir mikla hækkun á flestum öðrum sviðum. Þessar tekjur af fasteignum eru aðallega samkv. l. frá 1945 og fasteignaskattur samkv. l. frá 1947. Enn fremur hefur bærinn haft nokkrar tekjur af afgjöldum lóða og erfðafestulanda, og eru þessi gjöld miðuð við fasteignamat, og munu þau vera 4% á Akureyri núna. Tekjur bæjarins vegna fasteignaskatts munu áætlaðar 300 þús. kr. næsta ár, og tekjur af lóðum og erfðafestulöndum 250 þús. kr. Í þessu sambandi er fróðlegt að athuga það, að bein útgjöld bæjarins vegna lóða og erfðafestulanda eru nú áætluð 360 þús. kr. á næsta ári, þannig að tekjurnar af þessum eignum hrökkva engan veginn fyrir gjöldunum vegna þeirra. Það virðist því sanngjarnt og rétt að koma þarna jafnvægi á.

Ég sé ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um þetta frv. Ég vildi aðeins taka það fram, að þegar gengið var frá fjárhagsáætlun Akureyrarbæjar fyrir næsta ár, var samþ. af bæjarstjórninni að reyna að fá heimild til að hækka gjöld af fasteignum og ef sú heimild fengist, mundu útsvörin geta lækkað um þá upphæð, sem bærinn mundi fá vegna aukinna tekna af fasteignunum. Ég sé ekki ástæðu fyrir hv. þm. að setja sig á móti þessu frv., þar sem hér er líka aðeins um heimildarlög að ræða, og er sveitarfélögunum í sjálfsvald sett, hvort þau nota þessa heimild eða ekki. Ég vænti þess því, að þetta frv. fái samþykki hv. þingmanna.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð út af því, sem hæstv. forsrh. sagði um þetta mál. Hann sagðist álíta rétt að verða við óskum bæjarstjórna um að fá þá tekjustofna, sem þær færu fram á og þeim væru nauðsynlegir. Mér fannst þetta eftirtektarverð yfirlýsing. Við þekkjum það allir, að það hefur oft komið fyrir, að bæjarstjórnir hafa farið fram á sérstaka tekjustofna sér til handa, en verið neitað. Og ég held, að ef það er meiningin að fara að taka þetta upp sem prinsip, þá sé réttast að hafa það þannig að veita aðeins þeim heimildina, sem sækja um tekjustofnana, en ekki öllum öðrum bæjar- og sveitarstjórnum sams konar heimild um leið, sem alls ekki hafa um hana sótt. Menn muna eftir því, er Vestmannaeyjakaupstaður sótti um að fá rétt til að hafa tekjur af uppskipun á vörum í bænum, en var neitað. Hæstv. forsrh. sagði, að þegar Akureyri sækti um slíka tekjustofna, væri sjálfsagt að verða við þeim óskum. Þó að ég líti svo á, að rétt sé að veita Akureyri þessa heimild nú, þá finnst mér ekki rétt að gera þetta að almennu prinsipi. Ég mun því flytja brtt. um þetta fyrir 3. umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 63. fundi í Nd., 19. jan., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökstudd dagskrá á þskj. 677 felld með 17:6 atkv.

Brtt. 636 samþ. með 16:3 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 16:5 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 16:4 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÁ, SkG, StJSt, StgrSt, AE, ÁB, EystJ, GG, HelgJ, JóhH, JG, JS, JR, JörB, PÞ, PO, SB.

nei: ÁkJ, ÁS, EOl, JPálm, JÁ, MK.

SG, BÓ, IngJ, KS, MJ greiddu ekki atkv.

6 þm. (ÁÁ, EmJ, GTh, GÞG, HÁ, ÓTh) fjarstaddir.

Á 64. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 693).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls lýsti ég yfir því út af ræðu hæstv. forsrh., þar sem hann sagði, að eðlilegt væri að verða við kröfum bæjarstjórna um eðlilegar og nauðsynlegar tekjuöflunarleiðir, að ég mundi bera fram brtt. við 1. gr. þessa frv. — Ég leyfi mér nú að leggja þessa till. fram, en hún er á þá leið, að í stað orðsins „sveitarstjórnir“ í 1. gr. frv. komi: bæjarstjórn Akureyrar, — og að fyrirsögn frv. breytist í samræmi við þetta. Ég vænti þess, að ég megi skilja forsrh. á þá lund, að þegar bæjar- og sveitarstjórnir þurfa á tekjustofnum að halda og finna þá, þá megi treysta því, að ríkisstj. og Alþ. veiti þeim nauðsynlegar heimildir, en ég tel ekki, að veita eigi almenna heimild í þessu skyni. Ég man, að einstakir kaupstaðir hafa áður beðið um sérstakar heimildir í þessa átt, t. d. Vestmannaeyjar. Er það í samræmi við þá yfirlýsingu, sem hæstv. forsrh. gaf. Ég vil ekki þrengja að sjálfstæði bæjarfélaganna, og ég tel, að eðlilegast sé, að þessi háttur sé hafður á þessu.

Ég leyfi mér því að leggja fram þessa skrifl. brtt. og vænti þess, að hæstv. forseti leiti afbrigða fyrir henni.

Forseti (SB): Mér hefur borizt skrifl. brtt. við 1. gr. frá hv. 2. þm. Reykv., um að í stað orðsins „sveitarstjórnir" í 1. gr. komi: bæjarstjórn Akureyrar, — og að fyrirsögn frv. breytist í samræmi við það.

Brtt. er skrifl. og of seint fram komin og þarf því tvöföld afbrigði, til þess að hún megi koma hér til umr.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. (sjá þskj. 695) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að segja nokkur orð í tilefni af þessu máli, áður en það fer frá þessari hv. d.

Eins og hv. dm. er kunnugt, var ég aðili að brtt. varðandi frv. um endurskoðun fasteignamatsins. Það mál er að vísu úr sögunni, og ég skal ekki gera það að umtalsefni, en í einni brtt., sem við bárum fram, voru ákvæði þess efnis, að ekki skyldi hækka gjöld, sem miðuð eru við fasteignamat, nema með sérstökum breyt. á gildandi lögum. Sú skoðun virtist ríkjandi hjá meiri hl. þm. í þessari hv. d., að þessi breyt. væri eðlileg. Það má segja, að þetta hafi ekki verið yfirlýsing frá þm. um það, að þeir mundu ekki greiða atkv. með sérstökum breyt. En mín hugmynd með brtt. var sú að vinna gegn því, að gjöldin hækkuðu að krónutölu. Ég vildi, að þau lækkuðu hlutfallslega, ef fasteignamatið yrði hækkað.

Rétt í því, að frv. um fasteignamat var vísað hér frá með rökst. dagskrá, kemur svo frv. frá hæstv. ríkisstj. um að heimila sveitarstj. að fimmfalda öll þessi gjöld. Það er gert ráð fyrir því að innheimta með álagi öll gjöld, sem miðuð eru við fasteignamat, en að hin verði óbreytt.

Ég greiddi ekki atkv. við 2. umr. um till. hv. þm. A-Húnv. um að vísa þessu máli frá. Ég taldi annmarka á því, þar sem málið er borið fram sem stjfrv. og ætla má, að öll hæstv. ríkisstj. standi að frv. Þess vegna er erfitt fyrir stuðningsmenn hæstv. stj. að vera á móti málinu. En ég vil ekki láta hjá líða að geta þess, að ég er andvígur þessu frv. að efni til, og ég er hissa á því, að nokkur bæjarstjórn skuli hugsa sér að fimmfalda öll þessi gjöld, eins og bæjarstjórn Akureyrar ætlar að gera.

Þetta mál er nokkuð annars eðlis en hækkun fasteignamatsins. Af því hefði leitt af sjálfu sér hækkun þessara gjalda, en hér er það á valdi bæjarstjórna, hvort gjöldin hækka, þó að áhrifin verði hin sömu, svo framarlega sem heimildin er notuð.

Formælendur þessa máls kynnu að svara því til, að einu gilti, hvort sú leið er farin að hækka útsvörin eða hækka þau gjöld, sem miðuð eru við fasteignamat, og það er að vissu leyti rétt. En það haggar ekki þeirri staðreynd, þó að rétt kunni að vera og eðlilegt að hækka þessi gjöld nokkuð, að hækkun fasteignaskatta úr hófi fram getur haft alvarleg áhrif í för með sér, og eins og nú er ástatt um lánsfjáröflun, er mörgum um megn að leggja fram fé til þess að koma sér upp húsum. Það er vert að hafa það í huga, að þetta mun leiða af sér hækkaða húsaleigu og auka tölu þeirra, sem búa í leiguhúsnæði.

Ég mun ekki berjast gegn þessu frv., þar sem það er flutt af hæstv. ríkisstj., en ég er ekki með því, og ég vildi láta það koma fram, að mín skoðun er hin sama og áður að því er varðar þessi mál.

Jónas Rafnar: Herra forseti. Ég gat þess í gær, að tvær ástæður væru til þess, að bæjarstjórn Akureyrar hefði farið fram á þessa heimild. Annars vegar kom það í ljós, þegar afgr. átti fjárhagsáætlun bæjarins, að hækka þyrfti útsvörin um 2 millj. kr., ef ná ætti jöfnuði, hins vegar hafa tekjur bæjarins af fasteignaskatti verið óbreyttar árum saman. Í ár eru tekjur bæjarins af lóðum og erfðafestulöndum áætlaðar 250 þús. kr., en kostnaður af þessum eignum nemur fyrir bæinn 360 þús. kr.

Hv. 2. þm. Reykv. andmælti þessari leið, þar sem með þessu væri verið að þyngja skattana, sem þegar væru nægilega háir. En það var ætlun bæjarstjórnarinnar, að útsvörin lækkuðu sem svaraði þessum auknu gjöldum af lóðum og erfðafestulöndum.

Ég býst við, að Akureyringar séu ekki sérstaklega á móti till. hv. 2. þm. Reykv., en ég get ekki verið með henni. Ég tel, að hagur sveitarfélaganna sé þannig, að ástæða sé til þess, að þau fái þessar tekjur. Eftir reynslu undanfarinna ára er varla hægt að gera ráð fyrir því, að hagur Akureyrarbæjar sé verri en annarra bæjarfélaga, svo að hann þurfi sérstaklega þessar tekjur. Ég álít, að önnur bæjarfélög þurfi einnig þennan tekjustofn, og er því á móti till. hv. 2. þm. Reykv. og vil, að hún verði felld.

ATKVGR.

Brtt. 695 felld með 16:6 atkv.

Frv. samþ. með 17:5 atkv. og afgr. til Ed.

Á 65. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 66. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., 21. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 68. fundi í Ed., 22. jan., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 693, n. 716 og 720, 719).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér um ræðir, er stjórnarfrv., eins og grg. ber með sér.

Fjhn. hefur haft málið til athugunar, og

leggur meiri hl. til, að það verði samþ., en minni hl. vill fella það.

Það munu nú vera nokkrir tugir ára síðan einstöku bæjarfélög leituðu hjálpar Alþingis í því skyni að fá tekjur sínar auknar með fasteignasköttum og fengu heimildir til þess að leggja þá á, en það var ekki fyrr en 1937, að samþ. voru ein allsherjarlög, sem heimiluðu bæjar- og sveitarfélögum að leggja á fasteignaskatta. Þessa heimild hafa allir bæir og kauptún notað, en sveitarhreppar ekki. Það gjald, sem sveitarfélögunum var heimilað að leggja á samkvæmt þessum lögum, var 2% af fasteignamatsverði byggingarlóða, 1% af fasteignamati húsa og 0.5% af mati á ræktunarlóðum. En þessi nýju lög skylduðu jafnframt bæjarfélögin til að sjá um sót-, sorp- og salernishreinsun.

Fasteignamat það, sem nú gildir, var lögleitt árið 1942, og hefur það verið óbreytt síðan þrátt fyrir gífurlega breytingu á gildi peninga, og er þetta frv. flutt í þeim tilgangi að koma hér nokkru samræmi á hjá þeim, er það kjósa. En í frv. er aðeins um heimild að ræða, og eru sveitarfélögin því alveg sjálfráð, hvort þau nota hana eða ekki. Það er vitað mál, að í flestum bæjum eru álögð útsvör svo há, að þar verður varla lengra farið, og hafa því mörg bæjarfélög óskað eftir fleiri aðferðum til þess að afla sér tekna.

Því hefur verið haldið fram í umr. um þetta mál, að það væri ekki nægilega undirbúið og að leita þyrfti umsagnar fleiri aðila. Ég get ekki fallizt á þetta. Frv. er flutt hér á hv. Alþ. vegna þess, að ósk hefur komið fram um það frá bæjarstjórn Akureyrar, og vitað er, að fleiri bæjarfélög eru þess fýsandi, að þessi heimild verði veitt, og ég býst ekki við, að neinn sveitarhreppur muni banda hendinni á móti frv., þótt þeir biðji ekki um heimildina og noti hana máske ekki nema fáir.

Ein brtt. hefur komið fram við frv. hér í hv. d. Hún er frá hv. þm. Vestm. Leggur hann til í fyrsta lagi, að 1. gr. sé breytt á þann hátt, að leita þurfi samþykkis félmrn. í hvert sinn, sem sveitarfélag æskir að nota heimildina. Nú er það kunnugt, að samkvæmt lögunum um fasteignaskatt til bæjar- og hreppsfélaga er svo kveðið á, að bæjarstjórnir og hreppsnefndir skuli ákveða með reglugerð upphæð skattsins til 5 ára í senn innan þeirra takmarka, er lögin heimila. Þar er enn fremur kveðið svo á, að reglugerðir kaupstaðanna skuli staðfestar af atvmrh., en reglugerðir hreppsnefnda af viðkomandi sýslunefnd. Ég held því, að næg trygging sé í þessu ákvæði um 5 ára endurskoðun, og tel óhæft að skuldbinda sveitarstjórnir til að leita samþykkis félmrn. á hverju ári, ef nota á heimildina.

Í öðru lagi er í brtt. hv. þm. Vestm. ákvæði um það, að ef heimildin er notuð, þá skuli útsvarsgreiðslur lækka um samsvarandi upphæð. Ég skil þetta ekki fullkomlega. Ef það er meining tillögumanns að lækka útsvörin frá því, sem áður var, þá missir tillagan marks. Við getum tekið eitt sveitarfélag sem dæmi. Álögð útsvör þar nema 1 millj. kr. árið 1951. Nú æskir þetta sveitarfélag að nota heimildina 1952 til að innheimta fasteignaskattinn með álagi, og nemur sú upphæð 100 þús. kr. Samkv. brtt. hv. þm. Vestm. skilst mér, að sveitarfélagið megi ekki nota heimildina, nema því aðeins að útsvörin séu lækkuð um 100 þús. kr. frá árinu 1951, þ. e. séu ekki nema kr. 900000.00 árið 1952. Ef þetta er meining hv. þm., þá er að mínu áliti óþarft að nota heimildina, því að frv. miðar að því að auka tekjur sveitarfélaganna vegna aukinna þarfa og þá að sjálfsögðu létta sem því svarar sjálfa útsvarsbyrðina, sem annars mundi vera. Ég álít því, að brtt. hv. þm. Vestm. séu óþarfar, og legg til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Eins og hv. frsm. meiri hl. sagði, gat n. ekki orðið sammála. Leggur minni hl. til, að frv. verði felldt, og mun ég gera grein fyrir ástæðunum.

Nýlega hefur verið felld í hv. Nd. endurskoðun á fasteignamatinu í landinu með þeim rökum, að það mundi hafa í för með sér aukna skatta fyrir þegnana til ríkissjóðs og sveitarsjóða, enda gert í þeim tilgangi að fá nýja tekjustofna bæði fyrir ríkissjóð og sveitarsjóði. Hér liggur því yfirlýsing fyrir um það, að meiri hl. Alþ. vill ekki hækka skattana. Það er því einkennilegt, að fram skuli koma till. um að hækka skatta fimmfalt. Ég vil einnig benda á það, að málið hefur ekki verið nægilega undirbúið, svo að hægt sé að samþ. það eins og það nú liggur fyrir. Eins og hv. frsm. meiri hl. gat um, var þetta gjald tekið upp til þess að standa undir sorphreinsun og þvíliku. Það liggur ekki fyrir nú, hvort þessi tekjustofn er nægilegur til þessara útgjalda, og er helzt ástæða til að ætla, að þessi tekjustofn eigi að fara til annarra útgjalda. Ef þetta á að fara til þeirra útgjalda, sem það áður hefur verið ætlað til, þá hefði sveitarfélagið, sem fór fram á þetta, átt að greina frá því. En ef auka á tekjurnar í heild, þá má leggja á útsvör eftir efnum og ástæðum, og kemur það öðruvísi og betur út, ef sanngjarnlega er lagt á. Af þeirri ástæðu er heldur ekki hægt að samþykkja þetta.

Ég vil líka benda á það, að ósk um þetta hefur aðeins komið frá einu bæjarfélagi, og þess vegna er eðlilegast að veita því einu þessa heimild, ef til þess kemur. Ég mun því við 3. umr. bera fram brtt. um það.

Þá vil ég benda á það, að síðan 1940 hafa gilt húsaleigulög, sem hafa rýrt tekjur þeirra, sem eiga fasteignir, svo að þeir hafa ekki getað haldið húsunum við, hvað þá heldur haft tekjur af þeim sér til lífsframfæris. Það er líka viðurkennt sem eitt af þeim verkefnum, sem nauðsynlegt er að styðja, að nægilegum húsakosti verði komið upp fyrir íbúa landsins. Eftir að Alþ. hefur í öll þessi ár bundið húseigendur um land allt við húsaleigulögin, væri ósanngjarnt nú, þegar losað hefur verið um þau bönd, að leggja ný bönd á húseigendur með því að fimmfalda fasteignaskattana. Ég tel líka nauðsynlegt, að fyrir liggi álit fasteignaeigenda áður en slíkt er gert, t. d. Fasteignaeigendafélags Reykjavíkur.

Þá vil ég benda á, að eins og frv. er nú, verður

ekki fullkomlega skilið, hvort nákvæmlega sama álag verður á öllum fasteignum innan sama sveitarfélags. Hugsanlegt er að gefa út reglugerð um mismunandi álag, t. d. varðandi hús og jarðir, er tilheyra viðkomandi hreppi, en þetta þyrfti að athuga nákvæmlega, áður en frv. er samþ. Auk þess tel ég vafasamt að heimila sveitarfélögum að setja á slík gjöld. Alþ. á að segja til um það, hvaða gjöld skuli greiða, annars getur eitt sveitarfélag hækkað þessi gjöld um 400% og annað um 100%.

Hér í grg. er talað um, að rétt sé að undanskilja vatnsskatt þessari hækkun, en ef fara á inn á þessa braut, sé ég ekki, hvaða ástæða er til þess. Þó að vatnsskatturinn hafi hækkað á Akureyri, er ekki víst, að hann hafi verið hækkaður alls staðar, síður en svo. Og ég vil benda á, að Alþ. hefur farið inn á þá stefnu að veita sveitarfélögunum mikla aðstoð til þess að koma upp hjá sér vatnsveitum, þar sem litið er á það sem þjóðfélagslegt mál. En hví á að taka með annarri hendinni það, sem gefið er með hinni?

Af þeim ástæðum, sem ég hef sagt, leggur minni hl. til, að frv. verði fellt. Annars mun ég bera fram brtt. við 3. umr., sem ég mun lýsa þá.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Mig langar til að fá upplýsingar um eitt atriði í málinu. Þegar frv. kom frá stj., var eingöngu talað um skatta, en í Nd. var þessu breytt, svo að nú nær það yfir skatta og önnur gjöld. Mig langar til að vita, hver þessi önnur gjöld eru. Ég hef verið að grufla út í það, hver þau eru. Ég man eftir sýsluvegagjaldi, en eins og kunnugt er, er borgað ákveðið gjald af fasteignum til hreppsins, sem svo rennur í sýsluvegasjóð. Ef meiningin er, að þetta gjald hækki, hækkar um leið framlag það, sem ríkissjóður leggur fram á móti. N. hefur vafalaust athugað, hvort þetta gjald er reiknað með eða ekki. Það hefur þýðingu fyrir mig, því að ég vil fá sem mest í sýsluvegasjóðina og fé frá ríkinu á móti, þó að ég vilji ekki, að til þess séu notaðar grímuklæddar aðferðir.

Þá er það annað gjald, sem ég man eftir, gangstéttagjald, sem að minnsta kosti er lagt á í Reykjavík. Felst það í þessum gjöldum? Ég veit það ekki og langar til að fá upplýsingar um það hjá n.

Auk fasteignaskattsins man ég ekki eftir öðrum gjöldum en þessum tveimur, en mig langar til að vita, hvort um fleiri gjöld er að ræða.

Hins vegar tel ég eðlilegt og sjálfsagt, að þetta frv. verði samþ., þó að það sé kannske rétt að taka önnur gjöld en fasteignaskattinn út. Það er t. d. sjálfsagt ekki meiningin að hækka sýsluvegagjaldið.

Ég tel svo langt frá því, að fasteignamatið sé í samræmi við nokkurt annað verðlag í landinu, að ég tel sjálfsagt að hækka fasteignaskattinn, og mér þykir líklegt, að gangstéttagjaldið í Reykjavík sé líka orðið of lágt. Spurningin er þá bara, hvort sýsluvegagjaldið er innifalið.

Ég skal ekki fara út í það, hve úrelt fasteignamatið er, ég vil ekki eyða tíma í það, þar sem hætta getur verið á því, að málið dagi þá uppi.

Það er rétt, að hreppsstjórnir og bæjarstjórnir geta sett reglur um hækkun fasteignamatsins og náð á þann hátt eðlilegum útsvörum af fasteignum. Að því leyti má ef til vill segja, að þetta frv. sé óþarft. En það er þó stoð í því fyrir sveitarfélögin, að þessi lög verði sett. Þeir, sem það vilja, geta notað sér þau, en fyrir aðra verða þau dauður bókstafur.

En það var það, sem ég vildi fá að vita, hvort það er annað en sýsluvegagjald og gangstéttagjald, sem falið er í þessum öðrum gjöldum, sem talað er um í frv.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Það er um brtt., sem ég flutti við það mál, er um ræðir, en hún er á þskj. 719. Það er um þetta að segja, að mér finnst, að frv. hefði átt að vera takmarkað við þennan eina stað, sem beiðni er frá, en mér skilst, að það sé aðeins um Akureyri að ræða í því sambandi. Hitt hefur verið viðurkennt, að bæjunum beri að fá hlutdeild í skatttekjum þeim, er nú renna í ríkissjóð, en því var neitað af hæstv. ríkisstj., sem aftur á móti vill rétta skattþegnum bæjanna þessa heimild, sem getur orðið eins og svipa ofan á ýmsar skattgreiðslur í viðbót við geysihá útsvör.

Hv. frsm. sagði, að það væri ekki hundrað í hættunni, þó að heimild þessi yrði gefin og málið lagt í hendur sveitarstjórnanna. Það er nú svo, að sveitarstjórnir eru misjafnar eins og annað og aðstæður allar ólíkar. Útsvörin eru geysihá, en það hefur þó mætt mest á nokkrum kaupstöðum, t. d. mínu kjördæmi. Ég held, að það geti ekki verið neinn greiði við skattþegnana, þó að þeim, sem stjórna eyðslunni á almannafé, séu gefin aukin tækfæri til að leggja á skatta. Og þetta kemur ekki þyngst niður á þeim, er einhverjar fasteignir eiga að ráði, heldur einstökum heimilisfeðrum, sem hafa reynt að eignast þak yfir höfuðið á sér og sínum.

Það er eins og einn Alþýðuflokksmaður utan þings sagði, að hann teldi, að með þessu frv. væri millistéttunum mest hætta búin. Það er með þetta fyrir augum, að ég flutti þessa brtt., til þess að það sé ekki hægt að hlaupa að því að nota þessa heimild án þess að stilla útsvörunum eitthvað í hóf. Það, að félmrn. hafi hönd í bagga með því, hvort einstök bæjar- og sveitarfélög megi nota heimildina, er því sett til þess að takmarka að einhverju leyti þessa álagningu. Með þessu er verið að skapa fordæmi, sem ekki er ástæða til annars en að halda að verði notað eins og hægt er. Útsvör hjá bæjar- og sveitarfélögum eru alls staðar há. Það ætti því að nægja, að útsvörin skuli standa óbreytt. Með slíka löggjöf í gildi og þá, sem nú ríkir í þessum málum, finnst mér óþarfi að opna nýjar leiðir til þess að skapa auknar álögur, því að þetta verður ekki til að draga neitt úr öðrum álagningarliðum, heldur er þetta aukning.

Nú vil ég spyrja hv. frsm. í sambandi við hina föstu liði, sem hann var að tala um að bæjar- og sveitarfélögin þyrftu að hafa, t. d. í sambandi við sorphreinsun, að það er til heimild í l., sem stangast á við ákvæði þessa frv.,

hvort það sé tilgangurinn, að þetta frv. upphefji hin l. Það yrði þá með öðrum orðum tvenns konar fasteignaskattur á ferðinni.

Hv. frsm. taldi sig ekki hafa nein bréf upp á það, að þessi heimild mundi verða notuð í sveitunum. Það er þessi gamli sálmur, sem menn af hans flokki syngja alltaf, að ef sveitirnar sleppi, þá geri ekkert til, þó að lagt sé á bæjarfélögin. Mér finnst það mjög varhugavert að gefa út þessa heimild án þess að binda þetta nokkuð með l.

Ég skil þetta frv. þannig, að með því að afla sveitar- og bæjarfélögunum þannig tekjuaukningar, þá mætti það verða til þess að draga eitthvað úr hinum allt of háu útsvörum, og til þess að sveitarfélögin fái eitthvert aðhald í þessu efni, flyt ég þessa brtt. mína. Hitt er svo annað mál, hvað rétt sé að ákveða fasteignamatið við endurskoðun, en hér er aðeins verið að tala um aukagjald ofan á allt hitt. Hér er sem sagt um það að ræða, að Framsfl. er að rétta sveitarfélögunum hjálparhönd til þess að ná húskofum fólksins, eftir að búið er að kúga fram neitun á sanngjarnri kröfu um að fá hlutdeild í söluskattinum til þess að létta undir með þessum aðilum. Það er sami flokkurinn sem kúgar fram þá neitun og ætlar að koma á þessari auknu álagningu.

Frsm. meiri hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Hv. þm. Barð. gerði hér grein fyrir afstöðu minni hl., og rök þau, er hann flutti, hagga engu. Hann taldi, að það hefði átt að leita álits fasteignaeigendafélagsins í þessu efni. Það mundi hafa álíka þýðingu og hefði átt að leita álits prestanna um fækkun presta. Auðvitað mundi fasteignaeigendafélagið mæla á móti. Það er ekki nema mannlegt, þótt fasteignaeigendur vilji komast hjá því að greiða þessi gjöld. Það hefur og sýnt sig, að allir hafa viljað koma sínu í fasteignir, af því að skattplógurinn hefur rist þar grynnst.

Hv. þingm. Barð. sagði, að það væri takmarkið að jafna niður útsvörunum eftir efnum og ástæðum, þannig að þeir, sem eignir eiga, beri þyngri útsvör en hinir. Þetta er alveg rétt. En þeir, sem hafa komið sínu í eignir, hafa átt hægara með að komast hjá ýmsum sköttum en hinir.

Hv. þm. Barð. minntist á það, að engin trygging væri fyrir því, að þetta kæmi jafnt niður á alla, og er það að vísu rétt. En hvar er sú fullkomna trygging í skattamálum? Þar er aðeins um að ræða, hvað er skást eða kemst næst því að gera öllum jafnt undir höfði eftir efnum og ástæðum. Þá taldi hann það til galla, að með þessu yrði mikið ósamræmi í álagningu hinna ýmsu sveitarfélaga. Þetta er rétt, því að hér er aðeins um heimild að ræða, sem má nota, og tel ég eðlilegt, að ósamræmi verði, þar sem aðstaða er mjög ólík. Skipting landsins í sveitarfélög grundvallast á því, að svo megi vera. Þau eru sérstakar hagsmunaheildir.

Í sambandi við það, hvort rétt muni vera að undanskilja vatnsveitugjöld, þá vil ég taka fram, að ég tel rétt, að það sé gert, vegna þess, að þær starfa samkv. reglugerðum, sem félmrn. þarf að staðfesta, svo að rekstur þeirra fer fram undir eftirliti þess.

Hv. 1. þm. N-M. gerði fyrirspurn út af því, hvað væri önnur gjöld. Ég játa, að þetta er ekki skýrt, en það er t. d. ræsagjöld og stéttagjöld o. s. frv.

Hv. þm. Vestm. gerði grein fyrir sinni till., sem hann taldi að væri til þess flutt að leggja nokkrar hömlur á, að sveitarstjórnir gengju of langt í því að heimta gjöld af sveitarbúum. Hann sagði, að sér skildist, að þessi till. mætti ekki verða til þess að auka á tekjur bæjar- og sveitarfélaganna, þ. e. a. s. auka bæjar- og sveitarstjórnunum möguleika á því að ráðstafa fé. En mér virtist skilningur hans á því, hvað væru útsvör og hvað aðrar tekjur, vera nokkuð annarlegur, samanborið við sveitar- og bæjarstjórnarlög. Sveitarstjórnarlögin gera ráð fyrir því, að ef tekjustofnar sveitarfélaganna hrökkva ekki fyrir útgjöldunum, þá megi jafna niður útsvörum fyrir því, sem á vantar. Allar þær tekjur, sem sveitarfélögin fá inn með föstum tekjustofnum, verða auðvitað til þess að lækka álögð útsvör.

Hv. þm. Vestm. sagði, að Framsfl. fylgdi þessu máli og þess vegna mundi það ná fram að ganga. En ég veit ekki til þess, að þetta sé flokksmál, og ég hef ekki talað um það sem slíkt, heldur sem maður, sem starfar í sveitarstjórn, og fyrir mér vakir það, að rétt sé að veita sveitarstjórnunum heimild til þess að hækka gjöld af fasteignum um ákveðna hundraðstölu frá því, sem var 1937, en allir vita, að síðan hefur verðgildi peninga breytzt og það svo, að telja má, að fasteignir séu nú tíu sinnum meira virði en þær voru 1940. Það er algerlega rangt að leggja þetta þannig út, að hér sé flokksmál á ferðinni, enda getur hv. þm., ef hann lítur á nál. meiri hl. fjhn., séð, að það er sjálfstæðismaður, sem myndar þar meiri hl. ásamt mér og hv. 1. þm. Eyf.

Það getur verið, að hér sé ekki verið að rétta bæjarfélögunum sterka hjálparhönd, en það er verið að færa l., sem sett voru fyrir mörgum árum, til samræmis við það ástand, sem við eigum nú við að búa, og ekki gengið lengra en að fimmfalda grunntölur, sem í rauninni mætti tífalda. Það er því varla, að of langt sé gengið gagnvart þeim mönnum, sem komið hafa fé sínu í fasteignir. Og eitt er mjög mikið atriði í þessu sambandi, að með þessari heimild ætti að nást til þeirra manna, sem búa utan þess sveitarfélags, sem þeir eiga fasteign í. Það eru þess mörg dæmi, að til þeirra manna hefur reynzt ómögulegt að ná við niðurjöfnun skattanna.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Það er alltaf gott að ræða við hv. þm. S-Þ., en ekki færði hann sterk rök fyrir því, að rök mín í málinu væru veik, og hann viðurkenndi sumt af því, sem ég hef sagt hér.

Ég skal viðurkenna, að það er ein ástæða til þess að bera fram frv. um að hækka þessi gjöld til sveitarfélaganna og það veigamikil ástæða, þar sem er verðfall gjaldmiðilsins. En það er heldur ekkert annað, sem er rök með

þessu máli. En það er nú síður en svo, að útsvör hjá meðlimum sveitarfélaganna hafi ekki verið hækkuð eftir þörfum, og þess vegna falla meginrökin fyrir flutningi þessa frv.

Ég get ekki látið líða svo hjá þessa umr., að ég minnist ekki á fullyrðingu hv. þm. um samvinnufélögin. Það er eins og skera eigi part úr holdi manna, ef spurt er um það, hvers vegna samvinnufélögin njóti meira frelsis en aðrir í þessum efnum, og ef minnzt er á það að breyta skattalögum þeirra.

Ég held, að það sé algild regla, ef þeir menn, sem miklar fasteignir eiga, eru spurðir um þetta mál, að þeir gefi það í skyn, að þeir muni gera einhverjar gagnráðstafanir, ef ganga á fram hjá þeim, eins og nú hefur verið gert í þessu máli, líkt og samvinnumenn hafa gert ráðstafanir, þegar þeir hafa fundið, að ganga átti á þeirra fjárhagslega rétt. Það fyrsta, sem átti að gera í þessu máli, var að spyrja þá aðila, sem málið snerti, bæði þá, sem leggja skattana á, og eins hina, sem eiga að greiða þá.

Ég vil enn fremur benda á, að það eru ekki neitt litlar hömlur, sem lagðar hafa verið á þessa menn síðan 1940, og þeir hefðu víst heldur viljað greiða fimmfaldan eignarskatt, ef þeir hefðu mátt kjósa þar á milli.

Hv. þm. sagði, að menn settu fé sitt heldur í fasteignir en sparisjóð, vegna þess að gjöld af fasteignum væru of lág. Hér er um misskilning að ræða. Það þyrfti ekki núna að vera að ýta undir byggingar í sveitum og borgum, ef menn vildu heldur leggja fé sitt í fasteignir. Sannleikurinn er sá, að það þyrfti að hjálpa mönnum til þess að koma upp þessum fasteignum, en ekki að tefja fyrir þeim, og mér virðist þetta frv. tefja fyrir mönnum. Ég vil benda á það, að þessi ástæða, sem hv. þm. nefndi, er næg rök fyrir því að samþ. till. minni hl., þar eð nýbúið er að samþ. hér á Alþ. þáltill. þess efnis, að athuga skuli fyrir næsta þing, hvernig samsköttun til bæjarsjóða og ríkissjóðs verði bezt fyrir komið og hve þáttur ríkissjóðs skuli vera stór. Það er hreinasta goðgá að afgreiða þetta frv., ef farið verður svo inn á þá braut að skattleggja menn í einu lagi til bæjarfélagsins og til ríkissjóðs.

Ég skal svo viðurkenna það, sem hv. frsm. sagði, að hér er ekki um neitt flokksmál að ræða og allra sízt af hendi Framsfl., því að þetta frv. mun koma einna mest við samvinnufélögin, sem áttu að hafa sérstöðu með útsvarsgreiðslur, og með núgildandi skattalöggjöf er ekki hægt að koma neinu réttlæti fram við þau, samanborið við aðra atvinnurekendur í landinu. Það, sem fylgir samvinnufélögunum, er það, að ekki má leggja útsvör á þau, nema að því leyti er snertir verzlun þeirra við utanfélagsmenn, en þau ættu vitanlega að bera þessar byrðar alveg eins og aðrir. Samvinnufélögin hafa ekki borið nema brot af þeirri þungu byrði, sem fyrirtæki einstaklinga hafa orðið að bera, þótt verzlunin hjá samvinnufélögunum hafi verið miklu meiri, og með þessu frv. er að nokkru bætt úr þeim rangindum. Þetta frv. er borið fram samkv. ósk frá Akureyri, þar sem Kaupfélag Eyfirðinga er starfandi, og er því rétt að veita þessa heimild fyrir Akureyri og lofa þeim svo að bítast um málið þar. (SÓÓ: Má ekki hafa það eins annars staðar?) Jú, það mætti bæta úr þessu annars staðar. Mér finnst eðlilegt að breyta skattalögunum á þann veg, að samvinnufélög beri útgjöld til jafns við önnur verzlunarfyrirtæki.

Út af fyrirspurn, sem hv. 1. þm. N-M. bar fram og frsm. meiri hl. n. hefur svarað, vildi ég segja, að ég er sömu skoðunar og hv. frsm. meiri hl., þótt það hafi ekki verið rætt í n., að þetta gildir ekki um sýsluvegagjöld og engin heimild er til þess að hækka þau gjöld, þótt þetta frv. verði að lögum. Ég skil ekki að fullu afstöðu hv. þm. til þessa máls. Hann lýsti yfir fylgi sínu við þetta mál, ef þetta gilti að öllu leyti. En að lokum lýsti hann því yfir, að hann mundi alltaf fylgja frv. Hví er hv. 1. þm. N-M. þá að bera fram þessa fyrirspurn, ef hann ætlar að fylgja frv., hvort sem þessi hækkun nær til sýsluvegagjalda eða ekki?

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða þetta mál frekar við þessa umr., nema tilefni gefist til, en vil beina því til deildarinnar, að heppilegast er að fella frv. á þessu stigi málsins, og skora á hv. þm. að samþ. till. minni hl.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég hef aflað mér upplýsinga um það, að sýsluvegagjöldin geta aldrei heyrt undir þá hækkun, sem hér um ræðir, þar sem þau heyra undir sýslunefndir. Hins vegar eru tvenn gjöld, sem heyra undir þetta, gangstéttagjald hér í Reykjavík og á Akureyri sérstakt gjald, sem sett er á lóðir, en er ekki annars staðar á landinu. Ég geri ráð fyrir, að þessi hækkun nái ekki til annarra gjaldstofna en þeirra, sem til eru nú. — Ég mun fylgja frv., þótt það verði til þess, að sveitarstjórnir geti hækkað sína skala, sem ég tel óheppilegt. Frv. er þó spor í rétta átt, þótt vitanlega ætti að breyta öllu fasteignamatinu, því að það hefur staðið óbreytt síðan 1942. Þótt þessi l. verði samþ., koma þau misjafnt niður á mönnum, því að verðhækkun fasteigna hefur verið mjög misjöfn, þær hafa ekki allar hækkað jafnmikið. Frv. tel ég þó vera til bóta.

Frsm. meiri hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Það hafa fallið hér við þessa umr. nokkur ásökunarorð til sveitarstjórna fyrir það að halda ekki vel á málunum og fyrir það að líða hækkun gjalda og fyrir það að krefja meira inn af sveitarbúum en áður. Ef þetta er athugað gaumgæfilega, þá þykir mér vafalaust, að flestar sveitarstjórnir í landinu gætu staðizt samanburð við Alþ., því að fæstar sveitir munu hafa hækkað álögur sínar í hlutfalli við fjárlög Alþ. Ég býst við, að sveitarstjórnirnar stríði yfirleitt við sömu raun og Alþ., standi sig ekki öllu verr.

Hv. þm. Barð. vildi fá því svarað, hvort ég teldi, að samvinnufélögin ættu að greiða gjöld í samræmi við gjöld annarra félaga í landinu, og svara ég því játandi. Samvinnufélögin eiga að greiða eftir eðli síns skipulags í samræmi við aðra gjaldendur, og þau gera það. Þau eru

víðs vegar um land hæstu gjaldendurnir í sveitarsjóðina.

Hv. þm. Barð. sagði, að ég væri í mótsögn við sjálfan mig, þar sem ríkið aðstoðaði menn til þess að koma upp húsnæði. Ég mótmæli þessu. Ríkið á einmitt að aðstoða menn til þess að eignast fasteign, svo mikils virði tel ég það vera fyrir menn að eiga hús. Og ég hef lagt til, að þetta frv. verði samþ., vegna þess að það er svo mikils virði fyrir menn að eiga fasteignir, að þeir verða að geta borgað fyrir það hærri almenn gjöld en ella. En frv. felur ekki annað í sér en að það gjald, sem ákveðið var af fasteignum 1937, verði fært í átt til þess, sem það ætti að vera nú eftir gildi peninga. Ef það væri fullkomlega samræmt, þá er sú upphæð, sem hér um ræðir, hálfu lægri en vera ætti. Lengra er nú ekki gengið.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Mér þótti vænt um yfirlýsingu hv. þm. S-Þ. um það, að samvinnufélögin ættu að greiða skatta í samræmi við aðra gjaldendur. Þetta er merkileg yfirlýsing, en hin yfirlýsingin um það, að þau gerðu það, var ómerkileg. Og ég er vel fær um að dæma um það. Ég hef sjálfur í fjöldamörg ár verið kunnugur í verzlun, sem stóð við hliðina á kaupfélagi, og varð þessi verzlun að greiða 20—30 þús. kr. á hverju ári til sveitarsjóðs, en kaupfélagið greiddi aldrei yfir 3000 kr. Útgjöld kaupfélagsins voru svona lág, af því að verzlunin við utanfélagsmenn var svo lítil. En þegar verzlunin, sem þarna stóð við hliðina á kaupfélaginu, var lögð niður, var heldur ekki hægt að taka meira af kaupfélaginu en áður hafði verið, og fólkið varð sjálft að bera þessar 20—30 þús. kr., sem verzlunin greiddi þar áður, því að ekki hækkaði útsvar kaupfélagsins. Það er því ekki rétt, að kaupfélögin greiði skatta til jafns við önnur fyrirtæki í landinu.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Ástæðurnar fyrir því, að ég er á móti þessu máli, eru tvær. Í fyrsta lagi, að með þessu frv., þótt að l. yrði, er ekki að neinu leyti bætt úr fjárþröng sveitarfélaganna. Í öðru lagi er skatturinn ranglátur. Nú virðast sumir hv. þm. halda, að hér sé verið að bæta úr fjárþörf sveitarfélaganna, en sumir vita þó, að frv. hefur enga þýðingu. Ég býst við því, að þegar sveitarfélögin framvegis koma til Alþ. með vandamál sín, verði öruggast fyrir þau að vísa til þessa frv. En vandamál sveitarfélaganna stafa ekki af því, að þau skorti heimildir til álaga, heldur af hinu, að gjaldþol skattþegnanna í bæjarfélögunum er á þrotum. Það hefur einnig verið á það bent, að sama árangri geti bæjarfélögin náð með því að taka sérstakt tillit til fasteignamatsins, er útsvörum er jafnað niður. Þessi skattur verður ekki lagður á eftir því, hvort menn hafa efni á að borga hann eða ekki. Hann verður lagður jafnt á, hvort sem húseignin er að mestu í skuld eða skuldlaus, og hann er svo hár, að hann getur riðið baggamuninn, hvort menn missa húseign sína eða ekki. Alþ. er með þessu að draga úr því, að menn leggi fé sitt í húsbyggingar. Sem sé, hér er um ranglátan skatt að ræða og á engan hátt þess að vænta, að hann leysi vandamál sveitarfélaganna, og er ég af þessum ástæðum á móti honum. Ég er líka alveg undrandi á yfirlýsingu hv. 1. þm. N-M. um, að hann muni fylgja þessu, þegar hann hefur viðurkennt, að hægt sé að ná þessu markmiði, sem að er stefnt, á réttlátari hátt. Aðeins eitt bæjarfélag hefur farið fram á þessa heimild, sem sé Akureyri. Virðist því nægilegt ranglæti framið með því að láta heimildina ná til hennar einnar, en óþarft að bjóða heimildina fram til þeirra, er ekki hafa óskað hennar.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég skal lýsa því yfir, að ég mun greiða atkv. með þessu frv. Bæjarstjórn Akureyrar hefur óskað eftir, að þetta frv. yrði samþ., og bæjarstjórn Ísafjarðar einnig, þótt ekki hafi hún sent erindi um það til Alþ. Þetta er að vísu ekki sú leið, sem bæjarfélögin báðu um að yrði farin, en eitthvað verður þó að gera fyrir þau, eins og fjárhagsástæðum þeirra er nú komið. Þeir, sem eiga fasteign, eru þó tiltölulega betur settir en hinir, og verður því að grípa til þessara ráðstafana.

Þá vil ég leyfa mér, þótt það komi ekki þessu máli við, að víkja nokkrum orðum að því, sem hv. þm. Barð. kallaði — af spikfeitri vanþekkingu — skattfrelsi samvinnufélaganna. Nú, það verður að reyna að skýra þetta mál nokkuð fyrir hv. þm. Barð. Kaupfélögin eru félagsskapur, sem annast viðskipti fyrir félaga sína og er þeirra eign. Ég býst við, að hv. þm. Barð. viti, að kaupfélögin greiða útsvör eftir sömu reglum og aðrir af verzlun við utanfélagsmenn. En þau greiða ekki af innanfélagsmannaverzlun, vegna þess að þau skila arðinum af þeim viðskiptum aftur til félagsmanna og þeir greiða af honum sem tekjum. Það, að leggja á félögin líka vegna þess arðs, er þau hafa skilað, væri tvöföld skattálagning. Þá er um það að ræða, sem hv. þm. Barð. sagði um, að greiða ætti af veltu kaupfélaganna. Ef hv. þm. væri enn kaupmaður á Bíldudal og tæki að sér að útvega vörur fyrir t. d. 10 þús. kr. án nokkurs ágóða, mundi útsvar hans ekki hækka fyrir það. Ég held því, að hv. þm. Barð. mætti fara að hætta því að blanda óskyldum málum eins og þessu inn í umr. um önnur mál til þess eins að auglýsa vanþekkingu sína.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég verð að mótmæla því, sem hv. 6. landsk. þm. sagði um skattgreiðslu samvinnufélaga, að vísu ekki um skattgreiðslu samvinnufélaga af fasteignum, það er óumdeilt atriði. En hitt er líka vitað, að kaupmenn verða að borga útsvar til þess staðar, sem verzlunin er á, en hinir, félagsmenn kaupfélaganna, greiða gjöld sín á hinum ýmsu stöðum, þar sem þeir eiga heimili. Það er því augljóst mál, að kaupstaðurinn fær allt útsvar kaupmannanna, en útsvör kaupfélaganna dreifast út um byggðirnar, og auk þess dreifist ágóðinn, svo að hvergi nemur neinu. Enn er það, að ekki er öllum ágóða kaupfélaganna úthlutað, enda sjáum við allar hinar stóru hallir, sem samband kaupfélaganna hefur byggt

fyrir hinar stóru fúlgur af arði verzlunarinnar, sem eru geymdar hjá kaupfélögunum. Það er því auðvitað, að það eru mjög mismunandi reglur, sem gilda um þetta, og sveitarfélögin þar, sem kaupfélögin eru, verða því verr úti að þessu leyti en hin, þar sem engin kaupfélög eru.

Frsm. meiri hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Þetta verða aðeins nokkur orð út af ræðu hæstv. dómsmrh. — Ég vil undirstrika, að hann sagði, að verið gæti, að gjöld kaupfélaganna væru sanngjörn. Ég sagði ekki, að skattgreiðsla kaupfélaganna væri jafnmikil og einstaklinga, en eftir sömu hlutföllum miðað við eðli og starfsemi félaganna. Hann gerði rækilega grein fyrir því, hvernig „arðurinn" deildist niður. En í raun og veru er hin svonefnda „arðgreiðsla" ekki annað en það, að verið er að skila til baka því, sem maður hefur ofborgað vöruna. Það gerir kaupfélagið við reikningslok, þegar allt er uppgert. En það er annað og fleira, sem hér kemur einnig til greina. Hv. þm. Barð. átti t. d. sín fyrirtæki þar, sem hann var, en seldi þau, þegar hann fór þaðan, og flutti burt með sér andvirðið, en eignir kaupfélaganna eru staðbundnar. Kaupfélögin byggja upp sína verzlun á hverjum stað fyrir framtíðina. Mannvirki kaupfélagsins á fólk staðarins. Þau ganga þar að erfðum frá kynslóð til kynslóðar. Á þessu tvennu er svo mikill eðlismunur, að það þarf miklu meiri tíma en hér er til umráða til að skilgreina hann fullkomlega. En þess ætti heldur ekki að þurfa. Allir, sem vilja, hljóta að vita þetta og skilja.

Forseti (BSt): Ég vil minna hv. þdm. á, hvaða mál er til umræðu nú.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég skal lofa því að ræða ekki lengi um þetta mál, en hjá því verður þó ekki komizt að gera stutta athugasemd. Mér þykir satt að segja hæstv. dómsmrh. vera einurðargóður að halda því fram, að kaupfélögin eigi að greiða jafnmikið og kaupmenn í skatta og síðan eigi að greiða aftur af sömu peningum hjá hverjum einstaklingi, eftir að arði hafi verið skipt.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vil þakka báðum síðustu ræðumönnum fyrir það, að þeir hafa sagt það sama og ég hélt fram, að kaupfélögin greiði ekki skatta eftir sömu reglum og aðrir. Hitt, hvort þetta sé sanngjarnt, hef ég ekki talað um og leiði alveg hjá mér að dæma um.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það, sem hér er að og hv. þm. Barð. og hæstv. dómsmrh. hafa ekki áttað sig á, er það, að fasteignamatinu hefur ekki fengizt breytt, en það er ákveðið, að samvinnufélögin greiði 1½% í fasteignaskatt, en þessari breytingu hafa báðir þessir hv. þm. staðið á móti.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Við erum nú farnir að nálgast það mál, sem er til umræðu. Í sambandi við það, sem hv. 1. þm. N-M. sagði, vil ég segja það, að það væri nokkuð til í því, sem hv. þm. sagði, ef samvinnufélögin væru einu fyrirtækin, sem greiddu fasteignaskatt, en það eru nú fleiri fyrirtæki, sem gera það.

ATKVGR.
Brtt. 719 felld með 10:5 atkv.
1. gr. samþ. með 9:6 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:3 atkv.

Á 69. fundi í Ed., 23. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 693, 763).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu brtt. 763. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Á milli 2. og 3. umr. hefur meiri hl. fjhn. átt viðræður um málið og kom saman um, að rétt væri að bera fram smábrtt. við 1. gr. til þess að gera þar ljós tvö atriði.

Það kom fram við 2. umr., að mönnum var spurn, hvað heyrði undir önnur gjöld. Það er hægt að benda á ýmis gjöld, sem undir þetta heyra, svo sem ræsagjöld og gangstéttagjöld, þó að vitaskuld sé ekki hægt að tíunda allt. Ég veit t. d. um eitt sveitarfélag, sem innheimtir sérstök gjöld af fasteignum til vegarlagningar hjá sér. Til þess að gera þessi ákvæði ekki að neinu leyti hættuleg, þá þykir meiri hl. rétt, að sveitarstjórnum sé þetta heimilt að fengnu samþykki félmrh. Þetta er einnig gert til þess, að meira samræmi náist. Enn fremur ef ágreiningur yrði hjá sveitarstjórnum um að nota heimildina og meiri hluti vildi nota hana, en minni hluti ekki og hefði góð rök máli sínu til stuðnings, þá gæti sá minni hluti fengið leiðréttingu hjá félmrh. Enn fremur má ekki vera neinn vafi um þessa heimild, vegna þess að fasteignamat hefur ekki verið endurskoðað í 10 ár, og Alþingi gæti tekið sig til og látið endurskoða fasteignamatið. Þá er rétt að hafa það í höndum félmrh., hvort heimildin skuli gilda áfram, eftir að fasteignamat breytist. Þetta tvennt vildi meiri hl. n. leggja til að tekið verði upp í frv. Fyrsta gr. frv. verður þá orðuð þannig: „Heimilt er sveitarstjórn, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, að ákveða, að innheimta skuli með allt að 400% álagi alla skatta og önnur gjöld, sem miðuð eru við núgildandi fasteignamat og aukamat og renna eiga í sveitarsjóð, að vatnsskatti undanskildum." Inn í greinina er þá bætt orðunum „að fengnu samþykki félagsmálaráðherra" og „núgildandi" og „aukamat". — Ég vona, að ég hafi gert þetta nægilega ljóst. Vil ég svo leyfa mér að afhenda hæstv. forseta brtt.

Hér hefur komið fram brtt. við þessa umr. frá hv. þingmanni Barðstrendinga, sem felur í sér, að heimild þessi skuli aðeins veitt Akureyri. Ég fyrir mitt leyti vil mæla á móti þessari tillögu, því að ég tel rangt að veita aðeins einu sveitarfélagi þessa heimild. Ég þykist vita, að sveitarfélög eru sem aðrir með það, að þau vilji öll njóta sömu réttinda til álagningar í þessu

efni, enda kom það fram í gær, að bæjarfélagið á Ísafirði óskar eftir að mega njóta þessarar heimildar. Það er fullvíst, að sveitarfélögin hefðu látið til sín heyra fleiri, ef þau hefðu haft tækifæri til að fylgjast með þessu máli, en það hefur ekki verið aðstaða fyrir þau til þess að gera það, því að málið var lagt þannig fram í upphafi, að þetta væri heimild fyrir allar sveitarstjórnir, og hafa þær þá ekki séð ástæðu til að láta sérstaklega til sín heyra um þetta, enda mæla öll rök með því, að þeim verði gert hér jafnt undir höfði.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Ég bjóst við því, að hv. þm. Barð. mundi mæla með þessari brtt., sem hann flytur á þskj. 763. Ég vildi aðeins segja það, að ég er samþykkur þessari brtt. Ég álít ekki neina ástæðu til þess, að heimildin nái til annarra sveitarfélaga en þeirra, sem hafa óskað eftir henni. Það liggja ekki fyrir óskir frá nema einu. Hv. frsm. meiri hl. hélt því að vísu fram, að það væri eingöngu vegna þess, að frv. hefði verið lagt fram sem almenn heimild. Nú er vitað, að frv. þetta var lagt fram eingöngu fyrir tilmæli bæjarstjórnar Akureyrar. Það hefur verið venjan, að bæjar- og sveitarfélögin hafa látið í ljós óskir sínar um þær framkvæmdir, sem þau hafa óskað eftir og varða þeirra fjárhag. Þau hafa ekki látið á sér standa að gera sínar kröfur, til þess að slík mál nái fram að ganga. Ég sé því enga ástæðu til að veita hér almenna heimild, þar sem óskir hafa aðeins borizt frá einu bæjarfélagi, enda er málið gersamlega þýðingarlaust, nema bæjarfélögin vilji ástunda meira ranglæti en þau hafa nú heimild til með álagningu útsvara. Hvað snertir Ísafjörð, en hann hefur víst borið fram sömu ósk, þá er hægt að verða við því, en óskir hafa ekki komið frá fleirum. Ég vildi því spyrja hv. þm., hvort þeir geti ekki verið því samþykkir, að frv. nái aðeins til Ísafjarðar og Akureyrar, því að óskir hafa ekki borizt frá fleirum. Ég fyrir mitt leyti get verið samþykkur frv. svo breyttu.

Forseti (BSt): Ég hélt, þegar hv. 1. landsk. kvaddi sér hljóðs, að það væri aðeins um efnislega meðferð málsins, og gætti því ekki að því að skýra frá brtt., sem meiri hl. n. lagði fram, en hún er þannig:

„Heimilt er sveitarstjórn, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, að ákveða, að innheimta skuli með allt að 400% álagi alla skatta og önnur gjöld, sem miðuð eru við núgildandi fasteignamat og aukamat og renna eiga í sveitarsjóð, að vatnsskatti undanskildum."

Till. er skrifleg og of seint fram komin og þarf því tvöföld afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 768) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég fékk skilaboð frá hv. þm. Barð. um, að hann hafi lagt hér fram brtt. um, að þessi heimild nái aðeins til Akureyrar. Vegna þess að þessi hv. þm. forfallaðist, þá bað hann mig að rökstyðja þessa till. sína. Hv. þm. fór nokkrum orðum um þetta við 2. umr., og var það þannig, að mig minnir, að hér væri um að ræða, að verið væri að troða heimild upp á þá aðila, sem ekki hefðu óskað eftir henni, ef Alþ. og ríkisstj. ætluðu að veita öllum sveitarfélögum þessa heimild, sem Akureyri hefði ein óskað eftir. Ég held, að till. sé komin fram af þessari ástæðu. Nú hafa einnig komið fram brtt. frá meiri hl. n., sem hv. frsm. mælti með.

Mér fyrir mitt leyti finnst sanngjarnt að verða við óskum Akureyrar í þessu efni, en takmarka heimildina við það. Ég hef áður látið í ljós ugg um, hvernig með heimild þessa yrði farið. Hv. frsm. vildi eyða honum og sagði, að svona tekjustofnar gæfu eðlilegan grundvöll fyrir útsvör bæjanna. Þá er rétt, að ég rökstyðji þetta, en því er nú svo farið, að meðferð þessara mála er ekki alltaf í höndum manna, sem hafa jafngóða reynslu og þekkingu á sveitarstjórnarmálum og hv. frsm. Ef svo væri, þá mætti vera, að málum þessum yrði hagað rétt og skynsamlega, en vegna þess að svo er ekki, heldur veljast til þessa menn með misjafna þekkingu og reynslu, þá álít ég nokkra áhættu að samþ. þetta svona. Með þessu er verið að gefa heimild til að afklæða borgarana enn betur en verið hefur, og veit ég satt að segja ekki, hvað er eftir nema þá húseignir fólksins.

Hv. þm. S-Þ. sagði, að þeir, sem yrðu fyrir barðinu á þessum skatti, væru þeir, sem fest hefðu fé sitt í fasteignum. Ég veit ekki, hvort það er nema eðlileg þörf og náttúrleg, að menn byggi húskofa yfir sig og sína nánustu. Hv. 1. landsk. benti einnig á það, að menn svikja undan skatti. Maður þarf ekki annað en að líta í útsvarsskrá Reykjavíkur, sem kemur út á hverju ári, til þess að sjá, að sumir menn hafa ekki gefið neitt upp á skattskýrslu og auglýsa sig þannig eignalausa menn. Þetta þekki ég vel, og ég hef fyrir löngu veitt þessu athygli. Það þýðir ekkert fyrir hv. þm. S-Þ. að segja mér þetta nú, þegar verið er að ræða um það hér að beinlínis siga sveitaryfirvöldum á almenning í landinu til þess að útvega þeim enn nýjar leiðir til þess að ná peningum frá skattgreiðendum. Það er verið að ganga þarna á allan fjölda almennings, jafnvel þá, sem með miklum erfiðismunum hafa komið sér upp einhverri húseign. Það er hvergi tekið tillit til þess, hvort skuldir hvíli á eignunum eða hvort menn hafa verið svo þjóðlegir að koma peningum sínum í fasteignir, eins og hv. þm. S.-Þ. sagði.

Það er bezt að inna þá kurteisisskyldu af hendi að koma því á framfæri hér, sem einn flokksbróðir hv. 6. landsk. bað mig um að skila til flokksbræðra sinna í Ed., að þeir væru að vega að millistéttinni í landinu með því að samþ. þennan skatt. Þessi maður er mjög vel þekktur öllum þingmönnum.

Að öllu þessu athuguðu er ég þeirrar skoðunar, að hér sé að óbreyttu ástandi verið með óþarfa löggjöf hvað snertir önnur bæjarfélög en þau, sem beðið hafa um hana. Ég minni á það, að það er búið að samþ. hér á Alþ. mjög eindregna áskorun til hæstv. ríkisstj. um það að láta fram fara gagngera endurskoðun á skatta-

löggjöf landsins, bæði til ríkisins og bæjarfélaganna. Og ég vil benda á það, að meiri hl. hv. alþm., sem nú stendur að því að samþ. þetta frv., hefur neitað bæjarfélögunum um lítinn hluta af söluskattinum á þann raunalegasta hátt, sem hægt er, með því að hóta stjórnarslitum og ráðherraburtför. En í sömu andránni segjum við hér á Alþ. bæjar- og sveitarfélögunum að taka þessa hækkun af húseignum fólks og með viðbótum við útsvörin.

Frsm. meiri hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Ég vil ekki lengja þessar umr. úr þessu, en vil vekja athygli hv. þm. Vestm. á því, af því að hann er nýkominn hér inn í d., að hér liggur nú fyrir brtt. við 1. gr. frv., sem gæti haft einhverja þýðingu fyrir skilning hans á því, hvað rétt er að gera í þessum efnum fyrir Akureyri og aðra. Hann heldur því fram, að það sé ekki rétt að samþykkja þessa heimild til annarra en þeirra, sem beðið hafa um hana. Nú hefur Akureyri beðið um þessa heimild. En ég vil benda á það, að önnur sveitarfélög hafa, síðan málið kom hér fram, ekki haft aðstæður til þess að láta til sín heyra. Og þótt nú sé áformað að breyta skattalöggjöfinni og endurskoða hana, þá er þörf margra bæjar- og sveitarfélaga svo brýn, að þau komast ekki hjá því að hækka sína skatta, áður en þau lög verða afgreidd, svo sem hæstv. félmrh. hefur skýrt frá. Meiri hl. n. leggur til, að ekki þurfi að biðja um þessa heimild hverju sinni eða á hverju ári, heldur verði öll bæjar- og sveitarfélög hér samferða með sama rétti.

Hv. þm. Vestm. tók það fram, að frv. fæli það í sér, að sveitarfélögunum væri gefin heimild til þess að hækka gjöld á fólkinu, og afleiðingarnar mundu verða gjaldahækkanir einu sinni enn. Eins og sýnt var fram á í gær, þá er það ekki ætlunin með þessu frv. að gefa sveitarstjórnum tækifæri til þess að afla meiri tekna, en það á að vera til þess að létta á útsvörunum, því að sú upphæð, sem jafnað hefur verið á almenning í útsvörunum, hefur verið óþægilega há, miðað við þær losaralegu reglur, sem um niðurjöfnun þeirra gilda. Sá mælikvarði, sem fasteignaskatturinn er, var upp tekinn 1937, og þótti þá ástæða til þess að gefa sveitarstjórnunum heimild til þess að hækka hann síðar. Og nú eru enn breyttir tímar og það miklu meira en þá, og tilkostnaður bæjarfélaganna er farinn fram úr öllum tekjum þeirra, þó að heimildin frá 1937 sé notuð til fulls. Það, sem frv. felur í sér, er ekkert annað en að setja nokkra vísitöluhækkun á grunntölurnar frá 1937, en ekki er einu sinni farið yfir hálfa vísitöluhækkunina, ef miðað er við þær verðbreytingar, sem orðið hafa síðan. En það, að þessi mælikvarði var upp tekinn, byggðist á þeirri skoðun, að þeir, sem eignast fasteignir, standi betur að vígi en aðrir og megi greiða nokkuð til samfélagsins sérstaklega. Það er sanngjarnt, að menn greiði eftir efnum og ástæðum, og það eru ástæður að að eiga hús eða eiga ekki hús.

Ég tel ekki rétt að lengja umr. meira, þó að mikið væri hægt að tala um þetta mál. En ég vil leggja áherzlu á það, að mér finnst ekki ná nokkurri átt að gefa heimild til hækkunar þessara gjalda hjá einu eða tveim sveitarfélögum, en ekki hjá öðrum, af því að þau hafi ekki beðið um hana, og með þeirri brtt., sem hér liggur nú fyrir, er séð fyrir því, að öll sveitarfélög geti notfært sér þessa heimild.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Hv. frsm. meiri hl. n. var að halda því fram, að þetta frv. væri ekki flutt til þess að hækka álögur á þegna bæjarfélaganna, vegna þess að útsvarsuppbótin kæmi núna í staðinn fyrir þetta frv. En til hvers er þá verið að flytja þetta frv.? (**KK:** Til þess að lækka þá upphæð, sem þarf að jafna niður með útsvörum og er óþægilega há.) Hvers vegna er það óþægilegt, þessari upphæð er hvort sem er jafnað niður eftir efnum og ástæðum? Það hefur verið sýnt fram á það hér í d., að málið er óþarft. Það er bara til þess fallið að hafa meira ranglæti við álagningu skatta og útsvara en verið hefur. Þessir skattar eru ekki lagðir á menn eftir efnum og ástæðum og ekki tekið tillit til þess, hvort menn eru fátækir eða ríkir, hvort þeir eiga eignir, sem þeir skulda í, eða hvort þeir eiga skuldlausar eignir. Það er þetta, sem sérstaklega er ranglátt.

Hv. frsm. meiri hl. n. sagði, að það ætti að hjálpa mönnum til þess að eignast þessar fasteignir, og það er alveg rétt. En þetta er undarleg rökfærsla, ef það er ekki til annars en að geta lagt á þetta sérstakan skatt á eftir. Fyrst á þá þjóðfélagið að hjálpa mönnum til þess að ná þessum réttindum, síðan að leggja á skatta til þess að reyna að svipta menn aftur þessum réttindum, þeim réttindum að hafa þak yfir höfuðið, og að því miðar frv. Hér er um að ræða ekki svo lítinn skatt. Skatturinn, sem hefur skipt hundruðum, skiptir nú þúsundum, eftir að þessi heimild hefur verið samþ. og notuð. Ég vildi taka það fram, að ég er á móti þessu frv. og vil láta fella það. En það, sem hér liggur fyrir, er beiðni frá einu bæjarfélagi í landinu um að mega hækka álögur sínar. Og það er sýnilegt, að meiri hl. alþm. vill verða við þeirri bón, en mér finnst, að ekki ætti að ganga lengra, því að það er rangt að vera að gera þessa heimild almenna, áður en nokkrar óskir eru fyrir hendi um það frá bæjarfélögunum. Það liggur nú fyrir sams konar beiðni frá öðru bæjarfélagi, þ. e. Ísafjarðarkaupstað, og eru það því tvö bæjarfélög, sem óska þessarar hækkunar.

Ég vil af þessu tilefni bera hér fram brtt. við brtt. hv. þm. Barð. á þskj. 763, þess efnis, að þessi heimild nái ekki til Akureyrar einnar, heldur líka Ísafjarðar, og þá finnst mér, að Alþ. hafi orðið við óskum manna í þessu efni, því að ekki liggja beiðnir fyrir frá öðrum aðilum. Ég vil svo afhenda forseta þessa brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 769) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég ætla ekki að taka mikinn þátt í þessum umr. og mun ekki tefja málið með löngu máli. Það er vitanlega alltaf óvinsælt að leggja á nokkur gjöld.

Hins vegar er það ekkert óvinsælla að leggja á útsvör og skatta en að leggja á önnur gjöld, en á þeim byggjast allar framkvæmdir bæjar- og sveitarfélaganna fyrir borgarana, þótt það sé skoðun sumra, að sú þóknun, sem ríkið lætur af hendi í staðinn, sé allt of lítil móti öllum þeim sköttum, sem menn greiða. Það er þetta sjónarmið, sem einstaklingarnir taka. Það er óvinsælt, ef skattur er innheimtur, og það er óvinsælt, ef fjárveitingar úr bæjarsjóðum og ríkissjóði eru ekki ríflegar. Þó er þetta hvort tveggja sama málið, annað er úthverfan, en hitt innhverfan. Ég fyrir mitt leyti hef ástæðu til þess að taka þessi mál með fullkominni varúð af þeim ástæðum, sem hv. þm. Barð. tók fram.

Það hefur verið flutt hér frv. um það að hækka fasteignamatið. Það hefur verið flutt, þó að það hafi verið óvinsælt. Og það er rétt, sem hv. þm. Vestm. sagði, að sjálfsagt er að færa fasteignamatið í samræmi við núgildandi verðmæti hlutanna. Fjöldi manns er samkvæmt skattskýrslum alveg eignalausir menn, en geta þó átt hundruð þúsunda og jafnvel milljónir, ef miðað er við núverandi peningagildi. Þetta er af þeim ástæðum, að þótt þessir menn teldu sig milljónamæringa samkvæmt skattframtali, þá yrði skrifað á það með rauðu bleki og allar eignir færðar þar á fasteignamatsverði. Af þessum ástæðum borga þessir menn mjög lágan eignarskatt, en það er samkvæmt landslögum. Því er það, að þótt menn eigi fasteignir, sem metnar eru á 50—60 þús. kr., þá nema þær fasteignir í raun og veru 5—6 hundruðum þús. kr., ef ekki meira. Þess vegna er það, að á meðan fasteignamatinu er ekki breytt, þá er þetta nokkurt mótvægi, því að þessir menn greiða ekki nema sáralítinn eignarskatt til ríkisins, og þá er það ekki nema til þess að jafna metin að nokkru, að þeir greiði til bæjarfélaganna þessi gjöld sín með 400% álagi, svo sem hér er farið fram á. En ég vil slá þann varnagla, þegar ég segi þetta, að ef fasteignamatið yrði endurskoðað og því breytt, þá verður þessi ákvörðun ekki réttmæt. Ég vil taka það fram, að það getur staðið svo á, að það hvíli miklar veðskuldir á eignum þeirra manna, sem þessi gjöld eru lögð á, og þá kemur þetta fram á annan hátt. Þetta vildi ég taka fram, og sérstaklega ef fasteignamatinu yrði breytt til samræmis núverandi verðgildi fasteignanna, sem verður að teljast eðlilegt að gert verði, þá tel ég þessi lög heldur ekki lengur sanngjörn. En eins og ástandið er nú, eru þessi lög ekki óeðlileg.

Það er einnig annað, sem ég vildi minnast á. Hv. þm. Barð. sagði, að þessi gjaldahækkun kæmi vitanlega mest niður á þeim, sem eiga mjög miklar fasteignir. Og það er ekkert launungarmál, hvaða félagsskap þessi gjöld koma þyngst niður á á Akureyri, og sýnir það glöggt, að ég er ekki að fylgja þessu máli af einhverjum annarlegum ástæðum. Það verða ekki lítil gjöld á verzlunarfyrirtæki, sem þarf að eiga margar fasteignir, og á ég þar við KEA, mjólkurbúin o. fl. En ég verð að telja það eðlilegt, að bæjarfélög ráði því, hvernig þau stjórna sínum málefnum. Þannig höfum við líka alltaf orðið við kröfum Reykjavíkurbæjar.

Ég fylgi þessu máli þrátt fyrir þetta, því að það er ekki óeðlilegt, að þeir, sem svona mikið eiga eða hafa mikið undir höndum, greiði nokkur gjöld, sérstaklega af því að fasteignamatið er svo lágt, meðan það er enn ekki endurskoðað.

Forseti (BSt): Hv. 1. landsk. þm. hefur bætt öðrum tölulið við brtt. sína. Þetta er afleiðing af aðaltill., og vildi ég mega skoða afbrigði veitt fyrir þessu án atkvgr., ef enginn hreyfir mótmælum.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja þetta mál verulega með því, sem ég segi. Ég hef á ýmsum tímum álitið, að það þyrfti breytingu á sviði fasteignamatsins, en ég hef þá hugsað mér hana sem heildarbreyt., gerða með sérstöku tilliti til skatta, sem renna til ríkisins. Hér liggur þetta ekki fyrir, heldur einstök breyt. í skattamálum til uppbótar ofan á útsvör eða til tekjuaukningar fyrir sveitar- og bæjarfélög. Hitt liggur svo ekki fyrir hér að ræða um breyt. á fasteignamatinu hvað ríkið áhrærir. Ég hef lengi verið sannfærður um, að margar misfellur á skattgreiðslum til ríkisins eigi rót sína að rekja til úrelts fyrirkomulags. Ég sagði í upphafi, að það væri farið flaumóslega af stað með breyt. í þessum efnum og væri að því leyti til óþæginda.

Hæstv. ráðh. upplýsti, að í þeim bæ, sem við höfum fyrir augum, væri það vitanlega eitt fyrirtæki, sem yrði fyrst og fremst fyrir barðinu á þessum l. Þessu gæti ég trúað, því að ég hef heyrt, að fyrirsvarsmenn þess fyrirtækis væru farnir að sjá, að sú sérstaka hlíf, sem þessi starfsemi hefur notið, hefði komið bæjarkassanum þar svo um koll, að það þyrfti að grípa til nýrra úrræða. Það stendur sérstaklega á um Akureyri, þar sem eitt fyrirtæki er búið að leggja undir sig alla verzlunina. Þegar þess er gætt, hvernig útsvör eru annars staðar, þar sem margar smáverzlanir eru og engin sams konar yfirgnæfandi velta hjá einu fyrirtæki eins og á Akureyri, horfir þetta öðruvísi við. Það er því þess vegna, eins og hæstv. ráðh. sagði, að þetta er rökstuðningur fyrir að láta þessa tilhnikun á l. varðandi fasteignamatið staðna við Akureyri. Það er af þessari ástæðu og líka vegna þess, að bærinn hefur beðið um þetta. Ég skal svo ekki orðlengja þetta, en ég vil aðeins í einfeldni minni biðja þingbróður minn, hv. þm. S-Þ., að skýra málið, því að hann er greinargóður og þekkir betur inn á sveitarstjórnarmál en ég. En af því að hv. þm. hélt því fram hér, að hér væri skattur á ferð, sem lagður væri á eftir efnum og ástæðum, og það er vitað, að svona fasteignaskattur, hvort sem hann er 400% eða hvað mikill hundraðshluti sem hann er, er lagður jafnt á alla húseigendur, hvort sem þeir eru skuldugir eða skuldlausir, hefði ég gaman af því, að hv. þm. gæti sannfært mig um, að svona skattur væri í raun og veru lagður á eftir efnum og ástæðum. Það er mikils um vert, ef hann getur fengið mig til að skilja, að maður, sem á 100 þús. kr. hús, en skuldar í því 90 þús. kr., eigi að greiða sömu upphæð og maður, sem á sömu eign skuldlausa, og segja svo, að þetta sé að leggja skatt á eftir efnum og ástæðum,

Frsm. meiri hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Ég verð að játa, að ég mundi þykjast mega vera hreykinn, ef ég gæti frætt hv. þm. Vestm., svo vel er hann að sér í þingmálum. Þó að ég vantreysti mér í þessum efnum, þá vil ég reyna að rökstyðja, að ef maður á fasteign, er ástæða til að hafa hana sem mælikvarða á, hvað hann á að greiða í skatt. Ég veit vel, að þeir menn, sem eiga hús, eru misjafnlega skuldugir, og held ég, að ég hafi minnzt á það í gær. Þó að ég telji, að grundvöllur útsvarsálagningar eigi að vera eftir efnum og ástæðum, þá er það lítt vinnandi vegur að nota hann, og er þá gripið til skattskrárinnar og búinn til skali, sem er látinn segja til, hvaða útsvar hver eigi að greiða. Ég held, að það sé miklu heldur vinnandi vegur að taka tillit til, hvað menn skulda út á fasteign. Sem betur fer er ástandið þannig í þjóðfélaginu, að þeir eru færri, sem þarf að gera undantekningu með, þegar tekið er tillit til þeirra, sem skulda mikið út á fasteign, en þeirra, sem eiga skuldlausar eignir.

Verði fasteignaskatturinn til sveitarsjóða hækkaður, er framkvæmanlegt að ívilna í sjálfu útsvarinu aftur á móti þeim mönnum, sem mikið skulda vegna fasteigna sinna.

Út af því, að hv. þm. minntist á sérstöðu, sem Akureyri hefði, vil ég taka fram, að það á ekki að taka tillit til neinnar sérstöðu við afgreiðslu málsins, enda hefur Akureyri enga sérstöðu í þessu efni. Fleiri bæir og kauptún hafa slík fyrirtæki sem hv. þm. nefndi, og hafi Akureyri þörf á að fá að beita fasteignaskattinum allt að fimmföldum vegna þessara fyrirtækja, þá hafa fleiri bæir einnig ástæðu til að fara fram á það sama.

Ég bið hv. þm. að athuga þetta, þó að ég telji mig ekki vera færan um að kenna honum í stórum stíl.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Þrátt fyrir þær umr., sem hafa orðið um þetta mál, hef ég ekkert lagt til málanna fram að þessu, heldur hef ég hlustað á umr. og rök með og á móti. Það hefur vakið athygli mína, að bent hefur verið á það hvað eftir annað, að þetta álag, sem reiknað er eftir mati fasteigna, hljóti að koma rangt niður, þegar það er lagt jafnt á fasteignir, sem aðili á aðeins að nafninu til, þegar hann skuldar þær að mestu, og þær eignir, sem menn eiga skuldlausar og eru þess vegna vel umkomnir að bera slíkan skatt. Mig furðar, að þessum rökum skuli ekki vera sinnt í þessum umr. Það er talað um í þessu sambandi að leggja þennan skatt á eftir efnum og ástæðum, eins og hv. þm. S-Þ. hamraði á. Ég held, að hann geti ekki sagt þetta í fullri alvöru. Það er hægt að segja, að það sé ærin ástæða til að leggja skatt á mann, að hann eigi hús. En það er ekki ástæða til þess, þó að hann eigi hús aðeins að nafninu til. Menn telja sig sjálfsagt betur setta með því að eiga hús, en þeir eru verr settir, ef þeir geta ekki haldið því, með þeim tekjum, sem þeir hafa. Það eru einmitt slík rök sem þau, sem hv. þm. S-Þ. vakti athygli á, sem eru ekkert annað en tyllirök. Til stuðnings frv. mætti nefna það, sem hæstv. landbrh. nefndi, að þótt erfitt væri að greiða þessa skatta, þá fengjust þeir dregnir frá útsvarinu. Þessi rök eru ljóst vitni um, hve léleg ástæða liggur að baki þessu frv.

En tilgangur minn með því að fara að tala er ekki sá að fara að karpa við þá, sem búnir eru að tala, heldur tel ég ástæðu vera til þess að sinna betur þeim rökum, að þessi skattur sé ekki lagður jafnt á alla, sem taldir eru eiga fasteignir, heldur tekið tillit til efna og ástæðna. Ég legg því fram brtt. við 2. gr. frv. um, að við þessa grein bætist nýr málsliður, svo hljóðandi: „Álaginu má þó aðeins beita á skattstofnana að því leyti, sem ekki hvíla á þeim veðskuldir.“ Ég tel, að með því móti að taka tillit til skulda sé verjandi að taka þennan skatt upp, þó að ég sjái ekki ástæðu til að fara inn á þessa braut, heldur leggja skatt á þá, sem eiga eignir. En ef farið er inn á þessa braut, er óhjákvæmilegt að taka tillit til skulda, svo að ekki sé ráðizt að þeim, sem með erfiðismunum hafa byggt yfir sig og berjast nú við að geta haldið eignum sínum á sínu nafni. Sú barátta er nógu erfið, þó að löggjafarvaldið sé ekki að auka á erfiðleikana með þessari skattaálagningu.

Ég leyfi mér svo að leggja þessa brtt. til hæstv. forseta.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 770) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Mér virðist þessi brtt. frá hv. 4. landsk. geta slétt úr þeim ágreiningi, sem var á milli mín og hv. frsm. þessa máls, og vissulega er hún honum, hv. frsm., til mikillar hjálpar, þar sem hann virðist hafa það fyrir augum, að þessi skattur verði lagður á nokkuð eftir efnum og ástæðum, því að ég tel víst, að hv. frsm. fagni þessari brtt. Ég hef deilt mikið um það, að hve miklu leyti þetta „eftir efnum og ástæðum“ gæti átt sér stað. En hér virðist vera kominn góður sáttasemjari, þar sem hv. 4. landsk. er, og ef hv. frsm. getur ekki fallizt á þessa brtt., þekki ég ekki hjartalag hans rétt.

Ég kvaddi mér hljóðs til að þakka hv. frsm. fyrir þá skýrslu, sem hann gaf varðandi þá spurningu, sem ég lagði fyrir hann. Hv. frsm. leysti úr þessu eftir beztu getu og komst að þeirri niðurstöðu, að slagsíðuna þyrfti að jafna með því að taka tillit til skattsins í útsvarsgreiðslum. Hv. þm. sagði, að vitaskuld væri tekið tillit til eigna og skulda við útsvarsálagningu, en sjálft gjaldið verður þá ekki lagt á eftir efnum og ástæðum. Ég vil bæta því við, að ef maður ætti alls staðar svipaða sveitarhöfðingja á borð við hv. þm. S-Þ., þá gæti maður borið fyllsta traust til þeirra. En ég tel mig hafa þá reynslu af niðurjöfnunarnefndum, að þær séu ekki gefnar fyrir að taka tillit til slíkra hluta. Menn geta haft það hugfast, að hv. þm. mun gera slíkt, en því miður eru ekki allir oddvitar hans líkar.

Ég skal svo ekki fara um þetta fleiri orðum, en mér virðist brtt. hv. 4. landsk. þm. vera úrlausn á þessu máli og álít sanngjarnt að fylgja henni, því að hún greiðir úr því, að þetta mál

verði ekki eins ranglátt, og þess vegna vil ég fylgja henni.

Frsm. meiri hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Það er lengi hægt að segja, að allar reglur um útsvör séu ranglátar og að aldrei finnist réttlát leið. En ég held, að hv. flm. þessarar brtt. hafi ekki hitt á það, sem er lausn í þessu máli. Hann leggur hér til, að það megi leggja fimmfalt gjald á þann hluta eigna, sem er fram yfir skuldir, samkv. fasteignamati. Þetta hlýtur að missa marks. Ég þekki mann, sem á fjögur hús, hvert þeirra er metið nálega á 20 þús. kr., og hann rekur verzlun. Hann veðsetur húsin til að fá rekstrarfé. Hann skuldar meira en fasteignamatsverðið út á húsin. Þessi maður er raunverulega vel efnaður. Það eru einmitt þeir menn, sem eiga slíkar fasteignir, sem ég álít fullkomlega réttlætanlegt að hækka fasteignagjaldið hjá. Það væri fjarstæða, að hann kæmist undan þessum skatti, eins og till. felur í sér. Enn fremur eru til menn, sem ekki hafa getað fengið veðlán út á fasteignir, en skulda stóra víxla. Hvers ættu þeir að gjalda? Réttlæti næst ekki með tillögunni — því miður.

Til eru fjöldamörg dæmi svipuð þessu. Það er auk þessa óframkvæmanlegt að greina menn í flokka við skattlagninguna eftir því, hvort þeir skulda út á fasteignirnar sem veð eða ekki. Hvílík skriffinnska mundi vera því samfara frá ári til árs! Lánahreyfingarnar mundu valda sífelldum villum og fyrirhöfn í skrám og reikningum sveitarfélaganna.

Að öllu þessu athuguðu undrast ég, ef hv. þm. Vestm. telur skynsamlegt að samþykkja þessa tillögu eða hefur hjartalag til þess að gera það.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. mikið. Það er aðeins út af ummælum hv. þm. S-Þ., sem ég vil segja nokkur orð. Ég ætla mér ekki þá dul að fullnægja öllu réttlæti og ætla mér ekki að bera á móti því, að slík dæmi finnist, sem hann talaði um. En þó áliti ég það skárra, að slíkt kæmi fyrir, en að menn, sem skulda næstum allt húsverð sitt, missi húsin, en dæmi þess verða mörg, að þessi skattur riði baggamuninn. Og í því dæmi, sem hv. þm. S-Þ. tók, held ég að betra væri og meira virði að bjarga þeim manni, sem væri að því kominn að missa hús sitt, en þótt ef til vill opnaðist smuga fyrir hinn manninn, sem hv. þm. tók dæmið af.

ATKVGR.
Brtt. 769 felld með 7:7 atkv.
— 763 felld með 8:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: StgrA, ÞÞ, BBen, BrB, FRV, JJós, LJóh.
nei: PZ, RÞ, SÓÓ, VH, HG, HermJ, KK, BSt.
HV greiddi ekki atkv.
1 þm. (GJ) fjarstaddur.
Brtt. 768 samþ. með 16 shlj. atkv.
— 770 felld með 10:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJós, StgrA, BrB, FRV.
nei: HermJ, KK, LJóh, PZ, RÞ, SÓÓ, VH, ÞÞ, BBen, BSt,
HG, HV greiddu ekki atkv.
1 þm. (GJ) fjarstaddur.
4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Haraldur Guðmundsson: Því miður er þessi tillaga þannig, að ekki er hægt að greiða um hana atkv. Ég greiði ekki atkv.

Hermann Jónasson: Þessi till. fullnægir ekki neinu réttlæti. Menn geta verið stórskuldugir, þótt ekkert hvíli á fasteignum þeirra. Ég segi nei.

Páll Zóphóníasson: Ég sé ekki, að neinn hagur sé í að samþ. till. eins og þessa, og segi því nei.

Bernharð Stefánsson: Ég segi nei og vísa til ýmissa grg. því til stuðnings.

Frv., svo breytt, samþ. með 11:5 atkv. og endursent Nd.

Á 70. fundi í Nd., 24. jan., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 771).
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 778).

---

34. Sauðfjársjúkdómar.

Á 10. fundi í Nd., 12. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 47 1950, um breyt. á l. nr. 44 frá 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra [50. mál] (þmfrv., A. 71).

Á 13. fundi í Nd., 16. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Andrés Eyjólfsson): Herra forseti. Hv. þingdeild. Það er naumast þörf á því að hafa langan málflutning fyrir þessu frv. Efni þess er einfaldlega það, að lagt er til, að hækkaðir verði vextir af skuldabréfum þeim, sem ríkissjóður hefur heimild til að gefa út bændum og öðrum sauðfjáreigendum til handa vegna bóta þeirra, sem honum er skylt að greiða í sambandi við fjárskipti á sauðfjársjúkdómasvæðunum. Réttur ríkissjóðs til útgáfu skuldabréfanna nær til 40% af fjárskiptabótunum og 80% af sauðleysisbótunum, sem greiddar eru þeim, sem sauðlausir verða að vera eitt ár, svo sem var s. l. ár í Borgarfjarðarsýslu, nokkrum hluta Mýrasýslu og auk þess á þeim svæðum, þar sem garnaveikin hefur gert vart við sig. — L., sem heimila ríkissjóði útgáfu þessara skuldabréfa, voru samþ. á Alþ. 1949, og fóru fyrstu greiðslur fram á s. l. hausti. Fram að

þeim tíma, að þessi l. voru sett, voru allar bætur greiddar í peningum.

Inn á þessa braut, að gefa út skuldabréf til 5 ára með 4% vöxtum, mun hafa verið farið vegna þess, að hagur ríkissjóðs stóð þá svo, að ekki þótti fært að greiða úr honum árlega alla þá upphæð, sem fjárskipti hvers árs kröfðu, ef þau áttu að ganga svo ört sem þörfin og allar aðstæður heimtuðu. Var því þetta ráð tekið, að skipta þunganum af þeim á fleiri ár. Bændur töldu sig verða að hlíta þessu, þar sem þeir vildu allt til vinna að losna sem fyrst við hina miklu vágesti, mæðiveikina og garnaveikina, jafnvel þótt fyrirsjáanlegt væri, að þeir þyrftu á öllu að halda til þess að koma sér upp fjárstofni að nýju, enda meiri líkur, þá er l. voru samin og sett, að auðið yrði að bjarga sér með bráðabirgðalánum, þar sem auðveldara var þá enn um slík lán og vextir skaplegri af þeim en nú er orðið.

Það hefði að vísu verið hagkvæmara fyrir bændur, ef fært hefði mátt teljast að fella niður úr l. heimild ríkissjóðs til útgáfu skuldabréfa vegna fjárskiptanna. En slíkt hefur þó ekki þótt fært að sinni. Enn er eftir að skipta á stórum svæðum og því eftir að greiða mikla styrki í fjárskiptabætur. Þó að hagur ríkissjóðs virðist munu verða sæmilegur í ár, þá mun í mörg horn að líta með væntanlegan tekjuafgang og hitt ekki víst, hvernig hagur ríkissjóðs kann að standa næstu árin. Ég sá mér því ekki fært að ganga lengra en það að fara einungis fram á, að vextir af skuldabréfunum verði hækkaðir úr 4% í 6%. Vona ég, að hv. alþm. finnist það, eins og mér, vera sanngjörn till., þegar miðað er við það, hversu lánsfjármarkaðurinn hefur breytzt og vextir af lánum hækkað síðan l. voru sett. Mér er kunnugt um það, að þar sem fjárskipti fóru fram í haust, voru mjög margir bændur, sem engin úrræði höfðu um að ná sér í fjárstofn, nema þeim væri veitt aðstoð til lántöku. Mundi það nokkuð liðka um hag þeirra bænda, sem svo er ástatt um, ef vextir skuldabréfanna verða hækkaðir, svo sem hér er lagt til. Yrði þá ef til vill hægt að selja skuldabréfin affallalaust eða affallalítið eða að þau yrðu tekin sem handveð fyrir lánum. Mundi það, þó að í smáu sé, liðka hag þeirra bænda, sem verst eru staddir.

Ég þarf varla að minna á, hvílíkt afhroð bændur í ýmsum héruðum hafa goldið vegna sauðfjárpestanna og þó fyrst og fremst í þeim héruðum, sem ákvæðið um útgáfu skuldabréfanna nær til. Þannig hefur sauðfjáreign bænda í þeim héruðum minnkað um og yfir helming, síðan sauðfjárpestirnar byrjuðu að herja á þau, þrátt fyrir stöðuga viðleitni flestra bænda í þeim héruðum til að halda við sauðfjárstofninum með því, jafnvel ár eftir ár, að setja á vetur öll gimbrarlömb í þeirri trú, að „öll él birti upp um síðir", sem þó hefur reynzt tálvon ein.

Fjöldi bænda á þessum svæðum er þannig settur, að eina vonin til sjálfsbjargar og sæmilegrar afkomu er að koma sér upp hæfilegum sauðfjárstofni. En fjárhagsleg afkoma þeirra er slík eftir 16—17 ára baráttu við sauðfjárpestirnar og afurðatap af þeirra völdum, að þeir mega einskis í missa.

Ég veit, að þessi úrbót, sem hér er farið fram á, veitir ekki bændum þá aðstoð, sem margir þeirra þarfnast. En þó mundi samþykkt þessa frv. nokkuð liðka hag þeirra, án þess þó að hægt sé að segja, að ríkissjóði sé verulega íþyngt. Og heildarafkoma hinna smáu bænda getur oltið á því, hvort þeim er gert fært að eignast 10—20 lömbum fleira eða færra.

Ég vil svo vona, að hv. Alþ. fallist á, að hér sé um sanngirnismál að ræða, og veiti því samþykki sitt. — Að svo mæltu vil ég leyfa mér að óska þess, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Ingólfur Jónsson: Þetta frv., sem hv. þm. Mýr. hefur flutt á þskj. 71, er sanngirnismál. Ég flutti sams konar till. við meðferð málsins á þingi 1949, þegar þessi breyt. var gerð á l. um sauðfjársjúkdóma og bætur vegna þeirra. Þegar hugsað var að gera þessa breyt. og greiða bændum í skuldabréfum mikinn hluta af bótunum, hafði frv. komið þannig úr garði gert inn í Alþ., að ekki var gert ráð fyrir, að neinir vextir væru greiddir af bréfunum. Virtist, að sumir hv. þm. og landbrh. gætu sætt sig við að bjóða slíka kosti. Þó höfðu allir bændur, sem búnir voru að fá niðurskurð, fengið greiðslu í peningum. Var óskiljanlegt misræmið, sem þarna átti að verða milli þeirra og hinna, sem voru að bíða eftir niðurskurði og misstu mikinn hluta af fjárstofni sínum. Niðurstaðan varð því sú, að þessi lagasetning var gerð með því að ákveða 4% í vexti af þessum bréfum. Þegar þetta mál var til umr., benti ég á, að bændur yrðu að nota þessi skuldabréf til þess að fá lán út á þau eða að þeir hefðu ekki efni á að liggja með bréfin í handraðanum og yrðu undir mörgum kringumstæðum að veðsetja þau og greiða mun hærri vexti, a. m. k. 6% og í mörgum tilfellum 7 eða 8%, ef um víxillán og framlengingu er að ræða. Er þess vegna mjög eðlilegt, að frv. eins og þetta sé nú fram komið, þegar staðreyndirnar eru farnar að tala og augljóst er orðið, að menn verða að nota þessi skuldabréf strax. — Ég vil þess vegna eindregið mæla með því, að frv. verði samþ. Vil ég benda á, að það er styttra skref nú að stiga frá 4% upp í 6%, eftir að reynsla er fengin á þessum hlutum, heldur en var, þegar þetta var flutt í hv. d. fyrst, frá engu upp í 4%.

Ég ætla svo ekki meira um þetta að segja, en vænti þess, að þetta fyrsta mál, sem hv. þm. Mýr. flytur og er þarft og gott, nái nú samþykki.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 71, n. 150).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Andrés Eyjólfsson): Herra forseti. Eins og hv. d. mun vita, er efni þessa frv. aðeins það að hækka vexti af skuldabréfum þeim, sem ríkis-

sjóður hefur heimild til að gefa út vegna fjárskipta á sauðfjársjúkdómasvæðunum, úr 4% upp í 6%.

Landbn. hefur haft þetta frv. til athugunar á 2 fundum og sendi það til umsagnar til fjmrn. Umsögn hefur borizt frá fjmrn., sem er, eins og stendur hér í nál., á þá leið, að fjmrn. tekur fram, að það mæli með frv. Og í því sambandi vill það upplýsa, að kostnaðarauki ríkissjóðs vegna skuldabréfa, sem þegar hafa verið gefin út, mundi nema sem næst 120 þús. kr. á ári um fimm ára bil. — Landbn. leggur einróma til, að frv. verði samþ.

Ég vil svo aðeins bæta því við, að ég vil þakka rn. og hv. meðnm. mínum í landbn. fyrir góða afgreiðslu á þessu máli.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., 5. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 24. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 25. fundi í Ed., 6. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það er bara aths. um meðferð málsins. Ég vil biðja um, að málinu verði frestað, þangað til hæstv. landbrh. verður hér viðstaddur til að ræða málið.

Forseti (BSt): Landbrh. er þm. í þessari hv. d. og því vitanlega vanalega mættur hér, nema hann þurfi að standa fyrir máli sínu í Nd. Mér er ómögulegt að sjá svo um, að þm. séu hér ætíð viðstaddir. Það er í mínu valdi að fresta málinu, en það er ekki í mínu valdi að sjá um, að þm. séu hér. Ég skal verða við ósk þm. Barð. í þetta sinn, en get það ekki oftar.

Umr. frestað.

Á 26. fundi í Ed., 7. nóv., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Ed., 12. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forseta, að hann hefur gefið kost á því, að umr. um mál þetta hæfust ekki fyrr en hæstv. landbrh. væri hér viðstaddur. — Alllangt er nú síðan mál þetta var til umr. hér í d., og enda þótt það fjalli um að hækka vexti á skuldum þeim, er bændur eiga ógreiddar hjá ríkinu vegna fjárskiptanna, vil ég leyfa mér að tala um fjárskiptin almennt.

Síðan frv. þetta var síðast til umræðu í þessari hv. d., hefur hæstv. landbrh. svarað fsp., sem fram hafa verið bornar í Sþ. um hið nýja og alvarlega ástand í þessum málum. Þar sem fsp. er skorinn svo þröngur stakkur, er ekki hægt að fá allar þær upplýsingar, sem með þarf í svona veigamiklu máli, og vil ég því minnast nokkru frekar á mál þetta við hæstv. landbrh. Ég vildi því fyrst og fremst leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh., hvort hann vildi ekki láta fara fram sérstaka rannsókn á þeim atburðum, sem fyrir hafa komið. Þetta er svo þýðingarmikið mál, að einskis má láta ófreistað til þess að komast að raun um, hverju sé hér um að kenna. Það er sýnilegt, að ef ekki er haft betra lag á þessum málum en nú er, þá er voðinn vís. Það hefur í för með sér tugi millj. kr. tjón fyrir ríkissjóð og enn fleiri tugi millj. kr. tjón fyrir bændur.

Það er ljóst, að í Strandasýslu hefur komið upp mæðiveiki á ný. Ganga um það ýmiss konar sögur, að menn hafi vitað um veikina í kindum þessum í fyrra, er þær voru reknar á fjall, og ýmislegt annað er, sem bendir til þess, að menn hafi ekki gætt fullrar varúðar. Það er því full ástæða til þess, að gerð sé gangskör að því að komast að raun um, hverjum sé hér um að kenna. Hæstv. landbrh. upplýsti í Sþ., að bændur hefðu sjálfir valið hina beztu menn úr sínum hópi til þess að hafa eftirlit með þessum málum. Nú vil ég spyrja hæstv. ráðh., hvort honum finnist ekki ástæða til að skipa einn mann til þess að gæta hagsmuna ríkissjóðs. Mér er m. a. kunnugt um það, að framkvæmdastjórinn fyrir hinni merku sauðfjárveikivarnanefnd er ekki meira upptekinn en það, að hann getur ráðið sig til að starfa hjá öðru fyrirtæki, á meðan hann tekur laun úr ríkissjóði. Það er áreiðanlegt, að þessum málum hefur ekki verið sýnd sú alvara, sem þurft hefði.

Ég vil enn fremur fá það upplýst hjá hæstv. ráðh., á hvers kostnað er nú verið að skera niður á ný. Er það á kostnað bændanna eða ríkissjóðs, eða er það gert á kostnað þeirra manna, sem vanrækt hafa að sjá um, að fjárskiptin hafi verið framkvæmd með nægilegu öryggi? Það ganga miklar sögur um það, að sum af þessum landssvæðum hafi ekki verið smöluð nægilega vel, áður en nýju fé hefur verið hleypt inn á þau. Hér er vissulega verið að leika sér með eldinn. Ef þetta er rétt, þá er hér vissulega ástæða til, að rannsókn sé látin fara fram. — Ég veit, að þetta mál snertir ekki beint það frv., sem hér liggur fyrir, en mér finnst ekki ástæða til að hækka vextina eins og farið er fram á í frv., nema sannað sé, að bændur eigi engan þátt í þeim mistökum, sem átt hafa sér stað. Mér er kunnugt um það, að hætt var að gæta girðingarinnar úr Berufirði og norður í Strandasýslu eftir að fjárskiptin fóru fram, og með því var heilbrigði stofninn norðan girðingarinnar settur í hættu, ef illa tækist til. Það var bæði hætt að halda girðingunni við og eins var vörzlunni hætt. Menn hafa orðið svo bjartsýnir um árangurinn af fjárskiptunum, að þeir hafa ekki gætt nægrar varúðar.

Mér skildist á hæstv. landbrh., að ekki hefði enn verið tekin upp nein varzla, en allt ætti að vera komið í lag næsta vor, er fé yrði sleppt út. Ég tel það mjög mikilsvert, að á þetta megi treysta. Þetta er ekki aðeins hagsmunamál Vestfjarða, heldur allrar þjóðarinnar, því að ef heilbrigt fé hefði ekki verið á Vestfjörðum, hefðu fjárskiptin aldrei getað farið fram.

Mér þótti rétt að láta þetta koma fram í umr. um þetta frv.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Það er ekki nema eðlilegt, að hv. alþm. hafi áhyggjur af því, sem komið hefur fyrir varðandi fjárskiptin, og ég get mætavel skilið það, að flestum hafi orðið bilt við, þegar sú frétt barst út, að veikinnar hafi orðið vart á ný á Hólmavík, — ekki sízt bændum landsins, sem með fjárskiptunum gerðu sér vonir um að eignast heilbrigðan fjárstofn á ný. Það sagði mér fjárbóndi uppi í Borgarfirði dæmi um það, hver áhrif þessi frétt hafði. Hann var staddur þar við jarðarför. Verið var að jarða eldri mann úr héraðinu, vinsælan og vel látinn. Gangur lífsins er nú þannig, að þegar menn eru orðnir gamlir, þá deyja þeir án þess að vekja við það neinn sérstakan harm. En þessi maður var sem sagt vinsæll og mjög tregaður af öllum, er hann þekktu. Meðan stóð á jarðarförinni, barst þangað fregnin um veikina. Og þessi bóndi sagði mér, að hann hefði aldrei séð aðra eins hryggð koma yfir menn. Þessi hryggð, sem það veldur, að menn óttast, að ekki sé hægt að eignast heilbrigt fé, er svo mikil, að hún yfirstígur flest annað, jafnvel svona atburði sem þennan.

Mér er ljúft að svara öllum þeim spurningum, sem til mín er beint varðandi þetta mál. Hv. þm. Barð. var með efasemdir um það, að þeir menn, sem eiga að sjá um fjárskiptin, væru starfi sínu vaxnir. Ég hef áður bent á, að þarna eru valdir fimm menn úr þeirri stétt, sem hefur mestra hagsmuna að gæta við fjárskiptin. Þeir eru valdir af beztu vitund og þekkingu, og ég efast ekki um, að þeir séu vel valdir, og hef enga ástæðu til að tortryggja þá.

Þessi fjárskipti fóru fram löngu áður en ég tók við þeim málaflokki, sem nú heyrir undir ráðuneyti mitt. Samkv. l. þá voru þessi fjárskipti framkvæmd á þann hátt, að ekki var látið líða ár á milli, þ. e. a. s., heilbrigða fé var tekið sama haustið og sjúka stofninum var slátrað. Þetta stafaði af því, að fræðimenn, m. a. þekktur prófessor, töldu, að smitun gæti ekki átt sér stað nema frá kind til kindar. Gerðar höfðu verið tilraunir með það að smita fé á annan hátt, en þær höfðu engan árangur borið. Samt sem áður er mér skýrt svo frá, að sauðfjársjúkdómanefnd hafi gefið fyrirskipun um að grafa niður innyfli úr öllu sýktu fé, er því er slátrað.

Þegar rætt var um þessi mál í Sþ. fyrir skömmu, var mér ekki kunnugt, að lögregluransókn hefði farið fram á Hólmavík vegna hinna sýktu kinda, sem þar fundust, en hún fór fram, og mun henni nú lokið. Mér hefur ekki borizt hún í hendur enn þá, en eftir því, sem ég hef spurzt fyrir, er engin ástæða til að ætla, að fé hafi orðið eftir við smölun á þessu svæði, þegar niðurskurðurinn fór fram. Allar sögusagnir um, að svo hafi verið, eru því gripnar úr lausu lofti. — Það er rétt, sem hv. þm. Barð. sagði hér áðan, að ekki hefði verið haldið við girðingunni milli Berufjarðar og Steingrímsfjarðar, en það var ekki gert af því, að þá fékk svæðið sunnan girðingarinnar heilbrigt fé af Vestfjörðum. Það má vitanlega segja, að þeim hafi verið skylt að viðhalda girðingunni og láta ekkert fé fara vestur fyrir hana. Án þess að dæma nokkuð um þetta stafar þetta af því, að þeir eru með sama fé og er handan girðingarinnar og telja sig því örugga. En þó að þessarar girðingar hafi ekki verið gætt, getur það vitanlega ekki hafa valdið þeirri smitun, sem nú er upp komin. Þegar verið er að grafast fyrir um, hver sé orsök smitunarinnar, kemur það fram, sem brýtur í bága við það, sem áður var álitið, — sem sé, að smitun geti átt sér stað á annan hátt en frá kind til kindar. Það kemur nefnilega í ljós, að maður sá, sem á sýktu kindurnar, gætir refa, og haustið, sem niðurskurðurinn fór fram, átti hann lungu úr sýktu fé, sem hann svo fóðraði refina á. Þær einu líkur fyrir smituninni, sem komið hafa fram við réttarrannsóknina á Hólmavík, eru því þær, að maðurinn hafi borið veikina með sér í fjárhúsin. Þegar ég hef fengið afrit af réttarrannsókninni, mun ég athuga, hvað sé hægt að gera í þessu máli, en ég efast um, að hægt sé að refsa manni fyrir að gera það, sem visindin álita óhætt.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. Barð. sagði hér áðan, að vitað hefði verið um veikina fyrir löngu, kemur það fram við rannsóknina, að eftir að böðun átti sér stað s. l. haust, sá þessi maður á tveimur kindum frá sér, en áleit, að þær hefðu aðeins ofkælzt. Eins og þeir vita, sem eitthvað þekkja inn á sauðfjárrækt, kemur slíkt oft fyrir. — Þetta var álit þessa manns, og þar sem ekki var von neinnar veiki, er ákaflega erfitt eða að minnsta kosti hæpið að ásaka hann.

Ég get svo bætt því við, að á sama klukkutimanum og mér bárust fregnir um veikina hringdi ég til framkvæmdastjóra sauðfjárveikivarna og ræddi við hann um, hvað gera skyldi, og ég fæ ekki séð, að neitt hafi verið látið ógert, sem hægt var að gera. Þrír færustu menn okkar eru sendir norður til rannsóknar, og lögregluransókn fer fram. Fyrst er skorið niður á Hólmavík, en eftir að tvær sjúkar kindur finnast til viðbótar, er hringurinn stækkaður. Ég álít, að ekki hafi verið um annað að ræða en gera einmitt þetta. Það er ekki hægt að neita því, að eftir að þessi sjúkdómur kom upp á ný, hefur útlitið mjög versnað með fjárskiptin. Hvort takast muni að komast fyrir veikina á Hólmavík nú, er ekki hægt að segja um. Líkurnar eru svona einn á móti einum. Í þessu sambandi má minna á það, að veikin kom upp í Bjarnarfirði. (**PZ:** Í Árneshreppi.) Já, það er rétt, en hún kom einnig upp í Bjarnarfirði, því að eins og menn muna, þá veiktist einn hrútur hjá Matthíasi Helgasyni í Kaldrananesi, en strax og hann varð var við það, slátraði hann honum og reri með hann langt út á flóa og sökkti honum þar, sem frægt er orðið, og veikinnar varð aldrei framar vart í Bjarnar-

firði. Enn fremur kom hún upp á mörgum bæjum í Árneshreppi, eins og hv. 1. þm. N-M. sagði áðan, og tókst að komast fyrir veikina. Án þess að hægt sé að greina, að þar sé nokkur veiki, á að skipta Vestfjörðum í tvö hólf til aukins öryggis.

Ég vil taka það fram, að strax eftir að umr. um þetta mál lauk í Sþ., átti ég tal við einn af mönnum þeim, sem eru í sauðfjársjúkdómanefnd, og sagði hann mér, að ég hefði farið með rétt mál varðandi girðingarnar.

Viðvíkjandi skaðabótunum sé ég ekki, að um annað sé að ræða en fylgja þeirri venju, sem gert hefur verið hingað til.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Þetta frv. fjallar eingöngu um hækkun á vöxtum úr 4% í 6% af skuldum þeim, sem bændur eiga enn ógreiddar hjá ríkissjóði vegna fjárskiptanna, en umr. hafa nú snúizt um sauðfjársjúkdómana almennt. Ég ætla að snúa mér að því, sem eingöngu varðar Vestfirði.

Hæstv. landbrh. upplýsti það í Sþ., að gerðar hefðu verið ráðstafanir til þess að girðingarnar á Vestfjörðum yrðu endurbættar. Mér skildist á hæstv. ráðh., að mál þetta væri ekki lengra á veg komið en það, að sauðfjársjúkdóman. hefði gert um það samþykkt. Nú er það alls ekki nóg, að þessi n. samþ. eitthvað. Það, sem mestu máli skiptir, er það, að eitthvað raunhæft sé aðhafzt. Mér skilst, að ekkert eigi að aðhafast við girðingarnar fyrr en að vori. Það er alveg óskiljanlegt, að það skyldi ekki vera gert strax í haust, gert fyrir veturinn. Ég tel ekkert öryggi í því, að þessu skuli vera frestað fram á vor, því að eins og mönnum er ljóst, þá er mjög erfitt, ef ekki ómögulegt, að fást við girðingarvinnu snemma vors vegna þess, hversu klaki fer seint úr jörðu.

Eitt af hinum hörmulegu mistökum í sambandi við sauðfjársjúkdómana var, að ekki skyldi strax vera sett upp tvöföld girðing á milli Gilsfjarðar og Bitrufjarðar, heldur tildrað þar upp einfaldri girðingu, en eiðið er þarna um 7 km breitt. Síðan er girt úr Berufirði í Steingrímsfjörð, en gert allt of seint, og síðast úr Kollafirði í Ísafjarðarbotn. Nú hefur þessum girðingum ekki verið haldið við um nokkurt skeið. Það er tvennt, sem þarf að gera, og það er að endurreisa girðinguna milli Gilsfjarðar og Bitrufjarðar og hafa vörð við hana. Einnig þarf að endurreisa girðinguna milli Berufjarðar og Steingrímsfjarðar og jafnvel tvöfalda hana, því að þar er núna eina örugga hólfið. Í þessum málum duga alls ekki neinar samþykktir sauðfjársjúkdóman., heldur hefði átt að gera þetta strax í haust. Ég hef í haust verið á fundi með vestfirzkum bændum, þar sem þeir kröfðust einmitt þessa tvenns, sem ég var að minnast á, og að það væri fyrirbyggt, að framkvæmdir drægjust úr hömlu.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. landbrh. fyrir upplýsingarnar; ég sé, að hann hefur ekki tíma til að hlusta á frekari umr. Og ég vil sérstaklega þakka hæstv. ráðh. fyrir það að láta fara fram nákvæma rannsókn á málinu.

Það er af tveimur ástæðum, að ég hef hreyft þessu máli hér. Við, sem sitjum fyrir Vestfirðingafjórðung á þingi, viljum allir, að það sé tryggt, að þessi svæði sýkist ekki, enda er það líka mál allra bænda á landinu, því að fjárskiptin byggjast á því. Okkur er ljóst, að smitunin hefur ekki komið að vestan, en það er líka ljóst, að ekkert má láta ógert til þess að forða því, að sýkin berist vestur fyrir. Ég er sammála hv. 6. landsk. um það, að allt hefur því miður ekki verið gert til að tryggja það. — Þetta snýr að vörnunum í vestur.

Það, sem snýr að vörnunum austur á við, hefur ekki minni þýðingu. Fjárskiptin hafa kostað milljónir kr., og hafi hér verið um mistök að ræða, er óskaplegt að hugsa sér, ef til þess kemur, að slátra verði öllu aftur. Ég vil því spyrja hæstv. ráðh., hvort ekki sé rétt að stöðva öll fjárskipti, þar til vitað er, hvort hægt er að halda þessu svæði ósýktu. Ég held, að það gæti komið til alvarlegrar athugunar.

Annað, sem þarf að gera, er að setja upp sterka varnargirðingu milli sýkta og ósýkta svæðisins, svo að ekki komi til mála snerting milli svæðanna, og loka grunaða svæðinu alveg. Ég efa, að verið sé að gera þetta; mér skilst, að ekkert hafi verið gert, svo að öruggt sé.

Það er síður en svo, að mig langi til að koma fram sektum á hendur þeim mönnum, sem hér hafa gert glappaskot. Það er aukaatriði. Aðalatriðið er, að féð sýkist ekki. En ég er ekki á því máli, að ekki sé hægt að fá menn til að fara með þessi mál, sem meiri áhuga hafa á þeim en þeir, sem nú hafa þau með höndum. Víst er, að full ástæða er til að skipta um alla þessa fimm góðu menn. Þeim hefur mistekizt, og þá er sjálfsagt að skipta um og fá aðra. Og ég endurtek, að það er m. a. að kenna skorti á áhuga hjá framkvæmdastjóranum, sem gefið hefur sér tíma til að sinna öðrum störfum, að ástandið í þessum málum er ekki betra en raun ber vitni um.

Mér þykir vænt um að heyra frá hæstv. ráðh., að þetta stafi ekki af því, að sjúkt fé hafi verið á svæðinu áður, en þær sögusagnir höfðu borizt. Ástæðurnar eru því aðrar, og nú segir hæstv. ráðh., að smitunin hafi borizt með viðkomandi manni frá lungum úr sjúku fé, sem notuð voru til þess að fóðra refi, sem hann gætti. Okkur hefur verið tjáð, að smitun geti ekki borizt nema með snertingu frá kind til kindar. En ef það er svo, að smitunin getur borizt með mönnum og þá líka með heyjum og húsum, hvað er þá orðið um allar þær millj., sem búið er að verja til þessa? Við virðumst vaða í villu og svima í þessu máli enn í dag.

Þar fyrir utan er það mjög ámælisvert, ef viðkomandi bóndi varð um miðjan vetur var við tvær kindur veikar af lungnaveiki, án þess að hann gerði sauðfjársjúkdóman. aðvart. Ég veit ekki, hvort þetta er refsivert eða hvort menn eru skyldugir að gera n. aðvart, en ef svo er ekki, þá er nauðsynlegt að breyta l. þannig, að menn verði skyldaðir til þess að tilkynna n., ef slík tilfelli koma fyrir. Sambandið við n. virðist hvergi nærri vera eins gott og nauðsynlegt er.

Þeir, sem eru í þessari n., ættu að hafa brenn-

andi áhuga á því að ná sem beztum árangri, en það virðast þeir ekki hafa haft, og þess vegna vil ég skipta um menn. Og ég er alveg viss um það, að hefði hæstv. ráðh. ekki setið í ríkisstj., þá væri hann búinn að skrifa margar greinar í blað sitt um vanrækslu annarra. Ég er ekki að ásaka ráðh., en þeir, sem tekið hafa að sér þessi mál, ættu að hafa svo mikinn áhuga fyrir þeim, að þeir fáist ekki við önnur störf.

Svo eru það skaðabótagreiðslurnar. Ég sé ekki, að hæstv. ríkisstj. hafi heimild til að greiða skaðabætur. Ég efa, að þetta falli undir l., og hygg, að hæstv. ríkisstj. þurfi að leita sérstakrar heimildar. Mér er tjáð, að ákveðinn bóndi, sem varð að skera fé sitt, hafi þurft að gera það á eigin kostnað. Það er of langt gengið, ef bændur, sem sýna trassaskap í þessum efnum, geta skorið niður á kostnað ríkissjóðs. Þess verður að krefjast, að ríkissjóður greiði því aðeins skaðabætur, að fullrar varúðar sé gætt. Hvar stöndum við, ef hver bóndi getur alltaf fengið nýjan stofn á kostnað ríkissjóðs, þótt hann hafi sýnt vanrækslu?

Ég skal svo láta þetta nægja nú. Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir að leyfa þessar umr., þó að þær snerti ekki beinlínis það mál, sem er hér til umr. — Þar sem frv. fer fram á hækkun vaxta úr 4 í 6% og kemur því ekki sauðfjársjúkdómum við, leyfi ég mér að leggja til, að því verði vísað til fjhn., og vænti ég þess, að hæstv. forseti geti fallizt á það.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Eins og ég hef tekið fram áður, gerðust þessi fjárskipti áður en ég tók við þessum málum og áður en núv. ríkisstj. var mynduð.

Það er jafnan þannig, að við verðum allir hyggnir eftir á. Ég get upplýst, að það var áður talið, að sjúkdómurinn gæti ekki borizt nema frá kind til kindar. N. segir mér þó, að þrátt fyrir þessa skoðun vísindamanna hafi hún gefið yfirlýsingu um það, að grafa bæri innyfli úr fé á sýktu svæði. N. hefur því gefið þessa skipun, en henni hefur ekki verið fylgt, og hún hefur gefið þessa fyrirskipun þrátt fyrir það, sem vísindamennirnir sögðu. Hvort það hefur verið gert frá upphafi, veit ég þó ekki. Ég get enn fremur getið þess, að ekki hefur verið hægt að flytja hey milli svæða; það varð ég var við á Vestfjörðum.

Það verður að segja það eins og það er, að það er löstur á þjóðinni, hvað hún er ólöghlýðin að því er varðar öll lögreglubrot. Hér er lítið um glæpi, en því meira um smærri lögreglubrot. Menn vilja ganga þar, sem þeim sýnist, hjóla á ljóslausum hjólum og aka bremsulausum bílum og segja, að þetta geti ekki verið svo hættulegt. Eins er um þetta mál. Í þetta sinn er um bændur að ræða, en það gátu eins vel verið verkamenn, því að þessi ólöghlýðni er þjóðarlöstur.

Að því er bezt verður séð, hefur það fé, sem hér er um að ræða, sýkzt frá sýktum innyflum; það lítur svo út a. m. k. Það er hægt að dæma n. hart, en þó er það hæpið, er þess er gætt, að hún hefur gefið út fyrirskipanir um að gæta varúðar í þessum efnum. Eins og hv. þm. er kunnugt, gerði prófessor Niels Dungal tilraunir í nokkur ár til að sýkja fé á þennan hátt, en tókst það ekki. En þrátt fyrir það brýndi n. fyrir mönnum að gæta varúðar.

Varðandi það að skipta um menn í n., þá eru um þetta sérstök l., svo að ég efast um, að ég gæti það, þó að ég vildi. Það er á valdi annarra, hv. þm. og flokkanna, sem kjósa þessa menn, en 3 þeirra manna, sem sæti eiga í n., eru þm. Annars getum við ekki sagt annað en að þessir menn hafi breytt eftir beztu samvizku.

Það, sem kemur til minna kasta, er, að ekki hefur verið gert við girðingarnar þegar í stað. En það er ekki hægt að fullgera við girðingar, þegar komið er fram á þennan tíma, enda er það aðalatriðið, að gert hafi verið við þær áður en fénu er sleppt út í vor.

Varðandi það, að girðingin úr Kollafirði í Ísafjarðarbotn verði einnig tvöfölduð, get ég getið þess, að ég hef rætt það við n.

Þessar umr. gefa svo ekki ástæðu til frekari skýringa frá minni hálfu.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. mikið, en vildi þó segja nokkur orð.

Fyrst vildi ég segja það, að það liggur fyrir, að þessar þrjár ær, sem sýktust á Hólmavík og var slátrað, hafa að minnsta kosti sýkt tvær ær aðrar, sem aðrir áttu. Hins vegar er vitað, að á þessu svæði gengur slæðingur af fé annars staðar að, en hvort það hefur smitazt, vitum við ekki.

Það hafa komið til mín menn, sem vilja fyrirskipa niðurskurð, en ég hef sagt þeim, að það mundi ég ekki vilja gera, því þó að það sé ekki útilokað, að einhverjar aðrar kindur en þessar tvær hafi smitazt, þá er þess að gæta, að úr þessu hólfi hafa verið seld lömb, svo að nú eru tvö hólf á landinu, sem ekki hefur komið í lambfé af þessu svæði. Hvort fleira sýkt fé er í þessu hólfi, vitum við ekki, og það er ekki heldur vitað, hvort einhver lömb kunna að vera smituð. Það er þess vegna nauðsynlegt, að öllum girðingum sé haldið vel við.

Nú er það svo með þau lömb, sem seld eru úr hólfinu, að enginn þarf að reikna með því, að veikin komi fram fyrr en eftir 2—4 ár. Þegar svo er, fer fólk að halda, að öllu sé óhætt, og árveknin slappast bæði hjá almenningi og n.

Það er nauðsynlegt að halda girðingarhólfunum eins hreinum og hægt er, svo að ekkert samband sé milli þessa hólfs og annarra, og það þarf að brýna fyrir mönnum að gæta varúðar í þessum efnum.

Þess ber að gæta, að við lifum hér við allt önnur skilyrði en tíðkast í öðrum löndum. Sauðfé gengur hér saman á afrétt, og þetta þekkist bara hér og í Noregi. Annars staðar, þar sem ég þekki til, kemur fé manna ekki saman við annarra fé, og er því smithætta hér margfalt meiri og ekki sambærileg við neitt annað. Það eru svipaðar samgöngur í öðrum löndum milli sauðfjár og hér milli nautgripa innbyrðis, og þó minni, því að algengt er hér, að nautgripir komi saman um allt land, en svo er ekki um fé í öðrum löndum, þar sem ég þekki til. Svo er hitt, að þar eru dýralæknar á hverju strái. Um leið og veikinda verður vart, þá er sóttur dýralæknir, og

hann gerir sínar ráðstafanir og skepnan einangruð. Það er eins og um sjúkdóma hjá mannfólkinu. Við höfum ekki nema svo fáa dýralækna, að það er sjaldan hægt að vitja þeirra. Það er skiljanlegt, að maður, sem á veika kind norður á Hólmavík, fari ekki að vitja læknis suður í Borgarnes. Hefði aftur á móti verið dýralæknir á Hólmavík, þá hefði þetta komizt upp um leið og sá á kindinni. Þess vegna er það auðséð, að aðstæður hér eru allt aðrar en í öðrum löndum, a. m. k. þar, sem ég þekki til.

Annars er það ekki nema að nokkru leyti rétt, að þessi sjúkdómur berist aðeins frá kind til kindar. Það er rétt, að Dungal reyndi eða gerði tilraun til að smita nautgripi með því að gefa þeim sýkt lungu úr fé og tókst það ekki. Og þó er það ekki víst, því að nautgripirnir voru ekki látnir lifa nógu lengi. Það hefði ekki komið í ljós fyrr en eftir 4—5 ár, hvort smitun hefði átt sér stað, en svo gamlir urðu kálfarnir ekki. Hitt er víst, að áður var gerð tilraun með fé. Það voru hafðir 2 hópar, annar sýktur frá Reykjavík og nágrenni, en hinn ósýktur, og var hann keyptur austan úr Skaftártungu og látinn vera á rimlalofti yfir sýkta fénu. Enginn samgangur var milli þessara hópa; það var ekki einu sinni sami hirðir, en lömbin í efra hólfinu sýktust, og gat það ekki borizt með öðru en loftinu. Á sömu leið er óhætt að segja um kindur, sem tilraun var gerð með á Keldum. Enginn samgangur átti sér stað milli þeirra, nema sami hirðirinn, sem hirti þær, og sýktust kindurnar, svo að ef lungu hafa verið fryst og notuð svo til fóðurs fyrir refi, sem hirtir hafa verið af sama manni og kindurnar, þá er það skiljanlegt, að veikin geti hafa borizt þannig í þessar 3 ær. — Sérstaklega vil ég segja þetta, að það er höfuðnauðsyn að halda vel við öllum girðingum, svo að samgangur milli þeirra sé enginn, og ef veikin kemur upp í einu hólfinu, þá sé öruggt, að fé hafi ekki gengið þar á milli, og á þessu má enginn slappleiki vera. Í þessu hólfi verður sennilega ekki vart við veikina næstu 2 árin, en hvað verður þriðja árið, er ekki vitað enn þá. Það má heldur enginn slappleiki vera með það að brýna fyrir mönnum að fara nákvæmlega eftir þeim reglum, sem settar eru, en á því vill oft verða misbrestur og að menn sniðgangi þær, eins og hæstv. ráðh. sagði áðan.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég hafði skilið orð hæstv. landbrh. svo í Sþ., er málið var þar til umr., að ráðstafanir hefðu verið gerðar til þess að gánga betur frá girðingunum á Vestfjörðum. En nú hefur verið upplýst, að þessar ráðstafanir hafa aðeins verið fólgnar í samþykktum, sem sauðfjárveikivarnan. gerði, er hún sat á fundi. — Hæstv. ráðh. sagði einnig, að það hefði ekki verið hægt að ganga í það í september í haust að gera við girðingarnar. Nú má segja, að svo erfiða hausttíð hefðum við getað fengið, en með þeirri einmunatíð, sem við höfum haft í haust, hefði það verið lafhægt. Það hefði verið lafhægt að tvöfalda girðinguna frá Gilsfirði í Bitrufjörð, sem er aðeins 7½ km, en það hefur ekki verið gert. Og þetta vil ég segja að sé bein vanræksla, því að féð sunnan við hana í Dalasýslu er heilbrigt. (PZ: Ég held, að sama og enginn gaddavír hafi verið til í landinu.) Ég held einmitt, að það hafi fengizt nógur gaddavír í sumar, eftir margra ára vöntun. (PZ: Já, í sumar.) Og ég veit meira að segja, að sum kaupfélög hafa eftir beiðni haldið eftir gaddavír til þessara nota í þeim tilgangi að nota hann við viðgerðir á girðingunum, ef með þyrfti, sem auðvitað var alveg rétt. Trúi ég ekki, að þessu hafi verið frestað vegna gaddavírsleysis, því að nú síðan í september hefði þetta verið lafhægt.

Það er rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að það er auðvelt að vera klókur eftir á, en við megum ekki alltaf vera á eftir með framkvæmdir. Ef þetta hefði verið hégómamál, sem hér er um að ræða, þá hefði allt verið í lagi, þó að því hefði verið slegið á frest að tvöfalda girðinguna úr Bitrufirði í Gilsfjörð, en hér er um stórmál að ræða. — Það hefði líka fullvel verið hægt að laga og endurbæta girðinguna úr Berufirði í Steingrímsfjörð, þar sem gæzla hefur verið lítil undanfarið. (GJ: Gæzla látin falla niður.) Já, eða það. Og það þýðir vitanlega það, að nú er allt í óvissu um það næstu 2—3 árin, hvort féð fyrir norðan hana er sýkt eða ekki. Það hefði verið auðvelt að koma í veg fyrir þessa áhættu, en það hefur ekki verið gert. Í stað þess að við hefðum átt að hrökkva ærlega við, þegar við heyrðum þessa andlátsfregn að norðan, að veikin væri komin þar upp, þá er það látið dragast mánuð eftir mánuð að gera við girðinguna og hún látin bíða, án þess að hreyft væri við henni. Til þess þurfti aðeins september, en í stað þess er hann látinn líða og allur október og ekkert gert. (GJ: Og er hægt enn.) Hæstv. ráðh. segir, að það eigi að vera búið að reisa hana og tvöfalda áður en sauðfé fer af húsi næsta vor. Þetta gæti rétt verið, en nú verður ekki búið að tvöfalda girðinguna sunnan Kollafjarðar. Þess vegna fer sauðfé af húsi næsta vor, þannig að girðingin verður öll ósauðheld, því að viðgerð verður ekki lokið fyrr en komið er fram í júní, löngu eftir að sauðfé er farið af húsi. Það er hörmulegt til þess að hugsa, að vitibornir menn hugsi þannig, að búið sé að gera nauðsynlegar ráðstafanir aðeins með því að setja fund í sauðfjárveikivarnan. og gera þar samþykkt. Með slíku áframhaldi verðum við alltaf á eftir sauðfjárveikinni sjálfri.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Það er nú aðallega eitt atriði af því, sem hefur verið rætt hér, sem mig langaði að gera að umtalsefni, og það er það, hvort átt hefði að vera búið að tvöfalda girðinguna frá Bitrufirði vestur í Gilsfjörð og gera að nýju girðinguna frá Steingrímsfirði suður í Berufjörð. — Nú, ég sagði áðan, að ég efaðist um, að þetta hefði verið hægt, eftir að veikinnar varð vart, og dreg ég það í efa. Um þetta atriði ætla ég ekki að ræða frekar, og geta aðrir dæmt um það en við hv. 6. landsk. tveir, hvort líklegt sé, að hægt sé að gera við girðingu uppi á háfjöllum eftir að þessi tími er kominn. Annars, ef hv. þm. fylgist með máli þessu, sem hann ætti að gera sem þm., þá ætti hann að vita, að girðingin var tvöfölduð s. l.

sumar. Svo ætti hv. þm. að vita það, sem hver sauður á Vestfjörðum veit, að girðingin kemur ekki að neinu haldi yfir veturinn, og er hún öll á kafi og hægt að fara yfir hana á skíðum án þess að verða var við hana. Því finnst mér æsing hans harla undarleg. Í vor á að gera við girðinguna, og verði það ekki búið á tilsettum tíma, þá fyrst getur hann farið að kritisera. Það er ekki 1, ekki 10, heldur 100 staðir á Vestfjörðum, þar sem hvergi verður vart við girðinguna yfir veturinn. Kann ég heldur illa við umr. af þessu tagi. Ég hef sjálfur farið yfir girðinguna í Kollafirði á skíðum án þess að verða var við hana á stórum kafla, og skiptir þá litlu máli, hvort viðgerð bíði til vors. Hins vegar er það fullvíst, að eftir allt það jarðrask, sem verður yfir veturinn, verður að gera við girðinguna á hverju vori, þar sem vegir grafast í sundur vegna jarðrasks, og þetta veit ég að hv. þm. veit fullvel.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það er augljóst mál, að með því að gera ekki við girðinguna á þessu hausti hefur sauðfé getað gengið gegnum, yfir og undir hana, allt frá því að veikin kom upp og til þessa dags. Það hafa ekki enn þá komið þeir snjóar, að það hefði ekki verið hægt að gera við hana. Og það er jafnvíst, að það verður ekki búið að gera við hana fyrr en í júní. Þetta vita sauðirnir á Vestfjörðum, og er það hart, að sjálfur forustusauðurinn sé óvitrari í þessu efni en þeir.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Það er þannig með þennan hv. þm., að hann er kunnur að því að vera sauðþrár, ef hann tekur eitthvað í sig, og stangast eins og hrútur, renna beint eins og þeir. Það gerir hann einnig núna, eftir að búið er að upplýsa það, að gert var við girðinguna í Steingrímsfirði í sumar. (HV: Í sumar? Það var ekki búið á sambandsþingi bænda í Bjarkarlundi í septemberlok.) Ég get ekki að því gert, þó að hv. þm. mótmæli. En eftir upplýsingum frá sauðfjárveikivarnan. er þetta haft.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.
Till. um að vísa málinu til fjhn. felld með 6:4 atkv.
Frv. vísað til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., 20. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 71, n. 225).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. N. hefur athugað málið og komizt að þeirri niðurstöðu að leggja til, að það verði samþ. Enda þótt frv. þetta muni hafa töluverð útgjöld í för með sér fyrir ríkissjóð allt til ársins 1954, þá finnst okkur það sjónarmið eðlilegt, að ríkissjóður taki þessi útgjöld á sig, heldur en ástandið sé látið vera áfram eins og það er nú. En bændurnir á fjárskiptasvæðunum, þar sem allt hefur verið skorið niður og hafa orðið að kaupa nýjan stofn, geta nú ekki borgað þau lán, sem þeir hafa orðið að taka með 6—7% vöxtum. Mér er kunnugt um, að bændurnir í Borgarfjarðarsýslu, sem fengu þessi bréf, urðu í haust að fá lán til þess að kaupa nýjan fjárstofn og að þeir urðu að greiða 6% í vexti auk framlengingargjalds. Í stað þess að neyða bændurna til þess að borga þessa háu vexti, þá finnst okkur nm., að ríkissjóður ætti sjálfur að borga hærri vexti, þar sem þar við bætist, að það er erfitt að fá lán og það er á valdi ríkisstj. á hverjum tíma, hve mikið hún notar sér heimildina til að greiða bæturnar í bréfum, og að því leyti hefur hún það á valdi sínu, hve vaxtagreiðslan verði há. Sé þannig ástatt, að ríkisstj. treysti sér ekki til að standast þessi miklu vaxtaútlát af skuldabréfunum, þá verður hún að greiða bæturnar á annan hátt, þ. e. í peningum.

Að svo mæltu legg ég til fyrir hönd n., að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., 22. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 253).

---

35. Eyðing svartbaks.

Á 25. fundi í Ed., 6. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um eyðingu svartbaks [95. mál] (þmfrv., A. 166).

Á 27. fundi í Ed., 12. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 11 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Þetta frv. er gamall kunningi, sem hér kemur fyrir d. enn þá einu sinni. Ég gerði mér vonir um, að það þyrfti ekki að flytja þetta frv. á þessu þingi, þar sem fuglafriðunarl. hin almennu mundu ef til vill verða að l. á þinginu. En nú lítur ekki út fyrir, að svo verði, og þess vegna sáum við flm. okkur ekki fært annað en að bera fram enn á ný framlengingu á þessum l. Við höfum talið, að það væri réttast að framlengja l. eins og þau voru áður til þess að komast hjá þrasi og kannske skemmdum á frv., ef það færi milli d. Við vildum hafa þennan framlengingartíma þetta langan til þess að tryggja það, að ekki þyrfti að framlengja þessi l. enn á ný, en það lítur út fyrir, að það muni skipta um með hinum nýju friðunarl., þar sem þau gera þessi l. óþörf.

Ég þarf ekki að vera langorður nú um nauðsyn þess að halda svartbaknum í skefjum, því að það er vitanlegt, að sú skemmtilegasta framleiðsla, sem landsmenn hafa í dýrarikinu, er æðarvarpið og dúntekjan. Í staðinn fyrir að víða annars staðar fer fram dráp á þeim dýrum, sem verið er að rækta, þá er hér um það að gera að verja æðarfuglinn fyrir árásum annarra ofsækjenda hans og hlynna sem mest að honum, og eftir því sem það er gert með meiri alúð, eftir því eru líkur til að fáist meiri og betri afurðir af þessum nytjaskepnum. Það er allt of lítið af þessum fugli og of lítið lagt í sölurnar til þess að fjölga honum og gera hann arðbæran. — Ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 16. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 166, n. 215).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Nefndin hefur athugað þetta frv. og hefur orðið sammála um að leggja til, að það verði samþykkt óbreytt.

Það er engin ástæða til að tefja deildina með ræðu um þetta mál nú, það var skýrt við 1. umr., og auk þess má vísa til þeirrar grg., sem fylgir frv.

Þessi ákvæði um eyðingu svartbaks hafa nú verið í gildi um langan tíma, og er þetta frv. um framlengingu þeirra nú flutt af því, að þessi lög falla úr gildi um næstu áramót, en nauðsyn er, að lögin hverfi ekki úr sögunni og falli ekki niður, og því er það ósk flm. og vilji allra nm., að frv. verði samþykkt eins og það kemur fyrir.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég skal ekki fara að hafa á móti þessu frv. í heild, en hins vegar vildi ég gjarnan fá upplýstar tvær fullyrðingar, sem eru í grg. fyrir frv. Mér þætti mjög gott, ef hv. frsm. vildi upplýsa okkur hér í deildinni um, hvaðan þeim er komin sú speki, sem í þeim felst. Önnur er sú, hvaðan flm. er komin vitneskja um það, að skotlist hafi farið svo mjög aftur á síðustu árum. Hitt er sú fullyrðing, að eiturdauði sé ekki kvalafullur. Hvaðan hafa hv. flm. þessa vizku? Hefur einhver hrafn krunkað þessu að þeim, eða skilja þeir fuglamál, hefur einhver fugl trúað þeim fyrir þessu? Ég hefði gaman af að heyra, hvaðan þeim er komin þessi speki.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Ég vil þá svara þessum tveim spurningum hæstv. ráðh., dómsmrh. með meiru.

Það er þá fyrst, hvaðan við hefðum þá vizku, að eiturdauði væri ekki kvalafullur. Það hef ég nú aldrei sagt, heldur hitt, að hann tekur svo stuttan tíma, að segja má, að hann verði í einu vetfangi.

Magnús heitinn Björnsson náttúrufræðingur, sem ég held að hafi haft betur vit á fuglum en hæstv. ráðh., með allri respekt fyrir hans fuglaþekkingu, telur, að fuglar hafi svo hraða blóðrás, að eitrið berist þess vegna miklu hraðar út um líkamann en gerist hjá spendýrum, þess vegna er tíminn svo stuttur, sem líður frá því, að fuglinn étur eitrið, þangað til hann drepst af því, enda vita þetta allir, sem hafa séð. Þeir segja, að fuglinn geti rétt aðeins rykkt sér upp og kannske flogið stuttan spöl, en falli síðan niður dauður. Þetta gerist allt, ef svo má segja, á fáeinum sekúndum.

Um skotlistina er það að segja, að meðan rjúpnadráp var stundað meira en nú er og menn höfðu tíma, þá var skotlist stunduð svo miklu meira en nú er, að það er vafalítið, að nú hefur henni mikið farið aftur. Ég skal ekki segja, hvað þessu veldur, en engu að síður er sannleikurinn sá, að það er skotið mjög lítið í sveitum nú orðið. Ég geri ráð fyrir, að hæstv. ráðh. viti þetta, og skal ekki fara að deila við hann um það. En ég vil bara benda honum á, að það er staðreynd, að skotlistinni hefur farið aftur, og hitt, eins og sýnt hefur verið fram á, að dauðastríð fugla af eitri tekur svo stuttan tíma, að segja má, að það taki ekki nema nokkrar sekúndur og er miklu skemmra en hjá spendýrum, sem hafa miklu hægari blóðrás. Og þó að það komi ekki þessu máli við, þá skil ég ekki, hvað hæstv. ráðh. getur haft á móti því að drepa svartbak með eitri, því að sannast að segja hélt ég, að enginn hefði verið annar eins eiturbani og hann sjálfur í sinni borgarstjóratíð, þegar hann var að láta eitra fyrir mýs og rottur og önnur þess háttar kvikindi. (**HG:** Já, og hunda og flækingsketti.)

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég verð að benda á það, að hv. frsm. sagði algerlega rangt frá, þegar hann sagði, að því væri ekki haldið fram, að eiturdauði fugla væri ekki seigdrepandi og kvalafullur. Í grg. stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Það hefur verið sagt af mörgum, einkum þeim, sem dýravinir þykjast vera, að eiturdauðinn sé mjög kvalafullur og jafnvel seigdrepandi. Þótt það megi segja með nokkrum sanni um nokkur spendýr, er allt annað um fugla.“ Það á með öðrum orðum að neita því, að eiturdauðinn sé kvalafullur fyrir fugla. Hitt harma ég, að þessir hv. þm. skuli ekki skilja fuglamál, því að ef þeir kynnu það, mundu þeir eflaust geta frætt okkur um sitthvað. Hins vegar, ef skotlistinni hefur hrakað svo mjög sem þeir láta, þá finnst mér, að það ætti ekki að vera að eitra, svo að þeir gætu skotið sem flesta fugla, sem þá væri ekki búið að drepa á eitri. (**Rödd:** Það væri nú nokkuð hart að fara að skjóta sama fuglinn og búið væri að drepa á eitri.)

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., 20. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 30. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 31. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til landbn. með 20 shlj. atkv.

Á 36. fundi í í Nd., 4. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 166, n. 279).

Frsm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er um framlengingu á l., sem eru í gildi til næstu áramóta. Lögin um eyðingu svartbaks eru í upphafi frá 1941 og hafa verið framlengd nokkrum sinnum.
Hér er um allmikið hagsmunamál að ræða fyrir þá, sem æðarvarp hafa. Er engum vafa bundið, að ákvæði þessa frv. tryggja það, að æðarfuglinum fari ekki fækkandi af völdum svartbaks, enda er það löggjafarvaldsins að vernda og tryggja með lögum, að framleiðslan, á hvaða sviði sem er, megi vaxa og blómgast eins og mest má vera.
Eins og nál. á þskj. 297 ber með sér, leggur landbn. til, að frv. verði samþ.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 37. fundi í Nd., 6. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., 7. des., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 369).

---

36. Þingsköp Alþingis.

Á 25. fundi í Nd., 9. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis [101. mál] (þmfrv., A. 190).

Á 27., 28. og 29. fundi í Nd., 13., 15. og 16. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 30. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég þarf ekki að fara um þetta mál mörgum orðum, vegna þess að í sjálfri grg. frv., stuttri eins og hún er þó, segir í raun og veru allt, sem segja þarf um málið. Þar er frá því skýrt, að ástæðan til þess, að farið er fram á breyt. á þingsköpunum varðandi skipan utanrmn., sé sú, að lýðræðisflokkarnir hafi ekki á undanförnum árum séð sér fært og sjái sér ekki heldur fært enn að sýna kommúnistum þann trúnað í utanríkismálum, sem þó er skilyrði þess, að hægt sé að hafa eðlilegt samstarf í utanrmn. um meðferð þessara mála eins og í öndverðu var ætlazt til, þegar ákvæði þingskapa í þessum efnum voru sett. Nú er það engu að síður ósk ríkisstj. að geta samt sem áður ráðfært sig við menn utan ríkisstj., jafnt hvort sem þing á setu eða ekki, um utanríkismálin og þá sérstaklega við þá menn, sem Alþ. hefur falið að fjalla um þessi mál. Og þetta er það, sem nú er fram borið hér í þessu frv., að utanrmn. kjósi úr sínum hópi með hlutfallskosningu þrjá menn, sem sérstaklega séu ríkisstj. til aðstoðar í utanríkismálum, þegar ríkisstj. þykir það æskilegt. En eins og segir í grg. frv., þá hefur kommúnistaflokkurinn eftir sem áður sinn rétt til þess að fjalla um þau utanríkismál, sem til utanrmn. koma. Aðalmunurinn verður því sá, að meðan þessi vandamál og viðkvæmu mál eru á samningastigi, eða meðan Íslendingar hafa ekki gert upp sinn hug um það, hverja stefnu Íslendingar skuli taka hverju sinni og hvaða málsmeðferð sé höfð, til þess að íslenzkum hagsmunum sé sem bezt borgið, þá er það tilgangur lýðræðisflokkanna að hafa samráð um það sín á milli, án þess að kveðja kommúnista þar til ráða. Það er engu leynt í þessu frv. og grg. þess um tilgang þann, sem vakir fyrir ríkisstj. og lýðræðisflokkunum á Alþ. Ég veit að vísu, að kommúnistar munu telja, að þeir séu fullkomlega verðugir þess trausts, sem nú eigi að svipta þá. Við, sem stöndum að flutningi þessa frv., erum á öðru máli. Hverjir fylgja okkur að málum í því efni, kemur fram við atkvgr. En ég tel það ófrjóa iðju að eyða tíma Alþ. til þess að rökræða það frekar. En öllum hv. þm. er ljóst, hvernig þessum málum er komið, og þarf í því efni ekki annað en að vitna í ræðu, sem einn af hv. þm. flutti hér nú á fundinum um mál það, sem næst var rætt á undan þessu hér.
Ég tel ekki, að það þurfi að hafa meiri málalengingar um þetta mál, og óska ekki að stofna til þeirra, en legg til, að þessu frv. verði að lokinni umr. vísað til hv. allshn.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. atvmrh. hefur hér mælt nokkur orð fyrir frv. því, sem hér liggur fyrir, sem, eins og lýst er yfir í ræðu hans og í grg. frv., stefnir að því að útiloka fulltrúa

Sósfl. frá því að hafa aðstöðu í utanrmn. til þess að fjalla um þau mál, sem hættulegust kunna að að verða þjóðinni og óheppilegast væri, að fulltrúar meiri hlutans á þingi réðu einir til lykta.

Ég hef nú í níu ár átt sæti í utanrmn. sem aðalmaður eða varamaður, og ég geng þess vegna út frá, að af hálfu hæstv. atvmrh. sé þessu frv. alveg sérstaklega stefnt gegn þeim mönnum, sem eiga fulltrúa eða hafa verið fulltrúar Sósfl. í utanrmn., og að það sé verið að lýsa því þar með yfir, að þeir verðskuldi ekki það traust að taka þátt í umr., sem þar fara fram. Nú er það máske nokkur óþarfi af hv. flm. þessa frv. að koma nú fram með þetta, því að á undanförnum tveimur árum hafa þeir haft hægð á um þetta með því einfaldlega að brjóta þau lög, sem Alþ. hefur sett um þessi mál. Og þess vegna virðist þetta lagafrv., sem nú er komið hér fram, vera svona eins konar samvizkurumsk hjá þessum hæstv. ráðh. og lögbrjótum um, að það sé nú viðkunnanlegra að breyta lögunum en að halda áfram að brjóta þau og breyta þeim þá þannig, að lögbrotin, sem hafa verið praktiseruð undanfarið, verði lögleg héðan af. Að vísu hafa þessi lögbrot, sem tíðkazt hafa tvö undanfarin ár með samstarfi þeirra þriggja flokka, sem stóðu að Atlantshafssamningnum, ekki verið neitt nýtt atriði í þessu sambandi, og þau hafa ekki alltaf beinzt gegn Sósfl. Hæstv. atvmrh. hefur haft sömu vinnubrögð, þegar hann sem utanrrh. sat í ríkisstjórn með Sósfl. og var þá að undirbúa Keflavíkursamninginn. Hann hafði líka þann hátt á þá að útiloka utanrmn. og þar með þann flokk, sem þá var í stjórnarandstöðu, frá áhrifum á málið, þó að sumir í þeim flokki yrðu samþykkir þeim samningi seinna meir. Og í meðferð þeirri, sem þessi hæstv. ráðh. hafði þá á þeim samningi og við þá samningagerð, fórst honum það svo illa úr hendi, að Alþ. þurfti síðar að gera stórkostlegar breyt. þar á, jafnvel þó að samningurinn væri lagður fram af hæstv. atvmrh., þáv. fors.- og utanrrh., með þeirri yfirlýsingu, að þar yrði engu um þokað.

Það hefur sýnt sig í meðferð þessara mála í utanrmn., þó að menn séu sammála þar og eins þó að þeir séu ekki sammála, að það mundi vera heppilegra og tryggara, jafnvel þótt meiri hl. hljóti að ráða meir áliti n., og mundi tryggja betur, að Ísland fengi þá slíka samninga sem bezta, sem bornir eru undir utanrmn., þegar þeir eru gerðir, að sem flest sjónarmið komi fram í utanrmn. Það er sá kostur við það, að andstæðingar slíkra mála geti tekið þátt í umr. um þessi mál, að það yrði með því móti — eins og sýndi sig viðkomandi Keflavíkursamningnum — hægt að benda á ýmsar veilur, sem meiri hl. n. og jafnvel samningsaðilar verða að taka tillit til, en meiri hl. utanrmn. sæi kannske alls ekki. Slíkar ábendingar geta ekki komið fram, svo framarlega sem þessi mál eru ekki rædd í sjálfri utanrmn. Það fer því svo fjarri, að nokkurt vit sé í því, frá því sjónarmiði að tryggja Íslandi sem bezta millirikjasamninga, að sleppa því að ræða í utanrmn. þá samninga, sem yrðu á þennan hátt deilumál. Þarna er ekki um það að ræða að leggja fyrir utanrmn. eitthvað — við skulum segja eins og nú er komið málum á Íslandi — sem mundi snerta hér beinlínis hernaðaraðgerðir eða annað slíkt. Ég býst við, að hvenær sem slík mál væru á döfinni, mundu þau ekki vera rædd í utanrmn. Það, sem þannig mundi við þurfa að taka ákvarðanir um á Íslandi, mundi vera rætt annars staðar. Ef hins vegar Ísland á að verða mikið herveldi, þá býst ég við, að þess verði nú ekki langt að bíða, að hermálaráðh. og hermálaráðuneyti verði sett á laggirnar, eins og hæstv. ráðh. virðist hafa áhuga fyrir. En hvað snertir þessi mál og samninga, sem íslenzka ríkið á að gera, þá er það ófyrirleitni að gera þá samninga þannig, að þeir séu af Íslands hálfu einungis gerðir af þeim, sem eru fylgismenn þeirra flokka, sem gera samningana, án íhlutunar andstæðinga ríkisstj., vegna þess að þegar þeir menn, sem styðja ríkisstj., gera samninga, þá er hugur þeirra fullur af pólitísku fylgi við þann aðila, sem verið er að gera samninga við, og af áhuga fyrir að gera þann samning og fá hann gerðan er hætta í því sambandi, sem hefur sýnt sig hvað eftir annað í þessum málum.

Annars verð ég að segja, að ég veit ekki, hversu alvarlega ég á að taka frv. eins og það, sem hér liggur fyrir. Og mér virðist nú, — svona eftir þessari rólegu ræðu hæstv. atvmrh., sem stakk mjög í stúf við þá æsingaræðu, sem hv. 8. landsk. þm. hélt hér áðan um annað mál, — að meining þessara manna, sem flytja þetta frv., sem hér liggur fyrir, sé meir sú að sýnast gagnvart yfirboðara, að sýnast gagnvart Bandarikjunum, að sýnast gagnvart stórveldi, sem alltaf er að heimta af þeim róttækari aðgerðir gagnvart Sósfl. á Íslandi, — að sýna, að þarna séu þeir að samþ. voldug lög, sem útiloki þessa óttalegu kommúnista frá þessari gífurlega miklu stofnun, sem utanrmn. Íslendinga hafi verið á undanförnum árum! Og mér liggur þess vegna að sumu leyti við að taka það frekar svona húmoristiskt, þegar þessir góðu herrar eru að koma fram með svona frv., — sérstaklega þegar þeir svo lýsa því yfir um leið, að þeir hafi nú ekki traust á ótætis kommúnistunum til þess að taka þátt þarna. Það er nú ekkert nýtt þetta, að við fulltrúar Sósfl. fáum svona yfirlýsingar hér á Alþ. Þetta gengur nú nokkuð svona í bylgjum hjá hæstv. núv. atvmrh. og öðrum þjóðstjórnarflokkamönnum eftir því, hvernig utanríkismálaástandið sveiflast í heiminum á hverjum tíma. Hæstv. atvmrh. núverandi reiddist hér fyrir nokkrum árum síðan, — ég held, að það hafi verið um miðjan marz 1939, — út af því, að Hitler hafði farið fram á flugvelli hér á Íslandi og ég hafði orðið til þess hér á Alþ. að koma fram með fyrirspurn, sem leiddi það í ljós, að sendinefnd frá Lufthansa var þá á leiðinni hingað heim til þess að gera þessa kröfu, og ég símaði út til erlendra blaða um þessa fyrirspurn og upplýsingar, sem fram komu. Hæstv. atvmrh. ókyrrðist mjög, þegar heimsblöðin fóru að tala um það, ekki sízt þau amerísku, að Hitler væri að fara fram á flugvelli hér á Íslandi, og viðhafði þau orð, að það væru landráð af mér að hafa símað út og gert það heimi kunnugt, þegar sendinefnd kæmi frá svona vinsamlegri stjórn eins og Hitlersstjórninni til þess að fara fram á þessa hluti hér á Íslandi.

Nokkru seinna — það leið víst tæpt ár — var því lýst yfir hátíðlega af hálfu flm. þessa frv., sem hér liggur fyrir, að við í þessum kommúnistaflokki værum óalandi og óferjandi og ættum helzt ekki að vera nokkurs staðar í siðaðra manna félagsskap. Og svo var ekki liðið nema ég held 4½ ár, þangað til hæstv. atvmrh. núverandi myndaði ríkisstjórn með þessum voðalegu landráðamönnum, með þessum mönnum, sem voru óalandi og óferjandi fyrir fáum mánuðum síðan. Og ég býst við, að hve gamall sem hann verður, — og megi hann verða sem elztur, — þá muni hann telja, að það hafi verið það bezta verk, sem hann hafi gert á ævinni. Þá var það svo, að það var ekki aðeins, að hæstv. atvmrh. núverandi taldi það nauðsynlegt til þess, að gæfulega yrði stjórnað á Íslandi, að Sósfl. væri í ríkisstj. með Sjálfstæðisflokknum, heldur líka hitt, að hann persónulega sem fors.- og utanrrh. skyldi hafa samráð við mig persónulega sem formann Sósfl. um öll veigamikil utanríkismál, sem fyrir yrðu tekin. Og samtímis þessu vildi hann, að ég væri þá form. utanrmn., þótt hann nú allt í einu virðist álíta, að ég sé ekki þess trausts maklegur að koma þar neins staðar nærri. Ég er sami maður nú sem ég var 1939 og sami maður sem ég var 1944, og það hefur ekkert breytzt hjá mér. En það hefur orðið sú breyt. á afstöðunni á Íslandi, að sú eina frjálsa og sjálfstæða ríkisstjórn, sem okkar lýðveldi hefur haft, sú stjórn, sem mynduð var undir forustu hæstv. núv. atvmrh., hún er liðin undir lok, og síðan hafa setið á Íslandi ríkisstjórnir, sem allar hafa verið háðar boði og banni Bandaríkjanna, þannig að þær hafa meira að segja ekki þorað í smámálum innanlands — eins og Alþ. hefur fengið að kenna á í sambandi við íbúðarhúsabyggingar — að taka ákvarðanir um íslenzk mál. Ég verð þess vegna að segja, að ég kippi mér ekkert upp við það, þó að svona frv. eins og þetta, sem skýtur upp kollinum hér í dag, séu komin inn á Alþ. Það hrærir mig ekki nokkurn skapaðan hlut. Ég fyrir mitt leyti brosi bara að því. Það er í raun og veru skiljanlegt, að þegar menn gera sig einu sinni seka um svona fíflaskap, þá geri menn það aftur, þó að mér finnist það leitt. Hitt verð ég að segja, að það er mjög óheppilegt upp á afgreiðslu mála í utanrmn. að hafa þann átt á, sem undanfarið hefur verið hafður og nú virðist vera meiningin að gera smátt og smátt að föstu fyrirbrigði. Mín reynsla er sú af því að starfa í utanrmn., meðan hún hefur verið starfandi, að þar sé ekki svo mikil þekking saman komin hjá þeim mönnum, sem hana skipa, á utanríkismálum — og undantek ég ég þar ekki hv. flm. þessa máls — að það veiti af því, að a. m. k. þekking um staðreyndir berist þeim til eyrna, þegar verið er að ræða mál, og að það sé ekki ráðið til lykta þýðingarmiklum málum án þess að ýmsir, sem eru að taka ákvarðanir um þau, viti um einfaldar staðreyndir, sem eru að gerast. Þetta á ekki aðeins við um utanríkismál, sem snerta — við skulum segja — mál eins og Keflavíkursamninginn, hernámið núna eða önnur slík mál. Þetta á ekki síður við um mál, sem snerta utanríkisverzlunina. Það var áður siður, að fyrir utanrmn. voru lagðir allir samningar, sem gerðir voru um milliríkjaviðskipti Íslands og annarra landa. Það var ráðgazt við þessa n. um þessi mál. Og lengi hélt hæstv. núv. atvmrh. þeim sið, þegar hann var fors.- og utanrrh., að kalla mjög oft saman utanrmn. til þess að ráðgast við hana um verzlunina, samninga um hana, sem Ísland væri að gera, og ákvarðanir voru teknar á fundum utanrmn. um bæði venjulega tilnefningu manna í slíkar sendinefndir og hvernig þær væru samsettar og um þau verkefni, sem þeim voru lögð á herðar, og síðan, þegar þessar n. voru í samningum, um þá samninga, sem þessir menn gerðu, um einstök atriði þeirra. Undanfarið hafa þessi mál verið dregin út úr meðferð utanrmn. Og á sama tíma sem ríkisstj. heldur sem allra fastast í sinn einkarétt til þess að ráða utanríkisverzlun Íslendinga, er verið að koma undan valdi Alþ. þeim milliríkjasamningum, sem gerðir eru um verzlunina. Það virðist vera eitt af því, sem auðsjáanlega á að draga sem mest undan eðlilegum áhrifum Alþ., hvað ríkisstj. sé að aðhafast í slíkum málum. Og þrátt fyrir það, þó að hæstv. atvmrh. sé miklu betur að sér í þessum málum en í því, sem snertir hin hreinpólitísku mál, og miklu betur að sér um hvort tveggja heldur en sá maður, sem nú fer með utanrrh.-embættið, þá held ég samt, að það mundi verða þjóðinni til hagsbóta, ef þessi mál væru rædd í utanrmn. og tekin þar fyrir og aðstaða sköpuð til þess, að hægt væri að leysa þau yfirleitt á þann hátt, að Íslandi mætti að sem mestu gagni verða. — Ég veit, að hæstv. atvmrh. rekur máske minni til þess, að í stríðslokin nú fyrir fáum árum fóru skoðanir manna mjög á víxl um það, hverju mætti búast við um verðlag á íslenzkum afurðum, þegar stríðinu lyki. Það var skoðun, sem Framsfl. alveg sérstaklega hafði beitt sér fyrir og agiterað mikið fyrir og ýmsir menn í Sjálfstfl. líka, að strax og stríðinu lyki, mundi allt verðlag í Evrópu hrapa gífurlega. Og þetta var skoðun, sem var búið að reka svo mikinn áróður fyrir, að hún var komin ákaflega mikið inn í menn. Svo var send út sendinefnd af þeirri ríkisstj., sem hæstv. atvmrh. núverandi þá veitti forsæti, og í janúar 1945 stóðu yfir samningar í London milli þeirrar sendinefndar ríkisstj. og Breta. Sendinefndin hafði farið út með þá hugmynd, — það er alltaf sama sendinefndin, sem þangað fer, hún er eilíf og óumbreytanleg, — að það mætti gott heita, ef Íslendingar gætu samið við Breta um sama verðlag og hafði verið áður. En í ýmsum blöðum hér, t. d. í Vísi, hafði sérstaklega verið yfir því hlakkað, að Bretar höfðu gert kröfu um lækkun á fiskverði. Ég held, að það hafi verið 4. apríl 1945, sem hæstv. utanrrh., núv. atvmrh., lagði fram frá þeirri n. skeyti, þar sem n. lýsti yfir, að hún gæti fengið samninga við Breta um sama verð og hafði verið áður, og lagði til, að gengið yrði að þessu tilboði. Ég talaði á móti þessu, og ég man eftir, að hæstv. þáv. utanrrh., núverandi atvmrh., varð mjög hissa. Honum fannst svona hálfljótt af mér sem einum í stjórnarliðinu að vera að taka afstöðu á móti hans

till. og lýsti því yfir, að hér væru allir svo glaðir, og m. a. stjórnarandstaðan, Framsfl., hefði látið ánægju sína í ljós yfir því, að náðst hefði sama verð fyrir okkar vöru og áður. Og ég man, að ég greiddi einn atkv. á móti þessum samningi. Það var m. a. samið í þeim samningi um verð á síldarlýsi, sem átti að framleiða sumarið 1945. Verðið mun hafa verið það sama og undanfarið, 38 sterlingspund tonnið. Verðið í ágúst þetta sama ár mun hafa verið komið yfir 60 sterlingspund tonnið. Sá áróður, sem rekinn hafði verið hér heima, að miklu leyti í pólitísku skyni sem eins konar aðstoð við kauplækkunarkröfur, sem Framsfl. og vissir menn í Sjálfstfl. líka héldu fram og höfðu beitt sér fyrir, og fjallaði um, að vöruverð mundi strax verða fallið í Evrópu, þegar stríðinu lyki, hafði haft þau áhrif, að þessi fluga sat föst í kollinum á þeim, svo að þeir fengust ekki til að taka tillit til þeirra staðreynda, sem hverjum, sem kynnti sér það, hlutu að vera ljósar, að gífurleg verðhækkun mundi koma í stríðslokin, m. a. vegna uppbyggingar þeirrar, sem tæki þá við.

Ég rifja þessa hluti hér upp núna, af því að ég sé, hvert stefnt er með þessari till. Það á að útiloka þann möguleika, að í utanríkismálum eða utanríkisverzlun komi fram menn, sem gætu þar haft áhrif á, að þau mál yrðu grandskoðuð, áður en þau eru afgreidd, og þetta er gert undir því yfirskini, að það eigi að koma í veg fyrir, að út berist sögusagnir um þessi mál, sem gætu haft óheillavænleg áhrif á þau. — Ég verð að segja, að þar sem þetta kom fram hjá hæstv. atvmrh., þá virðist mér sem því sé sérstaklega beint gegn mér, og grundvöllur þess er, að ég eigi ekki það traust skilið. Ég held hins vegar, að honum hefði farizt betur, ef hann hefði haft samráð við alla um utanríkismál, en ekki afgreitt utanríkismál heillar þjóðar með káki og handahófi, eins og hann gerði t. d., þegar hann gerði Keflavíkursamninginn. Hann var þá önnum kafinn sem forsrh., og hann var önnum kafinn í alls konar einkamálum og sem þm. Gullbringu- og Kjósarsýslu, með kjósendur sína vaðandi inn til sín, og svo þurfti hann að gera Keflavíkursamninginn um leið. Á meðan sat Mr. Cummings hér vikum saman og athugaði málið, en hæstv. atvmrh. hafði aðeins fimm mínútur á stangli og stangli til þess að líta á málið. En hann vildi ekki út frá sömu forsendum leggja málið fyrir utanrmn. Hann vildi ekki heyra rök þeirra manna, sem hann vissi að voru samningnum mótfallnir, enda þótt hann hefði þá getað notað þeirra rök til þess að knýja fram betri samninga fyrir Íslands hönd. Það er hugsanlegt, að þegar menn eru settir til þess að vinna fyrir eina þjóð og þessir sömu menn skipa sér í pólitískan flokk, sem hefur ríka samúð með þeirri þjóð, sem við á að semja, láti þeir fylgispekt sína við þá aðila erlenda, sem þeir hafa samúð með, ráða fyrir sér í þessum milliríkjaviðskiptum. Og sökum þess, að þessir þrír flokkar, sem að þessu frv. standa, hafa ríka samúð með Bandaríkjunum, þá er hætta á, að þeir líti á þá hlið, eigi þeir að semja við Bandaríkin. Í stað þess væri það heppilegra fyrir Íslendinga, að um þessi mál væri fjallað af þeim fulltrúum Íslendinga, sem þar eru á öndverðum meiði og mundu þá um leið skapa þeim bezta aðstöðu. Það eru þessi pólitísku atriði, sem hér hafa verið látin ráða á Alþingi í vetur, í stað þess að í hvert skipti, sem samningur er gerður við erlent ríki, þá á að grandskoða hvert atriði í uppkastinu, áður en það er samþykkt sem gildandi samningur við viðkomandi ríki. Þegar þetta frv. er lagt fram, er verið að gera það að reglu, að hvert mál, sem fram kemur, skuli rannsakað og athugað af fulltrúum allra flokkanna, nema þegar um Bandaríkin er að ræða, en við þau munum við nú á næstunni þurfa að semja meira en við nokkurt annað ríki. Með þessu á það að vera tryggt, að engir komi þar nálægt, sem hefðu nokkra hvöt til þess að gagnrýna gerðir þessara herra. Þetta er sú fráleitasta aðferð, sem verið getur, til þess að fá hagkvæma samninga út úr samningaumleitunum.

Ég veit ekki, hvort hv. flm. frv. hugsa sér nokkra aðra breytingu á störfum sameinaðs þings né yfirleitt nokkra aðra breytingu á störfum utanrmn., og mér er nær að halda, að svo sé ekki. Það er nú svo, að utanrmn. hefur verið heldur aðgerðalítil. Það má t. d. geta þess, að hún hélt að ég held ekki nema einn fund í fyrra og það þá til þess að kjósa formann, af því að það þótti fallegra að geta sagt, að sá sami maður væri „fungerandi“ formaður utanrmn., þegar svo átti að fara að skipa hann sendiherra erlendis. Það mun því ekki eiga að gera þar á aðrar breytingar, en hitt vil ég taka fram, að eftir að þessi breyting hefur verið gerð, er hægara að dylja þau hneyksli, sem þarna fara fram, þegar búið verður að skikka n. svo sem hér er gert ráð fyrir.

Að lokum vil ég taka það fram, að hv. flm. hugsa of skammt í sínum till. Það er ef til vill rétt að fara hægt í sakirnar, en segjum nú svo, að þarna eigi að kjósa 3 menn. Þá er það nú svo, að sósíalistar þurfa ekki að bæta við sig nema 2 mönnum; þá fá þeir þarna einn mann kosinn, og þá þarf nýjar breytingar til þess að taka af þeim þann rétt, sem þeir eiga.

Ég vil bara minna þá á, að þetta sama átti að gera 1939—40. Þá átti að útiloka sósíalista, en það skemmtilega skeði bara, að ótætis kjósendurnir tóku sig til og stækkuðu Sósfl. það mikið, að hann varð ekki lengur minnsti flokkur þingsins. Það er þess vegna ekki varlegt fyrir þessa menn að ganga losaralega frá ákvæðum sínum í þessu efni. Ég sé, að þeir hafa orðið að breyta þessu einu sinni, og ég held, að þeir ættu að athuga, hvort ekki kynni enn að finnast einhver smuga á þessari smíð, svo að aftur verði að prenta frv. upp einu sinni enn.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég þarf fá orð um ræðu hv. þm. að hafa. Það undrar mig ekkert, þó að hann hreyfi andmælum, og vil ég þó taka fram, að hann skoðar þessa breytingu ekki annað en lögleysu, og

skal ég ekki fara að rífast við hann út af því. Hins vegar skal ég minnast lítillega á það, sem hann taldi sig færa fram af rökum.

Hann óttast, að samningar við erlend ríki verði vanhugsaðir, ef aðstoðar sósíalista njóti ekki við. Ég ætla nú ekki að fara að halda því fram, að hér eigi við þetta gamla orðtæki, „að því verr gefast heimskra manna ráð, sem þeir koma fleiri saman“; það mun nú ekki vera algild regla hvað þessu viðvíkur. En hitt er hygginna manna háttur, að athuga sem bezt sínar gerðir, áður en þeir láta til skarar skríða, og það er því góð regla, að sem flestir viti bornir menn fjalli um öll mál, áður en frá þeim er gengið. Ég verð að játa það, að þótt ég vanvirði ekki þekkingu formanns sósíalista á öðrum sviðum, þá þykjumst við færir um það einir að sjá hag Íslendinga borgið í þessum stjórnarefnum án hans aðstoðar, en ég furða mig ekkert á því, þó að hann dragi það í efa. Og ef hann hefur rétt fyrir sér, þá er skaði að geta ekki notið hans á þessum sviðum. Það er sorglegt að mega ekki bera sama traust til hans og flokks hans á þessum sviðum eins og við þó þorðum að gera á öðrum sviðum.

Ég veit, að hv. þm. langaði ekkert til að segja annað eða verra um mig en inni fyrir bjó, en þó sagði hann, að með þessum hætti kæmu til með að semja um utanríkismál menn, sem væru með hugann fullan af pólitísku fylgi við þann aðila, sem verið væri að semja við. Ég neita því, að nokkur okkar, sem að þessu frv. stöndum, hafi nokkurn tíma gengið að samningaborðinu með þvílíku hugarfari. Við höfum samið um hagsmuni Íslands við þær þjóðir, sem við viljum ekki sýna fjandskap, en viljum ekki heldur láta hlut okkar fyrir að neinu leyti. Ég tel því, að hér sé um misskilning að ræða. En þessi misskilningur lýsir því engu að síður, að hv. þm. telur, að til geti verið þeir menn á Íslandi, sem gangi að samningaborði við erlendar þjóðir með hugann fullan af pólitískri fylgispekt við þær. Þetta veitir nokkra innsýn í huga hv. þm., hvernig hann hugsar þegar um það er að ræða að semja um hagsmuni Íslendinga við erlendar þjóðir. Það er þessi hugsunarháttur, sem ég harma að skuli hafa fest rætur í huga hans, og það er vegna þessa hugsunarháttar, sem við þorum ekki að treysta honum og hans skoðanabræðrum til að standa á verði um hagsmuni Íslands gegn erlendum þjóðum.

Með þessu er þó ekki allt sagt, sem segja má um þetta mál. Ég man það enn, þegar við hv. þm. unnum saman og þá líka í utanríkismálum. Ég man það líka, að ég spurði hann þá, hvort ég mætti treysta einlægni hans á því sviði. Hann lofaði mér því. En reynsla mín af honum hefur bannað mér að gera það framar. Hv. þm. spurði að því, hvað hefði skeð síðan þá. Ég er alveg sami maðurinn og ég var þá, og ég veit, að hann er enn sami gæðamaðurinn og hann var. En ég hef bara bilað í trúnni, að honum megi treysta á þessu sviði; mynd hans hefur breytzt hvað það snertir.

Ég endurtek það, að ef svo er, að við, sem skipum forustu þessa þjóðfélags, getum ekki ráðið fram úr vanda þess, þá er það ekki af því hugarfari, sem hv. þm. gat um. En við viljum ekki heldur láta spilla fyrir hlut þess með óvönduðum fréttaburði, meðan á samningum stendur.

Ég vil minnast á það til gamans, sem hv. þm. sagði, að ég hefði sagt um sósíalista 1940, að þeir væru óalandi. Það sagði ég nú reyndar aldrei. Ég er nú ekki vanur að leggja á minnið, hvað ég segi, en það vill nú svo vel til, að ég man, hvað ég sagði í þessu tilfelli. Ég sagði, að það gleddi mig, að sósíalistar skyldu vera til, því að einhvers staðar yrðu vondir að vera. En þeir breyttu um skoðun. Það þarf ekki að vitna til þess, hvernig þeir breyttu um skoðun við það, að Hitler samdi við Rússa, og svo aftur eftir að Rússar og Þjóðverjar voru komnir saman í stríð. Ef þeir vildu nú taka sömu sinnaskiptum og þeir gerðu þá, skyldi ég verða fyrstur til að bjóða þessa glötuðu syni velkomna heim.

Ég man ekki svo glöggt, hvað ég kann að hafa sagt um kommúnista á árunum 1939—44, þegar hv. þm. segir, að mig hafi farið að langa til að semja við þá. En ég man ekki heldur glöggt, hvað þessi hv. þm. sagði um mig á þessum sömu árum. Mig minnir, að þá væri herra Ólafur Thors Kveldúlfsþorpari og þjófur ekki sérlega hátt skrifaður, en svo urðu þessir sömu menn til að setja mig í forsætisráðherrastól, og enn þá er ég sá sami Ólafur og ég var þá. Ég hugsa nú, að þetta yrði nokkuð kaup kaups, ef allt yrði saman tínt.

Það er alveg rétt, að ég kvaddi ekki kommúnista til ráða, þegar ég gerði Keflavíkursamninginn, og ég harma, að ég skyldi ekki geta gert það. En þá var vaknaður grunur minn um það, að við þá væri ekki hægt að hafa samstarf um utanríkismál. Það má vel vera, að hann þyrfti um margt að breytast, en einmitt fyrir þá ástæðu, að þeir voru ekki þar til ráða kvaddir, er honum þó um minna ábótavant.

Onnur atriði í ræðu hv. þm. voru um það, hvað hafi gerzt á fundi utanrmn. 1945, hverjir þá hafi verið bjartsýnir um verðlag og hverjir ekki. En það hugsa ég að verði mér aldrei til aldurtila, að ég verði talinn um of svartsýnn, heldur hef ég þótt bjartsýnni en efni stæðu til.

Þá má geta þess, sem hv. þm. var að tala um, að vel gæti svo farið, að sósíalistar bættu við sig tveimur þm. Ég held, að fjölgunin yrði nú að verða nokkuð ör til þess, að þær vonir gætu staðizt. — Ég held það hafi verið lagaprófessor, sem sagði við nemanda sinn: Hvað segðir þú, ef þú t. d. lánaðir mér 10 krónur, svo færum við til altaris saman, svo þegar við erum að bergja á kaleiknum, þá rétti ég þér 10 krónur og borgaði þér skuldina? Er það þá lögformlegt tilboð um greiðslu skuldarinnar? Nemandinn gaf þá hið fræga svar: „Ég held, að maður verði að vona, að þetta komi ekki fyrir.“ Ég skal ljúka þessum orðum mínum með því að segja: Ég held, að maður verði að vona, að þetta komi ekki fyrir, að sósíalistar vaxi svo á þingi, að þeir bæti við sig manni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 31. fundi í Nd., 22. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23:2 atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., 27. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 190, n. 259 og 297).

Frsm. meiri hl. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Meiri hl. allshn. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt. Ég þarf ekki að hafa um þetta mörg orð, en vísa til grg. þeirrar, er meiri hl. hefur gert fyrir málinu.

Frsm. minni hl. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Það var ekki ýtarlega fram talið hjá hv. frsm. meiri hl., en frá hans sjónarmiði sennilega bezt að hafa sem fæst orð.

Það er óneitanlega dálítið einkennilegt að fara að breyta 1. mgr. 16. gr. l. um þingsköp þannig, að utanrmn., sem nú er skipuð 7 aðalmönnum og 7 til vara, verði látin vera nokkurs konar millinefnd, sem á að kjósa úr sínum hópi 3 aðalmenn og 3 til vara, er séu ríkisstj. til ráðuneytis um utanríkismál, jafnt milli þinga sem á þingi. Þannig á 7 manna n. að kjósa úr sínum hópi 6 menn, því að varamenn verða auðvitað að taka þátt í störfum n. til að kynna sér öll mál sem bezt, ef þeir eiga raunverulega að gegna þeim störfum, sem n. er ætlað. Ég býst við, að þetta sé algert einsdæmi, og þar að auki er málið þannig vaxið, að það virðist hreinn barnaskapur. Utanrrh. hefur kallað utanrmn. á sinn fund, þegar honum hefur sýnzt, og virðist því ekki þurfa lagabreytingu til þess að útiloka, að fulltrúi Sósfl. í utanrmn. fjalli um viðkvæm utanríkismál. Þetta hefur verið gert þrátt fyrir það, að skýr ákvæði séu um það í þingsköpum, að öll utanríkismál skuli lögð fyrir n., jafnt milli þinga sem á þingi. Það er vissulega einkennilegt, að farið skuli vera á flot með annað eins mál og þetta og annað eins orrustuskip og hæstv. atvmrh. skuli vera settur til að fylgja því fram, og eins og ég sagði áðan, er það næsta einkennilegt að koma með þetta frv. til að útiloka fulltrúa sósíalista í utanrmn. og útiloka þann rétt, sem þingstyrkur flokksins veitir honum.

Það væri gaman að vita, til hvers þetta mál er flutt. Eins og ég hef áður sagt, þá hefur sú venja tíðkazt undanfarin ár, að utanrmn. hefur alveg verið hunzuð af utanrrh., og ég get ekki séð annað en að frv. sé flutt til að sýna mönnunum, sem borga dollarana til baráttunnar við kommúnista í hinum ýmsu löndum, að það sé nú einnig barizt á Íslandi. Og þegar farið var að leita að einhverju baráttuefni hér, var rekizt á þessa gr. í þingsköpum og frv. flutt um það hér á Alþ. að bola þessum eina fulltrúa Sósfl. úr utanrmn. Þetta er nú gott og blessað, ef hægt er að slá út á það dollara.

En þetta mál hefur einnig sínar alvöruhliðar. Þetta er skref í þá átt, sem byrjað er á í U. S. A. og þeim ríkjum, sem hlýða kalli þaðan. Það er verið að ganga lengra og lengra í þá átt að afnema lýðræðið, og allt á þetta að vera gert til að vernda lýðræðið. Það er einstæður viðburður í sögu Alþ., þegar verið er að bola þessum eina manni úr utanrmn. og það manni, sem er ekki einu sinni flokksbundinn í Sósfl., heldur hefur flokkurinn falið honum þetta trúnaðarstarf. Þetta er mjög alvarlegt brot á lýðræðisreglunum, og ég verð að láta í ljós undrun mína á því, að flm. skuli auglýsa svona afstöðu sína til lýðræðisins í svona máli, og ég efast ekki um, að ef þeir teldu meira í húfi, þá bæru þeir ekki mikla virðingu fyrir lýðræðinu. Ég hef áður bent á, að það hefur aldrei komið fyrir áður í sögu Alþ., að þingflokkur hafi verið sviptur þeim rétti, sem þjóðin hefur veitt honum, og það á jafnklaufalegan hátt og ráð er fyrir gert í þessu frv.

Það var ekki hægt að greina annað en að hæstv. atvmrh. væri dálítið feiminn, er hann flutti framsöguræðu sína í þessu máli. Ég lái honum það ekki, því að mér finnst þetta mál ekki samboðið honum. Hann sagði í framsöguræðu sinni, að flm. hefðu ekki séð ástæðu til að breyta afstöðu sinni til Sósfl. Ekki veit ég, hvað liggur í þessum orðum, en ef maður athugar nú afstöðu hæstv. atvmrh. til þessara óðáðamanna, þá kemur ýmislegt fram. Ég man ekki betur en að hann árið 1942 í sambandi við gerðardóminn talaði um, hvers konar svín kommúnistar væru. En hann breytti nú aftur um skoðun, eins og allir vita, og sat í stjórn með þeim í tvö ár við mikinn orðstír, og nú hefur hann aftur breytt um skoðun. Ég vil leyfa mér að kalla þessi skoðanaskipti hæstv. atvmrh. línudans. Þegar Bandaríkin eru í samvinnu við Rússa, þá eru sósíalistar alls ekki svo slæmir. Þetta sýnir vel, hvernig íslenzkir stjórnmálamenn eru undir áhrifum erlendis frá. Það má segja um aðra flm., að þeir séu ekki saklausir heldur. Ég man ekki betur en hæstv. fjmrh., sem er 2. flm. þessa frv., hafi skrifað heila bók til að afsaka, að það væri ekki sér að kenna, að Framsfl. hefði ekki myndað stjórn með Sósfl. Eins ef maður tekur 3. flm., hv. 8. landsk. Hann er að vísu ekki viðstaddur, en ég býst við, að hann sé sá eini, sem sómir sér vel. Hann hefur ekki tekið nein hliðarspor, og það var víst þess vegna, sem hæstv. atvmrh. og hæstv. fjmrh. lögðu hann í einelti í síðustu útvarpsumræðum. Þó hefði það ekki gefið tilefni til umr., ef hv. 8. landsk. hefði verið einn með þetta frv. En hæstv. atvmrh. og hæstv. fjmrh. flytja frv. með honum, og mér finnst nokkuð mikið í borið að hafa svo mikla flm. á ekki stærra máli.

Ég ætla ekki að ræða frv. neitt frekar, það er búið að ræða það áður, og það mun ákveðið, að það verði samþ., enda tjáði hæstv. atvmrh.

mér, að hann væri ábyrgur fyrir málinu. Ég vil því bara undirstrika afstöðu okkar sósíalista til málsins.

Með þessu frv. er verið að þverbrjóta eðlilegar lýðræðisreglur. Á þennan hátt mætti svipta sósíalista störfum í öðrum n., t. d. í fjhn., með því að ákveða, að þeir fimm menn, sem þar eiga sæti, skuli kjósa fjóra til þess að fjalla um málin, og í fjvn. með því að ákveða, að þeir níu menn, sem þar eiga sæti, skuli kjósa átta menn til þess að fjalla um fjárl.

Hv. flm. segja, að sósíalistum sé ekki trúandi í utanríkismálum. En í fyrsta lagi er það nú á valdi hæstv. ríkisstj., hvaða mál hún leggur fyrir utanrmn., þó að eðlilegra væri, að það væri ákveðið í l.; og í öðru lagi er það ekki hlutverk hæstv. ríkisstj. að dæma um það, hvort einhverjir þm. séu þannig gerðir, að ekki sé hægt að treysta þeim. Á meðan við höfum þingræði, ákveður þjóðin, hvaða fulltrúa hún sendir á þing, og þeim fulltrúum, sem hún kýs, veitir hún um leið skýlausan rétt til að sitja í n. og gegna öðrum skyldustörfum sínum á Alþ.

Hundakúnstir eins og óbeinar kosningar í sambandi við n. eru ólýðræðislegar, og þeir, sem vilja koma slíku skipulagi á, ættu sem minnst að tala um einræði, þar sem þeir þverbrjóta þær reglur, sem þeir sjálfir telja að einkenni hið eina sanna lýðræði. Ef meiri hl. á þingi á að geta útilokað minni hl. frá því að sitja í n., þá er þingræðið orðið hjóm. Frv. bendir til þess, að ætlunin sé að gera þetta, og má þá væntanlega búast við frekari tíðindum.

Báðir hæstv. ráðh. töluðu mikið um ást sína á lýðræðinu, en töldu, að Sósfl. væri einræðisflokkur. Ég býst nú við því, að flestir muni dæma þá frekar eftir gerðum þeirra en því, sem þeir segjast vera. Í þessu máli erum við á móti því, að einn flokkur, sem á 9 menn af 52 á þingi, sé sviptur rétti til að hafa fulltrúa í n. Sósíalistar hafa alltaf verið á móti því, að minni hl. væri beittur bolabrögðum. Það hefur verið prinsip Sósfl., og þess vegna hefur flokkurinn alla tíð barizt gegn hverri skerðingu á lýðræðinu. Hins vegar hafa nú forustumenn hinna svokölluðu lýðræðisflokka beitt sér fyrir því að gera form lýðræðisins innantóm með því að koma á óbeinum kosningum.

Það virðist vera skoðun hv. flm., að ef ætlunin er að semja við eitthvert erlent ríki, þá megi enginn koma þar nærri nema þeir, sem vilja gera samninga. Nú er það eðli þingræðisins, að hlustað sé á minni hl. í hverju máli, sem til umr. kemur. Og það er hvergi eins þýðingarmikið, að þessari reglu sé fylgt, og einmitt í utanríkismálum. Ég gæti trúað því, að hæstv. atvmrh., sem stendur í miklu pólitísku þrasi, hafi lítinn tíma til að kynna sér erlend stjórnmál, en hann ætti að kynna sér nánar þá stefnubreytingu, sem nú er að verða í Englandi. Hver sá, sem fer með utanríkismálin, er skyldugur til að hlusta á, hvað stjórnarandstaðan hefur að segja. Eins og nú er, er afstaða okkar til Bandaríkjanna stórhættuleg, og það eru tveir eða þrír menn, hæstv. atvmrh., hæstv. utanrrh. og ef til vill hæstv. fjmrh., sem öllu ráða um hana. Þegar þeir hafa tekið ákvörðun, eru málin lögð fyrir þingið, og þá eru hendurnar á lofti eða þm. fá leyfi til að vera heima. Að greiða atkv. á móti kemur ekki til mála.

Það segir sig sjálft, að þetta er hættulegur línudans. Það er hættulegt að líta á Bandaríkin sem góðgerðafélag, sem sjálfsagt sé að Íslendingar njóti góðs af. Þegar forustumenn þjóðarinnar halda, að í utanríkismálum ráði góðgerðasjónarmið, þá er komið út á hálan ís. Þar er fyrst og fremst um hagsmunasjónarmið að ræða, og gildir í því efni hið sama um öll ríki. Íslendingar verða því að vera kaldir og ákveðnir og mega ekki falla í stafi af hrifningu yfir því, að verið sé að gefa þeim eitthvað. Það er miskunnarlaust haldið í spottann og ekkert gefið án þess að annað komi á móti. Ég býst við því, að Bandaríkjamönnum þyki hag sínum vel borgið með þeim vígstöðvum, er þeir hafa fengið á Íslandi, ekki síst þar sem Churchill virðist vera á móti atómstöðvum í Bretlandi. Þeir telja sig efalaust hafa fengið þær „billega", þó að þeir hafi kastað hingað nokkrum hundruðum millj. kr. Það hefur ekki verið nein góðgerðastarfsemi, þeir hafa t. d. borgað miklu meira til Breta, og nú vilja Bretar, að þeir flytji burt atómstöðvar þær, sem þeir hafa haft í Bretlandi, þar sem þeir óttast, að atómsprengjum verði kastað þaðan án leyfis brezku stj.

Það er full þörf á því, að utanrmn. starfi öll og að hæstv. ríkisstj. geri sér það ljóst, að hyggilegt sé að hlusta á allar mótbárur. Hvað það snertir, er þetta frv. óhyggilegt og hefur það í för með sér, að afstaða okkar til Bandaríkjanna verður enn einstrengingslegri, þar sem ekki má einu sinni hlusta á, hvað sósíalistar hafa að segja.

Við sósíalistar höfum alltaf lagt áherzlu á það, að landið verði ekki um of háð neinni erlendri þjóð. Þetta er þýðingarmeira fyrir smáþjóðir en stórþjóðirnar. Ef þess er ekki gætt, er stórkostleg hætta á ferðum, því að aðstaða okkar er ekki sterk. Því miður hefur þessa ekki verið gætt. Bandaríkin hafa fengið allar óskir sínar uppfylltar; ég veit ekki til þess, að þau hafi farið fram á neitt, sem þau hafa ekki fengið. Við erum orðnir aðilar að Kóreustríðinu, og við höfum samþ., að Grikkir og Tyrkir fengju inngöngu í Atlantshafsbandalagið. Ef til átaka kemur við landamæri þessara ríkja, geta því Bandaríkin sent héðan flugvélar með atómsprengjur til þess að skakka leikinn. Hvaða vit er í þessu? Það er einmitt þetta, sem brezka íhaldsstjórnin er orðin hrædd við. Hún vill nú ekki taka þátt í Evrópuhernum og vill ekki, að Bandaríkjamenn hafi bækistöðvar í Bretlandi fyrir kjarnorkusprengjuflugvélar sínar. Íslendingar ættu að halda sér utan við deilur stórveldanna. Ef þeir gera það ekki, getur það leitt til stórkostlegra vandræða. Það er ekki einhlítt að fylgja í einu og öllu línu Bandaríkjanna, það gæti farið illa, þó að við verðum að vona, að þrátt fyrir það dragi ekki til stórkostlegra átaka hér á landi. En þjóðir, sem telja hundruð milljóna, mundu efalaust ekki telja það mikið,

ef til átaka kemur, þótt íslenzka þjóðin minnkaði um helming. Það eina, sem við getum gert, er að reyna að halda okkur utan við. Ef við reynum það, þá erum við að minnsta kosti ekki móralskt ábyrgir, en enginn gæti krafizt þess, að við hefðum styrk til að verja okkur. Með þessu frv. er verið að þagga niður þá einu rödd, sem hreyft hefur andmælum gegn stefnu hæstv. ríkisstj. í utanríkismálum. Þessi stefna hefur verið hlægilegur línudans eftir tónum frá Bandaríkjunum, og það er efalaust met á heimsmælikvarða, hvernig Bandaríkin hafa „dirigerað" ráðamönnum á Íslandi.

Ég vil beina því til hæstv. atvmrh., að hann fylgist með því, sem nú er að ske í Bretlandi. Þar er nú komin til valda stj., sem hann efalaust telur sér skylda í skoðunum, og það er ekki ólíklegt, að einmitt frá Bretlandi megi vænta till. í þá átt að leysa þann hnút, sem vígbúnaðarkapphlaupið hefur riðið. Hæstv. atvmrh. ætti því að hafa vakandi auga á því, hvernig Bretar reyna að stinga við fótum; ég býst við, að þeir hafi nú bezta aðstöðu til að miðla málum og minnka spenninginn milli Ráðstjórnarríkjanna og Bandaríkjanna. Vígbúnaðarkapphlaup hafa aldrei endað nema með stríði. Þau hafa ekki tryggt varanlegan frið, en þegar þau eru hafin, er tilgangurinn aldrei talinn sá að stofna til styrjaldar, heldur varanlegs friðar. Þannig er það með Atlantshafsbandalagið. En ef þetta vígbúnaðarkapphlaup er ekki stöðvað, er ég hræddur um, að það endi með stríði, og Íslendingar hafa þá brugðizt ætlunarverki sínu og sjálfum sér með því að gerast dautt atkvæði og leiksoppur, í stað þess að standa utan við og reyna að stuðla að því í samvinnu við önnur smáríki að fyrirbyggja vígbúnaðarkapphlaupið. Því miður hafa þeir stjórnmálamenn okkar, sem með þessi mál hafa farið, reynzt smápeð. Og þetta er gremjulegt, þar sem vitað er, að sumir þeirra eru gáfumenn, sem hefðu getað látið gott af sér leiða, ef þeir hefðu gert það, sem þjóðinni var fyrir beztu, og aldrei hvikað frá því að setja íslenzkan málstað ofar öllu.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég skal ekki hefja hér almennar umr. um utanríkismál, þó að tilefni gæti verið til þess. En hv. þm. Siglf. þarf ekki að bera kvíðboga fyrir því, að ég muni ekki reyna að fylgjast með þróuninni í utanríkismálum.

Ég get frætt hann á því, að þegar sú þjóð, sem hann telur líklegasta til að miðla málum í utanríkismálum og tryggja þann frið, sem allur heimurinn þráir, — þegar þessi þjóð bar fram till. sínar um frið og málamiðlun, varð utanríkisráðh. Rússa andvaka af hlátri. Hann sagðist ekki hafa sofið þessa nótt, svo hlægileg þótti honum þessi viðleitni Breta. Síðan lét hann fylgja, af sinni heimskunnu mælsku, stóryrði, sem Eden, utanrrh. Breta, svaraði með hógværri ræðu, þess efnis, að tími væri til þess kominn, að kalda stríðið í málflutningi væri látið niður falla. Hann sagði, — þessi sáttamaður, — að sér þætti það koma úr hörðustu átt og það kæmi illa við sig, að till. þeirra, sem vildu frið, vektu ekki annað en hlátur hjá málsvörum Austurveldanna. Enginn mundi fagna því meira en við, ef till. brezka utanrrh. mættu verða til þess að koma á friði í heiminum, því að við höfum ekkert spor stigið, sem ekki gengi í þá átt að stuðla að því að reyna að tryggja friðinn í heiminum. — Ég læt svo þessi ummæli nægja varðandi viðhorfið í utanríkismálunum.

Ég vil þakka hv. þm. fyrir vinsamleg ummæli í minn garð. Það eimir enn eftir af gömlum kunningskap. Ég hafði oft gaman af till. hv. þm., og hann er mörgum góðum kostum búinn, þótt ef til vill verði ekki sagt það sama um mig. En við höfum báðir ókost á sviði utanríkismálanna. Mér finnst hann vera talhlýðinn um of, og honum finnst ég — það verður víst að telja það ókost — vera fullur af þjóðernishroka. En skoðanir mínar munu aldrei stjórnast af fyrirmælum frá erlendum ríkjum. Ég mun stefna að því einu, eins og ég hef alltaf gert, að tryggja öryggi Íslands, og ég veit, að það sama vakir fyrir öðrum flm. þessa frv. Allt tal þessa hv. þm. um annað er gripið úr lausu lofti, og það er víst í 50. sinn, sem fulltrúar hv. Sósfl. eru að leika hér „Ímyndunarveikina" á þessu þingi hvað þetta snertir. Hv. 2. þm. Reykv. er vanur að leika „primadonnuna", en í dag virðast hafa orðið „rullubýtti".

Hv. þm. lét orð falla í þá átt, að það mundi hafa verið betra fyrir okkur, hefðum við gert þá grein fyrir frv., að utanrmn. væri svo þung í vöfum, að nauðsynlegt væri að fækka þeim mönnum, sem í henni störfuðu. Ég skal ekkert um það segja, hvað hefði verið hyggilegast í þessu efni. En ég hef sjálfur samið grg., og hún er að því leyti hyggilegri en slík grg. hefði verið, að hún er sönn, hún segir ekkert nema sannleikann. Ef grg. með frv. hefði verið í þá átt, að frv. hefði verið borið fram í þeim tilgangi að gera meðferð utanríkismála einfaldari, hefði hún ekki sagt sannleikann, því að frv. er einmitt borið fram til þess, að stj. eigi þess jafnan kost að ráðfæra sig við menn, sem kjörnir eru af Alþ., í mikilvægum ákvörðunum í þessum málum, án þess að þurfa að sýna kommúnistum trúnað í þessu efni, sem ég tel þá ekki verðskulda. Þetta er ekki brot eða skerðing á lýðræði, því að eftir sem áður hefur Sósfl. rétt til að fjalla um utanríkismál og hafa áhrif á þau eftir því, sem þingfylgi hans segir til um.

Hv. þm. Siglf. sagði í ræðu sinni, að andstaða sósialista gegn þessu frv. væri ekki sprottin af því, að þeir teldu hér vera um svo mikilsvert mál að ræða eða þeim fyndist þetta svo mikil réttarsvipting í þeirra garð, heldur væri það vegna þess, að þeir hefðu það efst á sinni stefnuskrá að láta ekki bera rétt minni hlutans fyrir borð. Ég held, að þetta sé einmitt gamalt deilumál á milli Sósfl. og Sjálfstfl., hver réttarstaða minni hl. eigi að vera, og ég vil minna á í þessu sambandi, hver afstaða sósialista hefur verið gagnvart minni hl. Alþýðusambandsins, og t. d. Dagsbrún fær 33 fulltrúa í þau samtök og bæjum utan af landi hefur verið bægt frá öllu áhrifavaldi í

því félagi. Og ég veit ekki betur en að sömu söguna sé að segja af mörgum fleiri félögum, þar sem þessi flokkur hefur haft meirihlutavald.

Hv. þm. sagði, að það væri ástæðulaust fyrir Íslendinga að láta Bandaríkjunum í té eins mikil friðindi í sínu landi og Bretar hafa gert, því að við fengjum það ekki jafnvel borgað og þeir. Ég neita því eindregið, að um nokkur kaup eða sölu sé að ræða í sambandi við hervarnarsamninginn. Við höfum þegið styrk frá Bandaríkjunum sem aðrar lýðræðisþjóðir, m. a. til að koma á stórkostlegum framkvæmdum í landi okkar, svo sem Sogs- og Laxárvirkjunum og áburðarverksmiðju, en þessi styrkur og þessar framkvæmdir eru algerlega óviðkomandi hervarnarsamningnum. Í landvarnarmálunum hafa Íslendingar gert það eitt, sem þeir telja nauðsynlegt vegna sinna eigin hagsmuna. Hv. þm. þekkir sjónarmið mitt og annarra lýðræðissinna í þessu máli svo vel, að óþarft er að ræða þetta frekar, og það ætti öllum að vera ljóst, að eftir því sem aðrar þjóðir efla og auka sínar varnir, því meiri hætta grúfir yfir hinum varnarlausu þjóðum. Af þessum ástæðum gerðumst við aðilar að Atlantshafsbandalaginu, og af þessum ástæðum er nú komið erlent herlið til landsins, þótt fámennt sé, til þess að skapa meira öryggi á Íslandi, úr því að við erum ekki menn til að takast sjálfir á hendur varnir á okkar landi.

Ég þarf svo ekki að fara um þetta mál fleiri orðum, því að ýmislegt í ræðu hv. þm. Siglf. var að efninu til mjög svipað og kom fram í ræðu hv. 2. þm. Reykv. við 1. umr. þessa máls og var svarað þá. Ég vil þó að lokum minna á það, sem hv. þm. sagði í ræðu sinni, að meginið í þessu máli varðandi utanrmn. væri að finna í skoðanaskiptum mínum og annarra lýðræðissinna, en þau skoðanaskipti stöfuðu af áhrifum erlends stórveldis á hugi okkar. Þetta er alveg rétt. Við óttumst einmitt þau miklu áhrif, sem erlent stórveldi hefur haft á hann og hans flokksbræður og þar með íslenzk stjórnmál. Mín afstaða í þessu máli mótast einmitt af því, að ég óttast þau sjúklegu áhrif, sem hann og hans flokksbræður hafa orðið fyrir af erlendu stórveldi, og ég þori þess vegna ekki að sýna honum það traust í þessu máli, sem mig langar til, svo að orð hv. þm. eru að því leyti rétt, að það eru áhrif frá erlendu stórveldi á vissan hóp manna hér heima, sem hafa mótað afstöðu okkar í þessu máli. En ég vildi mega lifa þá stund að fá að endurheimta þennan hv. þm. í hóp þeirra manna, sem láta stjórnast af íslenzkum sjónarmiðum einum saman.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. Ég bjóst nú við, að svo færi um þetta mál sem svo mörg önnur, sem hljóta afgreiðslu hér, að ég legði ekki orð í belg. En það var út af orðum hæstv. atvmrh., sem ég kvaddi mér hér hljóðs, þegar hann minntist á minnihlutavaldið og drap á fulltrúakjör verkalýðsfélaganna í því sambandi. Ég mótmæli algerlega því sjónarmiði, sem þar kom fram. Verkalýðsfélögin eru hagsmunasamtök, og það er vitað mál, að hjá þeim hefur ekki verið um hlutfallskosningu að ræða. En það var svo hér áður, að það var ákveðið, að enginn mætti bjóða sig fram til fulltrúakjörs í Alþýðusambandinu, nema hann væri Alþýðuflokksmaður, og þessari skipan var haldið uppi með aðstoð Sjálfstfl. Þetta þótti okkur sósíalistum rangt, þar sem við álítum þetta ekki geta samrýmzt lýðræðisskipulagi, og því höfum við haft í stjórn Dagsbrúnar menn úr öllum flokkum, svo að það er auðsætt, að þetta dæmi hæstv. atvmrh. er alveg út í loftið, ekki síður þegar á það er litið, að verkalýðsfélögin eru hagsmunasamtök. Í stjórn Dagsbrúnar hafa setið bæði framsóknarmenn, sjálfstæðismenn, Alþýðuflokksmenn og sósíalistar, og þessum mönnum hefur aldrei borið á milli í hagsmunamálum verkalýðsins. — En nóg um þetta.

Mig minnir, að það væri fyrir alllöngu síðan, að ég léti þá skoðun mína í ljós, að ég væri sannfærður um, að það væri alveg sama, hvað mikið væri smíðað af vopnum í heiminum; eftir sem áður yrði það fólkið með berum höndunum, sem réði að lokum. Herbúnaðarkapphlaupið stefnir ekki að því að viðhalda friði og lýðræði í heiminum. Lítið atvik, sem kastar nokkru ljósi á þessi mál, kom fyrir nú á dögunum, þegar deila kom upp um það meðal fulltrúa Atlantshafsbandalagsins, hvaða byssur skyldi nota til verndar friðinum í heiminum. Það getur með öðrum orðum orðið deilumál milli hinna „friðelskandi“ þjóða, hvaða tegund af byssum eigi að nota til að skjóta niður hinn alþjóðlega kommúnisma. En það er sama, hvernig þeir skjóta, stefna verður aldrei drepin með vopnum. Það er hægt að skjóta og stráfella menn með byssum, en aldrei stefnu. Og ég álít mjög hættulegt fyrir Íslendinga að taka afstöðu með þessari stefnu, því að við verðum að gera okkur ljóst, að friðurinn í heiminum verður aldrei geymdur í atómsprengjum eða fallbyssukjöftum. Þeir, sem hrinda styrjöldum af stað, skeyta ekkert um það, hve margir eru drepnir, ef þeir bara geta grætt fé á að selja vopnin. Og deilan milli þessara stríðsþjóða er einmitt um það, hverjir eigi að fá að græða mest á því að drepa menn. En í röksemdafærslu fyrir þessu máli, sem hér liggur fyrir, kemur ekki til mála, að hægt sé að flækja þar inn í, hvort hlutfallskosning skuli viðhöfð í verkalýðsfélögunum eða ekki.

Frsm. minni hl. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Hæstv. atvmrh. sagði í ræðu sinni, að hann hefði misst allt traust á sósíalistum síðan hann var í stjórn með þeim. Nú er ég sannfærður um, að þarna hefur hæstv. ráðh. brostið hreinskilni. Það er ekki ástæðan fyrir því, að hann hefur nú horfið frá samstarfi við sósíalista, að hann hafi misst traust á þeim. Það er ekkert, sem bendir til þess, að við höfum látið stjórnast af áhrifum frá erlendu ríki, og ég vildi biðja hæstv. ráðh. að benda á eitt atriði, sem gæti sannað það, að við höfum orðið fyrir slíkum áhrifum. Við höfum alltaf látið íslenzk sjónarmið ráða afstöðu okkar til mála. Við höfum staðið jafnákveðnir á móti herstöðvum í okkar landi, hvort heldur Rússar eða Banda-

ríkjamenn eða aðrar þjóðir hafa átt í hlut. Það var ákveðin okkar afstaða til þessara mála, þegar Bandaríkin báðu um herstöðvar til hundrað ára á Íslandi, en þá voru sósíalistar í stjórn. Hitt er svo alveg rétt, að hæstv. atvmrh. hefur vilja til að vera sjálfstæður í skoðunum, og hann sýndi þann vilja sinn meðan hann sat í forsæti með því að halda í spottann um það að láta ekki erlend afskipti hafa áhrif á stjórnmál innanlands. En það voru aðrir menn í hans flokki, sem óðir og uppvægir vildu hlýða boðum erlends stórveldis, og þá var honum ýtt til hliðar í bili, og sá hann þá þann kostinn vænstan að dansa með, ef hann ætti ekki að verða áhrifalítill eða áhrifalaus í stjórnmálum. Því lengra sem hæstv. ráðh. gengur á þessari braut, því meiri smán fyrir hann. Það þarf ekki að segja Íslendingum það, að leiðin til þess að forðast stríð sé að ganga í hernaðarbandalag. Þetta sér þorri Íslendinga, enda þótt margir hafi ekki gert neitt til að andmæla þessari blekkingu. Það hefur slegið óhug á þá út af afstöðu afturhaldsflokkanna í sambandi við hersetuna og sjálfstæði þjóðarinnar. En þeir hafa bara hugsað sem svo, að ef þeir gerðu eitthvað til að andmæla þessari afstöðu, yrðu þeir reknir út í yztu myrkur. Þeir hafa beinlínis misst kjarkinn og tekið það ráð að þegja. En það eitt er víst, að málum okkar hefur ekki verið stjórnað að undanförnu með hagsmuni Íslendinga eina fyrir augum. Það er engin tilviljun, að enn þá hefur ekki orðið ágreiningur milli Bandaríkjanna og Íslands um eitt einasta smámál. Ísland hefur í öllum málum tekið afstöðu 100% eins og Bandaríkin. Það er útilokað, að aðilar, sem hugsa sjálfstætt, geti verið svo gersamlega sammála í skoðunum sínum. Skýringuna er hvergi að finna nema í hinum bandarísku línudansi, sem nú er stundaður hér á Íslandi. Við sósíalistar höfum ætíð verið því mótfallnir, að Íslendingar hölluðu sér að einu eða öðru ríki í utanríkismálum, og framar öllu öðru andstæðir því, að erlend ríki væru látin hafa áhrif á ákvarðanir innanlands. En hér hefur á síðustu árum verið gerð gengisfelling, skipulögð lánsfjárkreppa og sköpuð síaukin verðbólga, allt samkvæmt fyrirmælum frá Bandaríkjunum. — Með þessum orðum vildi ég mótmæla ummælum hæstv. atvmrh. um það, að við sósíalistar létum stjórnast af áhrifum erlendis frá. Annars kýs ég það helzt, að allir flokkar hér gætu borið gæfu til þess að taka höndum saman um það að láta ekki stjórnast af neinu öðru en íslenzkum hagsmunum. Við getum deilt hér heima um innanlandsmál, en við gætum verið sammála um það að forðast, að erlent ríki geti seilzt til áhrifa í landi okkar. Og Sósfl. ætlar sér sæti í utanrmn. til þess, að hann megi halda þar fram íslenzkum málstað. En nú vilja afturhaldsflokkarnir slökkva þessa íslenzku rödd í utanrmn., af því að þeir óttast hana og eru hræddir um, að hún geti orðið þeim til óþæginda. En það er sannarlega ekki svona einfalt að þagga þessa rödd. Það er hægt að reka sósíalista úr utanrmn., en það er ekki hægt að taka fyrir það, að sífellt stærri hluti þjóðarinnar er nú farinn að skilja, inn á hve alvarlega braut íslenzku afturhaldsflokkarnir eru komnir. Það eru sífellt fleiri, sem eru farnir að óttast afleiðingar hinnar bandarísku utanríkismálastefnu. Það kastar ljósi yfir hið alvarlega ástand okkar, þegar þingmaður í Bandaríkjunum gerist svo ófyrirleitinn að lýsa því yfir, að það sé eðlilegt, að Englendingar vilji ekki hafa bandarískar kjarnorkustöðvar í sínu landi, en það sé hins vegar upplagt að hafa þær á Íslandi. Ábyrgur þm. í Bandaríkjunum lætur hafa þetta eftir sér. Það er sýnilegt, að örlög Íslendinga koma ekki frekar við þennan þm. en pest, sem kæmi upp í rottunum í New York. Það mætti segja, að maðurinn geti ekkert að því gert, hvað hann hugsar, en að láta það opinberlega í ljós, að það geri ekkert til, þótt þær fáu hræður, sem lifa hér uppi á Íslandi, hverfi úr heiminum, er svartasta ófyrirleitni. Og ég er viss um það, að hæstv. atvmrh. er áhyggjufullur sjálfur út af þeirri stefnu, sem stjórnarflokkarnir hafa fylgt að undanförnu. Ég er sannfærður um, að hefði hann verið utanrrh. nú, hefðu íslenzk stjórnarvöld ekki kropið jafnauðmjúklega við fætur Bandaríkjanna sem nú er gert. Þá hefði verið reynt að fara bil beggja og íslenzkir hagsmunir látnir sitja í fyrirrúmi, ef hann hefði notið stuðnings síns flokks, sem hann glataði, eftir að hann hætti stjórnarsamstarfi með okkur sósíalistum. Hæstv. atvmrh. hefur marga þá kosti, sem nauðsynlegir eru til að geta haldið vel á utanríkismálum, ef hann bara lætur ekki blindast af þeim línudansi, sem nú er stiginn.

Hæstv. ráðh. sagði, að hann hefði gert grein fyrir ástæðunni fyrir flutningi þessa frv. í grg. Ég held einmitt, að það vanti alveg, að bent sé á ástæðuna í grg., því að ég veit, að hæstv. ráðh. er ekki það barn, þessi reyndi stjórnmálamaður, að hann telji það lífsnauðsyn fyrir íslenzku þjóðina, að þessi eini sósíalisti, sem nú á sæti í utanrmn., verði rekinn úr henni, og hann á engan rétt til að álíta aðra svo barnalega að halda slíkt í einlægni. Ég áleit, að það mundi þó verða borið fyrir, að hér væri verið að berjast fyrir lýðræðið gegn einræðinu, en ráðh. gaf ekkert út á það. Ég trúi ekki, að ástæðan sé ótti við einn sósíalista í utanrmn.

Hæstv. ráðh. kom inn á það, er ég sagði í ræðu minni, að England hefði góða aðstöðu til að koma á sættum á milli stórveldanna, sem mundi hafa þá afleiðingu, að dregið yrði úr hinum stórfellda vígbúnaði, sem ógnar nú öllum þjóðum heims. England hefur þessa aðstöðu, en hin afturhaldssama kratastjórn hefur ekki notað þessa aðstöðu heiminum til góðs, og ég vil benda á, að það er fyrst núna, sem berast fyrstu fregnirnar um það, að England sé farið að stinga við fótum. Það virðist svo sem Churchill sé viðsýnni og hafi meiri kjark en meðlimir Labourstjórnarinnar, sem orðnir voru fullkomnar undirlægjur Bandaríkjanna á sama hátt og íslenzku stjórnarvöldin. Nú virðist sú stefna í uppsiglingu, að England ætli að stinga við fótum, og ef það tekst, þá hef ég þá trú, að með þeim styrk, sem enn þá má finna í gamla Englandi, verði hægt að koma á sættum á milli stórveldanna, sem gætu leitt til þess, að hinu gífurlega vígbúnaðarkapphlaupi yrði hætt.

Það er óhjákvæmilegt að ræða nokkuð utanríkismálin í sambandi við þetta frv., vegna þess að það miðar að því að slökkva þá einu rödd í n., sem sýnir ákveðna andstöðu gegn ofurvaldi Bandaríkjanna yfir íslenzkum málum, og þessi rödd fer í taugarnar á stuðningsmönnum Bandaríkjanna hér, og þeir óttast hana. Og trúað gæti ég því, að samvizkunag hæstv. atvmrh. út af þessu máli sé ekki svo lítið.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð um þetta frv., þar sem ég hef ekki miklu við að bæta frá 1. umr. málsins.

Það kom fram í ræðu hæstv. atvmrh., að vegna ástandsins í alþjóðamálunum sæju lýðræðisflokkarnir svokölluðu sér ekki fært að hafa samstarf við okkur sósialista um utanríkismál, og eins og kemur fram í grg., þá vill hæstv. atvmrh. ekki samstarf við okkur sósialista. Hæstv. ráðh. sagði einnig, að að hinu leytinu langaði hann til þess að hafa samstarf við okkar flokk, en því væri engan veginn verið að leyna, að hér væri um að ræða breytta afstöðu gagnvart flokki okkar. Þessir þrír flokkar vilja ráða þessum málum sjálfir að einu og öllu. Hins vegar vil ég leyfa mér að segja hæstv. atvmrh. það, að ég þarf engin meðmæli, ef Sósfl. sér ástæðu til þess að taka upp samstarf við Hermann Jónasson og flokk hans eða Ólaf Thors sjálfan, ef íslenzkir hagsmunir bjóða svo. Hins vegar virðist líta svo út, að þessir flokksforingjar líti þannig á, að ekki sé vogandi að hafa slíkt samstarf við okkur. En hvað er hér annars að gerast? Það er fyrst og fremst það, að hæstv. atvmrh., Ólafur Thors, á það enn óbætt, að hann skyldi taka upp samstarf við sósialista á nýsköpunarárunum. Það er það, sem nú er sifellt verið að núa honum um nasir, og hann vill nú fyrir hvern mun þvo af sér kommúnistastimpilinn. Nú er lotið svo lágt, að mér blöskrar.

Svo að ég víki nokkuð að kaupum og sölu, þá er nú ekki úr vegi að minnast atburðar, sem gerðist hér á Alþ. í fyrra. Svo var málum komið, að fjhn. Nd. vildi gefa frjálsar smáíbúðabyggingar og hafði mælt með frv. En svo skeði hið furðulega: Þegar n. hafði samþ. málið, þá er henni allt í einu skipað að skipta um skoðun og hindra, að frv. nái fram að ganga. Það hafði nefnilega komið í ljós, að hinir bandarísku forráðamenn mótvirðissjóðs brugðu fæti fyrir málið og skipuðu n. að skipta um skoðun. Þessir herrar sáu enga ástæðu til þess, að íslenzka þjóðin hefði ástæður til að byggja íbúðarhúsnæði. Þannig var fátækum mönnum úr verkamannastétt og millistéttum synjað um rétt til að reisa sér þak yfir höfuðið. Ef hæstv. ráðh. vill ekki kalla þetta erlenda íhlutun, þá veit ég ekki, hvað þetta skal kallast. Ég veit ekki, hvað skal kallast íhlutun í innanlandsmálum smáþjóðar, ef það er ekki þetta, þegar erlent veldi skiptir sér af gangi þingmála og skipar þingn. að skipta um skoðun í hvelli, því að þeir — þeir amerísku — séu á móti málinu.

Ég ætla að sleppa að þessu sinni að víkja orðum að hv. frsm. þessa frv., en langar að víkja nokkrum orðum til Framsfl. í sambandi við þetta mál. Ég býst við, að flokkurinn hafi athugað frv. þetta mjög gaumgæfilega. Frá því frv. kom fram, hefur það verið prentað upp og er nú mjög breytt frá því að það var fyrst prentað. Framsókn ætti því að vera það vel ljóst, hvað felst í þessu frv. Í 16. gr. þingskapa stendur m. a., með leyfi hæstv. forseta: „Til utanríkismálanefndar skal vísað utanríkismálum. Utanríkismálanefnd starfar einnig milli þinga, og skal ráðuneytið ávallt bera undir hana utanríkismál, sem fyrir koma milli þinga.“ Eins og sjá má af þessu, er það bókstaflega fyrirskipað, að undir utanrmn. skuli bera öll utanríkismál, sem fyrir koma, jafnt á þingi og milli þinga. Þetta var praktiserað þannig í þeirri beztu stjórn, sem setið hefur að völdum síðan lýðveldi var stofnað á Íslandi 1944, nýsköpunarstjórninni. Fyrir utanrmn. voru á þeim árum lögð öll utanríkismál, mál varðandi utanríkisverzlun og viðskipti, verzlunarsamningar og skipun manna í embætti erlendis. Með því var á þeim tíma því slegið föstu, að þessi mál heyrðu undir utanrmn. Hins vegar, þegar Framsókn kemur í stjórnina, er þessu öllu kippt úr fyrra farvegi, og þeir virðast nú ekki hafa neitt að segja varðandi stefnuna í utanríkismálum, utanríkisverzlun eða verzlunarsamninga. Það eina, sem þeir virðast hafa einhver ítök um, er skipun sendiherraembætta, ef svo býður við að horfa. Sjálfstfl. hefur þannig borið Framsfl. ofurliði í utanríkismálum, eftir að rn. Ólafs Thors riðlaðist og leystist í sundur. Maður skyldi nú ætla, að Framsókn hefði gætt að sér í þessum málum. Í gildandi l. eru ótvírætt fyrirmæli um það, að öll utanríkismál skuli leggja fyrir utanrmn., en með þessu frv. um breyt. á þeim l. er sú skylda algerlega horfin. Hið eina, sem eftir er af þeim fyrirmælum, er það, að gert er ráð fyrir, að á Alþ. starfi þingnefnd. Þeim rétti, sem var í l. um, að n. starfi á milli þinga, er nú kippt í burtu. Með þessu tilræði er þingræðið gert veikara, og utanrrh. ræður öllu um meðferð utanríkismálanna. Framsfl.-menn virðast vera með þessu, að veikja þannig vald þingsins, sem þeir þó hafa viljað standa á móti áður fyrr. Nú hefur það einkennilega skeð, að hv. frsm. meiri hl. allshn., 1. þm. Árn., minntist ekki einu orði á þetta í framsöguræðu sinni. — En af hverju gerir Sjálfstfl. þessa aðför að þingræðinu? Það er vegna þess, að Framsfl. hefur látið það viðgangast, að lögin væru þverbrotin, og nú er verið að binda endahnútinn á þetta, að utanrrh. fái öll völd í sínar hendur. Það er vitað, af hverju og í hvaða tilgangi þessir flokkar sækja þetta mál nú af svo miklu kappi. Það er til þess að útiloka Sósfl., að hann geti haft áhrif á gang utanríkismála og viðskipta. Þó stóð Framsfl. með Sósfl., er þessir flokkar kröfðust þjóðaratkvæðis um Keflavíkursamninginn, og hálfur þingflokkur Framsóknar greiddi atkv. á móti þeim samningi hér í þinginu. En hvað er nú? Nú eru Bandaríkjamenn komnir að þeirri niðurstöðu, að Framsfl. sé ekki að öllu treystandi vegna fyrri afstöðu til Keflavíkursamningsins; þeir hafi haft mök við skrambans kommana. Og nú heimtar utanrrh., að hann fái öll völd í sínar hendur. Þetta þýðir, að Sjálfstfl. fær öllu ráðið um utanríkissamninga

og utanríkisverzlun. Þessi flokkur getur því rekið utanríkisverzlun Íslendinga sem eins konar fjölskyldufyrirtæki. Það er enginn annar en Framsfl., sem komið hefur þessu á, og flokkur hæstv. forsrh. er svo aumur í sambúðinni við Sjálfstfl. af meðferðinni í utanríkismálunum, að hann er farinn að leita á náðir þingsins vegna þess. Nú er hér frv. í þinginu um, hvort ekki mætti leyfa Sambandi ísl. samvinnufélaga að flytja út eitthvað af saltfiski. Þegar svo er komið, að íhaldið hefur öll völd varðandi útflutningsverzlunina, þá kemur Framsókn kvartandi og kveinandi á náðir þingsins út af slæmri meðferð í þeim efnum við samstarfsflokk sinn í ríkisstj. Sjálfstfl. hefur nú allt á þurru í þessum efnum, og nú með þessu frv. er flokkur hæstv. forsrh. að dæma sig algerlega úr leik í viðskiptum sínum við fjölskyldufyrirtæki Sjálfstfl. Það má mikið vera, ef Framsókn hjálpar þessu frv. í gegnum þingið, hvort ekki þurfi að koma til hjálpar henni við nábúann fyrr en lýkur. — Ég vildi skjóta þessu að hérna, því að þm. Framsóknar mættu gjarnan athuga betur sinn gang í þessu máli.

Ég ætla ekki að fara út í almennar umr. um þetta mál nú, frekar en orðið er. Hins vegar vildi ég undirstrika þetta atriði, ef Framsfl. hefur ekki gert sér fyllilega ljóst, hvað hann er að fara. Það var gerð gagnger breyt. á frv. frá því, að það kom fyrst fram, en ég held, að það væri enn þörf að athuga málið nokkru betur. Þótt nú sé með þessu frv. reitt hátt til höggs, þá er ég ekki viss um, að Framsókn ætlist til þess að láta rota sig með því um leið.

Það getur verið, að ég beri fram brtt. við frv. við 3. umr. þess, en ég læt við þetta sitja nú.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég vil ekki tefja umr., en þetta verður aðeins örstutt athugasemd út af ummælum hv. síðasta ræðumanns, 2. þm. Reykv.

Hann sagðist skilja, að ég þyrfti að þvo af mér blett vegna samstarfs míns við sósialista í nýsköpunarstjórninni. Þessi ummæli eru að því leyti undarleg, að þau gefa þeirri skoðun byr undir vængi, að flokkur þessa þm. sé háður erlendu valdi. Ég þarf ekki að þvo af mér neinn smánarblett út af því samstarfi, sem ég hafði við Sósfl. á árunum. Það voru fleiri menn en ég, sem gerðu tilraun til þess að efna til samstarfs við kommúnista. (EOl: Roosevelt forseti er nú ásakaður fyrir það sama.) Við skulum nú ekki vera að grafa upp þann merka og mikla mann. Já, það voru margir menn mér meiri, sem reyndu þetta samstarf í heiminum á þeim tíma. Það var reynt að hafa þá í samstarfi með lýðræðisþjóðum heimsins og fá þá til þess að berjast með þeim að sameiginlegu marki í síðustu styrjöld. Með sameiginlegu átaki tókst að lokum að ná sigri í styrjöldinni, en að henni lokinni reyndist ekki unnt fyrir lýðræðisþjóðirnar að hafa frekara samstarf við kommúnistana, sem hefur leitt til öngþveitis þess, sem nú ríkir í heiminum.

Ég gat ekki áttað mig á því, hvað hv. þm. átti við, þegar hann fór að tala um fjhn., að valdið hefði verið tekið af henni í sambandi við smáíbúðafrv. En ef ég hef tekið rétt eftir, þá var svo komið í fyrra, að okkur lék hugur á að leitast við að ráða bót á þeim skorti, sem reyndist þá vera á íbúðum og þá sérstaklega í Reykjavík. Hins vegar urðum við til þess neyddir að hætta við að fara út í þetta þá á síðustu stundu, vegna þess að málið var á þeim tíma ofvaxið þjóðinni. Kom þar meðal annars til greina nýafstaðin gengislækkun, sem tryggja varð, að hefði tilætluð áhrif. Það er dæmalaust af hv. þm. að halda slíkum fullyrðingum á lofti sem hann bar fram í ræðu sinni, að hér hafi verið um eitthvert valdboð að ræða.

Ég vil þakka góð orð í garð þeirrar stjórnar, er ég veitti forstöðu árið 1944. Ég skal fúslega játa, að meðferð mín á utanríkismálum þann tíma var að ýmsu leyti áfátt, en er hv. 2. þm. Reykv. er nú að tala um það, að Framsfl. sætti sig við það, að Sjálfstfl. skipi eingöngu sína menn til að fara með utanríkismálin, þá er þetta fjarri öllu lagi hjá hv. þm. Ég held, eins og fram hefur komið í blöðum, að umboðsmenn íslenzka ríkisins séu ekki af neinum sérstökum lit, t. d. hvorki á fundum Sameinuðu þjóðanna né á fundum Atlantshafsbandalagsins. Nú eru t. d. fulltrúar þjóðarinnar á fundum Sameinuðu þjóðanna sendiherra okkar í Washington, sem setið hefur þar frá byrjun, sendiráðunautur í París, og sá þriðji átti að vera Finnur Jónsson alþm., en hann gat ekki farið sökum sjúkdóms, og fór því annar maður í hans stað. Á fundi Atlantshafsráðsins eru nú auk utanrrh. Hans G. Andersen, sem verið hefur ráðunautur ríkisstj. í utanríkismálum, og sendifulltrúi okkar á Ítalíu. Af þessum mönnum hefur ekki verið tekin nein blóðprufa eða reynt að rannsaka pólitískar skoðanir þeirra.

Ég tel þess ekki þörf, að ég svari hv. þm. Siglf., en vil þó segja örfá orð út af ræðu hans. Hann sagði í ræðu sinni, að svo virtist, að aldrei væri hinn minnsti ágreiningur varðandi ýmis mál og málefni á milli Bandaríkjastjórnar og ríkisstj. Mér er spurn: Hvernig veit hann þetta? Út af þessu vil ég upplýsa, að það hefur æ ofan í æ komið fyrir, að nokkur ágreiningur hefur orðið varðandi sjónarmið Íslendinga í ýmsum samningagerðum, og hafa Bandaríkin oft orðið að beygja sig fyrir íslenzkum hagsmunum varðandi ýmis atriði. Það hefur engu síður verið Bandaríkjanna að hliðra til en Íslendinga.

Þá fór þessi hv. þm. að tala um það, að Bandaríkjamenn hefðu hug á að flytja kjarnorkustöðvar til Íslands. Hvað er hv. þm. annars að fara? Þótt einhver einn þm. í bandarísku þinginu beri fram í ræðu aðra eins fjarstæðu og þetta, að kjarnorkuver skuli flutt hingað til Íslands, þá ber ekki að skilja það svo, að það sé vilji og skoðun stjórnarvaldanna. Það væri eitthvað bogið við það, ef ríkisstj. ætti að bera ábyrgð á einhverri vitleysu, sem einstaka þm. héldi fram. Það væri t. d. eitthvað meir en einkennilegt, ef ég ætti að bera ábyrgð á hverju orði, sem þm. Sjálfstfl. segðu.

Hv. þm. sagði, að þessum málum væri ólíkt betur komið, ef ég væri utanrrh. Ég segi ekki annað en það, að þetta lýsir því, að hv. þm. getur ekki litið hæstv. utanrrh. réttu auga, en

vill gera mér allt til sóma, en þetta er með öllu ómaklegt, því að hann hefur ekkert gert annað en það, sem við höfum verið sammála um. Ég hef fylgt hans forustu í þessum málum, og hefur ekki orðið minnsti ágreiningur milli okkar um þau. Ég held að ég megi segja, að hann hafi ekki borið fram neitt mál í embætti sínu í þessari ríkisstj., sem ekki hefur verið sameiginlegur vilji allrar ríkisstj. Utanrrh. hefur ekki borið annað fram en það, sem ríkisstj. og flokkar hennar hafa verið sammála um og hafa talið rétt. Nú er greinilegt, að hv. þm. meinar ekki, að ég sé þessi góði maður, sem geri allt að hans vilja, en hæstv. utanrrh. sé illur andi. Hann er nýbúinn að segja, að það séu þrír menn, sem marki stefnu utanríkismálanna hér á landi, og ég sé einn þeirra. Með þessu vill hann segja, að mínar skoðanir og minn vilji leggi þar á ráðin. — Ég vil ekki fjölyrða frekar um þetta, en að lokum ætla ég að minnast á tvö atriði. Hann segir, að við förum í einu og öllu að vilja Bandaríkjanna. Þetta er með öllu rangt. Sósíalistar fylgja vilja Rússlands. Það er viðurkennd staðreynd og einn meginkjarninn í boðskap kommúnista og trú, að þeim beri í einu og öllu að fylgja valdboðinu að austan. Það má marka ágæti kommúnista á því, hvort hann rís gegn eða fylgir valdboðinu. Því minna sem hann rís gegn því, þeim mun betri baráttumaður er hann fyrir þessari stóru hugsjón. Þeir telja sér þetta til sóma, en við teljum okkur það til vansæmdar og gerum það því ekki. Hann sagði, að ég vildi ekki standa á móti vilja Bandaríkjanna af ótta við að verða valdalaus. Þegar slitnaði upp úr samvinnunni milli mín og sósíalista út af utanríkismálum, skal ég geta þess, að ég tók einn ákvörðun um, að samvinnunni skyldi slitið. Sósíalistar sátu þá í einu herberginu uppi í stjórnarráði og Alþfl. í öðru. Ég gekk þá á milli herbergjanna og athugaði sjónarmiðin. Ég hef áður sagt frá ástæðunni fyrir því, að ég var svona hikandi. Ég hélt, að það yrði erfitt að stjórna landinu án samstarfs við sósíalista. Ég þóttist sjá, að það væri ekki tjaldað nema til einnar nætur með því að halda áfram samstarfinu, en var hikandi, hvort ekki væri rétt að láta reynsluna skera úr. Síðustu spor mín til þeirra fundarherbergis voru mín síðustu spor til að reyna að ná samkomulagi við þá. Ég fór inn í mitt fundarherbergi og ræddi við mína flokksmenn. Ég kvaddi sósíalista og sagði við þá, að við skyldum ekki ræða meira um þetta. Ég tilkynnti Alþfl. það sama, kallaði síðan saman alla flokkana, og ég veit, að ég segi satt frá, að það kom sósíalistum á óvart, að ég skyldi ekki sarga frekar við þá. Þessa ákvörðun tók ég einn. Ég missti trúna á það, að ég gæti náð grundvelli fyrir samstarfi, en vildi, að stj. gæti staðið áfram, því að hún hafði mörgu góðu til leiðar komið. Ég gat eingöngu gert þetta, og það er sannleikur, að þessa ákvörðun tók ég einn, hvort sem það hefur þótt betra eða verra. — Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta, til að lengja umr. ekki fram úr hófi.

Frsm. meiri hl. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Ég ætla aðeins að segja örfá orð. Ég get alveg leitt hjá mér umr. um það gamla heimili, sem einu sinni ríkti hér, og læt það alveg umtalslaust. Aðeins vegna þess, að hv. 2. þm. Reykv. taldi að með þessu frv. væri verið að uppræta það að vísa utanríkismálum til utanrmn., vil ég lesa upp 16. gr. þingskapa, sem hljóðar um utanríkismál. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Til utanrmn. skal vísað utanríkismálum. Utanrmn. starfar einnig á milli þinga, og skal ráðuneytið ávallt bera undir hana utanríkismál, sem fyrir koma milli þinga.“ Svona hljóðar 16. gr. um þetta, en í frv. hljóðar þetta svo: „Til utanrmn. skal vísað utanríkismálum. Utanrmn. skal kjósa 3 af nm. með hlutfallskosningu og jafnmarga til vara, er séu ríkisstj. til ráðuneytis um utanríkismál, jafnt milli þinga sem á þingtíma.“ Eina breyt. á þessu ákvæði er sú, að á milli þinga mundu 3 menn, sem kosnir yrðu, fjalla um þessi mál og vera ríkisstj. til ráðuneytis. Það er lagaleg skylda eftir sem áður að vísa málum til n. Ef hv. þm. óttast, að eftir ákvæðum þessa frv. verði ekki farið, bjargar það því ekki við, að ekki sé hægt að brjóta þau ákvæði þingskapa, sem nú eru í gildi. Það er fjarri öllu lagi, og skyldan er skýlaus. (EOl: Hún er alveg farin.) Hv. 2. þm. Reykv. ætti ekki að leika það hlutverk hér að segja, að skyldan sé ekki augljós. (EOl: Vill hv. þm. lesa seinni hlutann aftur?) Ég get gert það fyrir hv. 2. þm. Reykv., en ég býst við, að hann öðlist ekki frekari skilning á þessu við það. Hann mun hafa frv. við höndina, og vil ég ráða honum til að lesa það, ef hann telur, að ekki sé skylt samkvæmt þessum ákvæðum að bera utanríkismál undir utanrmn. (EOl: Milli þinga? Hvar stendur það? Það stendur hvergi.) Hann getur þráazt eins og hann vill, en þetta stendur skýlaust. Það breytir ekki neinu, þó að hann þræti um þetta efni.

Ég skal ekki fara frekar út í umr. um þetta mál, það getur hver haft sína skoðun á þessu eftir því, sem honum finnst ástæða til, en það er kátbroslegt að heyra af vörum sósíalista, að þeim hafi þótt góð stjórn utanríkismálanna í tíð nýsköpunarstjórnarinnar. Það er einmitt margs að minnast í sambandi við þann viðskilnað. (Atvmrh.: Þetta var heiðursstjórn.)

Forseti (SB): Ég vil beina því til hv. þm., að þeir stytti mál sitt, svo að hægt verði að komast hjá síðdegisfundi.

Frsm. minni hl. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Hæstv. atvmrh. vildi ekki svara nokkrum atriðum í seinni ræðu minni. Það voru einkum tvö atriði, sem fram komu og ég vildi sérstaklega ræða. Ég fullyrti, að þeir, sem nú fara með utanríkismálin hér, hefðu í samningum við Bandaríkin í engu atriði staðið á rétti Íslendinga, heldur hagað sér eingöngu eftir óskum Bandaríkjanna. Ég lýsti því rækilega í fyrri ræðu minni og ætla ekki að endurtaka það nú, en atvmrh. segir, að mikill ágreiningur sé milli Bandaríkjanna og Íslands. Þetta er rangt. Það stendur þannig á, að þegar Bandaríkin semja við Ísland, höfum við góða aðstöðu til að fylgjast með gangi málanna. Það er ekki af því, að

ríkisstj. skýri frá gangi slíkra samninga, heldur eru það stjórnmálamenn í Bandaríkjunum, sem eru gleggsta heimildin. Við getum rakið afstöðu Íslendinga til ýmissa mála, svo sem Marshallsamningsins, Atlantshafsbandalagsins, viðauka við Atlantshafssamninginn og afstöðu Bandaríkjanna til Sameinuðu þjóðanna. Í hverju einasta atriði sést, að Ísland hefur alltaf hlýtt kalli Bandaríkjanna í einu og öllu. Hæstv. atvmrh. óskaði ekki eftir því að fara inn á einstök atriði. Það getur verið, að það hafi orðið ágreiningur um eitt atriði; þegar Bandaríkin hafa ekki viljað láta þá hafa nema eina millj., hafi þeir beðið um meira. Afstaðan til Bandaríkjanna hefur alltaf verið afstaða styrkþegans til veitandans og ekki annað en það, að styrkþeginn ber sig upp og ber lóminn til að fá sem mest. En í öllum pólitískum málum hefur íslenzka stjórnin hlýtt kalli Bandaríkjanna. Ég vil benda á, að sósialistar hafa alltaf látið málstað Íslands sitja í fyrirrúmi. Hvaðan hefur hæstv. atvmrh. þau rök, sem hann segir að séu almennt viðurkennd, er hann segir, að kommúnistar lúti Rússum í einu og öllu? Er Morgunblaðið þessar heimildir, eða kannske Tíminn og Alþýðublaðið? (Atvmrh.: Hefur Brynjólfur Bjarnason aldrei sagt það?) Það er ekki hægt að benda á eitt einasta dæmi, þar sem sósialistar hafa látið Rússland ráða afstöðu sinni. Þeir hafa verið á móti herstöðvum, hvort heldur þær væru rússneskar eða bandarískar, og er ekki hægt að nefna eitt dæmi, þar sem þeir hafi slakað á þessari afstöðu sinni, enda er þetta sú afstaða, sem allir íslenzkir stjórnmálaflokkar eiga að hafa. Ég sagði, að utanríkismálunum væri ólíkt betur komið í höndum hæstv. atvmrh. en hæstv. utanrrh. Þó segi ég ekki, að hann hafi ekki bognað undan áróðri Bandaríkjanna. Því miður. Þó að hann hafi gert það, er ég sannfærður um, að hann hefði haldið betur í spottann en nú er gert; ég þekki hann það vel. En núv. utanrrh. hefur talið sér hagkvæmara í sínum valdastóli að halla sér að einhverjum sterkum. Við getum lesið um það í Sturlungu, að íslenzkir stjórnmálamenn hölluðu sér að Noregskonungi. Þá var sjálfstæði Íslands líka dauðadæmt. Þetta er glöggt dæmi um, að íslenzkir stjórnmálamenn halla sér að erlendu valdi í pólitísku stríði hér. En það þýðir ekki, að hæstv. atvmrh. hafi líka bognað í þessum málum. Það er vitað, að þegar slitnaði upp úr samvinnu Sósfl. við Sjálfstfl., tók hæstv. atvmrh. ákvörðunina, en því trúi ég ekki, að hann hafi dregið yfir sig nautshúð og ekki ráðfært sig við sína flokksmenn. Í hans flokki voru menn, sem vildu halla sér að Bandaríkjunum. Bandaríkin voru orðin svo sterk á alþjóðavettvangi, að það var ekki um annað að ræða en að halla sér að þeim. Það var í fyrsta skipti árið 1949, sem hann tók opinbera afstöðu í áramótaboðskap. Þá tók hann allmikið upp í sig til að sanna þessum mönnum, að hann væri skeleggur í slagnum við kommúnista. Þetta er í fyrsta skipti, sem hann þverbeygir í sinni stefnu. Ég veit, að hæstv. atvmrh. gæti breytt utanríkispólitíkinni, ef hann hefði kjark til þess. (Atvmrh.: Mig hefur aldrei skort kjark.) Hann hefur látið undan síga. Í áramótaræðunni 1949 gat hann þess, að það þyrfti að koma upp herstöðvum á Íslandi. Þetta kom undarlega við almenning. Því var lýst yfir, að vitanlega kæmi þetta ekki til greina á friðartímum. Það kom vitanlega ekki til greina nema í styrjöld, svo að Rússar notuðu Ísland ekki sem skammbyssu til að koma að baki Bandaríkjanna, eins og það var orðað. Hver hefur raunin svo orðið? Þrátt fyrir hátíðlegar yfirlýsingar þessara herra hafa Bandaríkin komið sínu fram og hafa fengið herstöðvar hér, þó að stríð hafi enn ekki brotizt út. Það eru engar líkur til, að þessar herstöðvar standi í minna en 20 ár. Það er við því búið, að herlið Bandaríkjanna, sem býr í okkar þjóðfélagi, stofni menningu okkar og tungu í hættu. Við fáum að hafa þetta lið í framtíðinni um tugi ára. Þetta er eitt lítið dæmi um það, að Bandaríkin fá allt sitt fram. Það er vert að hugleiða það, að við erum komin á það stig, að við erum búin að glata sjálfstæði okkar með því að hlýða boði og banni erlendra stjórnarvalda, ekki aðeins í utanríkismálum, heldur einnig í innanríkismálum. Sú kreppa, sem hefur verið sköpuð hér, er sköpuð að undirlagi Bandaríkjanna. Það sést hér, að eingöngu er fylgt ráði Bandaríkjanna. Þó að við getum selt framleiðslu okkar við góðu verði, er komin hér kreppa, sem skollin er yfir þjóðina, og er að líkindum verra ástand hjá almenningi en í heimskreppunni 1931. Ég efa ekki, að margir þeirra, sem eru með því að hafa herstöðvar hér í framtíðinni, hugsi eins og valdhafarnir hugsuðu á Sturlungaöld: Ef erlendur her er í landinu, er minni hætta á því, að valdaaðstaða okkar verði rýrð, minni hætta á því, að þjóðin hugsi um að skipta um forustu. — Það hugsa eflaust margir þannig, sem að þessu standa.

Hæstv. atvmrh. gaf tilefni til að fara að ræða störf hæstv. utanrrh., en ég vil ekki taka þeirri áskorun. Hann er víst að stjórna heiminum. Hann situr fund með hinum 12 stóru til að ákveða, hvernig skuli leggja Rússa að velli. Hann þykist sjálfsagt vera að vinna stórvirki. Ég býst við, að flestir, er sitja fundinn með honum, telji hann sjálfan og tilganginn með hans för bókstaflega hlægilegan, og lái ég þeim það ekki. — Ég sagði, að hæstv. atvmrh. væri einn þeirra, sem mörkuðu utanríkisstefnuna, en það er nú svo komið, að hann hefur orðið að beygja sig fyrir ýmsum sjónarmiðum, m. a. fyrir áköfum árásum hæstv. utanrrh., sem hlýðir fyrirmælum Bandaríkjanna í einu og öllu. Er það ekki rétt, að það sé ekki sannfæring hæstv. atvmrh., að rétt sé að stofna sjálfstæði þjóðarinnar í hættu með því að gefa alveg frá sér utanríkismálin og halla sér að erlendu ríki? En hann brestur kjark og aðstöðu til að hafa áhrif á gang málanna og beina þeim inn á aðrar brautir. Sósialistar hafa varað við þessu, og eru margir íbúar þessa lands fylgjandi þeim aðvörunum. Það er greinilegt, að það er mikill uggur í mörgum hér á landi um það, hvað sé fram undan, ef við verðum leiksoppur í hendi stórveldis. Það er það ömurlegasta, sem fyrir litla þjóð getur komið. Þeir verða fleiri og fleiri, sem sjá, að illa hefur verið haldið á málum Íslands og að þeir menn, sem trúað var fyrir forustunni, hafa

brugðizt. Ég er sannfærður um, að takist þjóðinni að öðlast sjálfstæði aftur, þá mun hún dæma þessa menn á sama hátt og hún dæmdi þá menn, sem börðust gegn því, að Ísland losnaði undan valdi Dana.

Hæstv. atvmrh. segir, að hann geti ekki borið ábyrgð á því fyrir Bandaríkjastjórn, hvað hver einstakur þm. kunni að segja á þingi Bandaríkjanna. Ég vil benda á, að það, sem þessi þm. í Bandaríkjunum sagði, var vegna fram kominna krafna frá Englendingum um, að ekki yrðu hafðar kjarnorkusprengjustöðvar í Bretlandi. Ég veit ekki til, að Íslendingar hafi komið fram með nokkur slík mótmæli. En ég veit hins vegar, að Truman sagði, að kjarnorkusprengjan væri aðeins eitt af þeim vopnum, sem her Bandaríkjanna hefði yfirráð yfir, og að það væri á valdi hershöfðingja þeirra, hvenær það vopn væri notað. Það er ekki heldur það, sem skiptir máli hér, hver ber ábyrgð á því, sem einhver þm. í Bandaríkjunum segir, heldur hitt, að Ísland verði ekki gert að kjarnorkustöð. Það hefði því verið full ástæða fyrir Íslendinga að taka það fram, er þeir gerðu varnarsamninginn, að þeir vildu ekki hafa hér kjarnorkustöð.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa mál mitt lengra að þessu sinni, en skal aðeins vegna þess, sem hv. 1. þm. Árn. (JörB) sagði um frv., lesa fyrir hann, hvernig þetta er í þingsköpum nú, og svo eins og það er í frv. Í l. eins og þau eru núna hljóðar þetta svo:

„Til utanríkismálanefndar skal vísað utanríkismálum. Utanríkismálanefnd starfar einnig milli þinga, og skal ráðuneytið ávallt bera undir hana utanríkismál, sem fyrir koma milli þinga.“

Í frv. er þetta hins vegar orðað þannig:

„Til utanrmn. skal vísað utanríkismálum. Utanrmn. skal kjósa 3 af nm. með hlutfallskosningu og jafnmarga til vara, er séu ríkisstjórninni til ráðuneytis um utanríkismál, jafnt milli þinga sem á þingtíma.“

Vill svo hv. 1. þm. Árn. halda því fram, að þetta sé það sama. Ég býst við, að svo sé ekki.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég þarf ekki mikið að segja um þetta mál nú. Hv. þm. Siglf. hefur tekið fram flest það, sem ég hafði ætlað að tala um. Annað er það, að hæstv. atvmrh. hefur ekki gert sér ljós þau sinnaskipti, sem orðið hafa í atvinnumálum undanfarið, sérstaklega í fjhn. Ed. En það vill svo til, að einmitt nýlega hafa skotizt upp nýjar upplýsingar um þetta og þær liggja skjalfestar á Alþ. En í bréfi, er fjárhagsráð sendi fjhn., segir, að það treysti sér ekki til að bera ábyrgð á því gagnvart forráðamönnum sjóðsins, að þetta verði gefið frjálst, og það er auðséð, að það er ECA, sem átt er við. M. ö. o., fjárhagsráð lýsir því yfir, að það verði fyrst og fremst að taka tillit til ECA sem síns yfirboðara í þessum efnum. Þetta liggur fyrir skjalfest í skjölum Alþ. Ég veit, að margir, m. a. helzti framkvæmdastjóri herstöðvanna hér á landi, eru mjög óánægðir yfir því, að okkur sósialistum var fengið þetta vopn í hendur. Síðan, eftir umr. hér, hefur fjhn. tekið til baka þessi orð, vegna þess að forráðamennirnir í Washington hafa kippt í spottann. En þó keyrir fyrst um þverbak, er frv. kemur til Nd. Þá breytir d. frv. vegna þess, að það er bannað af ECA að gefa þetta frjálst.

Svo er það, sem hv. 1. þm. Árn. (JörB) sagði. Ég hélt, að það mundi aldrei koma fyrir mig að þurfa að kenna mínum gamla, góða kennara að lesa, en ég held, að hann skilji ekki, hvað felst í þessu frv. Frv. felur það í sér, eins og raunar er greinilega tekið fram í lok grg., að utanrmn. skuli skoðast sem hver önnur þn. Sú setning í gr., sem gaf n. rétt til að fjalla um utanríkismál milli þinga, hefur verið numin burt. Í staðinn fyrir skyldu til að bera utanríkismál undir n. er nú aðeins heimild til að hafa þessa 3 menn til ráðuneytis. Ef hv. 1. þm. Árn. er þetta ekki ljóst, er það af því, að hann hefur trúað öðru fyrir fram að óathuguðu máli og vill nú síðar ekki trúa öðru, þótt honum sé sýnt fram á það, — eða þá hitt, að hann ætlar að reyna að kingja þessum bita, þótt hann viti, að hann sé eitraður.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég skal aðeins hafa örfá orð um þetta nú, en þá má ekki heldur ætlast til, að ég reki eða hreki öll þau firn, sem hér hafa komið fram af eintómum staðleysum og firrum.

Ég held, að í síðustu ræðum kommúnista hafi ekki komið fram neitt, sem ekki var í fyrri ræðum þeirra. Eitt af því var það, að Bandaríkin væru að skapa hér kreppu. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um það, en hitt er staðreynd, að ef Bandaríkjanna hefði ekki notið við, værum við ekki betur staddir en svo, að hér væri skortur. Annars ætla ég ekki að láta teygja mig út í þær umræður.

Annað atriðið, sem ég ætla að víkja að, er það, sem ég sagði við 2. umr., að kommúnistar þættu aldrei góðir kommúnistar, nema þeir tækju Rússa fram yfir allt annað. Um það ætla ég ekki heldur að eiga í orðaskaki við þá. Við skulum þá láta staðhæfingu standa þar gegn staðhæfingu.

Hv. þm. Siglf. sagði, að mér hefði láðst að geta þess, að kommúnistar hefðu aldrei viljað hér neinar herstöðvar. Út af fyrir sig er þessi staðreynd rétt. En það er einungis vegna þess, að þessi flokkur hefur vitað það, að þeim hefur ekki verið mögulegt að fá hér herstöðvar fyrir Rússa. Þess vegna vita kommúnistar það, að sú bezta þjónusta, sem þeir geta af hendi leyst fyrir sína austrænu húsbændur, er að reyna að koma því til leiðar, að Ísland sé óvarið. En þeim tekst það bara ekki. Ummæli þessara manna um hæstv. utanrrh. sýna vel, hver ótti þeim stafar af Bjarna Benediktssyni. Þeir vita vel, hvílíkur hæfileikamaður Bjarni Benediktsson er. Svo líkja þeir þessum manni við höfðingja Sturlungaaldarinnar, vegna þess að hann hefur fyrr en nokkur annar íslenzkur stjórnmálamaður risið til meiri mannvirðinga en nokkur annar vegna mikils mannvits og drengskapar. Og við meðráðherrar hans höfum það mikla trú á gáfum hans og hæfileikum, að okkur þykir engu máli vel ráðið, nema hann sé með í því. Það er því ekki mér til hróss, að þessir þm. vilja hefja mig til skýjanna á hans kostnað. Þvert á móti.

Þeir álíta mig minni mann en hann, og geng ég þess ekki dulinn, að það sé rétt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JR, JörB, KS, ÓTh, PO, SÁ, SkG, GÍG, MJ, StgrSt, AE, GÞG, HÁ, JóhH, JPálm, SB.
nei: SG, ÁkJ, ÁS, EOl, JÁ.
PÞ, ÁB greiddu ekki atkv.
12 þm. (LJós, ÁÁ, BÓ, EmJ, EystJ, FJ, GG, GTh, HelgJ, IngJ, JG, JS) fjarstaddir.
2. gr. samþ. með 16:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16:5 atkv.

Á 36. fundi í Nd., 4. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 190, 314, 320).

Brtt. 320 of seint fram komin. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Meiri hl. allshn. hefur borið fram brtt. við frv. þetta, sem prentuð er á þskj. 314. Hún er við 1. gr. frv. og varðar skyldur ríkisstj. til þess að bera utanríkismál undir utanrmn. Það var talið, að um nokkurt vafaatriði væri að ræða, en nú eru ákvæði gr. tvímælalaus með öllu, svo að gr. verður ekki misskilin. Því var brtt. borin fram við frv., og það leikur ekki á tveim tungum, að jafnskylt er að bera utanríkismál undir utanrmn. og er í fyrri ákvæðum.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta frv., þar eð það liggur mjög ljóst fyrir.

Frsm. minni hl. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Ég ætla að víkja nokkuð að brtt. meiri hl. allshn., en hún sýnir, að meiri hl. n. er ekki eins staffirugur að brjóta lýðræðisreglur sem fyrr og hefur nú lagað fyrri mistök og gert, að bera skuli utanríkismál undir utanrmn. Þá gerir allshn. ráð fyrir, að utanrmn. kjósi úr sínum hópi hlutfallskosningu 3 menn til ráðuneytis ríkisstj., og með sama hætti kýs n. úr hópi varamanna sinna 3 menn til vara, sem kvaddir skulu til í forföllum aðalmanna. Upphaflega hefur átt að láta 7 menn fá þannig 6 menn úr 7 manna hópi. — Hv. frsm. hefur ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um þetta mál, og honum virðist vera nokkuð sama um það, hvort hann þurfi að taka eitt eða fleiri hliðarhopp í þessu máli.

Hæstv. sjútvmrh. (ÓTh) talaði nokkuð um sósíalista. Hann hafði mikið á móti þeim 1942, en svo bregður þó við, að 1944 myndar hann ráðuneyti með okkur sósíalistum. Síðan líða tvö ár, og viðsýnni ríkisstjórnir taka við völdum víða í heiminum með þátttöku eða samstarfi við sósíalista. Svo var skyndilega breytt um stefnu, eins og menn vita, og þarf ekki að fjölyrða um. Hins vegar ætti hæstv. ráðh. að varast að hlaupa á sig á gamals aldri. Það hvílir ógæfa yfir þessu máli. Það hefur tvisvar þurft að bera fram brtt. við það síðan það kom fram í þinginu, en það gæti verið vissara fyrir hæstv. stjórn, ef nú skyldi vera fram undan veðrabreyting í heimspólitíkinni. Hætt er við, að meiri hl. taki ekki aðvaranir til greina.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég hef borið hér fram brtt. við 1. gr. frv., sem er prentuð á þskj. 320. Brtt. er við 1. gr. Á eftir 2. málsl. 2. efnismálsgr. („Til utanríkismálanefndar skal vísað utanríkismálum") komi svo hljóðandi málsliður: „Ráðuneytið skal ávallt, jafnt milli þinga sem á þingtíma, bera undir utanrmn. verzlunarsamninga, er ríkið gerir, og skipanir í embætti í utanríkismálum." Eins og fram hefur komið í ræðum okkar sósíalista um þetta mál, hefur þetta mál verið mjög illa hugsað í upphafi. Frv. þetta virðist, þegar það er athugað ofan í kjölinn, fyrst og fremst vera til þess að gera utanrrh. valdameiri. Nokkur lagfæring hefur þó fengizt á frv. frá því að það kom fyrst fram, og er nú tekin fram skylda ríkisstj. að bera utanríkismál öll undir utanrmn. Hins vegar er hinn yfirlýsti tilgangur frv. að útiloka sósíalista vegna samninga við Bandaríkin og samninga um hervæðingu Íslands. Það eru og fleiri ávextir, sem þetta frv. hefur í för með sér. Framsókn mun fá sín súru epli af þessu ráðabruggi. Utanrrh. verður einráður og hans flokkur um alla verzlunarsamninga og skipun í fulltrúaembætti ríkisins erlendis. Það var venja áður fyrr að hafa samráð við Alþ. um þessi mál, á meðan ríkisstj. hafði það í sinni hendi að selja meginhluta íslenzkra afurða, og það er eðlilegt, að ríkisstj. beri það undir utanrmn. Meðan landið var sjálfstætt og ekki undir erlendri harðstjórn og við máttum byggja hús hér á Íslandi án þess að spyrja útsendara frá erlendum bönkum, þá var þessi háttur á og góð samvinna milli Alþ. og ríkisstj. Nú er auðséð, að ef meiningin er að halda við það orðalag, sem nú er á till., þá er ætlunin að hverfa frá því fyrirkomulagi, sem var á þessum málum í upphafi lýðveldisins og var góður siður, en í stað þess gera það að einkamáli þeirra þriggja, er eiga að vera ríkisstj. til ráðuneytis. Mér þykir þetta illa farið, ef útiloka á 4 menn í n. frá því að fjalla um þessi mál. Ég álít, að sú utanrmn., sem Alþ. kýs, eigi rétt á að fjalla um þessi mál. Ég hef t. d. ekki orðið var við, að Framsfl. væri svo sérstaklega með saltfisksölunni, að hann ætti að vera því svo fylgjandi að útiloka sjálfan sig úr n. Ég held, að þær sölur, sem hafa farið fram að undanförnu, hafi sýnt, hvernig þessum málum er varið. Það væri fróðlegt að vita, hvernig stendur á því, að stj. selur íslenzkar vörur í viðskiptalöndum okkar, sem nú eru, fyrir miklu lægra verð en hægt er að fá á frjálsum markaði. Ég held, að það sé fyllilega nauðsynlegt að fylgjast með því í n., hvað gerist í þessum málum, t. d. eins og þegar hraðfrysti fiskurinn er seldur 30% undir framleiðsluverði og það svo notað sem átylla til að okra á bátagjaldeyrinum. Togararnir gætu lagt upp í hraðfrystihúsin hringinn í kringum landið. En samningar milli togaraeigenda og hraðfrystihúsanna stranda á því, að hraðfrystihúsin eru látin neita að gefa það verð fyrir fiskinn, sem hægt væri að fá á frjálsum markaði. Hins vegar munu hraðfrystihúsin vera hrædd við að

láta þetta vitnast, vegna þess að það mundi kippa grundvellinum undan þessum áróðri fyrir bátagjaldeyrinum og þeim byrðum, sem hann nú leggur á landsmenn. Ég vil leyfa mér að lýsa yfir, að svo framarlega sem útflutningur á freðfiski væri frjáls, þá væri hægt að selja hann á framleiðsluverði. Hins vegar er búið að neita hér á Alþ. að samþ. l., sem gæfu mönnum leyfi til að selja frjálst. Það er búið að koma í veg fyrir, að 3—4 mánuðir í haust væru hagnýttir í þessu skyni. Hæstv. ríkisstj. ætlar að losa sig við Alþ., til þess að hún geti framlengt bátagjaldeyrinn og annað slíkt án afskipta þess. Ég held það sé ákaflega misráðið af Alþ. að ætla sér að útiloka þann möguleika, sem það hefur til að hafa áhrif á þessi mál, með því að þau séu lögð fyrir utanrmn., en eins og fram á er farið í þessu frv., er utanrmn. útilokuð frá afskiptum af utanríkisverzlun milli þinga. Ég álít því, að Alþ. ætti að samþ. þá brtt., er ég flyt á þskj. 320, að það ætti að leggja utanríkisviðskipti undir hana bæði á þingtíma og milli þinga. Þetta væri líka í fullu samræmi við það, sem flm. hafa sagt að væri tilgangur frv. Ég vil vona, að þm. vilji athuga vel sinn gang, áður en þeir fella þessa brtt.

Þá er annað atriði, og það er um skipanir í embætti í utanríkisþjónustunni. Það var líka á fyrstu árunum eftir að lýðveldið var stofnað venja að bera slík mál undir utanrmn. Ég býst við því, að þm. hafi tekið eftir því við umr. í gær, að sendimenn okkar væru vel launaðir menn. Einn hv. þm. í fjvn. hélt því fram — og er ómótmælt —, að einn ræðismaður hafi 120 þús. kr. laun á ári. Sendiherrarnir eru langlaunahæstu menn ríkisins, og það virðast ekki vera nein ákvæði um það í launal., hve mikið þeir eiga að hafa í laun. En þessir menn eru með 200—300 þús. kr. laun hver, og virðist full ástæða til, að þessi n. hafi tækifæri til að fylgjast með því, sem þessir menn fá í laun, enda var það síður á tímum nýsköpunarstj. Ég held því, að rétt sé að samþykkja síðari efnislið till. minnar, og það er einnig í samræmi við hinn yfirlýsta tilgang frv. Það var aðeins verið að útiloka kommúnista, þessa hættulegu menn, frá samningum við Bandaríkin, og ef þetta er rétt og það var eini tilgangurinn, þá á hv. meiri hl. Alþ., sem að þessu máli stendur, að samþ. þessa till. mína. Það er ekki nokkur ástæða til að útiloka meiri hl. n. frá því að fjalla um slík utanríkismál sem þessi, enda er auðvelt að sjá um, að allt, sem snertir leynimakk Bandaríkjanna og Íslands, komist ekki upp fyrir því, og óþarfi að útiloka n. frá öllum utanríkisviðskiptasamningum.

Ég hef nú við 2. og 3. umr. einbeitt mér að því að lagfæra ágalla á þessu upprunalega frv., sem var skotið yfir markið. Hv. meiri hl. hefur tekið til greina ábendingar mínar og ætti einnig að taka þetta til greina.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég þarf ekki að eyða mörgum orðum að ræðu hv. 2. þm. Reykv. Hann talaði nú einkum um, að það þyrfti að breyta frv. Það, sem vakti fyrir flm. þessa frv., var að útiloka kommúnista frá afskiptum af utanríkismálum. Í því efni hefur engu verið breytt. Það eina, sem gert hefur verið, er það, að kveðið hefur verið skýrar á um réttindi þeirra, sem eftir eru. Ég hef ekki ástæðu til að harma þá breytingu. Það var sameiginlegur vilji okkar, sem að frv. stóðum, að þetta kæmi sem skýrast í ljós. — Meginkjarni ræðu hv. 2. þm. Reykv. var að halda því fram, hver höfuðnauðsyn það væri, að kommúnistar væru hafðir í ráðum um öll utanríkisviðskipti, og hann lofaði mjög nýsköpunarstjórnina í því sambandi. Það var jafnan gott samkomulag í nýsköpunarstj. um að láta Framsfl. ekki hafa hlutdeild í málunum, hvorki utanríkismálum né öðrum. Þó var ósamkomulag um, hvernig ætti að ráðstafa vörum, sem fleiri aðilar sóttust eftir. Þetta stafaði af því, að báðir aðilar vildu fá meira síldarlýsi með fiskinum en við gátum látið af hendi. Þegar svo var komið, að hvorki var hægt að leysa sölu lýsisins né fisksins, var mér falið að reyna að finna úrlausn. Ég tók það að mér, þótt mér virtist það í fyrstu vonlaust verk, en mér tókst það þó, og ég gerði það einsamall.

Það var höfuðmisskilningur hjá hv. 2. þm. Reykv., að hann virtist halda, að verzlunarsamningar væru nú sama eðlis og í tíð nýsköpunarstjórnarinnar. Þá seldi stj. allt, en nú selja eigendur vörunnar hana sjálfir og ákveða verðið og stj. hefur lítið þar um að segja. Gangur málsins er sá, að sá maður, sem er tengiliður milli utanrmn. og framleiðendanna, Pétur Thorsteinsson deildarstjóri, hefur sér til ráðuneytis umboðsmenn allra helztu útflytjendanna, t. d. S. H., S. Í. F., síldarútvegsn., S. Í. S., og nokkra aðra, sem eru umboðsmenn eigendanna. Þessir menn eru ætíð kvaddir til ráða, er um sölusamninga er að ræða ... Hér er með þessu stefnt í voða með síaukinni dýrtíð, sem bezt kom í ljós í sambandi við söluna til Ungverjalands, þaðan sem við urðum svo að kaupa rándýrt hveiti, sem við hefðum getað fengið miklu ódýrara annars staðar.

Þetta voru veigamestu villurnar í ræðu hv. þm., en þær nægja til þess að raska öllu því, sem hann sagði um þessi efni, og er hans till. að öllu leyti óþörf. Og ég minnist þess heldur ekki, að slík mál séu nokkurn tíma borin upp í utanrmn., vegna þess að þeir, sem þessa vöru eiga, sjá um slík mál sjálfir.

Hv. þm. skaut því inn í ræðu sína, að stjórnin hefði svikizt um að hlutast til um, að hraðfrystihúsin keyptu af togurunum. Þetta er algerlega úr lausu lofti gripið, því að stj. hefur gert mikið að því að beita áhrifum sínum að því, að samkomulag mætti takast á milli þessara aðila. Þetta hafa stjórnarvöldin gert, eftir að borgarstjóri Reykjavíkur hafði átt mestan þátt í því að koma þeim samningum af stað. Og ég veit ekki betur en þessir samningar hafi náð fram að ganga og ríkisstj. hafi tilkynnt hraðfrystihúsaeigendum, að hún gæfi frjáls útflutningsleyfi á fiski, eftir að hann hefði verið hraðfrystur. Og ég veit ekki betur en að hún hafi einnig beitt áhrifum sínum til þess, að hann mætti sem víðast seljast og fyrir sem bezt verð, og má þar til nefna, að tilraunir

hafa verið gerðar með það fyrir augum, að hann gæti síðan orðið útflutningsvara jafnvel til Arabíu og Ísrael. En það er svo fjarri sanni, að ríkisstj. hafi gert eitthvað til þess að hindra sölu þessara afurða; hún hefur þvert á móti gert sitt til að tryggja farsæla markaðsleit og góð málalok fyrir alla aðila.

Varðandi það, að nauðsynlegt sé að hafa kommúnista í utanrmn., til þess að þeir geti þar haft farsæl áhrif, verð ég að segja það, að þetta frv. væri ekki fram borið, ef lýðræðisflokkarnir vildu eitthvað hafa saman við þá að sælda.

Frsm. meiri hl. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Meiri hl. allshn. hefur ekki enn átt þess kost að sjá brtt. hv. 2. þm. Reykv., þar sem henni var ekki útbýtt fyrr en á þessum fundi, og get ég þess vegna ekki lýst neinu yfir fyrir hönd n. um afstöðu hennar, en hins vegar vil ég segja það út af ræðu hans, að utanrmn. verður sízt verr skipuð, eftir að þessi breyting hefur farið fram, og að hún er á engan hátt til meins. Eina breytingin er sú, að það eru færri menn, sem um þessi mál fjalla, en áður tíðkaðist. — Það, sem hann lagði aðaláherzlu á, var það, hvaða málum ætti að vísa til n. Í þessu frv. er ekki einn stafur um það að breyta því fyrirkomulagi, sem þar hefur verið haft á; hitt er það eina, að þar verða færri menn en áður. Þetta frv. gefur ekki til kynna, að neinar breytingar verði í þeim efnum, og þarf ég ekki að fjölyrða um það. Það má halda þeirri venju, sem tíðkazt hefur, þó að þetta frv. verði samþykkt.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég er hræddur um, að hæstv. atvmrh. sé farið að förlast minni, og vildi ég í tilefni þess, sem hann sagði, segja við hann nokkur orð.

Við sósíalistar erum ekki að biðja um að haft sé samstarf við okkur. Við erum einungis að krefjast þess réttar, sem kjósendur okkar hafa gefið okkur. Það er aðeins sú krafa, sem við setjum fram, þegar við sjáum, að það á að fara að útiloka okkur frá því að geta haft áhrif á þau mál, sem mesta þýðingu geta haft fyrir íslenzku þjóðina, sem eru samningarnir við Bandaríkin og önnur ríki, hvort sem það eru verzlunarsamningar eða skipun sendiherra meðal erlendra ríkja. Í því tilliti teljum við að eigi að fara að vilja Alþingis, og við eigum fullan rétt á að geta haft þar þau áhrif, sem okkur ber samkv. fjölda okkar. Þó að hæstv. ráðh. gefi digurbarkalegar yfirlýsingar nú, má hann gjarnan minnast þess, að hann hefði betur ráðfært sig við okkur sósíalista í fleiri málum, því að þegar hann hafði samráð við okkur, gerði hann það eina, sem mun halda nafni hans á lofti í framtíðinni.

Þá vil ég segja það við hann út af þeim stöðugu uppnefningum, sem hann og hans skoðanabræður láta ganga, að við sósíalistar séum einræðisflokkur, — þá vil ég bara minna hann á, að við erum þó eini flokkurinn, sem ekki hefur það á samvizkunni að hafa brotið stjórnarskrá ríkisins. Ég á þar ekki við þau afglöp, sem framin voru í vor, þegar hernámssamningurinn var gerður við Bandaríkin, heldur á ég þar við þau stjórnarskrárbrot, sem gerð voru 1941, þegar kosningunum var frestað, en fór svo allt út um þúfur, af því að þeir gátu ekki komið sér saman um, hvernig ætti að haga bæjarstjórnarkosningunum í Reykjavík. Þeir flokkar, sem þá brutu stjskr. og tóku sér það umboð, sem þeir ekki höfðu, skreyta sig nú mest með lýðræði og öðrum stássfjöðrum. — Og ég held, að það væri nær fyrir þessa flokka að gala lægra um það, að við sósíalistar þurfum að taka sinnaskiptum, því að ég veit ekki betur en að við höfum varla haft tíma til að komast frá samningaborðinu frá öðrum til þess að fara að semja við hinn, svo fúsir hafa þeir verið að semja við okkur.

Þá vil ég leyfa mér að rifja upp fyrir honum nokkur þau atriði, sem hann virðist mest vera farinn að ryðga í í sambandi við viðskiptamálin. — Hann var að tala um samningana 1946 við Rússa. Man hann ef til vill eftir því, að viðskiptin við þá hófust ekki fyrr en 1946, og man hann kannske eftir því, að það var síldarlýsið, sem var viðkvæmasta málið? Man hann eftir því, að það hafði verið svo, að Unileverhringurinn brezki hafði keypt af okkur allt síldarlýsið á 38 £ tonnið? Og man hann kannske eftir því, að í febrúar 1945 var ákveðið að selja líka framleiðsluna 1945 á sama verði, eftir að hann hafði ráðfært sig við þá menn, sem þar höfðu um að segja? Framsfl. lýsti ánægju sinni yfir því, að það skyldi hafa tekizt að selja alla framleiðsluna á þessu sama verði, og ég hef áður minnt hann á, að ég var einn á móti þessu í utanrmn., en allir aðrir höfðu þegar þá sannfæringu, að allar afurðir okkar hlytu að falla. Hæstv. ráðh. hafði gengið inn á það að selja á sama verði, og bæði Framsfl. og Sjálfstfl. fögnuðu þessu happi, sem þeir álitu, þar sem þeir höfðu áður lýst því yfir, að allar okkar afurðir hlytu að falla, og Framsfl. reyndar hlakkað yfir um árabil og Tíminn verið látinn básúna út um allar jarðir, og hið sama höfðu aðrir andstæðingar nýsköpunarstjórnarinnar gert, þar sem var Björn Ólafsson og heildsalablaðið Vísir.

En hvernig voru svo þessar verðlækkanir? Jú, þær komu fram í stórhækkuðu afurðaverði. En hverjar voru svo ástæðurnar, hvað Unileverhringinn snerti? Þær voru nú þannig, að Unilever vildi halda verðinu niðri og hindra jafnframt, að feitmeti gæti borizt til Austur-Evrópulandanna, og það vildi hann gera af því, að alþýða þessara landa hafði þá þjóðnýtt atvinnutækin og hann hafði ákveðið, að það skyldi ekki berast til hennar feitmeti, þó að hún sylti eftir stríðið. Þetta var það, sem olli því, að Unileverhringurinn vildi ekki láta af þeirri kröfu að kaupa allt lýsið. Og í þessu sambandi vil ég leyfa mér að leiða hæstv. ráðh. það fyrir sjónir, að hann fór utan, og svo fór að lokum, að okkur tókst að tvöfalda verðið á okkar lýsi. Þetta var nú allt verðfallið, sem varð eftir stríðið. — En þetta var ekki látið viðgangast hegningarlaust af þeirri stofnun, sem átti að sjá um, hvernig feitmeti væri skipt á milli

landanna í heiminum, — mig minnir, að hún héti Combined Food-Board. Og hverjar voru svo gagnráðstafanir hennar? Jú, hún setti Ísland í bann. Hún setti bann við því, að smjörlíkisfeiti væri flutt til landsins. Það voru þær refsingar, sem Íslendingar urðu að þola fyrir það, að þeir seldu síldarlýsið til Austur-Evrópu.

Og ef ég á að ýta betur við minni hæstv. ráðh., þá man hann kannske eftir því, að þessu banni var ekki aflétt — það stóð árið 1946 og fram í september það ár — fyrr en nokkrum dögum áður en Keflavíkursamningurinn var gerður, því að það þótti ekki vænlegt til árangurs, ef þetta ákvæði ætti að standa áfram. Og bróðir hæstv. ráðh., Thor Thors, var búinn að gera ítrekaðar tilraunir til þess að fá þessu aflétt, og honum tókst það loksins, nokkrum dögum áður en sá samningur var gerður. — Ég vil bara minna hæstv. ráðh. á þetta, úr því að hann var að bera brigður á, að það væri venja að vísa slíkum málum til utanrmn.

Þá upplýsti hæstv. ráðh. það, að nú væri fyrirkomulagið ekki lengur svona, heldur væri það svo, að framleiðendurnir gætu selt þetta allt sjálfir erlendis. Nú mætti kannske minna hæstv. ráðh. á, hvernig þeir fá að selja þetta. Það er í fyrsta lagi þannig, að ríkisstj. ákveður verðið, og í öðru lagi, hvað mikið magn þeir mega selja. Það er því þannig, að framleiðendurnir verða að sækja um það, hvað mikið þeir mega selja og fyrir hvaða verð. Hæstv. ráðh. talaði um það, að þarna þyrfti að vera eins konar samband á milli framleiðenda og þeirra, sem um sölu framleiðslunnar sæju, og sjá þá allir, að það mundi koma í hlut utanrmn. að segja þar um sitt álit, bæði að því er snerti verð og sölumöguleika. Þetta eru þau mál, sem jafnan ættu að heyra undir utanrmn.

Hæstv. ráðh. taldi upp ýmis sambönd, svo sem Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, sem hefðu sína fulltrúa við söluna og þeir gætu ráðgazt við. En hver er það, sem borgar „undirballansinn“ af þessari sölu? Á hverra baki bitnar það? Það bitnar á alþýðunni, og það er rétt, að það séu hennar fulltrúar, sem fái að hafa einhverja hlutdeild um, hvernig sölunni er háttað. Eða er það skoðun hæstv. ráðh., að almenningur eigi þarna ekki að hafa neinn rétt? Á þetta að vera einkaréttur einstakra manna? Ég held, að þeir menn, sem eru alltaf með lýðræðið á vörunum og eru að skreyta sig með því, ættu að færa svolítið af þessu lýðræði sínu inn í atvinnulífið. Og það virðist a. m. k. sem Framsfl. þyki, að þetta gerði ekki mikið til hvað saltfisksútflutninginn snerti, að minnsta kosti ef hann gæti þá náð í svolitla einokun sjálfur.

Hæstv. ráðh. var að tala um það, að ég hefði borið fram frv. um, að menn ættu að hafa alveg frjálsar hendur um það, hvað þeir flyttu úr landi og hvað þeir keyptu í staðinn. Ég held, að hæstv. ráðh. ætti að fylgjast betur með. Í því frv., sem ég lagði fyrir þingið (það er 12. mál), er gert ráð fyrir hömlum hvað það snertir, hvað menn megi flytja inn, og hæstv. ráðh. getur sannfærzt um þetta, ef hann bara nennir að hafa fyrir því að kynna sér 2. og 4. gr. þess. Það er einmitt tekið fram um þær kvaðir, sem á menn verði lagðar hvað innflutning snertir, og er þar miðað við það, að menn hlíti lögmálum hinnar frjálsu samkeppni. Spurningin er aðeins, hvort þau máttarvöld, sem hafa einokun á útflutningnum, þora að horfast í augu við það, að það sé frjáls samkeppni um söluna. — Hæstv. atvmrh. minntist í þessu sambandi á skiptin á íslenzka fiskinum og ungverska hveitinu. Nú vil ég spyrja hæstv. ráðh.: Þykir honum ekki nóg að láta viðgangast, að sífellt sé logið í afturhaldsblöðunum um þetta mál, þótt hann sé ekki sjálfur að þylja þau ósannindi hér á Alþ.? Hann veit ósköp vel sjálfur sannleikann í þessu máli. Í Morgunblaðinu hefur einn af hans beztu trúnaðarvinum hrakið blekkingar þær, sem Tíminn, Alþýðublaðið og Vísir (ég held, að Morgunblaðið hafi ekki tekið þátt í því) hafa þyrlað upp um þetta mál. Hvað sýndi ekki Ólafur Jónsson fram á með útreikningum sínum í Morgunblaðinu? Sýndi hann ekki fram á, að fyrir eitt þúsund tonn af freðfiski fengust 2 þúsund tonn af hveiti í Ungverjalandi, en fyrir sama magn, sem selt hefði verið til Bandaríkjanna fyrir frjálsa dollara, 1600 tonn af kanadísku hveiti, eða um 400 tonnum minna en í Ungverjalandi, og það er enginn annar mælikvarði til á verðgildi afurðanna en vörumagn það, sem fæst fyrir þær? Það, sem við höfum til að kaupa vöruna fyrir, er ákveðið magn af fiski, og það eina, sem við þurfum að hugsa um, er, hvernig við getum fengið sem mest vörumagn fyrir hann. Ef það þykir skynsamlegt að selja eitt þús. tonn af freðfiski með 12% álagi á framleiðsluverð og kaupa fyrir andvirðið dýrt hveiti, þá er það ríkisstj., sem ræður, hvort það skuli gert eða ekki. Ef það þykir rétt að selja eitt þús. tonn af freðfiski til Bandaríkjanna á 30% undir framleiðsluverði og nota dollarana til að kaupa ódýrt hveiti í Kanada, þá er það einnig hún, sem ræður. En þegar íslenzkur þjóðarbúskapur er látinn ráða, er aðeins spurt að því, hvort fyrir þessi þús. tonn af freðfiski, sem íslenzkir menn hafa framleitt, fáist tvö þús. tonn af hveiti eða aðeins 1600 tonn. Og hvað hefði skeð, hefði verið hér um að ræða frjálsa verzlun og frjálsa samkeppni? Útflytjendur, sem hefðu selt freðfisk til Ameríku og keypt hveiti fyrir þar vestra, hefðu orðið að hækka verðið á hveitinu hér heima til þess að geta staðið undir framleiðslukostnaðinum. Ef þeir hefðu aftur á móti selt fiskinn til Ungverjalands, hefðu þeir getað lækkað verðið á hveitinu og getað þannig selt það í samkeppni hér heima. Ég býst við, að hæstv. atvmrh. skilji þetta og að það er hægt að blekkja fólkið með því að gefa upp mismunandi verð á hveitinu, en það er ekki hægt að hæla sér af slíkri blekkingarstarfsemi. Hæstv. atvmrh. veit vel, að það hefur verið hægt að selja allan freðfiskinn til Austur-Evrópulandanna á því verði, að allur bátagjaldeyririnn hefði orðið óþarfur. Það hefði engin vara lent í bátagjaldeyri, ef mönnum hefði verið leyft að selja freðfiskinn til Austur-Evrópu og Ísrael. Þetta veit hæstv. ráðh. ósköp vel. Af hverju fá ekki togararnir að annast sjálfir sölu

á þeim fiski, sem þeir leggja hér upp? Af því að hraðfrystihúsin eru hrædd um, að þá verði komið upp um þau, að þá verði sýnt, að þau geta borgað meira fyrir fiskinn en þau gera. Hraðfrystihúsin þora ekki að borga nema 80% af framleiðsluverði fyrir fiskinn, vegna þess að ef þau borguðu meira fyrir hann, mundi koma í ljós, að það er hægt að selja allan fiskinn án bátagjaldeyrisins. Það mundi koma í ljós, að bátagjaldeyrinum var komið á til þess að borga undirballansinn af fisksölunni til Bretlands og Ameríku, til þess að borga upp 30% undirballansinn. Til þess að hringarnir, sem keyptu af okkur freðfiskinn fyrir verð, sem var 30% undir framleiðslukostnaði, gætu fengið sitt, var lagður á ólöglegur bátagjaldeyrir, sem þýðir allt að 60% álag á fjöldamargar vörur. Og hvað á svo að gera nú, eftir að þm. hafa verið sendir heim og eru ekki lengur ríkisstj. til óþæginda? Er meiningin að hækka bátagjaldeyrisálagið upp í 75%? Ætlar hæstv. ríkisstj. að leyfa sér að hækka þetta ólöglega gjald úr 60% upp í 75% án þess að spyrja Alþ. eða ráðfæra sig við þingmenn? Hæstv. atvmrh. vildi láta líta svo út sem samningar við útgerðarmenn væru nú að takast. Hann veit þó, að svo er ekki, og hann veit, að þótt togararnir leggi upp afla sinn nú, munu þeir hætta því, þegar kemur fram í janúar, og þá verður búið að senda þm. heim. Þá getur viðskmrh. farið upp í stjórnarráð og tilkynnt, að það sé ekkert atvinnuleysi til í landinu. Þá þorir ríkisstj. að segja verkamönnum, að það sé nóg fyrir þá að gera. En eitt þorir hæstv. ríkisstj. ekki, og það er að leyfa landsmönnum sjálfum að selja sínar afurðir og kaupa vörur inn í landið fyrir andvirði þeirra. Hvað er það, sem hæstv. ríkisstj. óttast? Ekki er það svartamarkaðsbrask, því að nú er nóg til af vörum í landinu til að koma í veg fyrir það. Hverra hagsmuni er hæstv. ríkisstj. að verja, sem veldur því, að hún vill ekki leyfa utanrmn. að fylgjast með þeim viðskiptasamningum, sem gerðir eru við erlend ríki? Ég held því, að hæstv. atvmrh. ætti ekki að setja sig á háan hest viðvíkjandi þessum málum. Ég held það væri viðkunnanlegra fyrir hann að viðurkenna, að það er nú verið að reyna að dylja fyrir Alþ., hvað eigi að gera í þessum málum, svo að það verði ekki til trafala fyrir ríkisstj. í þeirri sumpart ólöglegu einokunarstarfsemi í viðskiptamálunum, sem hún hefur rekið að undanförnu.

Ég læt svo þetta nægja sem svar til hæstv. atvmrh., en viðvíkjandi ræðu hv. 1. þm. Árn. (JörB) vil ég segja nokkur orð. — Hann taldi, að með brtt. meiri hl. væri tekið nokkurt tillit til sjónarmiðs hv. þm. Siglf. (ÁkJ). Ég get ekki séð, að sú brtt. fullnægi á nokkurn hátt því, sem virtist vaka fyrir hv. þm. Árn. Það er engu að síður rýrt vald utanrmn. sem slíkrar til að fylgjast með utanríkismálum. Vald hennar er engu síður rýrt stórkostlega sem og aðstaða Alþ. til að fylgjast með slíkum málum. Og ég vil vekja athygli á því, að brtt. meiri hl. kemur á engan hátt í stað minnar brtt. Mín brtt. fjallar um það, að á eftir 2. málsl. 2. mgr. komi svo hljóðandi málsgr.: „Ráðuneytið skal ávallt, jafnt milli þinga sem á þingtíma, bera undir utanríkismálanefnd verzlunarsamninga, er ríkið gerir, og skipanir í embætti í utanríkismálum.“ En brtt. meiri hl. er raunar aðeins umorðun á málsgr. frv., þannig að öllum utanríkismálum skal vísað til þessarar undirnefndar, en eftir sem áður er ekki skylt að vísa slíkum málum til allrar utanrmn. Þar er aðeins lagt til, að þessi þriggja manna nefnd skuli alltaf fjalla um mál, sem snerta Ameríku og aðrar erlendar þjóðir, þ. e., að hún skuli fjalla um öll þau mál, sem snerta hagsmuni Íslendinga, en Bandaríkin banna Íslendingum sjálfum að kikka í. Ég held því, að þótt hv. 1. þm. Árn. vilji tryggja það, að ameríska nefndin fái öll mál til meðferðar, sem Ameríku snerta, þá ætti hann samt að geta gengið inn á mína brtt. og stuðlað þannig að því, að öll utanrmn. fái að fjalla um þau mál, sem Bandaríkin vilja ekki leyfa Íslendingum að hafa neitt með að gera.

Ég býst nú varla við að geta haft öllu fleiri orð um þetta mál, þar sem ég er nú langt kominn með að tala mig dauðan, en ég vildi mega vænta þess, að meiri hl. allshn. sýni meiri skilning á þeim afglöpum, sem hér hafa átt sér stað, heldur en hann hefur fram að þessu sýnt, og hann átti sig á því, að rétt sé að kippa þessum málum í betra horf, en það er enn hægt að koma í veg fyrir það, að afgreiðsla málsins verði deildinni til skammar. Ég vonast því til þess, að hv. þm. sjái sér fært að samþ. brtt. mína á þskj. 320.

Frsm. minni hl. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Árn. talaði hér nokkur orð, og í tilefni af því, sem hann sagði, vil ég undirstrika það, að framkoma hans í þessu máli er harla einkennileg. Það er máske ekki hægt að álasa hann fyrir það, þótt hann taki að sér að bera fram mál, sem stríðir gegn hans sannfæringu, en geri það af skyldurækni við þá stjórn, sem hann styður. Það er orðið svo algengt, að þingmenn taki ekki sjálfstæða afstöðu til mála, heldur fylgi þeim stjórnarvöldum, sem þeir styðja, gegnum þykkt og þunnt, að slíkt er ekkert tiltökumál. Það er og athyglisvert, að enn þá hefur enginn Alþýðuflokksmaður tekið til máls um þetta mál, og er Alþfl. þó sá flokkurinn, sem einna ákafast hefur viljað kenna sig við lýðræði, en telur sér þó sæma að taka slíka afstöðu til mála. Og það verður ekki séð, hvaða rök Alþfl. færir fram til skýringar afstöðu sinni. Það varð ekki heldur séð af ræðu hv. 1. þm. Árn., að hann hefði veigamikil rök fram að færa fyrir málinu, og þá verður það ekki heldur séð af nál. meiri hl. allshn., en það er mjög óvenjulegt og þess áreiðanlega fá dæmi, að slíkt nál. sé látið nægja, en það hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt óbreytt“ — og búið. Þetta er allt og sumt, sem þessir þrír flokkar hafa um málið að segja. Þegar verið er að samþykkja mál, sem búið er að fjalla um ár eftir ár og undirbúa ýtarlega, má segja, að nokkur afsökun sé fyrir því að skila nál. sem slíku, en þegar um svona mál

er að ræða, er engin afsökun til fyrir slíkri afgreiðslu. Hvernig stendur á því, að hv. 1. þm. Árn. lætur sér sæma að skila slíku nál. sem þessu? Ég býst við, að skýringuna sé að finna í því, að hann skammist sín fyrir málið og eigi engin rök til að réttlæta það. Og þeir aðrir, sem standa á bak við nál., búa ekki betur, því að enginn þeirra hefur látið til sín heyra um málið. Þegar greidd voru atkv. um þetta mál við 2. umr., pössuðu fulltrúar Alþfl. sig með að vera ekki viðstaddir. Aðeins einn þeirra var viðstaddur, hv. 3. landsk. (GÞG), og greiddi hann atkvæði með málinu, en lét þó ekki heyra frá sér nokkurt orð um það; og er hann þó ekki vanur að láta málin fara svo fram hjá sér að leggja ekki orð í belg, og er hann sá þingmaður, sem hefur einna mesta ánægju af að hlusta á sjálfan sig tala. En um þetta mál sá hann ekki ástæðu til að segja orð. Þessi framkoma talar sínu máli um það, hvað hér er á ferðinni. Hér er mál á ferðinni, sem brýtur allt lýðræði.

Hæstv. atvmrh. sagði, að að óbreyttu hugarfari okkar sósíalista vildu þingmenn ekki hafa samskipti við okkur um þessi mál. Er það hlutverk þingsins að ákveða, hvort það vill hafa samstarf við hina og þessa þingmenn? Það er þjóðin, sem sendir þingmennina á þing og veitir þeim þar með öllum rétt til að hafa afskipti af málum, svo sem þingsköp mæla fyrir um. Að vísu er hægt að viðhafa aðrar eins hundakúnstir og hér á að gera að kjósa fyrst nefnd með hlutfallskosningu og síðan nefnd í þeirri nefnd líka með hlutfallskosningu. En ákveðnir þingflokkar hafa ekki leyfi til þess að úrskurða, hvort þingmenn, sem þjóðin hefur sent inn í þingið, eigi að hafa leyfi til að hafa afskipti af ákveðnum málum eða ekki. Það er óskaplega einfalt mál að lýsa sig lýðræðissinna. En það reynir fyrst á menn, hvort þeir eru það í raun og veru, þegar þeir þurfa að leggja hömlur á sjálfa sig. Og ég vil segja, að þeir menn, sem fá sig til að styðja mál eins og það, sem hér er á ferðinni, hafa ekki staðizt mikla raun í þessu efni. Nú segja þeir hv. þm., sem styðja þetta frv., að þeir geti ekki látið utanrmn. starfa, þegar sósíalisti á þar sæti, vegna þess að honum sé ekki trúandi fyrir öllum þeim málum, sem hún á að fjalla um. Nú er það einkenni á allri utanríkisstefnu okkar hin síðari ár, að hana hefur vantað gagnrýni. Það hefur vantað í hóp þeirra manna, sem um utanríkismálin hafa fjallað, menn, sem ekki voru fyrir fram ákveðnir í að gleypa við öllu, sem frá Bandaríkjunum kom. Slíka menn hefur einmitt vantað, og það er víst, að við eigum eftir að reka okkur á, að þeir menn, sem hafa farið með utanríkismálin hin síðari ár, hafa hagað sér eins og kjánar. Það verður erfitt fyrir okkur að þurfa að hafa herlið í landinu í 20 ár, þótt það komi ekki til stríðs á þessum tíma. Rök okkar í þessu máli eru þau, að það þarf að hafa mann í utanrmn., sem hefur kjark til að standa gegn ásælni Bandaríkjanna til afskipta um íslenzk mál, og þjóðin á kröfu á því, að Sósfl. fái að hafa afskipti af utanríkismálum, svo sem fylgi hans segir til um. Alþ. hefur engan rétt til að svipta hann þessum rétti.

Ég býst við, að stuðningsmenn þessa frv. óttist fyrst og fremst, að sósíalistinn í utanrmn. geti sett þá út af sporinu í bandaríska dekrinu. Ég býst við, að frv. sé einmitt komið fram vegna eins konar blygðunartilfinningar. Ég býst við, að hæstv. atvmrh. muni vera orðinn glöggskyggn á það, að stjórnin og aðrir hafa gengið allt of langt í Bandaríkjadekri, og nú sé blygðunartilfinningin komin á það stig, að mjög viðkvæmt yrði að láta sósíalista komast að hinu sanna. Það er enginn vafi á því, að það mun koma í ljós á næstu árum, að við höfum haft hreina kjána við utanríkismálastjórnina og að stefna Bandaríkjanna í utanríkismálum er hin ósvífnasta og hefur byggzt á því að úthluta ölmusugjöfum til smáþjóðanna í þeim tilgangi að ná á þeim tangarhaldi. Hæstv. utanrrh. hefur gengið á undan í Bandaríkjadekrinu, og aðra hefur brostið kjark til að stinga við fótum. Í þeirra hópi er hæstv. atvmrh. Hann hefur óttazt, að ef hann breytti eftir sannfæringu sinni, yrði hann talinn undir áhrifum frá kommúnistum, og hefur þessi ótti lamað kjark hans. Meðferð þessa máls mun vera með einsdæmum, og ég get fullvissað hv. flm. sem og frsm. allshn. um það, að þetta mál, þótt ekki sé það kannske stórt, mun sanna það betur en flest önnur mál, hvílík fásinna það er, þegar þessir flokkar, sem að frv. standa, vilja kalla sig lýðræðisflokka.

Hæstv. atvmrh. lét í það skína, að ef sósíalistar breyttu um skoðun í alþjóðamálum, væru lýðræðisflokkarnir tilbúnir að endurskoða afstöðu sína í þessu máli. Ég held það sé rétt fyrir hann að gera fyrirvara eins og hann gerði í framsöguræðu sinni, að ef þessir svokölluðu lýðræðisflokkar breyta um skoðun á því, sem þeir kalla kommúnisma, þá geti komið til mála, að einhverju verði breytt í þessum efnum, af því að það er það raunverulega. Sósíalistar hafa haft sömu stefnu frá því flokkurinn var stofnaður, hún hefur aldrei breytzt nokkurn hlut í neinum verulegum atriðum að því er snertir utanríkisstefnuna, en forustumenn borgaraflokkanna, þessara þriggja flokka, sem kalla sig lýðræðisflokka, hafa keppzt um það og verið í harðvítugri samkeppni innbyrðis um það, hver væri fyrstur til að breyta um skoðun á sósíalistum, þegar það hefur þótt sigurstranglegt að leita samstarfs við þá, og þar hefur hæstv. atvmrh. sýnt mesta hæfileika í því að skipta rækilega um skoðun á sem skemmstum tíma. Ég efast ekkert um það, að hann sem sleipur og slunginn stjórnmálamaður er ekki búinn að missa þennan hæfileika sinn að geta breytt um skoðun. Ég efast ekkert um það, ef veðrabrigði verða í Washington og ef gerður verður samningur í París nú í leynin., að hæstv. atvmrh. verði þá fyrsti maður til þess að breyta um skoðun, þegar hann telur sér það óhætt. Þá yrðu krossfarar í baráttunni við kommúnismann eins og hæstv. utanrrh. látnir draga sig í hlé og koma fram seinna, þegar aftur færi að blása í Washington. — Ég heyri, að hæstv. viðskmrh. telur það fullmikla bjart-

sýni. Ég veit ekki, hvort það er gott að slá neinu föstu um það, hvað verður þarna úti. En hæstv. atvmrh. hefur breytt sinni skoðun úr því að telja sósialista landráðamenn, sem ekki sé hægt að tala við, eins og hann orðaði það í ræðu, sem hann flutti í janúar 1942, — breytt henni svo rækilega, að hann myndaði stjórn með stuðningi sósialista og taldi það vera til hags, og ég er honum sammála um það og tel það það bezta, sem hann hefur gert á sinni lífsleið. En það bendir ýmislegt til þess, að þau veðrabrigði geti orðið í Englandi, sem geti dregið á eftir sér þann dilk, sem muni verða til þess, að þessi fígúrulæti, sem hafa stjórnað stjórnmálamönnum Vestur-Evrópu og kommúnistaæsingum, séu að verða meira og minna liðin hjá. Staðreynd er, að það er ekki hægt að lifa almennilegu lífi í Evrópu með því móti að skipta Evrópu í sundur og banna viðskipti milli þessara tveggja helminga. Viðskipti milli þessara tveggja hluta eru óhjákvæmileg og hljóta að komast á, og það er svo komið, að Englendingar eru búnir að neita því að rýra sín viðskipti við austurblökkina meira en orðið er og svara kröfum Bandaríkjanna á þá leið, að Bandaríkjamenn eru farnir að sjá, að þeir komast ekki lengra. Evrópuþjóðirnar eru orðnar það þreyttar á styrjöldum, að þær eru ekki ginnkeyptar fyrir því stríði, sem Bandaríkjamenn eru að reyna að draga þær út í, og verði ekki stríð, þá get ég sagt hæstv. viðskmrh. það, að þá verður þetta ástand að breytast. Það er ekki hægt að halda áfram stríðsundirbúningi, án þess að það verði stríð. Það hlýtur að enda með stríði, eða það verður að hætta stríðsundirbúningnum. Nú horfir þannig, sem betur fer, að ekki er líklegt, að það verði stríð á næstunni, en það þýðir, að það verður að hætta þessum stríðsæsingum og stríðsundirbúningi og taka upp friðsamleg viðskipti milli þessara þjóða í Austur-Evrópu og Vestur-Evrópu, og þjóðir Evrópu hætta að láta stjórnmálamenn Bandaríkjanna segja sér fyrir verkum og að ekki megi beita skynseminni í stjórnmálum Evrópu. Evrópa hefur aldrei þurft að lúta því, að einhver utanaðkomandi öfl gætu sagt þannig fyrir verkum að mega ekki beita sinni reynslu og skynsemi til þess að leysa vandamál Evrópu. Stjórnmálamenn Vestur-Evrópu hafa hundraðfalda reynslu á við stjórnmálamenn Bandaríkjanna. Sérstaklega kemur það fram í utanríkismálum. Og þó að þetta nýja veldi vestur í Ameríku vilji hreykja sér hátt í krafti sinna peninga, þá getur það aldrei fyrir peninga keypt þá reynslu, sem Vestur-Evrópuþjóðirnar hafa. Það er að verða meira og meira um það, að Vestur-Evrópuþjóðirnar neiti að hlýða skipunum, og það kemur að því, að það hefur áhrif hér uppi á Íslandi og íslenzkir ráðamenn fara að neita að hlýða skipunum þeirra ráðamanna, sem vilja hlýða Bandaríkjunum og vilja kasta allri sjálfstæðri skoðun, eins og ýmsir leiðtogar okkar þjóðar, sem vilja láta Bandaríkin hugsa fyrir sig. Það kemur að því, að þeim verður ýtt til hliðar, ef þeir taka ekki viðbrögð og reyna að láta heilann starfa aftur. Það er fásinna að bera það á borð fyrir almenning á Íslandi, að það sé vörn fyrir Ísland að hafa bandarískar flugvelli á Íslandi. Bandaríkin eru hér með stærsta flota á Atlantshafinu og eru stærsta flotaveldi heims. Þau eru tilbúin hvenær sem er, að svo miklu leyti sem þau telja sér hag í því, að Ísland verði látið í friði, og hafa hundraðfalda aðstöðu til þess að verða fyrri til. Þau eru tilbúin hvenær sem er til að hertaka Ísland, ef hætta er yfirvofandi. En þau vita betur. Þau vita, að hertaka af hendi Sovétríkjanna kemur ekki til mála og sízt af öllu skyndileg hertaka. Flugvellir á Íslandi geta aldrei orðið til annars en að draga að sér árás. Flugvellir á Íslandi geta ekki veitt vernd borgum á Íslandi, ef til stríðs kæmi, þó að þeir gætu veitt vernd borgum í Ameríku; það setur borgir á Íslandi á vígvöllinn og hlýtur að draga að sér árásir. Hæstv. atvmrh. er ekki svo skyni skroppinn maður, að hann viti þetta ekki, og hæstv. utanrrh. veit það sennilega líka og ráðherrarnir yfirleitt. En Bandaríkin setja hnefann í borðið og segja: Þið eruð kommúnistar eða handbendi kommúnista, ef þið gangið ekki að þessu, og fáið enga dollara, ef þið gangið ekki að þessu.

Hver einasti stjórnmálamaður í hópi borgaraflokkanna telur sig eiga öruggan pólitískan dauða fram undan, ef hann dansar ekki með í þessu. Fyrir menn, sem komnir eru á þessa braut, eru það mikil vonbrigði, ef það fer svo, þvert ofan í það, sem þeir hafa gert sér vonir um, að það yrði friðvænlegra í heiminum en verið hefur og samningar tækjust milli þessara tveggja andstæðna um heimsmálin. Það er einmitt þessi órói stjórnarflokkanna, sem kemur fram í því, að gamall og reyndur þm. og aldursforseti þingsins lætur frá sér fara nál., sem er aðeins 8 orð. Vinnubrögð þessara manna í sambandi við þetta frv. gegn Sósfl. farast þeim svo óhöndulega, að það er nærri því einsdæmi.

Ég minnist þó annars máls, það var Keflavíkursamningurinn, sem lagður var fyrir þingið með örstuttri framsöguræðu hæstv. atvmrh., sem þá var utanrrh. og forsrh. Framsöguræðan fjallaði aðallega um það, að það væru prentvillur í þýðingunni á því íslenzka eintaki, sem fylgdi þessum samningi, og síðan eftir 1. umr. varð hann að fara fram á það við Bandaríkjastjórn að leiðrétta samninginn, af því að hann var svo afkáralega saminn, að hann var til þess að hlæja að honum. — Það hafa orðið svipuð vinnubrögð við að semja þetta frv. eins og vinnubrögðin við að semja Keflavíkursamninginn. Það var óhugur í hæstv. atvmrh., þegar hann lagði Keflavíkursamninginn fyrir þingið, og ég býst við, þó að þetta sé smámál, að það sé óhugur í honum samt. Hér er ekki skynsemin látin ráða, heldur bara blind þjónusta við erlenda fyrirskipun, og öll réttlætistilfinning íslenzku þjóðarinnar þverbrotin. En íslenzka þjóðin, þar sem fimmti hver maður greiðir atkv. með Sósfl., á erfitt með að sætta sig við það, að hæstv. atvmrh. eða aðrir menn séu að kveða upp úrskurð um það, hvort einn eða annar alþm. sé þannig úr garði gerður, að hægt sé að veita honum trúnað, sem þjóðin sjálf samþykkir að veita honum.

Af því að ég sé, að hv. 3. landsk. er kominn hér inn, sá eini af þm. Alþfl., sem greiddi atkv. með þessu frv., þá þætti mér fróðlegt að fá að heyra viðhorf Alþfl. til þessa máls.

Ég hef bent á, að nál., sem Alþfl. stendur að, samanstendur af 8 orðum, sem hljóða svo: „Nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt óbreytt.“ — Nú kemur það fram í sambandi við þetta einstaka frv., sem hér liggur fyrir, að það eru engin dæmi til þess í þingsögunni, síðan þing var endurreist á Íslandi, að annað eins hafi verið samþ. eins og þetta, að það væri útilokaður flokkur frá því að geta átt menn í n. með því að láta kjósa aftur úr hópi nm. nýja n. Með því, sem hér er gert ráð fyrir, þá er Alþfl. með þessu útilokaður frá 3 manna n., en hann treysti sér, að annar hvor hinna flokkanna kippi honum með sér, en þetta mundi lenda á Alþfl. líka, ef það ætti að gilda almennt réttlæti í þessu, ef réttlæti skyldi kalla. Alþfl. er útilokaður með þessu ákvæði eins og Sósfl., en samt greiðir hv. 3. landsk., sem telur sig róttækan í hópi Alþfl., einn þingmanna Alþfl. atkvæði með þessu, af því að sá fulltrúi, sem var í allshn., mætti ekki og vildi ekki greiða atkv. um málið við 2. umr. Mér þætti fróðlegt að heyra, hvernig þessi hv. þm. vill rökstyðja þetta fyrirkomulag, að þannig sé hægt að útiloka einstaka flokka. — Svo vil ég spyrja hv. þm. um það, við hvorn flokkinn hann er búinn að gera samning, Sjálfstfl. eða Framsfl., um að kippa honum þarna inn. En ég þekki svo vel matarpólitík og harðfylgi Alþfl. við að komast í n. og trúnaðarstörf, að mér þykir ósennilegt, að hann greiði atkv. með þessu, nema hann viti fyrir fram, að þetta skyldi ekki lenda á Alþfl., heldur einhverjum öðrum. Ég hefði gaman að því, að þessi hv. þm., sem einn úr hópi flokksmanna sinna greiðir atkv. með þessu mjög svo undarlega máli, gerði grein fyrir sínu atkv., þar sem líka ekki hefur komið eitt orð frá Alþfl. til rökstuðnings þessu máli.

Hæstv. atvmrh. sagði í ræðu sinni áðan, að ég mundi hafa fengið snuprur fyrir það hól, sem ég hefði viðhaft um hann við 2. umr. Ég fékk engar snuprur, sem ekki er eðlilegt, af því að ég býst við, að sósialistar séu sammála um það, að hann sé mjög nýtur maður, ef hann notar hæfileika sína rétt, og geti komið góðu til leiðar og sennilega meiru en flestir aðrir þm., sem fást við stjórnmál á Íslandi, ef hann vill nota hæfileika sína til góðs. Hann gerði það, þegar hann kom í nýsköpunarstjórnina, að koma góðu til leiðar. En hann lét það vera að beita áhrifum sínum í tvö ár eftir að hann fór úr stjórninni og lét aðra minni spámenn, sem hvorki höfðu hans skaplyndi, hæfileika né víðsýni, valsa meira, hann lét hæstv. utanrrh. og hæstv. viðskmrh. valsa þar eina í því að ákveða línuna fyrst um sinn og þorði ekki að beita sér meira. Það liðu tvö ár frá því að hann fór úr nýsköpunarstjórninni þangað til hann tók afstöðu í Bandaríkjaáróðrinum með áramótahugleiðingu 1949, og þá hafði hann raunverulega gefizt upp við að veita viðnám. Það var mjög sorglegt, sérstaklega fyrir okkur sósíalista, sem höfðum haft samstarf við hann og þekktum marga af hans miklu kostum, að horfa upp á, að þessi maður skyldi þurfa á efri árum sínum — eftir glæsilegt tímabil sem stjórnmálamaður og forsrh. fyrir athafnasamri ríkisstj. — að lúta svo lágt að fara að skrifa grein gegn betri vitund til þess eins að framlengja sitt pólitíska líf. — Áramótahugleiðing Ólafs Thors 1949 er ömurlegt plagg. Hann byrjar á því, þegar hann ætlar að sanna Bandaríkjunum, að hann geti staðið sig í baráttunni gegn kommúnistum, að tala af sér. Hann byrjar á því að segja, að Bandaríkin þyrftu að fá herstöðvar á friðartímum. Morgunblaðið varð að taka þetta aftur og sagði, að það væri ekki meiningin að hafa hér herstöðvar nema á ófriðartímum. Þetta ásamt fleiru sýndi, hvernig greinin var til komin. Hún var fyrst og fremst ætluð til þess að sýna Bandaríkjunum, að Ólafur Thors væri líka góð og gild vara eins og Bjarni Benediktsson og það þyrfti ekki að ganga fram hjá honum. — Ég benti á það í ræðu minni, að þrátt fyrir það að svo hefði farið fyrir Ólafi, að hann hefði breytt svona um skoðun og gefizt upp við að veita viðnám, þá væru hans kostir það miklir fram yfir Bjarna Benediktsson, að ég teldi að við hefðum aldrei lagzt svo lágt sem við höfum gert nú, ef hann hefði verið utanrrh. á þessum Bandaríkjatímum í utanríkispólitík Íslands. Hann hefði áreiðanlega haldið betur á þeim málum, jafnvel þótt hann væri kominn inn á þessa línu, sem Bjarni var á, af því að Bjarni er þannig maður, að hann er ýmist með eða móti, annaðhvort verður hann að játa öllu eða neita öllu. Ég er alveg sannfærður um það, að um leið og almenningur í Vestur-Evrópu fer að stinga fótum við Bandaríkjadekrinu og farið verður að semja um ágreiningsmálin, þá kemur það til með að sýna sig, hve gersamlega óhæfur hæstv. utanrrh. er til þess að gera nokkra samninga. Þetta er ekkert annað en geðbrestur, sem maðurinn hefur við að stríða, en þetta útilokar, að hann geti innt af höndum utanríkisráðherrastarf í frjálsu þjóðfélagi. Þegar þessi geðbrestur hæstv. utanrrh. er athugaður og svo hið góða skap hæstv. atvmrh. og einnig það, að þetta er einhver slyngasti samningamaður í hópi íslenzkra stjórnmálamanna, sem nú er uppi, þá er enginn vafi á því, að jafnvel þótt hann hefði í meginatriðum verið á sömu línu og hæstv. utanrrh., þá hefði hann aldrei látið hlunnfara sig eins og hæstv. utanrrh. hefur látið gera, hann hefði haldið betur á spilunum. — Nei, ég hef ekki fengið neinar snuprur fyrir að láta þannig orð falla um hæstv. atvmrh., það er síður en svo. Við sósíalistar, sem þekkjum hann, erum allir sammála um, hvað mikla kosti hann hefur, en það hryggir okkur, hvað hans hlutskipti í íslenzkum stjórnmálum er orðið ömurlegt. Ég er viss um það, að ef hæstv. atvmrh. hefði haft kjark til þess að beita sér gegn þessu Bandaríkjadekri, eins og hann vildi gera, — það sýndi þögn hans frá því hann fór úr stjórninni í febrúar 1947 og fram til áramótahugleiðinganna 1949, — þá hefði ekki verið eins farið inn á þessa braut og sennilega alls ekki. En einhverra hluta vegna var búið að

ófrægja hann í hópi bandarískra stjórnmálamanna, og sennilega hefur hæstv. utanrrh. átt bróðurpartinn af því að koma þeirri skoðun inn, hvernig atvmrh. þjónaði kommúnistum. En ég er þeirrar skoðunar, að ástæðulaust hafi verið hjá hæstv. atvmrh. að gefast svona upp eins og hann gerði, og álít, að hann hefði orðið mikill maður með sinni þjóð, ef hann hefði veitt viðnám og viljað hindra, að við gæfum okkur algerlega á vald Bandaríkjanna eins og við höfum gert. Það er ekki hægt að finna *eitt einasta dæmi* þess, að við *höfum haldið* okkar sjónarmiði, en Bandaríkin orðið að láta í minni pokann. Ég veit, að hæstv. atvmrh. finnur ekkert slíkt dæmi.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég gleðst yfir því, að ég skuli í augum þessa hv. þm. nú á gamals aldri vera orðinn svona meinlaus og í alla staði hinn ágætasti maður, og mig tekur það þyngra en orð fá lýst, að slíkt mikilmenni skuli reynast þjóðinni eins illa og fram kom í ræðu hv. þm. Siglf.

Ég kannast við þessi fagurmæli hv. þm. Siglf. í minn garð, og ég veit að þau stafa aðallega af tveim ástæðum. Í fyrsta lagi þekkir hann mig vel persónulega og ber eflaust hlýjan hug til mín, og í öðru lagi heldur hann, að ég sé orðinn tannlaus og meinlaus, en ég get sagt honum, að svo er ekki.

Blíðmæli kommúnista við umr. þessa máls í minn garð og skítkast þeirra í hæstv. utanrrh. (BBen) stafa af því, að þeir vita, að hæstv. utanrrh. hefur öllum öðrum fremur haldið á lofti kyndli frelsisins hér á landi, enda lítur Sjálfstfl. á hann sem einn mesta velgerðarmann sinn. En síðast og ekki síst stafar það af því, að þeir vita, að traust hans og vinsældir ná langt út fyrir raðir stjórnarflokkanna. Hatur þeirra á honum og allt þeirra lof um mig stafar af engu öðru en því, að þeir óttast hann miklu meira en mig. En það er ástæðulaust fyrir þá að halda, að ég sé orðinn alveg meinlaus, — nei, karlinn er í fullu fjöri enn þá. — Ég tel mig ekki þurfa að svara ræðu hv. þm. Siglf. að öðru leyti.

Mér datt í hug út af þessari löngu ræðu hv. þm. (ÁkJ), að um leið og hv. 3. landsk. kom inn úr dyrunum, þá sagði hann: já, það var gott, að hann kom — og byrjaði svo á allri ræðunni aftur, — þá minnist ég þm., sem fyrir mörgum árum var að þæfa í máli. Hann hafði þá aðferð, að í hvert skipti sem einhver þm. kom inn, þá sagði hann: „Það var gott, að þessi kom“ — og byrjaði svo alltaf á ræðunni aftur, svo að lokum hafði hann talað í margar klukkustundir. — Ég skal taka ómakið af Alþfl. og segja, að lýðræðisflokkarnir vilja enga samvinnu hafa við kommúnista í utanríkismálum, og við höfum margoft getið um ástæðuna.

Það er sannast sagna margt í ræðum hv. þm. kommúnista, þar sem staðreyndum er brenglað á hinn herfilegasta hátt, en ef á að rekja það allt, þá tekur það langan tíma, og þar sem ég vil ekki tefja þessar umr., mun ég ekki gera það nema að nokkru leyti.

Hv. 2. þm. Reykv. fór að minnast á lýsissöluna 1945 eða 1946. Ég man það vel, að mér var þá falið að sætta austrið og vestrið, og málið kom aldrei fyrir utanrmn., en kjarni málsins var, hvort ætti að bera málið undir utanrmn., og ef það var ekki þörf þá að leggja málið fyrir n., þá er það síður nauðsyn nú, þegar eigendurnir selja sjálfir sína framleiðslu. — Ég vil ekki fara að ræða hér það, sem ekki kemur þessu máli við, en það er það, að hv. 2. þm. Reykv. hefur borið hér fram frv. um lágmarksverð á útflutningsvörum, en hámarksverð á *innflutningsvörum. Ekki veit ég, hver ætti* að ákveða það, ef einstök vörutegund er tekin sem dæmi, eins og t. d. saltfiskurinn, hvernig eigi að haga sölu hans á vissum mörkuðum á hverjum einstökum degi. Ég vil segja það við þennan hv. þm., að ég vildi heldur taka að mér að selja alla framleiðsluna sjálfur en að þessum málum yrði svona háttað. — Hv. þm. (EOl) fann mér það til foráttu, að ég skyldi minnast á ungverska hveitið, og vil ég í því sambandi geta þess, að það er ekki nóg að nefna ákveðið magn, heldur verður einnig að taka tillit til gæðanna. — Ég skal ekki deila við hv. 2. þm. Reykv. um það, hvort hægt sé að selja allar okkar framleiðsluvörur fyrir austan járntjald. Ég vil aðeins vitna til þess, sem hæstv. utanrrh. hefur margsinnis upplýst, að flest viðskipti við þau lönd muni reynast miklu óhagstæðari en við hin vestrænu lönd. — Ég læt þetta nægja sem stutt svar til hv. 2. þm. Reykv.

Ég hef sagt, að tilgangur okkar flm. með frv. væri sá að hafna allri samvinnu við kommúnista um utanríkismál, og ég held, að meðan við förum þar eftir löglegum leiðum, sé ekki hægt að ásaka okkur.

Hv. þm. Siglf. sagði, að það væri svo illa á okkar málum haldið, að við yrðum að dragast með erlendan her í tugi ára. Ég held, að meðan utanríkisráðherra Rússa verður að sjálfs hans sögn andvaka af hlátri heila nótt yfir skynsamlegum tillögum um lausn hinna miklu vandamála, sem nú eru í alþjóðamálum, þá sé ekki skynsamlegt, að þetta litla land sé eitt allra landa óvarið. Kommúnistar vita vel, að þeir geta ekki betur þjónað hagsmunum Rússa en með sínu sífellda hlutleysistali, þar sem þeir vita, að ógerningur er að fá okkur flutta aftur fyrir járntjaldið. Það er ekki að gamni okkar, að hingað er kominn erlendur her, því að hver er sá, sem ekki vildi óska sér að geta haldið sér utan við þessa deilu, og hver mundi óska sér þess frekar en við? En skynsemin verður að ráða, og því hefur Ísland gerzt þátttakandi í varnarbandalagi hinna vestrænu þjóða. Kommúnistar líkja öllum aðgerðum Íslendinga í þessa átt við hina verstu glæpi og halda því fram, að þeir séu þeir einu, sem hafi hreinan skjöld. Þeir eru einfaldir, ef þeir halda, að við trúum þessu sífellda hlutleysistali þeirra. Þeir segjast alltaf hafa haft eina stefnu í þessum málum, og hefur þeim tekizt að telja sumum trú um, að svo sé. En úr því að þeir segjast hafa haft eina stefnu í utanríkismálum, þá hlýtur hún að vera sú að láta í einu og öllu að vilja móðurríkisins í austri, því að hafa þeir ekki sjálfir

lýst því yfir, að hinn eini og sanni kommúnismi væri að hlýða að öllu leyti æðsta prestinum í Moskvu? Ég hef alltaf haldið því fram og geri enn, að kommúnisminn væri trúarbrögð, og ég held, að íslenzkir kommúnistar telji sér það ekki til fremdar að afneita boðorðunum. Ég skal að þessu sinni stilla mig um að tala nánar um þetta.

Hv. þm. Siglf. talaði um, að ég hefði ekki alltaf sömu skoðun á Sósfl., stundum fyrirliti ég hann eins og ég nú gerði, en sú hefði verið tíðin, að ég hefði myndað stjórn með hans þátttöku, og vonaðist þessi hv. þm. eftir því, að álit mitt á flokknum færi nú aftur að breytast til hins betra. Við vitum það allir, að Sósfl. er nú ekki hinn sami og hann var á árunum 1944—46. — En að lokum vil ég segja við þennan hv. þm., um leið og ég þakka honum fyrir oflofið, að ég mun ekki svipta hann voninni, ef hann bætir ráð sitt. Ef hann er tilbúinn að kasta þeirri trú og taka upp trú á guð síns lands, þá er ég reiðubúinn til viðtals hvenær sem er, en ekki fyrr.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er leitt, að hæstv. atvmrh. skuli vera vikinn af fundi, því að mig langaði að svara nokkrum atriðum í ræðu hans.

Það er þá fyrst, að ég veitti því athygli, að hann endurtók ekki neitt af því, sem hann hafði sagt viðvíkjandi verðlagsmálunum, og viðurkenndi því með þögninni það, sem ég hafði sagt. Eins var um útflutninginn, hann gekk inn á það, sem ég hafði leiðrétt í fyrri ræðu hans.

Viðvíkjandi því, að við sósialistar séum með rússneska pólitík í sambandi við herstöðvamálið, þá vil ég benda á það, að afstaða sósialista er hin sama og afstaða Alþ. 1946. Þá var því lýst yfir af utanrmn., er Ísland gekk að sáttmála hinna sameinuðu þjóða, að Íslendingar mundu ekki veita herstöðvar í landi sínu, hvorki sameinuðu þjóðunum né öryggisráðinu. Þetta er bókað sem samþykkt utanrmn., Bjarni Benediktsson skrifaði fyrstur undir, og ríkisstj. var falið að tilkynna þetta sem skilyrði fyrir því, að Ísland gerðist aðili að sáttmálanum. Við sósialistar höfum haldið fast við þessa stefnu og ekki hnikað frá þeirri skoðun, sem Alþ. lét þá ákveðið í ljós, áður en ríkisstj. hafði verið keypt upp með Marshallfé.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. atvmrh. sagði, að við sósialistar hlýddum engu nema erlendum fyrirskipunum, þá ætti hann að vara sig á því að endurtaka þetta of oft. Ef hann ætlar að færa þessa hugsun út í æsar, mundi það þýða, að hann væri sjálfur sekur um að framkvæma rússneskar fyrirskipanir í sambandi við allt það bezta, sem hann hefur gert í lífinu, árin 1944—46. Enginn barðist þá betur fyrir að framkvæma stefnu sósialista en hann.

Það var hjákátlegt, þegar hæstv. atvmrh. vildi setja hernámssamninginn 5. maí í vor í samband við það, að Vishinski hefði hlegið heila nótt í október í haust í París. Ef hlátur Vishinskis í október í haust á að vera orsök samningsins 5. maí í vor, þá er hlutunum snúið svo við, að það gengur helzt til of langt.

Svo talaði hæstv. atvmrh. hér ekki bara fyrir Sjálfstfl., heldur líka Alþfl., þar sem enginn Alþýðuflokksmaður hefur opnað sinn munn. Það fer vel á því, ekki sízt hvað hv. 3. landsk. snertir, því að oft hefur verið náið milli þeirra. En mætti ég spyrja, með hliðsjón af umr. eftir 30. marz í fyrra: Hvernig leit hæstv. atvmrh. á hv. 3. landsk. þm. (GÞG) og hv. 6. landsk. þm. (HV), þegar þeir greiddu atkv. á móti Atlantshafssamningnum? Voru þeir lýðræðissinnar þá? Eða mætti ég spyrja, hvað viðvíkur Keflavíkursamningnum, voru hæstv. landbrh. og aðrir framsóknarmenn, sem þeim samningi voru andvígir, lýðræðissinnar? Eftir hverju á að meta lýðræðissinnana? Ef atkvgr. verður hér um næstu kröfur Bandaríkjanna, hverjir verða þá lýðræðissinnar og hverjir ekki?

Það virðist sem eitt kjörorð gangi hér í gegn, þegar þessi mál eru rædd. Kjörorð ríkisstj. í þessum málum virðist vera: Aftur með munninn! Upp með hendurnar! Enginn þm. rís upp til að verja aðgerðir ríkisstj. Og loks er svo komið, að hæstv. atvmrh., sem reynt hefur að bregða húmoristiskum blæ yfir þetta í stað þess að ræða það í alvöru, fæst ekki til að ræða málið frekar.

Svo að síðustu: Hæstv. atvmrh. er sýnt um að bregða upp myndum af hæstv. utanrrh., sem geymast eins og skemmtilegar spémyndir. Við munum eftir ræðunni: Verkin lofa meistarann. Nú lýsir hann utanrrh. sem „kyndilbera frelsisins". Ég er hræddur um, að það fari eins um þessi hástemmdu ummæli, þegar Morgunblaðið fer að prenta þau, eins og þegar Morgunblaðið prentaði upp síðustu ræðu hans. Hæstv. ráðh. talaði þá af miklum fjálgleik um mannvit, dugnað, þekkingu og eindæma drengskap utanrrh., en þá fór svo, að jafnvel Morgunblaðinu þótti fullmikið sagt. Þegar það prentaði ræðuna daginn eftir, var talað þar um mannvit, þekkingu og dugnað, en drengskapnum var sleppt. Það var líka spurt þá, hvort ekki mætti leggja drengskapinn undir dóm hæstv. menntmrh., Björns Ólafssonar, og ég býst við, að þá hafi fréttaritari Morgunblaðsins áttað sig á, hvað um var að vera, og séð, að hólið verkaði sem naprasta háð, þegar í það vantaði grínundirtóninn, sem kemur fram, þegar hæstv. atvmrh. segir það.

ATKVGR.

Brtt. 320 felld með 18:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÁ, LJós, SG, ÁkJ, ÁS, EOl.

nei: GTh, HelgJ, IngJ, JG, JPálm, JS, JR, JörB, KS, ÓTh, PO, SkG, MJ, StgrSt, AE, ÁB, BÓ, SB.

11 þm. (FJ, GG, GÞG, HÁ, JóhH, PÞ, SÁ, GÍG, ÁÁ, EmJ, EystJ) fjarstaddir.

Brtt. 314 samþ. með 19 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HelgJ, IngJ, JG, JPálm, JS, JR, JörB, KS, ÓTh, PO, SkG, MJ, StgrSt, AE, ÁB, BÓ, GTh, SB.

nei: JÁ, LJós, SG, ÁkJ, ÁS, EOl.

11 þm. (JóhH, PÞ, SÁ, GÍG, ÁÁ, EmJ, EystJ, FJ, GG, GÞG, HÁ) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Við 2. umr. þessa frv. greiddi ég ekki atkv., en þar sem ég tel, að frv. hafi tekið breytingum til bóta, segi ég já.

Frv. afgr. til Ed.

Á 22. fundi í Sþ., 5. des., var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 338).

Á 38. fundi í Ed., 6. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Þetta mál hefur verið mikið rætt í Nd., þegar það lá þar fyrir. Efni þessa máls er það, að utanrmn. kýs 3 menn úr sínum hópi til þess að vera til ráðuneytis ríkisstjórninni í utanríkismálum. Með sama hætti skal n. kjósa 3 menn úr hópi varamanna sinna til vara. Undir þessa menn skal stjórnin ávallt bera utanríkismál, jafnt milli þinga sem á þingtíma.

Þar sem vitað er, að mál þetta er stutt af öllum þorra þm. og málið var mikið rætt í Nd., sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um það hér, enda liggur það ljóst fyrir, en legg til, að frv. verði vísað til allshn. að þessari umr. lokinni.

Finnbogi R. Valdimarsson: Herra forseti. Það er nú ekki vandi minn að lengja umr. við 1. umr., og hefur það verið venja, að menn láta sér nægja að heyra rök fyrir málum við 1. umr. Af þeim sökum mætti ætla, að mér þætti þetta mál öðrum málum merkilegra, þar eð ég kveð mér hljóðs nú við 1. umr. þess. Þetta mál má teljast merkilegt frá einu sjónarmiði séð, því að það sýnir ljóslega, hvaða hugsun formenn þriggja þingflokkanna, lýðræðisflokkanna, eins og þeir hafa tekið sér einkarétt að kalla sig, bera til þessa máls. Í annan stað hef ég ástæðu til að láta mig málið nokkru skipta, vegna þess að ég á sæti í utanrmn. af hálfu Sósfl. Mætti því ætla, að ég hefði ástæðu til að skipta mér alveg sérstaklega af þessu máli, vegna þess að það væri með því alveg sérstaklega stefnt að mér og mér hefði brugðið í brún sem nefndarmanni utanrmn. Ef aðstandendur frv. þessa líta svo á, þá er þó öllum ljóst, að utanrmn. hefur enginn trúnaður verið sýndur síðustu 5—6 árin og 16. gr. þingskapa verið þverbrotin. Reglan hefur í stuttu máli verið sú, að utanríkismál hefur ekki verið lagt fyrir utanrmn. fyrr en búið hefur verið að ganga frá því — allt klappað og klárt. Frá umr. um varnarsamninginn við Bandaríkin frá árinu 1946 er þess að minnast, er tveir ráðh. Framsfl. gagnrýndu, að utanrmn. hefði verið sniðgengin. Þau dæmi sýna, að það er ekki eingöngu Sósfl., sem sniðgenginn hefur verið, en það má segja, að slíkt hafi jafnan gilt um stjórnarandstöðuna, ef svo hefur boðið við að horfa. Ef stjórnarandstaðan hefur ekki verið trygg, þá hefur þetta verið reglan síðustu 5—6 árin, að nefndinni hefur ekki verið sýndur neinn trúnaður, a. m. k. ekki í viðskiptum við Bandaríkin. Þess vegna er ekki hægt að leggja trúnað á það, sem sagt er í grg. af flm. að þessari till., að það sé talið, að ríkisstj. hafi margt að ráðfæra sig við n., án þess að sýna kommúnistum óverðskuldaðan trúnað. Hins vegar hefur nú ríkisstj. alltaf átt þess kost að sýna þeim mönnum trúnað, sem í n. eiga sæti, eins og ummæli sumra framsóknarmanna sýna um undirbúning og gerð Keflavíkursamningsins og inngönguna í Atlantshafsbandalagið.

Í öðru lagi hefur því verið haldið fram af þessum flokkum, að skipun þings og þingnefnda væri réttmætust í beinu hlutfalli við kjósendafylgi flokkanna. Þetta hefur m. a. verið krafa Alþfl. Með þessu frv. er blað brotið og snúið við, og ekki á lengur að kjósa eftir styrkleikahlutföllum flokka, en það á að gefa minnsta flokknum á þingi einn mann í utanrmn. Það á að snúa við blaðinu, en Sósfl. er vís til þess að hefna þess í kosningum í héraði, sem á hann er hallað á Alþingi. Það á að gefa Alþfl. einn mann í 3 manna nefnd.

Öll meðferð þessa máls hefur verið á þann veg, að undrum sætir. Málinu hefur verið breytt frá því að það kom fyrst fram, en þá var ætlunin, að 7 menn kysu 6 úr hópi sínum, þannig að einn sæti eftir. Síðan var þessu breytt þannig, að nú skulu kosnir 3 og 3. Það hafði og láðst að setja í frv., að bera skuli utanríkismál undir nefndina. Þessu hefur nú verið breytt eftir ábendingu sósialista.

Efni frv. þessa er í meginatriðum það, að nefndarmönnum utanrmn. er fækkað úr 7 í 3. Ef borin eru saman núverandi ákvæði um skipan utanrmn. og þau ákvæði, sem nú á að lögskipa, verður þetta ljóst. En hver er svo ástæðan? Þetta mál sýnir fyrst og fremst sérstaka einingu um að einangra sósialista. Að öðrum þræði brigzla þessir flokkar hver öðrum um samvinnu við kommúnista. Hins vegar getur afstaða flokkanna breytzt. Það er ekki að vita, að þessir flokkar starfi saman að eilífu. Það kynni að eiga eftir að endurtaka sig, að fulltrúar Framsóknar yrðu settir utangarðs. Sagan frá árunum 1945, 1946 og 1949 gæti endurtekið sig, að þeir yrðu settir utangarðs, af því að þeir þættu ótryggir. Hv. framsóknarmenn hafa komið auga á það fyrir ábendingar sósialista í Nd., að í þessu væri engin trygging fólgin fyrir Framsfl., vegna þess að það væri engin skylda til þess að bera málin undir þessa þrjá. Og þetta eiga þeir að þakka ábendingum frá andstæðingum þessa máls, sem frv. er sérstaklega beint gegn.

Það er sagt, að tilgangur þessa frv. sé að útiloka sósialista frá því að hafa hönd í bagga um viðskipti okkar við Bandaríkin. En eru þessi mál ekki til lykta leidd? Við höfum her í landinu bæði í friði og ófriði. Er þá nokkuð nýtt í vændum í þessum efnum, sem ástæða er til að kveðja utanrmn. ekki til, og það því fremur sem búið er að skapa þá reglu um þessi mál að bera þau ekki undir n. yfirleitt? Hver er þá að tryggja sér aðstöðu hér? Það eru Sjálfstfl. og Alþfl., sem eru hér að treysta meirihlutavald sitt. Framsfl. hefur látið snúa á sig og ekki séð við þeim klóku mönnum, sem hann hefur átt við í þessu máli. Hann á einn mann af þremur í n., en hann á það á hættu nú sem áður, að málin verði ekki borin undir n.

Ég býst við, að ákveðið sé, að þetta frv. eigi að ganga fram eins og það er. Mun ég því ekki tefja það sérstaklega nú, en ræða það í einstökum atriðum við 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10:2 atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., 13. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 338, n. 406 og 421).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Lárus Jóhannesson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er borið fram í Nd. af form. lýðræðisfl., Ólafi Thors, Eysteini Jónssyni og Stefáni Jóh. Stefánssyni. Í grg. fyrir frv. taka þeir fram, að milli lýðræðisfl. og kommúnista sé staðfest djúp varðandi stefnu Íslendinga í utanríkismálum og að lýðræðisfl. telji því ekki fært vegna öryggis þjóðarinnar að kveðja kommúnista til ráða í þeim málum. Frv. er því flutt til þess, að ríkisstj. geti ráðfært sig við þá, sem Alþ. hefur kosið til þess að vera ríkisstj. til aðstoðar í þessum efnum, án þess að neyðast til þess að sýna kommúnistum óverðskuldaðan trúnað í þessum efnum. Það er líka bent á það í grg., að þrátt fyrir þetta hafa kommúnistar þau áhrif í utanrmn., sem þeir eiga rétt á samkv. þingfylgi sínu.

Því miður verða 4 af 5 nm. allshn., sem málinu var vísað til, að fallast á, að frv. sé réttmætt, og leggja því til, að það verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Finnbogi R. Valdimarsson): Herra forseti. Ég fór nokkrum orðum um þetta frv. við 1. umr. og gat þess, að það væri merkilegt að því leyti, að það sýndi, hvað þeir flokkar, sem að því standa, teldu sig hafa efni á að leggjast lágt.

Frá praktisku sjónarmiði hefur frv. enga þýðingu, því að fulltrúa sósialista í n. hefur ekki verið sýndur neinn trúnaður, og hefur það því enga breyt. í för með sér hvað það varðar. Eina breyt. er sú, að auk fulltrúa sósialista verða 3 menn aðrir settir hjá og utanríkismálin ekki borin undir þá, og aðeins 3 menn eiga að vera ríkisstj. til ráðuneytis um þessi mál. Sú breyt., sem gerð hefur verið á frv., að ríkisstj. skuli ávallt bera þessi mál undir þá, hefur heldur enga praktiska þýðingu, því að engin trygging er fyrir því, að þessum ákvæðum verði fylgt. Þau hafa verið í lögum, en það hefur verið gengið fram hjá þeim og þau þverbrotin, og hefur það m. a. bitnað á fulltrúum Framsfl. Það er því engin trygging fyrir því, að framkvæmdavaldið fari eftir þingsköpum fremur en hingað til. Þeir þrír nm., sem taka þátt í þessu, mega búast við að verða fullkomlega sniðgengnir, ef þeir vilja ekki samþ. vilja ríkisstj. Þetta frv. átti að vera áróðursbragð, en fór út um þúfur, því að þessir þrír flokkar fóru í hár saman seinast í gærkvöld út af því, hver hefði unnið mest með sósialistum. Þessi klögumál hafa nú alltaf gengið, ef einhver hefur ekki lotið í einu og öllu vilja stjórnarinnar. Þetta átti sem sagt að vera áróðursvopn, en er orðið margnotað og varð ekki að neinu gagni. Þetta frv. hefur því enga praktiska þýðingu heldur.

Vitanlega er auðvelt að bera mönnum á brýn, að hvatir þeirra í utanríkismálum séu óþjóðhollar, en það er aldrei hægt að sanna neitt um hvatir manna. Ef við hér á Alþingi beittum alltaf því vopni að hafa á lofti, hvaða hvatir manna lægju til grundvallar gerðum þeirra og orðum, þá mundu umr. hér verða flóknari. Þetta vopn hefur verið notað í blöðum og á Alþingi, en það hefur ekki verið notað af mönnum í Sósfl., heldur af mönnum í öðrum flokkum. Það hefur jafnvel verið notað gegn mönnum í Framsfl. og Alþfl. Þessu vopni hefur þó sérstaklega verið beitt gegn Sósfl. og sagt, að hvatir hans væru óþjóðhollar. Þeir hafa fundið sig knúða til þess að berjast á móti honum, því að hann er öflugur verkalýðsflokkur, sem þeir vita að er hættulegur andstæðingur. Fulltrúar Alþfl. mega búast við því sama og hafa verið beittir þessu vopni. Hversu oft ætli þeir 4. þm. Reykv. og hv. 6. landsk. hafi verið kallaðir „Rússabolsar", og hversu oft ætli 4. þm. Reykv. hafi verið kallaður „bolséviki", er hann barðist sem öflugast?

Þetta frv. átti að vera áróðursvopn, en er orðið útslitið og kemur ekki að gagni, og þó að þessir þrír flokkar, sem að þessu frv. standa, hafi verið sammála um að taka það upp hér á Alþingi, þá verða þeir aldrei sammála um afstöðu Sósfl. Af því að Sósfl. er öflugur verkalýðsflokkur, þá verða hinir flokkarnir að hefja samvinnu við hann og taka tillit til hans, þegar þeir sjá sér ekki fært að berjast á móti honum. Ég gæti nefnt dæmi þess, að Sósfl. hefur verið beittur þessu vopni, þó að ekki hafi þótt ástæða til að beita aðra flokka því fyrir sama verknað. Í febrúar 1945 var rætt um afstöðu til utanríkismála á lokuðum fundi. Hæstv. utanrrh. hóf áróður gegn Sósfl. fyrir afstöðu hans í þessu máli, en á sama tíma tók maður, sem engum hefur dottið í hug að saka um óþjóðhollustu, sömu afstöðu og Sósfl. Það var Thor Thors sendiherra. Hann tók þá afstöðu, að Ísland væri opinberlega herlýst með þessum samningi. Utanrrh. sagði, að sósialistar hefðu tekið þessa afstöðu til að gefa Rússum átyllu til íhlutunar um íslenzk mál. Ætlar ráðh. sendiherranum þessar sömu hvatir? En ef þessi afstaða sósialista var tekin fyrir Rússa, hví eru þá sendiherranum ekki ætlaðar sömu hvatir? — Þannig hefur verið beitt ódrengilegum vopnum, þó að þeir viti, að hvað sem um er deilt, þá er aldrei hægt að sanna hvatir manna, því að hjörtun og nýrun eru órannsakanleg, og er sósialistar vilja efla málstað sinn, sem er málstaður verkalýðsins, þá er beitt á þá því vopni af andstæðingum þeirra, að þeir hafi óþjóðhollar hvatir.

Mér kemur það undarlega fyrir sjónir, að 4 nm. skuli skrifa undir nál., þegar ekki voru nema þrír mættir á fundi. — En Alþfl. er látinn í þessa aðstöðu hér á Alþingi, því að hann á ekki rétt á neinum nm. samkvæmt

þingsköpum, en það þótti rétt að láta hann hafa mann í n., og vitanlega hefur það þýðingu fyrir hann sem þingflokk. Ef þessi regla væri látin gilda um aðrar n., þá væri Alþfl. útilokaður.

Sósíaldemókrataflokkar hafa reynslu af því, hvernig hægt er að afnema lýðræði og þingræði án þess að fremja beint stjórnarfarslegt rof. Einræðisherrar hafa haft lýðræði með ýmsum ráðum, t. d. Hitler, sem margir telja að muni aldrei hafa framið nein bein brot á stjórnarskránni. Þessari aðferð á að beita gegn sósíalistum. Þessari aðferð verður svo síðar beitt gegn öðrum sósíaldemókratafl. Því gera þeir skyssu með því að samþ. þetta og gefa þannig fordæmi, sem svo verður beitt gegn þeim sjálfum. Hv. þm. Alþfl. treysta á þetta í dag, meðan þeir eru í vinfengi við stjórnarflokkana. Það er hægt að fá menn í n., ef menn eru nógu góðir, en það er engin trygging fyrir því, að það verði alltaf.

Þegar við tökum afstöðu til mála, þá verðum við að gera okkur allt ljóst, og það er til afl, er breytt getur þingsköpum Alþingis, og l. eru sniðgengin. Og þegar ákvæði stjórnarskrárinnar eru einu sinni sniðgengin, þá er búið að gefa fordæmi, og það getur verið gert aftur í stærri atriðum. Við vitum, að það er engin ábyrgð hjá ráðh., þó að hann brjóti greinar stjórnarskrárinnar. Þannig verður smátt og smátt haldið áfram að afnema allt lýðræði og þingræði með því, að við höfum úrelta stjórnarskrá. Þetta frv. er áróðursvopn, og er það eitt nóg ástæða til þess, að Alþingi ætti að fella það.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Eins og ég gat um við 1. umr. þessa máls hér, þá hefur það verið rætt svo mikið í Nd., að ég sé ekki ástæðu til að fara um það mörgum orðum hér, en vegna þess tilefnis, sem hv. frsm. minni hluta gaf, þá ætla ég að gera hér stutta athugasemd. Hún er sú að undirstrika það, að það, sem vakir fyrir lýðræðisflokkunum með frv. þessu, er að marka það skýrt, að þeir vilja enga samvinnu við sósíalista í utanríkismálum. Hins vegar viljum við, að allir lýðræðisflokkarnir hafi samvinnu um mál þessi. Þess vegna er þetta frv. flutt af formönnum allra flokkanna. Þeir vilja vinna saman að þessum málum án samstarfs við sósíalista. Ég vildi taka þetta fram út af ummælum, sem hv. frsm. minni hl. beindi til Alþfl. — Ég vil svo þakka n. fyrir hraða afgreiðslu málsins.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka hér til máls, en út af ummælum, sem hv. frsm. minni hl. beindi til mín, tel ég rétt að segja nokkur orð.

Það kemur fram hér mikill misskilningur hjá hv. frsm. um eðli þessara breytinga, sem hér á að gera. Hann talaði alltaf á þá leið eins og það eigi að svipta kommúnistafl. þinglegum rétti, sem leiddi af þeirra atkvæðastyrkleika á Alþingi. Þetta er misskilningur. Með þessu frv. er ekki ætlunin að svipta neinn flokk áhrifum í utanríkismálum, að svo miklu leyti sem kemur til kasta Alþingis að fjalla um þau mál. Þeir hafa eftir sem áður sinn fulltrúa í utanrmn. og hafa því sama kost á því og áður að taka afstöðu til mála. Hér er um allt annað að ræða. Það er ekki ætlunin að svipta þingmenn þessa neinum rétti, en þeir geta ekki búizt við því, að ríkisstj. sýni þeim sérstakan trúnað um þau mál, sem undir hana heyra. Á þessu er meginmunur. Þetta vitum við allir og ekki sízt hv. frsm. minni hl., sem skilur muninn á afstöðu framkvæmdavaldsins og löggjafarvaldsins. Ætlunin er ekki sú að skerða þinglegan rétt þessara þm. eða útiloka þeirra sjónarmið. — Hitt gefur svo að skilja, að þegar jafnróttæk klofning er komin um meðferð utanríkismála og eins og blöð sósíalista tala um okkur daglega, þá er óframkvæmanlegt, að þeim sé sýndur neinn sérstakur trúnaður. Það getur engum dottið í hug, að ríkisstj. hafi sérstaka samvinnu við þessa menn í utanríkismálum. Raunin hefur líka orðið sú, að þegar ríkisstj. hefur sýnt þessum mönnum trúnað, þá hefur það orðið til tjóns fyrir land og lýð. Með þessu er ekki verið að hefja fjandskap gegn nokkrum mönnum, og mér finnst, að kommúnistar geri lítið úr sér með því að vera að sárbæna okkur um að sýna sér trúnað, eins og þeir tala um okkur. Risið er ekki alls staðar hátt, eins og þegar Einar Olgeirsson bað okkur að senda sig sem fulltrúa okkar á fundi sameinuðu þjóðanna um árið. Tilfellið er, að hugmyndir þessara manna eru einkennilegar, og þó ættu þeir að hafa skilning á því sjálfir, að þeir geta ekki haft samvinnu við framkvæmdavaldið í þessum málum. Hitt hefur svo engum dottið í hug, að svipta menn þessa valdi á þingi, og það er merkilegt, að þeir skuli geta látið sér detta í hug skerðingu á þingræði.

Hv. þm. fór að tala um það, að ég hafi skýrt rangt frá umr. á lokuðum fundi, sem haldinn var um utanríkismál 1945. Það vill þannig til, að hv. þm. var ekki viðstaddur og er því ekki dómbær á það, sem gerðist ...

Ég hafði þá aflað gagna, sem hv. þm. (FRV) vitnaði í. Ég skýrði þá rétt frá, að það var í stórblaðinu Times hinn 14. ágúst s. l., sem það blað vitnaði í ummæli Eisenhowers hershöfðingja, en það mun vera það, sem hv. þm. átti við og vitnaði í og var þess eðlis, að það kemur heim við það, sem ég sagði fyrr. Á 5. síðu í 5. dálki er sama sem ég sagði, en hv. þm. (FRV) hefur misskilið á sama veg og er hann vitnaði í hásætisræðu Bretakonungs og tiltók ákveðna málsgrein, sem ég vék ekki að öðru leyti en það, að Bretar vilja efla samvinnu við bandalagsríki sín í Evrópu. Einnig, ef hv. þm. lítur á stórblaðið Manchester Guardian frá 29. nóv., þá getur hann séð, að ekki er ætlunin að breyta neinu um stjórn Þýzkalands, en hann hefur fundið út, að breyta ætti eitthvað um þar og af þeim sökum ætti að breyta Keflavíkursamningnum. Af þessu blaði má sjá, að um algeran misskilning er að ræða hjá hv. þm. Ég þekki hv. þm. það mikið, að ég býst við, að hér sé um misskilning að ræða, sem sé alveg óviljandi af hans hendi. Hann hefur byggt á upplýsingum, sem eru ekki réttar, og framkomu kommúnista

á Alþingi 1945, en þá var hv. þm. ekki hér, er óvandaðir menn vildu annaðhvort segja Japönum eða Þjóðverjum stríð á hendur. (BrB: Hvar er heimildin?) Heimildin er í hugum þm. (BrB: Hver var afstaða sendiherrans í Washington?) Það er mikill munur á því, sem hr. Thor Thors sagði um þetta. Hann hefur aldrei haldið því fram, að Íslendingar ættu að vera hlutlausir í deilum heimsmálanna, en þvert á móti haldið því fram, að Íslendingar ættu að taka fulla afstöðu til málanna og skipa sér við hlið lýðræðisþjóða. Kommúnistar hafa löngum haldið uppi áróðri fyrir því, að Íslendingar ættu að vera hlutlausir, en þessir sömu menn héldu því svo fram, að Íslendingar ættu að segja tveim stórveldum stríð á hendur. Þetta stafaði vitaskuld af Rússadekri þeirra. Þetta var nú það, sem þessir menn töldu heppilegt fyrir nýstofnað þjóðveldi Íslendinga, að Íslendingar gerðust raunverulegir stríðsþátttakendur. Þetta er staðreynd, sem ekki verður í móti mælt.

Frsm. minni hl. (Finnbogi R. Valdimarsson): Herra forseti. Ég skal fyrst víkja að afstöðu sósialista til utanríkismála í febrúar 1945 og afstöðu Thor Thors sendiherra til sama máls. Ég átti þá ekki sæti á þingi og veit því ekki, hvað gerðist á lokuðum fundum Alþingis þá, en mér hafa verið sagðar aðrar sögur af afstöðu sendiherrans þá en hæstv. dómsmrh. vill vera láta. Nú skulum við ganga út frá, að hans skoðun sé rétt, að hann hefði viljað fallast á það, sem nokkur ríki höfðu komið sér saman um, að segja Japönum og Þjóðverjum stríð á hendur. Nú var spurningin, hvort Ísland ætti að fara að gera slíkt, en hvað lagði Thor Thors þá til málanna? Hann lagði til, að Íslendingar skrifuðu undir. En ef nú sósialistar hafa haft sömu afstöðu, hvaða munur er þá á afstöðu sósialista og sendiherrans? Afleiðingarnar hefðu verið þær sömu og hæstv. utanrrh. heldur fram. Og hann heldur því fram, að Rússar hefðu fengið íhlutun um íslenzk mál. Er það þá ekki þung sök? En slíkt er nú ekki og var ekki um að ræða, nema þá í huga hans. Það er nú flest reynt að hafa að vopni gegn okkur sósialistum, og þeir, sem nota slíkan áburð sem hæstv. ráðh. hefur borið á sósialista, þeir virðast nú ekki vera vandir að virðingu sinni. Það er þetta, sem þríflokkarnir eru sammála um, að beita slíkum rökum á móti stefnu sósialista. Flm. þessa frv. segja, að þeir hafi ætlað að vinna saman gegn sósialistum, en þeir eru nú ekki fyrr farnir að ganga undir þetta jarðarmen en þeir sparka hver í annan.

Hæstv. ráðh. játaði, að tilgangurinn með frv. þessu væri sá að svipta sósialista rétti til þess að fylgjast með utanríkismálum, sem þeir hafa þó rétt til samkvæmt þingfylgi sínu. Hvaða mál eru það, sem heyra undir utanrmn.? Jú, undir utanrmn. skal leggja öll utanríkismál, jafnt á þingi og á milli þinga. Nú er ekkert um það, að viðskiptasamninga né skipun sendiherra og annarra sendimanna ríkisins skuli leggja fyrir nefndina. Nú væri fróðlegt að heyra, hvaða utanríkismál þessir herrar telja að heyri undir Alþingi. Það væri fróðlegt að heyra, um hvað þessir 7 eiga að fjalla. Utanrmn. hefur hingað til verið sniðgengin og ekki verið lögð undir hana mál eins og t. d. Keflavíkursamningurinn eða varnarsamningurinn við Bandaríkin. Það virðist þó álit ráðh., að slík mál ætti að bera undir n. í heild sinni. Hæstv. ráðh. hefur haft þá reglu að sniðganga n. eins og honum hefur sýnzt. Það er þetta, sem er hinn mesti háski, að verið er að brjóta lög og lýðræðisreglur. Hæstvirtur ráðh. talar um trúnað. Ég býst nú ekki við, að n. verði neinn trúnaður sýndur, en allir þm. ættu að óska þess, að lög um þingsköp væru í heiðri höfð.

Hæstv. ráðh. vék í ummælum sínum um varnarsamninginn varðandi Þýzkaland að ummælum, sem höfð eru eftir Eisenhower hershöfðingja. Hann hefur ummæli sín eftir öðrum heimildum en ég gat um. Ég kann nú ekki við að vera að lesa upp á ensku í þinginu, en ég skal sýna hæstv. ráðh. heimildina, en ég hef ekki Times frá 14. ágúst í höndum, en ég hef hér annað blað, og kann Eisenhower þá að hafa leiðrétt ummæli sín í því blaði. Það er varðandi skyldu Bandaríkjanna um hernám Þýzkalands, að hún falli niður, en samkvæmt Keflavíkursamningnum átti hann að falla úr gildi þegar sú skylda Bandaríkjanna félli niður. Þeir samningar, sem nú hafa verið gerðir, eru sagðir gerðir vegna yfirvofandi styrjaldarhættu. Það er ekki útlit fyrir því, að styrjöld brjótist út í náinni framtíð, og eru það því falsrök.

Ég ætla ekki að ræða þetta frekar nú. Ég og hæstv. dómsmrh. getum karpað um þetta fram og aftur, og mun til lítils vera að rökræða við hann frekar hér. En ekki hefði ég á móti að ræða þessi mál við hann utan þings. Ég skal svo ekki tefja umr. lengur.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Við, ég og hv. þm., sem síðast talaði, segjum það vera klippt og skorið. Það er ósköp eðlilegt, að deilt sé um ýmis atriði, sem fram koma í máli þessu. Mér dettur ekki í hug, að ummæli Eisenhowers eða Churchills varðandi samningana gagnvart Þýzkalandi séu fölsuð, en frumheimildin er staðfest sem ég sagði. Ég skal ekki deila frekar um það við hv. þm., en þetta kemur fram í blöðum eftir fundinn í París 22. nóv. síðastl.

Hv. þm. spurði, hvaða mál kæmu fyrir alla utanrmn. og hvaða mál kæmu fyrir hina 3 á milli þinga. Fyrir 7 manna n. koma t. d. öll mál, sem síðar þurfa afgreiðslu við á Alþingi. Um þau mál, sem eru á vissu undirbúningsstigi, svo að ekki er hægt að leggja þau fyrir þing, þá er gert ráð fyrir, að slík mál verði rædd og undirbúin til afgreiðslu í 3 manna n.

Ég get nú varla varizt brosi, hversu vopnaviðskipti hafa snúizt fyrir kommúnistum í þessu máli, en þeir hafa sem kunnugt er ekki sparað skammirnar og brigzlyrðin í okkar garð. Þeir standa nú naktir gagnvart þjóðinni, og framkoma þeirra öll hefur gert það að verkum, að þeir eru nú fyrirlitnir af alþjóð og þingheimi öllum. Er skemmst að minnast hinnar álappalegu framkomu hv. 5. landsk., Ásmundar Sigurðssonar, í útvarpinu í gærkvöld. — Það eru nú

verstu skammirnar, sem stjórnmálaflokkarnir bera hver á annan, ef hægt er að bera á flokk, að hann hafi unnið með kommúnistum. Það virðast nú vera verstu skammirnar, sem hægt er að bera á þjóðmálaflokk.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KK, LJóh, PZ, RÞ, SÓÓ, VH, ÞÞ, BBen, GJ, HG, JJós, BSt.
nei: BrB, FRV.
3 þm. (StgrA, HV, HermJ) fjarstaddir.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:2 atkv.

Á 43. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 453).

---

37. Fiskveiðasjóður Íslands.

Á 36. fundi í Nd., 4. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 34 2. apríl 1943, um fiskveiðasjóð Íslands [141. mál] (þmfrv., A. 326).

Á 37. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Pétur Ottesen): Þetta frv. er flutt samkvæmt ósk hæstv. atvmrh., og er í stuttri grg., sem fylgir frv. frá hæstv. ráðh., gerð grein fyrir efni frv. og hvaða ástæða liggur til, að þetta mál sé flutt. En efni þessa frv. er það að lækka þann hluta af tekjum fiskveiðasjóðs, sem rennur til styrktarlánadeildar sjóðsins, þeirrar deildar, sem lánar viðbótarlán gegn öðrum og þriðja veðrétti til byggingar báta innan við 150 tonn. Þessi deild hefur safnað nokkru fé, en hins vegar er aðaldeildin févana, en það er hún, sem greiða á úr annarri lánaþörf. Sú lánaþörf, sem hér er sérstaklega höfð fyrir augum, er kaup á vélum í báta, sem byggðir voru í Svíþjóð. Vélategund sú, sem var í mörgum þessara báta, hefur reynzt illa, og er nú svo komið, að rekstur sumra þeirra hefur stöðvazt af þessum sökum. Verður því að leita ráða til að greiða úr lánaþörf þeirra, er endurnýja þurfa vélar þessar. Er því lagt til að skerða nokkuð tekjur styrktarlánadeildar fiskveiðasjóðs, en auka að sama skapi tekjur aðaldeildar sjóðsins, en það er hlutverk þeirrar deildar að lána fé í þessu skyni. Eftir því, sem mér er gefið upp, er ætlazt til, að sá hluti, er aðaldeildinni félli í skaut með þessum hætti, nemi þetta ár 900 þús. kr., og ætlazt er til, að þessi breyt. taki til tekna sjóðsins á yfirstandandi ári. Þar sem hér er um mikla þörf að ræða að leysa þetta mál, hefur orðið fullt samkomulag í sjútvn. um að flytja þetta frv. og mæla með framgangi þess.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., 7. des., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Nd., 10. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 40. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 41. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Að undanförnu hafa skapazt vandræði fyrir eigendur nokkurra vélbáta, og eru það einkum þeir bátar, er voru keyptir frá Svíþjóð, vegna þess að vélarbilanir hafa orðið tíðari í þessum bátum en eðlilegt er. Er nú svo komið, að setja verður nýjar vélar í marga þessara báta. Margir eigendur bátanna hafa leitað til ríkisstj. með ósk um aðstoð vegna þessara vandræða þeirra. Hefur ríkisstj. reynt að afla lána hjá lánsstofnunum, en það tókst ekki að fá viðunandi lausn á málinu eftir þeim leiðum, og datt okkur þá í hug að leita á náðir fiskveiðasjóðs. Við nánari athugun kom í ljós, að auðið var með breytingu á l. um fiskveiðasjóð að ráða nokkra bót á þessu. Samkv. l. eiga 33⅓% af tekjum sjóðsins af útflutningsgjöldum að renna í sérstakan sjóð, sem á að verja til þess að veita 2. og 3. veðréttar lán til skipa, sem eru nýbyggð. Nú þykir óhætt að rýra þessar tekjur fiskveiðasjóðs úr 33⅓% niður í 15% í þeim tilgangi, að þessi 18⅓% renni til þessara báta, er ég hef getið um. Ef menn spyrja, hve miklu þetta nemi árlega, er ekki með vissu hægt að segja um það, en í ár eru tekjur sjóðsins — að ég hygg — hátt á 6. millj., og nemur þá þessi tilfærsla 900 þús. til 1 millj. kr. Ég hef ráðfært mig um þetta við forstjóra sjóðsins, Elías Hall-

dórsson, og hann telur þetta mögulegt. Vænti ég þess, að málið fái skjóta afgreiðslu hjá hv. d.

Eins og segir í grg. þessa frv., þá er í sambandi við þetta frv. flutt annað frv., sem er um breytingu á stofnlánadeild sjávarútvegsins, og með leyfi hæstv. forseta vil ég leyfa mér að bæta hér við örfáum orðum um það frv. til þess að þurfa ekki að hafa framsögu um það sérstaklega. En þetta frumvarp á þskj. 386 fer fram á heimild til handa stjórn stofnlánadeildarinnar til að veita veðleyfi fyrir 1. veðrétti í skipum til vélakaupa, ef ný vél er sett í skipið. Sanngjarnt þykir, að lán stofnlánadeildarinnar víki fyrir þessu láni, vegna þess að veðhæfni skipanna verður meiri á eftir. Það hefur verið rætt um þetta mál við þá, sem stjórna stofnlánadeildinni, og eru því bæði þessi frv. borin fram með samþykki allrar ríkisstj. og þessara aðila, stjórnar fiskveiðasjóðs og stofnlánadeildarinnar. — Ég vænti þess vegna, að allir hv. þm. geti lið þessu máli fylgi sitt, og óska eftir því, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. sjútvn.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Það verður að skoðast sem lofsverð viðleitni ríkisstj. að hafa borið þetta mál fram og þá sérstaklega þess ráðh., sem það gerir, hæstv. atvmrh. Það er gert til þess að greiða eitthvað úr fyrir þeim mönnum, sem hafa verið svo óheppnir að kaupa báta með vélum, sem eru svo lélegar, að þær svíkja sína eigendur. Ég vil ekki fara að gagnrýna þörfina, sem á þessu er, en mér þykir hlýða að minnast nokkuð á gang þessa máls.

Það hefur oft heyrzt og komið fram mikil gagnrýni á því, að sjómenn hér á landi væru með margbreytilegar óskir hvað snerti vélar og vildu vera með margar tegundir af vélum. Þetta er sjálfsagður réttur, sem engin ástæða er til að láta af hendi. En engu að síður hafa komið fram raddir um það, að réttast væri að taka hann af með lagavaldi og lögbjóða, hvaða vélar skyldu fluttar til landsins. Hér er að mínum dómi hættuleg stefna, ef það opinbera ætlar af takmarkaðri þekkingu að fara að vasast í þessum málum.

Hér eru nú enn í dag á dagskrá þær bátabyggingar, sem fóru fram í tíð utanþingsstjórnarinnar. Einn af þeim mönnum, sem þar voru ráðherrar, er nú ráðherra í þeirri stjórn, sem nú situr. Í tíð þessarar stjórnar var í það ráðizt að kaupa báta frá Svíþjóð og samið við vélaverkstæði þar um vélar í þá. Síðar voru þessir bátar keyptir, þessir rándýru bátar, sem voru svo dýrir, að það eru ekki nokkur dæmi þess, að svo dýrir bátar hafi verið keyptir til landsins. Og það var ekki nóg með það. Það voru tekin ráðin af kaupendunum, hvaða gerð skyldi vera á skipunum og enn fremur hvaða gerð véla skyldi vera í þeim. Þarna voru fengnir til sérstakir skipabyggingafræðingar, og allt skyldi fara fram eftir kúnstarinnar reglum, sem einstakir kaupendur gátu ekkert við ráðið. En ég ætla, að það megi segja í einu orði, að þarna hafi verið framkvæmd þau verstu skipakaup, sem gerð hafa verið fyrir landið. Þarna voru byggðir tveir flokkar báta, 90 og 50—60 tonna, og vélarnar valdar í þá fyrir menn af sérfræðingum ríkisstj., svo að ekki átti nú að koma neinn kjánaskapur til greina, heldur skyldi forsjá ríkisstj. stýra þessum málum. Hins vegar er nú svo komið, að núverandi ríkisstj. telur rétt að gera leiðar ráðstafanir til þess að skipta um vélar í þessum bátum og hjálpa eigendum þeirra til þess að fá nýjar vélar í þá. Ég skal játa, að þetta er nauðsynlegt fyrir þá menn, sem fyrir þessu hafa orðið og ráða ekki við vélarnar, en hins vegar tel ég, að leiðin, sem valin hefur verið, sé miður heppileg, og í því velgengnistekjuári, sem nú er, skil ég varla, að ekki hefði mátt fara aðra leið en þessa.

Hæstv. atvmrh. segir, að það eigi að bæta þessar ráðstafanir á kostnað fiskveiðasjóðs, en það verður þá á kostnað annarrar aðstoðar. Ég vísa þar til 8. gr. laga um hann, en þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Við fiskveiðasjóð skal stofna sérstaka deild, er hefur það hlutverk að veita 2. og 3. veðréttar lán til byggingar fiskibáta innan 150 smálesta. Til þessarar deildar ganga frá 1. jan. 1943 33⅓% af tekjum fiskveiðasjóðs af útflutningsgjaldinu. Úr sjóði þessum skal veita lán til kaupa og byggingar nýrra fiskiskipa, sem minni eru en 150 smálestir brúttó."

Þennan möguleika á nú af brýnni nauðsyn að skerða og klípa af því lánsfé, sem stofnlánadeildin hefur látið útvegsmenn fá, til þess að bæta úr villu þeirra framkvæmda, sem gerðar voru, þegar þessar vélar voru keyptar, og utanþingsstjórnin stóð fyrir.

Ég veit ekki, hvort það er öllum hv. þm. ljóst, að sú ráðstöfun, sem gerð var í tíð nýsköpunarstj., að láta byggja báta hér innanlands var mjög þörf. Ég skal játa, að á þeim tíma, sem það var gert fyrir atbeina þáverandi atvmrh., hv. þm. Siglf., var ég ekki sannfærður um, að það væri rétt, eins og ég svo varð, þegar ég sá, hvernig framkvæmdirnar urðu á þessu. Þeir bátar hafa allir reynzt mjög vel og sumir alveg prýðilega. En það er annað, að þeir menn, sem byggðu þessa báta, urðu persónulega fyrir tjóni, og það er nú verið að sækja það mál í sameinuðu þingi að líta á nauðsyn til að bæta þeim mönnum, sem smíðuðu báta á vegum nýsköpunarstj., og vona ég, að á það mál verði réttilega litið.

En nú hefur þessi smíði verið lögð niður illu heilli, og hefur nú á síðustu árum ekki verið smíðaður einn einasti bátur hér á landi, svo að ég viti til. Það kann að vera, að það sé erfitt með eik, en í tíð nýsköpunarstj. var keypt í einu lagi mikið af eik til þessara bátasmíða, en hún er hins vegar dýr nú, enda hefur enginn bátur verið smíðaður.

En svo er annar þáttur, og hann er sá, að mótorbátar ganga úr sér á ýmsan hátt. Þeir eldast, farast og verða fyrir ýmiss konar óhöppum, svo að það þarf alltaf að endurnýja flotann árlega. Sjálfur hef ég starfað að því undanfarið að fá leyfi fyrir dönskum bátum handa mönnum í minu kjördæmi. Ég skal nú ekki fara að lasta fjárhagsráð né telja fram það, sem því kann að vera til minnkunar, en það verð ég að segja, að það er fyrirhöfn og erfiðleikar á því að fá það og hæstv. yfirvöld til þess að leyfa

þennan innflutning. En þá kemur það, að þeir, sem nú eru að kaupa báta erlendis frá, eiga ekki von á sama styrk frá fiskveiðasjóði og verið hefur, og það er full ástæða til, að þessi sjóður verði að draga saman seglin, ef það á að ganga á hann með að kaupa þessar vélar.

Hæstv. atvmrh. sagði, að forstjóri sjóðsins teldi, að hann mundi vel þola þetta. En hefur hann gert sér ljóst, hver þörfin er á að endurnýja bátaflotann?

Ég sé nauðsynina á, að mönnunum með ónýtu vélarnar verði hjálpað til að kaupa nýjar vélar, en ég hefði óskað, að hjálpin hefði komið í einhverju öðru formi, og ég efast ekki um, að það hefði mátt finna aðra leið. Og ég verð að segja það við hæstv. ráðh., að mér finnst tími til kominn, að menn athugi möguleika á því að skapa skilyrði fyrir bátabyggingar innanlands að nýju. Þó að ekki væri hægt að aðstoða þá á sama hátt, þá gæti verið ýmislegt í því, svo að þeir gætu hafið bátabyggingar að nýju, því að það er fengin full vissa fyrir því, að það er einmitt mikil þörf fyrir endurnýjun á bátum milli 30 og 60 tonna á hverju ári.

Ég skal svo ekki fjölyrða meira um þetta mál, það fer til nefndar, sem ég á sæti í, en ég hygg, að það væri ekki óeðlilegt, þó að menn athuguðu möguleika á því að skerða ekki getu fiskveiðasjóðs um of.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Mér þykir í alla staði eðlileg þessi gagnrýni hv. þm. Vestm., en hann hefur lengi verið einn af aðalforsvarsmönnum sjávarútvegsins hér á þingi og einn af mestu öndvegisútvegsmönnum á landinu. Mér finnst það eðlilegt, að þessi málsvari útvegsins setji fram athugasemdir, þegar það er jafnframt vitað, að það er neyðarúrræði að fara þessa leið. En ég verð að viðurkenna, að ég sá ekki aðra leið heppilegri, ég kom ekki auga á hana. Ég gerði það, sem ég gat, til þess að ráðast á garðinn þar, sem hann var hæstur, og ég leitaði síðast á náðir fiskveiðasjóðs, af því að það var engin leið önnur til. Ég væri því manna fegnastur, ef hann eða aðrir gætu bent á aðra leið jafngóða. Þó má ekki stöðva þetta mál, því að þessir menn, sem með þessar vélar sitja, eru búnir að gera ýmsar ráðstafanir, sem ekki gátu beðið, ef þeir áttu að geta rekið bátana áfram, og þær gerðu þeir í trausti þess, að með velvilja yrði litið á þeirra mál.

Menn mega ekki treysta um of á þann tekjuafgang, sem orðið hefur á þessu ári hjá ríkissjóði. Það vita allir, að þegar slíkt stórhveli rekur, þá eru margir, sem vilja skera hvalinn. Og ef farið er inn á þá braut að skera hann, þá vil ég segja það, að við erum komnir inn á hálar brautir. Ég veit einnig, að hann álítur, að ríkisstj. hafi þann hug til þessa máls, að hún muni reyna að leiða það vel til lykta, svo að það er ekki nema tvennt, sem ég þarf að segja. Það er, að ég bið, að menn tefji ekki málið, og hitt er sú skoðun mín, að sú ríkisstj., sem um þessi kaup sá, geti ekki á neinn hátt orðið sökuð um það, hvernig þessar vélar hafa reynzt. Það er ómögulegt að gera einn ráðherra ábyrgan fyrir slíkum framkvæmdum, sem ríkisstj. stendur að. Hann ber ábyrgðina á, að skipin verði byggð, en það er ekki hægt að krefjast þess, að hann sjái um, að þau séu ágallalaus. Ég efast ekki um, að sú ríkisstj. hefur þarna haft tæknilega miklu lærðari menn en hægt er að ætlast til, að nokkur ráðherra sé. Og dómi þessara manna hefur verið hlýtt, og ég efast ekki heldur um, að þeir menn hafa þar notað sitt vit eins og þeir bezt vissu. Á þessar vélar var komin góð reynsla, en það var um að ræða, að það voru miklu stærri vélar en þær, sem hér er um að ræða, og á þessar stóru vélar var komin reynsla, og á henni var byggt, þegar þessar minni sömu tegundar voru keyptar í íslenzk fiskiskip. — Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð, en ég treysti því, að þetta mál verði ekki tafið.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki tala langt mál. — Ég tel það eðlilegt, að ráðh. fari þessa leið. Þessi mál tilheyra fiskveiðasjóði, og það þess vegna fullkomlega eðlilegt, að hann sé látinn sinna þeim. — Annars stóð ég upp út af ræðu hv. þm. Vestm. Hann benti á þá sorglegu reynslu, sem af þessum vélakaupum er fengin, og benti á, hvað það er hættulegt, að ríkisvaldið sé að vasast í þeim málum. Ég vil leyfa mér að benda honum á önnur rök en þau, sem hann gat um.

Þegar lögin um ákvæði við íslenzkar siglingar voru sett, var uppi deila um það, hvort veita ætti mótoristum aukinn rétt við siglingar, án þess að þeir hefðu aukna fræðslu, og niðurstaðan varð sú, að þessi réttur var veittur. Mín skoðun í þessu máli hefur hins vegar reynzt rétt, en ég hélt því þá fram, að í þessu væri fólgin aukin hætta, að láta menn, sem ekki hafa kunnáttu til að fara með stórar vélar, fá rétt til að stjórna þeim. Þá vil ég einnig benda á, að þegar þessi l. voru rædd 1948, þá átti enn að hækka réttindi þessara manna, og það var eingöngu vegna samstarfs við forseta sameinaðs þings, að hægt var að koma í veg fyrir þá samþykkt. Þá var það ákveðið að setja milliþinganefnd til að fjalla um þetta mál, og það var einmitt vélfræðingur fiskveiðasjóðs Íslands, sem klauf nefndina, með því að hann vildi berja enn fram aukin einkaréttindi fyrir mótoristа. En þetta mál þarf nauðsynlega að leysa með því að stíga sporin til baka, sem stigin hafa verið í þessu máli. — Ég vildi láta þetta koma fram, vegna þess að hv. þm. virðist hafa aðra skoðun á málinu og til að benda á það, að þannig ber ekki að fara með mál hér á Alþ. Það er alveg rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að þessar vélategundir eru heimskunnar, en vélarnar krefjast ákveðinnar sérþekkingar, sem hefur ekki verið látin í té vegna afskipta Alþ. af málinu og sérstaklega hv. þm. Vestm.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. tók sér fyrir hendur að bera blak af þeirri hæstv. stjórn, sem kölluð hefur verið utanþingsstjórn. Það var alveg óþarfi að gera það vegna minna ummæla, því að ég gaf ekki í skyn, að hún hefði valið vélarnar. Ég benti aðeins á þá staðreynd, að sænsku bátaviðskiptin hefðu farið fram undir hennar handleiðslu, og ég býst ekki

við, að hæstv. ráðh. geti neitað þeirri staðreynd. En aðaltilgangur minn með ræðu minni var að benda á það, hvað skeði, þegar ríkisvaldið tæki fram fyrir hendurnar á hinu frjálsa framtaki í vali vélanna, til að sýna fram á, að hið frjálsa framtak er ekki tóm vitleysa. Í þessu sambandi hefur því oft verið haldið fram, að það eigi að halda sig við örfáar vélategundir, til þess að auðveldara verði með útvegun á varahlutum. Höfuðatriði míns máls var að benda á þetta og svo hitt, að halda eigi áfram við skipabyggingar í þessu landi fremur en kaupa sænska báta, þar sem reynsla þessara báta hefur orðið þannig. Á hinu hefur svo orðið nokkuð önnur útkoma, þegar Íslendingar hafa keypt báta, sem Svíar byggðu handa sjálfum sér, svo að ég tali nú ekki um þá báta, sem byggðir hafa verið hér á landi og hafa reynzt hin beztu skip.

Út af athugasemd hv. þm. Barð. vildi ég segja það, að hann er það raunsær maður, þótt okkur kunni að hafa greint á um skólalærdóm og reynslulærdóm, þá er hann sá maður í þessari hv. deild, sem einna oftast vitnar til þess, hvað lífið og reynslan kennir mönnum, hv. alþingismönnum sem öðrum. Því býst ég við, að hann mundi síðastur manna kasta steini að reynslulærdómnum. Og mér finnst það nokkuð langt gengið hjá hv. þm. að ætla sér að fara að eigna mér gallana á þessum póla-dieselmótorum, vegna þess að á sínum tíma stóð deila á milli mín og hv. deildarmanna um þetta mál. Ég viðurkenni fúslega, að nauðsynlegt er að hafa skólalærdóm fyrir menn, sem stunda slíka báta, en engu að síður ber að líta á margra ára reynslu þeirra manna, sem hafa haft það fyrir atvinnu að meðhöndla slíkar vélar. Fyrir því höfum við mörg dæmi. — Þarf ég svo ekki að segja fleiri orð um þetta mál.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 326, n. 416).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Eins og segir á þskj. 416, sem er nál. sjútvn., hefur nefndin komizt að þeirri niðurstöðu, að rétt sé að leggja til við hv. deild, að þetta frv., sem hér um ræðir, verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.
ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 457).

---

38. Stofnlánadeild sjávarútvegsins.

Á 36. fundi í Nd., 4. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 29. apríl 1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands [142. mál] (þmfrv., A. 327).

Á 37. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Pétur Ottesen): Þetta frv. er í nánu sambandi við það frv., sem var afgr. hér áðan, og er nauðsynlegt, að afgreiðsla þessara frv. haldist í hendur. — Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að stjórn stofnlánadeildarinnar gefi eftir 1. veðrétt í þeim skipum, sem kaupa þarf í nýjar vélar. Þetta er miðað við, að eftirgjöfin nemi ⅔ hlutum af verði vélanna, en þessir ⅔ hlutar eru það hámark, sem stofnlánadeildin lánar til slíkra skipa. Enn fremur er gert ráð fyrir, að veð sé útvegað fyrir nýjum lánum, og er það nauðsynlegt vegna þess, að stofnlánadeildin lánar aðeins gegn 1. veðrétti.
Fyrir hönd sjútvn. vil ég svo mælast til, að þetta frv. nái fram að ganga.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., 7. des., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Nd., 10. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 327, 374).

Frsm. (Pétur Ottesen): Sjútvn. hefur flutt brtt. við þetta frv. Sú brtt. er fólgin í því að bæta inn í síðari málslið gr. „ábyrgðarmanna og síðari veðhafa“ í stað „síðari veðhafa“, eins og nú er í frv. Verður þá þessi málsgr. þannig orðuð: „Víkur þá hið fyrra stofnlán stofnlánadeildarinnar fyrir þessu nýja láni, enda liggi einnig fyrir samþykki ábyrgðarmanna og síðari veðhafa, ef einhverjir eru, til þess að veðin færist þannig aftur.“ Þetta er sett inn í frv. af því, að fyrir allmörgum árum lágu fyrir mörg lán hjá stofnlánadeild, og liggur fyrir viðbótarábyrgð frá bæjar- og sveitarfélögum. Þess vegna var nauðsynlegt að bæta inn í þessari

breyt., en hún felur ekki annað í sér en þetta, og leggur n. til, að hún verði samþ. Ég vil geta þess, að prentvilla hefur slæðzt inn í brtt., og mun hún verða leiðrétt.

ATKVGR.
Brtt. 374 samþ. með 26 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 41. fundi í Ed., 11. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 386).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég sagði það, sem ég taldi þurfa að segja um þetta mál, við umræður um 6. dagskrármálið, um fiskveiðasjóð, og get ég vísað í öllu til þess. — Ég leyfi mér að leggja til, að þessu máli verði að lokinni umr. vísað til sjútvn. og 2. umr. og að það fái svo fljóta og góða afgreiðslu sem unnt er.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 386, n. 415).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þetta mál, sem er 8. mál á dagskránni, stendur í nánu sambandi við það, sem afgr. var næst á undan, frv. um fiskveiðasjóð, og hefur sætt athugun um leið og það hjá sjútvn., sem einróma leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 458).

---

39. Landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.

Á 28. fundi í Nd., 15. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 29. apríl 1946, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum [114. mál] (þmfrv., A. 216).

Á 30. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, lá fyrir síðasta þingi. Það fylgdi því þá allýtarleg grg., og er hún nú endurprentuð á þskj. 216. Þetta mál var borið seint fram á þinginu og var þá afgreitt með rökstuddri dagskrá, þar sem þess var óskað, að *ríkisstj. sendi stjórn Búnaðarfélags Íslands frv.* með ósk um, að hún legði það fyrir búnaðarþing til umsagnar, og átti þá að vera hægt að leggja frv. fram á næsta þingi. Þetta hefur verið gert. Málið lá fyrir á síðasta búnaðarþingi, sem athugaði það rækilega og vísaði því til mþn. Enn fremur hefur landbn. haft frv. til athugunar. Enginn þessara aðila hefur séð ástæðu til að gera breyt. á frv. eins og það kom frá flm., og hefur landbn. því séð ástæðu til að flytja það nú. — Ég skal taka það fram, að landbúnaðarn. hefur í smíðum nokkurn viðauka við þetta frv., og mun hann verða borinn fram við 2. eða 3. umr. málsins, en það var ekki frá honum gengið, þegar frv. var lagt inn.
Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða frv. frekar nú, þar sem því fylgir allýtarleg grg. Ég óska þess svo, að málið gangi áfram, en það þarf ekki að vísa því til n., þar sem það kom frá nefnd.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 31. fundi í Nd., 22. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., 26. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Við þetta frv., sem hér liggur fyrir, flytur landbn. nokkrar brtt., og er það sökum þess, að þegar n. barst frv. í hendur, var orðið alláliðið þings, og taldi n. rétt að fresta ekki afgreiðslu þess, en á hinn bóginn voru brtt. ekki fullgerðar, og þótti þá rétt að bera þær ekki fram fyrr en við 2. umr., og fengist þá betri tími til að ganga frá þeim. Þetta er ástæðan fyrir því, hvað þessar brtt. koma seint fram.
Um breytingarnar sjálfar er það að segja, að í núgildandi l. er gengið út frá því, að maður, sem hyggst reisa nýbýli og fær samþykki hlutaðeigandi aðila til þess, fái ekki styrk úr nýbýlasjóði, fyrr en hann hafi reist byggingar á jörðinni. Þetta leggur landbn. til að verði fært í betra horf. Af þessum ástæðum hefur ekki verið hægt að veita mönnum styrk til að byrja á nýbýlum sínum, ef þeir hafa byrjað á að rækta jörðina; m. ö. o. hefur ekki verið hægt að veita mönnum styrk til að gera það býli, sem væntanlega bæri íbúðarhús. Það má segja, að með l. hafa menn verið knúðir til að byrja *á öfugum enda, þ. e.*, í stað þess að byrja á að rækta jörðina hafa menn orðið að byrja á að reisa íbúðarhús. Nú er það svo víða, að ungir

menn hugsa sér að fá hluta af jörð föður síns til þess að reisa nýbýli á. Þessir menn hafa oft góða aðstöðu til að byrja þegar á ræktuninni, áður en þeir geta lagt í byggingar; geta með öðrum orðum verið búnir að koma upp lífvænlegu býli, þegar hægt er að fara að leggja í byggingu íbúðarhúss. Höfuðbreyting n. á frv. stefnir í þá átt að leiðrétta þetta, þ. e. að gera mönnum kleift að verða aðnjótandi styrks til að koma upp nýbýli, áður en lagt er í byggingar á jörðinni. En það, sem veldur einkum erfiðleikum í sambandi við þetta ákvæði, er það, að ef til vill má gera ráð fyrir, að ýmsir mundu misnota þessa aðstöðu þannig, að þeir muni kannske aldrei byggja á þeirri jörð, sem þeir hafa fengið styrk til að rækta. Til þess nú að reyna að koma í veg fyrir það, að slík misnotkun eigi sér stað, leggur n. til, að lögfest verði nokkur ákvæði í þessu skyni, og eru þau prentuð í liðunum a—d á þskj. 249. Þar eru jafnframt þau viðurlög, sem við liggja, ef út af yrði brugðið, og eru þau í þá átt, að styrkþegi skuli endurgreiða ræktunarstyrkinn með 5% vöxtum, ef hann hafi ekki reist nauðsynlegar byggingar á landinu innan ákveðins tíma frá því að styrkurinn var fyrst greiddur, og í öðru lagi, að stofnandi nýbýlisins skuli setja land sitt að veði sem tryggingu fyrir því, að staðið verði við þessar skuldbindingar. Þessi atriði, sem ég hef nú drepið á, eru meginefni brtt. þeirra, sem landbn. leggur nú fram.

Þess skal að lokum getið, að þegar gengið var frá þessu frv., gat einn nm., Ásmundur Sigurðsson, þess, að hann gæti ekki fellt sig við öll atriði frv. og hann hefði sínar aths. að gera við það. Aðrir nm. voru sammála um afgreiðslu þess. Ég óska svo, að málið verði látið ganga áfram.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Frsm. þessa máls gat þess í lok ræðu sinnar, að ég mundi ekki vera að öllu leyti sammála öðrum nm. um málið og hefði mínar aths. að gera við það. Þetta er alveg rétt. Þegar frv. var tilbúið og ákveðið að flytja málið, taldi ég mig hafa óbundnar hendur um afstöðu til þess eins og það var í fyrstu, en ég lagði þó ekki á móti flutningi þess. Nú hefur landbn. gengið frá nokkrum brtt. við frv. og prentað á þskj. 249, og gekk hún frá þeim á fundi, sem ég gat af óviðráðanlegum ástæðum alls ekki mætt á, þar sem ég var þá á ferð í Vestmannaeyjum, og við þessar brtt. hef ég sitt hvað að athuga, ekki síður en frv. sjálft. Mér þykir það ekki vera rétt af hinum fjórum meðnm. mínum að gefa út þskj. með brtt. í nafni allrar n., þegar þær till. eru afgreiddar á fundi, sem ég hafði engin tök á að mæta á og mér var ekki einu sinni boðaður.

Þá skal ég víkja lítillega að frv. sjálfu. Það er flutt í þeim tilgangi að vinna að fjölgun býla í landinu og hindra það, að byggilegar jarðir standi í eyði. Tilgangurinn út af fyrir sig getur verið ágætur. En hér er gert ráð fyrir því, að stofnun, sem nýbýlastjórn heitir, hafi með höndum að annast framkvæmd l., og sýnist mér, að þá eigi að fara að blanda henni inn í mál, sem hún eigi mjög erfitt með að framkvæma. Það er gert ráð fyrir því, að nýbýlastjórn geti og henni beri að skipta sér af því, hvort í eyði falla jarðir, sem eru í eigu ýmissa einstaklinga. Það eru til önnur l. um þetta efni, þ. e. ábúðarlögin, þar sem það er sett í verksvið einstakra hreppsnefnda að líta eftir þessum málum. Því er ég algerlega mótfallinn að fara nú að blanda nýbýlastjórn inn í þetta atriði. Þau rök, sem færð hafa verið fram til stuðnings þessu atriði, eru þess efnis, að þarna þurfi að koma annað til en hreppsnefndirnar, vegna þess að persónulegar aðstæður geti oft komið í veg fyrir, að hreppsn. hafi tök á að hindra, að jarðir falli í eyði, þar sem þær geti með því lent í andstöðu við eigendur jarðanna, sem geti verið óþægilegt. Ég vil segja það, að ég álít mjög vafasamt að ætla að fara að skella þessum vanda á herðar nýbýlastjórnar, og það muni einungis verða til þess að gera hana óvinsæla. Í öðru lagi tel ég, að ekki sé rétt að gera jafnmikið úr því og ýmsir hafa gert og gert er í frv., að góðar jarðir megi alls ekki leggjast í eyði. Ég álít tvímælalaust, að góðar jarðir standi yfirleitt ekki í eyði. Það hefur að vísu komið fyrir, að þær hafa lagzt í eyði um tíma, en þær hafa þá byggzt aftur. Ég veit t. d. um eina góða jörð, sem lagðist í eyði um tveggja ára skeið, en nú er hún byggð aftur.

Þetta vildi ég segja um frv. sjálft, og nú vil ég minnast fáum orðum á brtt. þær, sem meiri hl. n. hefur nú lagt fram. Hv. frsm. lýsti því, að brtt. væru gerðar í þeim tilgangi að skapa mönnum möguleika á að fá styrk til ræktunar nýbýlanna, áður en hafizt yrði handa um byggingarnar, og rökin, sem hann færði fyrir þessum brtt., voru í þá átt, að nauðsynlegt væri í mörgum tilfellum að ljúka jarðræktinni áður en byrjað yrði að reisa byggingarnar. Nú vil ég benda á, að erfiðasta viðfangsefnið í sambandi við stofnun nýbýlis er að koma upp byggingunum, en ekki jarðræktin. Auk þess hafa þeir, sem byrja á ræktuninni, rétt til að fá venjulegan jarðræktarstyrk, og álít ég, að sá styrkur muni nægja þeim, unz þeir leggja í byggingar. Í öðru lagi tel ég, að langt sé frá því, að ákvæðin, sem felast í a—d-lið á þskj. 249, geti tryggt það, að misnotkun í þessu efni eigi sér ekki stað. Hér er verið að skylda nýbýlasjóð til að greiða nýbýlastyrk til aðila, sem er ekki skyldugur til að byggja á jörðinni fyrr en að 8 árum liðnum. Ég tel mjög auðvelt að misnota þetta atriði. T. d. gætu bændur látið sonu sína hafa hluta af jörðum sínum, án þess að synirnir hefðu ákveðið í huga að reisa nýbýli, og væri þannig hægt að fá styrk úr nýbýlasjóði út á ræktun jarðarinnar. Það mun vera auðvelt og nokkuð algengt, að jörð sé skipt á milli föður og sonar, án þess að sonurinn hafi gert það upp við sig, hvort hann skuli halda búskapnum áfram. Þá er sá varnagli sleginn hér í brtt. n., að ef stofnandi nýbýlis hljóti styrkinn, áður en hann byrjar á byggingum, skuli hann setja landið að veði fyrir þeim styrk, sem nýbýlastjórn hefur veitt honum, og skuli hann endurgreiða styrkinn með 5% vöxtum, hafi hann ekki reist nauðsynlegar byggingar á jörðinni að 8 árum

liðnum. Það gæti því farið svo, að nýbýlastjórn þyrfti beinlínis að standa í málaferlum við að innheimta sínar kröfur, og álít ég mjög hæpið að blanda henni inn í slíkt. Og ég vil undirstrika það, sem ég sagði áðan, að sá maður, sem hefur tök á því að útvega sér land til ræktunar, getur auðveldlega unnið að ræktuninni með hjálp þess styrks, sem hann hefur samkvæmt núgildandi lögum rétt á að fá, en þarf ekki að fá greiðslur frá nýbýlastjórn, fyrr en hann fer að reisa hús á jörðinni. Reynslan hefur verið sú, að þeir, sem hafa reist nýbýli á síðari árum, hafa svo til allir viljað byrja á byggingunum, enda hefur ekki verið opinn sá möguleiki, sem hér á að fara að samþ., möguleiki, sem skapast við það, að nýbýlastjórn er skylduð til að greiða styrk til nýbýla, án þess að fullvíst sé, hvort hús verði nokkurn tíma reist á jörðinni, og ef það skyldi bregðast, þá kemur hún til með að standa í alls konar stímabraki og ef til vill málaferlum við að ná í styrkinn aftur. Það gæti verið rétt, að nýbýlastjórn greiddi einhvern styrk fyrir byggingarframkvæmdir, t. d. tveimur árum áður eða svo, en að skylda hana til að greiða styrkinn átta árum fyrir byggingarframkvæmdir er ég mótfallinn.

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Út af ummælum hv. meðnm. míns um það, að hann hefði ekki haft neinn möguleika á því að vera viðstaddur, er brtt. voru afgreiddar, vil ég taka það fram, að n. sá sér ekki fært að bíða með afgreiðslu málsins, þar sem svo var liðið á þingtímann. Þess skal líka getið, að brtt. þessar voru bornar undir landnámsstjóra, Pálma Einarsson, sem hafði ekkert sérstakt við þær að athuga.

Ræðumaður kvað sig vera mótfallinn því, að nýbýlastjórn færi að hafa afskipti af því, hvaða jarðir leggjast í eyði. Það er nú svo, að hlutverk okkar í nýbýlastjórn er að stuðla að sköpun nýbýla, og ég hef alltaf litið svo á, að þegar verið er að stofna nýbýli á einum stað, en jarðir leggjast kannske í eyði við hliðina á sama tíma, þá séu þessar aðgerðir svipaðar því, að verið væri að ausa vatni í botnlausa tunnu. Það sýnist lítið vit í því að verja tugþúsundum króna til að reisa nýbýli á óræktuðu landi á sama tíma og það er látið afskiptalaust, að góðar jarðir eru lagðar í eyði. Og því miður hefur reynslan orðið sú, að þrátt fyrir ábúðarlöggjöfina hefur það sýnt sig, að sveitarstjórnir eru engan veginn einhlítar í þessum efnum, og þær virðast ekki hafa það vald á þessum málum, að þær geti komið í veg fyrir, að jarðir leggist í eyði. Ég veit dæmi þess, að bóndi, sem hafði tvær jarðir undir, fékk þá þriðju með samþykki hreppsnefndarinnar, og lagði hann þá hinar tvær í eyði til þess að losna við að byggja upp á þeim. Þetta er aðeins eitt dæmi um það, að hreppsn. hafa ekki og geta ekki rækt skyldu sína í þessu efni. Nú er það alls ekki tilgangurinn og mundi heldur aldrei verða svo, að nýbýlastjórn fari að hafa afskipti af öllum slíkum málum, heldur mundi það verða framkvæmt þannig, að nýbýlastjórn mundi hafa eftirlit og standa í sambandi við hreppsn. um það, að þær gættu skyldu sinnar í þessum efnum, því að í raun og veru þarf kannske oft ekki nema herzlumuninn til þess, að þarna verði snúizt á rétta sveif. En það er alkunnugt, að það er oft miklu léttara eða hefur meiri áhrif og er auðveldara fyrir menn, sem eru í nokkurri fjarlægð, að koma fram till. til þess að ráða sérstaklega svona málum til lykta en fyrir þá, sem eru kannske næstu nágrannar og meira eða minna í persónulegum kunningskap við hlutaðeigendur. Það eitt, að nýbýlastjórn hefur rétt til þess að blanda sér í þessi mál, veitir vissulega hreppsn. aðhald, og þó að það væri ekkert annað, mundi það, hygg ég, hafa sín áhrif gagnvart hreppsn., sem eru á báðum áttum, hvað gera skuli. Þær mundu þá leita samþykkis landnámsstjóra um þessi mál og fá þær ábendingar, sem nægðu til þess að gera skynsamlegar ályktanir um málið. Það er ekki svo, að nýbýlastjórn fylgist ekki með þessum málum. Landnámsstjóri hefur unnið að því að gera skrá yfir allar eyðijarðir á landinu, og er sú skrá mjög ýtarleg, enda væri undarlegt, ef nýbýlastjórn fylgdist ekki með slíkum hlutum, því að þetta er svo nátengt hennar starfi. Hér er vitanlega aðeins um þær jarðir að ræða, sem eru vel til búrekstrar fallnar og telja má, að séu til framtíðarbyggðar.

Þá eru þessar brtt. Hv. þm. gat þess réttilega, að erfiðasta verkefnið væri ekki ræktunin, heldur væru það byggingarnar. Og hann vildi halda því fram, að mönnum væri vorkunnarlaust að rækta og jafnvel — skildist mér — að byggja útihús, sem ræktunarsjóðslán fengist til, án nokkurs annars stuðnings. Ég vil í því sambandi benda á, að samt sem áður er það nú svo, að fjöldi bænda verður að fá lán og aðstoð til ræktunar. Stundum er mjög auðvelt að rækta, og það er náttúrlega gott og blessað. En langoftast er um að ræða ræktun á landi, sem er mjög rakt, og þar þarf mikla framræslu, og slík ræktun er mjög fjárfrekt fyrirtæki. En þá kemur bara þetta: Hvað er það, sem veldur sérstaklega erfiðleikum fyrir nýbyggjendur? — Og hv. þm. segir: Það er byggingarkostnaðurinn. — Og það er vissulega rétt. En af hverju er það? Maður verður langmest var við erfiðleika hjá þeim nýbyggjendum, sem byggja á óræktuðu landi og eiga eftir að rækta allt saman, og það er af því, að þeir hafa ekki skilyrði til að standa undir byggingarkostnaðinum, meðan þeir eru ekki búnir að rækta. Það er það, sem að er stefnt með þessu, að menn hafi þá fyrirhyggju að rækta fyrst og byggja svo. Og ég held, að það verði erfitt að mótmæla því, að það sé sú rétta leið í þessum málum. Að byggja fyrst og rækta svo, það er að byrja á öfugum enda, því að það er ræktunin, sem á að standa undir byggingarkostnaðinum. En byggingarnar, þótt nauðsynlegar séu, gefa ekki beinan arð.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða frekar um þetta. Ég hef gert grein fyrir viðhorfi meiri hluta n. til þessa máls.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Hv. 2. þm. Skagf. lét þess getið, að ég var fjarverandi, þegar n. hélt fund. Og hann sagði, að það hefði verið erfitt að fresta málinu, þar sem svo áliðið væri þings. En ég ætla að benda á það,

að það liggja fyrir landbn. önnur mál, a. m. k. þrjú frv., um að bæta úr lánsfjárþörf landbúnaðarins, sem eru ekki afgreidd og ekki tekin fyrir í n. og eru um mál, sem skiptir þó landbúnaðinn miklu meiru en þetta mál, sem hér liggur fyrir. Það hefði því verið miklu meiri ástæða til að afgreiða þau mál en þetta, ef sérstakur áhugi fyrir landbúnaðinum einum hefði átt að ráða.

Þá komst hv. frsm. þannig að orði, að það væri eins og að ausa vatni í botnlausa tunnu að byggja nýbýli og láta góðar jarðir leggjast í eyði rétt hjá þeim. Það er vissulega þróun, sem ekki á að eiga sér stað, og nýbýlastjórn á að gæta þess, að þannig verði ekki misnotuð ákvæði nýbyggðalöggjafarinnar. En því verður ekki neitað, að eigi nýbýlastjórn að hafa svo víðtæk afskipti eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., þá koma afskipti hennar ákaflega mikið til með að snerta það ákvæði, sem í stjskr. er kallað helgi eignarréttarins. Og ef það er um að ræða, sem hann segir, að þessi mál séu viðkvæm og í mörgum tilfellum þannig, að hreppsn. treysti sér ekki við þau að fást, þá sé ég ekki, að aðstaða nýbýlastjórnarinnar sé góð til að fást við þessi mál um allt land, þegar hreppsn. treysta sér ekki til að ráða fram úr þeim, sem er þeirra skylda.

Hv. þm. sagði, að landnámsstjóri hefði safnað skrá yfir allar eyðijarðir á landinu, og það hefur hann gert í þessu máli, án þess að nýbýlastjórn væru lagðar frekari skyldur á herðar. Og ég hygg, að það sé nægilegt, sem hann hefur gert í þessu, og sé ekki rétt að koma með ný l. til þess að leggja nýbýlastjórn það á herðar að standa í stímabraki við hreppsn. og einstaklinga vegna þessa, þegar eignarréttarinn er virtur samkvæmt stjskr., og þeir eiga því að ráða, hvað þeir gera við sínar jarðir. Og hv. 2. þm. Skagf. veit, að einmitt það, sem við höfum rekið okkur á í sambandi við framkvæmd nýbýlal., þegar á að fá land til að stofna nýbýlahverfi, er, að þegar einstaklingar eiga eignarrétt á landinu, hefur það tekið 2—3 ár að komast yfir lönd þau, sem nýbýlastjórn hefur haft augastað á. Þetta er eðlilegt. En ef nýbýlastjórn á að vinna eftir þeim ákvæðum, sem hér um ræðir í þessu frv., þá getur það, sem frv. fjallar um, valdið meiri erfiðleikum en það, sem ég nú nefndi, vegna þess að þar er ekki nema um fáa staði að ræða, þar sem byggðarhverfi hafa verið undirbúin hingað til.

Hv. 2. þm. Skagf. kom inn á það sama og áður, að nauðsynlegt væri að stefna að því, að menn gætu unnið að ræktuninni fyrst á nýbýlum og þyrftu ekki að byggja fyrr en síðar. Jú, það er nú svo. Ég læt það gott heita, svo langt sem það nær. En hv. þm. minntist ekkert á þá erfiðleika, sem ég talaði um í sambandi við þetta, sem þyrfti að yfirstíga, svo að ekki yrðu mistök í þessum málum.

Þá sagði hv. þm., að þetta hefði verið borið undir landnámsstjóra. Það er rétt, en hann mun ekki hafa viljað gefa skriflega umsögn um málið. En ég tel, að það hefði verið réttara að fá landnámsstjóra á fund í n. og ræða ýtarlega um málið.

Ég vil benda á það, að auðvitað verður að koma til greina í sambandi við þetta mál, að það fé, sem landnámssjóður hefur til umráða, er orðið um ⅔ að notagildi á við það, sem var 1946. Síðan hafa fjárl. hækkað um helming. Nú er svo komið, að ef ekki verður mjög fljótlega ákveðið, að fé verði aukið til þessara framkvæmda, þá verða þær að verulegu leyti stöðvaðar á næstu árum. Það er atriði, sem ekki er minna virði að taka til athugunar í sambandi við þessi mál en þau atriði, sem þetta frv. fjallar um ásamt brtt., sem við það eru gerðar. En það er meiri þörf á að afgreiða frv. um aukið fé til landbúnaðarins, og samþykki þeirra mundi sýna meiri áhuga fyrir framför landbúnaðarins en afgreiðsla þessa frv., sem hér liggur fyrir.

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil aðeins geta þess, að þetta frv. lá fyrir nýbýlastjórn. Það liggur fyrir umsögn um það frá nýbýlastjórn. Frv. lá fyrir búnaðarþingi, og mælti það með frv. Það lá fyrir n. búnaðarþings í haust, sem enn mælti með frv., svo að mér sýnist frv. sjálft vera nokkurn veginn búið að ganga í gegnum þann hreinsunareld, að gallar á því ættu að hafa komið fram, ef mjög miklir væru.

Viðvíkjandi brtt. þá getur tæplega verið um mjög mikla galla að ræða, því að landnámsstjóri hefur farið yfir brtt. og ekkert tjáð sig þeim mótfallinn og bætir inn í þær ákvæðum, sem tryggja betur en áður var gert, að þetta verði ekki misnotað. Mér er ekki ljóst, hvernig á að misnota þessi ákvæði, þó að hv. 5. landsk. þm. reyni að gera þetta tortryggilegt.

ATKVGR.

Brtt. 249,I (ný gr., verður 1. gr.) samþ. með 15:4 atkv.

— 249,II samþ. án atkvgr.

1. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 15:4 atkv.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 249,III (ný gr., verður 4. gr.) samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18:3 atkv.

Á 34. og 35. fundi í Nd., 27. og 29. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36. fundi í Nd., 4. des., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 272, 295, 299).

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. N. hefur tekið þetta mál á ný til athugunar og hefur orðið ásátt um að breyta einu atriði hér, þ. e., að þar, sem gert er ráð fyrir, að styrkþegi, sem um getur í c-lið 1. gr., skuli hafa reist nauðsynlegar byggingar á landinu ekki síðar en 8 árum eftir að ræktunarstyrkurinn var fyrst greiddur, þá komi í stað þess: 5 árum, — þannig að þetta tímatakmark verði lækkað. — Auk þess liggja hér fyrir brtt. frá hv. 5. landsk. þm., þar sem hann leggur til, að lagt sé allmiklu meira fé til byggingarsjóðs og sömuleiðis til land-

námssjóðs en nú er lögum samkvæmt. Meiri hl. n. viðurkennir, að full þörf er fyrir aukið fjármagn til landnáms í sveitum á næstu árum. En þar sem hæstv. ríkisstj. hefur ekki lokið athugun á þessu og öðrum skyldum málum og þar sem afgreiðsla þess, sem er í þessari brtt., er ekki að áliti þeirra manna, sem þar bezt um vita, talin mjög aðkallandi sem stendur, þá getur n. ekki lagt með þessum brtt. — Ég bið afsökunar á því, að ég tók ekki eftir, að hv. 5. landsk. þm. var staddur hér á fundi. Ég hefði ekki rætt um brtt. hans nú, ef ég hefði tekið eftir því.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. tók fram, hefur landbn. tekið frv. til athugunar aftur. — Ég er samþykkur brtt. á þskj. 295 og tel, að þar hefði átt að ganga lengra, en skal ekki að öðru leyti tala um það atriði. En svo hef ég lagt fram brtt. á þskj. 299 í tveimur liðum. Fyrri liðurinn er um það að hækka um eina millj. kr. hið árlega framlag ríkisins til landnámssjóðs. Í 4. gr. laga um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum er svo til tekið, að leggja skuli til landnámssjóðs 2½ millj. kr. á ári í 10 ár. Nú eru 5 ár liðin af þeim 10, og mikið hefur breytzt á þeim tíma. Þegar þetta var samþ., voru útgjöld fjárl. innan við 200 millj. kr., og þá var hin almenna vísitala innan við eða um 200 stig. Nú eru fjárlög sýnilega að komast í 380 millj. kr. með útgjöldin, og hin almenna vísitala mundi nú vera komin í 600 stig, miðað við þann útreikning, sem áður var. Hér er um svo mikinn mun að ræða, að þetta fjárframlag, 2½ millj. kr., er hlutfallslega miklu minna að verðgildi en áður. Þó hefði ég ekki flutt brtt. um þetta, ef ég hefði ekki talið gefast alveg sérstakt tilefni til þess með þeirri breyt., sem samþ. var hér við 2. umr. málsins, þegar gert var ráð fyrir að greiða nýbýlastyrkinn lengra fram í tímann en áður var. Áður var miðað við, að nýbýli væru ekki samþ. nema tvö ár fram í tímann. Nú er í frv. gert ráð fyrir, að þau séu samþ. átta ár fram í tímann, en verði brtt. n. samþ., er gert ráð fyrir, að þau verði samþ. fimm ár fram í tímann, og verður þá eðlilega að greiða styrki til þeirra samkvæmt því. Þetta mun því kalla á meiri greiðslur en áður, að minnsta kosti er mjög hætt við því. Og eins og ég gerði grein fyrir við 2. umr., getur verið mikil hætta á því, þó að sú hætta minnki nokkuð, ef samþ. er brtt. á þskj. 299, — það getur þó verið nokkur hætta á því, að nokkuð af þessum greiðslum verði aldrei til framkvæmda á nýbýlum og það geti orðið erfitt að innheimta það fé aftur, ef um slíkt yrði að ræða. Þess vegna legg ég til, að þetta tillag verði hækkað um eina millj. kr. á ári í þau fimm ár, sem eftir eru af þeim tíu ára tiltekna tíma, sem lögin taka til í þessu efni. En áður en þau fimm ár eru liðin, verður að framlengja þessi ákvæði. Ég vænti þess, að að tíu árum liðnum frá því l. voru sett verði komin sú reynsla á framkvæmd þeirra, að mönnum verði ljóst, að framkvæmd þessarar löggjafar eigi þá einnig að halda áfram.

Síðari brtt. mín er um það, að ríkisstj. skuli vera heimilt að greiða landnámssjóði af tekjuafgangi ríkissjóðs 1951 þá 1 millj. kr. af lögbundnu framlagi ríkissjóðs, er frestað var greiðslu á samkvæmt 3. tölul. 1. gr. laga nr. 50 5. apríl 1948, um bráðabirgðabreyt. nokkurra laga o. fl. Þá var nokkuð deilt um þetta atriði, og ég vænti, að sumir hv. þm. muni eftir því, að þá var það ráð tekið vegna þess, að þá þótti erfitt að koma fjárl. saman og ekki nauðsyn á að leggja þá einu millj. kr. fram á því ári. Það var frestað með lögum greiðslu á einnar millj. kr. framlagi í þessu skyni 1948 um 10 ár, þannig að það ætti aftur að greiðast 1957. Nú virðast mér ástæður ríkissjóðs vera það góðar, að ekki sé ástæða til að fresta þessari greiðslu lengur og ekki ástæða til að ætla, að betra verði að greiða þetta árið 1957. Þess vegna álít ég bezt, að þessu verði breytt með tilliti til þess, hve fjárhagsafkoma ríkisins er góð á þessu ári, því að eins og ég hef sagt, virðast líkur ekki benda til, að fjárhagsafkoma ríkissjóðs verði nokkru betri árið 1957 en nú er. Ég tel mjög sanngjarnt að vænta þess, að hæstv. Alþ. sjái sér fært að samþ. þetta.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Hv. 2. þm. Skagf. tók það réttilega fram, að landbn. hefur ekki að svo stöddu séð sér fært að mæla með brtt. hv. 5. landsk. þm., og m. a. vegna þess, að landnámsstjóri mætti á fundi hjá okkur og upplýsti, að eins og sakir stæðu vanhagaði landnámssjóð ekki um fé, þar sem um dálitla peninga væri að ræða í sjóði hjá þeim. Aftur á móti er vitað, að einstakar deildir Búnaðarbanka Íslands eru algerlega févana, og m. a. vegna þess erum við sammála um það, meiri hl. landbn., að leggja áherzlu á, að þær deildir bankans, sem ekki geta innt störf sín af hendi nú, njóti frekar þessa fjármagns nú. En hins vegar vænti ég þess fyllilega, þegar þar að kemur, að Alþ. geti staðið einhuga um það, að landnámssjóður fái það fé, sem hann þarf til þeirra framkvæmda, sem honum er ætlað að inna að hendi. Það kann vel að vera, að þær breyt., sem gerðar eru á l. um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum, hafi aukin fjárframlög í för með sér. Og ég vildi óska, að svo yrði, m. a. vegna þess, að það væri gleðilegt, ef árangur þessarar breyt., sem borin er fram nú á l., gerði mönnum frekar kleift að hefja búskap í sveit en hingað til hefur verið. Við, sem búum í sveit, erum sammála um, að það, sem allur búskapur grundvallast á, er að rækta landið. Og fyrsta skilyrðið til þess, að maður geti komið upp búi, er ræktun landsins til þess að afla heyja á og byggja afkomu sína búpenings á. Og það er ekki svo lítið atriði varðandi þessa löggjöf, að mönnum skuli heimilt að rækta án þess að hefjast handa um byggingar þegar í upphafi, er þeir reisa nýbýli. Ég hygg, að landnámsstjóri, sem er mjög velviljaður málinu, hafi þegar á einhvern hátt reynt að hliðra til í þessum efnum, svo að hér er ekki um neina skipulagsbreyt. í raun og veru að ræða, heldur bara tryggingu fyrir því, að þeir, sem verða við þennan starfa, geti á sama hátt og verið hefur hugsað jafnvel fyrir þessum málum og verið hefur. Og það er

alls ekki af því, að meiri hl. landbn. sé í sjálfu sér á móti þeim brtt., sem hv. 5. landsk. þm. kemur fram með, að þeir menn í n. geta ekki fylgt þeim, heldur hitt, að við sjáum ekki, að það sé tímabært að auka fjárframlög til landnámssjóðs nú, heldur skuli í stað þess snúið sér að því, þegar þörfin verður meiri, en nú sé snúið sér að þeim verkefnum, sem nær liggja og ég áðan nefndi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 37. fundi í Nd., 6. des., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 299,1 felld með 19:4 atkv.
— 295 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 299,2 felld með 17:4 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 20:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 39. fundi í Ed., 7. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 360).

Á 40. fundi í Ed., 10. des., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 360, n. 417).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég skal ekki fara langt í að rekja orsakir þessa máls, sem hér er fram komið. En í stuttu máli sagt, veturinn 1949 sendi sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu ríkisstj. áskorun um að gera ráðstafanir til, að jarðir færu ekki í eyði, og var sú áskorun send Búnaðarfélaginu. Ég skrifaði þá öllum hreppsstjórum í landinu og sendi þeim skrá yfir eyðijarðir og bað þá að strika út, ef eitthvað hefði verið byggt af þeim, og bæta við, ef fleiri hefðu farið í eyði, og tilgreina í framhaldi af því, hvaða orsakir væru til, að þær hefðu farið í eyði, og hvað þeir teldu, að hægt væri að gera til að fyrirbyggja, að jarðir færu í eyði. Mér bárust svör frá miklum meiri hluta hreppsstjóra, í þessu tilfelli frá 190 hreppsstjórum. Hefur verið tekið saman, hvað þeir legðu til að gert væri, og þau gögn send nýbýlanefnd, og stjórn nýbýlanefndar samdi síðan frv., sem hér var lagt fram í fyrra af hv. 2. þm. Skagf. (JS), en varð ekki útrætt. Landbn. Nd. sendi búnaðarþingi það til umsagnar, sem lýsti yfir, að það væri því fylgjandi, að reynt væri að hefta, að jarðir færu í eyði, og unnið að því, að þær, sem þegar eru komnar í eyði, væru byggðar aftur. Síðan var málið tekið til meðferðar af mþn., sem í áttu sæti Þorsteinn Þorsteinsson, Jón Sigurðsson og Gunnar í Grænumýrartungu. Þeir gengu svo frá frv., sem lagt var fyrir Alþ. og er í öllum aðalatriðum í samræmi við frv. Jóns Sigurðssonar í fyrra, en hefur þó tekið smábreytingum í Nd. í tveimur atriðum. Fyrra atriðið er í 1. gr. Það hefur verið venja, að nýbyggjar byrjuðu á því að reisa íbúðarhús og hafa fengið lán til þess, en annars ekki. En það er ósk ýmissa og þeir telja það heppilegra að byrja á að rækta, þar sem aðstaða er til fyrir nýbyggjann að dveljast á nágrannajörðinni eða búa í bráðabirgðaskýli og byrja á því að eignast jörðina og koma sér upp bústofni. Það er nú ekki beinlínis, að ég telji þessa till. mjög mikið til bóta frá því, sem nýbýlan. leggur til. — Hitt er nýr kafli, 7. kaflinn. Má að sjálfsögðu mikið bollaleggja um, hvað mikið gagn er að þeim kafla. Þó er ljóst fyrir einn hlut, sem gert hefur vart við sig, að orðið hafi þess valdandi, að jarðir fóru í eyði, að þá geti þó stundum bjargað, að nýbýlanefnd hafi heimild til að kaupa jarðir, sem fara í eyði, og selja þær strax aftur. Nú vitum við, að nýbyggjar fá lán til íbúðarhúsa 45%, lán til útihúsa 30—60% auk styrkja 5—10 þús. Nýbýlið fær þannig í lánum og styrkjum 90—100 þús. Til að fullgera nýbýlið þarf svo að leggja frá sjálfum sér, þannig að það kostar 300—400 þús. fullbúið og komið í rækt. Auk þess þarf svo oft að leggja fram fé til að kaupa jörð til að setjast að á. — Sem dæmi vildi ég nefna tvo bræður, sem ætluðu að kaupa jörð, þar sem bóndinn dó. Jörðin var uppbyggð, svo að ekki þurfti að gera þar við hús. Þeir áttu dálitinn bústofn, 70 ær og kú, og um 6000 kr. í peningum. Jörðin átti að kosta 30000 kr., og það var útilokað að fá þessa peninga. Veðdeildarbréf voru ekki seljanleg í Landsbankanum og veðdeild Búnaðarbankans þurrausin. Jörðin varð að fara í eyði, en hún gerði það ekki, af því að ég tók sjálfur víxil til að hún gerði það ekki. (GJ: Voru það kosningakaup?) Nei, því að þetta var ekki í mínu kjördæmi, en mér blæddi að sjá slíka jörð fara í eyði. Ég hafði í fyrra með að gera 3 jarðir, sem þannig var ástatt um, og gat bjargað tveimur, en einni ekki. Með 7. kaflanum er nýbýlan. gefið færi á að bjarga svona jörðum frá að fara í eyði, en n. er ekki gefinn kostur á að bjarga jörðum, sem hafa verið í eyði í nokkur ár ... af því að ábúandinn er sjálfur eigandi jarðarinnar, sem er í eyði. Þannig fæst hún ekki byggð upp, þó að hún sé eftirsótt af tveimur mönnum. Þess vegna segi ég það, að það er ekki víst, hvert gagn þessi kafli gerir í praktisku lífi. Þó eru til tilfelli eins og það, sem ég nefndi. Hefði þar verið hægt að bjarga þremur slíkum jörðum í staðinn fyrir eitt nýbýli, sem var reist, og er það mikilsvert. En ég tel hæpið, að þetta komi að notum í framkvæmd. Þó álít ég rétt að sjá, hvernig það reynist. 1. gr. er sjálfsagt til mikilla bóta frá því, sem verið hefur. Hinn kaflann tel ég skaðlausan. En hræddur er ég um, að þetta verði ákaflega erfitt í framkvæmd. — Þessi ákvæði eru tekin upp af nýbýlan., en í henni eru hv. þm. A-Húnv., hv. 2. þm. Skagf., hv. 5. landsk. þm., Haukur Jörundsson, Hvanneyri, og hæstv. forsrh. Fyrst þessa menn langar til að hafa þessi ákvæði, tel ég sjálfsagt að samþ. frv. óbreytt.

Nú liggja fyrir hreppsstjórnarskýrslur og þar

gefin upp tala eyðijarða og hve margar þeirra eru í byggð. Þetta hefur breytzt síðan s. l. vor, og hafa byggzt milli 20 og 30 jarðir, sem áður hafa verið í eyði. Liggja fyrir upplýsingar um það, hvernig ástandið var 1. des., þegar manntal fór fram. Eftir þessum heimildum að dæma vilja menn nú byggja upp á þessum eyðijörðum, en það, sem stendur í vegi fyrir, að þeir geri það, er, að þeir hafa ekki bolmagn til að koma upp búi og kaupa jarðir. Mun 44., 45. og 46. gr. greiða fyrir því, að þessar jarðir byggist. — Ég legg þess vegna til, að frv. verði samþ. Einn nm. var að vísu ekki á fundinum, þegar ákvörðun var tekin um þetta, en las nál. síðar yfir og var því samþykkur.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
3.—4. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 477).

---

40. Ljósmæðralög.

Á 33. fundi í Nd., 26. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 28. marz 1947, um breyt. á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933 [127. mál] (þmfrv., A. 267).

Á 34. fundi í Nd., 27. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta er samið fyrir tilmæli ljósmæðra, og hefur landlæknir gengizt fyrir flutningi þess, en það er flutt af heilbr.- og félmn. Frv. felur í sér þær einu breyt. frá núgildandi lögum, að laun ljósmæðra skuli nú greidd ársfjórðungslega í stað þess að nú eru þau greidd á manntalsþingum ár hvert. Ég sé ekki þörf á að fara fleiri orðum um þetta mál, en legg til, að það verði látið ganga til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 36. fundi í Nd., 4. des., var frv. aftur tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 38. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 39. fundi í Ed., 7. des., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 11 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 267, n. 439).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Frv. þetta er komið hingað frá Nd., en var flutt þar af heilbr.- og félmn. samkvæmt ósk heilbrmrn. Frv. er eingöngu um það, að laun ljósmæðra, sem greidd hafa verið einu sinni á ári á manntalsþingum, skuli nú greidd ársfjórðungslega fyrir fram. — Heilbr.- og félmn. Ed. mælir með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 478).

---

41. Tollskrá o. fl. (frv. fjhn. Ed.).

Á 39. fundi í Ed., 7. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl. [148. mál] (þmfrv., A. 367).

Á 40. fundi í Ed., 10. des., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Ég gerði ráð fyrir, að sá, sem stýrir tollum og sköttum, hæstv. fjmrh., yrði hér viðstaddur til þess að gera nánari grein fyrir þessu frv. En n. hefur tekið að sér að flytja mál þetta fyrir hæstv. ríkisstj. Þetta er ekki neitt stórmál, heldur mest leiðréttingar og lagfæringar til þess að fá fulla lagaheimild til ýmissa áður vafasamra álagninga. Ég vil benda hér á það helzta, en það er 12. liður, og er hann þó ekkert höfuðatriði, enda ekki nýmæli. Yfirleitt virðist mér betta frv. vera til bóta og ekki ástæða til að halda langa ræðu um það í framsögu, vegna bess að grg. er mjög rækileg. Vísa ég því til hennar og óska, að frv. verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég ætla aðeins að geta þess, að í prentun er brtt. um að heimila kirkjugripi undanþegna frá tollum. Hún er ekki komin úr prentsmiðjunni enn. Ætla ég svo ekki að tefja umr. meira, en óska að ræða málið nánar við 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., 13. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 367, 398).

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég hef ekki haft tíma til að athuga þetta frv. til hlítar, en athygli mín hefur verið vakin á því, að inn í landið er nú flutt mikið af alls konar erlendu blaðarusli, bæði á ensku og norðurlandamálunum, sem mikið er keypt og spillir fyrir lestri íslenzkra bóka. Nú er það rétt, að gott er, að inn í landið séu fluttar góðar erlendar bækur, en margt af því, sem inn er flutt, verður að teljast ákaflega lélegar bókmenntir. Þó að mér finnist ekki koma til greina að banna innflutning á erlendum bókmenntum eða hefta hann með tollum, þá þykir mér rétt, að sérstakir tollar séu settir á þennan óþarfa, því að fólk mun þá frekar kaupa innlendar bækur. Ég vildi því beina því til hv. n., hvort hún vildi ekki bera sig saman við einhverja fróða menn í þessum málum og fresta málinu til morguns.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Ég sem frsm. n. í þessu máli vil taka það fram, að mér finnst rétt að verða við ósk hæstv. ráðh., og vildi ég því mælast til þess við hæstv. forseta, að hann tæki málið út af dagskrá og frestaði því til næsta fundar.
Umr. frestað.
Á 43. fundi í Ed., 14. des., var fram haldið 3. umr. um frv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Ég vildi heldur, að þessu máli yrði frestað þar til hæstv. dómsmrh. er mættur í deildinni.

Umr. frestað um stund, en var fram haldið síðar á fundinum.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Það liggur hér fyrir d. brtt. við frv. frá hæstv. fjmrh., á þskj. 398, um að heimilt sé að undanskilja tolli vissa kirkjugripi, sem ætlaðir eru til prýði eða gagns í kirkjum. Vil ég fyrir hönd n. leyfa mér að mæla með því, að sú till. verði samþ. — En viðvíkjandi því, sem hæstv. dómsmrh. minntist á við 2. umr., að setja nýjan toll á blöð og tímarit, þá hefur við athugun málsins ekki verið talin ástæða til að taka það upp í því formi, og kemur ekki nein brtt. fram um það atriði. — Í þriðja lagi hefur verið minnzt á það að lækka í raun og veru toll af mótum til húsagerðar úr járni og tré. En þar sem fjmrn. taldi, að betta mundi verða praktiserað þannig, að verðtollurinn yrði ekki hærri en 15%, en ætti annars helzt að heimfærast undir 30%, er sá aðili, sem hreyfði þessu máli, ánægður með það. Sér n. því ekki ástæðu til að koma með brtt., þegar málið liggur þannig fyrir, en vill aðeins staðfesta, hvað hæstv. fjmrn. hefur sagt um betta atriði, og samkv. þessu liggur fyrir aðeins þessi brtt. frá fjmrh.

ATKVGR.
Brtt. 398 samþ. með 9 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 46. fundi í Nd., 17. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 455).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 455, n. 472).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður Ágústsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er tekið til meðferðar, er á þskj. 367 og er um breytingu á lögum nr. 62 frá 1939, um tollskrá o. fl. Frv. er flutt af hv. fjhn. Ed. eftir beiðni hæstv. fjmrh. Í grg. með frv. segir, með leyfi hæstv. forseta:
„Fjármálaráðuneytinu hafa borizt ýmsar beiðnir um breytingar á tollskrárlögunum. Hefur ráðuneytið tekið upp í frv. þetta þær af þessum brtt., sem því hafa fundizt á rökum reistar.

Einnig hefur komið í ljós við framkvæmd laganna, að nauðsynlegt er að breyta nokkrum atriðum, og eru þau tekin upp í frv. Brtt. þær, sem í frv. felast, eru sem sagt aðeins leiðréttingar, og um þær allar má segja, að þær hafa sáralitla fjárhagslega þýðingu fyrir ríkissjóð.“

Brtt. þessar, sem í frv. felast, eru sem sagt aðeins leiðréttingar og hafa litla fjárhagslega þýðingu fyrir ríkissjóð. — Á þskj. 472, sem er nál. frá fjhn., mælir n. eindregið með því, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 496).

---

42. Iðnaðarbanki Íslands h/f.

Á 9. fundi í Sþ., 31. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h/f [83. mál] (þmfrv., A. 137).

Á 21. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Á síðasta þingi flutti meiri hluti iðnn. þessarar d. frv. um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h/f. Þetta frv. var flutt að tilmælum bankanefndar iðnaðarsamtakanna, þar sem eiga sæti fulltrúar frá Landssambandi iðnaðarmanna og Félagi íslenzkra iðnrekenda. Þetta frv. fékk góðar viðtökur í þessari hv. d. og var samþ. að afgreiða það til hv. Ed., en þar varð málið ótrætt. Nú er málið flutt á ný í óbreyttu formi eins og það var flutt í fyrra af sama meiri hluta iðnn.

Ég skal ekki endurtaka þær skýringar á þessu máli og þau rök, sem flutt voru hér á síðasta þingi. Ég tel það óþarfa, þar sem öllum hv. dm. mun það vera nokkuð ljóst, hvernig málið liggur fyrir. En ég vil taka það fram, að síðan málið var hér til meðferðar hefur það gerzt, að í lántökuheimild, sem samþ. var handa ríkisstj. á síðasta þingi, var m. a. ákveðið, að heimil skyldi lántaka, 3 millj. kr., sem skyldi renna til iðnaðarbanka eða iðnlánasjóðs. Þetta lán hefur að vísu ekki verið tekið, en hins vegar hefur því verið lýst yfir af hæstv. ríkisstjórn, að hún sé reiðubúin að leggja fram 3 millj. kr. af tekjuafgangi ríkisins á þessu ári í þessu skyni, og liggur þannig fyrir fyrirheit um það atriði.

Út af þessu tel ég rétt, að við 2. umr. verði breytt einu eða tveim atriðum í 3. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir, að ríkissjóður skuli leggja fram allt að 2½ millj. kr. Félag íslenzkra iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna skulu *safna og leggja til hvort um sig* 1½ millj. kr. hlutafjár. Fé það, er ríkissjóður leggur fram samkvæmt grein þessari, er ríkisstj. heimilt að taka að láni, en þessi niðurlagsákvæði 3. gr. mega falla niður, þar sem þessi atriði hafa verið afgreidd með lögum um lántökuheimild handa ríkisstjórninni. Og ríkisstj. ætlar sér leggja þetta fram af tekjuafgangi ríkisins eða mun gera það í öðru formi. Breytingar viðkomandi þessu atriði væri því rétt að gera við 2. umr. málsins.

Ég tel ekki ástæðu á þessu stigi málsins að fara frekar út í þetta mál. En minni hluti n. hefur ekki talið tímabært að svo stöddu að flytja þetta mál, heldur bíða eftir áliti þeirrar stjórnskipuðu bankamálan., er nú situr að störfum. Þetta atriði var sérstaklega rætt í n. við hæstv. iðnaðar- og bankamálarh., hvort flutningur og afgreiðsla þessa frv. kæmi í bága við störf þessarar bankamálan. Ráðherrann tjáði n. það skýrt, að hann teldi, að afgreiðsla þessa frv. kæmi á engan hátt í bága við störf n., sem fjallaði í öllum aðalatriðum um annað en þetta, sem hér kemur fram í frv.

Ég legg svo til, að málinu verði vísað til 2. umr.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Þetta mál er flutt af meiri hluta iðnn., þ. e. a. s. þremur hv. þm., sem sæti eiga í þessari hv. d. og eru í þeirri n. Ég tók eftir því, að hv. 7. þm. Reykv. gerði ekki till. um það í ræðu sinni, að málinu yrði vísað til n. Ég vildi levfa mér að leggja til, að frv. yrði að lokinni þessari umr. vísað til iðnn., til þess að minni hl. n. geti gefizt færi á því að segja sitt álit um frv. í nál. Það tel ég eðlilega meðferð. En ég mun ekki við þessa 1. umr. ræða um efnisatriði málsins. Ég vildi aðeins gera þetta að till. minni, þar sem frsm. hreyfði ekki slíkri tillögu.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta mál hefur verið til ýtarlegrar meðferðar í hv. iðnn. bæði á síðasta þingi og eins nú. Á þessu þingi hefur það þegar verið rætt á fleiri fundum n., og n. hefur fengið þangað til viðtals hæstv. iðnmrh. og form. bankamálanefndar. Ég sé ekki minnstu ástæðu til að vísa málinu til n., sem hefur haft það til ýtarlegrar athugunar, og till. hv. þm. V-Húnv. getur ekki verið í öðru skyni gerð en að tefja framgang málsins. Ég vildi því mælast til þess, að hv. *dm.* greiði atkvæði á móti tillögunni.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil mótmæla því hjá hv. 7. þm. Reykv., að mál þetta eigi ekki að fara til n. Minni hluta n. þarf að gefast kostur á að láta í ljós álit sitt í nál. um málið. Hitt er óþingleg meðferð á málinu. Og það er alls ekki svo, að ég flytji þessa till. um

n. í þeim tilgangi að tefja á nokkurn hátt fyrir afgreiðslu málsins. Það er alls ekki það, sem vakir fyrir okkur í iðnn., heldur teljum við það mjög óviðeigandi, að minni hl. n. gefist ekki kostur á að leggja fram nál. um málið. Það er venja, að málin fari til n. og að nm. gefist kostur á að leggja fram álit sitt um þau, og þá á það vitanlega að gilda um þetta mál eins og önnur.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er aðeins viðvíkjandi einu atriði. Það hefur nokkrum sinnum komið hér fyrir áður, að mál væri flutt af n., og ég hef haldið því fram, og því hefur ekki verið mótmælt, að þó að maður sé í minni hluta í einni n., sem flytur mál, þá hafi sá maður rétt á að gefa út nál., án þess að málinu sé vísað sérstaklega til n. Ég held, að það hafi verið tíðkað að gera slíkt. Ég álít þannig, að minni hl. hv. iðnn. hafi fullt vald til þess að gefa út nál. um þetta mál, án þess að málinu sé vísað sérstaklega til n. Hins vegar er það rétt, að það tíðkast meir og meir, að n. flytji mál, og meiri hl. n. verður venjulega við því, og þá er rétt, að úr því sé skorið af þm., hvort í slíkum tilfellum hafi minni hl. n. yfirleitt ekki rétt á að koma með nál. um mál. Ég álít þannig, að minni hl. hafi þá rétt til að gera það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til iðnn. með 14:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HelgJ, JG, JPálm, JörB, PÞ, PO, SkG, AE, ÁB, ÁS, EystJ, GG, GÞG, SB.

nei: IngJ, SÁ, SG, StJSt, EOl, EmJ, GTh.

JS, JÁ, ÁÁ greiddu ekki atkv.

11 þm. (JóhH, JR, KS, LJós, ÓTh, StSt, StgrSt, ÁkJ, BÓ, FJ, HÁ) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Einar Olgeirsson: Með því að ég álít, að minni hl. n. — þegar meiri hl. n. flytur frv. — hafi rétt til að gefa út nál., án þess að málinu sé vísað til n.; og með því að það er það eina, sem minni hl. n. fer fram á, segi ég nei.

Á 23. fundi í Nd., 6. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 137, n. 156).

Frsm. meiri hl. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þegar mál þetta var hér í d. til 1. umr., var samþykkt að vísa því til iðnn. Nefndin hélt fund samdægurs, en varð ekki sammála. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., er ég boðaði við 1. umr. málsins. Minni hl. telur ekki tímabært fyrir Alþ. að samþ. slíkt frv., en vill leggja það fyrir hina stjórnkjörnu n., sem vinnur að rannsókn á bankalöggjöfinni.

Ég hef svo ekki meira um þetta að segja að sinni, en vil fyrir hönd meiri hl. mælast til, að það verði samþ. í þessari deild.

Umr. frestað.

Á 25. fundi í Nd., 9. nóv., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Nd., 12. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 137, n. 156 og 187).

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, leggur til, að stofnað verði hlutafélag, sem á að heita Iðnaðarbanki Íslands h/f. Enn fremur er lagt til, að ríkissjóður leggi fram til þessa hlutafélags allt að 2½ millj. kr. En meiri hl. iðnn. hefur lagt fram brtt. um, að ríkið skuli leggja fram allt að 3 millj. kr.

Í sambandi við þetta mál, stofnun nýs banka, hljóta að vakna ýmsar spurningar og þá fyrst og fremst sú: Er þörf á fleiri bönkum hér en nú eru? Geta þeir, sem fyrir eru, ekki sinnt þeim verkefnum, sem bankar eiga og þurfa að sinna? Vantar ekki fremur peninga en fleiri peningabúðir? Ég hygg, að svo sé. Enn skyldu menn hafa í huga, hvað stofnun og rekstur slíks nýs banka mundi kosta. Bankinn þarf húsnæði, hann þarf bankastjórn og annað starfslið. Allt kostar þetta mikið fé. Það er því ekki þjóðhagslega heppilegt að hafa fleiri slíkar stofnanir en brýn þörf er til og þjóðfélagsleg nauðsyn. — Eitt er það líka, sem þarf að koma til athugunar í sambandi við þetta: Er þörf fyrir iðnaðarbanka vegna þess, að hlutur iðnaðarins sé fyrir borð borinn hjá þeim bönkum, sem nú eru starfandi, svo að betur yrði séð fyrir þörfum iðnaðarins með stofnun þessa banka? Í bréfi frá Landsbanka Íslands segir á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Höfuðröksemdir forgöngumanna málsins eru þær, að iðnaðurinn sé afskiptur að lánsfé, miðað við aðra atvinnuvegi. Um slíkt má deila, en erfitt mun að færa fram sönnur fyrir því.“ Ég hygg, að það sé rétt, að ekki sé hægt að slá því föstu, að iðnaðurinn sé afskiptur. Spurningin er þá, hvort iðnaðurinn fái ekki þau rekstrarlán hjá bönkunum, sem geti talizt eðlileg og sanngjörn, samanborið við aðra atvinnuvegi. Þetta er sjálfsagt að athuga.

Það er talað um það, að hér þurfi sérstakan iðnaðarbanka, eins og sjávarútvegur og landbúnaður hafa sérstakar bankastofnanir. Við þetta er það að athuga, að verkefni og starfsemi Útvegsbankans og Búnaðarbankans er alls ekki einskorðað við sjávarútveg og landbúnað, þótt þeir beri þessi nöfn. Í lögum um Útvegsbankann er svo ákveðið, að verksvið hans skuli vera að styðja sjávarútveg, verzlun og iðnað landsmanna, og starfsemi hans mun hafa miðazt við það. Það er líka kunnugt, að Búnaðarbankinn hefur mikil viðskipti við aðra en bændur og þar með vafalaust við ýmsa iðnaðarmenn.

Vitanlega vantar iðnaðinn meira fjármagn, það skal ekki dregið í efa, en það er ekkert einsdæmi um þann atvinnuveg. Aðra atvinnuvegi vantar líka meiri peninga, og fjármagn vantar til alls konar framkvæmda í okkar landi.

Eitt af því, sem menn verða að athuga í sambandi við þetta mál, er það, hvort betur verði séð fyrir lánsfjárþörf iðnaðarins en nú er gert með stofnun nýs banka. Því skal ekki neitað, að sá möguleiki sé til, þ. e. a. s. þegar fram líða stundir, að þannig verði bætt úr lánsfjárþörf hans, en hitt er sýnilegt, að fyrst um sinn verður þessi bankastofnun ekki til þess að bæta úr

lánsfjárþörfinni. Það skapast ekkert nýtt fjármagn við stofnun bankans, sem ekki er nú þegar til án nýrrar bankastofnunar. Þetta er mikilsvert atriði í málinu. Það ríkisframlag, sem bankanum er ætlað, kemur til þarfa iðnaðarins hvort sem bankinn verður stofnaður eða ekki. Hitt stofnféð til bankans á að koma frá iðnaðarmönnum sjálfum. Ef iðnaðarmenn ráða yfir meira lausafé, sem nú er utan við banka og sjóði og hugsanlegt er, að kæmi í þennan banka, gætu þeir eins veitt aðstoð sína með því að leggja það fé í einhvern af þeim bönkum, sem fyrir eru. Þegar um Reykvíkinga er að ræða, gætu þeir einnig lagt féð í Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis, sem stofnaður var af iðnaðarmönnum og starfræktur af forgöngumönnum iðnaðarins. Ef hins vegar verður aflað fjár til þessa banka með því að taka sparifé út úr hinum bönkunum, hlýtur það að leiða til samdráttar í útlánum þeirra. Er þá sennilegt, að það mundi ekki koma sízt niður á iðnaðinum, ef kunnugt væri, að tekið væri fé úr bönkunum til þessa nýja banka. Í náinni framtíð mundi iðnaðarbankinn ekki hafa neitt svipað fé til umráða og iðnaðurinn hefur nú frá hinum bönkunum.

Um stofnfjárþörf iðnaðarins er það að segja, að ef fjármagn væri til, sem verja mætti til stofnlána handa iðnaðinum, mætti gera það með því t. d. að efla iðnlánasjóð. Hann hefur of lítið fé. Ég hef í höndum síðasta reikning iðnlánasjóðs, og hans heildarfjármagn var ekki nema um 2 millj. kr. um síðustu áramót. Það undarlega er, að þó að hann hafi nú ekki meira fé, þá hefur það ekki verið notað allt til iðnaðarlána. Samkvæmt síðasta reikningi sjóðsins er um ¼ hluti hans, eða um ½ millj. kr., í reiðufé, en ekki útlánum, hvernig sem á því stendur. Maður skyldi ætla, að iðnaðurinn hefði reynt að nota sjóðinn og það, sem í honum er.

Ég hef hreyft hér ýmsum spurningum, sem hljóta að vakna í sambandi við frv. og þarf að fá svarað, áður en ákvörðun er tekin um þetta mál. En einmitt nú vill svo til, að það er n., sem starfar að því að athuga bankamálin, n., sem skipuð var af hæstv. núv. viðskmrh. Í þessari n. eru sérfróðir menn um banka- og fjárhagsmál, og í henni eru menn úr þremur stjórnmálaflokkum. Minni hl. iðnn. sendi frv. þetta til umsagnar þessari bankamálan., og n. skýrir frá því meðal annars, að hún sé þeirrar skoðunar, að frv. um Iðnaðarbanka Íslands h/f fjalli um mál, sem sé innan verksviðs n., og telur því ekki heppilegt eða tímabært, að Alþ. samþ. frv. um stofnun iðnaðarbanka, áður en hún hefur skilað áliti, en leggur til, að málinu verði frestað á Alþ., þar til þetta álit liggur fyrir, og um þetta eru bankarnir sammála bankamálanefndinni.

Minni hl. sendi einnig bönkunum frv. til umsagnar, og hefur borizt bréf frá Landsbanka Íslands um þetta mál, þar sem segir, í niðurlagi þess bréfs, að bankastjórnin hafi rætt þetta við bankastjórnir Búnaðarbankans og Útvegsbankans og hafi þær tjáð sig samþykkar umsögn Landsbankans. — Þessi álit frá bankamálan. og bönkunum þremur — er óhætt að segja — eru prentuð hér með í nál. okkar, og sé ég ekki ástæðu til að rekja frekar það, sem þar kemur fram. Geri ég ráð fyrir, að hv. þdm. hafi kynnt sér umsagnir þessara aðila, en eins og ég sagði áðan, leggja þessir aðilar til, allir bankarnir og bankamálan., að þessu máli verði frestað að sinni og beðið eftir áliti bankamálan. Það tel ég líka, að sé alveg sjálfsögð málsmeðferð, og ætti ekki að þurfa um það að deila. Fyrst þessi n. hefur verið skipuð af ráðh. til þess að athuga þetta mál, ætti að mega fresta þessu, þar til umsögn hennar liggur fyrir, enda gæti ekki of því orðið neitt tjón, þar sem ráðh. hefur lýst yfir, að fjárframlag ríkissjóðs til iðnaðarins verði tryggt fyrir næstu áramót, hvort sem þetta frv. verður samþ. eða ekki. — Minni hl. iðnn. hefur því lagt til, að frv. verði afgr. með rökst. dagskrá, sem prentuð er í nál. okkar og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Með því að stjórnskipuð nefnd vinnur nú að athugun bankamálanna og hefur m. a. það verkefni að gera tillögur um lánveitingar til iðnaðarins, telur deildin rétt að fresta ákvörðun um það, hvort stofna skuli sérstakan iðnaðarbanka, þar til álit og tillögur bankamálanefndarinnar liggja fyrir, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá."

Við væntum þess, að hv. þd. komist að þeirri niðurstöðu, að þetta sé eðlilegasta málsmeðferðin, og fallist á þessa dagskrártill. okkar.

Emil Jónsson: Herra forseti. Mig langar til að segja aðeins örfá orð, sérstaklega út af minnihlutaáliti þeirra hv. þm. V-Húnv. (SkG) og hv. þm. Mýr. (AE), sem leggja til, að frv. um Iðnaðarbanka Íslands h/f verði afgr. á þann hátt, að því verði vísað frá með rökst. dagskrá, sem hv. þm. V-Húnv. hefur nýlega lesið.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um það, hve lánsfjárþörf iðnaðarins sé mikil, það vita hv. þm. jafnvel og ég, hve henni er ófullnægt að mjög verulegu leyti. Það er sagt, og byggt á allgreinargóðum upplýsingum, að um eða yfir ⅓ landsmanna muni nú hafa sitt lífsuppihald af handiðnaði og verksmiðjustarfi ýmiss konar. Þetta er því án nokkurs samjafnaðar langfjölmennasta atvinnustéttin, sem til er í landinu. Hún hefur unnið mikið, þarft verk á undanförnum árum og áratugum, og er það þó sérstaklega á síðustu árum, sem hún hefur orðið til í þeirri mynd, sem hún hefur nú. Með tilkomu rafmagnsins hefur henni fleygt svo fram, að ekkert líkist því, sem áður var. En henni hefur verið undarlega lítill sómi sýndur af Alþ. og ríkisstj. og öðrum þeim aðilum, sem ættu þó að hafa „interessu" fyrir því, að þessi atvinnustétt búi við þá aðbúð, að hún geti innt af hendi sitt starf á sómasamlegan hátt. Iðnaðarmönnum hefur hálfvegis fundizt þeir vera hornrekur og lítið tillit til þeirra tekið.

Eins og ég sagði, býst ég við, að ekki sé ágreiningur milli mín og hv. þm. V-Húnv. um það, að iðnaðurinn hafi þörf fyrir mikið lánsfé og hafi minna lánsfé en hann þarf til þess að geta rækt starfið svo, að viðhlítandi sé. Tökum t. d. sjávarútveginn. Ef útgerðarmaður lætur veiða fisk úr sjó, getur hann fengið út á hann

lán í bönkum landsins, en iðnaðarmaðurinn fær ekki neitt út á sína iðnaðarvöru; stundum tekst honum kannske að fá lán og stundum ekki, hann á það undir stjórnum þeirra bankastofnana, sem hann á við, hann á hvergi öruggt hæli að flýja í, þar sem honum sé búin sú fyrirgreiðsla, sem hann þarf á að halda, örugglega. Útvegsbankinn hefur það höfuðverkefni að lána til starfsemi sjávarútvegsins, og Búnaðarbankinn lánar fyrst og fremst til landbúnaðarþarfa, en engin stofnun er til, sem hefur því sérstaka hlutverki að gegna að sinna þörfum iðnaðarins. Það stendur að vísu í l. um Útvegsbankann, að hann skuli að einhverju leyti sinna þörfum iðnaðarins, og hann hefur gert það að verulegu leyti, en hefur ekki gert það fyrst og fremst, og iðnaðarmenn eiga þar ekki neinn forgangsrétt til þess að fá mál sín tekin fyrir og fá lán til sinnar starfsemi. Það er þetta, sem iðnaðarmönnum finnst á skorta, að þeir séu settir jafnir öðrum atvinnustéttum í landinu. — Að þetta frv. leysi að fullu úr lánsfjárþörf iðnaðarins, er ég ekki kominn til þess að segja, en tel fullar líkur til, að með þessu fengjust miklar úrbætur, og þetta er viðleitni, sem iðnaðarmenn sjálfir hafa uppi og reyna að hrinda í framkvæmd og halda, að máli þeirra sé bezt borgið, ef þeir fái þetta frv. samþ.

Það kemur annars í ljós, þegar maður skoðar fjárlfrv. það, sem fyrir liggur, hvernig ríkisstj. lítur á þarfir atvinnuveganna. Þegar litið er á 16. gr., sést, að til þarfa þess aðila, sem þar um ræðir, þ. e. landbúnaðarins, leggur ríkisstj. til, að varið sé á einu ári 36 millj. kr. sem beinu framlagi, til sjávarútvegsins 4½ millj., eða 8 sinnum minna en til landbúnaðarins, og til iðnaðarins 976 þús. kr., eða tæpri einni millj., þ. e. 37. parti af því, sem landbúnaðinum er ætlað. Í þessu er náttúrlega ekkert vit, þegar borið er saman við það, hve margir menn eiga afkomu sína undir þessari atvinnugrein, fleiri en undir landbúnaðinum. Ég er þó ekki að draga úr því, að landbúnaðarstörf í landinu séu nauðsynleg og æskileg, heldur er ég aðeins á móti hinu mikla ósamræmi, sem er í fjárveitingum til þessara atvinnugreina, þar sem annars vegar iðnaðurinn fær tæpa 1 millj. kr., en landbúnaðurinn hins vegar 36 millj. kr. Og þetta er svona þrátt fyrir það, eins og ég áður sagði, að samkv. síðustu upplýsingum, sem fyrir liggja, er rúmlega ⅓ landsmanna starfandi að iðnaði, en ekki nema ¼ að landbúnaði. Annars er ekki búið að vinna úr skýrslum þeim, sem aflað var fyrir tæpu ári síðan, en þegar það er búið, vænti ég að komi enn fremur í ljós, að mannfjölgun í iðnaðinum hafi orðið meiri að tiltölu en í landbúnaðinum frá þeim tölum, sem ég nefndi áðan, og hygg ég að megi fullyrða, að landbúnaðurinn hafi ekki vaxið eins ört, hafi hann þá ekki farið aftur á bak. En sem sagt, aðalatriðið er þetta, þessi mismunur á meðferð atvinnuveganna hjá ríkisstj. og Alþ. allt fram að þessu þingi. Við þetta vilja iðnaðarmenn ekki una lengur, þeir krefjast þess, að farið sé með þá eins og aðra þjóðfélagsþegna, og að þeirra dómi er þetta frv., sem hér liggur fyrir, um stofnun iðnaðarbanka, spor í áttina í þessum efnum.

Nú segir hv. þm. V-Húnv., að það geti nokkuð orkað tvímælis, hvort þessi ráðstöfun með stofnun iðnaðarbanka sé iðnaðinum yfirleitt til nokkurs ávinnings. Þetta sé svo lítið, sem þarna er um að ræða, iðnaðarmenn hafi verið svo hæverskir, skilst mér, að sú úrbót, sem fást mundi með stofnun bankans, mundi hvergi nærri nægja til þess að bæta úr þeirri þörf. Ég skal að vísu viðurkenna það, að fulltrúar landbúnaðarins á þingi hafa verið öllu kröfuharðari til framlaga til sinna þarfa en iðnaðarmenn til sinna. Á þessu þingi er, eins og ég áður sagði, gert ráð fyrir, að tæpum 37 millj. kr. verði varið til þarfa landbúnaðarins á fjárl. Í upphafi þessa þings upplýsti fjmrh., að honum hefði tekizt að útvega til landbúnaðarins um 10 millj. kr. erlent lán, sem ríkissjóður tekur að sér gengistryggingu á, þannig að ef breyting verður á genginu, fellur hún á ríkissjóð, en ekki á bændur, þannig að með þessari lánsfjárútvegun erlendis hafa þeim verið veitt mjög aukin hlunnindi, þar sem gengisáhættan var frá þeim tekin um leið. Þetta eru á einu bretti 52 millj. kr., en við þetta hafa þingfulltrúar landbúnaðarins ekki látið sitja, heldur hafa þeir flutt till. um það, að helmingur mótvirðissjóðs verði tekinn inn og tryggður til afnota í þessu skyni, og hafa vikið að því, að það mundi verða 200 millj. kr., sem þeir vildu hafa í sinn hlut til þess að greiða úr lánsfjárþörf landbúnaðarins. Þetta þótti þó ekki nóg, því að tveir þm. báru fram frv. um 24 millj. kr. framlag til Búnaðarbankans, enn aðrir um 5 millj. kr. aukningu á veðdeild Búnaðarbankans, og enn hefur verið borið fram frv. um 1 millj. í stofnlánasjóð Búnaðarbankans og líklega fleiri frv. og till., sem hafa komið fram og farið í sömu átt, þó að ég hafi ekki tekið eftir því. En bara þessar fjárhæðir nema svo að hundruðum millj. króna skiptir, og furða ég mig því ekki á því, þó að hv. þm. V-Húnv. telji hér nokkuð smátt skammtað til iðnaðarins, en ég vil þá segja, að auðvelt er við að bæta, ef það er svo, að þetta sé það eina, sem á skorti, að frv. nái tilgangi sínum að hans áliti. Ég býst við, að það sé rétt, að öll vandamál iðnaðarins vegna lánsfjárþarfar hans verði ekki leyst með þessu, en er alveg sammála mönnum þeim frá iðnaðinum, sem hafa beitt sér fyrir þessu máli, að þetta mundi verða mjög verulegt skref, og mundi þá verða hægara þar við að bæta.

Hv. þm. V-Húnv. hefur látið prenta með nál. sínu tvö fskj., annað frá Landsbankanum, þar sem bankastjórar þessa banka leggja til, að frv. verði frestað, þar til bankamálan. hefur lokið störfum sínum. Segjast þeir hafa borið þetta undir bankastjóra Búnaðarbankans og Útvegsbankans, og hafi þeir verið þessu samþykkir. Þá er líka prentað álit formanns bankamálanefndar, Benjamíns Eiríkssonar, þar sem hann telur, að ekki sé tímabært eða heppilegt, að Alþ. samþ. frv. um stofnun iðnaðarbanka áður en n. hafi skilað áliti. En út af þessu vil ég geta þess, að iðnn. óskaði eftir því, að hæstv. iðnmrh., sem um leið er bankamálaráðh., mætti á fundi n. og léti uppi skoðun sína á málinu, og er fróðlegt að bera þá skoðun saman við skoðun for-

manns mþn. í bankamálum. Viðskmrh. hefur skipað mþn. í bankamálum upp á sitt eindæmi, án þess að kveðja Alþ. þar nokkuð til, svo að hann getur sagt n. fulkomlega fyrir verkum og er ekki bundinn við álit neins annars en sjálfs sín um það. Hann setur n. erindisbréf, hvernig hún eigi að starfa og hvað hún eigi að gera, en þegar iðnmrh. kemur á fund iðnn. Nd., lætur hann uppi á þessu máli svo hljóðandi skoðun, sem ég, með leyfi hæstv. forseta, leyfi mér að lesa upp úr gerðabók iðnn. Nd. frá 25. okt.:

„Iðnaðarmálaráðherra lét í ljós það álit sitt, að athugun sú um bankamál, sem nú er gerð af þar til skipaðri nefnd, komi ekki í bága við flutning þessa frv. Einnig taldi hann, að iðnaðurinn hefði þörf fyrir sérstaka lánsfjárstofnun."

Þannig að ráðh., sem skipar n., segir, að þetta frv. fari ekki í bága við það starf, sem mþn. er ætlað, en form. mþn., sem starfar eftir fyrirskipun ráðh., segir, að það fari í bága við það, sem n. er ætlað að gera. Mér kemur þetta, eins og ég sagði, ákaflega kynduglega fyrir sjónir. Það er náttúrlega greinilegt, að form. n. hefur á þessu annað álit en ráðh., en mér finnst augljóst, þar sem ráðh. setur n. erindisbréf, að þá sé það álit ráðherra, sem ræður, en ekki álit formannsins. Þannig að þessar umsagnir, sem minni hl. hv. iðnn. Nd., hv. þm. V-Húnv. og hv. þm. Mýr., hefur aflað sér, missa algerlega sitt gildi, vegna þess að ráðh., sem með þessi mál fer, ákveður, hvernig þeim skuli hagað, hann hefur kveðið upp sinn úrskurð í málinu og sagt, að þetta frv. komi ekki í bága við starf mþn.

Ég skal ekki hafa um þetta öllu fleiri orð, en fyrir mér vakti þetta tvennt með því að segja þessi fáu orð, annars vegar að slá því föstu, að fskj. þau, sem hv. minni hl. hefur birt með nál. sínu, eru byggð algerlega á röngum forsendum og fá ekki staðizt; um það hefur ráðh. kveðið upp sinn úrskurð. Í öðru lagi vildi ég benda á þann feikna mismun, sem er og hefur verið á afgreiðslu mála hér í þinginu eftir því, hvaða atvinnustéttir í landinu eiga í hlut. Þegar iðnaðarmenn koma og biðja um 3 millj. kr. framlag til bankastofnunar og vilja um leið leggja fram hærri upphæð sjálfir, rísa menn hér upp öndverðir á þingi og vilja ekkert með þetta hafa og á engan hátt þennan atvinnuveg styrkja. En fulltrúar annars atvinnuvegar, þ. e. landbúnaðarins, láta sér ekki nægja 37 millj. kr. framlag á fjárl. og 16 millj. kr. erlenda lántöku, heldur vilja þeir fá í viðbót 240 millj., eða fyrirheit um 240—250 millj. kr. af opinberu fé til að styrkja þennan atvinnuveg. Fyrr má nú rota en dauðrota, verð ég að segja, og mér finnst, að fulltrúar þess atvinnuvegar, sem vill fá þessa aðbúð ríkissjóðs, ættu ekki að láta það heyrast, að þeir séu að telja eitt vesalt 3 millj. kr. framlag eftir iðnaðinum.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki vera langorður um þetta mál, en það var töluvert einkennileg ræða, sem hv. þm. Hafnf. var að flytja hér áðan. Hún var einkennileg að því leyti, að þessi hv. þm. ræddi ákaflega lítið um þetta frv., sem hér liggur fyrir, um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h/f, og það litla, sem hann minntist á sjálft efni frv., var á misskilningi byggt. Hins vegar ræddi hann töluvert um það, að ríkisstj. og Alþ. væru misjafnlega örlát við atvinnuvegina, þegar fjárl. væru sett, og sérstaklega varð honum tíðrætt um það, hve miklum fjármunum væri varið til landbúnaðarins — of miklu, skildist mér, samanborið við það, sem varið væri til annarra atvinnugreina, eins og það væri það, sem honum var aðallega í huga að ræða, en ekki það mál, sem hér liggur fyrir.

Hv. þm. minntist á, að hér lægi fyrir í nál. minni hl. iðnn. umsögn frá Landsbankanum, með samþykki annarra banka, sem hér starfa, og frá formanni mþn. í bankamálum, sem nú starfar. Hann orðaði þetta þannig, hv. þm., að það væri álit frá formanni bankamálan. Ég veit ekki, hvers vegna hann hefur gert það, en eins og fskj. á þskj. 187 ber með sér, þá er það ekki álit formanns n., heldur álit n. Formaðurinn ritar undir nál. fyrir hönd n., en ekki aðeins sem formaður, enda hefur þessi umsögn verið samþ. í n. og er hennar umsögn, en ekki formannsins sérstaklega. — Hv. þm. lagði áherzlu á, að hæstv. iðnmrh. hefði komið til viðtals við þá þn., sem hefur haft málið til meðferðar, og talið, að samþykkt þessa frv. þyrfti ekki að koma í bága við störf mþn., því að með flutningi þess væri ekki farið inn á hennar verksvið, en hins vegar sagði hv. þm. að kæmi fram hjá form. mþn., að þessu væri ekki svona farið, heldur væri með flutningi þessa máls komið inn á verksvið þeirrar nefndar. Ég hef ekki heyrt það, sem hæstv. ráðh. sagði um þetta mál, en hv. þm. las upp úr bókum iðnn., og það má vel vera, að mþn. og ráðh. séu að þessu leyti ekki sammála um það, hvort þetta mál komi inn á verksvið n. Það má vel vera, að svo sé, en ef svo væri, þá getur það stafað af því, að hæstv. ráðh. væri ekki fyllilega kunnugt um það, hvernig n. hefur hagað störfum og hvað hún hefur unnið. — Ég sagði, að hv. þm. hefði rætt lítið um það frv., sem fyrir liggur, og það, sem hann ræddi það, hafi verið á misskilningi byggt. Hef ég þegar minnzt á það.

Hv. þm. var að tala um það, að útgerðarmenn gætu fengið lán út á fisk, en iðnaðarmenn gætu ekki fengið lán út á sína framleiðslu. Nú skal ég ekki segja, hvort þetta er rétt saman borið, en nokkurs misgánings virtist mér gæta hjá hv. þm. um þetta efni. Í l. um Útvegsbanka Íslands stendur ekkert um það, að þessi banki skuli lána út á fisk. Það stendur að vísu í lögum hans, eins og það er orðað, „að hann skuli styðja sjávarútveginn", en það stendur þar líka, að hann skuli styðja iðnað og verzlun. Þetta, að Útvegsbankinn lánar út á fisk, eins og Landsbankinn, byggist ekki sérstaklega á lögum bankans, heldur á starfsvenjum, sem skapazt hafa í þessum bönkum. Útvegsbankinn er almennur viðskiptabanki, en hitt mótast svo í framkvæmdinni, hvaða tryggingu bankarnir taka hjá þeim, sem lánin fá. En að Útvegsbankinn lánar út á fisk, byggist ekki sérstaklega á lögum hans. — Ég ætla ekki að tala langt mál, en vildi gjarnan leggja áherzlu á þetta, að

bankarnir, sem hér starfa, Landsbankinn, Útvegsbankinn og Búnaðarbankinn, eru almennir viðskiptabankar og þeir lána jöfnum höndum til atvinnuveganna. Það er rétt, að Útvegsbankinn lánar meira til útvegsins en annarra atvinnugreina, en þar er þó ekki stór munur á. Sama mun vera að segja um hina bankana. Bankarnir eru ekki atvinnugreinabankar, Útvegsbankinn ekki fyrst og fremst banki útvegsins og Búnaðarbankinn ekki eingöngu banki landbúnaðarins, og Landsbankinn er ekki fyrir neina sérstaka atvinnugrein. Hitt er svo annað mál, að þessir bankar hafa sína sérstöku sjóði, sem þeir lána úr til atvinnuveganna. Þannig er t. d. ræktunarsjóður í Búnaðarbankanum, og í Landsbankanum er veðdeild og stofnlánadeild, en þessar deildir eru algerlega skildar frá hinum almennu viðskiptadeildum.

Nú er í þessu frv. um Iðnaðarbanka Íslands um það talað, að bankinn skuli eingöngu vera fyrir iðnaðinn. Ég vil geta þess í þessu sambandi, að fyrir nokkrum árum var komið upp hér í Reykjavík stofnun, sem aðallega átti að vera fyrir iðnaðinn, en það var Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, en nú mun hann ekki lána til þess atvinnuvegar sérstaklega. Það er því ekki víst, að þessi banki yrði fyrir iðnaðinn eingöngu, þótt stofnaður yrði. Það fer eftir framkvæmdinni. En gerum nú ráð fyrir því, að þetta verði rekstrarbanki fyrir iðnaðinn eingöngu. Með því að stofna slíkan banka, sem eingöngu lánaði einni atvinnugrein, væri farið inn á nýja leið. Ég segi ekki, að sú leið sé röng, en hún er ný. Í stað viðskiptabanka, sem lána jöfnum höndum til allra atvinnugreina, kæmi banki, sem lánar aðeins einstakri atvinnugrein. Ef þetta verður svona, má gera ráð fyrir því, að bankamálin verði í framtíðinni þannig afgreidd, að komið verði upp svo og svo mörgum viðskiptabönkum fyrir einstakar atvinnugreinar. Þetta er allt önnur aðferð en tíðkazt hefur í bankamálum, og eins og ég sagði, getur vel verið, að hún hafi nokkuð til síns máls, og ég skal ekki fullyrða neitt um það, að hún sé röng, en hún hefur ekki tíðkazt hér, og ég held, að ekki sé rétt að taka hana upp nema að vandlega athuguðu máli. Af því að ég er því dálítið kunnugur, þá vil ég segja það, að mþn. í bankamálum er ekki búin að rannsaka þetta atriði nógu vel enn þá. Það er enn eftir að afla ýmissa upplýsinga um þetta atriði innanlands og utan. Ég vil, að þetta sé athugað sem bezt, og ég tel eðlilegast, að ekki verði tekin ákvörðun um þennan banka að svo stöddu, þ. e., hvort við eigum að hafa almenna viðskiptabanka eða hvern banka fyrir sína atvinnugrein. Ég hef rætt þetta við ýmsa menn, sem hafa reynslu í þessum málum, og þeir eru ekki sammála um, hvað heppilegast sé í þessu efni. — Það var eiginlega þetta, sem ég aðallega vildi segja, en af því að nú er 2. umr. um frv., er rétt að athuga ýmis atriði þess betur.

Ég þykist sjá, að frv. þetta sé nokkuð snöggsoðið og að fyrirmyndin muni vera frá 1930 í lögum um Útvegsbanka Íslands. Og ég gæti vel trúað því, að það hafi verið ástæðan fyrir því, að þeir menn, sem undirbjuggu þetta frv., hafi ekki gert sér nógu góða grein fyrir ýmsum atriðum; m. a. þarf að hafa samráð við þá menn, sem að þessum atvinnurekstri vinna. En frv. þessu fylgir grg. frá höfundum þess, en þeir höfundar munu hafa starfað á vegum Landssambands iðnaðarmanna og Félags íslenzkra iðnrekenda, þó að ekki sé þess getið, hverjir þessir höfundar eru. En mér virðist, að nokkurs ósamræmis gæti milli þessarar grg. og frv. og að grg. eigi ekki fyllilega við þetta frv. Vil ég benda á þetta til upplýsingar fyrir þá menn, sem um málið eiga að fjalla. Á bls. 5 í þskj. 137 stendur í skýringu um 8. gr. frv.: „Rétt þykir til trausts og tryggingar fyrir viðskiptamenn bankans, að ríkissjóður ábyrgist innstæður. Það virðist ekki vera áhættusamt fyrir ríkissjóð, þegar þess er gætt, hve framlagt hlutafé iðnaðarmanna sjálfra er mikið“ o. s. frv. Hér er talað um það í grg. fyrir 8. gr., að það sé rétt til trausts og tryggingar fyrir viðskiptamenn, að ríkissjóður ábyrgist innstæður. Og nú skyldi maður ætla við þennan lestur, að í frv. standi, að ríkissjóður skuli ábyrgjast innstæður í bankanum. En við lestur 8. gr. get ég ekki séð, að það verði ráðið af henni, að svo sé. Þar stendur: „Bankanum skal heimilt að taka við peningum sem innláni eða með sparisjóðskjörum eða á hlaupareikning, að kaupa og selja víxla og ávísanir, að veita lán gegn tryggingum og að annast öll venjuleg bankastörf.“ Meira er þar ekki. Þar er ekkert farið inn á, að ríkissjóður eigi að ábyrgjast innstæður. Nú er það svo, að ríkissjóður ábyrgist innstæður í Landsbankanum og fleiri bönkum, en það er ekki gert ráð fyrir því í frv., að ríkissjóður ábyrgist innstæður iðnaðarbankans. Ef til vill hefur það verið meining þeirra manna, sem sömdu frv., að ríkissjóður taki ábyrgð á sparifé hans, og það hefur óneitanlega mikla þýðingu fyrir stofnunina. Mér virðist, að þetta sé ekki nógu ljóst og að þarna sé ekki nægilega vandlega að málinu unnið, þar sem í grg. eru skýrð atriði, sem ekki eru í frv. sjálfu. Það má vera, að þetta sé í einhverri annarri gr. frv., en það er ekki í 8. gr., og við hana er skýringin, sem ég var að lesa hér áðan.

Ég skal nú ekki hafa um þetta öllu fleiri orð. Það er töluvert margt í sambandi við þetta frv., sem ástæða væri til að ræða, en að sumu leyti hefur þetta verið rætt, og sumt af því er þannig, að ég kæri mig ekki um að ræða það að svo stöddu, m. a. af því, að það eru viss atriði, sem ég hef ekki enn gert mér fulla grein fyrir í sambandi við frv. Þetta mál er þannig vaxið og þá sérstaklega sá þáttur þess að gera grunnbreytingu á lánastarfsemi bankanna í landinu, að það væri gott fyrir hv. alþm. og aðra, sem hafa áhuga fyrir iðnaðinum og velgengni hans, að gefa sér tíma til að hugsa þetta betur. Ég mun því greiða atkv. með þeirri dagskrártill., sem hér er fram komin, án þess að taka nokkra endanlega afstöðu um það, hvort rétt sé að stofna sérstakan iðnaðarbanka hér á landi.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Það eru fá orð út af ræðu hv. þm. Hafnf. Ég vildi gera mér far um það, þegar ég flutti

hér framsöguræðu fyrir hönd minni hl. iðnn., að hafa mál mitt áreitnislaust á allan hátt. Hins vegar virtist mér ergistónn í ræðu hv. þm. Hafnf. og hann vildi fara að stofna til metings milli atvinnugreina um það, hvernig að þeim væri búið. Mikill hluti ræðu hans var beinlínis um fjárlfrv., og það er mál, sem má ræða, þegar það á við, en ekki núna í þessu sambandi. Sama máli gegnir um það, sem hann var að tala um fjárveitingar úr mótvirðissjóði til landbúnaðarins. En það er búið að veita yfir 100 millj. kr. úr mótvirðissjóði til iðnfyrirtækja, sem hér er verið að reisa, en það eru virkjanirnar og rafveiturnar, en einmitt þessar virkjanir eru undirstaðan undir áframhaldandi framförum og vexti iðnaðarins. Það erum við víst sammála um, ég og hv. þm. Hafnf. Það má líka benda á það, að fyrst þegar fengið var lán erlendis frá í sambandi við Marshallaðstoðina, þá var það tekið eingöngu til iðnfyrirtækja. En það er ekki ástæða til að ræða þetta hér, þar sem það snertir ekki þetta frv. Um lánveitingar frá bönkunum til atvinnuveganna er það að segja, að mér er óhætt að fullyrða, að ef athugaðar eru skýrslur bankanna um það, hvaða atvinnugreinar fá mest rekstrarlán, þá hefur iðnaðurinn þar meiri hlut en landbúnaðurinn. En það er fjarri mér að fara í neinn meting milli atvinnugreina.

Hv. þm. Hafnf. vitnaði í gerðabók iðnn., þar sem skýrt er frá viðtali bankamálaráðh. og iðnaðarmálaráðh. við n., og las upp úr henni, þar sem hæstv. ráðh. fullyrti, að efni frv. kæmi ekki í bága við starf bankamálan. Þetta mun vera rétt. Nú getur það vel verið, að það séu mismunandi skoðanir hjá ráðherra og nefndarmönnum í bankamálanefndinni. En hvort tveggja þetta, sem hæstv. ráðh. hefur sagt og það sem nefndin segir, getur staðizt. Hér segir í áliti bankamálanefndar: „Með skírskotun til þess, sem að framan segir, álítur nefndin ekki heppilegt eða tímabært, að Alþingi samþykki frv. um stofnun Iðnaðarbanka, áður en nefndin hefur skilað áliti.“ Þetta þarf ekki að rekast á. Það má flytja frv. á þessu þingi án þess að samþ. það á því sama þingi.

Annars snerist ræða hv. þm. Hafnf. mest um málefni, sem ekki snerta þetta frv., en ræða mætti í sambandi við önnur mál. Hann kom ekki inn á þau atriði, sem ég minntist á í ræðu minni og þeim spurningum, sem ég varpaði fram í sambandi við frv., hvort núverandi bankar gætu annað þeim viðskiptum, sem hér um ræðir, hvort hlutur iðnaðarins sé borinn fyrir borð, samanborið við aðrar atvinnugreinar, og hvort betur muni séð fyrir iðnaðinum með því að stofna fyrir hann nú sérstakan iðnaðarbanka. Það eru ýmis mikilsverð vafaatriði, sem við í minni hl. höfum bent á, að nauðsynlegt væri, að þm. geri sér glögga grein fyrir áður en lengra er haldið. Við teljum því rétt að fresta afgreiðslu málsins, hvort stofna skuli sérstakan iðnaðarbanka, þar til álit og till. bankamálanefndarinnar liggja fyrir.

Emil Jónsson: Herra forseti. Hv. þm. N-Þ. taldi, að ég hefði helzt til lítið rætt þetta mál efnislega og misskilið frv., þ. e. a. s. einstök atriði þess. Ég skal ekki þrátta við þennan hv. þm. um þetta, en ég held, að ég hafi gert mér fulla grein fyrir þessu máli og skilið tilgang þess og ekki misskilið frv. svo neinu nemi.

Hann sagði, að misskilningur minn hefði legið í því, hvernig ég hefði litið á starfsemi þeirra banka, sem fyrir eru. Ég sagði, að Búnaðarbankinn væri fyrst og fremst búnaðarbanki og Útvegsbankinn fyrst og fremst fyrir útveginn og þessir bankar þjónuðu fyrst og fremst þessum hlutverkum sínum, að lyfta undir þá atvinnuvegi. Þetta á að vera höfuðmisskilningur minn að dómi þessa hv. þm., en ég held nú, að þessi hv. þm., sem er nú bankaráðsmaður, misskilji þetta. Þetta er svona í framkvæmd. Ef tveir menn koma í Útvegsbankann og þurfa að fá lán og annar þeirra leggur fram sem tryggingu fisk, sem hann þarf að selja, en hinn aðilinn kemur með iðnaðarvöru og við skulum segja, að bankinn geti aðeins sinnt öðrum þeirra, þá er enginn vafi á því, hvor þeirra fær afgreiðslu í bankanum. Það verður útvegsmaðurinn. Svona er þetta í framkvæmd. Þetta veit bankaráðsmaðurinn. Búnaðarbankinn er búnaðarbanki og sinnir fyrst og fremst landbúnaðinum, og Útvegsbankinn er banki fyrir útveginn. Þetta er mergurinn málsins og aðalatriðið. Hins vegar er það rétt, að þessir tveir bankar hafa önnur mál með höndum líka. Iðnaðarbankinn á eftir anda málsins fyrst og fremst að vera lyftistöng fyrir iðnaðinn, og er kyndugt, að hv. þm. skuli tala um misskilning minn í þessum efnum. Honum ætti að vera kunnugt um þessi mál.

Bankamálaráðh. skipaði n. í bankamálum og sagði henni, hvað hún ætti að vinna. Svo kemur n., og þá kemur í ljós, að hún vinnur allt annað verk en ráðh. ætlast til. Hæstv. viðskmrh. mætir á fundi iðnn. og gefur yfirlýsingu um það, að till. hennar komi ekki í bága við störf bankamálanefndarinnar. Ég veit ekki, hvort þetta getur kallazt misskilningur hjá þm. á störfum nefndarinnar.

Hv. þm. sagði, að ég hefði ekki rætt þetta frv. mikið í einstökum atriðum. Málið er þegar þrautrætt. Eina atriðið, sem ástæða er til að taka sérstaklega fram nú, er það, að fallið hefur niður ákvæðið um ríkisábyrgð á sparifé bankans. Hins vegar eru öll einstök atriði frv. rædd áður.

Hv. þm. V-Húnv. sagðist flytja mál sitt án nokkurs metings og sagðist vænta þess, að ég gerði það líka. Ég veit ekki, hvað þessi hv. þm. meinar með þessu. Ég gerði samanburð á því, hvernig unnið hefði verið að því að lyfta landbúnaðinum, og bar það saman við það, hvernig hlúð hefði verið að iðnaðinum. Ég vildi og fá upplýst, með hverjum hætti hæstv. ríkisstj. hugsaði sér að leysa vandamál iðnaðarins. Ég gæti flutt langt mál um það, hvað gert hefur verið fyrir aðra atvinnuvegi landsmanna og hvað ekki hefur verið gert hvað við kemur iðnaðinum. Ef það er einhver goðgá að minnast á þetta í þessum umr. hér á Alþ., þá er mér það sannast sagt óskiljanlegt.

Hv. þm. V-Húnv. sagði það ekki vera neitt nýtt, þótt lán væru tekin til landbúnaðarins, en það væri annað mál, þegar tekið væri lán til

iðnaðarins í landinu. Í þessu tvennu felst mikill munur. Er lán er tekið til landbúnaðarins, þá er það lánað út aftur í íslenzkum peningum, þannig að lántakendur eru ekki háðir gengisbreytingum. Hins vegar, þegar lán var tekið til fiskiðnaðarins, þá tvöfaldaðist lánsfjárupphæðin í íslenzkum krónum eftir gengisfellinguna. Ég tel mikinn mun á þessu tvennu.

Í lok ræðu sinnar bar hv. þm. fram nokkrar spurningar, sem hann sagði, að rétt væri að fá svör við. Ég skal nú reyna að svara þeim spurningum. Í fyrsta lagi spurði hv. þm., hvort núverandi bankar gætu ekki annað þeim störfum, sem iðnaðarbankanum væri ætlað að hafa með höndum. Það gæti komið til mála, en ekki á þann hátt, sem iðnaðarmenn vilja við una. — Önnur spurningin var á þá leið, hvort rekstrarlán til iðnaðarins væru það lítil, að bæta þyrfti úr þess vegna. Þessari spurningu svara ég játandi. Það þarf að bæta miklu við til að fullnægja lánsþörfinni. — Þriðja spurningin var á þá leið, hvort betur væri séð fyrir þörfum iðnaðarins með stofnun hins nýja banka. Þessu vil ég svara á þá leið, að iðnaðarmenn telja, að betur verði séð fyrir þörfum iðnaðarins með stofnun nýs banka vegna þess, að sá banki hljóti fyrst og fremst að taka tillit til þarfa þeirrar stéttar, sem honum er sérstaklega ætlað að þjóna.

Það var kannske ýmislegt fleira í ræðu hv. þm., sem ástæða væri til þess að ræða, en hins vegar má öllum vera það ljóst, að það er ekki með neinni áreitni í garð annarra stétta í landinu, sem iðnaðarmenn flytja mál sitt varðandi stofnun nýs banka. Það á ekki heldur að liggja í láginni, að það hefur verið um misskiptingu að ræða til þessa.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki ræða það, hvort ágreiningur hefur orðið á milli bankamálaráðh. og mþn. í bankamálum. Það skiptir ekki höfuðmáli. Hins vegar hef ég áður sagt, að sé hér um mismunandi skoðun að ræða, geti það stafað af því, að hæstv. ráðh. sé ekki fullkunnugt um, hvað n. hefur gert. Hv. þm. virðist undrandi yfir því, að ég skuli láta mér þetta um munn fara. Ég vil þá minna á það, að n. hefur enn ekki gefið ráðherra neina skýrslu um störf sín, og þess er ekki að vænta, að hann viti um þau til hlítar. Ég get skýrt frá því í þessu sambandi, að eitt af því, sem gert hefur verið í þessu máli, er það, að n. ritaði bréf til allra atvinnugreina í landinu, m. a. samtaka iðnaðarmanna, varðandi skipan þessara mála.

Í ræðu þess hv. þm., sem nú talaði síðast, kom ýmislegt fram, sem ástæða væri til að gera nokkrar aths. við. Sumt bar þess vott, að þessi hv. þm. hafði ekki kynnt sér þessi mál nógu vel. Hv. þm. lét m. a. þau orð falla, að landbúnaðurinn hefði mun meira fé handa á milli, að miklu meira hefði verið varið til hans en iðnaðarins. Ég held nú, að hv. þm. ætti að kynna sér það nánar. Ég skildi hv. þm. svo, en ef hv. þm. hefur ekki meint það, þá læt ég mér það vel líka. Hv. þm. fjölyrti um það, að lítið hefði verið gert fyrir iðnaðinn í landinu. Það má vera, að svo sé, en ekki er ég viss um, að hv. þm. hafi skoðað þetta ofan í kjölinn. Það er talað um það, að iðnaðinn skorti almennt lánsfé, og út frá því er verið að draga þær ályktanir, að ekkert sé fyrir iðnaðinn gert. Það vill nú svo til, að einmitt nú er verið að verja stórfé til þess að auka nýtanlega orku á landinu, og á ég þar við hina nýju virkjun Sogs og Laxár. Þetta mikla átak mun fyrst og fremst koma iðnaðinum að notum, og það er frumskilyrði fyrir því, að iðnaðurinn eflist verulega, að nægileg raforka sé allajafna fyrir hendi. Geysimikið fé hefur þannig verið lánað úr mótvirðissjóði til iðnaðarins, þ. e. a. s. til þess að skapa orku, en hins vegar hefur einnig miklu fé verið ráðstafað til þess að koma upp stóriðnfyrirtækjum úr þeim sjóði. Sumum hefur meira að segja þótt hér fullmikið að gert að ráðstafa sjóðnum svo einhliða.

Hv. þm. virtist þeirrar skoðunar, að Útvegsbanki Íslands væri fyrst og fremst banki útvegsmanna og að Búnaðarbankinn væri eingöngu banki fyrir bændur. Hann gat ekkert um Landsbankann í þessu sambandi. Hv. þm. lét svo um mælt, að það væri undarlegt, að mér, sem ætti sæti í fulltrúaráði Útvegsbankans, skyldi ekki vera þetta kunnugt. Ég vil segja hv. þm., að þetta er ekki svona. Það er ekki þannig, að iðnaðarmönnum sé neitað um lán í Útvegsbankanum, þangað til búið er að fullnægja lánsfjárþörf útvegsmanna. Það er misskilningur, ef hv. þm. telur, að svo sé. Það kann að vera svo, að í Útvegsbankanum sé heildarupphæðin af lánum til útgerðar stærst, en annars er það svo, að Landsbankinn og Útvegsbankinn lána jöfnum höndum til útgerðar, iðnaðar og verzlunar. Þetta hélt ég satt að segja, að væri alkunna. Ef það er nú svo, að hlutur útgerðarinnar er hæstur í Útvegsbankanum, má líta á það, að útvegurinn er eldri atvinnugrein hér á landi en iðnaður, og er því ekki óeðlilegt, að hann fái mikið lánsfé. Þetta þarf þó ekki að þýða það, að bankinn láni sérstaklega til hans. Lánsfjárþörf útvegsins er að jafnaði mikil, því að það er þannig með útgerðina, að hún getur yfirleitt ekki selt afurðirnar jafnóðum, og stundum getur liðið á annað ár þangað til hún getur selt þær og fær greiðslu fyrir framleiðslu sína. Þess vegna er lánsfjárþörf útvegsins meiri en annarra atvinnuvega, sem geta selt sína framleiðslu jafnóðum, og ætla ég, að þannig hafi það verið með íslenzkan iðnað. Ég ætla, að á undanförnum árum hafi verið hér skortur á mörgum þeim vörum, sem íslenzkur iðnaður framleiddi, og þess vegna var eftirspurn eftir íslenzkri framleiðslu og iðnaðarvörum. Það hlýtur að vera skiljanlegt, að lánsþörf framleiðenda, sem geta selt vöruna þannig eftir hendinni, hlýtur að vera minni en þeirra, sem verða að liggja með sínar framleiðsluvörur. Hér er eingöngu talað um rekstrarlán, en ekki stofnlán, því að frv. fjallar um rekstrarlán, ekki stofnlánadeild fyrir iðnað, heldur viðskiptabanka fyrir hann. Ég er hræddur um, að einhverjir þeirra, sem hafa unnið að frv., hafi litið svipuðum augum á starfsemi viðskiptabanka og hv. þm. Hafnf. En í þeirri hugsun gætir svipaðs misskilnings

og hjá þeim hv. þm. Menn láta oft glepjast af orðum og nöfnum. Búnaðarbankinn heitir Búnaðarbanki og útvegsbankinn Útvegsbanki. Fljótt á litið mætti ætla, að þessir bankar lánuðu eingöngu til landbúnaðar og útvegs, en því er þó ekki þannig varið. — Þeir, sem unnið hafa að þessu frv., segja í grg., að „lánsstofnanir telji fyrir utan sinn verkahring að greiða sérstaklega úr lánsfjárþörf iðnaðarins". Það kann að vera rétt, að þær telji fyrir utan sinn verkahring að gefa meiri gaum að lánsþörf iðnaðarins en annarra atvinnuvega. Ef þetta er meiningin, hafa þeir nokkuð til síns máls. Hitt er fráleitt, að þessar lánsstofnanir telji fyrir utan sinn verkahring að lána iðnaðinum, eins og sýnt hefur verið fram á hér í umr. og vikið að í nál. minni hl. og umsögn bankanna um málið. Á öðrum stað í grg. segir: „Iðnfyrirtæki vantar sérstaka tryggingu fyrir því, að einhver viss lánsstofnun fullnægi lánsfjárþörf þeirra, þegar erfitt er að fá lán".

Ef þeir, sem standa að frv., hafa gert sér vonir um, að þetta frv. gæti orðið til þess, að iðnaðurinn fengi tryggingu fyrir því, að einhver viss lánsstofnun fullnægði lánsfjárþörf hans, þegar erfitt væri að fá lán, er ég hræddur um, að þeir verði fyrir vonbrigðum. Með banka, sem settur yrði á stofn samkv. þessum l., er hætt við, að þessu yrði ekki fullnægt, jafnvel þótt hann yrði öflugri en hér er gert ráð fyrir og fengi ríkisábyrgð fyrir sparifé. Það er lánsfjárskortur hér á landi, ekki eingöngu hjá iðnaðinum, heldur öllum atvinnuvegum. Það kveður við úr öllum áttum, að þeir fái of lítil lán og verði að draga saman atvinnureksturinn, því að lánsféð sé ekki aukið í samræmi við hækkað verðlag og standi rekstrinum fyrir þrifum. Mér finnst ummæli eins og eru í grg., að lánsstofnun veiti tryggingu fyrir því að fullnægja lánsfjárþörf iðnaðarins, bera of lítinn blæ af veruleikanum. Þau bera þess ekki vott, að þeir menn, sem að frv. standa, hafi gert sér eins rækilega grein fyrir viðfangsefninu og nauðsynlegt er, ef þetta mál á að koma iðnaðinum að gagni.

Umr. frestað.

Á 27. fundi í Nd., 13. nóv., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að halda nema stutta ræðu. En ég ætla að gera nokkrar aths. við ræðu, sem hv. þm. Hafnf. flutti í gær um málið. Nú er hann ekki hér viðstaddur, og ég vildi spyrja hæstv. forseta, hvort hann hugsi sér að ljúka þessari umr. nú á þessum fundi. Ef það væri ekki, þá hefði ég kunnað betur við, að hv. þm. Hafnf. væri við, þegar ég gerði þessar aths. (**Forseti:** Það er ætlunin að ljúka umr. Hv. þm. Hafnf. hefur fjarvistarleyfi. Ég ætla, að það sé í fullri sátt við hann, þó að umr. sé lokið nú.)

Hv. þm. Hafnf. flutti hér ræðu, eftir að ég talaði síðast í þessu máli, og hélt því sama fram og áður í sambandi við þetta mál, að það væri illa búið að iðnaðinum hér á landi af hálfu þess opinbera og hefði svo verið undanfarið. Hann hélt áfram tali sínu um það, að iðnaðurinn fengi lítil fjárframlög úr ríkissjóði, samanborið við aðra atvinnuvegi hér í landinu, og hann talaði eins og áður um það, að iðnaðurinn væri afskiptur um lán frá bönkunum. En mér virtist þó í raun og veru hv. þm. Hafnf. afsanna þetta í sínum eigin ræðum. Hann hélt fram, sem ég efast ekki um, að sé rétt, að á undanförnum árum hefði stöðugt fjölgað því fólki, sem vinnur að iðnaði, iðnaðurinn hefði stöðugt verið að færa út kvíarnar. Hann sagði, að það léti nærri, að um það bil einn þriðji hluti þjóðarinnar lifði nú af iðnaði, og að þetta hlutfall hefði stækkað mjög á undanförnum árum. Þetta bendir til alls annars en þess, að sérstaklega illa hafi verið búið að iðnaðinum á undanförnum árum. Atvinnuvegur, sem væri hornreka hjá löggjafarþinginu og bönkum landsins, gæti ekki sogað til sín til lengdar fólk úr öðrum atvinnugreinum, eins og iðnaðurinn einmitt hefur gert. Það hefur horfið fólk frá sjávarútvegi og landbúnaði í allstórum stíl að iðnaðinum. Þetta er vitanlega af því, að iðnaðurinn getur boðið þessu fólki kjör, sem því þykir betri og aðgengilegri en það hefur notið við aðra atvinnuvegi. Og þetta afsannar í raun og veru allt, sem sagt er um það af vissum mönnum, að sérstaklega hafi verið illa búið að iðnaðinum og verr en að öðrum atvinnuvegum í okkar landi að undanförnu. Enda er það svo, þó að ég sjái ekki ástæðu til að hafa mörg orð um það hér í sambandi við þetta mál, að iðnaðurinn hefur getað fært út kvíarnar og aukizt mjög á undanförnum árum, bæði fyrir það vitanlega, að margir duglegir menn gefa sig að þeim atvinnuvegi og færa sér í nyt nýjungar í tæknilegum framförum, sem orðið hafa, og ekki síður hefur þetta verið fyrir það, að svo hefur verið að iðnaðinum búið í þjóðfélaginu, að hann hefur haft góð vaxtarskilyrði. Það má benda á það, að meðan innflutningshöft voru hér á öllum vörum, urðu þau til þess að örva iðnaðinn í mörgum greinum hér á landi. Og við vitum líka, að iðnaðurinn býr við verndartolla á allmörgum vörum, sem hafa gert honum auðveldari samkeppnina við innfluttan varning með sína iðnaðarvöru. Þetta má nefna.

Því er haldið fram, að iðnaðinn vanti meira starfsfé. Ég vil ekki neita því. En það er ekki einsdæmi um iðnaðinn. Það er yfirleitt svo, að okkur vantar fjármagn til mjög margra hluta. — Ég hef ekki fengið hér í umr. upplýst af meiri hl. iðnn. neitt, eða það hefur ekkert komið fram af þeirra hálfu, sem sannar það, að það væri nú fyrst um sinn betur búið að iðnaðinum í þessu efni hvað lánsfé snertir, þó að þessi banki væri settur á fót. Engin rök hafa komið fram, sem sanni, að iðnaðurinn bíði tjón af því, þó að þessu máli sé frestað, þangað til bankanefndin hefur skilað áliti. Það kom fram í seinni ræðu hv. þm. Hafnf., að hann mótmælti því ekki — síður en svo — að þeir bankar, sem fyrir eru í landinu, mundu geta sinnt þeim verkefnum, sem iðnaðarbankanum er ætlað samkvæmt þessu frv. Hann taldi það sennilegt. En hann sagði, að starfsreglur, sem bankarnir færu eftir, stæðu í vegi fyrir því, að þeir sinntu iðnaðinum eins og öðrum atvinnugreinum. Ég bendi

á, að starfsreglur bankanna hafa ekki staðið í vegi fyrir því, að iðnaðurinn hafi getað fengið um 80 millj. kr. í rekstrarlánum, sem hann hefur hjá bönkunum. Og allir sömu möguleikar væru til þess að auka þetta lánsfé frá þessum sömu bönkum, ef þeir fengju meira fjármagn, og þá aukast möguleikarnir til þess að veita iðnaðinum og öðrum atvinnuvegum meiri lán en þeir nú gera.

Ég held, að það sé ekki hægt — enda hefur það ekki verið gert — að færa nein rök fyrir því, að iðnaðurinn sé nein hornreka hjá lánsstofnununum. Og eins og ég sagði áður, hef ég engin rök heyrt fram borin, sem sýni, að iðnaðinum væri það nokkurt tjón, þó að ákvörðun um það væri frestað, þangað til bankan. hefur skilað áliti, að samþ. efni þessa frv., og það er það, sem við í minni hl. n. leggjum til. Við segjum ekkert um það, að það geti ekki verið réttmætt að stofna iðnaðarbanka. Það er sjálfsagt að gera það, ef rannsókn á málinu sýnir, að það sé hagkvæmt fyrir iðnaðinn og þjóðfélagið yfirleitt. En við viljum aðeins fresta ákvörðunum um málið, meðan þessi n. er að störfum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 28. og 29. fundi í Nd., 15. og 16. nóv., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Nd., 20. nóv., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Ég vildi aðeins leyfa mér að vekja athygli hæstv. forseta á því, samkvæmt þeirri yfirlýsingu, sem hann gaf í fundarbyrjun, að það vantar marga hv. þm. á fundinn, og spyrja, hvort ekki væri réttara, þar sem n., sem fer með málið, er ekki sammála um afgreiðslu þess, að hafa atkvgr. þegar fleiri eru á fundi, svo að vilji hv. þm. komi betur í ljós um málið.

Frsm. meiri hl. (Gunnar Thoroddsen): Ég vildi aðeins vekja athygli á því, að atkvgr. um þetta mál hefur verið frestað fund eftir fund (SkG: Ekki hef ég óskað þess.), og það er mjög óheppilegt, ef afgreiðsla málsins þarf enn að dragast. Ég mælist til þess við hæstv. forseta, að hann láti atkvgr. nú fram fara, þannig að málið komist til 3. umr.

Forseti (SB): Það er rétt, sem hv. þm. V-Húnv. vakti athygli á, að nokkrir hv. þdm. eru fjarverandi. En hins vegar er einnig rétt, að atkvgr. um málið hefur verið frestað tvisvar eða þrisvar áður, þannig að það þykir illmögulegt, að svo gangi lengur. (SkG: Er það ekki vegna fjarvistar hv. 7. þm. Reykv. áður? — GTh: Nei, það er tilhæfulaust.)

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 187 felld með 14:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, SkG, StgrSt, AE, ÁB, EystJ, GG, JG.

nei: JPálm, JS, JÁ, JR, SÁ, SG, StJSt, MJ, BÓ, EOl, EmJ, GTh, JóhH, SB.

13 þm. (JörB, KS, LJós, ÓTh, PO, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, FJ, GÞG, HÁ, HelgJ, IngJ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Ég er þeirrar skoðunar, að það mál, sem hér liggur fyrir, komi ekki í bága við störf mþn. í bankamálum, þó að frv. yrði samþ., og segi því nei.

Gísli Guðmundsson: Þar sem hæstv. viðskmrh. hefur fyrir skömmu skipað n., sem fjallar um bankamál landsins og þar á meðal um það efni, sem í þessu frv. felst, þá er ég þeirrar skoðunar, að rétt sé að fresta þessu máli að svo stöddu, og segi ég því já við dagskrártill.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SG, StJSt, MJ, BÓ, EOl, EmJ, GTh, JóhH, JPálm, JS, JÁ, JR, SÁ, SB.

SkG, AE, ÁB, EystJ, GG, JG, PÞ greiddu ekki atkv.

14 þm. (StgrSt, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, FJ, GÞG, HÁ, HelgJ, IngJ, JörB, KS, LJós, ÓTh, PO) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EOl, EmJ, GTh, JóhH, JPálm, JS, JÁ, JR, SÁ, SG, StJSt, MJ, BÓ, SB.

EystJ, GG, JG, PÞ, SkG, AE, ÁB greiddu ekki atkv.

14 þm. (FJ, GÞG, HÁ, HelgJ, IngJ, JörB, KS, LJós, ÓTh, PO, StgrSt, ÁkJ, ÁÁ, ÁS) fjarstaddir.

Brtt. 156 samþ. með 15 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JóhH, JPálm, JS, JÁ, JR, SÁ, SG, StJSt, MJ, ÁkJ, BÓ, EOl, EmJ, GTh, SB.

JG, PÞ, SkG, AE, ÁB, EystJ, GG greiddu ekki atkv.

13 þm. (HÁ, HelgJ, IngJ, JörB, KS, LJós, ÓTh, PO, StgrSt, ÁÁ, ÁS, FJ, GÞG) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÁ, SG, StJSt, MJ, ÁkJ, BÓ, EOl, EmJ, GTh, JPálm, JS, JÁ, JR, SB.

SkG, AE, ÁB, EystJ, GG, JG, PÞ greiddu ekki atkv.

14 þm. (StgrSt, ÁÁ, ÁS, FJ, GÞG, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JörB, KS, LJós, ÓTh, PO) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JR, SÁ, SG, StJSt, MJ, ÁkJ, BÓ, EOl, EmJ, GTh, JóhH, JPálm, JS, JÁ, SB.

PÞ, SkG, AE, ÁB, EystJ, GG, JG greiddu ekki atkv.

13 þm. (JörB, KS, LJós, ÓTh, PO, StgrSt, ÁÁ, ÁS, FJ, GÞG, HÁ, HelgJ, IngJ) fjarstaddir.

5.—12. gr. samþ. með 15 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÁ, SG, StJSt, MJ, ÁkJ, BÓ, EOl, EmJ, GTh, JóhH, JPálm, JS, JÁ, JR, SB.

SkG, AE, ÁB, EystJ, GG, JG, PÞ greiddu ekki atkv.

13 þm. (StgrSt, ÁÁ, ÁS, FJ, GÞG, HÁ, HelgJ, IngJ, JörB, KS, LJós, ÓTh, PO) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SG, StJSt, MJ, ÁkJ, BÓ, EOl, EmJ, GTh, JóhH, JPálm, JS, JÁ, JR, SÁ, SB.
SkG, AE, ÁB, EystJ, GG, JG, PÞ greiddu ekki atkv.
13 þm. (StgrSt, ÁÁ, ÁS, FJ, GÞG, HÁ, HelgJ, IngJ, JörB, KS, LJós, ÓTh, PO) fjarstaddir.

Á 31., 32. og 33. fundi í Nd., 22., 23. og 26. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 34. fundi í Nd., 27. nóv., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 241, 246, 250).

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Minni hl. iðnn. flytur brtt. við frv. þetta á þskj. 246. Till. er um það, að við 3. gr. bætist ný málsgr., að efni til um það, að Sambandi íslenzkra samvinnufélaga verði heimilað að gerast hluthafi í félaginu með allt að 1½ millj. kr. hlutafjárframlagi, svo að hlutaféð verði allt að 8 millj. kr., ef félagið notar heimildina. Samkv. 3. gr. frv. leggur Félag íslenzkra iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna hvort um sig til 1½ millj. kr., auk þess sem ríkissjóður skal leggja fram allt að 2½ millj. kr. Nú er það svo, að Samband íslenzkra samvinnufélaga er stærsti iðnrekandi landsins, en er ekki í Félagi íslenzkra iðnrekenda. Okkur, sem flytjum till., þykir því eðlilegt, að því sé gefinn kostur á að gerast hluthafi, ef af bankastofnuninni verður.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Fyrir mitt leyti er ekkert við það að athuga, að Samband íslenzkra samvinnufélaga verði þátttakandi í þessu félagi, en ég vil benda hv. flm. á það, að í till. er gert ráð fyrir því, að þetta verði með dálitið öðrum hætti en kveðið er á um í 3. gr. Þar er sagt, að Félag íslenzkra iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna skuli hvort um sig safna og leggja til 1½ millj. kr. hlutafé. Með þessu er félögunum lögð kvöð á herðar og það sett sem skilyrði, að þau leggi fram þetta fé. Það virðist því eðlilegast, að það sama verði látið gilda um Samband íslenzkra samvinnufélaga, eða þá að breyta gr. þannig, að einnig verði um heimild að ræða fyrir hin félögin. Ef Samband íslenzkra samvinnufélaga vill ekki vera í sömu tröppu og hinir, þá er nóg, að hlutaféð sé aukið í allt að 8 millj. kr. og að Sambandi íslenzkra samvinnufélaga verði frjálst eins og öðrum að gerast hluthafi. Eins og till. er finnst mér, að Sambandi íslenzkra samvinnufélaga sé gefinn réttur til að hafna og velja, en hinum ekki.

Pétur Ottesen: Á síðasta þingi lá fyrir eins og nú frv. um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands, og mun það hafa verið í mjög svipuðu formi og það frv. er, sem nú liggur hér fyrir, að öðru leyti en því, að nokkuð hefur verið hækkuð sú upphæð, sem er væntanlegt hlutafé fyrirtækisins. Að öðru leyti mun þetta frv. vera sniðið eftir því frv., sem lá hér fyrir um þetta efni á síðasta þingi. Það frv. fékk afgreiðslu í Nd., en dagaði uppi, eins og það er nú kallað, í Ed. Var þá borin fram till. til rökst. dagskrár, sem fól í sér, að ekki þætti rétt að afgreiða slíkt mál, þar sem fyrir lægi að gera heildarathugun á bankakerfi landsins, og eftir því sem ráða má, mun það hafa verið þessi röksemd, sem hneig undir það, að ekki var gengið til endanlegrar atkvgr. um þetta mál í Ed. og að það dagaði þar uppi, eins og fyrr segir. Ég vil vekja athygli á því, að mér virðist ekki vera alls kostar gott samband á milli þessarar afgreiðslu málsins í fyrra og þess, að málið er nú flutt á ný, því að síðan þeirri afgreiðslu lauk hefur einmitt verið skipuð mþn. af ríkisstj. til þess að athuga og gera till. um bankamál landsins, og er alveg sérstaklega ákveðið, að sú athugun hnígi að því meðal annars að athuga um fjárfestingarstarfsemina í landinu, en það er vitanlega annað meginatriði þessa frv. að lána til fjárfestingar. Á þetta hefur nú þegar verið bent, að ekki sé alls kostar heppilegt að gera jafnstórfelldar breyt. á bankastarfseminni í landinu, meðan svona stendur, eins og það er að fara að stofna nýjan banka. Það hefur nú komið fram undir meðferð þessa máls hér í Nd., að um þetta eru mjög skiptar skoðanir, og eftir atkvgr. þá, sem fram fór hér við 2. umr. málsins, þá kom það í ljós, að meiri hluti er fyrir því hér í d. að afgreiða þetta mál nú á þessu stigi, þrátt fyrir það að enn sé ekki nema skammt á veg komin sú athugun á bankamálum landsins, sem stofnað hefur verið til með skipun þeirrar mþn., sem hefur þau mál með höndum. Ég vil fyrir mitt leyti láta í ljós þá skoðun, að ég tel það ekki vera hyggilegt að gera jafnstórfellda breytingu í þessu máli og í þessu frv. felst, meðan ekki er séð, hvaða till. koma fram um heildarskipun þessara mála. En hins vegar er ég flm. þessa frv. og þeim, sem staðið hafa að afgreiðslu þess hér, alveg sammála um það, að nauðsyn beri til að styrkja nú þegar aðstöðu iðnaðarmanna, þess stóra atvinnurekstrar í landinu, að því er lánastarfsemi iðnaðarins snertir, bæði að því er tekur til fjárfestingarlána handa iðnaðinum og einnig rekstrarlána honum til handa. En það, sem ber á milli mín og þeirra, sem að þessu frv. standa, er það, að ég tel aðra leið heppilegri til þess að greiða úr þessu máli, sem þá um leið brýtur ekki heldur í bága við það, að ekki sé hyggilegt að vera að gera stórfelldar skipulagsbreyt. á bankastarfseminni meðan svo stendur, að athugun hefur ekki farið fram til hlítar í þessum efnum. Ég hef því miðað till. mínar í þessu máli við það að efla þá lánastarfsemi, sem þegar er fyrir hendi í landinu, og þá í sambandi við iðnaðinn alveg sérstaklega og efla hana allmiklu ríflegar en gert er ráð fyrir í því frv., sem hér liggur fyrir, því að það er vitanlega grundvallaratriði fyrir hverja lánastarfsemi, að hún hafi yfir að ráða sem mestu eigin fé til útlána sinna, því að það skapar skilyrði fyrir lægri vöxtum en þegar um er að ræða fé, sem annaðhvort er sparisjóðsfé eða fé, sem beinlínis er tekið að láni til þess að lána út aftur í þessu augnamiði. — Eins og fyrir

liggur, þá hef ég gert hér þá breyt., sem er allstórfelld, við þetta frv., að í stað þess, að stofnaður verði sérstakur iðnaðarbanki, þá verði iðnlánasjóður efldur verulega frá því, sem nú er, eða m. ö. o. að sú upphæð, sem tiltekið er í frv., 3 millj. kr., að verði lögð til iðnlánasjóðs á árinu 1952, til viðbótar því framlagi ríkissjóðs, sem iðnlánasjóður nýtur nú, sem er 300 þús. kr. á ári, — til viðbótar þessum 3 millj. legg ég tel, að iðnlánasjóður fái á næstu 9 árum viðbótarfé, sem nemi ½ millj. kr. á ári, þannig að framlag ríkisins til sjóðsins á þessu 9 ára tímabili verði 800 þús. kr. á ári og úr því gildi áfram ákvæðið um 300 þús. kr. framlag til sjóðsins. Með þessum hætti fær iðnlánasjóður 7½ millj. kr. nýtt fé til starfsemi sinnar á næsta 9 ára tímabili, og er með þeim hætti bætt mjög verulega aðstaða sjóðsins til þess að sinna hinum margvíslegu verkefnum, sem iðnaðurinn í landinu þarf að leysa í gegnum starfsemi sjóðsins. Ég vil þess vegna, með tilliti til þessa alls, vænta þess, að þessar till. mínar geti fengið góðar undirtektir hér, þar sem þær stefna að svo verulegri úrlausn fyrir iðnaðinn í landinu og þar sem enn fremur er ekki hægt að líta svo á, að þær brjóti í bága við það, að þeirri heildarathugun á bankamálum landsins, sem nú stendur yfir, er enn ekki lokið.

Eins og kunnugt er, eru starfandi hér í landinu þrír bankar, þ. e. Landsbankinn, Útvegsbankinn og Búnaðarbankinn, og því er þannig háttað um starfsemi þessara banka yfirleitt, að hún er rekin sem almenn bankastarfsemi, en er ekki nema að litlu leyti tileinkuð neinum sérstökum atvinnuvegi í landinu. Þannig er þetta um Landsbankann, þannig er þetta um Útvegsbankann og einnig um Búnaðarbankann að mjög verulegu leyti, því að allmikill meiri hluti þess fjár, sem Búnaðarbankinn hefur yfir að ráða, er einmitt notaður þar í sambandi við almenna bankastarfsemi. Það, sem tileinkað er landbúnaðinum sérstaklega, eru þrír sjóðir, sem eru ekki nema nokkur hluti og mikill minni hluti af heildarstarfsemi Búnaðarbankans. Ég hef aflað mér fullra upplýsinga um það atriði. — Þegar því þess er gætt, hversu háttað er fyrir okkur um lánaaðstöðu í landinu, þá er held ég ekki hægt að segja, að erfiðleikarnir stafi af því, að hér vanti banka, heldur af hinu, að bankana vanti rekstrarfé til sinnar almennu starfsemi. — Það má náttúrlega einnig í þessu sambandi benda á það, að ætla má, að það yrði miklu kostnaðarminna að efla aðstöðuna hér í landinu til þess að sinna lánsfjárþörf iðnaðarins á þann hátt, sem ég legg til, en með því að fara að stofna nýjan banka.

Rekstur iðnlánadeildarinnar hefur frá upphafi verið í vörzlu Útvegsbankans. Að vísu er iðnlánadeildin skammt á veg komin, það fé, sem hún hefur yfir að ráða, mjög takmarkað, enda er rekstrarkostnaði við hana ákaflega í hóf stillt. Eftir skýrslum, sem hér liggja fyrir um iðnlánasjóð, var allur rekstrarkostnaður deildarinnar 1950 2500 kr., en eftir þeirri athugun, sem gerð hefur verið fyrir mig um kostnað við rekstur slíks banka sem þessa, ef stofnaður væri, mundi það verða svona um 250—300 þús. kr. á ári, eftir því sem mér hefur verið sagt af mönnum nákunnugum öllum bankarekstri. Það sjá þess vegna allir, að þótt rekstrarkostnaður iðnlánadeildarinnar ykist eitthvað við það, að lánaaðstaða hennar væri efld og umsetningin yxi af þeim sökum, þá benda þessar tölur um kostnaðinn við hana til þess, að það yrði aldrei nema brot af því, sem það kostaði að fara að hleypa af stokkunum nýjum banka, og þetta er líka út af fyrir sig atriði, sem vert er að menn geri sér grein fyrir í sambandi við ákvörðun þessa máls, því að ef svo væri, að kostnaður við rekstur iðnaðarbanka næmi þessu fé, 250—300 þús. kr., þá sjá allir, að þar með er farið að beina kostnaðinum á það framlag, sem nú er árlega greitt úr ríkissjóði til þess að byggja upp iðnlánasjóðinn.

Já, ég hef þá gert grein fyrir því, sem fyrir mér vakir með flutningi þeirrar brtt., sem hér liggur fyrir, og ætla ég, að það sé ekki hægt að mæla því gegn, að með henni vildi ég sýna fullkomna viðleitni til þess að bæta úr lánsfjárþörf þessa þýðingarmikla atvinnuvegar, iðnaðarins, sem nú er orðinn þriðji höfuðatvinnuvegur landsmanna. Og ég ætla það, að till. mín sé þannig úr garði gerð, að það fé, sem hér er um að ræða að renni inn í iðnaðinn, komi þannig að notum, að ekki færi nema örlítill brothluti þess fjár í raunverulegan rekstrarkostnað við framkvæmd þessa máls samanborið við þá reynslu, sem fengin er um rekstur iðnlánasjóðs að undanförnu.

Ég vil þá enn fremur benda á það, að í l. um iðnlánasjóð er svo ákveðið, að iðnlánasjóði er heimilt að taka lán til útgáfu handhafavaxtabréfa með samþykki ráðh., og þannig hefur iðnlánasjóður aðstöðu til þess að afla sér viðbótarrekstrarfjár með slíkum hætti. Þetta mun hafa verið heldur lítið notað til þessa, vegna þess að slíkt fé mundi verða nokkuð dýrt eða þungt í vöfum, þannig að það skapaði grundvöll fyrir hærri vöxtum, og er það vitanlega miðað við það, hve lítið eigið fé iðnlánasjóður hefur haft til þess að starfa með. En þetta breyttist vitanlega gersamlega við það, ef eigið fé sjóðsins er aukið svo verulega eins og felst í brtt. minni, því að þá skapaði það vitanlega grundvöll fyrir iðnlánasjóð til að starfa jafnframt með fé, sem hann tæki að láni til starfans samkvæmt þeirri heimild, sem í l. felst, þar sem hann getur þá jafnað vextina og fært þá niður með tilliti til þess, að sjóðurinn hefur svo mikið eigið fé til þess að verja til starfsemi sinnar. Ætlunin er, að hann mundi með þessum hætti geta bætt sér upp verulega þann aðstöðumun, sem segja má að sé hjá sjóðnum eins og nú er, frá því sem yrði samkvæmt frv., þar sem gert er ráð fyrir samkv. frv., að iðnaðarbankinn megi einnig reka sparisjóðsviðskipti og afla lánsfjár með þeim hætti. Ég ætla, að þegar svo væri búið að efla iðnlánasjóð að eigin fé, gæti hann með lántöku, eins og heimild er til, veitt sér aukið fjármagn til starfsemi sinnar, nokkuð til þess að mæta því, sem hann fer á mis við, þar sem ekki er um sparisjóðsstörf að ræða.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta,

en legg þessa till. mína að sjálfsögðu á vald hv. d. og vildi með því sýna viðleitni af minni hálfu til þess að gera verulegt átak til að bæta úr lánsfjárþörf iðnaðarins.

Frsm. meiri hl. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í þessum umr. og í grg. fyrir frv. er það rökstutt, hvers vegna þetta frv. er fram borið. Undirbúningur þess hefur staðið yfir um nokkurra ára skeið, og hafa meginsamtök iðnaðarins, Landssamband iðnaðarmanna og Félag íslenzkra iðnrekenda, unnið að undirbúningi málsins og farið þess á leit við iðnn. Nd. í fyrra, að málið yrði flutt. Það fékk góðar viðtökur hér í d. og var afgreitt hér, en stöðvað í Ed. Nú hefur bankanefnd iðnaðarins farið fram á, að frv. þetta yrði flutt að nýju, og vænti ég þess, að málið fái eins góða göngu hér og í fyrra og Ed. taki því eins vel. Þó að iðnn. hafi ekki getað orðið sammála um flutning frv., vil ég þó fagna því, að hér í umr. hefur komið fram frá mönnum, sem telja sig ekki geta stutt málið á þessu stigi, skilningur og viðurkenning á því, að iðnaðurinn þurfi á mjög auknu fé að halda. Þannig kemur það glöggt fram í brtt. hv. þm. Borgf. og ræðu hans, að hann vill verja allmiklu fé nú þegar og á næstu árum úr ríkissjóði til lánveitinga iðnaðinum til handa og er þar vissulega mjög stórtækur, eins og brtt. á þskj. 250 ber vott um. Hins vegar vill hann fara nokkuð aðra leið, þ. e. að efla nú þegar iðnlánasjóð í stað þess að stofna sérstaklega til iðnaðarbanka. — Frá minni hl. iðnn. hefur einnig komið viðurkenning á því, að hér sé þörf umbóta og málið geti verið gagnlegt, að minnsta kosti ef S. Í. S. fær að vera með í stofnun bankans. Ég vildi strax á þessu stigi málsins, út af brtt. minni hl. iðnn., lesa hér upp bréf, sem mér barst frá bankanefnd iðnaðarins varðandi þetta mál og er á þessa lund:

„Reykjavík, 26. nóv. 1951.

Hr. form. iðnn. neðri deildar Alþingis.

Bankanefnd iðnaðarins hefur rætt till. frá minni hl. iðnn. Nd. um það, að S. Í. S. verði tryggt 1½ millj. kr. af hlutafé væntanlegs iðnaðarbanka.

Bankanefndin er andvíg þessari till., vegna þess að hún lítur svo á, að samtök iðnaðarins í landinu eigi að vera aðilar að bankanum, en ekki óskyld samtök, þó að þau kunni að eiga einhverra hagsmuna að gæta við iðnaðinn.

S. Í. S. er fyrst og fremst innflutnings- og útflutningsaðili, en ekki iðnrekendasamtök, enda er iðnaðarfyrirtækjum, sem það rekur eða á hlut í, heimilt að ganga í Félag íslenzkra iðnrekenda.

Að vísu er ánægjulegt, ef fjársterkir aðilar vilja styrkja bankann og sýna þannig í verki, að þeir skilji og meti þýðingu hans, en bankanefnd iðnaðarins getur ekki á það fallizt, að ákveðið sé með lögum, að neinir hluthafar að bankanum verði utan samtaka iðnaðarins, aðrir en ríkið sjálft.

Virðingarfyllst,
F. h. bankanefndar iðnaðarins
Þorsteinn Sigurðsson,
Páll S. Pálsson.

Samþykkir framanrituðu:
F. h. Landssambands iðnaðarmanna
Helgi H. Eiríksson.
F. h. Félags íslenzkra iðnrekenda
Kr. Jóh. Kristjánsson."

Í þessum umræðum, sem hér hafa farið fram, hefur af sumum verið dregið í efa, að þörf væri á eða réttmætt að stofna sérstakan banka fyrir iðnaðinn, vegna þess að bankar þeir, sem fyrir væru, lánuðu alveg jöfnum höndum í allar atvinnugreinar, eins og hv. þm. N-Þ. (GG) komst að orði. Hann sagði, að hinir þrír bankar væru almennir viðskiptabankar og lánuðu til allra stétta, þannig að Búnaðarbankinn væri ekki fyrir landbúnaðinn og Útvegsbankinn væri ekki fyrir útveginn. Þetta kemur okkur spanskt fyrir sjónir. Ef við athugum Búnaðarbankalögin, þá stendur þar í 2. gr.: „Tilgangur bankans er að styðja landbúnaðinn og greiða fyrir fjármálaviðskiptum þeirra, er stunda landbúnaðarframleiðslu." Þetta er því tilgangur bankans og annar ekki. Hitt er rétt, að hann lánar eitthvað til annarra atvinnuvega, en hitt finnst mér ótrúlegt, að bankalögin hafi verið brotin, svo að hann láni ekki frekar til landbúnaðarins en til annarra atvinnuvega. Allir vita, að Búnaðarbankinn var stofnaður til að styðja landbúnaðinn, og hefur hann gegnt því hlutverki með prýði. Þegar frv. var lagt fram um Búnaðarbanka fyrir tveim áratugum síðan, þá fékk það góðar undirtektir og var samþ. Því virðist manni, að þegar í hlut á ⅓ hluti þjóðarinnar, sem óskar eftir að fá sinn eigin banka, þá ætti því að verða jafnvel tekið og Búnaðarbankanum á sínum tíma. Ég skal ekki fara að gera hér upp á milli atvinnuvega landsins, hvort þessi atvinnuvegur fær sinn bróðurpart af lánsfénu eða ekki. En víst er það, að iðnaðurinn hefur enga lánsstofnun, sem hefur því hlutverki að gegna að styðja hann og efla.

Ég hef fengið útdrátt úr yfirliti um, hvernig lánum Útvegsbankans og Landsbankans var háttað á árinu um mánaðamótin september—október. Þar hafði sjávarútvegurinn 432 millj., verzlunin 126 millj., iðnaðurinn 68 millj. og landbúnaðurinn 54 millj. Í þessum tveim bönkum, Útvegsbankanum og Landsbankanum, fær iðnaðurinn 68 millj., en landbúnaðurinn 54 millj., en auk þess fær landbúnaðurinn sín aðallán í Búnaðarbankanum, sem hefur það hlutverk með höndum að styrkja hann. Ég vil taka það fram, að verzlun og iðnaður samvinnufélaganna er ekki með í þessum tölum. Ég segi þetta vegna þess, að það hefur komið fram í ræðum eins eða tveggja þingmanna, að iðnaðurinn hafi yfirengu að kvarta.

Varðandi brtt. hv. þm. Borgf. vil ég undirstrika það, að ég fagna hinni miklu velvild hans og stórhug, er hann leggur til, að ríkissjóður leggi til 3.3 millj. kr. í iðnlánasjóð. 3 millj. eru gamalt fyrirheit, en auk þess, að iðnlánasjóður fái 800 þús. á árunum 1953—61, en 300 þús. eftir það. En þegar málið er athugað nánar, þá koma fram gallar og annmarkar á því að fara þessa leið. Í fyrsta lagi tel ég miður farið, ef Alþingi og ríkisstjórn ætla að slá á

útrétta hönd Félags íslenzkra iðnrekenda og Landssambands iðnaðarmanna, sem ætla að leggja sjálf fram 1½ millj. hvort í stofnkostnað. Mér finnst það fráleitt, ef Alþ. ætlar að hafna þessu og auka sjálfu sér útgjöld. Í öðru lagi er ætlunin, að þessi banki safni til sín sparifé eins og allir aðrir bankar gera.

Því hefur verið haldið fram, að stofnun þessa nýja banka muni ekki auka sparifjármyndun í landinu. Þetta kann að vera rétt, en er ekki víst. Sparifjármyndun í okkar þjóðfélagi er of lítil, og er það eitt af höfuðvandamálum okkar, hvernig eigi að auka hana. Það er vel hugsanlegt, að jafnfjölmenn stétt og iðnaðarmenn taki að auka sparifjármyndun innan sinnar stéttar að einhverju leyti, er þeir væru búnir að fá sinn eigin banka og sæju, að hann stæði og félli með því, hvernig tækist að afla fjár fyrir hann. Þetta er vel hugsanlegur möguleiki, og væri það til almennra hagsbóta fyrir þjóðfélagið í heild. Ég get ekki fullyrt þetta, en mér virðist þó, að áhuginn meðal iðnaðarmanna um þessi mál sé mikill. En þessi möguleiki er ekki fyrir hendi samkv. brtt., heldur aðeins iðnlánasjóður efldur, þar sem hann hefur ekki heimild til að hafa sparifjárdeild. — Hér hef ég getið tveggja annmarka á þeirri leið, er hv. þm. Borgf. leggur til að farin verði. — Auk þess lánar iðnlánasjóður ekki til allra framkvæmda iðnaðarins. Í l. segir: „Lán veitast iðnrekendum og iðjurekendum, sem erfitt eiga um lántöku á annan hátt, til kaupa á vélum og stærri áhöldum (ekki handverkfærum) og einnig til rekstrar, ef sérstaklega stendur á.“ M. ö. o., það er ekki gert ráð fyrir, að hann láni til verksmiðjurekstrar, nema sérstaklega standi á. Ef iðnlánasjóður á að koma að sama gagni, þá verður að gerbreyta l. hvað við kemur 2. gr. Þar sem sagt er, að sjóðurinn megi afla sér fjár með útgáfu handhafavaxtabréfa, þá eru útgáfu þeirra sett mjög ströng takmörk. Það má aðeins með samþykki ráðh., og sjóðurinn má ekki skulda meira en sem svarar þreföldum höfuðstól á hverjum tíma. Ég hef orðið var við, að ýmsir menn hafa haldið, að efling iðnlánasjóðs gæti komið í stað bankastofnunar. Ég vænti þess, að nú sé hv. þm. það ljóst af þeim rökum, sem ég hef dregið fram, að það er ekki.

Meginástæðan, sem fram hefur verið borin fyrir því að fresta afgreiðslu málsins, er sú, að mál þetta komi inn á starfssvið bankamálanefndar, en hún situr nú að störfum, og sé ekki tímabært að setja l. um þetta efni, fyrr en hún hefur lokið störfum. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið um mál þetta, þá mótmæli ég því, að þetta sé notað sem ástæða fyrir frestun málsins, enda vita það allir, að bankamálanefnd hefur fyrst og fremst því hlutverki að gegna að athuga almenna bankalöggjöf og hvort hyggilegt muni vera að stofna seðlabanka. Þetta hefur svo iðnaðar- og bankamálaráðh. staðfest. Ég verð að segja, að með allri virðingu fyrir hinni ágætu bankamálanefnd, — en í henni eiga sæti tveir þm., sem hér hafa tekið til máls, — þá legg ég mest upp úr því, hvað sá maður hefur um þetta að segja, er skipaði n., en það er iðnaðar- og bankamálarh., og það hefur verið og er hans hlutverk að segja yfir þessari nefnd.

Ég ætla, að það sé svo ekki fleira, sem ég þarf að segja að svo komnu máli, en ég vil eindregið beina þeirri áskorun til þingsins, að frv. verði samþykkt.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Hæstv. viðskmrh. talaði áðan, og virtist hann líta svo á, að ósamræmi væri í 3. gr. frv., ef tveim félögum, Landssambandi iðnaðarmanna og Félagi íslenzkra iðnrekenda, er lögð sú skylda á herðar að leggja fram 1½ millj. kr. hvoru um sig í hlutafé til stofnunar iðnbanka, en við í minni hl. iðnn. höfum lagt til, að þriðja aðilanum, S. Í. S., verði veitt heimild til að gerast hluthafi. Þetta er ofur eðlilegt, ef málið er athugað. Frv. þetta er undirbúið af fulltrúum frá tveim fyrrnefndum félögum og flutt á Alþingi eftir beiðni þeirra. Þau hafa sjálf gengið frá þessu atriði. Hins vegar liggur ekkert fyrir um það, hvort S. Í. S. sé reiðubúið til að leggja fram fjárhæð þessa eða ekki, þar sem það átti engan hlut að undirbúningi þessa frv., og það er ekki hægt fyrir hv. Alþ. að skuldbinda neinn til þess að leggja fram ákveðna fjárhæð í hlutafélag, nema fyrir liggi hans vilji. Ég gæti á það fallizt, að sú breyting verði gerð, að í staðinn fyrir skyldu hinna aðilanna verði sett heimild. Þá tel ég eðlilegt, að 3. gr. verði látin standa og S. Í. S. verði veitt heimild til þátttöku, ef það sjálft óskar þess.

Mér kemur það á óvart, að meiri hl. iðnn. skuli leggja á móti till. okkar. Ég hefði frekar haldið, að bæri að fagna því að fá þátttöku S. Í. S. í bankastofnuninni. Eins og ég benti á, þá er S. Í. S. einn stærsti iðnrekandi landsins. Í sambandinu eru 55 félög í öllum sýslum og kaupstöðum landsins, og tala félagsmanna mun vera um 30000. Mörg þessara félaga hafa talsverðan iðnrekstur, auk þess sem S. Í. S. hefur sjálft mjög mikinn iðnrekstur, og virðist þá eðlilegt, að þessum aðila verði gefinn kostur á að gerast þátttakandi, ef á annað borð bankinn verður stofnaður.

Um frv. að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að ræða, en við 2. umr. gerði ég grein fyrir skoðun okkar í minni hl. n., og sé ég ekki ástæðu til að endurtaka það.

Pétur Ottesen: Það eru aðeins örfá orð út af ræðu hv. 7. þm. Reykv. Hv. þm. viðurkennir þá úrbót fyrir iðnaðinn, sem felst í minni till. Hins vegar taldi hann á því annmarka að samþ. till. mína og afgreiða málið með slíkum hætti. Ég skal aðeins drepa á þrjú atriði, sem hann taldi ágalla á. — Hann sagði, að með því væri verið að slá á útrétta hönd iðnaðarmanna, þar sem þeir ætluðu að leggja fram í höfuðstól til grundvallar þessum banka. Ég get ekki litið svo á, að með því að samþ. mína till. sé verið að slá á útrétta hönd iðnaðarmanna. Ég vildi snúa setningunni við og segja, að ef iðnaðarmenn líta ekki svo á, að hér sé um mikið framlag úr ríkissjóði að ræða, og ef það verður þeim ekki hvöt til þess að leggja fram lánsfé í iðnlánasjóð, þá eru það þeir, sem slá á útrétta hönd

ríkisvaldsins. Ég efast ekki um, að það sé ærin hvöt til iðnaðarmanna, að þeir geri sjóðnum slík skil sem í mínum till. felast. Ef svo er ekki, þá skilja iðnaðarmenn undarlega sitt hlutverk.

Annað atriðið var það, að iðnlánasjóður gerði lítið að því að lána rekstrarfé. Ég held, að sjóðurinn standi jafnan opinn til lána í þessu augnamiði, þegar því verður við komið, en af því litla fé, sem sjóðurinn hefur nú yfir að ráða, er vitanlega litlu eða engu að miðla umfram það, sem til fjárfestingar fer. Undireins og sjóðnum vex fiskur um hrygg, skapast betri aðstæður til lána til rekstrarstarfsemi iðnaðarins.

Þriðja atriðið var það, að það var takmarkað með l., hve lánin mættu vera há. Þetta var mér ljóst, en mér þótti ekki taka því að flytja brtt. til rýmkunar á þessu fyrr en sýnt var, hvernig Alþ. mundi taka undir till. mína um eflingu iðnlánasjóðs. Ég hafði forgöngu um það árið 1946, að fjárframlag ríkisins til sjóðsins væri hækkað úr 60 þús. kr. á ári í 300 þús. Þá voru gerðar ýmsar breyt. á lögum sjóðsins í samræmi við fjárveitinguna, og eins þyrfti að gera núna, ef mínar till. verða samþ., og mun ég bera fram brtt. þar að lútandi, ef til kemur, svo að þetta stendur allt til bóta. — Þá talaði hv. 7. þm. Reykv. nokkuð um aðstöðu atvinnuveganna til að fá lán. Ég hef fengið upplýsingar um lán Búnaðarbankans. Hann hefur til almennrar bankastarfsemi 70 millj. kr., fyrir utan sjóði bankans, sem sérstaklega eru ætlaðir til fjárfestingar landbúnaðarins, en fé það, sem bar um ræðir, nemur um 49 millj. kr. Lánum var háttað þannig á s. l. ári, að af þessum 70 millj. fór ekki ⅛ hluti til landbúnaðarins, en til iðnaðarins fóru um 14½ millj.; svo skiptist hitt á verzlun og aðra liði. Þetta sýnir, að þær 70 millj., sem bankinn fær til almennrar bankastarfsemi, skiptast til atvinnuveganna og annarrar starfrækslu í þjóðfélaginu í eðlilegu hlutfalli. Ég býst einnig við, að þessu sé þannig háttað með hina bankana. Útvegsbankinn lánar til iðnaðar og húsabygginga allmikið, eða gerði það á tímabili, og sinnir þörfum manna almennt.

Skal ég svo ekki eyða fleiri orðum og tíma í þetta. Ég vildi mega vænta þess, að lítið verði á till. mínar þannig, að í þeim felist verulega útrétt hönd til eflingar lánastarfsemi iðnaðarins.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Það, sem gefur mér tilefni til að kveðja mér hljóðs, eru nokkur orð, sem hv. 7. þm. Reykv. lét falla um það, sem ég sagði við 2. umr., er ég ræddi þetta mál nokkuð. Hv. 7. þm. Reykv. svaraði því engu þá, sem ég sagði við þá umr., og ætla ég, að hann hafi verið farinn af fundi, er ég lauk máli mínu. Við 3. umr. hefur hann svo gert að umtalsefni það, sem ég sagði við 2. umr., og er mér ekki grunlaust um, eftir því að dæma sem hv. þm. sagði, að hann hafi verið farinn af fundi, er ég ræddi sumt af þessu, eða gleymt því milli umr., enda er nokkuð um liðið. Hann virðist ekki muna það, sem ég sagði, eða ekki hafa heyrt það, þegar ég ræddi um almenna lánastarfsemi Landsbankans, Útvegsbankans og Búnaðarbankans. Þá tók ég fram alveg sérstaklega, að ég ætti eingöngu við bankana sem almenna viðskiptabanka, en ekki við stofnlánasjóði þeirra. Þegar ég sagði, að Búnaðarbankinn lánaði jöfnum höndum til ýmissa atvinnugreina, þá átti ég við, að hann lánaði úr sparifjárdeild, en ég sagði ekki, að hann lánaði jöfnum höndum úr þeim sjóðum sínum, sem sérstaklega eru ætlaðir til stofnlána fyrir landbúnaðinn. Það er þess vegna á misskilningi byggt, þegar hv. þm. segir, að ég hafi gefið í skyn, að lögin um Búnaðarbanka Íslands hafi verið brotin. Því fer vitanlega fjarri. Búnaðarbankinn er hvort tveggja sparifjárdeild með almennum bankaviðskiptum og sjóðir, sem sérstaklega eru ætlaðir til stofnlána til landbúnaðarins, og eru hinir helztu þeirra Byggingarsjóður og Ræktunarsjóður, en þessir sjóðir voru stofnaðir sérstaklega fyrir landbúnaðinn, svo sem kunnugt er. Þegar talað er um, að eitthvað sé gert jöfnum höndum, er ekki átt við, að það þurfi endilega að vera nákvæmlega jafnt, heldur að hvort tveggja sé gert nokkurn veginn jafnhliða. Hv. þm. var að lesa hér upp tölur, og ég held, að þær séu þannig, að taka megi þær með varúð. Ég veit ekki, hvaða heimild hv. þm. hefur, þegar hann er að gera sundurliðun á útlánum bankanna 30. sept. s. l. En hvaðan sem hv. þm. hefur heimildir sínar, þá er ég hræddur um, að þær séu ekki alls kostar nákvæmar, enda voru sumar þeirra talna, sem hann nefndi, nokkuð einkennilegar. Þar sem þetta kemur ekki fram fyrr en nú við síðustu umr., þá er að sjálfsögðu ekki ráðrúm til þess að afla nánari heimilda, en ég vil þó vekja athygli á því, að samkvæmt síðustu hagskýrslum voru útlán hina þriggja fyrrnefndu banka í september s. l. fram undir 1300 millj. kr., eða nákvæmlega 1288 millj. kr. Þetta eru útlán aðalbankanna þriggja, og eru sparisjóðirnir þar ekki taldir með. Sömuleiðis eru undanskilin útlán úr veðdeild Landsbankans og stofnlánadeild sjávarútvegsins og Ræktunarsjóði og öðrum hliðstæðum sjóðum. Nú virtist mér af þeim tölum, sem hv. þm. las upp, að þar kæmi ekki fram nema um 700 millj. kr. Það virðist því vanta nærri helming til, að þessi sundurliðun þm. sé tæmandi. Af því má ráða, að þessar tölur séu ekki sérstaklega nákvæmar og að nokkuð muni skorta á, að sú heimild, sem hv. þm. notaði, hafi verið nægilega traust. Ég held líka, án þess að ég hafi fyrir því nokkur gögn í höndum, að það komi ekki til greina, að útlán til landbúnaðarins hafi verið milli 50 og 60 millj. kr. í þessum tveim bönkum. Þetta kemur naumast til greina. Ég get ekki gert mér í hugarlund, á hverju þessi misskilningur kunni að byggjast, en ég held, að það sé miög hæpið, að það geti átt sér stað, að útlán úr þessum tveimur bönkum, Landsbankanum og Útvegsbankanum, til landbúnaðarins hafi verið það, sem hv. þm. nefndi, í septembermánuði s. l. Hv. 7. þm. Reykv. sagði, að útlán til iðnaðar mundu hafa verið 60—80 millj. kr. úr þessum tveimur bönkum. Hann gat þess, að þar mundu ekki hafa verið með talin lán til iðnfyrirtækja Sambands ísl. sam-

vinnufélaga, en upplýsti það hér áðan, að S. Í. S. væri stærsti iðnrekandi landsins. Í fyrra komu upplýsingar frá bönkunum í sambandi við þetta mál, eða um lán til iðnaðarins eins og þau voru þá talin, en það var þá tekið fram, að sú áætlun væri lauslega samin eins og allar slíkar áætlanir um skiptingu lána milli atvinnuveganna. Er ónákvæmni í sundurliðun bankanna á útlánum til atvinnuveganna og mun sérstaklega í því fólgin, að sumt af því fé, sem raunverulega er lánað til iðnfyrirtækja, er talið lánað til annarra fyrirtækja. Þannig er hlutur t. d. sjávarútvegsins talinn of stór, en hlutur iðnfyrirtækja, sem vinna úr sjávarvörum, talinn of lítill, og þetta stafar af því, að útgerðarfyrirtæki og iðnfyrirtæki, sem vinna úr sjávarafurðum, eru oft rekin af sama aðila. Það er oft sami maðurinn, sem rekur iðnfyrirtæki og sjávarútveg og jafnvel landbúnað, og það er því erfitt að greina þetta sundur, og niðurstaðan verður því talin sú, að lánið sé að mestu leyti veitt til útgerðar. — En svo að ég víki að því aftur, sem upplýst var í fyrra, þá var talið, að lán til iðnaðarins næmu um 80 millj. kr., og má með tilliti til þess, sem ég sagði um sundurliðun bankanna, ætla, að sú tala sé of lág. Það var tekið fram í fyrra og upplýst, að þarna væru ótalin lán til nokkurra stórra iðnfyrirtækja í landinu, þar á meðal lán, sem bankarnir veittu til síldarverksmiðjanna, en síldarverksmiðjurnar eru eins og kunnugt er einhver allra stærstu iðnfyrirtæki landsins.

Ég hef séð ástæðu til þess að rifja þetta upp út af því, sem hv. 7. þm. Reykv. sagði áðan, og það er rétt að hafa það, sem satt reynist í þessu efni. En tilefnið til þess að fara inn á það að gera grein fyrir því í þessum umræðum, hversu mikið fjármagn iðnaðurinn hafi í bönkum landsins, er það, að ýmsir, sem vilja vinna að vexti iðnaðarins í landinu, eru í nokkrum vafa um það, hvort hlutur iðnaðarins yrði nokkuð betri, þótt hann fengi banka, sem héti Iðnaðarbanki Íslands, því að starfsemi bankanna og árangur af starfi þeirra er ekki kominn undir nöfnum þeirra, heldur undir öðru meira. Því aðeins gæti iðnaðinum bætzt veltufé við stofnun þessa banka, að hann héldi þeim lánum, sem hann þegar hefur, og honum bættist þar að auki nýtt fé inn í hinn nýja banka. En ýmsir hafa verið í nokkrum efa um, að hægt væri að ganga út frá því sem öruggu, að það yrði. En verði það ekki, er vandi að sjá, hvaða hagnað iðnaðurinn hefði af þessari bankastarfsemi.

Hitt er auðséð, eins og tekið var fram af hv. þm. Borgf., að í sambandi við slíka stofnun sem nýr viðskiptabanki er — og það vita allir — er mjög mikill stofnkostnaður og rekstrarkostnaður. Þennan kostnað þarf að taka af því fé, sem bankanum er ætlað, og það hlýtur að verða nokkuð tilfinnanlegt í fyrstu fyrir stofnun, sem ekki hefur sérlega mikil fjárráð. Það virðist vera lítill vafi á því, að það sé rétt, sem sami hv. þm. sagði, að af því fé, sem áætlað er að verja í þarfir iðnaðarins og nú er ákveðið, hvort sem þetta frv. verður samþ. eða ekki, — að af því fé verði miklu minni afföll, ef því yrði ráðstafað úr iðnlánasjóðnum en ef setja þarf upp nýja stofnun til þess að ráðstafa fénu. Ég held, að eitt af því, sem þjóðina vantar sízt, séu nýir, hálaunaðir embættismenn. Víst er um það, þótt bankarnir hafi mörgum hæfum og duglegum mönnum á að skipa, að þeir embættismenn, sem starfa við bankana, eru með dýrustu starfskröftum þessa þjóðfélags. Nú vil ég engan veginn með þessu segja, að það sé alls ekki rétt að stofna iðnaðarbanka, þótt ég hins vegar hafi talið rétt að fresta málinu og gefa með því mþn. starfsfrið til að athuga málið. En ef ég kemst að þeirri niðurstöðu, eftir að málið hefur verið athugað, að rétt sé að stofna sérstakan iðnaðarbanka, þá verður það byggt á öðrum forsendum en þeim, sem formælendur frv. hér á Alþingi hafa byggt á. Sé slíkur banki stofnaður, verður það að byggjast á því, að skynsamlegt reynist að haga starfsemi viðskiptabankanna þannig, að hver fyrir sig starfi fyrir eina atvinnugrein. Þetta yrði nýmæli og mundi byggjast á því, að með því mætti velja að þessum stofnunum menn, sem sérstaklega hafa áhuga fyrir þessum atvinnuvegi, sem bankinn hefur með að gera, og yrðu því mjög kunnugir í sinni sérstöku atvinnugrein. Ég vil ekki á þessu stigi málsins fullyrða, að það væri rangt að taka upp þetta nýmæli, en ég held, að það þurfi að liggja fyrir athugun á málinu bæði hér og erlendis og að mþn. í bankamálum beri að vinna að því að afla slíkra upplýsinga.

Hv. 7. þm. Reykv. vék nokkuð að erindisbréfi bankamálanefndar, sem viðskmrh. skipaði. Hann sagði, að þeirri n. væri ætlað fyrst og fremst að athuga um stofnun sérstaks seðlabanka, hvort nauðsyn bæri til þess að koma upp slíkri stofnun. N. er einnig í sínu erindisbréfi falið að athuga sérstaklega um stofnun sérstakrar fjárfestingarstofnunar, og það má vera, að hv. þm. hafi getið þessa í sinni ræðu. En þar að auki er n. falið að athuga gildandi löggjöf um banka og sparisjóði, þ. e. þau lög, sem sett hafa verið um einstaka banka og starfsemi þeirra, og lög um sparisjóði, yfirleitt alla löggjöf, sem lýtur að bankastarfsemi. Ég fyrir mitt leyti get ekki séð, að orðalag erindisbréfs hafi getað verið rýmra en þetta, og ég veit ekki, hvað rúmt þetta orðalag þyrfti að vera til þess, að menn almennt yrðu sammála um, að bankanefndin ætti að taka til athugunar mál eins og stofnun iðnaðarbanka.

Ég held, að það sé ekki fleira, sem ég þarf að taka fram í sambandi við þetta mál, en það er leitt, ef til þess kæmi, að þetta mál yrði samþ. í þessari hv. d., að frv. skuli ekki hafa verið tekið til rækilegri athugunar í einstökum atriðum. Til þess mun nú naumast vera ráðrúm, en það verk hefði átt að framkvæma í þeirri hv. n., sem fjallaði um þetta mál.

Frsm. meiri hl. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það var eitt atriði í ræðu hv. þm. N-Þ., sem ég vil ekki láta ósvarað. Ég skýrði hér frá nokkrum tölum í ræðu minni viðvíkjandi lánum úr Búnaðarbankanum og Landsbankanum til atvinnuveganna. Hv. þm. viðhafði þau orð, að þessar upplýsingar væru óáreiðanlegar og nokk-

uð skorti á, að heimildir mínar væru nægilega traustar. Þessar upplýsingar, sem ég fór með, og tölurnar, sem ég las hér upp, eru eins nákvæmar og frekast var kostur á að fá, því að þessar upplýsingar voru frá hæstv. viðskmrh., en hann fékk þessar skýrslur frá bönkunum. Hv. þm. taldi, að hann vissi betur en þessar skýrslur, en ég dreg það mjög í efa, að hann viti betur um þetta en hæstv. ráðh., sem hafði sína skýrslu beint frá bönkunum.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég dreg ekki í efa, að hv. 7. þm. Reykv. hafi fengið sínar upplýsingar hjá hæstv. ráðherra og að ráðh. hafi fengið þær hjá bönkunum, en þar með er ekki sagt, að þessar heimildir séu svo traustar sem hann vildi ætla að væri, og hef ég þegar gert nokkra grein fyrir ástæðunum til þessa. Það er ýmislegt varðandi þessar tölur, sem ég hefði viljað athuga alveg sérstaklega, en eins og ég sagði fyrr, þá eru skýrslur bankanna um þessi efni enn ekki fyllilega nákvæmar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 35. fundi í Nd., 29. nóv., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 250 felld með 16:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HÁ, HelgJ, JörB, PÞ, PO, SkG, StgrSt, AE, ÁÁ, ÁB, EystJ, GG.

nei: IngJ, JóhH, JPálm, JR, KS, LJós, SÁ, SG, MJ, ÁkJ, ÁS, BÓ, EOl, EmJ, GTh, SB.

JS greiddi ekki atkv.

6 þm. (GÞG, JG, JÁ, ÓTh, GÍG, FJ) fjarstaddir.

Brtt. 246 felld með 20:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, PÞ, SkG, StgrSt, AE, ÁÁ, ÁB, EystJ, GG, HÁ, HelgJ.

nei: JR, KS, LJós, ÓTh, PO, SÁ, SG, MJ, ÁkJ, ÁS, BÓ, EOl, EmJ, GTh, IngJ, JóhH, JPálm, JS, JÁ, SB.

4 þm. (GÍG, FJ, GÞG, JG) fjarstaddir.

5 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Pétur Ottesen: Það er þegar búið að fella brtt. mínar, sem ég taldi, að í fælist hagkvæmari lausn þessara mála fyrir iðnaðinn. Ég mun þess vegna greiða atkv. gegn brtt., sem fyrir liggja við þetta frv., og frv. í heild, og segi þess vegna nei.

Ásmundur Sigurðsson: Ég tel, að S.Í.S. hafi nægum öðrum störfum að sinna, þar sem búið er að koma fjárhag kaupfélaganna í vandræði, heldur en að fara að leggja milljónir í iðnaðarbanka. Ég segi því nei.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Eins og ég gat um við umr., tel ég rangt að setja inn í frv. heimild handa einum aðila til kaupa á hlutafé, ef þessi aðili óskar þess, en hins vegar er öðrum sett að skyldu að leggja fram ákveðið fé, og þess vegna segi ég nei.

Jón Sigurðsson: Ég tel, að S.Í.S. hafi önnur tiltæk verkefni, m. a. í sveitunum, sem krefjast mikils fjármagns og eru meira aðkallandi en að festa 1½ milljón í því að stofna iðnaðarbanka. Þess vegna segi ég nei.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Með tilvísun til grg. hv. 2. þm. Skagf. segi ég nei.

Frv. samþ. með 18:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 36. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 37. fundi í Ed., 4. des., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til iðnn. með 10 shlj. atkv.

Á 39. og 40. fundi í Ed., 7. og 10. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á síðari fundinum mælti

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Vegna þess, hve 7. dagskrármálið hefur verið oft á dagskrá og ekki hefur verið komið að því eða það rætt, þá leyfi ég mér að spyrja hæstv. forseta, hvort málið verði á dagskrá næsta fundar d. og hvort það verði þá tekið fyrir til umr. Ég er ekki á móti því, að málið verði ekki tekið til umr. nú, þar sem nú er orðið mjög áliðið kvölds, en þar sem kvöldfundur hafði verið boðaður og málið var á dagskrá, bjóst ég við, að það yrði tekið fyrir til umræðu nú á þessum fundi deildarinnar.

Forseti (BSt): Ég hef haldið, að það væri samkomulag um það, að þetta mál gengi ekki fyrir öðrum málum, sem á dagskránni eru. Hins vegar mun verða komið að því, og mun það verða á dagskrá næsta fundar.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég vil þakka forseta fyrir svörin. Hins vegar er mér ekki kunnugt um neitt samkomulag varðandi afgreiðslu þessa máls, sem er frv. til l. um stofnun Iðnaðarbanka Íslands. Ég er frsm. iðnn. í þessu máli, og hefur mér eigi verið kunnugt um, að draga eigi þetta mál úr hömlu fram, en ég vil endurnýja tilmæli mín til hæstv. forseta, að hann taki málið á dagskrá næsta fundar.

Forseti (BSt): Ég sagði ekki, að svo væri, að samkomulag væri um það að hindra afgreiðslu þessa máls, og mun ég ekki beita valdi og hindra, að þetta mál komi fyrir. Hins vegar finnst mér nú full ástæða til þess að slíta fundi, þegar komið er miðnætti, en málið verður tekið fyrir á næsta fundi deildarinnar.

Á 41. fundi í Ed., 11. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 241, n. 356, 357, 363).

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Meiri hl. iðnn. þessarar hv. d. hefur, eins og segir í nál. á þskj. 356, ákveðið að

leggja til, að þetta frv. verði samþ. óbreytt. Málið er orðið næsta kunnugt öllum hv. alþm., því að það var flutt á síðasta þingi svipað eða eins og það hefur nú verið samþ. í hv. Nd. Með frv. sjálfu er birt grg. og ástæðurnar fyrir því, að þetta mál er fram komið, og þar sýnt með ljósum rökum fram á það, að þessi atvinnugrein landsmanna, iðnaðurinn, á siðferðislega kröfu á því, að sinnt sé endurteknum tilmælum frá honum um það, að stofnaður sé sérstakur banki, er einkum og sér í lagi sinni hans þörfum. Fordæmið er til í íslenzkri bankalöggjöf, þar sem það er vitað, að sérstakur banki hefur verið stofnaður fyrir landbúnaðinn og sérstakur banki er kenndur sérstaklega við útveginn.

Á þeim fundi, sem ákvörðun var tekin í iðnn., voru allir mættir af nm. nema hv. 1. þm. N-M., en flokksbróðir hans, hv. 8. þm. Reykv., taldi sig ekki vera viðbúinn að taka ákvörðun um málið. Þess vegna er það meiri hl. n., sem eru 3 af 5 nm., sem gerir till. um að samþ. frv.

Í Nd. voru fluttar brtt. við þetta mál frá hv. þm. Borgf., sem ég sé, að hv. þm. Seyðf. hefur tekið upp og gert að sínum till., a. m. k. nú í þessari d. Ég held, að það sé alveg samhljóða, að Nd. fellst ekki á till. hv. þm. Borgf., sem miðar óbeint að því að eyða málinu, og ég vil vona, að þessi hv. d. sjái sér fært að fylgja þessu máli fram óbreyttu og samþykki ekki frekar en Nd. till., sem fer í sömu átt og sú, sem felld var þar í d.

Þá flytur hv. 4. landsk. þm. (StgrA) brtt. á þskj. 357, en hans brtt. miðar engan veginn að því að setja fót fyrir málið, heldur að auka hlutaféð, þannig að það nemi 11 milljónum, í stað þess að í frv. er miðað við 6½ milljón. Mér hefði verið mjög ljúft að mæla með samþykkt þessarar till., ef ekki væri svo áliðið þings, að ég teldi hættu á, að brtt., sem yrði hér samþ., kynni að verða þessu máli að fótakefli fyrir það, að það yrði hennar vegna að fara milli deilda, og svo er annað það, að ekki er vitað, hvort ríkissjóður mundi leggja fram þær 5 millj., sem hv. 4. landsk. leggur til, að ríkissjóður leggi fram, þó að hins vegar sé talið víst, að ríkissjóður leggi til þær 3 millj., er um ræðir í 3. gr. frv. Af þessum ástæðum get ég ekki mælt með till. hv. 4. landsk., en vil þó vona, að hv. d. fallist á till. meiri hl. og afgreiði þetta mál óbreytt til 3. umr. og verði þannig við sanngjörnum kröfum þeirra mörgu tuga þúsunda manna í landinu, sem standa að iðnaðinum, beint eða óbeint. Það er sanngirniskrafa þeirra, sem hér er á ferðinni, og þó að við kunnum að geta verið með bollaleggingar um það, að hvaða gagni bankastofnunin kæmi nú, þá er það svo með hana eins og með allt annað, að það skeður ekki allt á einum degi, og þegar bankinn er kominn á, þá vona ég, að hann geti átt vaxtarþróun í skauti framtíðarinnar fyrir sér eins og aðrar bankastofnanir fyrir aðra atvinnuvegi landsins, sem hér hafa verið stofnsettar og fengið að dafna og vaxa.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta mál, því að eins og fram kemur í nál., sem fyrir liggur, og hv. frsm. hefur tekið fram, þá er ég sammála um meginefni málsins, þ. e. a. s. sammála um að setja l. um stofnun iðnaðarbanka. Það, sem ég vil hins vegar taka fram um þetta mál, er það, að ég tel, að þetta hlutafé, sem ætlazt er til, að bankinn verði stofnaður með, sé of lítið, og að það sé nauðsynlegt til þess að afla bankanum þegar í upphafi þess trausts, sem honum er nauðsynlegt, til þess að hann geti aflað sér starfsfjár, að þetta hlutafé verði nokkru meira en mælt er fyrir í frv. Ég hef þess vegna lagt til, að hlutaféð yrði aukið og ákvæðin yrðu þannig, að í staðinn fyrir 6½ millj., sem nú stendur í frv., kæmu 11 millj. og í staðinn fyrir að ríkissjóður leggi fram 3 millj., þá leggi hann fram 5 millj. Síðan geri ég ráð fyrir, að þeir aðilar, sem samkv. 3. gr. er ætlað að safna og leggja til 1½ millj. hvor um sig, þ. e. a. s. Félag íslenzkra iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna, safni og leggi fram hvor um sig 2½ millj. og svo loks, að í staðinn fyrir ½ millj., sem ætlazt er til að verði aflað samkvæmt opinberu útboði, komi 1 milljón, þannig að í staðinn fyrir 6½ milljón komi 11 milljónir. — Ég sé ekki ástæðu til að láta þessari till. fylgja neinar sérstakar skýringar, þetta liggur alveg ljóst fyrir, og hv. dm. er auðvelt að átta sig á því, þar sem í raun-inni er aðeins um þetta eina atriði að ræða, að hlutaféð hækki úr 6½ millj. í 11 millj., og ástæðan er sú, sem ég hef þegar getið um, að ég tel, að með því væri bankanum, um leið og hann er stofnaður, aflað meira trausts og þar með meiri möguleika til að afla sér frekara rekstrarfjár, þ. e. a. s. með því að draga til sín sparifé, sem menn mundu þá frekar treysta honum til að ávaxta, því meira sem hlutafé hans yrði, því að eins og gefur að skilja, þá er hlutaféð fyrst og fremst áhættufé bankans, og ef einhver óhöpp koma fyrir, þá er það fyrst og fremst það, sem mætir óhöppunum, og það er því tryggara sem féð er meira, sem stendur á bak við bankann.

Hv. frsm. tók fram, að honum mundi persónulega ljúft að mæla með slíkri till. sem þessari og styðja að því, að hlutafé bankans yrði meira, en hann teldi ekki, að hægt væri að fá það samþ. hér í þinginu, og ef það væri samþ. hér í d., þá gæti það kannske orðið til þess, að málið strandaði í Nd. Um þetta er að vísu ekki hægt að fullyrða neitt, en að sjálfsögðu fer það þó eftir því, hversu mikinn áhuga Alþ. hefur fyrir því, að slíkt mál sem þetta nái fram að ganga, því að ef meiri hl. þings hefur nægilegan áhuga á þessu máli, þá er líka tækifæri fyrir Alþ. að afgr. málið, jafnvel þó að gerð sé á því þessi breyt., en það þyrfti hins vegar að ganga til Nd. aftur. Það er nú hv. þm. kunnugt, að jafnvel þó að ætti að ljúka þingi fyrir jól og ýmis önnur mál kunni að kalla að til að afgreiða, þá er það ekki óvenjulegt, að mál séu afgr. í skyndi undir þinglok, og sem sagt, ef áhugi er fyrir málinu, þá hlýtur það að takast þrátt fyrir það, þó að slík breyt. yrði á því gerð. Það ætti þess vegna ekki að þurfa að verða málinu að falli, ef menn

á annað borð vildu fallast á nauðsyn þess, að hlutafé bankans hækkaði frá því, sem nú er ákveðið í frv. Ég vil því vænta þess, að það séu fleiri en hv. þm. Vestm., sem vilja styðja að því, og þá mætti þetta vel takast.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég hef ekki skilað nál., enda var ég ekki við þær umr., sem fram fóru í n., því að þegar mér var sýnt fundarboðið, sem boðaði þennan fund, þá var ég fastur á öðrum fundi og datt þá ekki í hug, að tekin yrði endanleg afstaða til málsins, því að ég leit þannig á, að það væri allmikils um vert, að þetta mál væri sæmilega vel rannsakað og athugað í n. N. reyndi að gera það í fyrra, en ýmislegt af því, sem sagt er nú, er byggt á staðreyndum frá í fyrra.

Þegar málið var til umr. í fyrra, drógust inn í það bankamál almennt. Þá var öllum ljóst, að það þurfti að endurskoða bankalöggjöfina í heild, og ríkisstj. varð líka við þeim óskum Alþ. í fyrra, að sú endurskoðun færi fram, með því að skipa mþn., sem á að rannsaka bankamálin í heild og gera till. viðvíkjandi framtíðarskipun bankamálanna. En þegar ríkisstj. er búin að setja þessa n. og von er á áliti frá henni á næsta ári, þá er hlaupið til á Alþ. og byrjað á því að stofna nýjan banka, sem að nafninu til á að vera til þess að efla iðnaðinn. Annar banki í landinu hefur það hlutverk með höndum að efla sjávarútveginn og iðnaðinn. Það hafa staðið í útlánum hjá iðnaðinum 60—70 millj. frá Landsbankanum, og þar fyrir utan eru lán, sem frystihúsin hafa fengið, og það er óhætt að segja, að iðnaðurinn hafi nú í lánum frá Útvegsbankanum og Landsbankanum 80—90 millj. og líklega meira. Þess vegna finnst mér, frá þessu almenna sjónarmiði, að það sé fjarstæða að fara að samþ. frv. um nýjan banka eins og nú standa sakir; það eigi að bíða eftir því að heyra, hvað mþn. segir og hvort þingið getur fallizt á hennar till., og geti það það ekki, þá tekur það upp nýja línu og veitir það fé, sem kemur úr mótvirðissjóðnum, inn í atvinnulífið.

Hvað iðnaðinn snertir, þá lít ég svo á, að þetta sé gagnvart honum hinn mesti bjarnargreiði og sé langt frá því, að honum sé á þennan hátt gert nokkuð gott. Við skulum fyrst líta á það, sem hér er þó aukaatriði, að iðnaðarmenn koma með sparisjóð, sem heitir Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis. Iðnaðarmenn eru að öllu leyti ábyrgðarmenn hans og stjórnendur hans. Eftir því sem ég veit bezt, fara 70% af útlánum hans ekki til iðnaðarins, heldur í hús í Reykjavík. Þörf iðnaðarmanna, sem eiga sinn sparisjóð og ráða yfir honum til þess að veita það fé í iðnaðinn, hefur ekki verið ríkari en þetta, að þeir láta 70% í húsabyggingar. Þetta er aukaatriði, en sýnir, að þörfin fyrir þetta, sem hér er talað um, er ekki eins mikil og menn vilja vera láta. Hitt er aðalatriði, hvernig þetta verkar á fjármálalífið í landinu, og hins vegar, hvernig það verkar til iðnaðarins sjálfs. Það er ætlazt til, að tvö sambönd þarna komi með sína hálfa aðra milljónina hvort inn í þennan nýja banka, Félag íslenzkra iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna. En hvar ætla þeir að fá þetta fé? Hafa þeir það geymt heima hjá sér? Ef þeir hafa það, þá mundi það koma inn í atvinnulífið og þá mundi vera til bóta að fá það út úr þeirri geymslu. En ég geri ekki ráð fyrir, að svo sé. Ég trúi ekki öðru en þeir verði að fá þessa 1½ millj. til láns úr lánsstofnunum, og hvað skeður þá? Hvernig gengur að fá lán hjá lánsstofnunum? Það gengur ákaflega illa, hvaða trygging sem er í boði. Þess vegna er það ekki til að bæta ástandið á peningamarkaðnum, ef 3 millj. eru teknar úr bönkunum, sem nú eru, og settar í nýjan banka, sem eingöngu ætti að sjá um iðnaðinn. Hinn nýi banki lánar ekki kaupmönnum fyrir vöruvíxlum eða útgerðarmönnum fyrir útgerðarvörum, heldur iðnaðinum. Þessir peningar eru því dregnir út úr því venjulega starfssviði og inn í rekstrarlán hjá iðnaðinum til viðbótar við það, sem hann hefur hjá bönkunum nú af lánum, sem er um 64 milljónir. — En hvernig verkar þetta svo fyrir iðnaðinn sjálfan? Báðir bankarnir leggja ákveðið á móti þessu og eru ákveðnir í því, ef þessi banki verður stofnaður, að hætta að lána iðnaðinum; það hefur maður heyrt hjá þeim báðum. Nú vil ég spyrja: Ef bankarnir segja upp þessum 60 millj., hvernig er þá iðnaðurinn staddur? Er það þá nokkur greiði, sem verið er að gera honum með því að búa til þennan nýja banka? Það er síður en svo. Nú kunna mörg af þessum lánum, 64 milljónum, að vera til langs tíma. Ég veit ekki til þess, að neitt hafi verið gert af n. hálfu til að fá upplýst, hversu mikið af þessum lánum bankanna til iðnaðarins eru föst lán og hversu mikið rekstrarlán. Enn fremur hefur n. ekki beðið eftir því, að hv. 8. þm. Reykv. (RÞ) fengi tíma til þess að mynda sér skoðun á málinu. Það fer mikið eftir því, hvað eru föst lán og hvað rekstrarlán, hvort rétt er að samþ. þetta frv. Sé mikið af þessum lánum rekstrarlán, þá get ég ekki séð, hvernig þessi nýi banki, með rúmar 6 millj. kr., geti komið að nokkru liði. Mér finnst því málið þess eðlis, að ekki eigi að afgreiða það að svo stöddu. Hitt er svo annað mál, að maður fari inn á till. hv. þm. Seyðf. um að efla iðnlánasjóð, sem þegar er fyrir hendi, og láta þessar 3½ millj. kr. fara til hans. Nú hefur ríkisstj. ákveðið að leggja 3 millj. til iðnaðarins, og mundu þær þá einnig renna til sjóðsins. — Ég mun því verða á móti þessu máli, en fylgja till. hv. þm. Seyðf., þar eð ég get fellt mig við þá lausn, sem þar kemur fram, enda þótt ég teldi réttara, að mótvirðissjóði yrði ráðstafað í heild, áður en farið er að veita einstakar fjárveitingar úr honum.

Með þessu tel ég mig hafa lýst afstöðu minni til þessa máls. En ég vil enn einu sinni fara fram á, að málið verði rannsakað betur af hv. iðnn., því að það skiptir mestu máli í þessu efni, að öll gögn, er málið varða, liggi fyrir og til undirbúnings þess verði vandað sem mest.

Lárus Jóhannesson: Herra forseti. Á síðasta þingi var flutt frv. um stofnun og rekstur iðnaðarbanka, og var það, eftir því sem mig minnir, skylt því máli, sem hér liggur nú fyrir.

Frv. var samþ. í hv. Nd. og sent þessari hv. d. Það fór hér til iðnn. eins og þetta frv., og lagði þá meiri hl. n. til, þ. e. hv. þm. Barð., hv. 8. þm. Reykv. og hv. 1. þm. N-M., að málið yrði afgreitt með rökstuddri dagskrá, og vil ég með leyfi hæstv. forseta leyfa mér að lesa hana upp. Hún hljóðar svo:

„Með því að rétt þykir, áður en samþykkt eru lög um stofnun Iðnaðarbanka, að fá upplýst um heildarlánsþörf atvinnuveganna hvers fyrir sig og hvernig lánsfé banka og sparisjóða skiptist árlega á milli þeirra, og enn fremur, að fyrir liggi álit sérfræðinga á bankalöggjöf landsins í heild og tillögur þeirra til breytinga á lögunum, og í trausti þess, að ríkisstjórnin láti sem fyrst afla þessara upplýsinga og leggi þær fyrir næsta þing, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Ég get ekki séð, hvernig fór um þessa rökstuddu dagskrá, hvort hún var samþ. eða ekki. (PZ: Hún var samþ.) Ég get ekki betur séð en að allar þær upplýsingar, sem þarna eru réttilega teknar fram að þurfi að liggja fyrir, vanti enn þá.

Ég álít, að iðnaðurinn sé allra góðra gjalda verður, og ég álít, að hv. Alþ. hafi bæði með tolla- og skattaálagningu farið verr með hann en efni stóðu til, og ég lít svo á, að málefni hans þurfi að taka til rækilegrar athugunar og hlúa að honum miklu meir en gert hefur verið, en ég held, að það verði ekki gert með frv. því, sem hér liggur fyrir, þar sem gert er ráð fyrir því að stofna banka með allt of litlu fé. Allir eru sammála um það, að bankarnir hafi yfir engu fé að ráða. Af þeim þrem bönkum, sem nú er til, eru tveir að öllu leyti eign ríkisins og sá þriðji að mestu leyti. Þetta eru ríkisbankar fyrir sparifjáreign landsmanna. Hvað höfum við að gera með fjórða peningalausa bankann? Eða er ekki yfirbyggingin á þjóðfélaginu orðin nógu mikil? Ég held, að ef þetta frv. verður samþ., muni það verða iðnaðinum til tjóns, þar sem það mun vekja nýjar vonir hjá iðnaðarmönnum, sem reynast svo aðeins tálvonir.

Hv. 1. þm. N-M. gat þess, að bankarnir mundu nú eiga um 80 millj. kr. hjá iðnaðinum. Ég hef einnig heyrt minnzt á þessa upphæð. Þar að auki munu svo vera lán til hraðfrystihúsa. Það eina nýja fé, sem talað er um í sambandi við þennan nýja banka, eru þessar 3 millj., sem ríkisstj. hefur ákveðið að leggja til iðnaðarins af tekjuafgangi þessa árs. Ég er sammála hv. 1. þm. N-M. um, að það fé, sem bankarnir hafa lánað til iðnaðarins, verði tekið úr umferð. Til þess að sanna þetta skulum við gera okkur í hugarlund, að við séum bankastjórar í 5 eða 10 mánuði. Þegar nú er settur á stofn nýr banki, þá hljótum við að búast við, að meira eða minna af því innlánsfé, sem bankinn hefur yfir að ráða, verði tekið úr honum. Ég býst ekki við, að iðnrekendur eigi mikið sparifé. Aftur á móti get ég hugsað mér, að margt af því fólki, sem að iðnaði vinnur, hafi yfir töluverðu sparifé að ráða. Það má því fastlega gera ráð fyrir því, að áróður yrði hafinn til þess að fá þetta fólk til að flytja sparifjáreign sína yfir á hinn nýja banka, og það er skynsamleg niðurstaða að gera ráð fyrir því, að þetta fólk verði við þessum tilmælum, þar sem hlutverk hins nýja banka á að vera til styrktar þeirri starfsgrein, er það vinnur að. Þá kemur að því, hvaða mótráðstafanir bankastjórinn eða bankinn eiga að gera, þegar rekstrarfé hans minnkar vegna stofnunar hins nýja banka. Það, sem náttúrlega verður gert í þessu tilfelli, er það, að bankinn segir upp öllum lánum til iðnaðarins og vísar þeim til hins nýstofnaða banka.

Ég held því, að ef þetta mál nær fram að ganga, þá hafi það gagnstæð áhrif við það, sem forsvarsmenn þess ætlast til; það verði iðnaðinum til tjóns, en ekki til gagns. Hitt er svo annað mál, að æskilegt er, að aukið fjármagn verði veitt til iðnaðarins, og eins og hv. 1. þm. N-M. tók fram, þá mun vera gert ráð fyrir 3 millj. kr. framlagi af tekjuafgangi þessa árs honum til handa. Þá peninga vil ég að iðnaðurinn fái, en þeir verði settir í iðnlánasjóð, sem þegar er fyrir hendi og Útvegsbanki Íslands sér um. Ég hef því leyft mér að taka hér upp till. þá, er hv. þm. Borgf. flutti í Nd., þó að hún fengi ekki náð fyrir augum þeirrar hv. d. Með þeirri till. eru iðnaðinum tryggðar 10½ millj. kr. Ég skal játa, að það er allt of lítið, en það mun þó koma að einhverjum notum, og með því að láta það renna í iðnlánasjóð er komizt hjá því að setja á stofn fjórða peningalausa bankann, og þá verður kostnaðurinn við lánastarfsemina sama sem enginn, en hlyti að verða mikill, ef settur yrði á stofn nýr banki með bankastjóra eða bankastjórum og bankaráði.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta meira, en vil taka það fram, að till. mín er flutt vegna þess, að ég ann iðnaðinum alls góðs, en ég óttast, að frv. um iðnaðarbankann verði iðnaðinum frekar til skaða en gagns.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það var út af því, sem hv. 1. þm. N-M. óskaði, að n. rannsakaði málið að nýju. Það er misskilningur, að málið hafi ekki verið rannsakað; það var rannsakað í iðnn. hv. Nd. nú.

Í sambandi við það, sem þessi hv. þm. sagði um, að það vantaði upplýsingar frá bönkunum, þá hefur Alþ. þá sorglegu reynslu, að þeir hafa varla virt það svaravert. Annaðhvort hafa þeir alls ekki veitt þær upplýsingar, sem um hefur verið beðið, eða þá gert það svo seint, að þær hafa ekki komið að gagni. T. d. hefur það komið fyrir, svo að ég man eftir, að Alþ. óskaði svars innan hálfs mánaðar, en það dróst í 7 eða 8 vikur, að svarið bærist, svo að ég tel mjög óskynsamlegt að láta málið daga uppi hér á Alþ. vegna tregðu bankanna til að svara. Auk þess virtist hv. 1. þm. N-M. hafa hér tölur meðferðis, að minnsta kosti fullyrti hann ýmislegt varðandi útlán bankanna. Annars voru þessar upplýsingar hv. þm. og raunar öll ummæli hans í þessu máli eingöngu gerð í því augnamiði að tefja fyrir framgangi þess. — Þessi hv. þm. spurði, hvaðan fé ætti að koma í þennan banka. En hvaðan kom fé í Búnaðarbankann, og hvaðan kemur það fé, sem hann notar? Hv. þm. Seyðf.

spurði, hvað við ættum að gera við fjórða peningalausa bankann. En hvers vegna var Íslandsbanki reistur við? Var ekki tilgangurinn með stofnun Búnaðarbankans einmitt það að gegna hagsmunamálum landbúnaðarins, þegar lítið var um fé? Og var ekki sami tilgangurinn á sínum tíma með stofnun Fiskveiðasjóðs og Fiskimálasjóðs?

Ég verð að segja það, að mér finnst það bera vott um furðanlega litinn skilning hjá vini mínum, hv. þm. Seyðf., þegar hann heldur því fram, að hann hafi meira vit á þessum málum en iðnaðarmenn. Iðnaðarmenn vilja fá þennan banka vegna þess, að þeim er nær ómögulegt að fá lán hjá þeim bönkum, sem fyrir eru, og iðnaðurinn hefur mjög orðið útundan í lánastarfsemi bankanna, en það er mesta fjarstæða að halda því fram, að bankarnir fari að segja upp lánum til iðnaðarins, ef iðnaðarmenn stofni sinn eigin banka.

Hv. 1. þm. N-M. sagði, að n. hefði ekki gefið hv. 8. þm. Reykv. (RÞ) tíma til þess að mynda sér skoðun um málið. Ég vil mótmæla þessu. Hún hafði alveg jafngott tækifæri og aðrir hv. nm. til þess að taka afstöðu til málsins, en það má ef til vill skilja þessi ummæli hv. 1. þm. N-M. þannig, að hún geti ekki myndað sér skoðanir, nema fara áður í eldhús til hans. Það þarf ekki að saka n. um þetta atriði. Hún vissi, að það að fresta málinu var sama sem að drepa það. Henni var kunnugt um fjandskap hv. þm. (PZ) til málsins og vissi, að tilgangur hans með því að fara fram á frestun var sá einn að drepa málið. Hann getur svo gefið hv. 8. þm. Reykv. sínar fyrirskipanir svona almennt, ef hann vill. Ég vil því leggja til, eins og hv. þm. Vestm., að málið verði samþ. óbreytt.

Ég vil spyrja hv. 4. landsk., hvort hann vilji ekki taka sína till. til baka. Það er nægur tími til þess að koma þessari brtt. fram. Þar sem svo mjög er liðið á þingtímann, er málið í hættu, ef breyting er gerð á því og það þarf að fara aftur til hv. Nd. Það yrði aðeins vatn á myllu framsóknarmanna, sem alltaf hafa sýnt iðnaðinum fjandskap, og það gæti leitt til þess, að þeim tækist að koma málinu fyrir kattarnef. (StgrA: Það er engin hætta, ef það væru aðeins þeir.) Það hefur alltaf verið krabbi í þeirra blóði að vera á móti öllum velferðarmálum iðnaðarins.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Hv. þm. Barð. hefur nú sagt margt af því, sem ég ætlaði að minnast á, en það eru nokkur atriði, sem ég þarf að minnast á.

Ég vil segja það, að ég hef aldrei staðið framarlega í iðnaðarmálum eða litið á mig sem einhvern bjargvætt iðnaðarins. Hitt er svo annað mál, að þegar verksvið hans er orðið jafnstórt og landbúnaðarins og sjávarútvegsins, þegar hann er orðinn fyllilega hliðstæða þeirra, þá tel ég það skyldu mína og allra hv. þm. að taka tillit til réttmætra óska þeirrar stéttar. Hún óskar sér þess hlutskiptis, sem er henni til heilla, og þó að við höfum á sumu aðrar skoðanir, þá held ég, að við verðum að taka tillit til óska hennar. Í bréfi, dags. 4. apríl 1949, sem sent var af Félagi íslenzkra iðnrekenda til iðnn., segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Frumvarp þetta er þannig til orðið, að á s. l. sumri skrifaði iðnmrh. bréf til Landssambands iðnaðarmanna, með beiðni um, að sambandið semdi frv. til laga um iðnaðarbanka. Sambandsstjórnin lagði mál þetta síðan fyrir iðnþing Íslendinga, sem háð var í Reykjavík síðastliðið haust. Iðnþingið samþykkti að bjóða Félagi íslenzkra iðnrekenda að tilnefna tvo fulltrúa, er ásamt tveimur fulltrúum frá Landssambandi iðnaðarmanna skyldu semja frumvarp til laga um iðnaðarbanka. Félag íslenzkra iðnrekenda varð vel við þessum tilmælum. Nefndin varð endanlega þannig skipuð, að Sveinbjörn Jónsson byggingarmeistari og Þorsteinn Sigurðsson húsgagnasmíðameistari áttu sæti þar fyrir hönd Landssambands iðnaðarmanna, en H. J. Hólmjárn efnafræðingur og Páll S. Pálsson lögfræðingur fyrir hönd F. Í. I.“

Svo er því lýst, að n. hafi haldið marga fundi um málið og orðið sammála um frv. þetta.

Það er gömul plata, sem hv. 1. þm. N-M. spilar hér. Hann beitir málþófi og talar um, að málið sé ekki nægilega rannsakað, og bendir í því sambandi á nefnd þá, sem hæstv. ríkisstj. hefur skipað til að endurskoða bankalöggjöfina í heild. Um þetta vildi ég segja í fyrsta lagi, að ég get ekki séð, að það hindri störf þessarar n. á neinn hátt í sinni endurskoðun, þótt þetta frv. verði samþ. Í öðru lagi höfum við þá sorglegu reynslu, að slíkar n. sitja lengi á rökstólum og skila ekki áliti fyrr en seint og síðar meir. Ég vil þó ekki með þessum orðum mínum á neinn hátt halda því fram, að svo kunni að fara um bankamálanefndina.

Hv. þm. (PZ) fullyrti hér ýmislegt um lán til iðnaðarins. Það er nú svo, þegar menn eru að fullyrða hitt og þetta um skuldir annarra, að þá er ekkert við það annað að gera en láta það fara inn um annað eyrað, en út um hitt. Maður lætur það líka sem vind um eyrun þjóta, þegar menn eru með þær fullyrðingar, að bankastjórar hinna bankanna muni hætta að lána iðnaðinum, ef þessi nýi banki verði stofnaður. Mér kemur ekki til hugar, að bankarnir létu slíkt frá sér fara. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 42. fundi í Ed., 13. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson) [frh.]: Herra forseti. Ég hafði síðast þegar tími d. var rotinn, verið kominn að því í ræðu minni, að hv. 1. þm. N-M. sagði, að fleiri tugir milljóna sætu fastar í iðnaðinum. En þótt svo væri, held ég, að alltaf mætti finna slík dæmi, þegar nýr banki er stofnaður. Ég býst við, að sama hefði mátt segja, er Búnaðarbankinn var stofnaður. Á hvaða tímum sem er má alltaf finna svona fyrirbæri, sem mælir í rauninni ekkert á móti stofnun slíks banka.

Hv. 1. þm. N-M. sagði, að hv. 8. þm. Reykv. hefði ekki verið tilbúinn að taka afstöðu til málsins í n. og við hefðum átt að bíða þar til þessi hv. þm. hefði fengið tækifæri til þess að

átta sig á málinu. En hv. 8. þm. Reykv. sagði ekkert annað en að hann væri ekki tilbúinn að taka afstöðu til málsins. Við erum allir svo sjóvanir hér, ef svo mætti að orði komast, að við vitum allir, að slíkt þýðir a. m. k., að sá þm. vill ekki fylgja málinu, og var þá eðlilegt, að meiri hl. gengi frá málinu.

Hv. þm. Seyðf. kom hér fram með till., sem í rauninni stefna að því að fella málið sjálft. Nú er það í sjálfu sér eðlilegt, að minni hl. iðnn., með hv. 1. þm. N-M. í fararbroddi, sé á móti málinu, eftir að maður hefur séð það, sem Tíminn leggur til málsins, og kalli þetta klíkubanka. En það er sýnilegt, að það er fjandskaparmerki, sem ekki getur greinilegra verið. — Í dag barst í mínar hendur bréf, dags. 12. des. 1951, frá Iðnaðarmannafélaginu í Rvík. Vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa þetta bréf, sem hljóðar svo:

„Við leyfum okkur að senda hinu háa Alþ. meðfylgjandi samþykkt um Iðnaðarbanka, er gerð var á fundi í Iðnaðarmannafélaginu í Reykjavík 11. desember þ. á.“ En samþykktin hljóðar svo: „Fundur í Iðnaðarmannafélaginu í Reykjavík, haldinn þriðjudaginn 11. des. 1951, beinir þeirri eindregnu ósk til Alþ., að það afgreiði frumvarp til laga um Iðnaðarbanka sem lög frá Alþ. því, er nú situr.“

Svo segir í þessu bréfi. — Nú vil ég, af því að vinur minn, hv. þm. Seyðf., er kominn inn í d., endurtaka það, sem ég sagði um till. hans, en það er, að þessar till. eru til þess gerðar að fella málið sjálft. En það er prinsipið, sem þeir, er vilja fá þennan banka, leggja megináherzlu á, frekar en hvort ½ milljón kemur í bankann fyrr eða seinna. En þótt ekki séu aðstæður til þess að herja framlag frá ríkisstj. með þessu frv., þá getur málum skipazt svo innan skamms tíma, að íslenzki iðnaðurinn fái svo mikil ítök í Alþ., að hann geti rétt hlut þessa banka, en þá verður hann að vera til. Og ég veit, að jafnskynsamur maður og hv. þm. Seyðf. vill ekki leggja það til að fella málið vegna þess, að byrjunarupphæðin er svo lítil, en samnefnari allra tillagna þessa hv. þm. er sá, að hann vill málið feigt. En ég treysti svo vel réttdæmi hv. d., að hún vilji unna þeim fjölda manna, er að iðnaðinum stendur, réttlætis í þessu máli og leggist ekki gegn því, að þessi banki verði stofnaður. Og ég vil benda á það, að málið er nú flutt í annað sinn og búið er að samþykkja það í fjölmennari deild þingsins og að iðnaðurinn á sömu kröfu til síns eigin banka og landbúnaðurinn og sjávarútvegurinn.

Rannveig Þorsteinsdóttir: Herra forseti. Mína afstöðu hefur borið nokkuð á góma í umr. þessa máls, og þykir mér því rétt að rekja nokkuð afgreiðslu málsins í n. Málinu var vísað til iðnn. s. l. fimmtudag, og var fundur boðaður sama dag og þess getið, að raforkumálastjóri væri sérstaklega boðaður á fundinn. Þegar örstutt stund var eftir af fundartímanum, var lokið umr. um raforkumálin, og var þá tekið fyrir iðnaðarbankamálið. Það var lítið um mótmæli, en ég sagði, að ég væri ekki tilbúin að taka afstöðu til málsins. En málið hefur aldrei verið til athugunar og það er ekki rétt, að það hafi áður verið undirbúið og athugað af þinginu. Af þessum ástæðum taldi ég mér ekki mögulegt að marka mína afstöðu til þess.

Saga þessa máls er sú, að það var borið fram í fyrra í Nd. Þá fékk það ekki þá meðferð, sem það þurfti, og gekk í gegnum d. óathugað og kom þannig til þessarar d. Var því þá vísað til iðnn. eins og nú, og þá klofnaði n. eins og núna, en á annan hátt. Þá voru í minni hl. hv. 4. landsk. þm. og hv. þm. Vestm., en meiri hl., hv. 1. þm. N-M., hv. þm. Barð. og ég, vildi láta gera á málinu athugun og lagði fram nál., og vil ég með leyfi hæstv. forseta lesa upp þetta nál., sem er samið af hv. þm. Barð., en það hljóðar svo:

„Nefndin hefur rætt málið á einum fundi og ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Vill minni hl. (JJós og StgrA) láta samþ. frv. óbreytt. Á þetta getur meiri hl. ekki fallizt. Hann lítur svo á, að áður en horfið er að því ráði að stofna nýjan banka, sem ætlazt er til, að ríkissjóður leggi í allmikið fé, þurfi ýmsar viðtækari upplýsingar að liggja fyrir en þær, sem koma fram í grg. frv., svo sem upplýsingar um heildarlánsþörf atvinnuveganna og hvernig lánsfé bankanna skiptist á milli þeirra á ýmsum tímum. Enn fremur sýnist vera rétt að fá álit sérfræðinga á gildandi bankalöggjöf og tillögur þeirra um endurbætur á henni í heild miðað við breyttar aðstæður og viðhorf í landinu. Nefndin hefði að sjálfsögðu getað sent frv. til umsagnar til aðila, sem ástæður hefðu haft til að gefa ýmsar upplýsingar hér að lútandi, en tími hefði ekki unnizt til þess á þessu þingi að afla allra slíkra gagna og því síður að vinna úr þeim. Meiri hl. álítur því eðlilegast, að ríkisstj. verði falið að afla þessara gagna og leggja þau fyrir næsta þing. Verður þá augljósara, hvort rétt þyki að samþykkja stofnun nýs banka og taka þá upp í fjárlagafrv. næsta árs þá fjárhæð, sem ákveðið kann að verða, að ríkissjóður leggi fyrirtækinu. Meiri hl. leggur því til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá:

Með því að rétt þykir, áður en samþykkt eru lög um stofnun Iðnaðarbanka, að fá upplýst um heildarlánsþörf atvinnuveganna hvers fyrir sig og hvernig lánsfé banka og sparisjóða skiptist árlega á milli þeirra, og enn fremur, að fyrir liggi álit sérfræðinga á bankalöggjöf landsins í heild og tillögur þeirra til breytinga á lögunum, og í trausti þess, að ríkisstj. láti sem fyrst afla þessara upplýsinga og leggi þær fyrir næsta þing, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Í þessu máli er stefnt að því að fá grundvöll að því, hversu bankamálin verði bezt leyst. Það er lítið svo á, að stofnun banka með ríkið fyrir bakhjarl sé ekkert einkamál fárra manna, heldur sé það mál, sem komi allri alþjóð og öllu ríkinu við. Þess vegna lagði meiri hl. til, að reynt yrði að fá fram athugun á málinu, áður en lengra væri gengið. Ég hygg, að meiri hl. hafi frekar þá en nú verið að revna að fá grundvöll til að byggja á í þessu máli. Í þeirri rökst. dagskrá, sem fylgdi nál. frá í fyrra, var

óskað eftir upplýsingum frá ríkisstj. Þær upplýsingar hafa ekki komið enn, og er það engin ný bóla, að það, sem á að gera, kemur ekki fram fyrr en seint og um síðir eða aldrei. Nú vill svo til, hvort sem það er vegna þessa máls eða annars, að ríkisstj. hefur skipað n. til að athuga bankamálin í heild. En það hefur komið í ljós, að þessi n., bankamálan., telur þetta mál koma inn á sitt starfssvið og hafa mjög truflandi áhrif á störf n. Álit þessarar n. hefur að öðru leyti ekki komið til þessa þings. Það hefur ekki heldur verið gerð nein tilraun til þess að fá umsögn n. um það, hvort hún gæti gefið út eitthvert nánara álit, og meiri hl. mundi eflaust finnast það til óþurftar málinu. Það verður svo sjálfsagt kallað fjandskapur við málið, að ég gat ekki, þegar svona stóð á, talið mig reiðubúna til að taka afstöðu til þess á 5 mínútum. Ég vil styðja iðnaðinn af öllum mætti og tel hann allra góðra gjalda verðan, en ég efast um, að það sé rétt af Alþ. að samþykkja á þessu stigi málsins stofnun þessa banka. Ég get ekki séð, hvers vegna verzlunarstéttin ætti þá ekki að koma strax á eftir og heimta sinn banka. Það var á sínum tíma ætlazt til, að Útvegsbankinn veitti ekki aðeins lán til útvegsmanna, heldur og til iðnaðar í sambandi við útveg, og ef nú þarf að fara að stofna iðnaðarbanka, þarf þá ekki eins að stofna verzlunarbanka til þess að veita lán til verzlunarinnar? Verzlun er ekki síður þörf en iðnaður, og hví þá ekki að stofna líka verzlunarbanka, — kannske fleiri? Það kann að vera rétt að stofna banka fyrir hverja sérgrein atvinnuveganna, en sú stefna verður að teljast ný og þarf athugunar við.

Ég ætla ekki að hafa miklu fleiri orð um þetta mál nú. Ég mun fylgja till. hv. þm. Seyðf., sem miða að því að efla iðnlánasjóð, og mun ég greiða till. hans sérstaklega atkv. mitt með tilliti til þess, að þennan atvinnuveg skortir stofnfé, sem stafar af fjárskorti, og ef meiningin er að auka iðnaðinn, er augljóst, að réttara er að leggja fé í iðnlánasjóð en að bíða eftir því, að Iðnaðarbankinn komist upp, jafnvel þó að því máli verði hraðað, og af þeirri ástæðu greiði ég till. hans atkvæði mitt, að ég álít, að nauðsynlegt sé, að fjármagnið komist sem fyrst út í atvinnulífið og sem fyrst að notum.

Að öðru leyti hef ég ekki tafið þetta mál, heldur óska ég þess ásamt hv. form. iðnn. og 1. þm. N-M., að það fái rétta afgreiðslu að undangenginni rannsókn. Læt ég svo máli mínu lokið.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég kippi mér ekkert upp við það, þó að sagt sé, að ég sé fjandmaður þessa og þessa, og skal ekkert vera að bera það af mér. Það er út af fyrir sig rétt, að ég hef að því leyti verið á annarri skoðun en þeir, sem eru að nudda sér upp við ákveðinn flokk manna, að ég tel, að það sé mjög rangt, sem gert er, þegar iðnaðinum í landinu er sköpuð önnur og betri aðstaða en öllum öðrum með því að láta það, sem hann framleiðir, vera undir allt öðru tollnúmeri en efnið í það, — þegar efnið í eina mansjettskyrtu er ekki nema nokkrir aurar í toll, en langtum meiri tollur af henni sjálfri til þess að styðja iðnaðinn og þar með skapaður iðnaður, sem oft á engan tilverurétt. Að þessu leyti má segja, að ég sé ekki vinur iðnaðarins. Ég vil láta gera það, sem borgar sig bezt. Ég vil ekki láta Alþ. með opinberum ráðstöfunum styðja að annarri framleiðslu en heppilegt er, en það álít ég t. d. að hafi verið gert sérstaklega mikið þegar tollskráin var umsamin milli 1930—1940, og henni hefur ekki verið breytt síðan hvað þetta snertir. Hitt er annað mál, að ég tel mig engan fjandmann iðnaðar, sem er heilbrigður og stenzt samkeppni, en iðnaðinum sjálfum hefur fram að þessu verið sköpuð önnur sérstök aðstaða, svoleiðis að þess vegna hefur hann þróazt, og er spurning, hvort hann gæti það, ef hann hefði ekki þá tollvernd, sem hann hefur.

Hv. þm. Vestm. hefur verið að mótmæla ýmsu, sem ég hef sagt, og sagði, að það hefði mátt mynda það allt í einni setningu, — það, að ég væri á móti málinu. Þegar maður er á móti einhverju máli, þá renna undir það ýmsar stoðir, og ef maður vill gera grein fyrir sinni skoðun, þá neyðist maður til þess að benda á það, sem er orsökin til þess, að maður hefur þessa skoðun, og það hef ég reynt að gera. En hv. þm. Vestm. reyndi ekki að tala um neitt atriði, sem er undirstaðan undir því, hver er mín skoðun í málinu. Nú skal ég reyna að fá fram hjá honum eða hv. þm. Barð. einhverja vörn við einhverju af því, sem ég hef fram að bera í málinu og er orsök til minnar afstöðu í því.

Þá skulum við fyrst koma að því, að hv. þm. Barð. var í fyrra fylgjandi því að skipa mþn. til að rannsaka bankamálin í heild. Það var gert. Þá vildi hann vita, hvernig iðnlánasjóði væri varið. Nú höfum við fengið skýrslu um, að það hafi verið lánað 400 þús. kr. úr sjóðnum. Nú vill hann vita, hvernig þessu hafi verið breytt frá því í fyrra. Í fyrra var það undirstaðan, að hann vildi vita, hvernig þetta stóð, og taldi ekki, meðan iðnlánasjóður gæti lánað 400 þús. kr., mikla þörf á því að mynda nýjan banka. Nú varðar hann ekkert um það. Það var upplýst í Nd. í fyrra, að það væru 64 millj. frá bönkunum í lánum hjá iðnaðarmönnum, og það var upplýst, að ef þeir sköpuðu sér banka, þá mundi a. m. k. ekki vera eins greiður gangur að lánsfé í hinum bönkunum. Nú vildi ég vita, hvort þetta hefði breytzt síðan í fyrra. Bankastjórarnir segja í sínu áliti, að sparifé verði ekki fengið í þessu skyni nema úr hinum bönkunum, sem fyrir eru. Þeir segja orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Hins vegar er ekki loku fyrir það skotið, að nýr banki gæti aflað nokkurs sparifjár, sem tekið yrði úr öðrum lánsstofnunum, en slíkt mundi að sjálfsögðu þýða það, að hinar sömu stofnanir yrðu að draga úr útlánum sínum að sama skapi sem sparifé þeirra minnkar.“

Þetta segja bankastjórar allra bankanna þriggja. Ég spurði að því í gærdag og spyr aftur nú þá hv. þm. Barð. og hv. þm. Vestm.: Hafa iðnaðarmennirnir þessar 3 milljónir heima

hjá sér? Ef þeir þurfa að taka það úr öðrum bönkum, þá liggur beint fyrir, að lánastarfsemin til iðnaðarins minnkar frá hinum bönkunum. Ég álít, að um leið og settur er á stofn iðnaðarbanki, þá verði að segja upp þessum 64 milljónum. Þeir segja, hv. þm. Barð. og hv. þm. Vestm., að það hafi ekkert verið talað um þetta, þegar verið var að stofna Búnaðarbankann. Það var talað um það þá, að 8.4% af útlánum bankanna væri hjá bændum. Nú töldu þeir hv. þm. Vestm. og hv. þm. Barð., að það væri alger aðdróttun hjá mér að láta þá skoðun í ljós, að hinir bankarnir mundu ekki vera eins liðlegir á að lána iðnaðarmönnum, eftir að þessi iðnaðarbanki væri tekinn til starfa. Nú skulum við hugsa okkur, að hv. þm. Vestm. væri bankastjóri og hann ætti að sjá um útveginn og lána til iðnaðar- og verzlunarmanna. Og við skulum segja, að hann gerði það og færi að draga saman þetta veltufé, sem hann hefði með höndum, fyrir þessar þrjár atvinnugreinar, sjávarútveg, verzlun og iðnað, og hann reyndi að halda því í jöfnum hlutföllum, eftir því sem honum fyndist, að það ætti að vera. En svo kæmi Alþingi og segði: Nú tökum við frá þér skylduna til að lána iðnaðinum, því að nú er kominn nýr banki, sem lánar þeim. — Mundi hann þá segja nei? Hvað mundi hann sjálfur gera? Getur hv. þm. sett sig í spor bankastjóra í þessu tilfelli?

Og við skulum taka hv. þm. Barð. og setja hann í spor bankastjóra, sem sérstaklega hugsar um verzlun, en hann ætti samt sem áður að sjá um lán til þessara þriggja atvinnugreina, sem ég nefndi áðan. Nú skulum við segja, að það komi iðnaðarmaður til hans og hann vanti tryggingu í bankanum til að fá vörur afgreiddar. Ætlar hann þá að neita að afgreiða manninn, þó að kominn sé iðnaðarbanki? Ég hugsa, að báðir þessir bankastjórar mundu verða þeirrar skoðunar — sem þeirra skylda væri — að sjá um að útvega það, sem maðurinn þarfnaðist.

Ég vil gjarnan fá svör við þessu. Það er miklu léttara að segja, að það sé aðeins um formsatriði að ræða, en að þurfa að svara rökum þeim, sem ég ber fram fyrir því, að það eigi ekki að stofna þennan banka. Það má endurtaka það, að ríkið ætlar að veita iðnaðinum 3 millj. kr., og það fé kemur því til viðbótar í lánastarfsemi, eftir því sem ríkissjóður hefur aflögu frá ári til árs, svo að það verður að taka hitt fjármagnið frá iðnaðarmönnum. Nú spyr ég aftur eins og fyrr: Hvaðan eiga þessir peningar að koma? Á að leggja þá fram sem innlánsfé? Verður það ekki tekið úr hinum bönkunum? Og meta þeir ekki lánaþörfina að sama skapi, eftir því sem fé er flutt úr bönkunum í hinn nýja banka? Bætist nokkurt innlánsfé þarna við? Ef hv. þm. geta komið með rök fyrir því, að hér við bætist 3 millj. kr., sem ekki eru nú í bönkunum, þá munu mín rök falla. En um leið og 3 millj. kr. eru teknar úr einum bankanum og færðar í annan, þá dregur eftir því úr lánastarfsemi þess banka. Alveg eins, ef einhver færir viðskipti sín úr þessum banka og í þennan nýja banka, er langliklegast, að það yrði til að torvelda og binda peningana fyrir þeim, sem þyrftu að fá þá að láni. Þá segi ég: Betra er að lána iðnaðarmönnum strax þessar 3 millj. kr., sem ríkið ætlar að leggja til í bankastofnunina, og tryggja þannig iðnaðinum fyrir fram styrk. Og vera má, að þær komi upp á móti því, þegar allt kemur til alls, sem iðnaðarmenn ætla að leggja fram af sínu fé nú, því að þegar kemur til með að nota þetta fé til uppbyggingar atvinnulífinu, þá er það orðið bundið. Þess vegna fullyrði ég, að það er ekki á neinn hátt greitt fyrir iðnaðinum með því að stofna þennan banka nú. Það er síður en svo. Það er miklu meiri fyrirgreiðsla fyrir hann að tryggja, að fé úr mótvirðissjóði renni til iðnaðarins og þá kannske í þennan iðnaðarbanka, eftir því sem bankanefndinni fyndist, heldur en að bera það nú fram, meðan n. er að athuga, hversu rétt það er og hvernig innlánsfé eigi að skiptast á milli iðngreinanna og hvernig lánastarfseminni verði hagkvæmast fyrir komið til þess að ná því marki.

Þá er eitt í þessu efni, og það er kannske ekki beint hægt að segja, að það séu nein rök á móti þessu máli út af fyrir sig, en þó er það skoðun mín, að yfirleitt hafi verið of mikið af bönkum í landinu. Og það mundi verða ódýrara og kostnaðarminna fyrir þjóðarheildina að hafa þá færri, en eftir því dýrara, sem bankarnir verða fleiri. Ég færi það samt ekki fram sem rök fyrir þessu máli út af fyrir sig, en þetta kemur til ályktunar hjá bankanefndinni og í þeim umr., sem verða hér á þinginu, þegar málið kemur fram og verður rætt.

En ég vil fá einhver svör við því hjá þeim mönnum, sem halda fram þessu frv., hvernig háttað er með Sparisjóð Reykjavíkur. Ég veit ekki annað en að Sparisjóður Reykjavíkur hafi verið stofnaður fyrir iðnaðarmenn, og iðnaðarmenn stjórna honum. Ég veit ekki annað en að innlánsfé hans sé 22 millj. kr., og ég veit ekki betur en að það fé sé í útlánum. Ef þörf iðnaðarmanna fyrir lán verður ekki meiri en það fé, sem þeir að sumu leyti hafa nú yfirráð yfir í sparisjóði, þá spyr ég: Hvað á þá að gera við þennan nýja banka? Er trygging fyrir því, að fé úr honum verði varið til lána, sem þeir telja nú svo brýna þörf á? Hvernig stendur á þessu? Ég vildi gjarnan fá að vita eitthvað um þetta, en eins og meðferð málsins er í n., þá hefur ekki verið reynt að afla upplýsinga um þetta. Þetta var ekki reiknað út í fyrra, a. m. k. ekki mér vitandi. Hins vegar var reiknað út, hversu mikið fé væri nú í bönkunum, og það liggja fyrir upplýsingar um það. En liðið er ár síðan þetta var reiknað út, og genginu hefur verið breytt.

Ég sé ekki annað en, ef það er rétt, sem ég heyrði alveg nýlega, að enn þá fengist fé frá sparisjóði iðnaðarmanna til húsabygginga, að þá sé það mótsögn á móti lánaþörfinni, sem þeir telja að sé, því að þeir gætu þó fullnægt lánaþörfinni, það sem hún nær, með því fé, sem þeir eiga yfir að ráða í sínum sparisjóði. Og það er ekki ástæða til þess að ætla, að þeir láni það ekki til iðnaðarmanna og líka til annarrar starfsemi meira en þeir hafa gert. En ég þori ekki að fullyrða, hvort þetta hafi verið gert á

síðastliðnu ári, það liggur ekkert fyrir um það. En þetta er eitt af því, sem ég vildi gjarnan fá að vita.

Mér finnst þess vegna það vera alveg sjálfsagt fyrir þá menn, sem vilja iðnaðinum vel, og ef maður lítur á, hvernig tímarnir eru nú, að koma í veg fyrir það, að ráðizt verði í þessa bankastofnun. En í þessu máli tel ég, að megi vel koma því svo fyrir, að þeir fái lán til sins rekstrar, og ég tel bezt fyrir því séð með því að láta iðnaðinn fá það fé, sem við höfum til umráða og hv. þm. Seyðf. lagði til, sem sé 3.3 millj. kr., og tryggja iðnaðinum með því fé, en það getum við staðið við að minnsta kosti. Og með því verður þá slegið föstu, að minnsta kosti til bráðabirgða, að fé úr mótvirðissjóðnum rennur þá til iðnaðarins. En þær tölur, sem bornar eru fram af hv. þm. Barð. og hv. þm. Vestm., eru bara út í bláinn, án þess að þeir séu búnir að gera sér grein fyrir því, hvernig mótvirðissjóðurinn eigi að renna út í atvinnulífið. En verkefni mþn. er að athuga, hvernig því fé verði ráðstafað og hvernig mótvirðissjóður á að renna út í atvinnulífið, eftir að féð kemur til baka frá þeim stórvirkjunum og áburðarverksmiðju, sem það hefur verið lánað til. Og ég tel, að iðnaðinum verði gert meira gagn með því að samþ. till. hv. þm. Seyðf., sem ég mun fylgja, heldur en með því að stofna einn banka í viðbót, sem verður síðar aðeins hermdargjöf.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég ætla mér nú ekki að blanda mér í þessar umr., en sérstaklega voru það ummæli hv. 1. þm. N-M., sem gáfu mér tilefni til að standa hér upp. Ég get fallizt á ýmsar röksemdafærslur hans um, að það sé nokkuð tvíeggjað fyrir iðnaðarmenn að ráðast í þessa bankastofnun, sérstaklega að því leyti, að það liggur ekki fyrir, að þeim muni verða það að því gagni, sem þeir nú gera ráð fyrir. Hins vegar finnst mér röksemdafærslur hv. þm. byggjast á því tvennu, annars vegar því, að hann þykist vera mjög velviljaður iðnaðarmönnum, sem ég skal ekki efa, að minnsta kosti segir hann, að hann sé það í garð sumra, en vill þó hafa vit fyrir þeim. Mér finnst, að ef menn hafa álit á mönnum og telja, að þeir hafi nokkurt yfirlit yfir sín störf, þá finnst mér það vera eðlilegast, að þeir ráði sínum málum sjálfir, þannig að jafnvel þó að okkur, sem utan við þetta stöndum, finnist, að við getum ekki orðið þeim sammála, þá séum við ekki að efa það gagn, sem þeir telja sig hafa af þessu, eins og þeir sjálfir álíta. Og mér finnst, að það þurfi nokkru sterkari rök en hér hafa verið borin fram til þess að taka af þeim ráðin, ef svo mætti segja. Ef þeir telja og eru sannfærðir um, að þetta verði þeim mikil hjálp, þá finnst mér það vera mikilvægt atriði í þessu máli. Ég tel, að Alþ. hafi ekki slíkt vald eða allsráðandi skyggni, að við getum sagt hverjum manni það, hvernig hann eigi að haga sínum málum. Það langeðlilegasta fyrirkomulag er, að hver aðili fyrir sig í þjóðfélaginu af þeim, sem tekjusöm störf vinna og eru til gagns eins og er um iðnaðarmenn, þá eigi þeir að ráða sem allra mest sínum eigin málum og meta sjálfir, hvað þeim er til framdráttar eða ekki. Mér finnst, að þm. eigi að hafa þá skoðun, a. m. k. þar til það er sannað, að það skaði þjóðarheildina, að þessir aðilar ráði sínum málum. Þess vegna segi ég það, að mér finnst hv. 1. þm. N-M., eftir því sem ég heyrði hann tala hér og aðra andstæðinga þessa máls, að þeir taki málið upp á röngum grundvelli. Þeir vilja setja sig sem alvalda og yfirboðara, eins og fram kom hjá hv. 1. þm. N-M. og eins og hann virtist hugsa. Þetta finnst mér ekki skynsamleg afstaða, hvorki í þessum málum né öðrum. Þess vegna mundi ég meta meira rök hv. þm., ef hann sýndi fram á, að þetta skaðaði þjóðarheildina, en hann heldur því fram, að hér sé um misráð að ræða frá hendi iðnaðarmanna. En meðan iðnaðarmenn sannfærast ekki sjálfir, þá held ég, að okkur sé það betra að láta þá meta sjálfa sinn eigin hag en að taka upp ráð fyrir þá, ef ekki eru aðrar ástæður, sem liggja til grundvallar í þessu máli. Það getur verið, að þær ástæður komi fram eftir á, en þá er að breyta eftir þeim og meta þær. Og ég vil gjarnan athuga þessar aðstæður, ef til eru. Það er alveg nóg búið að sýna iðnaðarmönnum fram á og telja upp fyrir þeim þá annmarka, sem á þessu eru frá þeim séð. En ef þeir segðu: Við gerum okkur ljósa þessa annmarka, en við erum sannfærðir um, að þetta verður til góðs, — þá er ekki hægt að ganga fram hjá því. **(PZ:** Hv. þm. Seyðf. færði rök fyrir þessu í gær.) Ég hlustaði á nokkurn hluta af ræðu hv. þm. Seyðf., og heyrði ég það ekki. Og ég hef reyndar átt tal við hv. þm. Seyðf. og fengið ýmsar upplýsingar hjá honum, en hann hefur ekki bent mér á þetta. En ef þær upplýsingar eiga eftir að koma fram, þá sýnist mér þau rök veigamikil, og ættu fleiri ræður að vera á þeim grundvelli, því að það þarf mikið til að sannfæra iðnaðarmenn um, að þeir hafi tjón af þessu. Og ég sé því ekki í raun og veru, að annað sé fyrir okkur að gera en að segja við iðnaðarmenn: Þið verðið að meta ykkar mál sjálfir, — ef ástæðurnar fyrir þessu eru ekki aðrar en þær, sem hér hafa nú fram komið.

En ég vil segja, að hv. 1. þm. N-M. kom inn á mjög þýðingarmikið atriði í þessu, þar sem hann vék að Sparisjóði Reykjavíkur. Það væri í raun og veru ofur eðlilegt, að iðnaðarmenn hefðu jafneindregna ástæðu fyrir því, að þetta sé rétt, eins og þeir segja, ef ekki væri vitað um þau miklu ráð, sem þeir hafa yfir Sparisjóði Reykjavíkur, eins og hv. 1. þm. N-M. benti á, því að þeir ráða þar mestu, og það voru iðnaðarmenn, sem stofnuðu sparisjóðinn. Það væri því afar eðlilegt, að þeir sýndu trú sína í verkinu og sameinuðu sparisjóðinn við þennan nýja banka, og það mundi gera okkur hægara fyrir um að samþ. þetta frv. og ganga í trú um, að þeir hafi rétt fyrir sér, og aftur á móti, að sú trú yrði þeim til góðs, enda væri það þá hliðstætt því, sem var um Búnaðarbankann, þegar hann var stofnaður. Þar runnu inn ýmsar deildir, sem var búið að stofna landbúnaðinum til góðs og áður höfðu starfað landbúnaðinum til styrktar. Sparisjóður Reykjavíkur og ná-

grennis er stofnun iðnaðarmanna, og væri því eðlilegt, að hann rynni inn hjá þessum nýja banka. Og ég vil lýsa eftir því frá formælendum þessa frv., hvaða horfur eru á í þessu efni, því að ef það lægi fyrir, að Sparisjóður Reykjavíkur ætti að renna þar inn eða sameinast bankanum, þá væri það öruggasta tryggingin fyrir því, að þessi stofnun gegndi því hlutverki sínu frá upphafi, sem henni var ætlað og afar miklu varðar, að hún geti gert.

Ég verð að segja, að það er sannleikur, að iðnaðurinn stendur nú á vegamótum, ef svo mætti segja. Hann hefur vaxið undanfarið í skjóli þeirra hafta, sem hafa verið, og án allrar samkeppni. Nú er þessum höftum aflétt, og það er gefinn hlutur, að undir öllum kringumstæðum hljóti svo að fara, meðan verið er að létta af öllum höftum, að fyrstu tímarnir þar á eftir hljóta að vera erfiðir tímar fyrir iðnaðinn og iðnaðarframleiðslu, og þetta hlýtur aftur á móti að skapa öllum iðnrekendum erfiðleika og gera þá meira hikandi í framleiðslunni en áður. Og eins og ég sagði, þá skapar þetta fyrir þá tímabundna erfiðleika. Þessir erfiðleikar standa yfir einmitt nú hvað mest, svo að það má ekki furða sig á því, þó að þröngt sé fyrir dyrum hjá iðnaðinum nú. Það er fráleitt að láta sér detta í hug, að endalaust sé hægt að halda iðnaðinum vernduðum með höftum, þannig að engin samkeppni komist að. Ef sú leið hefði verið viðurkennd, hefði það leitt til þess, að menn hefðu fengið vörur með hærra verðlagi. Það er því ljóst, að þessum höftum var létt af vegna þjóðarheildarinnar. En þó að þetta hafi verið gert, verður að athuga ekki síður, hvað við getum haft góðan iðnað í landinu, sem getur með þessari vernd verið samkeppnisfær. Ég er sannfærður um það, að af ýmsum þjóðhagslegum ástæðum er ekki hægt að búast við, að iðnaðurinn sé alltaf studdur innflutningshöftum, og fær þá iðnaðurinn samkeppnina annars staðar frá. Það er þá verkefni iðnaðarmanna og þeirra, sem að iðnaði vinna, að kvarta undan aðgerðum ríkisvaldsins og benda á, hvaðan hin ósanngjarna samkeppni komi af hálfu erlendrar vöru, og það er alls staðar þar, sem hægt er að segja, að íslenzk lög hjálpi erlendum aðilum til að hafa betri aðstöðu en íslenzkum aðilum. Er þá eðlilegt, að iðnaðarmenn kvarti, svo að löggjafarvald og stj. geri ráðstafanir til að bæta úr þessu.

Það er eðlilegt að athuga, að hve miklu leyti eðlilegir verndartollar greiði fyrir iðnaðinum í landinu. Ég vék að þessu í dag varðandi innflutning á erlendu blaðarusli, þannig að íslenzk útgáfustarfsemi fái að njóta sín, og þannig er það sjálfsagt í mörgum tilfellum. En það er eðlilegast, að iðnaðarmenn sjálfir bendi á þetta, því að þeir þekkja bezt, hvar skórinn kreppir að. Ég get ekki fallizt á, að óeðlilegt sé, að íslenzkur iðnaður njóti verndartolla, en sú vernd má þó ekki vera svo mikil, að iðnaðurinn verði algerlega samkeppnislaus og Íslendingar vinni að iðnaði, sem fær ekki staðizt samkeppni erlendis frá. Það er erfitt í þessu eins og oft að finna rétta meðalveginn, en mér finnst rétt, að iðnaðurinn fái að vita, að hann njóti stuðnings Alþ. í að leysa úr þessum vanda.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það er eðlilegt, að þetta mál, sem snertir afkomu ⅓ hluta þjóðarinnar, sé rætt hér ýtarlega. Hv. 1. þm. N-M. viðurkenndi hér, að hann hefði alltaf sýnt þessari stétt fullan fjandskap. Það er ekki nýtt, að þessi þm. sýni andúð á mönnum og málefnum. Ég var að blaða í bréfum hjá mér og fann þá ljósprentað bréf frá hv. þm., þar sem hann skorar á ágætan kjósanda að strika hv. 2. þm. N-M. út. **(BrB:** Skrifaði hann þetta til hv. þm. Barð.?) Nei, hann skrifaði það til hv. kjósanda síns og hvatti hann til að strika Halldór Ásgrímsson út vegna andúðar, sem væri á honum, og kvaðst hann vel geta skilið þá andúð. Það yrði að koma sér inn, til þess að hann gæti haldið áfram að vinna fyrir þessa ágætu menn.

Ég vil segja hv. þm., að verndartollarnir eru ekki eingöngu fyrir iðnaðarmennina, heldur líka m. a. til að spara gjaldeyri og fyrirbyggja atvinnuleysi í landinu. Það er ekki nema eðlilegt, þegar svo er komið, að ⅓ hluti þjóðarinnar lifir af iðnaði, ef veitt er inn í landið sumpart lakari iðnaði, eins og oft er um innfluttar iðnaðarvörur, og vil ég vísa þar til ummæla hv. þm. Vestm. um bátasmíðina. Að sjálfsögðu hefðu ýmsir þeir agnúar ekki komið fram, ef verkið hefði verið unnið af íslenzkum höndum. Það er alveg áreiðanlegt, að það er að skapast öngþveiti í atvinnumálunum á Íslandi, og það er verið að eyðileggja fyrir okkur að hafa gjaldeyri fyrir nauðþurftum landsmanna. Það er komið það ástand, að nauðsynlegt er að koma á verndartollum, annars vegar til að spara gjaldeyri og hins vegar til að halda fólkinu að þarflegri vinnu. Iðnaðurinn í landinu er að byggjast upp og er orðinn ein aðalstoð þjóðfélagsins. Ég vil benda á, að undanfarin ár hefur iðnaðurinn stuðlað að því að auka verðmæti sjávarútvegsins og landbúnaðarins með því að breyta hráefnum í verðmæti, sem hafa veitt tugmilljónum meiri gjaldeyri inn í landið, og er óhætt að minna þar á hraðfrystihúsin, lýsisvinnslu, lýsisherzlu o. fl.

Í sambandi við þessi mál hefur nú á 3—4 þingum verið rætt um af mér og hv. 1. þm. N-M. að skapa iðnaðinum meiri sérþekkingu, til þess að þessi mál gætu þróazt betur. Hann hefur alltaf sýnt því máli fullan fjandskap, þó ekki af því, að það kosti neinn styrk til stéttarinnar beinlínis, á sama tíma og hann hefur barizt fyrir því og það réttilega, að landbúnaðurinn fengi auk 50—60 millj. í beina styrki upp undir 30 fulltrúa til leiðbeiningar á ýmsum sviðum. Og hann heldur fast í þessa tölu, þó að hann upplýsi sjálfur, að a. m. k. einn þessara manna sé meira til málamynda og af því að hann var einu sinni kominn þarna inn en af því, að hann geri þar gagn með starfi sínu. Hann vill halda þessu kerfi, en neita öðrum atvinnugreinum landsmanna um sams konar aðstoð. Þess vegna vil ég halda fram, að ég hafi fært sönnur á, að hann hafi alltaf sýnt þessu máli fullan fjandskap.

Hv. þm. sagði, að ég hefði verið sér sammála um að vísa þessu máli frá í fyrra, og hv. 8. þm. Reykv. vísaði einnig til þess og las upp úr nál., sem ég þá samdi. Ég vil benda á, að síðan það var samið er nær eitt ár, eða 9 mánuðir, heill meðgöngutími, og á þeim tíma hefur stj. og þeir aðilar, er málið kemur við, haft tíma til að ganga með málið, en þeim hefur bara ekki dottið það í hug. Stj. hefur ekkert gert til að fá málið upplýst á þann hátt, sem um var rætt í n., og ekki sent hv. Nd. neinar nýjar upplýsingar. Allar upplýsingarnar eru á þskj. 187 og eru ekki til að leiðbeina þm. neitt. Ég veit ekki, hvers vegna nú á að fara að senda málið til sömu aðila, sem ekki hafa áhuga á að upplýsa neitt í sambandi við það. Ég hef því horfið frá að senda þeim málið aftur og legg til, að það verði samþ. Þetta tel ég full rök fyrir minni afstöðu. — Sjáum, hvað form. mþn. segir á þessu þskj.: „Annað aðalverkefni bankamálanefndar er: að gera athugun og tillögur um myndun lánsstofnunar, er veiti fé til fjárfestingar í sambandi við atvinnuvegina.“ Í fyrsta lagi er hér ekki um lánsstofnun að ræða, sem ætlað er eingöngu að veita fé til fjárfestingar. Hér er beinlínis átt við mótvirðissjóðinn, hvort rétt sé að gera hann að sérstakri lánsstofnun, sem vinni að fjárfestingu í landinu, en alls ekki iðnaðarbanka eða almennan banka. — Hvað er svo um hitt aðalverkefnið? Hvers vegna segir form. mþn. ekki frá því? Það var ekki aðeins aðal-, heldur höfuðverkefni mþn., og það er seðlabankinn. Það getur ekki undir neinum kringumstæðum verið hennar verkefni að leggja til, hvort eigi að stofna einn eða fleiri banka til að standa undir sérstökum verkefnum í landinu. Það, sem hún á sérstaklega að vinna að, er það, hvort stofna skuli sérstakan seðlabanka og hvort stofna skuli sérstaka lánsstofnun með fé úr mótvirðissjóðnum.

Það er alger misskilningur hjá hv. 1. þm. N-M., að það geti verið nokkur undirstaða undir það, hvort ákveðið skuli að stofna iðnaðarbanka, hvað mikið lánsfé sé útistandandi hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis eða hvað mikið sé útistandandi þá daga, sem við erum að ræða þetta mál. Útlán hjá bönkunum eru yfirleitt bundin við 3 mánaða víxla. Það er því enginn mælikvarði, hvort standa úti 65 millj. eða einhver önnur upphæð. Það er breytilegt frá degi til dags og ári til árs og því engin ástæða til að spyrjast fyrir um það atriði. Iðnlánasjóðurinn hafði þessa upphæð ákveðinn dag, en fáum dögum síðar var hann kannske tómur. Það er tilviljun, hvernig sjóðurinn er þann dag, sem um það er spurt. Þó að ákveðin upphæð sé í sjóðnum þann dag, sem um það er spurt, er það aðeins tilviljun, og getur ekki verið nein ástæða til, að ekki skuli stofnaður nýr banki fyrir iðnaðinn.

Hv. þm. sjá, að það er kjarni þessa máls, hvort á að veita iðnaðarstéttinni sömu aðstöðu í sambandi við peningastarfsemi og hinum tveim aðalatvinnuvegunum, landbúnaði og sjávarútvegi. — Ég skil vel, að sá maður, sem nýlega barðist gegn því, að þessi stétt fengi sömu aðstöðu varðandi tæknilega aðstoð og landbúnaðurinn, vilji ekki heldur veita þessari stétt sömu aðstöðu í fjármálum, þegar hann líka viðurkennir, að hann sé á móti stéttinni og vilji ekkert fyrir hana gera. Iðnaðarmenn finna það, að þeir eru ekki látnir sitja fyrir hjá lánsstofnunum, þegar þrengir að á lánamarkaðnum, og þess vegna er þetta mál komið fram til að tryggja, að þessi stétt verði ekki afskipt. — Í sambandi við þetta vil ég nefna eitt dæmi, sem ég þekki vel. Hér er nú rekinn allverulegur iðnaður í sambandi við Reykjalund. Er hann hóf starfsemi sína, lánaði Landsbankinn til þess 300 þús. kr. Síðan hefur stofnunin vikkað út rekstur sinn, vistmönnum hefur fjölgað, safnazt hafa vörubirgðir og reksturinn orðið umfangsmeiri, auk þess sem krónan hefur rýrnað í verði. Bankinn hefur samt ekki fengizt til að hækka þessa upphæð, þó að vitað sé, að þessi stofnun getur ekki sagt sínum starfsmönnum upp, þar sem hér er um að ræða öryrkja, sem vinna fyrir sér og geta ekki farið út á hinn venjulega vinnumarkað. Engum getur því dottið í hug, að ekki sé full ástæða til að hækka þetta framlag. En þetta sýnir, að Landsbankinn vill láta aðila eins og S. Í. S. ganga fyrir, því að án þess að ég þekki þær tölur, sem lánað er til S. Í. S., er ég viss um, að ekki er hægt að bera saman þær tölur eins og þær voru fyrir 6 árum og nú, þó að hægt sé að bera þær saman í sambandi við Reykjalund. Hvers vegna hefur svo hv. þm. V-Húnv. (SkG) borið fram brtt. í hv. Nd. um að leyfa S. Í. S. þátttöku í þessari bankastarfsemi? Það er vegna þess, að með því að samþ. þá till. væri S. Í. S. stór þátttakandi í því fyrirtæki og hefði möguleika til að ráða því eins og öðrum lánsstofnunum í landinu. Og þess vegna er hv. þm. N-M. á móti þessu máli, af því að hann veit, að ekki er hægt að nota þetta fyrirtæki fyrir ákveðinn stjórnmálaflokk í landinu. — Þeir japla á því dag eftir dag, að ekkert nýtt fé komi í umferð við þetta. Ekkert nýtt fé kom í umferð, þegar Búnaðarbankinn var stofnaður, og enginn nýr gullforði kom inn í landið, en það var stutt af þeirri skoðun meiri hluta Alþ., að landbúnaðurinn fengi ekki þá lánsaðstoð hjá Landsbankanum, sem hann ætti heimtingu á, til að geta þróazt eins og aðrir atvinnuvegir í landinu, og þyrfti þess vegna að fá sína eigin lánsstofnun. Það sama liggur til grundvallar hér. Samkv. bréfi frá Landsbankanum 7. nóv. s. l., sem birt er hér með nál., er tekið fram, að höfuðrök iðnaðarins séu þau, að hann hafi orðið afskiptur með lánsfé, miðað við aðra atvinnuvegi í landinu; þar segir líka, að um slíkt megi deila. Vitanlega er höfuðástæðan til, að þeir vilja koma upp sinni eigin bankastofnun, sú, að þeir geti sjálfir ráðið yfir því, sem þeir eiga í sparisjóðum og bönkum.

Út af því, sem sagt var um Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis, vil ég taka fram, að ég hef fengið þær upplýsingar, að ástæða er til að halda, að unnið sé jákvætt að því að reyna að sameina Sparisjóð Reykjavíkur og iðnaðarbankann, ef þessi lög ná fram að ganga. (**Dómsmrh.**: Það væri mikilsvert.) Ég fullyrði ekkert

um þetta, en það eru líkur til þess. Hins vegar er slíkt auðvitað ekki hægt nema eftir ákveðnum reglum. Stjórn sparisjóðsins lýtur ákveðnum lögum, og getur verið, að ekki sé hægt að taka upp viðræður um þetta, fyrr en vitað er, að lögin verði samþ. — Sparisjóður Reykjavíkur hefur ekki bundið fé sitt í viðskiptaveltu iðnaðarins, en hefur kosið að lána út á fasteignir. Slíkt er eðlilegt, því að hann hefur ekki hlutafé til slíks og verður að tryggja lán sín örugglega. Hefur því ekki þótt öruggt að lána gegn víxlum, en í þess stað verið valin sú leið að lána gegn veði í fasteignum eða ríkisábyrgð. Sé ég ekki að sé skaði að slíku, og sízt ætti hv. 1. þm. N-M. að álíta það, eftir allt hans brölt í húsnæðismálunum, að það sé skaði að því, að Sparisjóður Reykjavíkur taki að sér það hlutverk að stuðla að því að koma upp fleiri húsum, þegar sú lánastofnun, sem þessu á að sinna og tilheyrir Landsbankanum, veðdeildin, hefur brugðizt. Ég hef enga ástæðu til að halda, að sagt verði upp þeim 64 millj., sem hv. þm. upplýsti að væru útistandandi (PZ: Um síðustu áramót.), þó að iðnaðarmenn komi sjálfir upp banka. Mér dettur ekki í hug að halda það. En ég bendi á Búnaðarbankann. Hversu mikið fé hefur sú stofnun ekki haft, m. a. hér í Reykjavík, og kemur ekki nálægt því að veita fé til landbúnaðarins? Þegar kvartað er yfir því, að landbúnaðurinn hafi ekki nóg fé, þá er það vegna þess, að svo og svo mikill hluti af þessu fé er lánaður í þriggja til sex mánaða víxlum. Þetta er veltufé, sem ekki er lánað til þess að þjóna landbúnaðinum. Það er svo með þá, sem þarna ráða, að þeir vilja lána féð þangað, sem það er öruggast og vextir eru mestir. Ég er ekki að segja þetta til að ámæla stjórn Búnaðarbankans, nema síður sé.

Ég vil svo vegna ummæla hv. 8. þm. Reykv. (RÞ) hér segja að síðustu, að það er síður en svo, að hv. 8. þm. Reykv. hafi gert nokkra tilraun til þess að tefja málið í n., og er það virt af mér sem formanni n. En hins vegar fór hann ekki fram á, að frestur yrði veittur. Hefði mér ekki dottið í hug að neita að veita eðlilegan frest til þess að fá upplýsingar um málið og senda það á ný til þeirra aðila, sem Lúnir voru að senda sínar umsagnir. En það var ekki minnsta ástæða til þess. Það verður að taka alveg fyrir það, að mál séu margsend til stofnana, þegar sú reynsla er fengin, að jafnvel ríkisstofnun leyfir sér að vanvirða Alþingi með því að halda málum hjá sér í 7—8 mánuði, eins og nýlega hefur komið fram. Það mun a. m. k. ekki vera hvatning fyrir mig sem formann n. að senda slíkri stofnun nokkurt mál til umsagnar eftir slíka meðferð.

Ég skal svo ekki lengja mál mitt nú. Ég vænti þess, að þetta frv. verði samþ. óbreytt. Það er sanngirnismál að koma á móti þeirri stétt, sem er orðin ein allra þýðingarmesta stétt landsins og afkoma annarra stétta, eins og sjávarútvegs og landbúnaðar, byggist á.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Það liggur við, að mér finnist þær miklu umr., sem orðnar eru um þetta mál bæði í hv. Nd. og virðast ætla að verða hér í þessari hv. d., séu næstum ofviða því frv., sem hér liggur fyrir.

Ég er fylgjandi þessu frv., þó að ég telji, að á því þurfi að gera nokkrar breytingar. Tel ég þó ekki, að það geti leyst vandræði iðnaðarins í bráð og lengd. En ég held, að það geti eitthvað hjálpað og eitthvað bætt úr í bili, þótt ekki sé svo frá málum gengið, að þarna verði mikil umskipti fyrir þessa starfsgrein þjóðfélagsins.

Í 3. gr. frv. er svo ákveðið, að hlutafé félagsins skuli nema allt að 6½ millj. kr. Af því skal ríkissjóður leggja fram allt að 3 millj. kr., en aðrir aðilar allt að 3½ millj. kr. Með því verðlagi, sem nú er, og eins og fjárhagurinn er hjá okkur, er auðséð að þessi upphæð hrekkur skammt til lánveitinga, þó að hún geti kannske greitt úr fyrir nokkrum einstökum atriðum í bili, því að þótt fé sé flutt milli bankanna, eins og gera má ráð fyrir að verði þá gert, skapast ekkert nýtt fé til útlána við það, heldur er aðeins um það að ræða, hverjir eigi að sitja fyrir því fé, sem kynni að verða veitt til útlána úr þessum nýja banka. Nú hafa allir hinir bankarnir, sem eru þrjár ríkisstofnanir, ríkisábyrgð fyrir innstæðum í þeim bönkum, Landsbankanum, Útvegsbankanum og Búnaðarbankanum. Það fólk, sem leggur sitt fé inn í þessa banka, hefur ábyrgð ríkisins fyrir því, að það verði skilvíslega greitt, þegar þess er krafizt, að vísu ekki með sama verðgildi, en með sömu krónutölu. Þessi banki á ekki að hafa slík fríðindi. Ég hygg því, að það verði svo um marga, að þeir verði ekki mjög fúsir til að flytja fé sitt úr banka, sem hefur ríkistryggingu, yfir í þennan banka. En jafnvel þó að mikið verði að því gert, þá er ekki hægt að dyljast þess, sem hv. 1. þm. N-M. benti á, að það skapast ekkert nýtt fé, — fé eykst ekki, þó að stofnaður verði nýr banki, heldur flyzt það aðeins milli banka. Ég tel, að ef þessi banki á að koma að því haldi, sem til er ætlazt, megi aðeins líta á þetta frv. sem lítinn og mjóan vísi, sem þarf að skapa skilyrði til að vaxa, svo að bankinn geti sinnt því hlutverki að styðja iðnaðinn. Með það fyrir augum tel ég mjög óhyggilegt að láta þennan banka hafa aðrar aðstæður en hina bankana, sem hér eru starfandi, en þeir eru annaðhvort ríkisbankar eða ríkissjóður á meiri hlutann í þeim, eins og t. d. Útvegsbankanum. En þessi nýi banki á að vera einkabanki og starfa eftir þeim reglum, sem hann setur sér, svo framarlega sem það brýtur ekki í bága við landslög og hann hefur samráð við hina bankana, sem allir hlíta æðstu yfirstjórn landsins. Það er óheppilegt og þar að auki óskynsamlegt, að við hliðina á þeim þremur ríkisbönkum, sem starfa í landinu, sé settur einkabanki, svo framarlega sem honum er ætlað að vaxa og dafna.

Ég leyfi mér því að flytja brtt. Er hún fyrst og fremst um að hækka framlag til bankans og í öðru lagi, að ríkisábyrgð skuli vera á fé stofnunarinnar.

Ég skal ekki fara langt út í það að ræða ástandið í iðnaðarmálunum nú. Það hefur verið drepið á það í útvarpsumræðum, sem fram hafa

farið, og í sambandi við það vil ég aðeins segja, að því miður er útlit fyrir það, að sú mynd, sem dregin var upp af ástandinu nú, verði öll önnur og dekkri eftir einn eða tvo mánuði, ef ekkert verður aðhafzt. Hæstv. dómsmrh. kvaðst viðurkenna, að þetta væru erfiðleikatímar hjá þjóðinni, tímabilserfiðleikar, sagði hann, og óvissa rétt í bili. Ég vildi óska, að þetta reyndist réttmæli. En ég hygg, að litlar líkur séu til þess, að svo verði, nema eitthvað annað verði gert en að velta vöngum. Svolítið spor í rétta átt er það kannske að samþ. þetta frv., sem hér liggur fyrir. Ég mun því greiða atkv. með því, jafnvel þó að mínar brtt. verði ekki samþ. En ég endurtek það, að þetta er vísir að öðru meira, og stoðar ekki að blekkja sig með því, að þetta muni leysa vandræðin, sem að steðja. — Skal ég svo ekki hafa þennan formála lengri. Leyfi ég mér að leggja fram tvær brtt., önnur er aðaltill., en hin varatill.

Á þskj. 357 er brtt. frá hv. 4. landsk. þm. (StgrA) um að hækka hlutafé félagsins í allt að 11 millj. kr. og ríkissjóður skuli leggja fram allt að 5 millj. kr. Við þá brtt. hef ég leyft mér að bera fram aðra brtt., sem hljóðar svo: „Ríkissjóður skal leggja fram 6 millj. kr.“ Ef þessi brtt. yrði samþ., yrði framlag ríkissjóðs röskur helmingur hlutafjárins. — Til vara hef ég leyft mér að leggja fram brtt. við 3. gr. frv. eins og hún er í frv. um, að 1. og 2. málsl. 3. gr. frv. orðist svo: „Hlutafé félagsins skal nema allt að 7½ millj. kr. Ríkissjóður skal leggja fram 4 millj. kr.“ Verði þessi till. samþ., tel ég eðlilegt, að veitt yrði ríkisábyrgð fyrir því fé, sem bankinn fengi.

Forseti (BSt): Mér hafa borizt svofelldar skriflegar brtt. frá hv. 4. þm. Reykv. (HG): „1. og 2. málsl. 3. gr. frv. orðist svo: Hlutafé félagsins skal nema allt að 7½ millj. kr. Ríkissjóður skal leggja fram 4 millj. kr.“ Og brtt. við brtt. á þskj. 357. „Annar málsl. brtt. orðist svo: Ríkissjóður skal leggja fram 6 millj. kr.“

Þessar brtt. eru of seint fram komnar og auk þess skriflegar og þurfa því tvöföld afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. (sjá þskj. 444 og 445) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið. Hæstv. dómsmrh. er ekki viðstaddur, og mun ég því ekki við hann tala. Ef hann hefði verið hér, hefði ég spurt hann að því, hvað hann gerði, þegar börnin hans ætluðu að gera eitthvað, sem hann teldi ekki rétt. En þar sem hann er ekki staddur hér nú, skal ég ekki fara lengra út í þetta atriði.

Hv. þm. Barð. nefndi hér bréf, sem hann hefði frá mér. Ég held, að það sé bezt fyrir hann að minnast sem minnst á þetta. Ég get sýnt honum öll þrjú bréfin, ef hann langar til að sjá þau. Annars kemur þetta þessu máli ekki við og ekki heldur iðnaðarmálastjóra.

Hv. þm. Barð. kvartaði undan því, að engar upplýsingar hefðu fengizt um þetta. Það hefur komið fram, að ríkisstj. hefur skipað mþn. til þess að ráða bót á þessu, og er hún starfandi. Þannig er haft meira við þetta mál en venjulegt er með önnur mál. Er hér sett ný mþn. með mörgum hagfræðingum og ýmsum öðrum mönnum, sem eiga að athuga þetta mál. Það liggur í hlutarins eðli, að þar sem málið liggur þannig fyrir, þá er þetta ekkert annað en vantraust á þessa n. og stj. sýnd lítilsvirðing. Um þetta þarf ekki að deila.

Hv. þm. Barð. sagði, að með þessu frv. væri verið að láta iðnaðinn hafa sömu aðstæður og hina atvinnuvegina. Ég vil spyrja: Ber hann bankastjórn Útvegsbankans það á brýn, að hún láti bankann ekki sinna iðnaðinum, þó að hann að lögum eigi að gera það? Er það þess vegna, að þörf er á þessum nýja banka? Er það ekki einmitt verk bankanna í sameiningu að reyna að miðla því fjármagni, sem til er, milli atvinnuveganna á þann hátt, sem þeir telja að sé þjóðinni fyrir beztu á hverjum tíma? Eiga bankarnir að láta einhvern mann sitja fyrir öðrum mönnum, bara af því að hann er iðnaðarmaður, eða taka verzlunarmann fram yfir einhvern annan mann, sem þarf á peningum að halda? Eiga bankarnir ekki að reyna að meta, á hvern hátt þeir geta miðlað sínu fjármagni, svo að það komi þjóðinni til sem mests gagns? Það er raunar svo fjarstætt, að það sé nokkur mælikvarði á það, hvort einhver stétt — í þessu tilfelli iðnaðarstéttin — sé sett hjá, að henni finnist það sjálfri. Hverjum einasta manni, sem kemur í banka og biður um lán og fær það ekki, finnst hann vera settur hjá, ef einhver annar maður fær lán á sama tíma. Það stendur næst bankastjórninni að sjá um, að peningunum sé miðlað þannig milli atvinnuveganna, að þeir geti allir dafnað eðlilega og þar á sé ekki haldið neinni einokun. Þegar hv. þm. Barð. heldur því fram, að iðnaðarmenn séu settir hjá og þess vegna sé þörf á iðnaðarbanka, þá er þar með beinlínis sagt, að bankastjórn þess banka, sem á að sjá um fjárveitingar til iðnaðarins, ræki ekki það starf, sem hún lögum samkvæmt á að rækja. Ef hægt er að segja með rökum, að þörf sé á þessum banka vegna þess, að iðnaðarmenn fái ekki eðlilegt rekstrar- og stofnfé hjá bankanum, þá er það af því, að útvegsbankastjórnin gerir ekki skyldu sína. Það er eitt af verkum mþn., og kannske það mesta, að athuga, hvernig eðlilegast sé, að þetta lánsfé skiptist milli atvinnuveganna í landinu. Þetta stendur nú yfir, og veit ég ekki, hvernig það skiptist. Árin 1946—1950 voru allar skuldir bænda 60—70 millj. kr., og var mest af því stofnlán. Ég veit, að á sama tíma voru allar skuldir iðnaðarins 64 millj. kr. fyrir utan það, sem var í hraðfrystihúsum og iðnlánastofnuninni. Í þeirri stofnun er meira en hjá bændum. Ég vil ekki leggja neinn dóm á það, hvort bankastjórnin hefur dreift fénu ranglátlega. Það er ekki hægt að segja neitt um það, meðan tölurnar eru óþekktar hvað þetta snertir. — Hv. þm. Barð. talaði um, að Búnaðarbankinn lánaði ekki allt sitt lánsfé til bænda. Þetta er víst alveg rétt. En ég vona, að bankarnir þrír hafi um það samráð sín á milli, hvernig þeir lána fé út í atvinnulífið. En á meðan ég veit

ekki, hvernig þetta er, tel ég mig ekki færan um að dæma um, hvort iðnaðarmenn hafa verið settir hjá, eins og mér skildist af orðum hv. þm. Barð.

Ég er sammála hv. 4. þm. Reykv. um, að það er vafamál, hvort ekki á að breyta frv. af þeim mönnum, sem eru því fylgjandi. Á þessu stigi er ég því ekki fylgjandi, hvorki í einni né neinni mynd, því að ég tel, að það eigi að bíða eftir nál. Þá fær maður að sjá, hvernig nefndin telur heppilegast, að lánsfénu verði dreift út í atvinnulífið og hvernig hún telur heppilegast, að mótvirðissjóði verði varið og dreift út í atvinnulífið. Finnst mér, að maður eigi að bíða og sjá, hvernig hún leggur til, að yfirstjórn allra þessara banka verði, og hvort hún vill einn banka með fleiri deildum eða marga banka. Annars benti hv. þm. Seyðf. (LJóh) réttilega á það, að því fleiri bankar sem væru, því meiri hluti lánsfjárins færi í kostnað og því minna fé yrði til lána. Þetta er ein hlið þessa máls. Og þó að það sé ekki mikill hluti af öllu því fé, sem rennur í gegnum bankana, sem fer í rekstrarkostnað, þá skiptir það alltaf milljónum á hverju ári. Þannig gæti mikið lánsfé sparazt við það að hafa eina stofnun eins og iðnlánasjóð, og er ég því fylgjandi.

Forseti (BSt): Þar sem frekar hefur verið ýtt á, að ég tæki þetta mál á dagskrá, og ég hef ekki á neinn hátt viljað tefja það, vil ég ekki fresta atkvgr., nema því sé mótmælt. Ð. mun vera ályktunarfær, en mér finnst ósanngjarnt að greiða atkv., þegar tillögumaður einnar brtt. er ekki viðstaddur, jafnvel þó að hann hafi engin forföll.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég held, að það hafi verið óvinsælt, að ég hef hert á eftir málinu, en ég hef gert það til þess að fengist úr því skorið, hvort það hefur fylgi eða ekki. En það er nú orðið nokkuð áliðið, og ég býst við, að margir þdm. séu fjarverandi, þar á meðal sá þdm., sem forseti minntist á, og vildi ég því mælast til þess við forseta, að atkvgr. verði frestað til næsta fundar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 43. fundi í Ed., 14. des., var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 241, n. 356, 357, 363, 444, 445).

ATKVGR.

Brtt. 363 tekin aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, BBen, BrB, GJ, HG, JJós, PZ, SÓÓ, StgrA, BSt.

HV, KK, RÞ, VH greiddu ekki atkv.

3 þm. (FRV, HermJ, LJóh) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 444 felld með 6:3 atkv.

— 357 felld með 9:4 atkv.

— 445 felld með 8:4 atkv.

3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

5.—7. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

8.—10. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

11.—12. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. visað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 45., 46. og 47. fundi í Ed., 17. og 18. des., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 50. fundi í Ed., 19. des., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 241, 363, 483).

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Iðnaðurinn er einn af þremur aðalundirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar, og vonir sínar verður þjóðin að byggja á því, að hann blómgist. Nú er þessi atvinnuvegur svo settur, að hann býr við lánsfjárskort, og hér liggur fyrir frv. um stofnun iðnaðarbanka, sem reyna á að bæta með úr lánsfjárþörfinni. Hins vegar er ég ekki viss um, að með þessu frv. sé rétt að farið. Ég er ekki viss um, að stofnun nýs banka í viðbót leiði það af sér, að fjármagn til útlána aukist. Ég held, að þrír fátækir bankar séu nógu margir bankar fyrir litla þjóð. Ég held, að í þessu þjóðfélagi, sem við skipum, séu of margir í miðlarastörfum. Ég býst við, að nóg sé fyrir okkar litla þjóðfélag að hafa bankastarfsmenn í þremur bankastofnunum og ekki sé heppilegt að bæta þar miklu við. Ég held, að brtt. hv. þm. Seyðf. um efling iðnlánasjóðs sé hæfilegri úrlausn, m. a. skynsamlegri vegna þess, að nú sem stendur er verið að endurskoða bankalöggjöfina, og meðan álit þeirrar nefndar, sem að því starfar, liggur ekki fyrir, er ekki tímabær stofnun nýs banka. Ég fylgi till. hv. þm. Seyðf., en ef svo fer, að hún nær ekki samþykki og ákveðið verður að stofna nýjan banka, þá vil ég, vegna þess að ég vil styðja iðnaðinn, að það verði gert sem myndarlegast. Því hef ég og hv. 2. þm. S-M. (VH) lagt fram brtt., sem prentuð er á þskj. 483. Sú brtt. gengur út á það, að hækkað verði hlutafé bankans um 1½ millj. kr. Brtt. er við 3. gr., að gr. orðist svo:

„Hlutafé félagsins skal nema allt að 8 millj. kr. Ríkissjóður skal leggja fram allt að 3 millj. kr. Félagi íslenzkra iðnrekenda, Landssambandi iðnaðarmanna og Sambandi íslenzkra samvinnufélaga skal heimilt, hverju um sig, að leggja fram 1½ millj. kr. í hlutafé, en ½ millj. kr. skal aflað með hlutafjársöfnun innanlands samkvæmt opinberu útboði, þegar stjórn hlutafélagsins ákveður að fengnu samþykki fjármálaráðherra.“

Við flm. þessarar brtt. álítum rétt, að sé bankinn stofnaður, þá standi að honum allir þeir kraftar, sem að iðnrekstri vinna í landinu og líklegir eru til stuðnings svo að um muni. Ég vil vænta þess, að þeir, sem vilja máli þessu vel, samþ. þessa till., ef þeir vilja ekki styðja till. um að efla iðnlánasjóð, en hana tel ég samkv. áðursögðu eðlilegasta eins og sakir standa.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Við 2. umr. frv. þessa flutti ég till. um það, að hlutafé bankans yrði hækkað frá því, sem áætlað var í frv., að í stað 6½ millj. kr. verði

hlutaféð 11 millj. kr. Hlutafénu verði safnað með því móti, að ríkissjóður leggi fram 5 millj., Félag íslenzkra iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna 5 millj. kr., en 1 millj. kr. verði aflað með hlutafjársöfnun. Ég færði rök að því við fyrri umr., að með auknu hlutafé fengi bankinn meira traust hjá almenningi en ella, þannig að möguleikar bankans til starfsemi sinnar verða meiri. Brtt. þessi fékkst ekki samþ., en ég leyfi mér nú enn að bera fram brtt. við frv. um þetta, þótt hún gangi ekki eins langt og fyrri brtt. mín. Þessi brtt. mín er sem hin fyrri við 3. gr. frv. og er þess efnis, að hlutafé bankans verði 9 millj.; ríkissjóður leggi fram 4 millj., Landssamband iðnaðarmanna og Félag íslenzkra iðnrekenda leggi fram 2 millj. kr. hvort um sig, en 1 millj. kr. verði aflað innanlands með opinberu útboði.

Ég tel þess ekki þurfa, að ég fjölyrði um þessa till., en með henni er aðeins skemmra gengið en í fyrri till. minni.

Sömuleiðis er 2. brtt. við 11. gr. frv., sem fjallar um iðnlánasjóð. Þar sem komið hafa fram till. frá ýmsum þm., sem sýna, að þeir kjósa heldur að efla iðnlánasjóð en að stofna nýjan banka, þá vil ég freista þess að koma til móts við þær till., sem varða eflingu þess sjóðs. Brtt. mín er efnislega á þá leið, að á eftir 11. gr. frv. komi ný gr., svo hljóðandi:

„Árin 1952—1961, að báðum meðtöldum, leggur ríkissjóður fram til iðnlánasjóðs 700000 kr. árlega, auk þess framlags, sem ákveðið er í lögum nr. 67 17. júlí 1946, um iðnlánasjóð."

Það eru ákvæði í þessum lögum um iðnlánasjóð, að til hans skuli varið úr ríkissjóði 300 þús. kr. Með samþykkt þessarar till. yrði sú upphæð 1 millj. kr. á ári. Þó að svo færi, að hlutafé þessa banka verði ekki hærra en gert er ráð fyrir í frv., þá mundi þetta verða styrkur fyrir iðnaðinn, að iðnlánasjóði sé veitt meira bolmagn, sem hann þarf að hafa í þessum efnum.

Ég vil svo leyfa mér að afhenda hæstv. forseta þessar tvær skriflegu brtt.

Forseti (LJóh): Mér hafa borizt tvær brtt., sem hv. þm. hafa þegar heyrt, frá hv. 4. landsk. þm. Þær eru skriflegar og of seint fram komnar, og þarf því tvöföld afbrigði fyrir þeim, og vil ég leita þeirra.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 506 og 507) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Það er nú svo með þetta mál sem mörg önnur, að þm. eru alveg rökheldir. Það þýðir því ekki að rökræða málið við hvern og einn. Ég vil þó ræða þetta mál lítillega.

Það er vitanlegt, að iðnaðinn skortir tilfinnanlega lánsfé. Hins vegar er þessu þó svo háttað með fleiri aðila, t. d. verzlunina. Þá hefur komið fram þetta sjónarmið til þess að ráða bót á þessu, og er þá látið líta svo út að minnsta kosti. Ég viðurkenni, að lánsfjárþörfin er vitanlega tvenns konar. Þegar athuguð er bankastarfsemi hér og annars staðar mun reynslan vera sú, að ekki hefur þýtt að starfrækja sérstakan banka fyrir sérstaka atvinnugrein að því er snertir rekstrarlán. Það hefur orðið reynslan hér og annars staðar, að allt hefur farið í annan farveg. Bankinn hefur orðið almennur viðskiptabanki og lánað atvinnugreinum almennt til rekstrar, eins og við höfum séð. Það þarf ekki annað en benda hv. þm. á þetta, til þess að þeir átti sig á því. Þessi reynsla er ekki aðeins hér, heldur einnig annars staðar. Þess vegna var það, þegar gerð var tilraun með að stofna iðnaðarbanka hér, þar sem Sparisjóður Reykjavíkur var, að hann er vaxinn í annað. Ef menn nenna að fletta því upp, þá sjá menn fljótt, að það átti að verða iðnaðarbanki. Það dylst engum, þegar athugað er, hverjir voru í stjórn. Það voru þeir Jón Þorláksson, sem stóð framarlega í iðnaðinum, Jón Halldórsson, Helgi H. Eiríksson og Guðmundur Ásbjörnsson. Það var safnað fé úr ýmsum áttum til að stofna sérstaka lánsstofnun fyrir iðnaðinn, en þetta hefur vaxið í allt annað. Þegar athugað er, hvernig því er háttað með rekstrarlán til iðnaðarins, þá er það oft sagt hér, að bankinn hafi lánað 80 millj. kr. til hans. Það hefur ekki verið gerð skýrsla um þetta, en ég hygg, að iðnaðurinn hafi ekki orðið afskiptur og að honum hafi ekki verið sýnd hlutdrægni að því er rekstrarlán snertir. Ef stofnaður verður sérstakur banki fyrir iðnaðinn, þá óttast ég það fyrir iðnaðarins hönd, sem alltaf gætir á fyrsta stigi þegar stofnaður er sérstakur banki fyrir sérstaka iðngrein, að aðrar lánsstofnanir telji sér ekki skylt að lána þeirri atvinnugrein. Í þessu sambandi get ég bent á þá reynslu, sem fékkst af Búnaðarbankanum. Að vísu hefur reglan með Búnaðarbankann verið sú, að sparisjóðsdeild hans lánar svo lítið fé til landbúnaðarins, að það er blátt áfram hlægilegt. Viðskiptavíxlar, sem landbúnaðurinn fær, ganga gegnum aðrar lánsstofnanir ekki síður en þennan banka. Að því er snertir stofnlán hefur reynslan orðið sú, að landbúnaðinum er neitað svo að segja undantekningarlaust um lán annars staðar, og hefur það verið þýðingarlítið fyrir bændur að leita lána annars staðar, enda er Búnaðarbankinn fyrst og fremst hans stofnun til að fullnægja stofnlána- og fjárþörf hans. Nú er það svo með iðnaðarbankann, að hann á að fullnægja viðskiptaþörf iðnaðarins, og henni getur hann ekki fullnægt nema með því að fá sparifé. Það er ekki auðvelt að sjá, hvar á að taka það, nema úr hinum bönkunum. Hættan er því sú um leið, að þetta fé dragist út og hinir bankarnir, sem fyrir eru, líti svo á, að þeim sé ekki skylt að fullnægja þörf iðnaðarins og draga að sér hendurnar á sama hátt og þegar Búnaðarbankinn var stofnaður. Þess vegna virðist mér, að það geti farið svo, — það er mín sannfæring, ég vildi nærri óska, að ég hefði rangt fyrir mér, — að iðnaðinum sé ekki greiði gerður með þessu, heldur þvert á móti. Það, sem þarf fyrir hverja atvinnugrein, eru stofnlánadeildir. Landbúnaðurinn hefur Ræktunarsjóð og Byggingarsjóð. Vitanlega þarf stofnlánadeild, til þess að

menn geti keypt jarðir. Í öðru lagi er svo sjávarútvegurinn með Fiskveiðasjóð, og ef hann er ekki nógu voldugur, þá er hlaupið undir bagga með honum og tekið lán, og jafnframt hefur ríkið hlaupið undir bagga með því að útvega ný stofnlán. Í þriðja lagi er svo iðnlánasjóður við Útvegsbankann, en hann er allt of veikur. Til þess að gerðar séu hliðstæður, þá eru Ræktunarsjóður og Byggingarsjóður í Búnaðarbankanum, Fiskveiðasjóður í Útvegsbankanum og stofnlánadeildin í Landsbankanum. Það ætti að efla iðnlánasjóð og það stórkostlega, og þá er komin hliðstæða við hinar atvinnugreinarnar, sem fá sín rekstrarlán í hinum bönkunum. Ef iðnlánasjóður væri efldur, væri komin hliðstæða við Ræktunarsjóð, Byggingarsjóð, stofnlánadeildina og Fiskveiðasjóð. Ég efast um, að þeir hv. þm., sem standa að þessu frv., og þeir iðnaðarmenn, sem hafa mikinn áhuga á að stofna þennan banka, geri sér ljóst, hvaða fjármagn þarf til að fullnægja nokkurn veginn rekstrarlánaþörf iðnaðarins. Í mínum augum er þetta eins og hjá heylitlum bónda, sem ætlar að ráða fram úr heyvandræðunum með því að byggja fjórðu hlöðuna, þó að hann eigi þrjár hálftómar. Þannig hugsa ég, að verði það úr, að þessi banki verði stofnaður í öllum þessum skorti á fé, þá verði þetta jafnhaldgott úrræði og hjá bóndanum. — Ég skal ekki rökræða þetta meira, en þannig vildi ég gera grein fyrir atkvæði mínu.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég hef áður sagt mína skoðun á málinu, og skal ég því ekki fara frekar út í það, allra síst þar sem hæstv. dómsmrh. er ekki við. Ég vildi aðeins segja það, að ég legg fram skriflega brtt. Hún er lítilfjörleg og er engin efnisbreyt. Hún er varatill. og kemur ekki til greina, ef brtt. hv. þm. Seyðf. á þskj. 363 verður samþ. Í þessari brtt. legg ég til, að fyrirsögn frv. verði breytt og hljóði svo: „Frumvarp til laga um Iðnbanka Íslands h/f.“

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 508) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Það fer að verða áliðið nætur og æskilegt að geta komizt að niðurstöðu í þessu máli, hver sem hún nú kann að verða. Ég held, að þótt þessi stofnun eigi að vísu að heita Iðnaðarbanki, þá sé ekki þar með leyst lánsfjárþörf iðnaðarins, og það þarf enga bankamenn til að sjá, að með þessu er ekki stigið svo stórt spor. Ég hef bent á það fyrr, að möguleikar geta verið fyrir hendi í framtíðinni að efla þessa stofnun. En það, sem hér er eiginlega prinsipatriði, er, hvort hv. dm. hafi vilja til, að þessi þriðja veigamesta stétt landsins fái jafnrétti við aðrar stéttir landsins. Þeir, sem talað hafa, hafa mælt margt og spaklega og mælt varnaðarorð, ekki sízt hæstv. landbrh. eins og vænta mátti úr þeirri átt. En ég vil vekja athygli á því, að því hefur ekki verið haldið fram hér, að með þessu væru öll vandræði iðnaðarins leyst á einu bretti. Sá mikli velvilji, sem byggist á því að andmæla frv., má ekki ganga svo langt, að hann kæfi þessa tilraun til þess, að þessi atvinnugrein megi eiga og starfrækja sinn banka. Ég er hættur að hafa tölu á því, hve margar till. og frv. eru hér á ferð til að efla Búnaðarbankann. Ég er ekki á móti sliku, en nú í kvöld virtist mér, að verið væri að skjóta í hann einni milljón, en hún er aðeins aukreitis, því að á einu planinu á hann að fá 15 millj. og einar tvær till. eru um 5 millj. o. s. frv., og svo er ein spánný silkislæða lögð ofan á þessar góðgerðir til Búnaðarbankans frá hv. þm. A-Húnv. um að sparifé, sem lagt er inn í vissa deild hans, sé skattfrjálst. Þegar svo forsvarsmenn iðnaðarins hér á þingi — en til þeirra get ég ekki talið mig — hafa sótt það fast að stofna banka handa iðnaðinum, spretta upp ýmsar till., sem hafa þann ágalla, að þær drepa málið, ef þær verða samþ., og hann er svo slæmur, að hann eyðileggur alla kosti málsins.

Hverjir eru það svo, sem hafa borið uppi iðnaðinn? Er það hv. þm. S-Þ., eða hv. 1. þm. N-M., eða ég, eða hæstv. ráðh.? Nei, þeir menn, sem standa að þessu frv., eru utan þings og hafa borið uppi og bera uppi þennan atvinnuveg. Þeir eru í Félagi íslenzkra iðnrekenda og Landssambandi iðnaðarmanna og hafa haft mest afskipti af þessum málum. Þetta mál er ekki fyrst sýnt hér í dag. Það var líka flutt hér á síðasta þingi. — Það var áðan minnzt á Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis, og það má rétt vera, sem sagt var um hann. Að honum stóðu mætir menn, og voru flestir þeirra úr iðnaðarstétt. Það var varpað fram þeirri spurningu við 2. umr. málsins, hvort ekki væri hugsanlegt að sameina sparisjóðinn þessum nýja banka, ef hann fær leyfi til að fæðast. Einn dm. upplýsti þá, að þetta hafi komið nokkuð til tals. Og sá möguleiki virðist ekki útilokaður, að sameining þessara stofnana geti átt sér stað, og yrði iðnaðarbankinn þá meiri ásýndum en eftir þessu frv. Hæstv. landbrh. sagði, að það væri hugsanlegt, að Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis yrði iðnaðarbanki. Ég er enginn bankamaður, en svo mikið veit ég, að starf sparisjóðs er öðruvísi en starf banka, a. m. k. þykir ekki eins þægilegur aðgangur til rekstrarlána í sparisjóði eins og í banka, svo að það er ekki undarlegt, þó að sparisjóðurinn hafi ekki orðið iðnaðarbanki í þeim skilningi.

Nei, það, sem hér liggur fyrir, eins og þegar er búið að undirstrika, er þetta: Er velvilji okkar hv. þm. svo mikill til þessarar stéttar, að við unnum henni jafnréttis við hlið annarra framleiðslustétta í landinu? Fyrir þá, sem hafa áhuga á þessu, er spurningunni svarað. Ef bankinn er veigalitill, er opin leið til þess á næsta þingi að efla hann, að svo miklu leyti sem hægt er á þingi. Við höfum dæmin fyrir okkur, hvernig sumir bankar eru styrktir og efldir, þegar velviljinn er nógur og menn hafa skilið þörf þeirra. Ég geng ekki út frá öðru en að hv. þm. hafi opin augun fyrir því, hver er þörf iðnaðarbankans, þegar hann tekur til starfa, ef svo má verða, að hann fær að verða til.

Af þessari ástæðu, sem ég hef greint, verð ég fyrir hönd meiri hl. iðnn. að mæla á móti því, að breyt. verði gerðar á frv., — ekki vegna þess, að ég geti ekki fallizt á, að það sé vit í ýmsum þessum brtt., og vildi gjarnan hafa vald til þess að breyta einhverju í frv., ef ég héldi ekki, að það yrði frv. til trafala eða jafnvel falls. — Þessi ótti og hjartsláttur, að iðnaðurinn fái ekki nægan stuðning af þessu frv., kann að eiga sér undirstöðu. En ég spyr þá: Frá hverju hefur iðnaðurinn að hverfa? Er iðnaðurinn svo vel staddur nú, að hann þurfi ekki að ryðja nýjar leiðir til úrbóta? Það vita allir, hvernig iðnaðurinn er staddur nú. Ég sé ekki, að það sé neitt úr þessu bætt, þó að neitað sé um þetta. Það, sem hæstv. landbrh. sagði, að það væri hætta á, að aðrar lánsstofnanir vildu ekki lána iðnaðinum, eftir að hann hefði fengið sinn banka, tel ég alveg ástæðulausan ótta. Þetta höfum við áður heyrt frá hv. 1. þm. N-M. og var þá þegar mótmælt, því að engar sannanir né líkur væru fyrir því, að bankarnir hrintu frá sér gömlum viðskiptavinum af því, að þeir kæmu sér upp sínum eigin banka. (PZ: Hvað segir í áliti bankanna?)

Ég vil svo ítreka það við þá hv. dm., sem vilja sýna iðnaðinum velvild í verki, að samþ. ekki þær brtt., þá fleyga, sem reknir hafa verið í málið, heldur fylgja því óbreyttu. Frávik öll mundu stofna því í hættu, og er skilin eftir opin braut til þess að koma fram umbótum síðar, og geta þá velunnarar málsins haft mörg tækifæri til að vinna því hag. Ég vona svo, að málið fái fulla afgreiðslu á þessu þingi.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég sagði það í upphafi máls míns við þessar umr., að ég byggist við að hv. þm. hefðu þær skoðanir á þessu máli, að ekki þýddu rökræður um það. En það er eitt atriði, sem ég sé ástæðu til að leiðrétta í ræðu hv. þm. Vestm. Það kemur þráfaldlega fram, sem kom fram í ræðu hans, að það sé sérstaklega verið að ívilna Búnaðarbankanum eða gera eitthvað fyrir landbúnaðinn, sem ekki sé gert fyrir aðra atvinnuvegi í landinu. Þetta er svo endurtekið, þar til menn trúa því, en ég trúi því varla um hv. þm. Vestm., að hann sjái ekki hið rétta í málinu. Það er talað um 15 milljón króna lán til Búnaðarbankans, og það er eins og mönnum vaxi í augum, að þessi fjölmennasta atvinnustétt, sem framleiðir meira en nokkur stétt önnur, fái 15 millj. kr. í stofnlán á þessu ári. En ég skal geta þess, að það, sem erlendir sérfræðingar undruðust mest og töldu sérstaklega eftirtektarvert, er það, hve bændur leggja sjálfir fram mikið fé til endurbyggingar sveitanna. Og við, sem erum landbúnaðarmenn, teljum það aldrei eftir, að 100 millj. voru teknar frá til togarakaupa á sínum tíma. Og ég skal taka eitt fram enn, og það er það, að vextir af stofnlánum eru 1—1½% hærri til landbúnaðarins en til sjávarútvegsins. Og hvað kosta þessir 10 togarar til viðbótar? Ætli það verði ekki um 80 millj.? Það eru nú hrístar fram úr erminni 8 millj. til 4 togara og 5 millj. í frystihús á Siglufirði, og telur enginn eftir. Svona gæti ég haldið áfram að telja og dettur ekki í hug að telja eftir, en þetta eru alveg hliðstæður við það, sem verið er að telja eftir til landbúnaðarins. Svo er verið að tala um þessa smámuni, sem falla til landbúnaðarins. Stofnlánadeildir landbúnaðarins eru Byggingarsjóður og Ræktunarsjóður. Stofnlánadeild sjávarútvegsins er samsvarandi stofnlánadeild fyrir þann atvinnuveg, og hún fékk 100 millj. Enn fremur er Fiskveiðasjóður, sem er líka stofnlánadeild og hefur satt að segja meiri tekjur en flesta grunar. Hliðstæða þessa er iðnlánasjóður í Útvegsbankanum. Ef hann væri efldur svipað því, sem ég hef lýst um landbúnaðar- og sjávarútvegsstofnlánadeildirnar og tel sjálfsagt, væri iðnaðinum borgið. Og með því að efla iðnlánasjóð er iðnaðurinn réttur við á hliðstæðan hátt og hinir tveir aðalatvinnuvegir þjóðarinnar. Það mætti alveg eins segja, að þyrfti að stofna verzlunarbanka. Mér finnst, að samt liggi skýr rök fyrir því að efla iðnlánasjóð hliðstætt stofnlánadeildum hinna atvinnuveganna, því að sérstakan rekstrarbanka hefur engin atvinnugrein hér og hvergi í neinu landi. Þarf ekki annað en líta á nöfnin á bönkunum í nágrannalöndum okkar. — Það, sem ég vildi sérstaklega taka fram, er þetta, að með þeim peningum, sem eru lánaðir Búnaðarbankanum, er ekki verið að gera annað en það, sem gert hefur verið fyrir sjávarútveginn í miklu stærri stíl og eftir er, en á að gera fyrir iðnaðinn að mínu áliti.

En hvað því viðvíkur, sem hv. þm. Vestm. sagði, að hann tryði því ekki um nokkurn bankastjóra, að hann neitaði um örugglega tryggt lán, vil ég benda á, að það er vísað tugum manna frá öllum bönkunum daglega, þótt þeir hafi tryggingu í boði, sem er gullsígildi, og jafnvel eignir, sem eru gulli betri. Þessum mönnum er neitað tugum saman um rekstrarlán á degi hverjum, vegna þess að peningar eru ekki til. Því er ég hræddur um, að ef þessi banki er stofnaður, geti svo farið, að hinir bankarnir neyðist til að kippa að sér hendinni gagnvart iðnaðinum. Þetta eru hinar bláköldu staðreyndir, og því er ég hræddur um, að þetta frv., þótt álitlegt sé í fyrstu, bjargi ekki iðnaðinum, því að þeir peningar, sem eiga að bjarga, eru ekki til. Ef svo væri, að þetta frv. yrði iðnaðinum til bjargar, þá teldi ég hins vegar rétt að samþ. það og stofna þennan banka.

Vona ég svo, að ég þurfi ekki frekar að svara þeim misskilningi, sem komið hefur hér fram vegna þessa láns til stofnlánadeildar Búnaðarbankans.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Ég skal ekki eyða miklum tíma af nóttinni, en ég vil þó taka það fram, að mér virðist, að þetta sé meira orðið metnaðar- en réttlætismál.

Hvað snertir þau ummæli hv. þm. Vestm., að allar brtt. við málið væru fleygar í það og einungis til að fella það, vil ég mótmæla því um mína till., að svo sé, og ég tel hana til bóta. Má vera, að hv. þm. eigi við tímaleysi þingsins, en nú er vitað, að þingið stendur fram yfir jól, svo að það ætti ekki að koma að sök, þó að málið þyrfti aftur til Nd. Mig langar til að

vita, hvað það er í minni till., sem bregður fæti fyrir málið. Hvers vegna ætti ekki að stofna til samvinnu milli þessa banka og S. Í. S., sem er stór iðnrekandi, og auk þess fjölda iðnaðarmanna, er starfa á vegum þess og mundu beina viðskiptum sínum að þessum banka? Svona myrkfælni á ekki við í bjórtu. Það er gallaður góðvilji við málið, ef svona till. er felld.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Þannig stendur á, að sérstök n. starfar á vegum ríkisstj. við það að endurskoða bankalöggjöfina í heild. Það er ekki enn vitað mikið um árangur þess starfs, en mér hefði þó ekki þótt óeðlilegt, að frv. eins og þetta yrði afgr. með rökstuddri dagskrá vegna þessarar endurskoðunar. En það er þó ekki þetta, sem er efst á baugi í málinu, heldur hitt, hvort stofna skuli sérstakan iðnaðarbanka eða efla iðnlánasjóð. Ég hef hlýtt á rök beggja málstaðanna, en hef ekki getað gert það fyllilega upp við mig, hvora leiðina sé réttara að fara. Mér hefur verið það nokkur ráðgáta, að slegið skuli vera hendinni móti milljónaframlagi eins og 1½ millj. frá S. Í. S. Það voru líka felldar till. frá hv. 4. þm. Reykv. um, að framlag ríkisins yrði 6 millj. í stað 4 millj. Þegar þetta gerðist voru líkur til, að þingi lyki fyrir jól, og mundu brtt. þá eðlilega hafa eytt málinu. Nú er vitað, að þingið stendur fram í janúar, og er þá tækifæri til að nota þessa till. og auka framlag ríkisins eins og þar segir. Ég vil fá að vita, hvaða háski iðnaðinum stafar af því, að þessar till. verði samþ. Þetta mál þarf ekki að leysa fyrir 1. jan. Ég get því ekki séð, að skaði sé að till. um aukin framlög. — Ég vildi enn fremur fá vitneskju um það, hvort kostnaður við útlán og stjórn iðnlánasjóðs hafi ekki numið nema 2500 kr. á ári. Ef það er rétt, ber á það að líta, að gert er ráð fyrir, að kostnaður við iðnaðarbanka yrði 250—300 þús. kr. Það virðist því vera, að stjórn iðnaðarbanka yrði tífalt dýrari en iðnlánasjóðs. Ef til þess kæmi, að sú leið yrði farin, yrði að gera mönnum ljósan þann kostnað, sem af henni mundi leiða. En skiptir það öllu máli, hvort fé til iðnaðarins er fengið frá iðnaðarbanka eða iðnlánasjóði? Það, sem ég vildi spyrja um, er þetta: Er það rétt, að iðnlánasjóður kosti 2500 kr., en bankinn mundi kosta 250—300 þús. kr.? Hvers vegna er ekki tekið við framboðnum framlögum til bankans? Hvað eiga að vera margir bankastjórar við þennan banka, ef stofnaður verður? Eiga þeir að verða þrír eins og við Landsbankann og Útvegsbankann? Eða á að notast við einn eins og í Búnaðarbankanum? Og eitt enn. Ég hef ekki gáð að því, hvort ákvæði séu um það, að iðnlánasjóður skuli aðeins veita stofnlán, eða hvort hann sé svo stór, að hann geti einnig veitt rekstrarlán. Ég játa, að till. hv. þm. Seyðf. um að efla eingöngu iðnlánasjóð er ekki aðgengileg eins og nú standa sakir, ef hlutverk hans á eingöngu að vera að veita stofnlán til iðnaðarins. Það virðist ekki vera rík þörf á því, eins og nú standa sakir, að fá ný lán til þess að stofna iðnfyrirtæki, þegar iðnaðurinn er í slíkum heljargreipum eins og hann er nú og með því að fjöldi af starfandi iðnfyrirtækjum er kominn á vonarvöl og ekki starfhæfur. En sé það rétt, að iðnlánasjóður hafi heimild til þess að veita lán til að reka iðnfyrirtæki, þá sýnist mér ekki með öllu óaðgengilegt að samþ. till., sem gengur lengst í því að efla iðnlánasjóð, sem gæti þá lánað allt það fé, sem hann ætti kost á, sem rekstrarlán til iðnaðarins. Og það eru rekstrarlánin, sem iðnaðinn vantar fyrst og fremst.

Ég er sannfærður um, að hv. þm. Barð. og hv. þm. Vestm. vilja vel leggja það á sig að gera þessu máli sem gleggst skil og sýna fram á, í hverju sá gróði er fólginn að taka ekki því framlagi til þessarar stofnunar frá Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, sem fram er boðið, og hvers vegna nauðsynlegt er að hundraðfalda kostnaðinn vegna þessarar lánsstofnunar, og gefa upplýsingar um annað það, sem ég hef spurt hér um viðkomandi þessu máli.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég skal ekki vera margorður nú, enda er búið að eyða löngum tíma til að ræða þetta mál. En það lítur út fyrir, að hv. þm. Vestm. hafi hvorki lesið bréf Landsbankans né heyrt, þegar ég las það. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hins vegar er ekki loku fyrir það skotið, að nýr banki gæti aflað nokkurs sparifjár, sem tekið yrði úr öðrum lánsstofnunum, en slíkt mundi að sjálfsögðu þýða það, að hinar sömu stofnanir yrðu að draga úr útlánum sínum að sama skapi sem sparifé þeirra minnkar.“

Þessi hv. þm. segir, að ekkert liggi fyrir um það, að hinir bankarnir mundu þurfa að draga úr útlánastarfsemi sinni, ef iðnaðarbanki yrði stofnaður, en þetta, sem ég las, segja bankastjórarnir fyrir munn allra bankanna. Ég las þetta hér í umr. um daginn, en þá hefur þessi hv. þm. verið einhvers staðar úti á þekju — kannske minnt, að hann væri í sameinuðu þingi — og þess vegna ekki heyrt það, sem hér var lesið. — Hann segir líka, að það sé ekki þægilegt fyrir sparisjóðina að lána rekstrarfé eins og banka. Nú er ég ekkert kunnugur stjórn á lánsstofnunum, en ég hélt, að ein af fyrstu meginreglum hjá sparisjóðum væri að festa ekki mikið af fé sparisjóðanna í löngum lánum. Ég held, að þeir sparisjóðir þrír, sem nú á seinni árum hafa farið á höfuðið, hafi allir farið það vegna þess, að þeir hafi lánað fé sitt til langs tíma. (**KK**: Sparisjóðir mega ekki lána til lengri tíma en tíu ára.) Mér kemur það þess vegna nokkuð spánskt fyrir, ef það er aðallega markmið Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis að lána fasteignaveðslán til lengri tíma. Ég veit, að sá sjóður hefur mikið fé í föstum lánum, en ég skil ekki, að það sé ekki eins þægilegt fyrir sparisjóðinn að hafa féð í víxillánum og öðrum styttri lánum, ef þau eru vel tryggð, eins og í löngum, föstum lánum. — Ekki skil ég heldur, hvernig á því má standa, ef einhverjar af þeim brtt., sem hér hafa komið fram, t. d. um breytta fyrirsögn, eiga að þurfa að verða til þess að drepa málið. Ef slíkt á að geta orðið málinu til falls, að samþ.

brtt. hér, hlýtur það að byggjast á því, að það hafi haft nokkuð tæpt fylgi í hv. Nd., því að allir vita, að nógur tími er á þessu þingi til að afgr. málið, þó að það færi aftur til hv. Nd.

Um áramótin 1949 og 1950 taldi ég saman alla bændur á landinu, sem voru þá sex þúsund eitt hundrað og nokkrir, og athugaði, hve mikið þeir skulduðu alls, og var það rúmlega 70 millj. kr., í lausum skuldum og föstum lánum. Er það svipuð upphæð og gefið var upp, að iðnaðarmenn skulduðu bönkunum hér í Reykjavík, en það voru 64 millj. kr., og eru þar hvorki talin með hraðfrystihúsin né S. Í. S. og skuldir þeirra. Nú veit ég ekki, hve margir þeir iðnrekendur eru, sem skulduðu þessar 64 millj. kr. En ég veit alveg með vissu, að þeir hafa ekki verið 6100. Ég sundurliðaði ekki, hve mikið af skuldum bænda voru lausaskuldir og hve mikið föst lán hjá bændum, sem þeir skulduðu. Það er ekki heldur gert viðkomandi iðnaðarmönnum.

Ég spurði hv. þm. Vestm. og hv. þm. Seyðf. og það þá um að setja sig í spor bankastjóranna, — ég spurði þá, hvað þeir mundu gera t. d. í sporum bankastjóra Útvegsbankans nú, þegar væri búið að taka af þeim banka kvöðina um að sinna iðnaðinum um lánveitingar og leggja hana á annan banka, hvort þeir þá ekki mundu heldur láta sitja í fyrirrúmi að lána fé bankans til verzlunar- og útgerðarfyrirtækja en að lána það til iðnaðarins. Og ég sagði, að ég teldi það aðdróttanir til stjórnar Útvegsbankans, þegar þeir bæru þeirri stofnun það á brýn, að iðnaðurinn væri þar einhver hornreka. Ég taldi, að bankastjórarnir ættu að dreifa lánsfé sínu til allra atvinnuveganna, til þess að jafnvægi héldist í atvinnulífinu hjá þjóðfélaginu, og spurði ég þá, hvort þeir teldu, að bankastjórnirnar, sem starfað hafa við Landsbankann og Útvegsbankann á undanförnum árum, hefðu vanrækt að gera þetta. Þessir hv. þm. hafa ekki svarað þessu. Þeir hafa ekki heldur svarað því, hvað þeir mundu gera í sporum bankastjórnar Útvegsbankans, ef stofnaður væri banki eins og þessi, sem hér er um að ræða. Þessir hv. þm. hafa báðir talað síðan ég spurði þessara spurninga, en báðir leitt hjá sér að svara þeim. — Nú langar mig til að vita, hvaða hætta á að geta stafað af því, t. d., þó að fyrirsögn þessa frv. yrði breytt. Hvaða hætta er fólgin í því? Að ég nú ekki tali um, hvaða hætta gæti stafað af því, ef aukið yrði veltufé bankans, en ég sleppi því alveg. En í brtt. minni um fyrirsögnina er orðfæri, sem mér þykir betur fara. Og fjöldi manna, og þar á meðal málfræðingar, hafa sagt það í mín eyru, að þeir skildu ekkert í því, að frv. skuli vera að þessu leyti svona orðað. — Við erum ekki á síðasta fundi d. á þessu þingi nú, eins og var í fyrra, þegar þetta mál lá fyrir. Við vitum ekki, hve marga fundi við eigum eftir hér í hv. d. á þessu þingi, en eftir er af þingtímanum áreiðanlega upp undir það mánuður. Ég held því, að það sé mesti misskilningur, að við eigum ekki að afgr. frv. frá þessari hv. þd. eins og hv. d. telur réttast og bezt á fara. Það er ekki nema þegar alveg sérstaklega stendur á, að við eigum að beygja okkur undir það ok að samþ. frv. eins og það kemur frá hv. Nd. og breyta því ekki í það horf, sem við helzt viljum hafa það í. Annars er það skylda d., að mínu áliti, að hafa frv. í eins réttu formi og okkur þykir það geta komizt í bezt, þegar nógur er tíminn. Það vil ég leggja áherzlu á, og að við hér í hv. Ed. séum ekki með þá minnimáttarkennd, að við þá viljum ekki leiðrétta eða breyta neinu, sem hv. Nd. sendir okkur, þegar tími er til þess nógur.

ATKVGR.

Brtt. 363,1 felld með 8:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RÞ, VH, ÞÞ, HermJ, KK, LJóh, PZ, BSt.

nei: SÓÓ, StgrA, BBen, BrB, FRV, GJ, HG, JJós.

HV greiddi ekki atkv.

1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Haraldur Guðmundsson: Með því að ég óttast, að þessi gerbreyting á frv. mundi verða til þess, að málið stöðvaðist, en tel, að nokkur bót sé í samþykkt frv. eins og það er, segi ég nei.

Brtt. 506 felld með 9:4 atkv.

— 483 felld með 9:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermJ, KK, PZ, RÞ, VH, HV, BSt.

nei: JJós, LJóh, SÓÓ, StgrA, ÞÞ, BBen, BrB, FRV, GJ.

HG greiddi ekki atkv.

1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Með því að þessi brtt., ef samþ. yrði, miðaði að því að taka yfirráðin yfir væntanlegum banka úr höndum Félags íslenzkra iðnrekenda og Iðnaðarmannasambandsins, segi ég nei.

Brtt. 507 felld með 8:3 atkv.

— 508 felld með 6:4 atkv.

Frv. samþ. með 8:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, SÓÓ, StgrA, BBen, BrB, FRV, GJ, HG.

nei: PZ, ÞÞ, BSt.

HermJ, KK, LJóh, RÞ, VH, HV greiddu ekki atkv.

1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Landbrh. (Hermann Jónasson): Það er auðséð, að sá meiri hluti, sem er fyrir þessu máli, vill einn öllu ráða hér, hvernig þessum málum er skipað. Og það hefur komið fram við þessar umr., að ég og ýmsir aðrir hafa viljað gera ýmislegt fyrir iðnaðinn, en hafa á því annan hátt en stefnt er að með þessu frv. Ég óska ekki eftir því að taka nú þátt í afgreiðslu þessa máls og sit hjá við þessa atkvgr.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 509).

43. Vegalagabreyting (frv. samgmn. Nd.).

Á 39. fundi Nd., 10. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947 [145. mál] (þmfrv., A. 349).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Nú á þessu Alþingi hafa komið fram tvö frv. um breyt. á vegalögunum, og við þau frv. hafa verið bornar fram margar brtt. og viðaukatill. Samvn. samgm. fékk þessi mál til meðferðar og hefur rætt þau ýtarlega á mörgum fundum og hefur um þessar breyt. haft samráð við vegamálastjóra, og er niðurstaðan af störfum n. það frv., sem hér er lagt fram í Nd. af samgmn. þessarar hv. deildar.

Eins og hv. þm. sjá, hefur niðurstaðan hjá n. orðið sú að bera fram nýtt frv., þar sem teknar eru með allar þær breyt., sem n. telur að hægt sé að gera á núgildandi vegalögum. Eins og hv. þm. er kunnugt, hafa á undanförnum þingum komið fram allmargar brtt. við vegalögin, en frá árinu 1947 hafa þær ekki náð fram að ganga, en þeim hefur fjölgað ár frá ári, og þörfin á því að koma ýmsum vegum í þjóðvegatölu hefur stöðugt vaxið. Það hefur verið reiknað út af vegamálastjóra, að þær till., sem núna voru lagðar fram til viðbótar á þjóðvegakerfinu, mundu fela í sér aukningu á þjóðvegakerfinu, sem nemur 1550 km. Við í samgmn. töldum ógerlegt að taka slíka tölu í einu upp í þjóðvegakerfið. Ég vænti, að það sé líka öllum hv. þm. ljóst, að ef ekki hefði verið reynt að vinna úr þessum till. og bræða saman ýmis ólík sjónarmið og fá út úr því heilsteypt frv., þá yrði lítið úr því, að nokkur breyting yrði gerð á lögunum að þessu sinni. Það er því skoðun n., og ég vænti þess, að allir hv. þm. séu samdóma um það, að allir aðilar hafi reynt að ná samvinnu um þetta mál í því formi, sem frv. er lagt fram nú.

Samkvæmt því frv., sem hér liggur nú fyrir, er gert ráð fyrir því, að þjóðvegirnir lengist um 958 km, og nemur sú aukning 15% af öllum þeim þjóðvegum, sem nú eru í þjóðvegatölu, og er það ekki svo lítil viðbót, þegar horft er á það, hvernig aukningin hefur verið undanfarið, þegar vegalögunum hefur verið breytt, en hún hefur alltaf verið minni. Að vísu hefur aukningin hækkað í hvert skipti og þjóðvegum hefur verið bætt inn í vegakerfið. Þannig var aukningin árið 1940 476 km, 1945 593 km og 1947 707 km. Þannig er mismunurinn á aukningunni frá 1940 og 1947 um 230 km. Samgmn. var óskipt þeirrar skoðunar, að hér væri gengið eins langt og mögulegt væri að ganga með aukningu á þjóðvegakerfinu að þessu sinni. Það er öllum hv. þm. ljóst, að með því að auka þjóðvegakerfið þannig, koma til með að stórhækka framlög úr ríkissjóði vegna þessarar viðbótar og vegna viðhalds á þjóðvegum. Og þar sem ekki lítur út fyrir það í þetta sinn, að nokkuð verði hækkað framlag til vega, þá voru ekki sérstaklega góðar horfur á að taka fleiri vegi upp í þjóðvegakerfið en n. nú leggur til.

Ég hirði ekki um að rekja hér, hvaða breyt. hafa verið gerðar á vegalögunum, hv. þm. mun vera það ljóst, því að frv. fylgir sérstakur listi, þar sem raktar eru breytingarnar á vegakerfinu, og má finna þar alla þá vegi, sem nú voru teknir í vegalögin. Það var skoðun nefndarinnar, að ríkissjóður gæti ekki þegar á næsta ári tekið að sér viðhald þessara nýju þjóðvega, og þess vegna setti n. inn í frv. ákvæði til bráðabirgða um, að sýslurnar skyldu á árinu 1952 annast viðhald þessara vega, og var þetta ákvæði sett inn í frv. að ráði vegamálastjóra. Hann taldi, að það mundu koma fram svo margar kröfur um viðhald þessara vega, að ef ekki kæmu til nýjar fjárveitingar úr ríkissjóði til viðhalds þeirra á næsta ári, mundi þeim alls ekki verða haldið við, nema þetta bráðabirgðaákvæði yrði sett í lögin.

Ég hygg, að n. hafi reynt að taka tillit til allra óska frá hv. þm., sem fram hafa komið í sambandi við breyt. á vegalögunum, og er þess að vænta, að ekki komi fram brtt. við frv. og að það gangi umræðulítið gegnum báðar þingdeildir. Ég vil taka það fram, að það er um að ræða smávægilega leiðréttingu, sem samgmn. mun væntanlega bera hér fram vegna þess, að vegamálastjóri hefur skýrt n. frá því, að um villu sé að ræða í sambandi við einn veg austanlands, og verður lögð fram brtt., þar sem þetta verður leiðrétt.

Hv. alþm. munu án efa reka augun í það, að það er að sjálfsögðu um að ræða mismunandi langa vegi fyrir hverja sýslu. Bæði er það, að sýslur eru mismunandi vegaðar og vegir innan þeirra hafa mismunandi mikla þýðingu, og því getur ekki orðið um fullkomið jafnræði að ræða milli allra sýslna. Hins vegar hefur verið reynt að láta þá vegi koma fyrst í þjóðvegatölu, þar sem þörfin er talin mest, að áfram verði haldið með vegaframkvæmdir, og ber að styðja að þeim vegum, sem mest er þörf á, burt séð frá því, í hvaða kjördæmi þeir eru, og vona ég, að allir séu sammála um það. Eins og ég sagði, lengist vegakerfið um 950 km, en nú er lengd allra þjóðvega á landinu rúmlega 6200 km.

Ég held, að ekki gefist sérstakt tilefni til að rekja nánar þær till., sem samgmn. ber hér fram. Það er sérstakt fylgiskjal, sem fylgir frv., og þar eru þær upplýsingar, sem ég tel að verði fullnægjandi fyrir þingmenn til þess að sjá, hvernig ástatt er um þessi mál núna. Allir eru sammála um, að mikil nauðsyn er fyrir atvinnuvegi bæði til lands og til sjávar, að vegakerfi landsins sé sem allra fullkomnast, og að því beri að stefna. Þótt um mikil fjárframlög sé að ræða í þessu skyni, er það sameiginleg skoðun nefndarmanna, að ekki nægi neinni átt að skerða þá upphæð, heldur auka þá upphæð, sem fer til þess að bæta vegakerfi landsins.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Nd., 13. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 349, 423).

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Samgmn. hefur leyft sér að leggja fram nokkrar brtt. á þskj. 423 við frv. sitt, sem hún bar fram hér í deildinni. Ég skal taka það fram í sambandi við þessar brtt., að hér er yfirleitt um að ræða orðalagsbreytingar. Það kom í ljós við yfirlestur frv. hjá n., að í því höfðu orðið ýmsar minni háttar villur, t. d. hafa vegir hér verið prentaðir á öðrum stað en átti að vera, og varð þetta þegar verið var að steypa frv. saman í eina heild. Hv. þm. munu reka augun í það, að um er að ræða nokkra nýja liði, sem svo eru nefndir, en um þá er það að segja, að þar er aðeins um leiðréttingar að ræða. Um 11. lið brtt. er það að segja, eins og hv. þm. munu sjá við yfirlestur frv., að þar hefur algerlega fallið niður einn vegur við prentun frv., og er þar því ekki um nýjan lið að ræða. Um 5. lið er einnig það að segja, að þar er ekki um nýjan lið að ræða, heldur er þar tekinn vegarspotti af öðrum vegi, sem áður var í frv., og færður inn á nýjan tölulið. Á öðrum stöðum, þar sem um mistök hefur verið að ræða í frv., hefur nú þannig verið gengið frá þessu í samráði við vegamálastjóra, að þar mun vera komin leiðrétting á. Það hefur því ekki verið breytt neitt út af þeirri stefnu, sem n. hefur haft, að hv. þm. gætu sameinazt um frv., þar sem reynt hefur verið svo sem tök voru á að koma að óskum þeirra um breyt. Vitanlega er ekki hægt að taka upp í frv. alla þá vegi, sem óskir hafa komið fram um, en n. hefur reynt að þræða meðalveginn.

Ég vil vænta þess, að Alþ. afgreiði málið með þeim breyt., sem n. hefur hér borið fram til leiðréttingar á frv.

ATKVGR.

Brtt. 423 samþ. með 18 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

2. gr. og brbákv. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 430).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 42. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 43. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Sigurður Ó. Ólafsson: Herra forseti. Þegar á öndverðu þessu þingi komu fram tvö frv. um breytingu á vegalögunum og síðan brtt. við þessi frv. Þessum málum var öllum vísað til samgmn. deildanna og unnið að þeim í samvn. samgm. Þegar farið var að athuga þessi frv. og brtt. við þau, kom í ljós, að farið var fram á að bæta í þjóðvegatölu nálega 1550 km. Nefndin varð strax sammála um að taka nýja vegi upp í lögin á þessu þingi, en henni var ljóst, að það mundi verða örðugleikum bundið og nær ómögulegt að sinna öllum þeim beiðnum, er fyrir lágu. Nefndin starfaði í samvinnu við vegamálastjóra, og voru samdar tillögur upp á nýtt um nálega 750 km. Eftir þetta var enn farið að athuga málið nánar og þá í samráði við þá þm., sem flutt höfðu brtt., og nefndin reyndi að haga störfum þannig, að sem minnst yrði hróflað við frv. — Eins og gefur að skilja, fengu ekki allir hv. þm. óskir sínar uppfylltar, en þm. tóku þessu vel og gerðu ýmsar breytingar á till. vegamálastjóra, skiptu um vegi o. s. frv., sem þeir álitu meiri þörf á. Eftir að þannig var búið að fara yfir þetta aftur, var ákveðið þetta frv. á þskj. 349, sem flutt var í hv. Nd. og hefur náð samþykki þar. — Ef þetta frv. verður samþ., munu þjóðvegirnir lengjast um tæpa 1000 km, eða 958.8 eins og stendur hér í grg., en við síðari breytingar bættust við 12—14 km, svo að það eru nálega 970 km, og verða þá að þessu frv. samþykktu 7174, en voru 6215. — Ég vil ekki lengja umræður með því að tala lengur við þessa 1. umr. Ég sé ekki ástæðu til að leggja til að vísa því til nefndar, þar sem samgmn. þessarar deildar hefur unnið að því í samvinnu við samgmn. hv. Nd., en vil vænta þess, að frv. fái sem fljótasta afgreiðslu og verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Forseti (BSt): Eins og hv. 2. þm. Árn. tók fram, hefur verið unnið að þessu máli í samvn. samgmn., og þar eð ég tel víst, að samgmn. þessarar hv. deildar telji sér skylt að gefa málinu gaum, sé ég ekki ástæðu til að leggja til að vísa málinu til n., enda engin till. komið fram um það.

Á 44. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10:1 atkv.

Páll Zóphóníasson: Mér þykir það hörð meðferð að neita mönnum um að koma með brtt. við frv. með því að setja fund látlaust, afgr. málið til 2. umr. og útiloka helzt umr. og setja þá annan fund, þannig að það er útilokað fyrir mig að koma með brtt. Þetta er einræði, að ætla sér á þennan hátt að beita menn ofríki og meina þeim að koma með brtt.

Forseti (BSt): Ég held, að það sé fullfast að orði kveðið hjá hv. þm., að hér sé um nokkurt einræði að ræða. Ég skildi frsm. málsins svo, að um þetta væri fullt samkomulag, ekki ein-

asta á milli samgmn. deildanna, heldur og milli einstakra þm., og þar af leiðandi mundi þetta mál geta gengið á þann hátt áfram. En úr því að hv. þm. hefur boðað, að hann muni bera fram brtt., vil ég ekki halda því til streitu, og er því umr. frestað.

Gísli Jónsson: Það er bara að gefnu tilefni, að ég sé ástæðu til að mótmæla, að hæstv. forseti sé víttur fyrir einræði. Ég veit ekki til annars en að hann hafi sýnt dæmalausa þolinmæði í því að koma hér fram réttlæti í sambandi við fundarstörf og vil ekki taka undir það, sem hér hefur verið talað um einræði hans.

Umr. frestað.

Á 45. fundi í Ed., 17. des., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 430, 463, 464).

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég á hér 6 brtt., ef hægt er að kalla þær því nafni. Sumar eru ekki nema leiðréttingar. Þegar vegalögin voru hér til umr. á síðasta þingi, flutti ég 16 brtt., hvar af sumar voru leiðréttingar einvörðungu, aðrar um upptöku nýrra vega. Þá sá deildin sér ekki fært að samþ. þær og felldi þær allar. Síðan er búið að leggja marga af þessum vegum, þótt þingið felldi að veita fé til þeirra. Svoleiðis er með veginn frá Ísafirði að Gemlufalli. Það er búið að leggja hann að ferjustaðnum, þótt eigi væri hann í tölu þjóðvega, sem hann þó vitanlega á að vera.

Önnur till. er sú að framlengja veginn, sem liggur niður í Þykkvabæinn. Ég lagði til, að hann yrði framlengdur frá Miðkoti. Í fyrra var hann framlengdur að Unhóli. Og ég veit þá ekki, til hvers vegalög eru, ef það á að veita af ríkisfé svona til einhverra vega, sem aldrei hafa verið á vegalög teknir, þegar Alþ. fyrst neitar að taka vegina inn á vegalög, en síðan er veitt fé til þeirra af ríkisfé, eins og það væru þjóðvegir, á sama fjárhagsárinu. En þetta var sjálfsögð breyt., af því að vegurinn var lagður í fyrra samkv. fjárveitingu á Alþ. og eins verður fé greitt til hans aftur. Og ef ekki verður veitt fé til hans á fjárl., legg ég til, að hann verði tekinn út. — Um þetta er a-liður brtt.

B-lið vildi ég helzt biðja hv. n. að taka sem leiðréttingu á prentvillu. Það er ekki til neinn vegur á vegal., sem heitir Reykholtsdalsvegur. Vegurinn, sem liggur eftir Reykholtsdal, heitir Borgarfjarðarbraut, og á Borgarfjarðarbraut endar Bæjarsveitarvegur.

Sama er að segja um það, að það er ekki til í vegal. neinn vegur, sem heitir Bjarnarfjarðarvegur. Það er svo til tekið í frv., að Kaldrananesvegur eigi að liggja frá Bjarnarfjarðarvegi, en hann er ekki til með því nafni. Ég legg hér til, að vegurinn verði nefndur sínu rétta nafni: Reykjarfjarðarvegur. Þetta hygg ég, að hæstv. forseti geti skoðað aðeins sem leiðréttingu á prentvillu, en þennan lið, c-lið, þarf ekki að mínu áliti að skoða sem brtt.

D-liður brtt. er um lengingu á vegi. Slík till. var felld á síðasta þingi eins og a-liður. Vegurinn frá Sauðárkróki inn Hegranesið er nú látinn enda á Ríp, sem er kirkjustaður, og það var eðlilegt út af fyrir sig. En eins og nú er ástatt, tel ég, að vegurinn eigi að liggja fram allt Hegranes. Þar eru lögferjur úr enda Hegranessins, bæði austur yfir og vestur yfir Vötnin. Þarna er um fjögurra km veg að ræða, að ég held, þannig að þetta er lítill kostnaður, og eftir hörðum melum að leggja mestalla leiðina. Með þessu væri þjóðvegurinn tengdur við ferjustaðinn og þar með við sýsluvegina beggja vegna. Ég tel þess vegna, að brtt. sé sjálfsögð.

E-lið vildi ég líka mega vona, að hv. þm. skoði sem leiðréttingu á prentvillu, sem þyrfti ekki að skoða beinlínis sem brtt. Vildi ég biðja hæstv. forseta að athuga, hvort hann sæi sér það ekki fært. Vegurinn yfir Lágheiði er í frv. látinn enda í Ólafsfirði. Það er heill fjörður í sjó, sem heitir Ólafsfjörður, og það er heill fjörður á landi, sem heitir Ólafsfjörður. En Ólafsfjarðarkaupstaður er þar, og þangað ætlast allir til, að vegurinn liggi, en ekki bara einhvers staðar í Ólafsfjörð. Þessa till., sem ég flyt um Ólafsfjörð, vildi ég mega vonast eftir, að hv. þm. litu á sem leiðréttingu á prentvillu.

Loks er f-liður, sem er nýr vegur og nokkuð langur, líklega um 20 til 24 km, Jökuldalsvegur eystri. Ég tel honum einkum þrennt til gildis, ef hann væri lagður eða þegar hann verður lagður. Fyrst og fremst kemur hann niu bæjum í þjóðvegasamband, sem illa samgöngumöguleika hafa nú, og þurfa sumir þeirra, sem þar búa, að sækja á kláfum yfir Jökulsá. Annað, sem ég tel þessum vegi til gildis, er, að hann yrði liður í Austurlandsveginum, sem styttast mundi við þennan veg um nál. 4 km, ef hann yrði lagður þannig, að farið væri yfir brúna á móti Hjarðarhaga, en ekki brúna við Fossvelli. Og þá mundi, sem er þriðji kosturinn, vegurinn liggja þeim megin dalsins, sem snjóléttara er, þannig að vegurinn upp Jökuldalinn yrði miklu lengur fær. Vegurinn yrði þarna að austanverðu í dalnum miklu lengur upp úr snjó heldur en að vestanverðu. Þessir þrír kostir eru við það að samþ. þennan veg. Í fyrsta lagi kæmust nokkrir bæir í vegasamband, sem slæmar samgöngur hafa nú. Í öðru lagi yrðu minni snjóþyngsli á þessum vegi en á Jökuldalsvegi vestri, þ. e. Jökuldalsvegi, sem nú er í vegal., og yrði þessi vegur því lengur fær. Og í þriðja lagi styttist Austurlandsvegurinn með þessum vegi um nokkra km. Og með þessu losnaði maður líka við slæmar beygjur við heiðarendann á veginum frá brúnni.

Þetta eru þær brtt., sem ég flyt, og ég vænti þess, að hv. n. taki þær til athugunar. Ég tel þær allar, að undantekinni þeirri síðustu, svo lítilvægar, að samþykkt þeirra geti ekki á neinn hátt orðið frv. að falli. Það mætti kannske undanþiggja síðustu brtt. í því sambandi, þ. e. a. s., hún mundi kannske ekki mega teljast eins lítilvæg í því sambandi. Og þó óska ég, að hún verði samþ. líka. Þingið getur ekki verið þekkt fyrir annað en að samþ. a-liðinn. Það er ekki hægt að mínu áliti að hafa það svo, að sama þingið veiti fé til vegarins, en neiti að taka hann í þjóðvegatölu.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég flyt þrjár brtt. á þskj. 464 við þetta frv., og er

fyrsta brtt. við 80. tölul. í B-lið frv. Þar er lagt til, að upphafsorð liðarins breytist á þann veg, að í staðinn fyrir að nú stendur í frv. „Frá Ísafirði“ komi: Frá Engjavegi, Ísafirði. — Þannig stendur á um veginn frá Ísafjarðarkaupstað vestur yfir til Önundarfjarðar og yfir Gemlufallsheiði, að þessi brtt. er eiginlega leiðréttíng til þess að fyrirbyggja, að deilt sé um það, hvar hugtakið Ísafjarðarvegur skuli takmarkast, en ósamkomulag nokkuð hefur verið um það. Ég tel eðlilegt, að þessi vegur sé talinn enda við þessi vegamót, eins og gert er ráð fyrir í brtt. Og tel ég, að þessi breyt. geti ekki raskað frv. En ég tel, að nauðsynlegt sé, að svo sé um búið, að ekki sé hægt að deila um, hvar þessi vegur byrji.

Ég tel, að næstu brtt. megi skoða nánast sem leiðréttingu á prentvillu. Þar stendur í frv.: „Fjarðarvegur“, en á að vera Fjarðavegur. Það er vegur, sem sennilega í framtíðinni verður lagður frá Seyðisfirði, inn fyrir Hestfjörð, Skötufjörð, Mjóafjörð og Ísafjörð á veginn til Arngerðareyrar.

Þriðja brtt. er sjáanlega efnislega þýðingarmest frá minu sjónarmiði. Fyrir hv. n. lá till. um að taka í þjóðvegatölu veg af Rafnseyrarheiði og suður á Barðastrandarveg á Þingmannaheiði. Í þessari till. felst það að tengja byggðina sunnan Ísafjarðardjúps í nágrenni Ísafjarðarkaupstaðar og við firðina vestur til Arnarfjarðar við þjóðvegakerfið. En hv. n. varð ekki sammála um það og hefur ekki tekið þessar brtt. upp í sínar till. Nú er mér kunnugt um það, að síðan n. lauk störfum hefur þetta mál verið rætt við vegamálastjóra, og hefur vegamálastjóri fallizt á, að það væri ekki óeðlilegt að afgr. breyt. nú á þessu þingi í sambandi við vegalögin á þá leið, sem hér er orðað í brtt., og vil ég taka fram, að orðalagið er vegamálastjórans sjálfs um það, að þessi umbeðni vegur heiti Arnarfjarðarvegur og verði ekki nánar ákveðinn en svo, að hann skuli liggja frá Barðastrandarvegi á Þingmannaheiði norður til Arnarfjarðar í samband við Þingeyrarveg, en hitt látið liggja á milli hluta, hvort hann liggur af háheiðinni eða kannske frá sunnanverðum botni Arnarfjarðar. — Ég vænti þess, að þó að brtt. þessi væri samþ., þá yrði það ekki frv. að fótakefli, þar sem vegamálastjórinn hefur fallizt á, að þetta væri mjög eðlileg leið, en að það færi síðar eftir till. vegamálastjórnarinnar, hvort talið yrði heppilegra að leggja þennan veg inn í Arnarfjarðarbotn eða yfir á Þingeyrarveg á Rafnseyrarheiði. — Það er lögð mjög mikil áherzla á það af mörgum á Vestfjörðum, að þessi vegur gangi fram og verði tekinn í þjóðvegatölu og þannig gert mögulegt að tengja byggðirnar sunnan Ísafjarðardjúps við þjóðvegakerfið, eins og byggðirnar vestan Arnarfjarðar eru tengdar vegakerfi landsins með vegi frá Patreksfirði til Brjánslækjar og þaðan um Þingmannaheiði áleiðis til Þorskafjarðar.

Sigurður Ó. Ólafsson: Herra forseti. Eins og ég gat um við 1. umr. þessa frv. í þessari hv. d., þá afgr. samvinnun. samgöngumála störf sín þannig, að hugsunin var að leggja frv. ekki fram, fyrr en búið væri að fá samkomulag við hv. þingmenn, sem brtt. höfðu flutt við það.

Nú eru hér komnar fram brtt. frá tveimur hv. þm. Ég ætla ekki mikið að ræða um þær nú. Ég vil geta þess, að þessar brtt. á þskj. 464, a. m. k. tvær af þeim, lágu fyrir n. og hv. flm. þeirra, 6. landsk. þm., átti tal við n. Og er ekki hægt að segja, að þær væru ekki athugaðar, meðan n. var að starfa að þessu máli. (**HV:** Aldrei í þessu formi.) Nei, ekki með Glámuveginn. Þó kom það aðeins til orða á síðasta fundi n. að taka þetta einhvern veginn, án þess þó að væri ákveðið um staðinn. En vegamálastjóri var búinn í byrjun að skýra frá því, að þessi leið væri ekki svo fullrannsökuð, að hægt væri að segja um það upp á víst, hvar vegurinn skyldi liggja.

Þá eru brtt. á þskj. 463. Þær eru að nokkru leyti leiðréttingar á orðalagi og að nokkru leyti lengingar á vegum. Eftir því sem hv. flm. sagði, gæti það verið svona um 28 km lenging alls, lengingin á báðum þessum vegum. Nú var það svo, að enginn af hv. þm., sem fluttu brtt. við frv., fékk alla sína vegi upp tekna í till. n., og urðu allir að slá af, og varð samkomulag um það, eftir því sem mögulegar voru til. En ef ég man rétt, þá hefur hv. 1. þm. N-M. ekki flutt þetta áður á þessu þingi, meðan n. sat að störfum, en það hefur líklega verið flutt af hv. samþingismanni hans í Nd., og þá liggur það nú ljóst fyrir, að sú till. hefur verið athuguð, en n. ekki séð sér fært að taka þetta upp. En nú kemur hv. 1. þm. N-M. hér aftur í þessari hv. d. með þetta. Og þetta eru 24 km, og var nú horft í minna, þegar verið var að raða þessu niður. — En það, sem ég vildi fara fram á við þessa hv. þm., sem standa að þessum brtt. tveimur, sem hér liggja fyrir, er, að þeir taki þær aftur til 3. umr., því að ég vil gjarnan, að a. m. k. samgmn. þessarar hv. d. athugi þessar brtt. og e. t. v. samvinnunefndinni gefist færi á að athuga þessar till. í heild. Og það væri þá hægt með því að taka þessar brtt. aftur til 3. umr., ef hv. flm. eru fáanlegir til þess. (**PZ:** Ég skal gera það.)

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Það eru örfá orð. Ég er vanur því í flestum málum að fylgja vini mínum, hv. 1. þm. N-M., og svo fer enn í þessu máli, að ég vil teygja mig eins langt og mögulegt er til fylgis við hann. Hér liggja fyrir frá honum sex brtt. við vegal., og verður líklega að flokka þær í I. og II. flokk. Þrjár af þeim virðast mér vera aðeins orðabreyt., sem geri í raun og veru ekki mikið til eða frá, hvort orðin standa í l. eins og er í brtt. eða eins og er nú í frv. En skemmtilegra væri, ef hæstv. forseti sæi sér fært að taka þær brtt. aðeins eins og þær væru leiðréttingar, en ekki beint brtt. Á þessu þskj., nr. 463, er því lýst, að Bæjarsveitarvegur eigi að koma á Borgarfjarðarbraut, þar sem þó í frv. er sagt, að þessi vegur eigi að liggja að Reykholtsdalsvegi. Þetta er réttara í brtt. hv. þm., og annars staðar í frv., þar sem þessi vegur er nefndur, sem þarna er nefndur Reykholtsdalsvegur, er hann nefnd-

ur sinu rétta nafni, Borgarfjarðarbraut. Ég votta það sem kunnugur maður þarna, að þetta er réttmæt till. Virðist mér mega skoða þessa brtt., b-liðinn, sem leiðréttingu á prentvillu.

Í öðru lagi er e-liður brtt. þessarar um, að í stað orðsins „Ólafsfjörður" komi: Ólafsfjarðarkaupstaður. Þar vitum við allir, að þar hefur verið í frv. meint, að vegurinn eigi að liggja til kaupstaðarins í Ólafsfirði. (GJ: Hann er lagður — kominn alveg niður í kaupstaðinn.)

Í þriðja lagi er c-liður brtt. þessarar, sem mér virðist vera ekki nema orðabreyt. — Annars hefur það stundum komið fyrir þennan hv. þm., 1. þm. N-M., vin minn, að hann hefur viljað undir því yfirskini, að um leiðréttingu væri að ræða, koma því fram að teygja vegi eitthvað lengra með því en annars hefði verið, svo að till. hans þurfa endurskoðunar við, þó að hann þurfi kannske ekki þess eftirlits við nú. — En hann gengur hreint að verki um síðustu brtt. og viðurkennir, að þar er um langan veg að ræða. En hitt eru spottar, sem hann er að reyna að smálengja, annan veginn um 4 km, en hinn um 5 km. (PZ: Nei, nei.) En það virðist mér ekki koma til mála að setja frv. í hættu vegna þessara brtt., sem ég síðast nefndi.

En það voru nýjar upplýsingar, sem hann var að gefa, að ríkissjóður er nú orðinn svo ör á fé, — hvort sem það er vegna stjórnar okkar ágæta vegamálaráðh., sem við eigum nú, — að hann leggur ótæpt fé í vegi, sem eru ekki taldir með í þjóðvegum eða fjallvegum. Ég tel það góðar upplýsingar, og væri gott fyrir Dalasýslu að fá eitthvert fé á þann hátt. En manni hefur reynzt erfitt að fá fé í hina lögákveðnu þjóðvegi og ekki eins auðvelt að opna lindir ríkissjóðs í því efni eins og ræða hv. 1. þm. N-M. gaf til kynna. En þar sýnast flestar lindir standa opnar þessum hv. þm. (PZ: Ég hef í engan veg fengið fé á þann hátt.)

Þá minntist hv. 2. þm. Árn. aðeins á brtt. hv. 6. landsk. þm. Og ég get tekið fram, að hv. þm. N-Ísf. sótti það fast í n. að fá það ákvæði inn, að Ísafjarðarvegurinn kæmi frá Engjavegi, samkv. 1. brtt. Þetta lá fyrir hjá n., og virtist manni, að nokkur vegarspotti kæmi í þjóðvegatölu þarna með þessu móti, sem lægi innan kaupstaðarlóðarinnar. Það er nýtt, ef farið er að taka í þjóðvegatölu vegi innan kaupstaðaumdæmistakmarka, og við vildum ekki fara inn á þessa braut. Þess vegna spyrntum við aðeins við í þessu máli. Okkur virtist um prinsip að ræða hér, sem ekki mætti brjóta. — Svo er Glámuvegurinn, sem er aðalefnistill. hv. 6. landsk. þm. Það er nú ekki nema gott að segja um þá vegargerð. En fyrir n. lá það, að leiðin væri ekki nægilega rannsökuð enn. Og það virðist vafasamt að fara að taka í þjóðvegatölu og leggja fram fé í þennan veg að svo órannsökuðu máli um vegarstæðið. En það vil ég segja hv. þm., að ég tel það alveg víst, að ef rannsökuð væri þessi leið með þeim árangri, að leiðin þætti vel fallin til að ryðja hana, þá mundi fást sérstakt fé hjá Alþ. til þess að ryðja þá braut. En mér virðist eiga að rannsaka það mál, og ég er viss um, að hv. form. fjvn. er á sama máli um það og að það muni ekki standa á honum að greiða atkv. með því að veita fé — úr ríkissjóði meina ég — til þessara vega. Og ekki mundi heldur standa á fylgi hv. 6. landsk. þm., sem er og hefur verið í fjvn., við þetta mál. — Þess vegna held ég, að það sé gersamlega óþarft að vera hér að samþ. þessa vegalagabreyt. svona út í bláinn og setja með því aðra vegi í hættu um, að þeir komist fram á þessu þingi. — En ég er sannfærður um, að rannsókn á því, hvort leiðin er vel fallin til að ryðja veg þarna, mun verða framkvæmd, ef þeir hv. fjórir þm. Vestfjarða beita sér fyrir því, og munu þeir vart láta sitt eftir liggja í því efni.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Fyrst eru það örfá orð um Engjaveginn. Hv. n. hefur skeikað þar um prinsipmálin, því að þetta getur ekkert prinsipmál verið. Þjóðvegurinn frá Ísafirði — eins og þetta hefur verið praktiserað nú — hefur alls ekki verið látinn byrja á landamörkum kaupstaðarumdæmisins. Þetta er byggt á misskilningi hjá n. Hins vegar er hér um það að ræða, hvort á að slá föstu, að Ísafjarðarvegur sé látinn byrja einhvers staðar á Seljalandsvegi eða við kaupstaðartakmörkin. Þessu hefur n. neitað, þó að hún hafi fengið góðar upplýsingar um þetta frá hv. þm. Barð. Svona á n. ekki að starfa, á móti gefnum upplýsingum og margstaðfestum. Hins vegar hefur ágreiningur verið og er um þetta, en honum er hægt að eyða með því að miða þarna við ákveðinn punkt.

Svo er það viðvíkjandi Arnarfjarðarveginum. Ég upplýsti, að eftir að n. lauk störfum hefði verið rætt við vegamálastjóra, og hæstv. fjmrh. ræddi við hann og hv. þdm. hér voru viðstaddir þetta samtal, einnig hv. þm. S-Þ., ef ég man rétt. Og vegamálastjóri taldi gerlegt að setja þetta á vegalög, ef ákveðið orðalag væri haft, þannig að opið lægi fyrir að velja um það, hvort vegurinn væri lagður á Rafnseyrarheiði eða í Arnarfjarðarbotni. Þetta er orðalag vegamálastjóra, sem er á till. um þetta. (KK: Það er rétt.) Hann taldi ekki óeðlilegt, að afgreiðslu málsins væri frestað nú, og ef nefndin tekur þetta ekki trúanlegt, þá legg ég til, að meðferð þess verði nú frestað og hún athugi það á meðan í því hléi, sem þá verður.

Hv. 11. landsk. þm. talaði um, að það væri óþarfi að tala um að taka þessa vegi í þjóðvegatölu. Ef það er, þá er óþarfi að vera að tala um að taka ýmsa aðra vegi í þjóðvegatölu. Menn hafa þó hingað til sótzt eftir því, og það kemur til af því, að fá fæst þó frekar fé í þá, og ég er ekki viss um, hvernig það gengi að fá fé í þá, ef þeir verða ekki teknir í tölu þeirra nú. Hins vegar hefur engu verið slegið föstu um, hve miklu verði varið í þá nú, og yrði það að sjálfsögðu borið undir vegamálastjórnina, hve mikið yrði til þeirra lagt.

Það er Arnarfjarðarvegurinn, sem mest kappsmál er lagt á af öllum Vestfirðingum að verði tekinn inn, og í viðræðum við vegamálastjóra hafði hann góð orð um, að það væri eðlilegt, að það næði fram að ganga.

Forseti (BSt): Út af þeim ummælum að fresta þessari umr. þá vil ég benda á það, að líkur eru til, að þingi verði slitið mjög bráðlega, og getur þessi frestun þá ráðið afdrifum málsins. (HV: Ég tek þessar till. til baka þangað til við 3. umr.)

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki fara að blanda mér í þetta mál, en ég vil aðeins segja það, að ef þessar till. verða teknar aftur nú, þá mun ég taka þær upp aftur óbreyttar, því að það er óverjandi að láta þær niður falla nú, eins og málið er undirbúið, en þar hefur nefndin komið sér saman um, hvaða vegir skuli komast inn og hvaða ekki. En ef á að fresta svo mörgum till. til 3. umr., verður það bindandi um of. Ég sé mér ekki annað fært en að flytja brtt. um vegi í Barðastrandarsýslu, ef þessar till. verða samþ., en ég mun ekki gera það, ef þessar till. verða felldar við 2. umr. Þess vegna óska ég eftir því, að þessar till. verði látnar ganga til atkv. nú. — Hitt skiptir miklu meira máli en flesta grunar, hvert orðalag er haft á Arnarfjarðarveginum, og hallast ég mest að þeirri stefnu að taka hann að Þingmannaheiði að Botni og á Rafnseyrarveg og að Borg út með byggðinni. — Ég mun þess vegna ekki geta greitt atkv. með þessum till.

Sigurður Ó. Ólafsson: Herra forseti. Það hafa breytzt mikið viðhorf í þessu máli við þessa ræðu hv. þm. Barð., þar sem hann lýsti því yfir, að hann muni taka upp þessar till. við þessa umr., þó að flm. þeirra taki þær til baka til 3. umr. Mér þykir þess vegna hlýða, að n. athugi þessar till., og legg þess vegna til, að þessari umr. verði frestað, og mun ég reyna að ná saman nefndarfundi um þær í kvöld eða á morgun.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil benda nefndinni á, að þingið getur ekki verið þekkt fyrir það að fella að taka inn vegi, sem liggja héraða á milli og eru þar mikilvægir fyrir samgöngur fleiri byggðarlaga, en annars staðar er látið víðgangast, að smáspottar séu teknir inn, sem hafa engu hlutverki að gegna nema fyrir fáa bæi.

Forseti (BSt): Ég sagði, að ég mundi ekki fresta þessari umr., nema n. óskaði þess. Nú hefur frsm. n. óskað þess. Þetta mál er því tekið af dagskrá í dag, en verður tekið upp aftur strax á morgun.

Umr. frestað.

Á 47. fundi í Ed., 18. des., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Sigurður Ó. Ólafsson: Herra forseti. Þessu máli var frestað við 2. umr. vegna brtt., sem fyrir lágu og fram hafa komið, eftir að frv. var samþ. í Nd. Eins og um var rætt, þá var óskað eftir því, að málinu yrði frestað, til þess að samvn. samgm. gæti látið álit sitt í ljós um þessar fram komnu till. Samvn. hélt fund í morgun um þetta mál og ræddi brtt., og í fljótu máli sagt var það samþ. í n. að mæla með því, að þessar till. yrðu allar felldar. Það var ágreiningslaust álit n. að mæla á móti brtt. 463, sömuleiðis brtt. 464,1—2, en það var ekki einróma samþ. í n. að mæla á móti 3. lið brtt. 464. Ég skal fara örfáum orðum um hverja þessa till. um sig.

Það er fyrst brtt. 463,a, að í stað orðanna „að Hábæ í Þykkvabæ“ komi: um Miðkot að Unhóli í Þykkvabæ. Það var upplýst við fyrri umr., að þessi vegur væri að nokkru leyti gerður og nú í fjárl. væri veitt til hans fé, en þó væri hann ekki í vegal. Þó að þetta sé svona, þá sá n. ekki ástæðu til þess að fara að breyta l. vegna þess, þar sem þetta hefur enga þýðingu að því leyti, úr því að vegurinn er kominn, og væri því ekki ástæða til að setja frv. í hættu þess vegna. Þetta er vegur um plássið sjálft, Þykkvabæinn, að mestu leyti. Ég vil taka það fram, að vegamálastjóri var mættur á þessum fundi og var þar allan tímann, sem n. var að ræða um þessar till.

Þá er b-liður, að í stað orðanna „að Reykholtsdalsvegi“ komi: á Borgarfjarðarbraut í Reykholtsdal. Þetta yrði ekki nema orðabreyt., en engin efnisbreyt. Vegamálastjóri upplýsti, að þetta væri víða svona í vegal., að þar sem vegur lægi t. d. um önnur héruð og fleiri héruð en eitt, þá héldi hann nafni sínu, þó að hann kæmi í annað pláss, — hann hafði þau orð, að það hefði ekki neina praktiska þýðingu að taka inn þessa brtt.

Þá er c-liður, Kaldrananesvegur: Af Reykjarfjarðarvegi í Bjarnarfirði að Kaldrananesi. Það er sama um hann að segja og hina vegina.

Þá er d-liður, að í stað orðanna „að Rín“ komi: um Rín að Eyhildarholti. Þetta er lenging um 3—4 km, eftir því sem hv. flm. hefur upplýst, og kom ekki til greina í n. að fara að taka nýja vegi upp á þessu stigi.

E-liður er um það, að í stað „Ólafsfjarðar“ komi: Ólafsfjarðarkaupstaður. Þetta skýrði flm. svoleiðis, að þetta væri ekki nógu skýrt, þar sem svona er tekið til, t. d. þar sem sagt er „til Ólafsfjarðar“ í staðinn fyrir að segja „til Ólafsfjarðarkaupstaðar“. En vegamálastjóri benti á, að þetta væri víða svona í vegal., t. d. Hnífsdals- og Bolungavíkurvegar frá Ísafirði, en ekki frá Ísafjarðarkaupstað, o. s. frv., og hann telur óþarft að fara að taka þetta inn.

Þá er f-liður, að á eftir D. 7. komi nýr liður, er orðist svo: „Jökuldalsvegar eystri: Af Austurlandsvegi á Jökuldal, yfir brú á Jökulsá hjá Hjarðarhaga út Jökuldal að austan og á Austurlandsveg hjá Þrívörðum í Heiðarenda.“ Þetta er eina upptekningin á vegi, sem búið var að fella úr till. flm. í Nd.

Niðurstaða n. var að leggja til, að þessar brtt. yrðu allar felldar.

Þá er brtt. 464. Það er fyrst, að í stað orðanna „Frá Ísafirði“ komi: Frá Engjavegi, Ísafirði. Þetta er alveg í takmörkum kaupstaðarlóðarinnar á Ísafirði, en í 3. gr. vegalaganna segir svo: „Þar, sem þjóðvegur liggur um kaupstað eða kauptún, telst þjóðvegurinn að mörkum kaupstaðarlóðar eða verzlunarlóðar.“ Þetta ætti að vera hægt að halda sér við, án þess að það sé tekið fram nákvæmlega.

Þá kemur 2. liður á þskj., og má segja, að það sé prentvilla, það er fyrir „Fjarðarvegur" komi: Fjarðavegur.

Svo kemur 3. liður: „Arnarfjarðarvegur: Af Barðastrandarvegi á Þingmannaheiði norður til Arnarfjarðar í samband við Þingeyrarveg." Það voru ýmsir menn í n., sem vildu taka þennan veg inn, og meira að segja komst til tals, hvort vegamálastjóri væri ekki á því, ef það kæmi í ljós, að þarna væri gott vegarstæði, að fé yrði veitt til hans á einhvern annan hátt. En eftir allmiklar bollaleggingar var ákveðið í n. að leggja til, að hann yrði ekki tekinn fyrir nú á þessu stigi málsins, þar sem vegal. eru komin þetta langt, til þess að fyrirbyggja þá hættu, sem væri í því fólgin að fara að hreyfa frv. eins og það liggur fyrir og samþ. brtt. nú við 2. umr., og fyrirbyggja þá hættu, að allt færi úr reipunum og margir kæmu með brtt. aftur við 3. umr.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vildi spyrja hæstv. forseta, hvort hann geti ekki leiðrétt prentvillu, sem orðið hefur. Það er ekki annað en prentvilla, þegar kaupstaðurinn er kallaður Ólafsfjörður. Hitt sætti ég mig við, að nefndin leggist móti till. mínum, en vona, að fari svo með f-liðinn, að hann verði felldur, þá veiti fjvn. fé til hans á fjárlögum.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég hef heyrt boðskap samvn. samgm. um, að hún leggi mikið upp úr, að ekki verði mikil ásókn, a. m. k. ekki með vegi, sem heitið geta kjördæmavegir. Ég vil til þess að þjóna þessu taka aftur 1. till. á þskj. 464, en vonast til, að heitið Fjarðarvegur verði leiðrétt í Fjarðavegur. Hins vegar vil ég svo vænta þess, að Arnarfjarðarvegur, en sá liður er orðaður eins og vegamálastjóri vill, — ég vil vænta þess, að hv. deild líti á þetta sem fjórðungsmál, en ekki sem kjördæmamál, og vona, að menn verði sammála um, að enginn glundroði geti orðið af till., og hleypi henni í gegn.

ATKVGR.

Brtt. 463,a felld með 9:1 atkv.
— 463,b felld með 9:2 atkv.
— 463,c felld með 9:3 atkv.
— 464,1 tekin aftur.
— 464,2 (leiðrétting) samþ. án atkvgr.
— 464,3 felld með 8:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ, RÞ, BrB, FRV, HV, HG, KK.
nei: LJóh, SÓÓ, VH, ÞÞ, BBen, GJ, HermJ, BSt.
JJós greiddi ekki atkv.
1 þm. (StgrA) fjarstaddur.
3 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég hef beitt mér fyrir í nefndinni, að þessi vegur væri tekinn upp í vegalögin nú, en ég lít svo á, að vegalögunum verði ekki breytt, svo að vit verði í, nema með einhvers konar samkomulagi, líkt og hér hefur verið gert. Ég vil ekki rjúfa það og hlýt því að segja nei.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég er því fylgjandi, að þessi vegur sé tekinn í þjóðvegatölu, en vil ekki hætta á að breyta þessu, úr því sem komið er, og senda það til Nd. Ég segi því nei.

Bernharð Stefánsson: Ég segi nei, með skírskotun til grg. hv. 2. þm. S-M.

Brtt. 463,d felld með 9:2 atkv.
— 463,e felld með 9:3 atkv.
— 463,f felld með 9:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ, BrB, FRV, HV.
nei: LJóh, SÓÓ, VH, ÞÞ, BBen, GJ, HermJ, KK, BSt.
RÞ, HG, JJós greiddu ekki atkv.
1 þm. (StgrA) fjarstaddur.
1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Lárus Jóhannesson: Með skírskotun til grg. hv. 2. þm. S-M. áðan við atkvgr. um till. hv. 6. landsk. þm. segi ég nei.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 19. des., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 510).

---

44. Búfjárrækt.

Á 20. fundi í Sþ., 30. nóv., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 19 1948, um búfjárrækt [138. mál] (þmfrv., A. 305).

Á 37. fundi í Ed., 4. des., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Sigurður Ó. Ólafsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er flutt af landbn. og er að nokkru leyti flutt að beiðni nýstofnaðs sambands hrossaræktarfélaga Suðurlands, sem stendur í sambandi við Búnaðarsamband Suðurlands. Í l. um búfjárrækt er kafli, sem hljóðar um hrossarækt, 3. kafli í þeim l. frá 1948. Þar er gert ráð fyrir, að hrossaræktarfélög séu að mestu innan hreppa, en í þeim er ekki gert ráð fyrir, að til sé samband, sem nái yfir stór svæði. Nú hefur verið stofnað samband á sambandssvæði Búnaðarsambands Suðurlands, árið 1949. Eins og kunnugt er, er þetta svæði nokkuð stórt, og í þessu sambandi

eru flest eða öll áður starfandi hrossaræktarfélög. — Þetta frv. fer í þá átt, að í l. sé tekin heimild til að stofna slík sambönd sem hér um ræðir og í öðru lagi styrkja þau til stóðhestahalds. Ég skal fara nokkrum orðum um þetta samband á Suðurlandi.

Það var stofnað árið 1949 og keypti þá 9 stóðhesta til notkunar í öllum hreppum á þessu svæði. Þátttakendur í sambandinu lögðu fram fé, sem nam 40 þús. kr., til að kaupa þessa hesta. Það hafði s. l. ár 9 hesta og 2 á leigu. Þegar búið var að kaupa þessa 9 hesta, var það fé þrotið, sem lagt var fram sem stofnfé sambandsins. Nú sér sambandið fram á, að það muni verða erfitt að halda við þessum hestastofni, og fór fram á það við landbn., að hún flytti frv. líkt og flutt var á síðasta þingi, en náði þá ekki fram að ganga. Það frv. gekk í líka átt, en var þó nokkuð öðruvísi. Ég fer ekki í einstök atriði í sambandi við þetta, það vinnst tími til þess við 2. umr. málsins. Það er tilgangurinn með þessu að slá saman hinum ýmsu hrossaræktarfélögum. Það hefur viljað vera svo, að hestarnir eru misjafnir. Þegar sami hesturinn hefur verið lengi í sama félaginu, hefur komið fram skyldleiki og ýmsir annmarkar. Nú er hugmyndin sú að hafa sama hestinn aldrei lengi á sama stað. Styrkurinn, sem farið er fram á, er miðaður við það, að hann nægi til þess, að hver hestur sé endurnýjaður á 10 ára fresti, og er upphæðin miðuð við það. — Ég held, að ég þurfi ekki að hafa þetta meira við þessa umr., en óska eftir því, að frv. fái góðar undirtektir í hv. d., því að það er nokkuð mikils virði, að það nái samþykki á þessu þingi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Forseti (BSt): Þetta frv. er flutt af n., og tekur sú n. að sjálfsögðu við því til athugunar, þar sem engin till. hefur komið fram um að vísa því til annarrar n.

Á 40. fundi í Ed., 10. des., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 41. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 42. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 305, n. 465).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., 19. des., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 514).

---

45. Skemmtanaskattur og þjóðleikhús o. fl.

Á 47. fundi í Nd., 18. des., var útbýtt:
Frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, o. fl. [153. mál] (þmfrv., A. 491).

Á 49. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Ég sé, að forn. menntmn. er ekki viðstaddur, en n. hefur flutt þetta frv. eftir minni beiðni. Ástæðan til þess, að sú breyt. er gerð á skiptingu skattsins, sem hér er lögð til, er sú, að rekstur þjóðleikhússins hefur verið þannig á þessu ári, að sá hluti skattsins, sem þjóðleikhúsinu ber að fá, hrekkur ekki fyrir útgjöldum. Það er gert ráð fyrir því nú, að rekstrarhalli verði á leikhúsinu á þessu ári, sem nemur mörgum hundruðum þúsunda króna, þegar tekinn hefur verið sá hluti, sem leikhúsið fær af skattinum. Nú eru flestir sammála um það, að ekki sé hægt fyrir okkur að opna hér þjóðleikhús fyrir tveimur árum og loka því svo, þó að það komi á daginn, að rekstur leikhússins borgi sig ekki. Margir vilja halda fram, að þjóðleikhúsi eigi að halda uppi af því opinbera, eins og landsbókasafni og háskóla og öðrum hliðstæðum stofnunum.

Um það má deila. En um hitt held ég, að ekki verði deilt, að við getum ekki látið loka leikhúsinu. Hitt er svo sjálfsagt, að gera þær ráðstafanir, sem hægt er, til þess að leikhúsið sé rekið eins hagkvæmlega og kostur er, án þess þó að það lúti lægra en þjóðin vill að það geri í sínu starfi. Það hefur verið undanfarið farið mjög nákvæmlega í að athuga rekstur þjóðleikhússins og sparað alls staðar þar, sem hægt er að spara. Að vísu má segja, að þessi reynsla, sem fengizt hefur af rekstrinum, sé ekki löng, aðeins á annað ár. Og að sjálfsögðu verður ekki hjá því komizt, að einhver mistök verði á einu eða öðru sviði, sem svo er hægt að kippa í lag eftir því, sem reynslan sýnir, að betur hentar.

Til þess nú að bjarga málinu við, hefur verið hallazt að því að láta rekstrarsjóð leikhússins fá meira af skemmtanaskattinum en hann hefur haft áður, og draga það aftur frá byggingarsjóði hússins. Hér er lagt til, að ríkissjóður taki að sér byggingarskuldir leikhússins eins og þær eru nú. Virðist það vera að öllu leyti eðlilegra en að hafa þetta eins og nú er, að það hvíli að öllu leyti á menntmrh. að sjá byggingunni farborða. Að sjálfsögðu hefur menntmrn. enga fjármuni til að standa undir þessu, nema það lán, sem það útvegar, en það sýnir aftur á móti, að ríkið verður að standa undir byggingu leikhússins, þó að byggingarkostnaðurinn verði að síðustu greiddur af þeim skemmtanaskatti, sem leikhúsinu hefur verið ætlaður. Það er ekki hróflað við öðrum þeim aðilum, sem hér fá hluta af skemmtanaskattinum, en munurinn, sem þetta gerir, verður auðvitað sá, að tilgangur félagsheimilasjóðs næst síðar, eða það verður lengri tími, þangað til hann kemst upp í þann hluta, sem honum ber samkvæmt l. Hann fær inn 35% af skattinum, sem var á síðasta ári rúmlega 1 millj. kr. Og ég verð nú að segja það, þó að ég sé þessu máli mjög hlynntur og vilji síður en svo, að það falli niður, að félagsheimili verði byggð í sveitum, að þá er þó þetta fé, sem þarna kemur, svo mikið, að ég efast um, eins og nú standa sakir, að það sé mjög líklegt, að hægt verði að leggja meira á móti en sem því svarar af hendi sveita og héraða. Svo þó að félagsheimilasjóður fái ekki nema 35% af skattinum, þá þarf það ekki að verða til þess að tefja byggingu slíkra heimila frá því, sem annars mundi verða. Enn fremur er lengt tímabilið, sem hagnaður Viðtækjaverzlunar ríkisins á að renna til ríkissjóðs til að standa undir útgjöldum byggingarsjóðsins. Einnig er gert ráð fyrir því, að þeim 10%, sem lögð voru á skemmtanaskattinn á síðasta ári í þeim tilgangi, að það fé rynni eingöngu í byggingarsjóðinn, verði haldið, en þar er því bætt við, að af þessum 10% hafi fjmrh. heimild til að greiða 5% til sinfóníuhljómsveitarinnar. Ég gerði því ráð fyrir, að með þeim styrk, sem sinfóníuhljómsveitin fengi af þessum hluta, þá mundi henni vera gert kleift að halda uppi starfsemi sinni. Hún hefur farið fram á að fá 250 þús. kr. úr ríkissjóði, og er þá gert ráð fyrir, að hún fái jafnmikið úr bæjarsjóði. Undir þetta hefur ekki verið tekið, að leggja til, að slíkur styrkur verði settur inn á fjárl. Hins vegar er mikill þingvilji fyrir því að styrkja þetta fyrirtæki, svo að það gliðni ekki í sundur í höndunum á þeim mönnum, sem mikið hafa á sig lagt við þetta starf, og þá hefur verið horfið að því að reyna að styðja þennan rekstur eitthvað nú fyrst um sinn með því að samþ. 5% af þessum 10% aukaskatti.

Ég vænti þess, að hv. d. taki þessu vel, því að það varðar miklu í þeim málum, sem að þjóðleikhúsinu lúta, ef ekki er hægt að afgreiða þetta mál á þann veg, sem hér er lagt til.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Það er eitt atriði í sambandi við þetta mál, sem ég vildi vekja athygli á, án þess að fara inn á efnishlið þessa máls, og það er skipting á skemmtanaskattinum. En það, sem ég vildi leggja til, er það, að nauðsynlegt er, að n. sú, sem fær þetta mál til meðferðar, fái nánari upplýsingar um, hvernig varið er með innheimtu skattsins eins og nú er og hvernig þau lagaákvæði séu, sem um þennan skatt gilda. Það er í l. ákveðið, að þeir, sem vinna að mannúðarstarfsemi, skuli ekki greiða skemmtanaskatt. Af þessum orsökum eru ýmsir aðilar, sem greiða ekki skemmtanaskatt. Mér er ókunnugt um, eftir hvaða reglum er farið í þessari mannúðarstarfsemi, en vegna þessa verða þeir, sem eiga að hljóta greiðslu af skattinum, að fara á mis við styrkinn. Tveir aðilar, sem hafa verið mjög upphafnir á þessu hausti og reka mikla mannúðarstarfsemi, hafa haft tvö skemmtiatriði, sem eru Cirkus Zoo og sjómannadagskabarettinn. Í báðum tilfellunum er verið að vinna fyrir málefni, sem menn almennt hafa mikinn áhuga fyrir og vilja styðja. Þessir aðilar eru S. Í. B. S., sem nýtur alþjóðlegrar viðurkenningar, og svo dvalarheimili aldraðra sjómanna. Nú hefur þjóðin mjög vel styrkt margvíslega tekjuöflun þessara aðila, en ég er ekki viss um, að menn yfirleitt hafi gert sér það ljóst, að með því að fara inn á þær brautir í svo ríkum mæli eins og farið hefur verið, þá er í raun og veru verið að afla styrks úr félagsheimilasjóði og frá þjóðleikhúsinu, sem hefur verið styrkt með skemmtanaskattinum, því að það er ekki vafi á því, að þeir styrkir, sem þessir aðilar, félagsheimilasjóður og þjóðleikhúsið, hafa fengið, hafa af þessum ástæðum verið stórum minni á þessu ári. Ég vil alls ekki, að orð mín verði skilin þannig, að ég vilji víta starfsemi þessara aðila. Og það má kannske segja, að þetta sé óskylt því, sem þetta frv. fjallar um, sem hér liggur fyrir, og ég mun ekki verða til að leggja stein í götu þess. En ég vil, að hv. d. og hv. n., sem um málið fjallar, athugi þetta vel.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Það er alveg rétt, sem hv. 5. þm. Reykv. sagði, að skemmtanir, sem haldnar hafa verið undanfarið á vegum þessara aðila, hafa verið mjög fjölsóttar og dregið mjög úr þeim styrk, sem aðilar skemmtanaskattsins eiga að fá, en í l. stendur, að undanþegnar öllum skemmtanaskatti séu skemmtanir, sem haldnar eru í góðgerðarskyni eða til styrktar málefni, er miðar að almenningsheill. Ég geri nú ráð fyrir því, að þótt

endurskoðun fari fram á l., yrði þetta ekki fellt niður og þessi tvö félög, sem hér eiga hlut að máli, njóti þessara fríðinda, því að starf þeirra er alveg óneitanlega til almenningsheilla, og komi því undir þessi ákvæði. Hins vegar mætti kannske hugsa sér það, að þegar þetta væri rekið í mjög stórum stíl, eins og hér hefur verið gert, þá yrðu settar í l. einhverjar skorður við þessu eða að það yrði ákveðin fjárhæð, sem þessi félög gætu aflað árlega, sem væri undanþegin skattinum.

Að öðru leyti skal ég ekki fjölyrða um þetta. En út af því, sem hv. þm. sagði, þá vil ég benda á, að þetta frv. kemur frá nefnd og fer því að sjálfsögðu ekki til nefndar.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég vil aðeins, að það komi fram, að þó að ég nefndi þessa tvo aðila áðan, þá er miklu fleiri, sem njóta þessara skattfríðinda. Það eru margar fleiri góðgerðastofnanir, sem koma undir þessi ákvæði, og ég álít, að þessi atriði eigi að taka til athugunar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., 19. des., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Pétur Ottesen: Það er fornt spakmæli, sem hljóðar svo, að ekki sé hyggilegt að höggva oft í sama knérunn, en það virðist mér að verið sé að gera að vissu leyti í sambandi við þetta mál. Það virðist mér gert með þessu frv. að því er snertir aðstöðu ýmiss konar menningarstarfsemi úti um hinar dreifðu byggðir þessa lands. Það hafa nú á þrem þingum verið lagðar fram breyt. á l. um skemmtanaskatt, og hafa þær breyt. allar gengið út á að rýra þau hlunnindi, sem menningarstarfsemi úti um land hefur notið í sambandi við skemmtanaskattinn, en þau hlunnindi, sem þessi starfsemi hefur þannig verið svipt, verið notuð til góða menningarlífi í Reykjavík og til að bera uppi starfsemi þjóðleikhússins. Á síðasta þingi var l. um skemmtanaskatt breytt þannig, að aðstaða félagsheimila og lestrarfélaga var rýrð beinlínis, en nú á þessu þingi á að rýra þessa aðstöðu að minnsta kosti óbeinlínis. Það er að vísu ekki í þessu frv. gert ráð fyrir, að hlutfalli því, sem lagt er til grundvallar úthlutun skemmtanaskattsins til þjóðleikhússins annars vegar og félagsheimila og lestrarfélaga hins vegar, verði raskað, en hins vegar er gert ráð fyrir, að hlutur sá, sem hefur átt að ganga til greiðslu á skuldum þjóðleikhússins, verði lækkaður um 17%, en sá hluti skattsins, sem renna á í rekstrarsjóð hússins, hækki þá um sömu upphæð. Þetta veldur því, að það tekur lengri tíma en ella að greiða upp byggingarskuldir þjóðleikhússins, og þar af leiðir, að sú skerðing á skemmtanaskattinum, sem annars mundi geta runnið til félagsheimila og lestrarfélaga, stendur lengur yfir en annars hefði orðið, og þá hinn varanlegi hluti þjóðleikhússins af skattinum stækkaður. Það var látið í veðri vaka, er þessi úthlutun skattsins var ákveðin, að þetta hlutfall yrði tekið til athugunar á ný, þegar búið væri að greiða upp allar skuldir þjóðleikhússins. En nú á enn að halda áfram að sölsa stærri og stærri hluta þessa skatts undir þjóðleikhúsið, og ef á að halda uppteknum hætti og ganga á rétt þeirra aðila, sem í dreifbýlinu eru, til þess að afla fjár handa þjóðleikhúsinu, eins og gert hefur verið í þrjú ár í röð, þá er engin trygging fyrir því, að ekki verði enn haldið áfram á þeirri braut. — Ég vildi því ekki láta þetta frv. ganga hér fram án þess að vekja athygli á þessu, enda sjálfsagt, að við hér á Alþ., sem eigum að standa reikningsskil á okkar gerðum, séum fullkomlega á verði, ef svo fram vindur að því er snertir þessi mál.

Ég vil enn fremur benda á annað atriði, sem er athyglisvert í þessu frv., en það er 2. gr., þar sem kveðið er á um það, að innheimta skuli skemmtanaskatt með 10% álagi og ríkisstj. heimilað að greiða helming af tekjum þeim til sinfóníuhljómsveitarinnar. Það er alkunnugt, að sett hefur verið á stofn þetta fyrirtæki, sem mun vera alldýrt í rekstri, og sagt er, að rekstrarkostnaður þess muni vera kominn upp í eina millj. og 300 þús. kr., og er reiknað með því, að hann vaxi enn. Með þessu ákvæði mundi stigið það spor, sem fæli í sér, að ríkisstj. skuli taka að sér að sjá þessu fyrirtæki farborða, því að samkv. þessari grein mundi vera heimilt að láta ganga til að bera uppi þessa starfsemi um 150 þús. kr., eða helming af þessu 10% álagi, sem mundi nema um 300 þús. kr., og er þetta framlag þó ekki nema rúmur helmingur þeirrar upphæðar, sem farið var fram á við 2. umr. fjárl. að veitt yrði til hljómsveitarinnar, en þar var ætlazt til þess, að beint framlag til hennar úr ríkissjóði yrði 250 þús. kr. á næsta ári. — Ég vildi einnig vekja athygli á þessu, því að eins og nú er komið hag ríkissjóðs og möguleikum hans til að afla sér tekna, er rétt, að menn hafi opin augun fyrir nýjum og varanlegum byrðum, sem á hann á að leggja og stefnt er að, ef þetta frv. verður samþ.

Nú, það er í þriðja lagi vert að benda á það í sambandi við þetta frv., að á síðasta þingi voru sett þau lagaákvæði, að hagnaður af Viðtækjaverzlun ríkisins skyldi renna í ríkissjóð og varið til að greiða byggingarskuldir þjóðleikhússins á árunum 1950—52. Nú á að framlengja þetta ákvæði í fjögur ár í viðbót, eða til ársins 1956, og væri þannig búið að ráðstafa þessu fé líka í þágu þjóðleikhússins, og því er það horfið til annarra greiðslna, hvort heldur væri til útvarpsins eða annarra stofnana.

Þá kveður 4. gr. þessa frv. á um það, að ríkissjóður taki að sér að greiða allar byggingarskuldir þjóðleikhússins. Það hefur ekki áður verið farið inn á þessa braut að láta ríkissjóð taka við forsjá þessa máls, heldur hefur það verið í höndum viðkomandi ráðuneytis. En með þessu frv. er svo ætlazt til, að ríkissjóður taki á sig allar skuldir hússins, sem nema nú

um 10½ millj. kr. Mér þykir ástæða til að vekja athygli á þessum atriðum, því að það virðist vera orðið svo, að auk þess sem ríkið verður að leggja mikið fé í að standa straum af kostnaði byggingar þjóðleikhússins, þá séu einnig horfur á þungum bagga fyrir ríkissjóð að því er snertir rekstur fyrirtækisins. Mér dettur ekki í hug að mæla því mót, að hér sé um þýðingarmikið menningarfyrirtæki að ræða, en ekki fjölmennari þjóð en við Íslendingar erum verður að gæta þess að reisa sér ekki hurðarás um öxl í þessu efni, heldur haga rekstri þessarar stofnunar þannig, að hún geti haft sem mest menningargildi, jafnframt því sem reynt sé að reisa rönd við þeim kostnaði, sem slíkt hefur í för með sér, en allt bendir til þess, og saga þessa fyrirtækis sýnir það, að hér muni verða um allþungan bagga að ræða fyrir ríkið. Og það kom fram í sambandi við 1. umr. þessa máls í gærkvöld, að til þess að afla aukatekna með skemmtanaskatti, sem skyldi þá renna allur á einn og sama stað, þá væri ef til vill ástæða til að taka það til athugunar, hvort í því augnamiði mætti ekki svipta þau fyrirtæki, sem nú starfa í þessu landi og eru undanþegin skemmtanaskatti, þeim hlunnindum sínum. Viðleitnin til að afla tekna handa þjóðleikhúsinu er komin svo langt, að það er meira að segja farið að tala um að kippa grundvelli undan þeirri starfsemi í landinu, sem byggð er á hornsteinum menningar og mannúðar. Menn eru farnir að ganga svo langt í að hlúa að þessu fyrirtæki, að farið er að tala um að skerða stórlega aðstöðu þeirra samtaka í landinu, sem vinna hina þýðingarmestu menningar- og félagsstarfsemi. Hér er komið langt út fyrir þau takmörk, sem sæmilegt er fyrir svo virðulega stofnun sem Alþ. að stiga yfir.

Umr. frestað.

Á 51. fundi í Nd., 20. des., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 491, 513, 516, 525).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 516 og 525. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Þar sem nú er mjög liðið á þingtímann, en aftur á móti mjög mikil nauðsyn á því að fá þetta frv. samþ. áður en þingi verður frestað nú fram yfir hátíðar, þá vil ég mælast til þess, að frv. fái afgreiðslu sem allra fyrst í þessari hv. d. og það helzt strax í dag.

Ég flyt hér brtt. á þskj. 516, þar sem farið er fram á ráðstafanir til að tryggja rekstur þjóðleikhússins. — Um brtt. á þskj. 525 er það að segja, að hér er komið inn á allt annað svið en frv. fjallar um, og ég vil mælast til þess við hv. flm., hvort hann væri ekki fáanlegur til þess að taka hana til baka, svo að hún verði ekki til þess að tefja fyrir framgangi málsins. Annars get ég upplýst það, að nú sem stendur er verið að endurskoða l. um skemmtanaskatt, og ef hv. flm. vill verða við þeim tilmælum mínum að taka till. sína aftur, skal ég lofa honum því, að efni hennar mun verða athugað í sambandi við þessa endurskoðun, sem ég áðan gat um.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls gerði ég grein fyrir brtt. minni á þskj. 513. Ég vil þó geta þess, að það vakir ekki fyrir mér að gera neinar efnisbreytingar á þessum lögum. Ég skal þó viðurkenna það, að á fyrri till. minni á þskj. 513 var um nokkra efnisbreytingu að ræða, þar sem farið er fram á að veita ráðh. heimild til að undanþiggja sumar opinberar skemmtanir því að greiða skattinn. — Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta, en ég vil geta þess, að ég hef orðið var við nokkurn misskilning milli mín og hv. þm. í þessu máli, þar sem þeir halda, að ég sé að fara annað en raunverulega er tilgangur minn með þessum till. Það er ekki ætlun mín að draga úr þeim heimildum, sem hér eru veittar, en það kom fram hjá hv. þm. Borgf., að það vekti fyrir mér að kippa einhverjum stoðum undan þessari starfsemi.

Til þess að blanda þessu máli ekki frekar inn í umr. um þetta frv. vegna hins nauma tíma, ætla ég að verða við óskum hæstv. ráðh. og taka till. mína aftur, og það því fremur, sem hann hefur upplýst, að allsherjar rannsókn á skemmtanaskattinum standi nú yfir, og hefur lofað, að sjónarmið mitt í þessu máli verði þar athugað. — Að svo mæltu dreg ég till. mína til baka.

Pétur Ottesen: Hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) hefur tekið aftur till. sína, og ég get vel tekið undir það með honum, að það var engan veginn hans meining að ganga í berhögg við það, sem ég vildi láta standa óhaggað í l. Að vísu hefði ég talið æskilegra, að till. hefðu verið öðruvísi orðaðar.

Ég hef áður nokkuð rætt orðalag þessa frv. og um leið hinar auknu byrðar, sem ríkið tekur á sig með samþykkt þess. Enn fremur hef ég bent á, að í 2. gr. frv. væri farið inn á þá varhugaverðu braut, að ríkið taki á sínar hendur rekstur sinfóníuhljómsveitarinnar. Ég álít það allvarhugavert, að ríkið taki þetta að sér, þar sem mjög mikill halli hefur orðið á starfsemi hennar, og ég tel það ekki gerandi fyrir ríkissjóð að bæta þessu á sig til viðbótar við þær skyldur, sem hann hefur við þjóðleikhúsið. Það er mjög varhugavert fyrir ríkissjóð að taka á sínar herðar hverja stofnunina á fætur annarri, sem reknar eru með halla. Á síðasta þingi var felld till. um 250 þús. kr. framlag til hljómsveitarinnar, og nú á þessu þingi kom fram við 2. umr. fjárl. till. um framlag til hennar, en eins og hv. alþm. vita, var hún tekin aftur.

Ég vil því leyfa mér að bera fram brtt. við þetta frv., þess efnis, að 2. málsgr. 2. gr. falli niður, en þar segir: „Heimilt er ráðherra að greiða helming af tekjum þessum til sinfóníuhljómsveitarinnar.“ Vil ég leyfa mér að afhenda hæstv. forseta þessa skriflegu brtt. mína. Það hefur ekki unnizt tími til þess að prenta hana vegna þess, hve tími er naumur.

Forseti (SB): Hv. þm. hafa heyrt, að fram hefur komið brtt. frá hv. þm. Borgf. Hún er skrifleg og of seint fram komin, og þarf því tvöfaldra afbrigða við.

ATKVGR.
Afbrigði um brtt. (sjá þskj. 730) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Þetta frv. er flutt af menntmn. að ósk hæstv. menntmrh. Það er tekið fram í grg. frv., eins og oft er gert, að nm. hafi óbundnar hendur um að flytja brtt. eða fylgja brtt., er fram kunna að koma.

Þegar þetta mál var til umr. í n., vakti ég athygli á því, að í grg. frv. og þeim skilríkjum, sem til n. hafa borizt, væru engar skýringar á því, hvernig hag sinfóníuhljómsveitarinnar er komið, hver fjáröflun hennar er og hvað starfslið hennar er mikið o. fl. N. hefur borizt skrifleg brtt. frá hv. þm. Borgf. Ég mun því samkvæmt þessu greiða henni atkvæði, þó að ég fylgi málinu að öðru leyti.

ATKVGR.
Brtt. 513 og 525 teknar aftur.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 530 felld með 15:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: AE, ÁB, HelgJ, JG, JS, JörB, PÞ, PO.
nei: ÁÁ, ÁS, BÓ, EOl, EmJ, GTh, GÞG, JóhH, JÁ, KS, SÁ, SG, StJSt, MJ, SB.
GG, HÁ, SkG greiddu ekki atkv.
9 þm. (StgrSt, ÁkJ, EystJ, FJ, IngJ, JPálm, JR, LJós, ÓTh) fjarstaddir.
2.—3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 516 (ný gr., verður 5. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
5. gr. (verður 6. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 532).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 51. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Þorsteinn Þorsteinsson: Sem form. menntmn. vil ég lýsa því yfir, að við höfum átt tal saman í menntmn. um þetta mál, og mér er kunnugt um, að fjórir nm. munu leggja mikla áherzlu á, að það verði samþ. óbreytt, og fimmti nm. mun ekki greiða atkv. gegn því. — Það liggur ekki fyrir beiðni um, að þetta mál fari til n., enda er málið flutt af menntmn. Nd., og óska ég því ekki eftir, að það fari til nefndar.

Á 52. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Þegar fjárlfrv. var til athugunar í fjvn., var rætt um það, hvort taka ætti inn á fjárlög tekjur og gjöld í sambandi við rekstur þjóðleikhússins. Þetta var ekki gert og m. a. vegna þess, að ríkissjóður vildi ekki þannig gefa um það fyrirheit að greiða allan þann kostnað, sem yrði við rekstur hússins, sem mun nú vera um 900 þús. kr. Í sambandi við þetta óskaði n. að fá ýmsar upplýsingar um þjóðleikhúsið, m. a., hvað hæft væri í því, sem breitt hefur verið út, að Anna Borg hafi fengið 70—80 þús. kr. fyrir sína vinnu við þjóðleikhúsið, en Stefano Íslandi hafi ekkert tekið fyrir sína vinnu. Í þessu sambandi vil ég lesa upp bréf það, sem fjvn. barst frá þjóðleikhússtjóra, dags. 29. nóv. 1951. Þar segir meðal annars: „Samkvæmt beiðni leyfi ég mér hér að senda skrá um greiðslur til þeirra söngvara og leikstjóra, sem fengnir voru erlendis frá á þessu ári.“ Í skýrslu þessari kemur í ljós, að Anna Borg hefur fengið fyrir 23 sýningar á heilagri Jóhönnu 25 þús. kr., fyrir 14 sýningar á Ímyndunarveikinni 14 þús. kr., eða samtals 39 þús. kr. fyrir báðar þessar leiksýningar. En auk þess hefur hún fengið greitt upp í ferðakostnað kr. 3824.42 og fyrir uppihald 11200 kr. Stefano Íslandi hefur fengið greiddar fyrir 29 sýningar á Rigoletto 24500 kr. og auk þess 7612 kr. í ferðakostnað og kr. 14903.50 fyrir uppihald. — Else Mühl voru greiddar fyrir 18 sýningar á Rigoletto 9000 kr., í ferðakostnað kr. 4995.10 og í uppihald kr. 5918.75. Else Mühl tekur því helmingi minna fyrir hverja sýningu en Anna Borg og Stefano Íslandi. — Simon Edwardsen hafa verið greiddar fyrir uppsetningu og leikstjórn á 29 sýningum á Rigoletto 18605 kr., í ferðakostnað kr. 7849.55 og í uppihald kr. 12179.55. — Til Evu Berge hafa verið greiddar fyrir 11 sýningar á Rigoletto 4765 kr., í ferðakostnað 3806 kr. og í uppihald kr. 3294.95.

Mér þótti rétt að láta þessar upplýsingar koma hér fram til þess að mótmæla því, sem dreift hefur verið út um bæinn í sambandi við þessar leiksýningar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Mér hefur skilizt, að hér væri mál á ferðinni, sem ætti að tryggja rekstur og afkomu þjóðleikhússins. Þess er full þörf, og er ekki úr vegi, að veitt sé fé til þessarar menningarstofnunar. Fyrr í dag mæltist ég til þess við hæstv. forseta, að reynt yrði að sjá svo til, að sá hæstv. ráðh., sem þessi stofnun heyrir undir og þessi mál, yrði hér viðstaddur, svo að ég gæti beint til hans nokkrum spurningum. Ég sé nú, að hæstv. ráðh. er hér ekki, en ég hef haft löngun til að óska honum til hamingju með árangurinn, sem felst í þessu frv., með það, að fyrir það er staðfestur fjárhagur þessarar stofnunar, og að óska honum til hamingju — með gæsalöppum — með þann sparnað, sem mér hefur borizt til eyrna, að forstjóri þjóðleikhússins hafi gert á rekstri leikhússins nú nýlega, og hefur verið gert opinbert á síðustu vikum. En ef nauðsyn hefur verið á að koma á sparnaði í rekstri þessarar stofnunar, þá hefði nú verið þess að vænta, að ekki hefði verið ráðizt á garðinn, þar sem hann er lægstur. Mér hefur verið sagt, að þær konur, sem tækju á móti fötum í fatageymslu leikhússins, væru 8 talsins, en þær skiptu með sér verkum á þann veg, að þrjár mættu til skiptis, þegar sýningar eru. Kaup það, sem þeim hefur verið greitt fyrir þessa þjónustu, hefur verið 30 kr. fyrir kvöldið í grunnlaun. Þessi þjónusta er unnin á tímabilinu frá kl. 8—12 að kvöldinu og er því eftirvinna. En nú skal greina frá, hversu forsjál þjóðleikhússtjórnin er í sparnaðarviðleitni sinni. Í stað þriggja fatagæzlukvenna að kvöldinu skulu nú vera tvær. Hinar konurnar skulu svo sitja heima, og að auki er þeim svo tilkynnt sem jólagjöf, að kaup þeirra frá nýári skuli ekki lengur vera 30 kr. í grunnlaun, heldur lækka niður í 25 kr. í grunnlaun. Ég hefði viljað fá að heyra af vörum þess hæstv. ráðh., sem þessi mál heyra undir, hvort svona verknaður sé gerður með vitund og samþykki ríkisstj. Þetta er svo bágborin aðferð, að ég tel ólíklegt, að ríkisstj. mundi vilja vita af slíkum vinnubrögðum. — Það er gott, að nú kemur hér einn ráðh., þótt ég geri ekki ráð fyrir, að hæstv. landbrh. muni vita um þetta, en ég hafði óskað þess, að hæstv. menntmrh. yrði hér viðstaddur, er ég flytti þessa ræðu. Ég endurtek, að ég tel mjög ólíklegt, að hæstv. ríkisstj. mundi vilja af því vita, að slíkum aðferðum sé beitt í stofnunum ríkisins sem hér hefur orðið raunin á. Mér er sagt, að ráðningarsamningar leikara og annars starfsfólks þjóðleikhússins séu þannig gerðir, að þeim verði ekkert haggað, og verður útkoman því ekki beysin af þessum sparnaði, ef rétt er farið með við mig, að skorið sé niður kaup 8 fatagæzlukvenna og minnkuð atvinna þess fólksins, sem hefur ekki í annan stað að venda. — Ég vildi ekki láta þessu athæfi ómótmælt. Það þætti ekki beysinn einkaatvinnurekandi, sem réðist með slíkum hætti á þá allra varnarminnstu, sem hefðu afkomu sína af atvinnurekstrinum, en hefði annað á háum hún í útgjöldum fyrirtækisins. Ég vil því af þessum sökum skjóta því til þess hæstv. ráðh., sem hér er viðstaddur nú, að hann leitist við að beita áhrifum sínum í ríkisstj. til þess að fá þetta óréttlæti leiðrétt, — að leiðrétting verði fengin á þessum niðurskurði, sem hér hefur átt sér stað. Sem sparnaðarráðstöfun hefur þetta ekki hina minnstu þýðingu, en það er með öllu ómaklegt, og það er ömurlegt, að svona aðferðir gegn þessum konum geti átt sér stað í stofnunum ríkisins.

Forseti (BSt): Út af fjarvist hæstv. menntmrh. vil ég upplýsa, að ég gerði það, sem í mínu valdi stóð, til þess að reyna að koma boðum til hans, einnig gegnum síma, en það tókst ekki.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Eins og hv. þm. Vestm. sagði í ræðu sinni, þá heyrir þjóðleikhúsið ekki undir mig. Hins vegar get ég fullyrt, að mál þetta hefur ekki verið til afgreiðslu í ríkisstj., og hef ég ekki heyrt um þetta fyrr. Ég spurði hæstv. fjmrh., hvort hann hefði nokkuð heyrt um þetta mál, en hann kvaðst ekki annað hafa heyrt en það, að hæstv. menntmrh. hefði skrifað bréf til þjóðleikhússtjóra og farið þess á leit við hann, að hann gerði allt sem hægt væri til þess að koma á sparnaði í rekstri leikhússins. Það má telja mjög ósennilegt, að hæstv. ráðh. hafi hlutazt nokkuð til um það, á hvaða rekstrarliðum ætti að spara. Ég geng út frá því, að það, sem hv. þm. talaði um, verði tekið til athugunar, og mun ég bera hæstv. menntmrh. þau boð, sem ræða hans fjallaði um.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vona, að hv. þm. Vestm. tali hér sem fulltrúi Sjálfstfl. og það megi eiga það vist, að stólfótabardagi sá, sem var í Templarahúsinu, eigi sér aldrei stað aftur.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja, en ég vil þakka hæstv. landbrh. fyrir þau ummæli, að hann komi vísbendingu áleiðis til kollega síns varðandi þessa aðför í þjóðleikhúsinu. — Hins vegar væri það gott, ef hæstv. forseti gæfi hv. 1. þm. N-M. (PZ) áminningu um að tala þannig, að hann skildist.

Forseti (BSt): Ég get nú ekki tekið að mér að sjá um, hvernig menn haga ræðum sínum.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 534).

46. Sala Múlasels og Hróastaða.

Á 16. fundi í Nd., 22. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja þjóðjörðina Múlasel í Mýrasýslu [72. mál] (þmfrv., A. 102).

Á 18. fundi í Nd., 25. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Andrés Eyjólfsson): Herra forseti. Það þarf ekki mörg orð til þess að skýra þetta frv., það liggur alveg ljóst fyrir. Það er flutt eftir beiðni ábúandans á Helgastöðum um, að hann geti átt kost á að kaupa jörðina Múlasel, sem hefur verið í eyði í nokkur ár. Þetta er mjög lítil jörð, sem enginn sómi hefur verið sýndur um langa hríð. Túnið er lítið og þýft og byggingar nálega engar á jörðinni. Á Helgastöðum hefur verið búið af miklum dugnaði og ræktun aukin, en þar skortir meira beitiland fyrir búpening, en beitiland er talið vera í Múlaseli, og gæti þá ábúandi Helgastaða aukið bústofn sinn. Þess vegna óskar ábúandinn, að ríkisstj. sé veitt heimild til að selja þessa jörð og hann verði kaupandi hennar. — Frv. fylgir álit frá hreppstjóra Hraunhrepps og annað frá hreppsnefnd Hraunhrepps, og bæði eru því meðmælt, að þessi heimild verði gefin og ábúandinn geti fengið þessa jörð keypta. Þetta er flutt vegna beiðni ábúandans, sem er orðinn aldraður, en sonur hans, Friðjón, sem er um tuttugu ára, hugsar sér að halda áfram búskap á jörðinni.

Ég vona, að þingdeildin taki þessu máli vel og vísi málinu að umr. lokinni til landbn. Þessi mál hafa venjulega legið fyrir landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 102, n. 220).

Frsm. (Andrés Eyjólfsson): Herra forseti. Frv. þetta er um það að selja eyðijörðina Múlasel í Mýrasýslu Gísla Jónssyni bónda á Helgastöðum í sama hreppi. Með frv. fylgdu umsagnir umboðsmanns kirkjujarðarinnar Múlasels og meiri hluta hreppsnefndar Hraunhrepps, eða fjögurra hreppsnefndarmanna af fimm.

Landbn. tók þetta mál til athugunar og óskaði síðan eftir umsögnum um það frá landnámsstjóra og dóms- og kirkjumrn. Svör bárust frá báðum aðilum og voru mjög á sama veg og umsagnir hreppsnefndarinnar og umboðsmanns, að heppilegast væri að sameina þessar tvær jarðir og að Múlasel væri svo lítil jörð, að það mundi tæplega vera hægt að reka á henni sjálfstæðan búskap. Eftir að þetta mál var borið fram hér á þinginu, barst umsögn fimmta hreppsnefndarmannsins í Hraunhreppi. Leggur hann á móti því, að jörðin verði seld, og aðalrök hans í málinu eru þau, að þarna sé um að ræða allmikið skóglendi, sem ríkið gæti tekið til sinna nota síðar. Einnig barst n. umsögn skógarvarðarins á Vesturlandi, þar sem hann telur, að þarna sé aðeins um kjarrskóg að ræða, og muni ríkið varla fara að sækjast eftir landinu til skógræktar.

Landbn. hefur athugað frv. á tveim eða þrem fundum, og fékk hún landnámsstjóra til að mæta á einum fundinum, og staðfesti hann þar sína fyrri umsögn svo og það, að lýsing jarðarinnar, eins og hún kom frá hreppsnefnd Hraunhrepps, væri rétt og jörðin mundi tæplega verða byggð, þar sem hún væri fremur illa fallin til ræktunar og engjar litlar og lélegar. Landbn. er öll þeirrar skoðunar, að það beri frekar að fjölga býlum en fækka þeim, en eftir að hafa athugað allar aðstæður í sambandi við þetta mál, taldi hún þó rétt, að þessar tvær jarðir yrðu sameinaðar, því að með því gætu skapazt möguleikar fyrir tvö býli á Helgastöðum, en þá jörð, sem er fjallajörð, skortir beitiland, og þar mun fyrst og fremst verða um sauðfjárbúskap að ræða. Því varð það niðurstaða n. að leggja til, að frv. yrði samþykkt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 31. fundi í Nd., 22. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18:2 atkv.

2. gr. samþ. með 17:2 atkv.

Brtt. 220 samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18:1 atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja kirkjujörðina Múlasel í Mýrasýslu.

Á 33., 34. og 35. fundi í Nd., 26., 27. og 29. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36. fundi í Nd., 4. des., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 251, 252, 261, 275).

Frsm. (Andrés Eyjólfsson): Herra forseti. Um frv. sjálft er nú ekkert nýtt að segja fram yfir það, sem kom fram í nál. um frv. En eftir að það var gert, hafa komið fram þrjár brtt. við frv. Landbn. hefur athugað þær brtt. allrækilega. Þessar brtt. eru hér á þskj. 261, frá hv. þm. N-Þ., og á þskj. 252 og 275, frá hv. þingmönnum Rang. Um þessar brtt., sem n. hefur athugað allrækilega, vill hún segja það, að hún getur mælt með brtt. á þskj. 261, frá hv. þm. N-Þ. Hreppsnefndin þar hefur einróma mælt með því, að þessi heimild yrði veitt. Og n. hefur talað við landnámsstjóra, sem einnig hefur lagt til, að þessi brtt. verði samþ. — Um hinar tvær brtt. er það að segja, að það vantar upplýsingar enn þá til n., til þess að hún geti mælt með þeim, og það er ósk n., að hv. flm. vildu taka þær aftur nú við þessa umr. og þá annaðhvort bera þær fram sér í frv.-formi eða a. m. k. fresta þeim á einhvern hátt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 37. fundi í Nd., 6. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 261 samþ. með 17:2 atkv.

— 252 og 275 teknar aftur.

Frv., svo breytt, samþ. með 19:2 atkv. og afgr. til Ed., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að

selja kirkjujörðina Múlasel í Mýrasýslu og Hróastaði í Norður-Þingeyjarsýslu.

Á 39. fundi í Ed., 7. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 359).

Á 40. fundi í Ed., 10. des., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 46. og 47. fundi í Ed., 17. og 18. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Ed., 4. jan., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 359, n. 426).

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Í fjarveru frsm. landbn. get ég tekið að mér að hafa framsögu í þessu máli og skal fara um það nokkrum orðum.

Eins og sjá má á nál., hefur n. orðið sammála um afgreiðslu málsins og leggur til, að það verði samþ. Jörðin Múlasel er eyðijörð, og samkvæmt umsögn Pálma Einarssonar landnámsstjóra eru ræktunarskilyrði heima fyrir mjög erfið, en með sameiningu þessara tveggja jarða, Múlasels og Helgastaða, verður hins vegar afkoma tveggja bænda á Helgastöðum betur tryggð. Helgastaðir gætu látið í té túnræktaraðstöðu, en Múlasel gæfi beitaraðstöðu. Það er skoðun n., að frekar skuli leitazt við að fjölga nýbýlum í landinu, en þar eð svo er háttað með þessa jörð, mun afkomu allri af búskap á henni verða betur borgið með því að sameina hana Helgastöðum og skipta síðan jörðinni í tvö býli.

Þetta mál var allmikið rætt í Nd., en ég sé ekki ástæðu til að fara um það fleiri orðum, en endurtek það, að landbn. þessarar hv. d. leggur einróma til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 7. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 544).

47. Heimilishjálp í viðlögum.

Á 5. fundi í Ed., 9. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um forfallahjálp húsmæðra [37. mál] (þmfrv., A. 41).

Á 10. fundi í Ed., 11. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir og prentað er á þskj. 41, var borið fram á síðasta þingi, en því lyktaði svo, að það náði ekki afgreiðslu. Hins vegar hafði heilbr.- og félmn. unnizt tími til þess að gefa út nál. Það var að vísu ekki samhljóða, en var mjög vinsamlegt hvað varðar þann hluta n., sem ekki vildi afgr. málið sem lög á því þingi. Þær till., sem felast nú í frv., eru í samræmi við það, sem meiri hl. heilbr.- og félmn. lagði til í nál. Hér er um heimildarlög að ræða, þar sem sveitarstjórnum og sýslunefndum er gefin heimild til þess að koma á fót og reka forfallahjálp til húsmæðra, þannig, að forfallahjálpin geti haft á sínum vegum konur til þess að koma á heimilin, þegar svo háttar, að húsmóðirin getur ekki sinnt störfum sínum vegna sjúkdóms eða sængurlegu. Þá er gert ráð fyrir, að félmrn. setji með sérstakri reglugerð reglur um starfssvið þeirra kvenna, sem gegna forfallahjálp.

Þetta mál er nýmæli í löggjöf. Það hefur ekki enn náð fótfestu, en hefur þó verið reynt nokkuð, en sá styrkur, sem með hefur þurft, hefur ekki verið bak við það, til þess að þessi aðstoð gæti haldið áfram. Þessari hjálp til heimilanna undir erfiðum kringumstæðum mun verða bezt borgið með því að fela sveitarfélögum að starfrækja slíka hjálparstarfsemi og halda heimilinu í horfinu, en með því móti einu er það tryggt í mörgum tilfellum, að starfskraftar fyrirvinnu heimilisins haldist óskertir.

Ég skal nú ekki fjölyrða um þetta. Frá því að málið var borið fram hér fyrst í þáltill., þá er þetta ekki í fyrsta skipti, sem þessu er hreyft hér á Alþ., og vænti ég þess, að þeim, sem vilja á annað borð kynna sér málið, sé þegar orðið það kunnugt. — Leyfi ég mér svo að mælast til þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 11 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Ed., 5. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 41, n. 154).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. var til umr. hér í d. á síðasta Alþ., og var þá lagt til, að því yrði vísað frá til frekari undirbúnings, samkv. till. frá minni hl. n., en umr. varð ekki lokið. Heilbr.- og félmn. hafði þetta mál til meðferðar einnig í fyrra og hefur nú kynnt sér málið á ný og var sammála um, að þetta mál væri svo mikils virði, að það

væri rétt að láta það ganga fram á þessu þingi. Það er ljóst, að atvinnuháttum Íslendinga er nú svo komið, að viðhorf og aðstaða á heimilum er allt önnur en hún var fyrir hálfri öld, þar sem heimilin gátu valið úr vinnuafli svo að segja eins og þau vildu. Nú er svo komið, að á heimilunum, bæði í bæjum og sveitum, er oft ekki annað en húsmóðirin sjálf með mismunandi stóran barnahóp, sem verður að hafa heimilisstörfin með höndum, og forfallist hún vegna veikinda eða fjarveru, þá er sýnilegt, hvaða voði steðjar að slíku heimili og þá sérstaklega, ef einnig eru á heimilinu gamalmenni, misjafnlega heilsugóð. Einkum er þetta þó tilfinnanlegt, ef slíkt ástand er í sveitum, sem eru strjálbýlar, og erfitt er að leita hjálpar. Þess vegna leggur n. einróma til, að þetta mál nái fram að ganga, en þó með þeim breyt., sem prentaðar eru á þskj. 154.

Fyrsta breyt. n. er sú, að hún leggur til, að meginefni 1. og 3. gr. frv. verði dregið saman í eina grein og 1. mgr. þeirrar gr. orðist svo: „Sveitarstjórnum og sýslunefndum er heimilt að ákveða, að setja skuli á fót í umdæmum þeirra heimilishjálp í viðlögum samkvæmt lögum þessum.“ Meginefni þessarar málsgr. er tekið upp úr 1. gr. frv. — Síðan heldur 1. liður brtt. áfram: „Hlutverk hennar er að veita hjálp á heimilum, þegar sannað er með vottorði læknis eða ljósmóður eða á annan hátt, sem aðilar taka gilt, að hjálparinnar sé þörf um stundarsakir vegna sjúkdóma, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum, sem kunna að setja heimili í hættu.“ Þessi málsgr. er aftur meginefni 3. gr. frv., sem lagt er til að verði sameinuð 1. gr. frv. í eina grein, og er þar nokkru nánar skilgreint, hver tilgangur þessara laga er. Í 3. gr. frv. er talað um, að hjálp skuli veita húsmæðrum á heimilum þeirra, þegar þess sé þörf um stundarsakir vegna sjúkdóms eða sængurlegu, en hér í brtt. er gert ráð fyrir, að þörfin geti einnig verið vegna slysa eða dauðsfalla eða annarra óviðráðanlegra ástæðna. N. var sem sagt sammála um að orða 1. gr. þannig.

Þá hefur n. gert breyt. við 2. gr. og leggur til, að í stað orðanna „skuli tekin upp forfallahjálp til húsmæðra“ komi: skuli komið á fót heimilishjálp í viðlögum. — Þarna er aðeins um að ræða orðalagsbreytingu.

3. till. n. er um það, að 3. gr. frv. skuli falla niður, og er það eðlilegt, þar sem efni hennar yrði þá tekið upp í 1. gr. — Við 4. gr. hefur n. gert lítils háttar orðalagsbreyt.

Við 5. gr., sem verður 4. gr., gerði n. nokkra breyt. Hún leggur til, að gr. orðist þannig: „Heimilishjálp veitist gegn endurgjaldi samkvæmt gjaldskrá, er sveitarstjórn eða sýslunefnd setur og ráðherra staðfestir. Heimilt er sveitarstjórn eða sýslunefnd að gefa eftir hluta af greiðslu fyrir veitta heimilishjálp eða fella greiðslu alveg niður, þegar efnalítið fólk á í hlut eða aðrar sérstakar ástæður til slíkrar ívilnunar eru fyrir hendi. Þetta er aðalefni 5. gr. frv. með nokkrum breyt., en síðasta mgr. 5. gr., sem fjallar um það, hvað gera skuli, ef ágreiningur yrði um, hvort hjálpina skuli veita eða ekki, er felld niður, en n. þótti ekki ástæða til að hafa það ákvæði í gr. eftir þá breyt., sem hún hafði gert á henni.

Við 6. gr., sem verður 5. gr., gerði n. lítils háttar breyt. Hún leggur til, að greinin orðist svo: „Heimilt er sveitarfélögum að gera með sér samning um sameiginlega heimilishjálp í umdæmum sínum.“ Í frv. er gr. orðuð þannig: „Heimilt er sýslufélögum og sveitarfélögum, tveimur eða fleiri saman, að gera með sér samning um sameiginlega forfallahjálp húsmæðra í umdæmum sínum.“ N. þótti heppilegra að gera þessa breyt. á gr.

Við 7. gr., sem verður 6. gr., er um nokkra breyt. að ræða. N. leggur til, að gr. hljóði þannig: „Á þeim tíma, sem húsmæðraskólarnir starfa, skulu þeir halda uppi kennslu, ef húsrúm og aðrar aðstæður leyfa, til leiðbeiningar konum, sem taka vilja að sér að stunda heimilishjálp samkvæmt lögum þessum. Fer um kostnað við kennslu í þeim greinum á sama hátt og annan rekstrarkostnað húsmæðraskólanna.“ Í frv. er ætlazt til, að efnt verði til sérstakra námskeiða í þessu skyni og ríkissjóður greiði kostnað við þessi námskeið að nokkru leyti. N. leit svo á, að þessari kennslu mætti koma fyrir í sambandi við skólastarfsemina á hentugan hátt. M. a. er það vitað, að kvennaskólar hér í Reykjavík hafa yfir kennslutímann efnt til námskeiða fyrir konur, sem vildu læra matreiðslu. Á þennan hátt mundu námskeiðin verða ódýrari og koma að sömu notum, og það þótti eðlilegt, að staðið yrði undir kostnaðinum á sama hátt og rekstrarkostnaði húsmæðraskólanna.

8. gr. frv. leggur n. til, að felld verði niður, en hún fjallar um sérstaka reglugerð um starfskjör þeirra kvenna, sem taka að sér heimilisstörfin í forföllum húsmæðra. Þetta ákvæði kemur fram fyrr í frv., þar sem kveðið er á um, að sveitarfélögin skuli setja sérstaka reglugerð til framkvæmdar þessu máli og fá staðfestingu félmrn. á henni, og þarf því ekki að taka þetta fram í nýrri gr.

Við 9. gr., sem verður 7. gr., hefur n. gert allmiklar breyt. Hún leggur til, að fyrsta málsgr. þeirrar gr. hljóði þannig: „Ríkissjóður endurgreiðir ⅓ hluta af halla þeim, sem sveitarsjóðir og sýslusjóðir kunna að verða fyrir af starfsemi heimilishjálpar, þó eigi yfir 100 þús. kr. á ári.“ Það er alveg ókunnugt um það, hve mikinn kostnað framkvæmd þessara laga hefði í för með sér. Það fer bæði eftir því, hvað þessi starfsemi verður tekin upp víða og hvað þarf að gefa eftir af greiðslum, sem heimilin eiga sjálf að greiða. Skoðun n. var sú, að fyrst um sinn mundi halli af þessari starfsemi ekki verða meiri en svo, að 100 þús. kr. framlag ríkissjóðs mundi nægja til að greiða ⅓ hluta hans, og auk þess væri rétt að kveða á um hámark þessa framlags. Það kann að vera, að reynslan sýni, að þessari gr. þurfi að breyta seinna, en um þetta hámark varð samkomulag í n., og það var rætt um þetta við fjmrh., sem féllst á þessa breyt. fyrir sitt leyti og kvað mundu vera hægt að taka þessa upphæð inn í fjárlög þau, sem nú liggja fyrir, ef þetta mál næði

fram að ganga. — Seinni hluti gr. hljóðar svo: „Þegar reikningar hvers starfsárs eru að fullu uppgerðir og endurskoðaðir, skal senda þá til félmrn., sem úrskurðar hluta ríkissjóðs til greiðslu á hallarekstri sveitarfélaganna. Nægi ekki framlag ríkissjóðs samkvæmt fyrirmælum þessara laga til þess að greiða að fullu ⅓ hluta af sameiginlegum rekstrarhalla sveitarfélaganna, ber að greiða sveitarfélögunum hallann hlutfallslega miðað við framlagið.“ Það þótti rétt að taka þetta fram, svo að sveitarfélögunum yrði ekki misgert í þessu efni.

Þá leggur n. til, að 10. gr. falli niður. Sú gr. hljóðar þannig: „Félmrh. er heimilt að fela sérstökum ráðunaut að leiðbeina sveitarstjórnum og sýslunefndum við að setja á stofn forfallahjálp húsmæðra og hafa eftirlit með starfsemi þessari, þar með talin námskeið þau, sem í 7. gr. getur.“ N. leit svo á, að fyrst um sinn a. m. k. væri ekki ástæða til að stofna nýtt embætti í þessu skyni. Það mundi hafa í för með sér töluverðan kostnað, en vafasamt, hversu brýn þörfin væri. Þetta væru heimildarlög, og væri því rétt að bíða og sjá, hvernig þetta mál færi af stað, og mætti þá að fenginni reynslu breyta l., ef þörf þætti á.

11. brtt. n. er svo sú, að fyrirsögninni verði breytt og frv. heiti: Frv. til laga um heimilishjálp í viðlögum. — Þetta þótti heppilegra orðalag, og var n. sammála um að taka það upp.

Ég skal svo enda mína framsöguræðu með því að taka fram, að það var enginn ágreiningur innan n. um þau atriði, sem ég hef hér drepið á, og hún væntir þess, að d. samþ. frv. endanlega með þeim breyt., sem ég hef nú gert grein fyrir.

Rannveig Þorsteinsdóttir: Herra forseti. Ég vil nota tækifærið hér við þessa umr. og þakka samstarfsmönnum mínum í heilbr.- og félmn. fyrir afgreiðslu þessa máls. Og ég vil undirstrika það, sem hv. frsm. n. sagði, að um málið var enginn ágreiningur í n. Það kann að virðast, að breyt. þær, sem n. hefur gert á frv., séu allvíðtækar. Þó er hér að mestu leyti um að ræða tilfærslur í greinum og formsbreytingar, og ég sem flm. frv. tel þær vera nokkuð til bóta og get fellt mig við þær með tilliti til þess, að hér er um nýmæli og heimildarlög að ræða og ástæða til fyrir Alþ. að leita fyrir sér um það, hvernig þetta gefst í framkvæmdinni, áður en þessu máli er skapað fast og ófrávíkjanlegt form. Ég endurtek því, að ég *er algerlega ánægð með þessa afgreiðslu* málsins, — nema kannske eitt lítið atriði, sem ég vildi hafa öðruvísi, — ef d. samþ. þessar till. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

ATKVGR.
Brtt. 154,1 (ný 1. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
— 154,2 samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 154,3 (3. gr. fellur niður) samþ. með 9 shlj. atkv.
— 154,4 (ný 4. gr., verður 3. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 154,5 (ný 5. gr., verður 4. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
— 154,6 (ný 6. gr., verður 5. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
— 154,7 (ný 7. gr., verður 6. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
— 154,8 (8. gr. fellur niður) samþ. með 9 shlj. atkv.
— 154,9 (ný 9. gr., verður 7. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
— 154,10 (10. gr. fellur niður) samþ. með 9 shlj. atkv.
11. gr. (verður 8. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 154,11 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um heimilishjálp í viðlögum.

Á 26. fundi í Ed., 7. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 170).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég vil benda á, að n. hefur lagt til, að orðið „óviðráðanlegum“ í síðari málsl. 1. gr. falli niður. Ég hef rætt þetta við hv. flm. frv., sem hefur orðið samþykk þessari breytingu. Ég leyfi mér því að afhenda forseta þessa skriflegu brtt. við 1. gr. frv.

Forseti (BSt): Þessi brtt. er skrifleg og of seint fram komin, og þarf því tvöföld afbrigði fyrir henni, og mun þeirra nú verða leitað.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 181) leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 181 samþ. með 11 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 13. fundi í Sþ., 8. nóv., var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 182).
Á 26. fundi í Nd., 12. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 28. fundi í Nd., 15. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 20 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 36. fundi í Nd., 4. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 182, n. 260).

Frsm. (Kristín Sigurðardóttir): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft málið til athugunar. Hún leggur til, að frv. verði samþ. með tveimur smábreyt., sem eru á þskj. 260. Þessar breyt. breyta frv. eiginlega ekki neitt.

Fyrri brtt., við 1. gr. frv., er um, að síðasta setningin falli burt, orðin „sem kunna að setja heimili í hættu“. Mér finnst, að allt, sem þarf að taka fram, komi fram í gr., og setningin er því til óprýði. — Seinni breyt. er við 7. gr., um að 2. málsgr. umorðist þannig: „Reikningar skulu árlega sendir félmrn., er þeir hafa verið endurskoðaðir. Ráðuneytið ákveður endurgreiðslu ríkissjóðs á hluta af rekstrarhalla sveitarfélaganna vegna heimilishjálpar. Nægi ekki framlag ríkissjóðs samkvæmt fyrirmælum þessara l. til að greiða að fullu ⅓ hluta af sameiginlegum rekstrarhalla sveitarfélaganna vegna þessarar starfsemi, ber að endurgreiða sveitarfélögunum hallann hlutfallslega miðað við framlög þeirra.“ N. fannst það að taka fram, að rekstrarhalla sveitarfélaganna vegna þessa starfs ætti að greiða, ekki nógu skýrt í frv.

Frv. þetta er komið frá Ed., og er allt tekið fram, sem þarf að taka fram, í grg. með því. Ég vil svo að lokum óska þess fyrir hönd n., að hv. d. sjái sér fært að samþ. þetta frv.

ATKVGR.
Brtt. 260,1 samþ. með 20 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 260,2 samþ. með 20 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 341).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 38. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 39. fundi í Ed., 7. des., var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég ætlaði, þegar frv. væri til umr., að mótmæla þeirri breytingu að takmarka framlag ríkisins. Úr því að ríkið á annað borð er að leggja fram fé til þessa, verður það að koma að einhverju gagni. En með frv. svona breyttu er aðeins verið að leggja fyrir sveitarfélögin fjárhagslega gildru. Fyrst verið er að bjóða fram fé ríkisins, verður að vera svo um hnútana búið, að það verði ekki þeim, sem eiga að njóta þess, til byrði. En framlag ríkisins eins og gert er ráð fyrir með þessari takmörkun verður öllum sveitarfélögum á landinu harla lítils virði. Þess vegna vildi ég flytja þá brtt., að takmarkanirnar, sem eru í 7. gr., falli niður, og óska að fá tíma til að semja till. um það.

Frsm. (Gísli Jónsson): Út af aths. frá hæstv. dómsmrh. vil ég taka það fram, að þetta atriði var rætt við hæstv. fjmrh. og að hér er aðeins um heimild að ræða. Sveitarfélögin eru því ekki neydd til að stofna sér í þessa fjárhagsáhættu. Hins vegar er ég samþykkur því, að hæstv. ráðh. fái tíma til að semja brtt.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Ég vil leyfa mér að bera fram þá brtt., sem ég hef afhent hæstv. forseta. Ég skil það vel, að hæstv. fjmrh. er andvígur þessari till., en þá er hér aðeins um sýndarfrv. að ræða. Það er þá verið að leyfa sveitarfélögunum það, sem þau mega gera án þessa frv. Þeir, sem vilja, að frv. komi að gagni, hljóta að vera með þessari brtt. Væri annars nær að segja, að fjárhagur ríkisins leyfði ekki, að þetta góða hugsjónamál næði fram að ganga.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt svo hljóðandi brtt. frá hæstv. dómsmrh. (BBen):
„Við 7. gr.
1. Orðin „þó eigi yfir 100 þúsund krónur á ári“ í 1. málsgr. falli niður.
2. Síðasti málsl. 2. málsgr. falli niður.“
Brtt. er skrifleg og of seint fram komin, og þarf því tvöföld afbrigði.

ATKVGR.
Afbrigði um brtt. (sjá þskj. 368) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Ég skil vel það sjónarmið, sem kemur fram hjá hæstv. dómsmrh., enda var það mjög rætt í n. Nefndin var sammála um þetta eins og það var afgreitt. En vegna þeirrar brtt., sem fram er komin, óska ég eftir því fyrir hönd n., að málið verði tekið af dagskrá og umr. frestað.

Umr. frestað.
Á 40., 47. og 54. fundi í Ed., 10. og 18. des., 4. jan., var frv. tekið til frh. einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 55. fundi í Ed., 7. jan., var fram haldið einni umr. um frv. (A. 341, 368).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Þegar þetta mál var síðast til umr., kom fram brtt. á þskj. 368 frá hæstv. dómsmrh. við 7. gr., þar sem lagt er til, að orðin „þó eigi yfir 100 þús. kr. á ári“ falli niður og einnig að síðasti málsl. 2. málsgr. falli niður. N. hefur athugað þessa till. og ég rætt hana við hæstv. fjmrh., og vorum við sammála um, að ekkert væri á móti því, að till. væri samþ. Hv. flm. taldi ekki ástæðu til að samþ. till. og óttaðist, að málið mundi falla, ef það færi milli deilda. Málið er borið þannig fram fyrst og þetta sett til að takmarka kostnaðinn, en eftir nánari athugun kom í ljós, að það er ekkert því til fyrirstöðu að fella þetta ákvæði niður, og mun verða nógur tími, þó að málið þurfi að fara milli deilda.

Rannveig Þorsteinsdóttir: Herra forseti. Ég vil aðeins sem flm. gera grein fyrir minni afstöðu. Eins og mönnum er kunnugt, var málið

borið fram í þeirri mynd, sem það mundi verða í, ef brtt. hæstv. dómsmrh. verður samþ. Hins vegar kom þessi breyt. inn í sem varúðarráðstöfun vegna kostnaðar. Form. fjvn. vildi þá stilla kostnaðinum í hóf, og var fallizt á það. Nú þykir mér eðlilegt, þar sem hæstv. dómsmrh. hefur svo mörgu að sinna, að hann hafi ekki tekið eftir þessu, þegar það kom frá n. á sínum tíma, og ef hann telur, að málið sé ekki í hættu, þó að það þurfi að fara í gegnum eina umr. í Nd., af því að till. hans kemur svo seint fram, mun ég fallast á að samþ. till., enda er hún í samræmi við óskir mínar í byrjun. Ég lít þá svo á, að þessi brtt. ráðh. komi af því, að hann hafi ekki athugað að koma með hana þá, og þar sem ekki er eftir nema ein umr. í Nd. og málið sé því ekki í hættu, þó að þessi brtt. sé samþ., — í því trausti mun ég greiða þessari till. atkvæði.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Ég þakka góðar undirtektir, sem þessi brtt. hefur fengið í d. Það er rétt, að þetta atriði, sem hv. 8. þm. Reykv. gat um, fór fram hjá mér sökum vangæzlu. Hins vegar ætti þetta ekki að þurfa að koma að sök, vegna þess að það er nógur tími fyrir hv. Nd. til þess að taka afstöðu til málsins. Það var þar aðeins eitt mál á dagskrá í dag, og er augljóst, að auðvelt er tímans vegna fyrir Nd. að taka málið fyrir alveg á næstunni. Ég legg svo til, að brtt. og frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
Brtt. 368 samþ. með 11 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 30. fundi í Sþ., 9. jan., var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 552).
Á 55. fundi í Nd., 10. jan., var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Forseti (SB): Það hefur borizt till. um, að frv. þessu, sem hefur verið breytt nokkuð í Ed., verði að nýju vísað til heilbr.- og félmn. til nánari athugunar.

ATKVGR.
Till. um að vísa frv. til heilbr.- og félmn. samþ. með 14:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KS, PO, SG, StJSt, MJ, StgrSt, ÁÁ, ÁS, EmJ, GTh, IngJ, JPálm, JS, SB.
nei: JörB, PÞ, SkG, AE, ÁB, EOl, GG, HÁ, HelgJ, JG, JÁ.
9 þm. (JR, LJós, ÓTh, SÁ, ÁkJ, BÓ, EystJ, GÞG, JóhH) fjarstaddir.

Umr. frestað.
Á 56. fundi í Nd., 11. jan., var fram haldið einni umr. um frv.

Frsm. (Kristín Sigurðardóttir): Herra forseti. Þetta frv. um heimilishjálp í viðlögum er komið til Nd. aftur frá Ed., þar sem því var breytt. Breytingin er fólgin í 7. gr., þar sem áður var gert ráð fyrir, að ríkissjóður greiddi ⅓ af þeim halla, sem kynni að verða, en þó mætti það aldrei fara fram úr 100 þúsundum. Ed. hefur nú numið burt þetta 100 þús. kr. takmark, og þess vegna hefur málinu verið vísað til heilbr.- og félmn. N. hefur athugað málið og samþ. að mæla með því, að frv. verði samþ. eins og það er nú.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 586).

---

48. Jarðræktarlög.

Á 20. fundi í Nd., 30. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950 [87. mál] (þmfrv., A. 142).

Á 21. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 22. fundi í Nd., 5. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Helgi Jónasson): Þetta frv. á þskj. 142 fjallar um breytingu á II. kafla jarðræktarlaganna, 11. gr., þess efnis, að á eftir VII. c. komi nýr stafliður, þannig: „d. Geymsluhús fyrir garðávexti, enda séu þau svo vönduð, að þar sé örugg vetrargeymsla fyrir vörurnar, kr. 3.00 pr. m^3.“
Þetta frv. er flutt vegna þess, að skortur á kartöflu- og grænmetisgeymslum er farinn að hafa veruleg áhrif í þá átt að draga úr framleiðslunni, þar sem bændur hafa ekki nægar og góðar geymslur fyrir þessar vörur og Grænmetisverzlun ríkisins hefur ekki getað tekið á móti því magni, sem boðið hefur verið fram. Þessar geymslur eru engu ónauðsynlegri en hlöður og heygeymslur, og virðist eðlilegt að styrkja þær á svipaðan hátt. — Ég þarf svo ekki að tala frekar um þetta, en vona, að frv. verði vel tekið og það samþ.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til landbn. með 19 shlj. atkv.

Á 33., 34. og 35. fundi í Nd., 26., 27. og 29. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 36. fundi í Nd., 4. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 142, n. 248).

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Þetta frv. hefur legið hjá landbn., og eftir að hafa leitað umsagnar framleiðsluráðs, hefur n. orðið ásátt um að mæla með því, að frv. verði samþ.
Það skal tekið fram, að sá dráttur, sem orðið hefur á málinu, stafar af því, að í undirbúningi

er frv., sem er stærra í sniðum, og þótti rétt, að það yrði samferða þessu frv. Nú hefur hins vegar ekki náðst samkomulag um það mál, svo að það verður að bíða, og er því ekki rétt, að afgreiðsla þessa frv. dragist lengur.

N. leggur fram brtt. við frv., og er hún í tveimur liðum. Úr því að þetta mál er fram komið, taldi n. rétt að fella inn í það nýjan lið. Hann er um það, að bráðabirgðaákvæði jarðræktarlaganna um nokkru hærri styrk til að slétta túnþýfi verði framlengt um tvö ár. Er þetta gert til þess að hvetja menn til þess að koma túnum sínum í það lag, að hægt sé að koma við fullkomnum tækjum. Ákvæði jarðræktarlaganna varðandi þetta falla úr gildi á næsta ári, en þrátt fyrir það þótt vélakostur hafi vaxið, er það þannig í ýmsum sveitum, að bændur hafa ekki átt kost á vélum til þess að breyta túnunum í sléttlendi og gera þau véltæk. Þess vegna er það nokkuð harkalegt gagnvart þeim að taka nú þegar af þeim þennan viðbótarstyrk. N. hefur því lagt til, að hann verði veittur til ársins 1955.

Ég hef svo ekki meira um þetta að segja að svo stöddu, en skal aðeins geta þess, að einn nm., hv. 5. landsk., var fjarstaddur, þegar gengið var frá brtt.

ATKVGR.
Brtt. 248,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 248,2 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 339).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 38. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 39. fundi í Ed., 7. des., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 339, n. 427).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. N. hefur athugað þetta frv. og mælir með því, að það verði samþ., en þó með lítils háttar breytingum. Þær breytingar, sem n. leggur til að verði gerðar á frv., miða að því að samræma þá stafliði, sem þar er gert ráð fyrir að bæta inn í jarðræktarlögin, hliðstæðum stafliðum, sem fyrir eru í þeim l., meira en gert er í frv. Eins og frv. var, sýndist n., að tekin væru inn í það atriði, sem ættu í raun og veru ekki heima þar, en ættu heldur að koma fram sem reglugerðarákvæði. — Sé ég svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum. Hv. þm. hafa þskj. þessa máls fyrir framan sig, og hef ég þar engu við að bæta.

ATKVGR.
Brtt. 427 (ný 1. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 45. og 47. fundi í Ed., 17. og 18. des., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 56. fundi í Ed., 10. jan., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 456, 490).

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég hef flutt í samráði við landbn. brtt. á þskj. 490. Tildrög þess eru þau, að það kom á daginn við athugun, að byggingar þær, sem hér um ræðir og gert er ráð fyrir að veitt verði framlög til, eru að dýrleika til einna hliðstæðastar votheysgeymslum, þó e. t. v. fullt svo dýrar á rúmmetrann. Þegar þetta kom í ljós, þá þótti eðlilegt, að framlög til þessara bygginga væru höfð hliðstæð þeim, sem nú eru veitt til votheysgeymslna. Þess vegna er það, að ég legg til í brtt. minni, að þessi framlög hækki eins og þar greinir.

ATKVGR.
Brtt. 490 samþ. með 9 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 56. fundi í Nd., 11. jan., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 575).
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég vildi vekja athygli á því, að það er ekki búið að útbýta því þskj., sem felur í sér breytingar á þessu frv., og erfitt er að taka afstöðu til málsins fyrr en búið er að leggja það þskj. fram.

Forseti (JG): Þessu þskj. er verið að útbýta. Sér hv. þm. Dal. nokkra ástæðu til, að umr. verði frestað?

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég vildi aðeins líta á þskj. áður. Þetta frv. hefur tekið dálitlum breytingum í Ed. Upphaflega var ákveðið í frv., að teiknistofa landbúnaðarins gerði teikningar og samþ. fyrir sitt leyti byggingu geymsluhúsa garðávaxta, sem væru styrkhæf

samkv. jarðræktarlögunum. Slíkt mun þó ekki almennt vera um þær byggingar, sem styrkur er veittur til samkv. lögum þessum, og var frv. breytt í Ed. til samræmis við það, og hygg ég, að landbn. Nd. sætti sig við afgreiðslu frv. á þennan hátt.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 587).

49. Ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila.

Á 16. fundi í Sþ., 21. nóv., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila [121. mál] (þmfrv., A. 239).

Á 32. fundi í Ed., 22. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Ed., 23. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Þetta mál getur ekki talizt nýmæli hér í þessari hv. d. Því hefur verið hreyft hér áður á ýmsan hátt, en hefur aldrei fyrr verið borið fram á sama hátt og hér er gert.

Tala öryrkja hér á landi mun nú vera eitthvað nálægt 3 þúsund manns, og er þá aðeins miðað við þá, sem eru 16 ára eða eldri. Talsvert af þessu fólki, nokkur hundruð, dvelst nú á hælum og sjúkrahúsum, sumpart til langframa og sumpart um stundarsakir, en um 2500 manns njóta nú bóta hjá almannatryggingunum vegna örorku, annaðhvort fulls lífeyris eða örorkustyrks. — Þessum öryrkjum má skipta í tvo aðalflokka. Annars vegar eru þeir, sem eru óvinnufærir með öllu og telja má líklegt eða víst, að verði algerðir öryrkjar til æviloka. Margt af því fólki, sem dvelst á hælum eða sjúkrahúsum, fellur einmitt undir þennan flokk, og er þó enginn vafi á því, að enn þá er mikil þörf á sérstökum stofnunum, þar sem þetta fólk getur dvalizt, og er þetta sennilega mest aðkallandi í sambandi við geðbilað fólk og öryrkja, sem nú dveljast í heimahúsum til mikilla óþæginda og við mismunandi aðbúð. Frv. um að leysa vandamál þessa fólks hefur verið lagt fyrir þessa hv. d., og skal ég því ekki fjölyrða um það, en um þennan stóra flokk öryrkja, sem eru óvinnufærir með öllu og telja má víst að verði það til æviloka, er það í skemmstu máli að segja, að þeim verður ekki á annan veg hjálpað en annaðhvort með hælisvist, eins og þegar er byrjað nokkuð á, eða með því að séð sé fyrir þörfum þeirra með lífeyrisgreiðslum, þegar þeir dveljast utan hæla. Þetta er baggi, sem hlýtur að hvíla á þjóðfélaginu og ekki er hægt að skjóta sér undan.

Um hinn meginflokkinn, alla þá mörgu, sem teljast öryrkjar, en hafa þó nokkra vinnugetu, eða gætu haft, ef skilyrði væru fyrir hendi, gegnir að minni hyggju allt öðru máli. Þar er það fyrirkomulagsatriði, hvort og að hve miklu leyti vinnugeta þess fólks kemur að notum þannig, að það geti séð fyrir sér að meira eða minna leyti og þannig um leið létt byrðar þess opinbera. — Nú er náttúrlega ekki rétt að taka allan þennan stóra hóp sem samstæða heild, því að vissulega er mjög ólíkt á komið um margt af þessu fólki. Mikill hluti þess fólks, sem telst öryrkjar — hefur misst meira en 50% af starfsgetu sinni —, vinnur nú ýmiss konar störf og vinnur fyrir sér að einhverju leyti, t. d. giftar konur, sem sinna húsmóðurstörfum að verulegu leyti, þó að þær teljist öryrkjar að einhverju leyti. Talsverður fjöldi af þessu fólki vinnur sér einnig inn nokkrar tekjur með alls konar lausavinnu, innan heimilis og utan heimilis. Það af þessu fólki, sem er svo vel sett, — sem margt af því er, — að það getur aflað sér nokkurra tekna og fær svo fullan eða skertan örorkulífeyri eða styrk í viðbót, getur komizt nokkurn veginn af, samanborið við annað fólk. Þó er enginn vafi á því, að mjög mætti greiða fyrir ýmsu þessu fólki, einkum ef það á ekki fast heimili, með því að auðvelda því að fá vinnu, sem er í samræmi við þá vinnugetu, sem það hefur, og yfirleitt við þess hæfi. En sem sagt, verulegur hluti þeirra öryrkja, sem einhverja vinnugetu hafa, vinnur nú ýmis gagnleg störf, en þó að til þess sé tekið fullt tillit, er ekki unnt að loka augunum fyrir því, að gífurlega stór hópur af svona fólki á þess litinn kost eða engan að hagnýta þá vinnugetu, sem það hefur, þar sem því er ekki séð fyrir þeirri vinnu, sem þess fatlaði líkami getur innt af hendi. Hér er því að minni hyggju mjög stórt verk að vinna með tilliti til mannanna sjálfra og líka með tilliti til þjóðfélagsheildarinnar.

Þessi flokkur manna, sem hafa nokkra vinnugetu, en geta ekki notað hana vegna þess að skilyrði vantar, er þó ekki að öllu leyti samstæður. Margt af þessu fólki, sennilega meiri hlutinn, gæti dvalizt á heimilum sínum og stundað vinnu á ákveðnum vinnustað, ef því væri séð bæði fyrir verkefni, sem því hentaði, og jafnframt fyrir húsakynnum, sem væru þannig, að tekið væri tillit til heilbrigði þess og líkamskrafta. Þessu fólki má að minni hyggju mest hjálpa með því að byggja hentugar vinnustöðvar eða vinnustofur með nokkuð margbreytilegum verkefnum. Þá gæti þetta fólk dvalizt á sínum heimilum, gengið á sinn vinnustað og fengið þar vinnu við sitt hæfi. — Nokkuð var byrjað á þessu í Reykjavík fyrir nokkrum árum, en sú starfsemi hefur nú lagzt niður. Af þeirri reynslu, sem þá fékkst, má ýmislegt læra, og það er tvímælalaust, að þessar litlu tilraunir hafa sýnt, að með því móti má sjá ýmsum fyrir vinnu, sem þeim hentar, sem hefðu ekki nokkra möguleika til þess að ganga á hinn opna vinnumarkað, sem svo er kallaður. Aftur eru aðrir, sem af heilsufarsástæðum eða öðrum ástæðum trauðla geta nokkuð unnið utan síns heimilis. Þar þarf dvalarstaður og vinnustaður að vera hinn sami, eins

og t. d. vinnuheimilið að Reykjalundi, þar sem vistmenn verða að vinna á sama stað. Sú reynsla, sem fengizt hefur af Reykjalundi til þessa, bendir að minni hyggju eindregið til þess, að þar sé sú rétta leið farin fyrir þá öryrkja, sem svo ástatt er um sem ég nú hef lýst. Það geta orðið nokkrir örðugleikar á því að sjá vinnustofum og vinnuhælum fyrir verkefnum við hæfi þeirra manna, sem þar dvelja, þannig að hægt sé að tryggja sölu varningsins með réttu verði, án þess að veita þessum stofnunum einhverja sérstöðu um framleiðslu og sölu á þessum varningi, en engar till. hafa verið gerðar um það nú, og verður það þá seinna tekið til athugunar.

Meginefni frv. er að gera ráðstafanir til þess, að nokkru fé verði safnað í því skyni að koma upp vinnuhælum og vinnustofum fyrir þennan takmarkaða hóp af öryrkjum, en á því er enginn vafi, að í sambandi við þessar vinnustofur og vinnustöðvar mætti koma upp námskeiðum og alls konar kennslu og þjálfun fyrir þá öryrkja, sem að fenginni slíkri menntun gætu tekið að sér ákveðin störf. En ég hygg, að heppilegri leið í þessum efnum væri sú, að fyrirtæki og stofnanir, sem þegar eru starfandi, taki slíka menn til menntunar og þjálfunar. Tryggingastofnunin hefur gert nokkuð að því að hjálpa slíkum mönnum með fötlun til náms, bókkennslu og verkkennslu, og á þann hátt hefur þeim orðið kleift að afla sér þeirrar menntunar, að þeir gátu tekið að sér störf, þar sem líkami þeirra var ekki til baga. Og þetta er að minni hyggju eitt af því, sem leggja má sérstaka áherzlu á og að nokkru leyti má leysa í sambandi við vinnuheimili, þó að ég telji, að þessu námi verði að verulegu leyti að koma fyrir á annan hátt, þ. e. í gegnum fyrirtæki og stofnanir, sem þegar eru starfandi.

Einnig er nokkuð stór hópur öryrkja, sem gætu innt af hendi eins og fullhraustir menn ákveðin störf, ef þeim aðeins lánaðist að ná í þau störf. Þó að maður eða kona hafi misst fót, geta þau unnið t. d. skrifstofustörf eins og aðrir, og mörg önnur dæmi mætti nefna um það, að fatlaðir menn geta unnið ýmis störf á við fullhrausta menn, aðeins ef þeir geta fengið starf, þar sem fötlun þeirra er ekki þeim til baga. Það er því ákaflega rík þörf á sérstakri vinnumiðlun fyrir öryrkja, stofnun, sem hefði það verkefni á hendi að finna störf handa mönnum með ákveðna líkamsfötlun. Það er t. d. þannig í Bretlandi, að hverju fyrirtæki af vissri stærð er lögboðið að taka til vinnu ákveðinn fjölda öryrkja í hlutfalli við þann starfsmannafjölda, sem fyrirtækið hefur í vinnu. Byggist þetta á þeirri skoðun, að við hvert stórt fyrirtæki séu alltaf nokkur störf, sem menn með líkamsfötlun gætu innt af hendi eins og fullhraustir menn, og þá sé rétt að tryggja slíkum mönnum þannig vinnu við þeirra hæfi. Er þetta mjög athyglisvert. — Meginefni frv. er að skapa þeim mönnum, sem teljast öryrkjar og eru það, en gætu unnið viss störf, ef þeir fengju þau, verkefni við sitt hæfi, þannig að þeir gætu unnið fyrir sér að meira eða minna leyti, orðið sjálfstæðir að meira eða minna leyti og þar með létt kostnaði af því opinbera. Þetta er ekki eingöngu fjárhagsatriði fyrir þessa menn. Maður, sem er öryrki, er útskúfaður maður, hann lítur á sig sem annars flokks mann, sem ölmusumann. Um leið og hann fær gagnlegt starf, sem hann sjálfur finnur og aðrir viðurkenna að hann getur innt af hendi, eykst sjálfstraust hans, og lífið verður allt annað fyrir hann af þessari ástæðu. Þetta hefur því stórkostlega þýðingu bæði fyrir sjálfan einstaklinginn og þjóðfélagið í heild, og orkar því ekki tvímælis, að þetta er það verkefni, sem nú er mest aðkallandi.

Samkv. þessu frv. er til þess ætlazt, að erfðafjárskattur og erfðafé það, sem nú fellur til ríkissjóðs samkv. erfðal., verði lagt til hliðar til þess að koma upp slíkum vinnustofum og vinnuhælum. Í fjárlfrv. þessa árs er þessi upphæð áætluð 300 þús. kr., svo að hér er ekki um neina upphæð að ræða, sem ríkissjóð munar um, þegar heildarupphæð fjárl. nálgast 400 millj. kr. Hins vegar held ég, að þessi upphæð muni reynast hærri en áætlað er, og mætti ætla, að hún yrði um ½ millj. kr. á ári. Þó að hér sé ekki um stóra fjárhæð að ræða, held ég, að mikið megi gera á þessu takmarkaða sviði, ef þessi tekjustofn er öruggur frá ári til árs. Ætlazt er til, að Tryggingastofnunin megi lána um 12 millj. kr. til elliheimila og stofnana fyrir öryrkja, en að sjálfsögðu má búast við, að elliheimilin taki mjög stóran hluta af þessu. Sé hægt að tryggja tekjustofn, sem sé kannske ½ millj. kr. á ári, mætti undirbúa þegar mjög verulegar framkvæmdir í þessum efnum. Mætti þá fyrst koma upp vinnustofum og vinnuhælum, það mundi leysa vandræðin fyrst í byrjun með tiltölulega litlum fjármunum, og síðan mætti hefja vinnuheimilisbygginguna, eftir því sem getan leyfði. Ef Tryggingastofnunin verður ekki rúin að fé, gæti hún kannske lagt dálítið fram í bili, og mætti þá kannske flýta dálítið fyrir málinu á þann hátt.

Í þessu frv. eru ekki nein ákvæði um það, hverjir skuli reka þessar stofnanir, fram yfir þau ákvæði, sem nú eru í eldri l., l. um almannatryggingar og hæli og sjúkrahúsbyggingar, að svo miklu leyti sem þau taka til þessa máls. N. lítur svo á, að þetta sé atriði, sem ekki sé ástæða til að binda fastar en nú þegar er gert. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að ríkisstj. setji reglur um starfsemi þessara stofnana og rekstur þeirra, og kæmu þá að sjálfsögðu inn í þær reglur ákvæði um þessi atriði, sem ég hef nefnt, ef ástæða þætti til að víkja frá því, sem nú er samkv. l. Ég álít að ýmsu leyti heppilegt, að það sé ekki alls staðar sami aðilinn, sem hafi rekstur þessara stofnana með höndum. Ég álít, að sú stefna, að almannatryggingarnar og sveitarfélögin eigi yfirleitt að reka þessi hæli, sé rétt. Þá eru tveir aðilar um þetta, annars vegar Tryggingastofnunin, sem sér um hag öryrkjanna, og hins vegar bæjarfélögin, sem einnig hafa hag af því að létta af sér þessari byrði og koma rekstrinum í gott horf.

Ég sagði í upphafi máls míns, að þetta mál væri ekki nýtt hér á Alþ., en á síðustu 3 árum hefur málið verið flutt hér þrisvar sinnum

áður. Það var fyrst flutt 1949, þegar erfðal. var síðast breytt. Þá bar hv. þm. Barð. fram till. í þá átt að auka erfðafjársjóð og verja honum í sama tilgangi og hér er gert ráð fyrir. Á haustþingi sama ár bar heilbr.- og félmn. þessarar d. fram till. um breyt. á tryggingalöggjöfinni sama efnis. Og á síðasta þingi bar hv. þm. Barð. fram frv. um breyt. á erfðal. með það fyrir augum að auka arfhluta ríkissjóðs og verja erfðafjárskattinum í sama skyni.

Ég vil mega vona, að þessi hv. deild, sem er vel kunnugt um þetta mál, geti afgreitt það einhuga og fljótlega, þannig að Nd. gæti tekið afstöðu til þess innan skamms tíma. Ég held, að ómögulegt sé að hugsa sér, að mál allra öryrkja á landinu verði leyst með einum og sama hætti. Það er nauðsynlegt að taka fyrir ákveðna hópa og leysa vandræði hvers hóps fyrir sig. Og sá hópur, sem er mestur, eru þeir, sem hafa nokkra starfsgetu og gætu haft hana meiri, ef sérstakar ráðstafanir yrðu gerðar fyrir þá. Það er rétt að láta þetta ganga fyrir, bæði vegna mannanna sjálfra og vegna þjóðfélagsins í heild, sem með því sparar fé og fær gagnlega og góða borgara í stað ölmusumanna.

Ég hef ekki rætt við meðnefndarmenn mína um það, en ég sé ekki ástæðu til þess, að frv. fari til nefndar. Það var flutt af heilbr.- og félmn., en ég skal hins vegar ekki mæla gegn því, að það fari til nefndar, ef þess er óskað.

Ég legg svo til, að frv. verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari 1. umr.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. tók fram, þá er þetta mál ekki nýtt. Það hefur verið flutt á síðustu þrem þingum og var á síðasta Alþingi flutt sem 109. þingmál. Ég hafði þá viljað ganga svo langt í þessu máli að taka allt erfðaféð til þess að inna af hendi það verkefni, sem hér um ræðir. En þetta vildi hv. deild ekki fallast á í fyrra, og var málinu vísað frá í þessari hv. deild með till. frá forseta deildarinnar, Bernharð Stefánssyni, svofelldri:

„Í trausti þess, að ríkisstj. undirbúi löggjöf um stofnun og rekstur hælis fyrir öryrkja, sem misst hafa hluta starfsgetu sinnar, og leggi tillögur sínar um það efni og um fastan tekjustofn í þessu skyni fyrir næsta Alþingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Þessi hv. deild hafði því markað afstöðu sína til málsins í fyrra, og ég vænti þess, að hún nú sjái sér fært að fylgja þessu máli í því formi, sem það nú er borið fram, því að það uppfyllir óskir flutningsmanns þessa máls frá síðasta Alþingi.

Ég vil leyfa mér að benda á, að í 1. gr. frv., eins og það er nú, er gert ráð fyrir því, að erfðafjárskattur renni til Tryggingastofnunar ríkisins frá 1. jan. 1952. Ég legg til, að þessu verði breytt þannig, að í stað 1952 komi 1953, og bið ég formann nefndarinnar að athuga þetta milli umræðna. Ég geri ráð fyrir, að hæstv. fjmrh. vilji halda þessum lið á fjárlögum næsta árs, þótt hér sé ekki um stóra upphæð að ræða, eða um 300 þús. kr. Hins vegar þarf þetta engum ágreiningi að valda í framtíðinni, þótt þetta væri e. t. v. betra nú. Ég fyrir mitt leyti er fús til samkomulags um þetta atriði, en vil beina því til formanns nefndarinnar að taka þetta til athugunar milli umræðna.

Ég vildi mega æskja þess, að hæstv. forseti taki þetta mál á dagskrá eins fljótt og honum er unnt, til þess að hægt væri að samþykkja það áður en þessu þingi lýkur.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Mér þykir hér vera svo merkilegt nýmæli á ferðinni, að þótt míns máls væri ekki þörf til þess að afla því fylgis, þá vildi ég þó taka þá afstöðu til málsins fyrir mitt leyti, að það eigi hinn ríkasta stuðning skilið. Eins og hv. þm. Barð. minntist á, er hér um að ræða hina sömu hugmynd sem hann hefur verið flutningsmaður að, að vísu í öðru formi, í fyrra og deildin þá galt samþykki sitt við í „prinsipinu", en óskaði eftir, að ríkisstj. undirbyggi það betur til þess að færa það í betra horf og beitti málinu meira upp í vindinn.

Sá hópur manna í þjóðfélaginu, sem hér um ræðir, mun hafa allt of lengi sætt lítilli athygli þess opinbera, þótt ýmsir góðir og gegnir menn hafi komið auga á þörf einstakra öryrkja og veitt þeim aðstoð til þess að vinna fyrir sínu daglega brauði á þann hátt, sem örlögin hafa skapað þeim möguleika til þess. Hv. frsm. minntist réttilega á Reykjalund sem lýsandi fordæmi þess, hverju má til vegar koma hjá lasburða fólki, þegar rétt er stefnt og réttilega staðið að framkvæmdum. Og það er það, sem ekki er hvað minnst áríðandi. Á Alþingi má oft heyra menn lýsa þeim ókostum, sem ríkisstofnanir hafa, að þær verði byrði okkar, sem erum bakhjarlar ríkisvaldsins, hversu þetta virðist oft takast illa, þegar því er eingöngu stjórnað af tilkvöddum aðila ríkisvaldsins. Þar með er ekki sagt, að slíkt þurfi alltaf að fara illa. Mér þykir rétt að benda á við þetta tækifæri, að um leið og ég fyrir mitt leyti vona, að öll þessi hv. deild hljóti að fylgja meginhugmynd og hinni stóru hugsjón, sem liggur til grundvallar frv. þessu, að þá þurfi að reyna að fá því til vegar komið með öruggri framkvæmd, að vel sé vandað til undirbúnings vistheimilisins og þá ekki hvað síst forstöðumanns þess. Reykjalundi hefur lagzt margt gott til og ekki hvað síst forsjál forstaða, og ég þykist viss um, að sú gæfa, sem yfir því heimili ríkir, eigi ekki hvað síst rót sína að rekja til forsjállar stjórnar fyrirtækisins. Það er fágætt, og við höfum ekki mörg dæmi þess, að saman fari góðir læknishæfileikar og góðir búmannshæfileikar og ráðdeild yfir verksmiðjuvinnu, eins og nú er farin að verða í Reykjalundi. En einmitt þetta hafa berklasjúklingarnir, ágætan lækni, sem veitir Reykjalundi forstöðu, mann, sem sameinar þessa hæfileika á mjög blessunarríkan hátt.

Ég skal ekki tefja deildina með frekari ræðu um þetta mál, heldur vildi ég aðeins nota tækifærið til þess að leggja mín meðmæli með þessari stofnun, að henni verði komið á fót. Ég vona, að blessun fylgi henni og stjórn og forstaða hennar verði góð og þeim, sem hennar njóta, til gagns og þjóðinni til sóma, þegar þar að kemur.

Hv. þm. Barð. lýsti smáagnúa, sem á þessu er hvað tekjuöflun snerti, að það kynni að reka sig á við fjárlög 1952. Þar sem hv. þm. er formaður fjvn., þá er hann rétti maðurinn til að benda á þetta. En þeir skattar, sem hér um ræðir, eru ekki það verulegt atriði í fjármálum ríkisins, að ekki ætti að mega bjargast af án þeirra, ef það er satt og rétt, sem ég dreg stórlega í efa, að tekjur ríkissjóðs að öðru leyti hrökkvi ekki til, því að það vita allir, að eftir gengislækkunina og fyrir gjafir Marshall-hjálparinnar til landsins hafa sogazt svo stórar fjárupphæðir inn í ríkissjóðinn, að það er talað um, að tekjuafgangur þessa árs verði um 50 millj. kr. En ég ætla, ef ekkert sérstakt kemur fyrir þær sex vikur, sem eftir eru af árinu, að það sýni sig, að tekjuafgangur verði miklu meiri en 50 millj. kr. Þess vegna er ástæða hv. þm. Barð. rétt að efni til, en óþörf og bagaleg, af því að þá mundi þetta mál þokast aftur á bak um eitt ár frá því, sem stefnt er að í þessu frv., og ég sé eftir þessu ári meira en tiltölulega óverulegum tekjum ríkissjóðs, vegna þess að hann er þegar fullmettur í því peningaflóði, sem hann fær frá öðrum lindum. Það er sjálfsagt að taka undir það með hv. þm. Barð., að þetta sé athugað. En ég hef látið mitt álit í ljós, og ég álít hið glataða ár meira virði en tekjur þær, sem af erfðafé falla til ríkissjóðs. — Þetta var allt, sem ég vildi segja. En ég vil líka taka undir það, sem hv. þm. Barð. sagði, og óska þess, að þessi hv. deild ýti svo vel áfram þessu frv., að það komist sem fyrst til Nd., því að við vitum, að þeir þurfa lengri tíma þar til að athuga málin en þessi hv. deild, og erum við með því að reyna að varna því, að trafali sé settur á veg þess.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., 26. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Rannveig Þorsteinsdóttir: Herra forseti. Út af ummælum, sem hér féllu við 1. umr. málsins, um það, að heppilegt mundi vera að breyta í 1. gr. frv. ártalinu 1952 í 1953, vil ég geta þess, að heilbr.- og félmn. mun hafa þetta atriði til athugunar til 3. umr. En það mætti líklegt telja, að slík breyt. mundi verða mjög mikil trygging fyrir fljótum og örugglegum framgangi málsins, ef gerð yrði, og mun heilbr.- og félmn. hafa til athugunar til 3. umr. að bera fram brtt. í þessa átt.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Ég hef hingað til verið fremur stirður í taumi um þetta mál á fyrri þingum. Og þó að málið sé nú komið í það horf, að miðað er að því, að þetta fé gangi beint til þessa fólks, sem kannske þarf þess fremur með en flestir aðrir að fá þennan tekjustofn, þá hefði mér samt sem áður þótt viðkunnanlegra, að hæstv. fjmrh. hefði verið viðstaddur við a. m. k. annaðhvort 1. eða 2. umr. þessa máls hér í hv. d. til þess að láta í ljós sína skoðun um málið og hvort hann telji, að það eigi að fara að ganga inn á þá braut að reyta tekjustofna frá ríkissjóði. Hér á, samkvæmt þessu frv., ef samþ. verður, að taka tvo tekjustofna ríkissjóðs, þótt ekki séu stórir, frá ríkissjóði. Og frv. eru komin fram um að taka marga fleiri af tekjustofnum ríkissjóðs frá ríkissjóði, t. d. þá smámuni, sem eru tekju- og eignarskatturinn.

Ég ætla sem sagt ekki að gera þetta mál að kappsmáli, sem hér liggur fyrir til umr. Og úr því að sá, sem á að gæta hagsmuna ríkissjóðs, er ekki hér við, og þrátt fyrir það að hann hafi verið aðvaraður um, að þetta mál ætti að verða hér til meðferðar, hefur ekki látið sjá sig, þá mun ég ekki skipta mér mikið af þessu máli.

Mér virðist tvennt liggja fyrir í sambandi við þetta mál. Annars vegar það, að ef mál þetta gengur að stefnunni til sama gang og önnur slík mál, þá muni til þessara vinnuheimila eða öryrkjahæla verða varið fé úr ríkissjóði — hvað sem því svo líður hins vegar, að ef ríkissjóður hefur nú einhvern tekjuafgang, sem lítur út fyrir, að þá mun vera nú, í orði a. m. k., og jafnvel búið að ráðstafa þeim tekjuafgangi tvöfaldlega eða þrefaldlega. — Og hitt, sem mér virðist hér liggja fyrir, er það, að ráðamenn ríkissjóðs hreyfa helzt ekkert við þessu máli. Og ætla ég þá ekki við þessa umr. að gera brtt. við frv., en vænti þess, eins og hv. frsm. gat um, að brtt. komi fram við 3. umr., um að svipta þessu fé ekki nú þegar frá ríkissjóði, svo að það sé þá einnig tími til þess fyrir þá að athuga það atriði, sem þetta kemur mikið við, t. d. að arfleifendur viti um það fyrir víst, hvert sá arfur á að fara, sem ekki taka lögmætir erfingjar. En ef ákvæði frv. þessa verða í lög tekin og ef þeir, sem ekki eiga lögmæta erfingja, sem svo er kallað, ekki gera erfðaskrá, þá mundu arfarnir í þeim tilfellum ganga til öryrkjaheimila þeirra, sem um getur í frv. þessu. Og getur verið, að afstaða slíkra arfleifenda breytist eitthvað gagnvart ákvörðun um það, hver erfa skuli eignir þeirra, eða um að gera erfðaskrár, ef frv. yrði að lögum. A. m. k. yrði tími til þess fyrir þá að hætta við að gera erfðaskrár, ef þeir teldu fénu betur varið til þessa málefnis heldur en að féð færi til sérstakra erfingja, sem ekki væru lög fyrir að fengju fé, nema því aðeins að erfðaskrá væri gerð.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., 27. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Rannveig Þorsteinsdóttir: Herra forseti. Heilbr.- og félmn. leyfir sér að bera fram skrifl. brtt. við 1. gr. frv., þess efnis, að í staðinn fyrir

„1952“ komi: 1953 — í samræmi við það, sem orðað var við 1. umr. málsins. N. ber þessa till. fram af því, að hún telur, að með þessari breyt. sé frekar tryggður öruggur framgangur málsins. Leyfi ég mér svo að afhenda hæstv. forseta tillöguna.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 281) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 281 samþ. með 9:2 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 18. fundi í Sþ., 28. nóv., var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 283).

Á 35. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., 11. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 283, n. 570).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Frv. þetta er komið frá Ed. og hefur verið til athugunar í fjhn. þessarar deildar. Nefndarmenn hafa orðið ásáttir um að mæla með, að þetta frv. verði samþ., þ. e. a. s. efni þess, en hins vegar taldi n. rétt að gera nokkrar breytingar á frv. til þess að gera ákvæði þess skýrari en þau nú eru. Hafa verið lagðar fram brtt. á þskj. 570 við þrjár greinar frv. — Í fyrsta lagi flytur n. till. um, að það verði skýrt fram tekið í 1. gr., að þetta fé renni í sérstakan sjóð, er verði í vörzlum Tryggingastofnunar ríkisins, en aðgreindur frá öðru fé, er sú stofnun hefur undir höndum. Þetta er ekki skýrt fram tekið í frv. — 2. brtt. er um það, að þessu fé verði varið til lána og styrkveitinga til þess að koma upp vinnuheimilum, vinnustofum og vinnutækjum fyrir öryrkja og gamalmenni til að styðja þetta fólk til sjálfsbjargar, svo að það geti notað sína takmörkuðu starfsgetu. Í frv., eins og það nú er, er rætt um vinnuheimili og vinnustöðvar, en n. telur, að einnig geti komið til mála að styrkja öryrkja til að eignast vinnutæki, þó að þeir hafi ekki aðstöðu til að dveljast á vinnuhæli. — Í þessari sömu till. er gert ráð fyrir heimild til að veita sveitarfélögum lán úr sjóðnum í þessu skyni. Þó eru sett takmörk fyrir, hve miklu þau megi nema af stofnkostnaðinum. Þar er einnig gert ráð fyrir, að til greina komi að veita einstökum mönnum aðstoð í þessu skyni, helzt einstökum öryrkjum, en líka kemur til greina að veita einstökum mönnum styrk til að koma upp vinnuhælum fyrir öryrkja. Einnig kemur til mála að styrkja félagssamtök til að koma upp stofnunum í líkingu við S. Í. B. S., sem hefur sett upp vinnuhæli handa berklasjúklingum í Mosfellssveit. — Síðasta brtt. er við 3. gr. og er um, að félmrh. skuli taka ákvarðanir um styrkveitingar úr sjóðnum og að hann setji þau skilyrði fyrir lánunum og styrkveitingunum, sem ástæða þykir til; einnig að ráðh. setji reglur um fyrirkomulag vinnuheimilanna og vinnustöðvanna, er fá lán eða styrk úr sjóðnum. — Er gert ráð fyrir, að sá erfðafjárskattur, sem til fellur frá ársbyrjun 1953, renni í þennan sjóð. Erfðafjárskatturinn er áætlaður 300 þús. á þessa árs fjárl. Segir í nál., að nm. séu á einu máli um, að hyggilegt sé að verja skattinum fyrst um sinn í þessu skyni. En ekkert er hægt að segja um, hver þörf er fjárveitinga í þessu skyni, og verður reynslan að skera úr um það, og kemur þá til athugunar Alþ. að gera breytingar á þessu, ef þörf þykir.

Sé ég svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum. Einn nm., hv. 2. þm. Reykv., skrifaði undir nál. með fyrirvara. Hafði hann kosið að hafa brtt. öðruvísi, og mun hann gera grein fyrir því, ef hann sér ástæðu til.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. V-Húnv., að eins og frv. kom frá hv. Ed. var það að sumu leyti óljóst, og ég álít, að það sé nú á ýmsan hátt skýrara og betur orðað. En það eru einkum tvö atriði, sem ég hefði heldur kosið að hefðu verið öðruvísi, þó að ég hafi ekki á þessu stigi kosið að bera fram brtt. Eins og frv. kom frá Ed., var ætlazt til, að þessi erfðafjárskattur rynni til ríkisins og það veitti fé til þessara stofnana. Ég tel heppilegra, að Tryggingastofnunin sjálf komi upp þessum hælum, og er það ekki útilokað með breytingu fjhn. Þá er og betra, að sjóðurinn sé aðgreindur og í vörzlum Tryggingastofnunarinnar. Upp á notkun þessa fjár væri heppilegra, að Tryggingastofnunin skipulegði sjálf að koma upp slíkum vinnuheimilum, því að oft þarf sérfræðilega kunnáttu til að athuga, hvernig nota eigi vinnugetu öryrkja, og því ekki nema að nokkru leyti treystandi á getu einstaklinga og félaga til að gera slíkt, þó að það hafi að vísu tekizt vel í Reykjalundi. Ég mun ekki að svo stöddu flytja brtt. um þetta, en set þetta fram til athugunar. — Varðandi 3. gr. held ég að væri heppilegast, að Tryggingastofnun ríkisins tæki ákvarðanir um lánveitingar og styrkveitingar úr sjóðnum og það væri háð samþykki ráðh. Ætti að vera litlum efa bundið, að Tryggingastofnunin fylgist bezt með slíku og ætti að hafa sem mest ráð í því. Fyrir ráðh. ætti að vera nóg að leggja samþykki sitt á þetta. — Þetta eru ekki svo veigamiklar athugasemdir, að ég hafi við þessa umr. viljað flytja brtt. við frv. Í heild er frv. betur orðað og skýrara eins og fjhn. leggur til að því verði breytt, og má þá athuga við 3. umr. um frekari brtt. — Þetta vildi ég segja vegna þessa fyrirvara.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Þess verður vart um þessar mundir, að nokkurrar bjartsýni gætir hjá þm. um fjárhagsafkomu ríkisins og þeir telja óhætt að færa eitthvað af tekjustofnum

ríkisins til og láta þá gegna öðru hlutverki en að renna í ríkissjóð. Þetta frv. er ekki stórvægilegt og ekki um háa fjárhæð að ræða, en þó spor í þessa átt. — En í sambandi við þetta mál vil ég leyfa mér að minna hv. þm. á, að í gildi eru lög, sem snerta það efni, sem hér liggur fyrir. Þegar lögin um almannatryggingar voru sett, var þetta sjónarmið látið liggja til grundvallar því frv. og það rætt allmikið. Niðurstaðan varð sú, að með lögunum um almannatryggingar var ákveðið, að ellistyrktarsjóðunum, sem höfðu safnazt áður en lögin voru sett, og sjóðum þeim, sem sjúkrasamlögin höfðu safnað, skyldi varið til að koma upp elliheimilum og stofnunum fyrir öryrkja.

Í 101. gr. l. um almannatryggingar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Ellistyrktarsjóðunum skal varið til að koma upp elliheimilum og stofnunum fyrir öryrkja, sbr. 17. gr.

Tryggingastofnunin skal gera heildartill. um, hvar elliheimilum og stofnunum fyrir öryrkja skuli komið upp, og sé stefnt að því, að tryggingaumdæmi, eitt eða fleiri, geti verið saman um stofnun þeirra og rekstur. Tillögur þessar skulu lagðar fyrir félagsmálaráðherra til staðfestingar og síðan tilkynntar hlutaðeigandi sveitarfélögum. Að fenginni staðfestingu félagsmálaráðherra skal fara fram atkvæðagreiðsla um, hvort koma skuli upp slíkum stofnunum, ef Tryggingastofnunin eða sveitarstjórnir eins eða fleiri sveitarfélaga óska þess. Atkvæðagreiðslan fer fram á sameiginlegum fundi sveitarstjórna í því umdæmi, er hlut á að máli. Ef meiri hluti er því fylgjandi, að komið verði upp slíkum stofnunum, getur ráðherra ákveðið, að samþykktin sé bindandi fyrir öll sveitarfélög innan umdæmisins eða umdæmanna, ef fleiri eru, og að þau sameiginlega skuli koma á fót slíkri stofnun innan þess tíma, er ráðherra ákveður. Jafnframt er þá Tryggingastofnuninni skylt að greiða upphæðir þær, sem standa í ellistyrktarsjóðum hlutaðeigandi sveitarfélaga, upp í stofnkostnaðinn.“

Í 104. gr. sömu laga segir:

„Heimilt er að veita sveitarfélögum byggingarlán úr varasjóði sem hér segir:

a) Til að koma upp elliheimilum og öryrkjastofnunum, sbr. 101. gr., þó ekki yfir 40% af þeim hluta varasjóðsins, sem myndaður er úr Lífeyrissjóði Íslands.“

Út af þessu vil ég leyfa mér að beina þeim fyrirspurnum til fjhn., sem hefur fjallað um þetta mál, hvort n. hefur tekið til athugunar þau atriði í sambandi við þetta mál, sem nú skal greina:

1) Hve miklu nemur fé ellistyrktarsjóðanna gömlu, sem ákveðið er að eigi að renna til þess að koma upp elliheimilum og öryrkjastofnun?

2) Hefur verið gerð heildartill. um það, hvar stofnun fyrir öryrkja skuli komið upp samkvæmt ákvæðum almannatryggingal.?

3) Hefur Tryggingastofnunin greitt fjárhæð úr ellistyrktarsjóði upp í stofnkostnað slíkrar stofnunar?

4) Hafa sveitarfélögin fengið byggingarlán samkv. 104. gr. almannatryggingal. til þess að koma upp stofnun fyrir öryrkja?

Ef til vill hefur n. athugað þetta, en mér finnst sambandið milli þessara ákvæða í gildandi l. og frv., sem verið er að fjalla um, vera þannig, að eðlilegast sé, að þetta verði athugað í einni heild.

Að öðru leyti vil ég taka fram, að ég tel brtt. þær, sem fluttar eru af fjhn., vera til bóta á frv. og mun fylgja þeim, ef málið kemur til atkv. hér í deildinni.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Út af þessum fsp. hv. þm. A-Sk. vil ég taka fram, að n. athugaði ekkert sérstaklega í sambandi við þetta mál þessi ákvæði almannatryggingal., sem hv. þm. minntist á, og verð ég að viðurkenna, að ég hef ekki munað eftir því, að til væru í þeim l. ákvæði um þessi efni. Annars er auðvitað hægt að fá upplýsingar viðvíkjandi því, sem hv. þm. spurði um upphæð ellistyrktarsjóðs, í gegnum reikninga stofnunarinnar og eins um það, hvað kann að hafa verið greitt úr þeim sjóði og hvort lán hafa verið veitt þar. En vegna þess að þessar aths. eru komnar fram, finnst mér eðlilegast, að umr. verði frestað nú og málið tekið af dagskrá, og ættu þessar upplýsingar þá að geta legið fyrir á næsta fundi d. Hef ég sízt á móti því, að það verði gert, og mundi þá n. fá þessar upplýsingar, sem hv. þm. hefur óskað eftir og segja má að snerti þetta mál nokkuð.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Það er að sjálfsögðu vinsælt mál að koma upp vinnuhælum fyrir öryrkja og gamalmenni, enda virðist þetta frv. hafa mikið fylgi í báðum d. þingsins. — Mér finnst sjálfsagt, að ekki verði hjá því komizt að taka tillit til þeirra atriða, sem hv. þm. A-Sk. gat um í ræðu sinni, og má að vísu undarlegt teljast, að það skuli ekki hafa komið til athugunar, hvorki í Ed. né Nd., þegar málið var í nefnd. En ég vildi þó sérstaklega í sambandi við þetta mál benda á, að þótt hér sé um nauðsynlegar og vinsælar stofnanir að ræða, þá er hér verið að ráðstafa, eins og hv. þm. A-Sk. gat um, föstum tekjulið ríkissjóðs, en mér finnst, að slík ráðstöfun á föstum tekjuliðum ríkissjóðs geti farið út í öfgar. Mætti t. d. hugsa sér, að lestagjald af skipum rynni til Slysavarnafélags Íslands, og það mætti kannske hugsa sér, að veitingaskatturinn ætti að renna til þess að byggja gistihús víðs vegar á landinu, sem er afar mikil nauðsyn. Það má því lengi um það deila, hvaða verkefni er nauðsynlegast að taka og koma í framkvæmd og nota til þess einn af föstum tekjuliðum ríkissjóðs, því þótt hér sé um tvær tekjugreinar að ræða, annars vegar erfðafjárskatt og hins vegar fé, sem að erfðum fellur til ríkissjóðs, þá er þó meginhlutinn af þessu fé erfðafjárskatturinn, sem nú er áætlaður í fjárl. 300 þús. kr.

Ég geri ekki ráð fyrir, að þetta hafi mikil áhrif á hv. þd., eins og málum er nú komið, en mér finnst ógerlegt að afgreiða svo frv., að ekki sé bent á þetta atriði, sem ég álít vera grundvallaratriði í sambandi við afgreiðslu slíks máls.

Umr. frestað.

Á 59. fundi í Nd., 15. jan., var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Þegar þetta mál kom til 2. umr. í fyrra skiptið, komu fram fyrirspurnir frá hv. þm. A-Sk. um það, og hef ég síðan aflað mér upplýsinga um þau atriði, er spurt var um, og vil ég gera grein fyrir þeim.

Hv. þm. spurði í fyrsta lagi, hvort gerð hefði verið heildaráætlun um stofnun elliheimila samkv. almannatryggingalögum. Slík áætlun hefur ekki verið gerð.

Í öðru lagi spurði hv. þm. um, hve mikið fé væri nú fyrirliggjandi í ellistyrktarsjóðunum. Ég hef fengið þær upplýsingar, að um síðustu áramót hafi það verið 2278000 kr.

Í þriðja lagi spurði hv. þm., hvort nokkuð hefði verið greitt úr ellistyrktarsjóðunum til elliheimila í landinu. Svarið er, að engin slík heimili hafa fengið greiðslu úr ellitryggingasjóði.

Í fjórða lagi spyr hv. þm. um, hve mikið Tryggingastofnunin hafi lánað til elliheimila. Tryggingastofnunin gefur upp, að lánað hafi verið til þriggja elliheimila, elliheimilinu í Neskaupstað 100 þús. kr., elliheimili í Hafnarfirði 500 þús. kr. og eiganda elliheimilisins í Skjaldarvík 135 þús. kr. Öðrum hefur ekki verið lánað, en mér skilst, að málaleitanir séu þó um það frá einhverjum elliheimilum núna.

Ég held, að ég hafi þá svarað fyrirspurnum hv. þm. En út af því, sem hann sagði um það, að fjhn. vildi láta samþykkja frv. með breytingum, vil ég benda á það, að ekki er víst, að það sé samt bezta leiðin. En mér skilst, að þetta frv. sé ekki einkum fram borið í þeim tilgangi að koma upp elliheimilum, heldur frekar vinnuhælum fyrir fólk, sem hefur nokkra starfsgetu, en getur þó ekki unnið alla algenga vinnu. Hins vegar er gert ráð fyrir, að ellistyrktarsjóðirnir fari til að koma upp elliheimilum fyrir fólk, sem er orðið alóvinnufært. Þannig er það með flest það fólk, sem er á elliheimilinu hér, að það er ekki fært til neinnar vinnu yfirleitt. Í þessu frv. er hins vegar gert ráð fyrir að koma upp vinnuheimilum handa þeim, sem hafa einhverja vinnugetu. Ég vildi taka þetta fram almennt um frv. — Hins vegar er ekki að sjá, að áhugi sé mikill á því að koma upp elliheimilum, þar sem ekkert sveitarfélag hefur enn fengið útborgað úr þeim sjóði, sem til er, til þessara hluta, og ber það ekki vott um mikinn áhuga á þessum málum, og er yfirleitt ekki vitað, hvort menn vildu koma upp slíkum vinnuheimilum sem gert er ráð fyrir í þessum l., þótt frv. yrði samþykkt.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. V-Húnv. fyrir þau svör, er hann hefur gefið við þeim spurningum, er ég bar fram um þetta mál. Svör hans voru skýr og ótvíræð og báru þess vott, að ekki sé sá áhugi á málinu, sem ætla mætti og æskilegur væri. Mér skildist á ræðu hv. þm., að fremur væri átt við öryrkjaheimili en elliheimili í frv. þessu. En ég skil það svo, að framlög samkvæmt því eigi að ganga jöfnum höndum til elliheimila og öryrkjahæla. Hitt er rétt, að í almannatryggingalögunum er ekki tekið fram, hvort þessi hæli ættu að vera öryrkjahæli eða með öðru sniði. En mér hefur skilizt, að það væri framkvæmdaratriði. Ég hefði þó viljað líta svo á, að ákvæði þeirra l. næðu til þess, sem að er stefnt með þessu frv. Mér virðist, að það leiki nokkur vafi á því, hvort skorti á fé til þess að hefjast handa á þessu sviði eða öðrum ástæðum sé að kenna, að ekki hefur orðið úr framkvæmdum, en ég vona þó, að þetta góða málefni fái verðugar undirtektir hv. þdm. og nái fram að ganga.

Jón Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér, út af því, sem fram hefur komið um þetta mál, að vekja athygli á því, að frsm. fjhn. hefur upplýst, að ekki liggi fyrir neinar óskir um slík hæli er ræðir um í frv. frá neinum aðilum. Ef svo er, hvaða nauðsyn ber þá til að taka fé úr ríkissjóði, þótt ekki sé nema um 300 þús. kr., og binda það í sjóði með þessu markmiði, fyrst engar óskir liggja fyrir um slíkan sjóð? Mér finnst, að Alþ. hafi hingað til haft nóg að gera með sína fjármuni og ástæðulaust sé að binda fé þannig í sjóðum, sem ekki er vitað til að neinum muni koma að notum. Af þessum ástæðum og öðrum, er komu skýrt fram hjá hv. þm. A-Sk., sé ég mér ekki fært að fylgja þessu frv.

ATKVGR.
Brtt. 570,1 (ný 1. gr.) samþ. með 17:2 atkv.
— 570,2 (ný 2. gr.) samþ. með 18:1 atkv.
— 570,3 (ný 3. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18:3 atkv.

Á 60. fundi í Nd., 17. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 617).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16:3 atkv. og endursent Ed.

Á 61. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 62. fundi í Ed., 18. jan., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Hv. Nd. hefur gert talsverðar breyt. á þessu frv., en þó ekki að því er varðar meginefni þess. Tel ég að vísu, að þær breyt., sem gerðar hafa verið í Nd., séu til lítilla bóta og sumar til hins verra. Samkvæmt frv. skilst mér, að nú sé ekki heimilt Tryggingastofnuninni, þó að samþykki ráðh. komi til, að nota neitt af því fé, sem rennur í þennan sérstaka sjóð af erfðafjárskatti, til þess að byggja heimili. En upprunalega frv. gerði ráð fyrir, að

heimilt væri að nota fé þannig, auk þess sem heimilt væri að lána til þeirra aðila, sem um ræðir í 3. gr. — Í öðru lagi var gerð sú breyt. á 2. gr., að gert er ráð fyrir, að þessi lán megi nema allt að ⅔ af stofnkostnaði vinnuheimilis eða vinnustofu og vinnutækja. Mér sýnist augljóst, að það eigi langt í land, að þessum sjóði yrði leyft að lána svo mikinn hluta af stofnkostnaði, og því sé slæmt að gefa þessum aðilum vonir um að geta fengið meira fé en líkur eru til, að þeir geti fengið. — Þrátt fyrir þessa agnúa tel ég frv. vera að meginefni hið sama og þegar það upprunalega fór hér úr d., þ. e., að þetta fé, erfðafjárskatturinn og erfðafé ríkissjóðs, skuli lagt til hliðar í þeim tilgangi að nota það til þess að koma þessum stofnunum upp. Mun ég því ekki gera neinar till. til breyt. á frv., en vil mæla með því, að frv. sé samþ. óbreytt. Tveir nm. heilbr.- og félmn. eru mér sammála um þetta, og veit ég ekki til, að neinn af nm. hafi aðra afstöðu í málinu, en ef svo er, þá kemur það fram.

Gísli Jónsson: Ég vil aðeins lýsa því yfir, að ég er fylgjandi þessu frv. Eins og kemur fram í grg., þá bar ég þetta mál fram á sínum tíma í öðru formi, en meginkjarni málsins hefur jafnan verið að fá þetta fé sem fastan tekjustofn til að standa undir þeim kostnaði, sem er því samfara að framfleyta fólki, sem er komið á elliár og hefur slitið sér út á störfum fyrir þjóðfélagið, og jafnframt hinu, sem af einhverjum ástæðum hefur orðið fyrir þeim erfiðleikum að verða öryrkjar, án þess að það stafi frá ellilasleika. Þess vegna er ég viss um, að með þessu frv. er stigið ákaflega stórt og merkilegt spor í heilbrigðis- og félagsmálum þjóðarinnar, þar sem þessir menn hafa aðstöðu til þess að framfleyta sjálfum sér, þegar þeir þurfa á að halda. — Ég er þakklátur hv. heilbr.- og félmn. fyrir að taka þetta mál upp, og ég er einnig þakklátur hæstv. fjmrh., sem féllst á, að málið næði fram að ganga á þann hátt, sem það liggur fyrir, og vil vænta þess, að hv. d. vilji samþ. frv. óbreytt.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 665).

50. Happdrætti íþrótta- og ungmennafélaga.

Á 22. fundi í Ed., 30. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um heimild til að leyfa héraðssamböndum íþrótta- og ungmennafélaga að stofna til sérstakrar tegundar happdrættis [84. mál] (þmfrv., A. 139).

Á 23. fundi í Ed., 1. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér er borið fram, er flutt að tilhlutan nokkurra áhugamanna í íþróttamálum hér í bænum, sem höfðu óskað eftir því að fá leyfi til að stofna til svokallaðs töluspjaldahappdrættis, sem hægt yrði að reka í sambandi við skemmtanir, kvikmyndasýningar og aðrar samkomur. Væri þá ekki ætlazt til, að til slíks happdrættis yrði efnt nema að fengnu leyfi forstöðumanns hlutaðeigandi samkomu. Mér sýndist svo, að í núgildandi l. væri ekki heimild til að veita leyfi til slíkrar starfsemi, en þar sem vitað er, að íþrótta- og ungmennafélagshreyfingin þarf á auknum tekjum að halda, ef hún á að geta innt af hendi þá félagsstarfsemi, sem æskilegt væri, vildi ég stuðla að því, að samtökum þessum yrði leyft að reyna þá tekjuöflunarleið, sem frv. fjallar um. Ég kann satt að segja ekki að gera nána grein fyrir því, hvernig þetta happdrætti er hugsað, en það mun tíðkast nokkuð í öðrum löndum og reynist þar allvel. — Ég legg svo til, að frv. verði vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., 4. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 139, n. 498).

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Mál þetta hefur legið alllengi hjá allshn. N. hefur nú athugað og rætt frv. og hefur átt viðræður um það við forustumenn Íþróttabandalags Reykjavíkur og leitað upplýsinga um, hvernig rekstur slíks happdrættis, töluspjaldahappdrættis, sé hugsaður. Slík happdrætti sem hér um ræðir eru með öllu óþekkt hér á landi. Ungmenna- og íþróttafélög hafa með höndum margs konar skemmtanastarfsemi, þar sem við mætti koma slíku happdrætti til fjáröflunar fyrir félögin. Hins vegar verður reynslan að skera úr því, á hve breiðum grundvelli sé rétt að leyfa rekstur slíkrar starfsemi. — Að hinu leytinu er það kunnara en frá þurfi að segja, að íþrótta- og ungmennafélögum er nauðsynlegt að hafa allgóða tekjustofna, og hafa ýmis félög oft verið í vandræðum vegna fjárskorts að sjá starfsemi sinni farborða. Með tilliti til þessa hefur n. lagt til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi breytingu, sem sést á þskj. 498, að 1. gr. frv. orðist svo: „Heimilt skal dómsmálaráðherra að leyfa héraðssamböndum íþrótta- og ungmennafélaga, hverju á sínu félagssvæði, að stofna til og reka um tiltekinn tíma töluspjaldahappdrætti („Bingo"-happdrætti) í sambandi við skemmtanir, er þau eða sambandsfélög þeirra halda, samkvæmt reglum, er settar yrðu með reglugerð." N. var sammála um, að það skyldi tryggt, að þessi starfsemi gengi ekki úr hömlu, og var sammála um að afgr. málið á þennan veg.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta, en óska þess, að málinu verði vísað til 3. umr. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Brtt. 498 (ný 1. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 7. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 538).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 54. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 55. fundi í Nd., 10. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Ég flutti þetta frv. í hv. Ed. að beiðni einstakra manna úr stjórn Íþróttabandalags Reykjavíkur í því skyni, að íþróttafélögin gætu fengið nokkrar tekjur af þeirri sérstöku tegund happdrættis, sem hér er um að ræða. Var þá málið hugsað þannig, að þetta væri rekið í sambandi við kvikmyndasýningar. Hv. allshn. Ed. taldi, að ekki væri nógu ljóst, hvernig happdrætti þetta yrði framkvæmt og hvað í þeirri heimild fælist, sem ráðgerð var í frv., og vildi því takmarka mjög heimildina. Að athuguðu máli féllst ég á það og að þessi sérstaka tegund happdrættis verði einungis leyfð í sambandi við skemmtanir eða samkomur, sem þessi sambönd efna sjálf til og nánar segir í frv., eins og það liggur fyrir. Býst ég ekki við, að neinn geti haft á móti svo takmarkaðri heimild. Reynslan mun sýna, hvort vert sé að veita víðtækara leyfi til slíkrar tegundar happdrættis vegna slíkrar starfrækslu. Ég tel ekki þetta frv. mikilsvert, en mæli með því, að það nái fram að ganga, til þess að sjá, hvort þetta er fær leið. Íþróttafélögunum er nauðsynlegt að hafa sér hollari tekjustofna en þau hafa áður haft. — Ég legg til, að frv. fari til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., 14. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 538, n. 580).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég hef ekki mikið fylgzt með þessu máli, það er komið frá hv. Ed. og er nú komið hér til 2. umr. í þessari hv. d.
Ég skal strax taka það fram, að ég er hlynntur íþróttastarfseminni og þykir gott og heilbrigt, að hægt sé að veita einhverjar tekjur eða einhverja möguleika til tekjuöflunar handa henni. En þó er það alltaf svo, þegar farið er að ræða um þá hluti að veita einhver sérstök hlunnindi á þennan hátt, þá vakna upp svo margar spurningar og margar kröfur frá öðrum aðilum í sambandi við það, að oft verður erfitt að gera upp við sig, hverju skuli fylgja í því efni og hvað eigi að ganga fyrir. En ég nefni þetta út af því, að til ráðuneytisins hefur nú fyrir skömmu borizt erindi frá landlækni ásamt frv. til l. um íþróttagetraunir, sem er í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir til umr. Það, sem landlæknir leggur til í þessu sambandi, er, að nokkrum hluta af þeim tekjum, sem hlytust af happdrætti sams konar og gert er ráð fyrir á þskj. 538 eða eitthvað í þá átt, yrði skipt milli íþróttastarfseminnar í landinu og að öðru leyti til þess að styrkja sjúkrahús, sumpart til þess að styðja að því að koma upp sjúkrahúsum og sumpart til þess að styðja rekstur sjúkrahúsa. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að kröfur til umbóta í þeim málum eru geysilega miklar, og við vitum, að það eru einnig réttlátar kröfur að því leyti, að það er fátt sem meira liggur við en að þau mál séu í lagi, og þó að það sé margt, sem að kallar í þessu sambandi, þá veit ég þó, að það eru afar miklir erfiðleikar á því að fá fé til þessara hluta, sem nauðsynlegt er. Ég hafði ætlazt til þess fyrir fáum dögum, að þetta frv. og erindi landlæknis bærist til þeirrar n. hér í hv. Nd., sem þetta frv. kom til, en af mistökum hafði frv. verið sent til heilbr.- og félmn. ásamt erindi landlæknis, sem ekki hafði málið með höndum, og hefur það því ekki komið til hv. allshn., sem hafði með höndum það frv., sem nú liggur hér fyrir til umr. Ég vildi því ekki láta hjá líða við þessa umr. fyrst og fremst að benda á þetta erindi, sem hefur verið sent heilbrmrn., og um leið láta þess getið, að heilbrmrn. hefur skrifað hv. allshn. bréf, þó að það af misgáningi hafi verið stílað til heilbr.- og félmn., sem er á þessa leið:
„Hér með sendir ráðuneytið háttvirtri heilbr.- og félmn. Alþingis frv. til l. um íþróttagetraunir, er landlæknir hefur samið. Er þess óskað, að nefndin taki frv. þetta til athugunar í sambandi við frv. til l. um heimild til að leyfa héraðssamböndum íþrótta- og ungmennafélaga að stofna til sérstakrar tegundar happdrættis, en þetta frv. mun nú liggja hjá nefndinni. Ráðherra heilbrigðismála mun síðar ræða við nefndina um mál þetta."
Ég vildi leyfa mér að óska eftir því, að þessari 2. umr. yrði frestað, þannig að allshn. gæti kynnt mér þau nýju plögg, sem nú liggja fyrir um þetta mál, áður en það er afgreitt. Ég verð að viðurkenna, að ég veit ekkert, hvað í þessari heimild felst, sem hér er gefin með því frv., sem nú liggur fyrir. Það hefur ekki legið fyrir opinberlega hér í þinginu, hvað gert væri ráð fyrir, að þetta gæti gefið í tekjur. Þess vegna virðist mér ekki óeðlilegt, að þetta mál verði athugað betur, áður en það yrði að fullu afgr., a. m. k. vildi ég óska eftir því, að n., sem fékk málið til meðferðar, gæti gefið upplýsingar um það, hvað áætlaðar tekjur af þessu yrðu miklar, o. s. frv., vegna þess að það veltur mikið á því, hvaða afstaða verður tekin til málsins að öðru leyti. En það, sem ég vildi segja hér, er ekki að mæla á móti málinu, heldur að koma á framfæri því erindi, sem kom frá landlækni, um það, að teknar yrðu til

athugunar í sambandi við þetta þær till., sem hann ber fram um, að einhverju af ágóðanum, sem af þessu yrði, yrði varið til þess að efla sjúkrahús og rekstur þeirra. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að segja fleira að svo stöddu.

Umr. frestað.

Á 60. fundi í Nd., 17. jan., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Nd., 18. jan., var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Þessu máli var frestað eftir beiðni hæstv. forsrh., sem borið hefur fram bréf frá landlækni um þetta efni, og sé ég ekki ástæðu til að ræða það á þessu stigi. En nefndin leggur til, að þetta frv. verði samþ. óbreytt eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 679).

---

51. Gin- og klaufaveiki.

Á 30. fundi í Sþ., 9. jan., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 11 23. apríl 1928, um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins** [158. mál] (þmfrv., A. 556).

Á 55. fundi í Nd., 10. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Landbn. þessarar hv. d. flytur þetta frv. eftir tilmælum hæstv. landbrh. Það fjallar um tvö atriði í gildandi l. til varnar því, að gin- og klaufaveiki berist til landsins. Hið fyrra ákvæði, sem er í 1. gr. þessa frv., hljóðar um það að hækka verulega sektir fyrir brot á þeim þýðingarmiklu l., sem hér er um að ræða, og er það að sjálfsögðu með tilliti til þeirra verðbreytinga, sem orðið hafa síðan þau l. voru sett. — Síðara ákvæðið, sem felst í 2. gr. þessa frv., er um það að rýmka heimild ríkisstj. eða landbrh. til þess að setja ákvæði í reglugerð um það að verjast þeirri hættu, sem hér er um að ræða, og bæta úr ríkissjóði það tjón, sem af því kann að hljótast, að til þeirra ráða verður að grípa að farga í skyndi meira eða minna af bústofni einstakra manna eða einstakra búa. — Landbn. lítur svo á, að það sé sjálfsagt að samþ. þetta frv., og væntir þess, að það fái greiðan gang gegnum hv. d. En í sambandi við þetta mál vil ég auk þess taka fram, að ég hef lengi litið svo á, að það væri í sjálfu sér tilviljun að kalla má, að við skulum ekki vera búnir að fá þessa veiki inn í landið og aðrar hættulegar pestir, og meðfram fyrir það, hve oft hefur af ríkisstj. verið veitt undanþága frá þeim lögum og ákvæðum, sem í gildi eru varðandi þetta efni, með því að flytja inn alls konar skepnur, hunda, fugla, smádýr og síðast nú í vetur var flutt inn fyrir nokkurn tíma margt af villidýrum, sem maður getur ekkert um sagt, hvort hafi getað borið með sér veiki. Allar slíkar undanþágur álít ég að eigi að forðast mjög, því að í l. eins og þau eru er að finna mjög ströng ákvæði gegn því að flytja inn nokkur erlend dýr. Landbn. hefur ekki tekið neitt til athugunar að herða á þessu, því að í sjálfu sér eru ákvæðin nógu hörð, en það eru undanþágurnar, sem á undanförnum árum hafa verið veittar, sem hafa gert l. áhrifaminni.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta mál fyrir hönd landbn., en vænti þess, að málið fái greiðan gang gegnum hv. deild.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., 11. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., 14. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 58. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 59. fundi í Ed., 15. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Ed., 18. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 556, n. 653).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Þetta mál þarf ekki langa framsögu. Með 1. gr. er sú breyt. gerð á gildandi l., að sektir eru hækkaðar úr 100—10000 kr. í 500—50000 kr., eða fimmfaldaðar. — Í síðari gr., sem er viðbót við l., sem nú gilda, eru þau ákvæði ný, að ríkisstj. er heimilað að setja nánari ákvæði í reglugerð. Það er dálitið vafasamt, hvort þess er þörf, því að eins og l. eru nú, þá er ríkisstj. heimilað að gera allar ráðstafanir, sem henni þykir þurfa, en það þótti réttara að bæta þessu ákvæði við. — Í 2. gr. er prentvilla; þar stendur „slítrað", en á að vera „slátrað", og vænti ég, að hæstv. forseti leiðrétti það.

N. er sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt. Ég vil geta þess, að ég legg mikið upp úr ákvæðum frv. um að bæta gripi, sem slátrað er, og að þær bætur séu alveg fullar, ekki vegna mannanna, sem hlut eiga að máli, heldur vegna þess, að það þarf að ýta undir menn að segja til undireins, þegar einhver sjúkdómur kemur upp, svo að því sé ekki leynt. En það eru nokkru meiri líkur til þess, að menn hummi það fram af sér, ef þeir búast við, að það verði skorið hjá þeim fyrir litlar bætur. Þetta vil ég taka fram, af því að það hefur komið fyrir í slíkum tilfellum, þegar skepnum hefur verið slátrað af ótta við sjúkdóm, að viðkomandi mönnum hefur þótt bæturnar það litlar, að þeir hafa látið orð falla í þá átt, að þeir mundu ekki hafa sagt til sjúkdómsins, hefðu þeir vitað, að yrði drepið hjá þeim og þeir fengju ekki meiri bætur. Þess vegna legg ég mikið upp úr þessu ákvæði.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 19. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 692).

---

52. Skógræktardagur skólafólks.

Á 25. fundi í Ed., 6. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um skógræktardag skólafólks [97. mál] (þmfrv., A. 172).

Á 26. fundi í Ed., 7. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Ég flyt ásamt hv. 4. þm. Reykv. frv. til l. um skógræktardag skólafólks. Eftir því sem ég bezt veit, mun þetta vera ný hugmynd; mér a. m. k. er ekki kunnugt, að hún hafi fyrr verið flutt hér á Alþingi. En frv. er í fáum orðum það, að heimilt skuli vera að kveðja hvern þann nemanda, pilt eða stúlku, sem ókeypis kennslu nýtur í einhverjum ríkisskóla, til að starfa einn dag á ári við skógrækt, meðan viðkomandi unglingur er í slíkum skóla. Til þess er ætlazt, að skógræktarstjóri hafi áður skipulagt starfið á hverjum stað og að hann sjái um góða verkstjórn og góða vinnuaðstöðu og ráði vali verkefna. Það er ætlun flm., að skógræktardagurinn verði ákveðinn með nægum fyrirvara að vorlagi og í samráði við stjórnendur skólanna. Um framkvæmdir vil ég taka fram, til þess að fyrirbyggja misskilning, að við teljum ekki nauðsynlegt, að allir nemendur séu kvaddir á einum og sama degi. Það er ólíklegt, að aðstaða til verkstjórnar og aðrar aðstæður leyfi það. Eðlilegra verður, að allir nemendur fjölmennra skóla taki sinn skógræktardag á nokkrum tíma, jafnvel svo að vikum skipti, en aðeins hæfilegur hópur, við skulum segja ein til tvær bekkjardeildir, á sama degi. Með þessu móti verður þetta alls ekki eins þungt í vöfum og ætla mætti, ef einhverjir létu sér detta í hug, að allir nemendur í fjölmennum skólum ættu að vinna sama daginn. Það er líka sennilegt, að Skógrækt ríkisins yrði það um megn að koma upp skógræktardegi í öllum skólum landsins jafnvel næstu árin. Til þess gæti skort nægilegt magn af trjáfræi, einnig stjórnara og leiðbeinendur, einkum fyrst í stað. En fyrir þessu er gert ráð í frv., þar sem er ákvæði 1. gr. um, að kvaðning nemenda til skógræktar sé aðeins í heimildarformi. Það brýtur því ekki í bága við frv., þó að Skógræktin treysti sér ekki til að framkvæma l. fyrst um sinn nema á einum eða tveimur eða fáum stöðum. Það væri einmitt mjög eðlileg aðferð. Fleira fólk yrði síðan til kvatt frá ári til árs, þar til að lokum öll skólaæskan leggur fram krafta sína einn dag á ári í þjónustu skógræktarinnar í einhverri mynd. Ef þetta gerðist á hverju skólaári, gæti orðið allt að 10 daga þjónusta af hendi hvers nemanda í þágu skógræktarmála. Margir áhugamenn um skógrækt hafa borið kvíðboga fyrir því, að um svo fáa væri að ræða, sem gætu lagt fram vinnuafl til ræktunar nytjaskóga á Íslandi, að ekki yrði nægilegt, einkanlega ef við hugsum okkur að gera þetta á næstu áratugum. Fróðir menn hafa áætlað, að til þess þyrftum við að leggja fram ca. 10 þúsund dagsverk á ári í allt að því eina öld, ef við eigum að verða nokkuð sjálfbjarga um framleiðslu trjáviðar. Það torveldar mjög framkvæmdir, að þessa vinnu þarf að leggja fram á sex vikna tíma að vorinu eða fyrri hluta sumars. Nálega eina færa leiðin til þess að fá þannig nauðsynlegt vinnuafl í þjónustu þessara mála er sú,

að áliti okkar flm., að leita til unga fólksins í skólunum, líkt og hér er lagt til, og kveðja það til þessarar þjónustu. Ég hef fengið þær upplýsingar frá fræðslumálaskrifstofunni, að 16200 nemendur séu nú í barnaskólum landsins og að í gagnfræðaskólum og héraðsskólum, að meðtöldum unglinga- og miðskólum, þ. e. á gagnfræðastiginu, séu um 4800—5000 nemendur og í menntaskólunum 800 nemendur. Í háskólanum eru auk þess upp undir 700 nemendur. Nú skulum við gera ráð fyrir, að yngstu börnin í barnaskólunum verði ekki kvödd, heldur sem svarar aðeins helmingi þeirra nemenda, eldri árgangarnir. Ætti þar að vera hægt að taka 8 þúsund börn til skógræktarstarfa. Langflesta nemendur gagnfræða- og héraðsskóla og menntaskólanna ætti að vera hægt að kveðja til þessara starfa, jafnskjótt og Skógræktin treystir sér til að nota svo mikið vinnuafl, hefur aðstöðu til að veita fullnægjandi leiðbeiningar og hefur vel kunnandi stjórnendur og nægilegt trjáfræ. Er þarna um að ræða allt að 14 þúsund manns. Og á þennan hátt teljum við, að hægt sé að leysa þennan vanda, að fá lagt fram milli 10 og 20 þúsund dagsverk í þjónustu skógræktar á Íslandi, án þess að neins staðar komi hart niður.

Annað aðalvandkvæðið í vegi fyrir stórfelldum framförum í skógrækt er vantraust almennings á trjárækt yfirleitt. En ef vel tækist til með árangur af þessum skógræktardögum, er ekki ólíklegt, að því fólki fjölgi allmikið á næstu árum, sem fær nokkra þekkingu og áhuga á þessum málum og leggi síðan hönd á plóginn sem áhugamenn í skógræktarfélögunum, sem nú eru tekin til starfa víðs vegar um land.

Í 3. gr. frv. er vikið að því, hvaða verkefni megi vinna á skógræktardögum í þeim héruðum landsins, sem ekki þættu hafa upp á verkefni að bjóða í skóggræðslu í bókstaflegri merkingu þess orðs. Undir þeim kringumstæðum er gert ráð fyrir samkomulagi milli skógræktarstjórnar og viðkomandi sveitarstjórnar um að fela skólafólki í því byggðarlagi verkefni til fegrunar í kringum kirkjur og skóla, sjúkrahús, elliheimili og aðrar menningar- og líknarstofnanir. Ef þannig væri beint starfskröftum unga fólksins, mun áreiðanlega engin héruð landsins skorta verkefni á þessu sviði, því að þessar stofnanir standa flestar á berangri og er lítið hugsað um að fegra umhverfi þeirra, en á því væri full þörf.

Ég skal ekki í framsögu málsins fara neitt inn á, hvort það sé nokkuð annað en draumórar að hugsa sér að rækta nytjaskóg á Íslandi. Ég held, að menn séu nú orðnir sannfærðir um, að þetta megi takast. Norðmenn halda fram, að hvar sem hægt sé að rækta kartöflur með öruggum árangri, sé líka hægt að rækta skóg. Og sé þetta rétt, þá er hægt hvarvetna á Íslandi að rækta skóg. Tilraunir benda og í þá átt, að menn þurfi ekki að skiptast í „trúaða og vantrúaða", heldur megi skírskota til reynslunnar, sem fengizt hefur 3—4 síðustu áratugina. En lengra nær ekki reynsla okkar í þjónustu skógræktarmálanna.

Að síðustu skal ég geta þess, að uppkast að þessu frv. var sent skógræktarstjóra, og gerði hann við það eina breyt., sem var að fullu tekin til greina. Að öðru leyti tjáði hann sig fyllilega og eindregið samþykkan frv.

Það er mjög talað um það nú að beina námsstarfi unga fólksins í skólunum meir en áður að verklegum efnum. Þetta frv. stefnir í þá átt. Og ég hygg, að þetta starf, sem frv. ætlast til að unga fólkið leggi hönd að, eigi meiri vinsældum að fagna en nokkurt annað starf, sem hægt er að ætla ungu fólki í skólum að vinna að. Það er að vísu krafizt nokkurrar fórnar af hendi æskulýðsins, ef frv. verður að l. og kemur til framkvæmda. En ég held þó, að sú fórn sé ekki meiri en svo, að við megum gera okkur fullkomlega von um, að unga fólkinu verði ljúft að færa þá fórn í þjónustu þessa málefnis, þeirrar hugsjónar að klæða okkar nakta land. — Ég vil svo leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., 4. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 172, n. 304).

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þetta mál hefur ekki áður legið fyrir hv. Alþ. Hins vegar minnist ég skrifa Skúla Þorsteinssonar á Eskifirði um þetta mál eða hliðstæða hugmynd. Og eins og fram kemur í bréfi fræðslumálastjórnarinnar, sem prentað er sem fskj. með nál., þá hafa þegar einstöku skólar tekið upp þennan hátt.

Landbn. hefur haldið fund um þetta mál og sent frv. til umsagnar, eins og nál. ber með sér. N. telur, að með þessu frv., ef að lögum yrði, væri stigið verulegt spor í þá átt að örva þessa starfsemi. N. lítur svo á, að með frv. sé mjög hófsamlega í sakirnar farið. Hér er aðeins um heimild að ræða. Það er sem sagt gert ráð fyrir, að málið fái að þróast áfram eins og hingað til án beinna tilskipana, en þróunin aðeins studd á þann hátt, sem hér um ræðir og hv. þdm. er að sjálfsögðu kunnur.

N. leggur hér til nokkrar breyt., og vil ég aðeins gera grein fyrir þeim. Lagt er til, að 1. gr. orðist um. En meginbreyt., sem gerð er frá þeirri upphaflegu gr., er sú, að nánar er kveðið á um það, hverjir skuli kalla til starfa. N. leggur til, að þetta sé orðað á þessa leið: „Heimilt er skógræktarstjóra í samráði við hlutaðeigandi skólanefnd og skólastjóra að kveðja" o. s. frv., í stað þess, að í frv. er aðeins sagt: „Heimilt er að kveðja hvern þann nemanda" o. s. frv. N. taldi, að þetta væri gleggra þannig. — Þá er í lok gr. undirstrikað nokkru greinilegar en í upphaflega frv., að verkefni skógræktardagsins skuli velja að jafnaði innan skólahverfisins eða nálægt skólastað. Þó er þessu ekki slegið föstu. Frá því getur þurft að gera undantekningar, þótt það skuli vera meginreglan.

N. vill slá því föstu, að skógræktardagurinn skuli haldinn að vorinu, en hafa hitt laust, hvort hann fer fram áður en skóli hættir störfum, því að vel getur hagað svo til, að því verði ekki við komið, þó að það sé að sjálfsögðu æskilegast.

Þá er smáorðalagsbreyt., sem n. leggur til, að gerð verði á 3. gr., þannig að nánar er kveðið á um það, hverjir kalli menn til starfa. — Og í sambandi við 4. gr. er að síðustu smábrtt. um það, að reglugerð hér að lútandi skuli skógræktarstjóri semja í samráði við fræðslumálastjóra, og er því skotið inn í eftir ábendingu hans, eins og til þess að undirstrika aðild fræðslumálastjórnarinnar að þessu máli.

Landbn. væntir þess, sem sagt, að þetta mál nái fram að ganga.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil aðeins hreyfa því, að ef þetta frv. yrði lögfest, óttast ég, að framkvæmd þess gæti torveldað að einhverju leyti dvöl barna í sveit að sumrinu og vorinu. Það er gefinn hlutur, að þegar farið verður að halda þennan skógræktardag, þá er víða á landinu ekki hægt að halda hann fyrr en um mánaðamótin maí og júní, og getur þetta jafnvel dregizt fram í júní, en fyrir þann tíma er barnaskólunum lokið og mörg börn fá leyfi til þess að fara til sumardvalar í sveit, áður en skólarnir hætta. Ég óttast, að þetta gæti orðið torveldað með því að hafa hér í l. skyldu til þess að taka þátt í þessum skógræktardegi. Hins vegar var ég fyllilega með því, og landbn. öll, að setja eitthvað inn í frv. um þetta, eftir að fræðslumálastjóri var búinn að lýsa því yfir, að hann teldi, að þessi börn mundu alltaf fá undanþágu og að það mundi á engan hátt verða torvelduð þeirra sveitardvöl, þrátt fyrir það að skógræktardagur yrði ákveðinn svona, enda mundi þá líka vera hægt að láta þau taka þennan skógræktardag í þeirri sveit, sem þau færu í til sumardvalar. Þetta vildi ég láta koma fram, af því að á þessu byggðist m. a. fylgi mitt við frv. Enn fremur byggðist fylgi mitt við frv. á því, að skógræktarstjóri lýsti yfir því, að eins og nú stæði væri langt frá því, að hann væri við því búinn að taka við þessum skógræktardögum og framkvæma þá um allt land, og það mundi þess vegna taka nokkurn tíma, þar til aðstaða skapaðist til þess, og að hann mundi ekki láta þetta koma til framkvæmda nema smám saman, — og þetta þótti mér líka vænt um, — því að ekki yrði farið að senda börn og unglinga landshornanna á milli til þess að taka þátt í þessum skógræktardegi. — Þetta vildi ég taka fram, því að ég treysti á það, að það, sem þessir menn hafa sagt um þetta efni, standi í framkvæmdinni.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég þakka hv. n. fyrir afgreiðslu málsins, og ég skal taka fram, að ég get sætt mig vel við allar brtt., sem n. hefur gert við frv., og hygg, að þær séu flestar eða allar til bóta.

Viðvíkjandi því, sem hv. 1. þm. N-M. (PZ) sagði hér áðan um framkvæmd skógræktardagsins, að því er tekur til þeirra barna, sem fara úr kaupstöðum í sveit að sumrinu, þá er það von mín og raunar vissa, að það væri þá mjög stirðlega á málum haldið, ef ekki fengist annað tveggja undanþága frá þátttöku í skógræktardeginum eða að viðkomandi húsbændur heimiluðu börnunum að ganga til þessarar þjónustu þar, sem það væri unnt, á þeim tíma, er þau væru í sumardvöl sinni.

Ég vil svo vona, að málið komist í gegnum þingið og verði gert að lögum og að gagn megi af því hljótast í framkvæmd.

ATKVGR.
Brtt. 304,1 (ný 1. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
— 304,2 samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 304,3 samþ. með 10 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 304,4 samþ. með 10 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., 6. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 333).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 37. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 53. fundi í Nd., 4. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til menntmn. með 20 shlj. atkv.

Á 60. og 61. fundi í Nd., 17. og 18. jan., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 63. fundi í Nd., 19. jan., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 333, n. 645).

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Menntmn. hafði þetta frv. til athugunar og leggur til, að það verði samþ. óbreytt eins og hv. Ed. gekk frá því.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 696).

53. Mótvirðissjóður (frv. fjhn. Nd.).

Á 60. fundi í Nd., 17. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild til ráðstöfunar á fé mótvirðissjóðs [177. mál] (þmfrv., A. 634).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég hef af hv. fjhn. verið beðinn um að fylgja þessu máli úr hlaði með nokkrum orðum, og get ég um það að mestu vísað til þeirrar grg., sem málinu fylgir.

Það hefur áður verið heimilað að lána úr mótvirðissjóði til þessara þriggja fyrirtækja, sem hér er um að ræða, 120 millj., eins og þær upplýsingar, sem frv. fylgja, bera með sér, en þetta hrekkur skammt. Það er búið að láta 75 millj. af þessum 120 millj., en þessar framkvæmdir þurfa á næsta ári á stórfé að halda, og er því lagt til í þessu frv., að ríkisstj. verði á næsta ári heimilað að lána þeim enn fremur 95 millj. Og verður þá, ef þetta frv. verður að lögum, búið að láta til þessara fyrirtækja 215 millj. Það hefur orðið að samkomulagi að koma þessum fyrirtækjum upp með því að lána þeim fé úr mótvirðissjóði, og er gert ráð fyrir að lána þeim jafnt í samræmi við stofnkostnað bæði úr mótvirðissjóði og af beinum Marshall-lánum.

Ég geri ekki ráð fyrir, að þessi heimild, sem nú er gefin með þessu, muni duga, og muni þurfa síðar að lána þeim meira, en þá er gert ráð fyrir, að hægt verði að lána þeim enn meira úr mótvirðissjóði, en eins og nú stendur á í dag þótti ekki fært að leita heimildar um hærri upphæð en þessar 95 millj., enda ætti það að duga til haustsins, þangað til þing kemur saman á nýjan leik.

Lánskjörin eru þau hin sömu og stjórnin hefur komið sér saman um að lána til þessara stofnana, og verða þau greidd upp með jöfnum ársgreiðslum, sem kallað er, en ekki jöfnum afborgunum.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum og mun ekki gera neina till. um nefndarskipun, vegna þess að fjhn. hefur tekið að sér að flytja málið, og vænti ég þess, að það komi fram, að málið er flutt af nefnd.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er eitt atriði í sambandi við þetta mál, sem ég vildi leyfa mér að vekja athygli á og leyfa mér að bera fram fyrirspurn um til hæstv. fjmrh.

Það stendur í 1. gr., að ríkisstj. sé heimilt að lána fé úr mótvirðissjóði til Sogs- og Laxárvirkjananna og Áburðarverksmiðjunnar h/f. Ég hef áður gert athugasemd við þetta atriði í byrjun þessa þings. Ég benti á það þá, að það væri að mínu áliti mjög varhugavert að slá því föstu í þessum lögum um heimild til handa ríkisstj., á hvern hátt eignaryfirráðin yfir áburðarverksmiðjunni skyldu vera. Áburðarverksmiðjan h/f er ekki til í lögum um áburðarverksmiðju. Það er ekki til fyrirtæki með því nafni í þeim lögum, það er ekki nefnt á nafn á neinum stað, og hingað til hefur yfirleitt ekki verið gengið frá stofnun hlutafélaga með lagasetningu. Og ég vil í þessu sambandi minna hv. þm. á það, sem segir um þessa stofnun í þeim lögum, sem um hana fjalla, þ. e. í 3. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Verksmiðjan er sjálfseignarstofnun, er lýtur sérstakri stjórn. Verksmiðjuna má hvorki selja né veðsetja, nema heimild sé veitt til þess af Alþingi.“ — Og það hefur engin heimild verið veitt til þess að breyta þessari 3. gr.

Til er í 13. gr. ákvæði, sem ég vil leyfa mér að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstjórninni er heimilt þrátt fyrir ákvæði 2. gr. að leita eftir þátttöku félaga og einstaklinga um hlutafjárframlög til stofnunar áburðarverksmiðjunnar og leggja fram til hennar hlutafé úr rekstrarsjóði áburðarsölu ríkisins allt að einni milljón króna. Ef slík framlög nema minnst 4 milljónum króna, leggur ríkissjóður fram hlutafé, sem þá vantar til, að hlutaféð verði alls 10 millj. kr., og skal verksmiðjan þá rekin sem hlutafélag.“

Þetta virðist vera ótvírætt, og þegar rætt var um þetta atriði í fjhn., þá virtist flestum fjhn.-mönnum það vera ótvírætt, að áburðarverksmiðjan væri eign ríkisins, en hins vegar væri rekstrarfélagið hlutafélag. **(Viðskmrh.:** Hlutafélög eru rekin eftir hlutafélagalögum.) En eftir þessum lögum á þetta hlutafélag aðeins að hafa með höndum rekstur stofnunarinnar, en það er ekki einn stafur um það, að það sé eigandi hennar. Það segir ótvírætt í 3. gr.:

„Verksmiðjan er sjálfseignarstofnun, er lýtur sérstakri stjórn. Verksmiðjuna má hvorki selja né veðsetja, nema heimild sé veitt til þess af Alþingi.“ **(Einhver:** Ríkið á meiri hlutann af hlutafénu.)

Ég held, að það sé nauðsynlegt fyrir menn að gera sér það ljóst, að hér er ekki til þess ætlazt, að þessi verksmiðja verði hlutafélag. Það segir í 2. gr., að ríkisstj. sé heimilt að láta reisa og reka verksmiðju til þess að framleiða þær tegundir áburðar, sem eru síðan þar upp taldar. 13. gr. tekur það hins vegar fram, að það sé leyfilegt að leita eftir fé til þess að stofna hlutafélag til að sjá um rekstur hennar, og þar er ekkert tekið fram um þau ákvæði 3. gr., að verksmiðjan sé sjálfseignarstofnun. Hins vegar verðum við að ganga úr skugga um það, hvernig þessu er nú háttað. Það er prinsip-atriði, sem hér er um að ræða af hálfu ríkisins.

Þetta er stofnun með 10 millj. kr. hlutafé. Af þessum 10 millj. leggur ríkið fram 6 millj. Það er gert ráð fyrir því, að þessi verksmiðja muni kosta um 108 millj. Ef það er rétt, að þessi verksmiðja sé eign hlutafélags, þá verður það þannig, að ef hún borgar sig vel, þá verður hægt að greiða ríkinu aftur það fé, sem það hefur látið til hennar fara, og síðan hirða hluthafarnir þann arð, sem af rekstri verksmiðjunnar kann að verða. Það þýðir, að þeir, sem þessar 10 millj. kr. eiga, eru þá búnir að eignast þessar 98 millj., sem það kostaði ríkið að koma henni upp, og hirða eftirleiðis þann gróða,

sem af henni kann að verða. Nú skulum við gera ráð fyrir því, að þessi verksmiðja sé eign þessa hlutafélags, en sem stendur lítur út fyrir, að meiri hluti hlutafjárins verði eign ríkisins. Nú þarf ekki nema meiri hluta Alþingis til að samþykkja að selja þessu hlutafélagi hluta ríkisins af bréfunum. (**Viðskmrh.**: Hver tapar, ef tap verður?) Ríkið. Ef hæstv. viðskmrh. er ekki svo mikill fjármálaspekingur, að hann sjái, að það getur verið gott að láta gefa sér 98 millj., þá verð ég að segja, að hann er minni spekúlant en ég hef haldið hingað til.

Þá vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. fjmrh., hvort það sé þannig háttað með það fé, sem verður veitt til þessarar verksmiðju, að það sé gengisklásúla á því. Ég meina, að ef áburðarverksmiðjan verður hlutafélag og gengið verður fellt á nýjan leik, eins og hv. stjórnarflokkar stefna beinlínis að, á þá að gefa áburðarverksmiðjunni eftir þau lán, sem nú er verið að veita henni? Ég býst við, að hæstv. ráðh. hafi gert sér það ljóst, hvað í þessu er fólgið, og mér þætti vænt um, ef hann gæti upplýst þingmenn um það, hvort gengisklásúla er á þessum lánum.

Það er rétt fyrir hv. þm. að gera sér það ljóst, hvað hér er á ferðinni. Það, sem hér er verið að gera, er hvorki meira né minna en það, að það er verið að gera samsæri um að ná eignum undan ríkinu og gefa vissum aðilum verksmiðjuna gegn því, að þeir leggi til 4 millj. í fyrirtæki, sem í grg. frv. er gert ráð fyrir að muni kosta 108 millj.

Ég vil vekja athygli á því, hvernig farið var að því að ná þessari eign úr höndum ríkisins. Áburðarverksmiðjufrv. var alltaf lagt fyrir Alþingi sem lög um áburðarverksmiðju, sem skyldi vera eign þess. Og það frv., sem síðar varð lög nr. 40 23. maí 1949, var lagt fram sem frv. til laga um áburðarverksmiðju ríkisins og var samþ. sem slíkt við 1. og 2. umr. Síðan er við 3. umr. af núverandi viðskmrh., sem þá hafði áður haft samband við núverandi formann verksmiðjustjórnar, komið fram með brtt., sem nú er 13. gr. laganna. Þetta er gert við síðustu umr. í Nd. Þá er ekki lengur hægt að vísa málinu til nefndar, og þetta er barið í gegn við þá einu umr., sem eftir var. Og þær greinar, sem þessi 13. gr. stangast bókstaflega á við, fást ekki einu sinni lagfærðar, þannig að nú stangast 13. gr. á við 3. gr., þó að hún ætti að koma í veg fyrir ákvæði 2. gr., en það var bara ekki nóg. Þessum ákvæðum um hlutafélag var smeygt inn í frv. á síðustu dögum þingsins sem brtt. við 3. umr., og þannig var ríkið svipt eignum sínum á síðustu og mestu annadögum þingsins.

Ég hef tvisvar áður vakið máls á þessu með eignarréttinn og vil nú leyfa mér að biðja fjmrh. að gefa skýlausa yfirlýsingu um það, hverjum hann tilheyrir. (**Fjmrh.**: Hvað oft þarf ég að gera það, til þess að hv. þm. skilji?) Ég held, að þær yfirlýsingar ráðherrans hafi ekki nægt til þess að breyta lögunum. Og ég held, að hæstv. ríkisstj. ætti að sýna sig í því að reyna að koma eitthvað við lögin.

Nú er eftir þessu frv. litið svo á, að það sé búið að selja þetta fyrirtæki í hendur Áburðarverksmiðjunni h/f, og nú eiga þm. að leggja blessun sína yfir það að lána þessu hlutafélagi svo og svo mikið að eignum ríkisins, til þess að það síðan geti eignazt þær að fullu. Ég álít, að þessi aðferð sé óverjandi, svo að ekki sé sterkar að orði kveðið. Og mér þykir það hart, ef það eru engir aðrir þm., sem líta svo á, að það sé hart að gera slíkar ráðstafanir í nafni þingsins. Ég er sannfærður um, að eigendur hlutabréfanna hafa lagt fram hlutafé sitt í þeirri góðu trú, að þeir væru að eignast verksmiðjuna. Ég vil fá úr þessu skorið. Ég álít, að ríkið eigi að kaupa öll hlutabréfin í verksmiðjunni, og ég vil vekja athygli á því, að ef eigendum hlutabréfanna finnst ástæða til, þá geta þeir skotið þessu til dómstólanna, og þótt þeir yrðu ekki dæmdir eigendur verksmiðjunnar, þá ættu þeir mjög miklar skaðabótakröfur á hendur ríkissjóði, þar sem þeir lögðu fé sitt fram í góðri trú.

Svo vil ég einnig taka það fram, að ég álít, að rekstrarfyrirkomulag verksmiðjunnar sé ekki sem heppilegast. Svo virðist sem einn aðilinn í verksmiðjustjórninni ráði þar öllu og geri meira að segja ráðstafanir í trássi við ákvarðanir ríkisstjórnarinnar. Nú er risinn upp ágreiningur um staðarval verksmiðjunnar og áburðarefni það, sem hún á að framleiða, vegna þess að af því getur stafað sprengihætta. Ásgeir Þorsteinsson verkfræðingur hefur ritað um þetta mjög athyglisverða grein, þar sem hann færir sönnur á það, að áburðartegund sú, sem verksmiðjunni er ætlað að framleiða, sé stórhættulegt sprengiefni. Ég er ekki kunnugur því, hvaða áburðartegund hentar bezt íslenzkum landbúnaði, en mér er nær að halda, að er ákveðið var að framleiða þessa tegund áburðar, hafi önnur sjónarmið ráðið meiru en hagsmunir íslenzks landbúnaðar. Við þetta bætist svo, að þegar verksmiðjunni hafði verið valinn staður á Hvaleyri við Hafnarfjörð, komu þangað liðsforingjar úr ameríska hernum til þess að rannsaka staðhætti, og var þá hætt við að reisa hana þar. Svo sýnir það sig, þegar öll kurl koma til grafar, að þeir menn hér á landi, sem standa í nánustu sambandi við ameríska auðhringana, ráða mestu í stjórn verksmiðjunnar. Það eru gerðar ráðstafanir til þess að afla véla í verksmiðjuna, sem framleiða ekki fyrst og fremst áburð, heldur stórhættulegt sprengiefni. Því er lýst yfir af ríkisstj., að verksmiðjan skuli skoðast sem einkaeign þessa hlutafélags. Þetta allt gefur til kynna, að það er verið að taka yfirráðaréttinn yfir verksmiðjunni af Alþingi, til þess ekki fyrst og fremst að framleiða áburð handa íslenzkum landbúnaði, heldur aðallega sprengiefni í þágu Bandaríkjaauðvaldsins. Það er því bezt fyrir hæstv. fjmrh. að hafa sig alveg hægan í þessu máli, því að það er ekki svo þokkalegt samsæri, sem hér er verið að gera. (**Fjmrh.**: Veit ekki hv. þm., að þessi áburður hefur verið notaður hér undanfarið og reynzt vel?) Ég skal viðurkenna, að ég er því ekki kunnugur, hvaða áburðartegundir reynast hér bezt, en hins vegar hef ég hér fyrir framan mig skýrslu þeirra manna, sem

bezta þekkingu hafa á þessu máli, og sýnir hún vel, að ég fer hér ekki með neitt fleipur.

Ég mun síðar leggja fram brtt. um lækkun á vöxtum af lánunum úr 5½% í 4%.

Ég mun nú láta útrætt um þetta mál að sinni, en vildi gjarnan fá upplýsingar um það frá hæstv. fjmrh., hvort um nokkra gengisklásúlu sé að ræða á lánunum úr mótvirðissjóði.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Nokkur orð út af ræðu hv. 2. þm. Reykv. — Hann talaði um hina fyrirhuguðu áburðarverksmiðju á alleinkennilegan hátt. Var svo á honum að skilja, að henni væri ætlað að framleiða eina áburðartegund, sem væri alger nýjung og jafnframt stórhættulegt sprengiefni, en þegar ég skaut því að honum, að þessi áburður hefði verið notaður hér á landi undanfarin ár með góðum árangri, sagðist hann ekki vera því kunnugur, hvaða tegund hentaði bezt íslenzkum landbúnaði. Ég held því, að það hefði verið bezt fyrir hv. þm. að kynna sér betur, hvaða áburðartegund hér er um að ræða. Sams konar áburður hefur verið notaður hér á landi síðastliðin 10 ár. Gengur hann almennt undir nafninu „sprengipétur“. Hefur bændum líkað afburða vel við hann, og er hann nú langsamlega mest eftirsóttur af öllum þeim áburðartegundum, sem hér hafa verið reyndar.

Viðvíkjandi aðalefninu í ræðu hv. þm. vil ég benda honum á, að í l. um áburðarverksmiðju er gert ráð fyrir því, að hún geti verið bæði sjálfseignarstofnun og einnig hlutafélag, sbr. 13. gr. laganna, og ef heimild þeirrar gr. er notuð, þá fellur 2. gr. um sjálfa sig, enda er í 13. gr. ákvæði um, hvernig þessum málum skuli háttað, ef heimild þeirrar gr. er notuð. Það hlýtur því hver maður að sjá, að verksmiðjan verður annaðhvort rekin sem hlutafélag eða sem sjálfseignarstofnun. Hitt er svo annað mál, að það getur orkað tvímælis, hvort heppilegra hefði verið, að ríkið ætti verksmiðjuna eitt eða þá í félagi við aðra aðila. En ég held, að ríkisstj. hafi hér farið rétt að, þegar þess er gætt, að hún hefur algeran meiri hl. í stjórn verksmiðjunnar og hefur þar af leiðandi úrslitavald um rekstur hennar.

Það er rétt að benda á þá fjarstæðu, sem fram kom hjá hv. 2. þm. Reykv., þegar hann hélt því fram, að ríkið ætlaði að gefa hlutafélaginu verksmiðjuna. Þetta er alger fjarstæða. Félagið verður að standa skil á öllum þeim peningum, er ríkið lánar til framkvæmdanna. Það tekur á sig alla áhættuna við stofnun og rekstur verksmiðjunnar, og ég vil halda því fram, að þeir einstaklingar og félög, sem fé hafa lagt fram til áburðarverksmiðjunnar, hafi sýnt lofsverðan þegnskap.

Það er óþarft að taka það fram, að engin gengisklásúla er á láninu úr mótvirðissjóði frekar en á öðru því, sem ríkið lánar hér innanlands.

Það má bezt sjá samræmið á málflutningi þessa hv. þm. (EOl) í sambandi við þetta mál, þegar hann í öðru orðinu talar um þau geysilegu hlunnindi, sem félagið hafi orðið aðnjótandi í sambandi við lánsfé, en í hinu orðinu heldur hann því fram, að lánskjörin séu allt of þungbær, og boðar, að hann muni flytja brtt. um að lækka vextina af lánunum.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki blanda mér inn í þær deilur, sem hér hafa orðið um hina fyrirhuguðu áburðarverksmiðju, en ég verð þó að segja það, að mér finnst dálítið einkennilegur þessi geigur, sem nú er í hv. 2. þm. Reykv., því að ég man ekki betur en hann hafi fyrir nokkru verið því fylgjandi, að byggð yrði miklu stærri verksmiðja en sú, sem nú er fyrirhugað að reisa, og átti hún einmitt að framleiða sömu áburðartegund og þessari er ætlað.

Ég vil nú snúa mér almennt að frv. eins og það liggur hér fyrir á þskj. 634. Þegar ákveðið var fyrir þremur árum að ráðstafa miklum hluta mótvirðissjóðs til þriggja tiltekinna fyrirtækja, þá held ég, að það hafi verið ýmissa mál, að með þessari ráðstöfun væri, ef svo mætti segja, nokkuð misskipt ljósinu milli landsins barna, og það í bókstaflegri merkingu. Ég á hér ekki við áburðarverksmiðjuna, því að hún mun koma öllum landshlutum að notum. En það var einnig ákveðið að verja miklu fé til hinna stóru virkjana við Sog og Laxá. Nú er það svo, að þar voru þegar fyrir hendi stór raforkuver fyrir þá landshluta, sem þar eiga hlut að máli. En svo er stór hluti landsins, sem ekki hefur enn verið séð fyrir rafmagni og litlar líkur til, að svo verði gert á næstu árum. Ég held því, að þeir hafi nokkuð til síns máls, sem segja, að stjórnarvöldin hafi sýnt þessum landshlutum helzt til mikla rausn, á sama tíma og ekkert er gert fyrir þau svæði, sem eru algerlega án raforkuvera. En það var tvennt, sem gerði það að verkum, að menn á hinum rafmagnslausu svæðum gátu sætt sig við þessa ráðstöfun. Í fyrsta lagi var það, að í upphafi átti framlagið úr mótvirðissjóði ekki að vera nema 260—270 millj. kr., svo að vonir stóðu til, að eitthvað yrði eftir í sjóðnum. (**Forseti:** Ég vil vekja athygli hv. þm. á því, að fundur á að hefjast í Sþ. kl. 3. Ég vil því spyrja hann, hvort hann treysti sér til að ljúka ræðu sinni á 2—3 mínútum.) Nei, en á svona 5—10 mínútum. — Hitt atriðið var svo, að menn álitu, að þegar þetta fé yrði endurgreitt, mundi því verða varið til að lána til annarra framkvæmda og þá til að framleiða rafmagn annars staðar á landinu. Nú er hins vegar tvennt að gerast. Í fyrsta lagi það, að nú er farið fram á að hækka framlagið til þessara framkvæmda úr 260—270 millj. upp í 350 millj. Þess vegna eru ekki horfur á öðru en að mótvirðissjóðurinn fari allur í þessar stórvirkjanir, og þetta er í sjálfu sér nokkuð alvarlegt mál. Svo er því enn bætt við, að nú er gert ráð fyrir því af ríkisstj., eftir því sem mér skilst á hæstv. fjmrh., að þessi lán frá hinum stóru fyrirtækjum verði endurgreidd með jöfnum greiðslum, þannig að ekki verða fyrstu árin greiddar að fullu afborganir, sem þeim árum tilheyra, heldur verður þeim jafnað á lánstímann allan, sem þýðir, að fyrstu árin er minna greitt en ella mundi verða. Ég dreg

ekki í efa, að þessi fyrirtæki hafi þörf fyrir það, að þannig sé að þeim búið, en ég vil segja það, að önnur fyrirtæki, sem enn er ekki byrjað á þrátt fyrir rika þörf íbúanna í þeim landshlutum, sem ekkert rafmagn hafa fengið, hafa enn meiri þörf fyrir, að þeim sé séð fyrir einhverju fé til sinna framkvæmda. Þess vegna er ég fyrir mitt leyti mjög óánægður með þessa ráðstöfun. Það má heita undarlegt, ef þessir landshlutar, sem hér standa að og virðast hafa betri skilyrði en aðrir, ættu ekki að geta séð sér sjálfum fyrir það miklu lánsfé, að eitthvað mætti úr þessu draga. Það getur skeð, að við þetta verði ekki ráðið, en ég tel óþarft að gera hlut þeirra, sem ekkert fá nú, lakari með því að draga úr þeim endurgreiðslum, sem eiga að koma fyrstu árin af þessum lánum. En það sér hver maður, að fé, sem ekki verður til ráðstöfunar fyrr en eftir 10, 15 eða 20 ár, kemur engan veginn að sömu notum og það, sem ráðstafa mætti nú á næstunni. — Ég hef veitt því athygli í þskj., að einstakir nm. í n., sem flytur málið, áskilja sér óbundið atkv. um það. Vil ég ekki heldur láta hjá líða að lýsa þeirri afstöðu minni, að ég hef til athugunar að reyna að koma fram breyt. við frv. í þá átt, sem ég hef nefnt. — [Fundarhlé.]

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég sé, að hæstv. fjmrh. er ekki við, og þætti mér vænt um, ef hann væri látinn vita, að ég mundi svara honum nú.

Fyrst er það varðandi áburðartegundina. Ég sagði, að ég bæri sjálfur ekki skyn á áburðartegundir og gæti því ekki dæmt um þetta af eigin þekkingu, heldur styddist við aðra og það slík „autoritet", að taka yrði tillit til þess, sem þau segðu. En þetta var ekki aðalatriðið í ræðu minni, þó að ég vildi benda á hættuna. Heldur hæstv. ráðh., að bæjarstjórn Reykjavíkur hafi frestað eins lengi að taka ákvörðun um staðsetningu verksmiðjunnar og raun ber vitni um, ef það hefði ekki vakað fyrir henni að ganga úr skugga um, hvort þær aðvaranir, sem fram hafa komið, ættu rétt á sér? Hæstv. fjmrh. veit vel, að bæjarstjórnin hefur um nokkurn tíma frestað að taka endanlega ákvörðun í þessu máli, vegna þess að hún hefur viljað velja staðinn vel vegna sprengihættunnar.

Hitt, sem ég vildi ræða nánar, er það, sem hæstv. ráðh. sagði varðandi eignarréttinn á verksmiðjunni og yfirráðin yfir henni, því að þar ruglar hann saman hlutunum og virðist ekki hafa lesið lögin. Hann segir, að það geti ekki farið saman, að verksmiðjan sé bæði sjálfseignarstofnun og hlutafélag, og það er rétt.

Í 13. gr., sem m. a. mælir fyrir um stjórn verksmiðjunnar, er aðeins vísað til 2. gr., en hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkissjóður leggur fram fé til stofnunar áburðarverksmiðju samkv. ákvæðum fjárl., og er fé þetta óafturkræft. Ef fjárveitingar samkvæmt fjárl. hrökkva ekki til stofnkostnaðar verksmiðjunnar, er verksmiðjustjórninni heimilt að taka það fé, sem á vantar, að láni innanlands eða utan með samþykki ríkisstj. og ábyrgð ríkissjóðs. Áburðarverksmiðjan skal standa straum af vöxtum og afborgunum þessara lána."

Í 13. gr. segir hins vegar, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. er heimilt þrátt fyrir ákvæði 2. gr. að leita eftir þátttöku félaga og einstaklinga um hlutafjárframlög til stofnunar áburðarverksmiðjunnar og leggja fram til hennar hlutafé úr rekstrarsjóði áburðarsölu ríkisins allt að einni millj. kr. Ef slík framlög nema minnst 4 millj. kr., leggur ríkissjóður fram hlutafé, sem þá vantar til, að hlutaféð verði alls 10 millj. kr., og skal verksmiðjan þá rekin sem hlutafélag."

M. ö. o., það er skýrt, að 13. gr. á eingöngu við það, að heimilt sé að breyta rekstri verksmiðjunnar þrátt fyrir ákvæði 2. gr., en engar breyt. eru gerðar á 3. gr., sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Verksmiðjan er sjálfseignarstofnun, er lýtur sérstakri stjórn. Verksmiðjuna má hvorki selja né veðsetja, nema heimild sé veitt til þess af Alþingi."

Hitt er svo annað mál, að þó að áburðarverksmiðjan sé eign ríkisins og sjálfseignarstofnun, þá er hægt að aðskilja verksmiðjuna sem sjálfseignarstofnun og hlutafélagið, sem rekur hana. Þetta er oft gert. Menn þurfa ekki annað en kynna sér skattskrána í Reykjavík til þess að sjá, að það eru mörg dæmi þess, að eitt hlutafélag sé eigandi fyrirtækisins og annað reki það. En það er í ósamræmi við lögin um áburðarverksmiðjuna, að hlutafélagið sé eigandi hennar, en hins vegar í samræmi við þau, að hlutafélagið reki verksmiðjuna. Þetta er minn skilningur á lögunum, og hann er réttur, enda samrýmist hann bæði 13. og 3. gr., en hæstv. ráðh. er bara að reyna að breiða yfir það, að skoðanir hans í þessum efnum eru í andstöðu við lögin.

Svo fór hæstv. ráðh. að tala um það, að ríkið bara lánaði hlutafélaginu þetta fé og gæti krafizt þess til baka. En hæstv. ráðh. hlýtur að vera það ljóst, að það fé, sem lánað er, getur tapazt, jafnt og það fé, sem lagt er fram sem hlutafé, og ríkið hefur ekki að neinum að ganga, ef hlutaféð er eytt. Og mætti ég spyrja: Ef ríkið á að leggja fram 90 millj. kr. til verksmiðjunnar, hvers vegna leggur það þá ekki þetta fé fram sem hlutafé, svo að það eigi allt hlutaféð nema 4 millj. kr.?

Svo sagði hæstv. ráðh., að ríkið gæti ráðið meiri hl. í stjórn verksmiðjunnar. Ég vil benda á það, að samkv. 13. gr. skal stjórn verksmiðjunnar skipuð fimm mönnum. Þrír þeirra skulu kosnir hlutfallskosningu af Sþ., en tveir af einkahluthöfum. Hvað snertir þær 4 millj., sem eru eign Sambands íslenzkra samvinnufélaga og annarra einkahluthafa, þá er þar ekki um nein höft að ræða, svo að yfirráðin yfir því hlutafé gætu komizt í hendur tveggja privatmanna. Í öðru lagi þurfa þeir þrír, sem Alþ. kýs hlutfallskosningu, ekki að standa saman. Þeir eru kosnir sem einstakar persónur, sem taka afstöðu eftir eigin sannfæringu og máske eigin hagsmunum. Það er ekkert, sem hindrar, að

tveir einkahluthafar, sem eiga nú t. d. Coca-cola-verksmiðjuna, geti eignazt 4 millj. kr. hlutafé í verksmiðjunni og að einn af þeim þremur, sem Alþ. kýs hlutfallskosningu, hafi náið samstarf við þá. Þá ráða þessir þrír menn verksmiðjunni. Ríkisstj. getur ekki, nema með því að breyta lögunum, skipað þessum þremur fulltrúum sínum fyrir verkum. Engin bönd verða á þá lögð, ef 13. gr. á að vera hærra sett en allt annað í lögunum. En frá 1.—12. gr. er gengið út frá því, að ríkið eigi verksmiðjuna, og samkv. ákvæðum þeirra gr. hefur ríkisstj. allt vald yfir verksmiðjunni. En ef 13. gr. á að vera rétthæst, eins og hæstv. ráðh. vill, þá er stuðlað að því, að þessir einstaklingar geti ráðið yfir verksmiðjunni.

Ég vil benda á sem dæmi, að bæjarstjórnin á Ísafirði á meiri hl. af hlutabréfunum í togarafélaginu þar. Bæjarstjórnin kýs þrjá fulltrúa í stjórn félagsins, en einkahluthafar tvo. Nú vill svo til, að sjálfstæðismenn ráða yfir einkahlutafénu og fá með því móti tvo menn kosna í stjórn togarafélagsins, og svo fá þeir einn af þeim, sem bæjarstjórnin kýs. Ef þessir þrír menn standa saman, þýðir það, að bæjarstjórnin getur ekki ráðið yfir félaginu nema með því að gera sérstakar ráðstafanir.

Það er auðvelt að breyta þessu með því að setja inn í lögin, að þrír fulltrúar Alþ. skuli leggja það undir dóm ríkisstj. eða Alþ., hvaða afstöðu þeir eigi að taka. En þegar 13. gr. var smeygt inn, var ekki hugsað um þetta, hún var hugsuð eftir sjónarmiðum þeirra einstaklinga, sem ætla sér að klófesta verksmiðjuna.

Þá er það varðandi það atriði, að engin klásúla er um gengi. Það þýðir, ef krónan fellur, — og hæstv. ráðh. veit, að það hefur verið í undirbúningi að fella gengið, — að verið er að strika út um leið lánin, sem áburðarverksmiðjan fær. Það er verið að gefa hlutafélaginu fé. Og við, sem höfum séð, hvernig krónan hefur fallið undanfarið, erum ekki svo bjartsýnir, að okkur detti í hug, að hún falli ekki meira, sérstaklega þegar þess er gætt, að það eru nú erlendir aðilar, sem ráða gengisskráningunni.

Ég læt þetta nægja varðandi þessi atriði. Ég held, að það sé ótvírætt, að skilningur hæstv. ráðh. sé rangur og að breyta þurfi lögunum eða láta dómstólana skera úr um þetta.

Þá er það varðandi vextina. Ég álít, að rétt sé að hafa vextina 4%. Það er það hæsta, sem hægt er. Ég hef ætíð hugsað mér, að til þess að koma landinu að fullu gagni, þyrfti áburðarverksmiðjan að vera stórfyrirtæki, sem framleiddi bæði fyrir innanlandsmarkaðinn og til útflutnings. En það er ljóst, að frumskilyrði þess, að hún verði samkeppnisfær á útlendum mörkuðum, er, að hún fái fjármagn með lágum vöxtum. Ég harma það að þurfa að fara svo hátt sem 4%, en ég veit, að það hefur ekki þýðingu að fara lægra.

Svo að síðustu. Hæstv. ráðh. og hv. þm. N-Þ. spurðu, af hverju ég væri alltaf að rífast. Ef til vill er það vegna þess, að ég hef meiri áhuga á áburðarverksmiðjunni en þessir hv. þm. Ég álít, að áburðarframleiðslan muni verða stóriðja á Íslandi, sem framleiði áburð til útflutnings, og því aðeins að framleitt sé í stórum stíl, verður áburðurinn handa íslenzkum bændum svo ódýr, að ódýrara verður að kaupa hann hér heldur en að flytja hann inn. Af þessum ástæðum vildi Sósialistaflokkurinn hafa verksmiðjuna helmingi stærri. Það hefur reynzt erfitt að koma þessu inn í kollinn á hæstv. fjmrh. vegna þess, hve þröngsýnn hann er, en þetta hefur úrslitaáhrif á framtíð verksmiðjunnar. Ég harma það, að verksmiðjan skuli ekki vera miðuð við meira en 7500 tonna framleiðslu, því að eflaust koma einhverjir og segja, ef verksmiðjan ber sig ekki: Það þýðir ekki fyrir Íslendinga að leggja í framleiðslu á áburði. — Ef verksmiðjan ber sig ekki, þá er það þeim að kenna, sem hafa planlagt hana og byggt hana of litla. Það gerir, að ég vil fá skorið úr um eignarréttinn á verksmiðjunni. Ég er svo bjartsýnn, eftir að við höfum eignazt Þjórsá, að ég tel, að ekki muni langt líða þar til ráðizt verður í framleiðslu í stærri stíl en þetta. Og ég vildi spyrja hæstv. ráðh.: Ef Alþ. samþ. síðar, t. d. eftir tvö ár, að stækka áburðarverksmiðjuna, svo að hún geti framleitt 20—30 þús. tonn, hvað verður þá um rekstur verksmiðjunnar? Ég er illa svikinn, ef það verður þá ekki talinn eðlilegur hlutur, að viðbótin heyri undir gömlu verksmiðjuna, og hvað reksturinn snertir hefur það mikið til síns máls. Ég býst við, að menn mundu segja, að óeðlilegt væri, að tvö fyrirtæki rækju verksmiðjuna, og að bezt væri að fela reksturinn stjórn gömlu verksmiðjunnar, mönnum, sem vanir væru rekstrinum. Og ef málum yrði eins háttað og nú á Alþ., yrði það eflaust talið bezt, að gamla verksmiðjan væri eigandi nýju verksmiðjunnar, en að ríkið lánaði hlutafélaginu 200—300 millj. kr. M. ö. o., félagið hefði þá sölsað allt undir sig, líka stækkunina.

Hvernig sem kann að fara með þessa áburðarverksmiðju, vegna þess að hún er of lítil, er það kunnugt, að 50% ágóði er venjulegur hjá slíkum verksmiðjum annars staðar. Ef menn kynna sér voldugasta hring Þýzkalands, I. G. Farbenindustrie, sést það bezt, hve gífurlegan gróða áburðarframleiðslan hefur gefið.

Það er hart, ef áburðarframleiðslan á í framtíðinni að vera gefin í hendur einu litlu hlutafélagi. Ég mótmæli því yfirlýsingu hæstv. ráðh. og lýsi yfir því, að ég skil lögin svo, að áburðarverksmiðjan sé sjálfseignarstofnun, en hlutafélagið, sem hefur með reksturinn að gera, eingöngu rekstrarhlutafélag.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð viðvíkjandi umr., sem varð hér áðan milli hv. 2. þm. Reykv. og hæstv. fjmrh. Það er út af því sjónarmiði, sem fram hefur komið m. a. í blaði hæstv. fjmrh., að sú áburðartegund, sem hér á að framleiða, sé sú áburðartegund, sem bezt hefur reynzt, og eftir þeirri tegund sé sívaxandi eftirspurn. Það er og helzt að ráða af orðum hans, að með framleiðslu þessarar áburðartegundar sé verið að hugsa um hagsmuni bænda. Þessu vildi ég mótmæla, því að þetta er fjarstæða. Þegar l. um áburðarverksmiðju voru samþ. í Ed., gerði ég grein fyrir

afstöðu minni í þessu máli og klauf þá landbn. út af þessu atriði. Það er rétt, að þessi áburðartegund hefur verið notuð hér síðan á stríðsárunum, og hefur hún að vissu leyti reynzt vel. Hún er þó stórgölluð, þar sem hún inniheldur aðeins eitt af þeim þremur efnum, sem jörðin þarf, ef einhver uppskera á að verða. Þetta vita allir íslenzkir bændur. Mér þætti gaman að horfa framan í þann bónda í þessari deild, sem héldi því fram, að köfnunarefnisáburður nægði eingöngu.

Þegar byrjað var að nota erlendan áburð hér á landi, var notaður Chile-saltpétur, superfosfat og kali. En svo var byrjað að framleiða nitrophoska í Þýzkalandi, sem varð mjög vinsæl tegund, vegna þess að hann inniheldur þau þrjú áburðarefni, sem jörðin þarfnast. Þurftu þá bændur aðeins einn poka í stað þriggja áður. Hafði það í för með sér, að flutningskostnaður minnkaði mjög og dreifing áburðarins varð auðveldari. Þessi áburður fékkst ekki á stríðsárunum, og var þá farið að nota nitrofosfat. Það ætti að vera svo stór kostur fyrir bændur að kaupa einn poka í stað þriggja, að ég held, að þeir hljóti að kjósa þann kostinn heldur. Ég vil benda á þetta vegna þess, að þetta er staðreynd, sem ekki er hægt að hrekja né neita. — Ég vil einnig benda á það, að í l. um áburðarverksmiðju er gert ráð fyrir, að verksmiðjan framleiði áburð, sem innihaldi ammoniumfosfat. Ég veit, að það mundi vera heppilegt að framleiða hann hér á landi og þyrfti þá ekki að flytja inn annan áburð. — Ég vildi þá einnig benda á það, hvort ekki mundi vera heppilegt að framleiða kaliáburð og hafa þá þau þrjú efni, sem jörðin þarfnast. Ég benti strax á þetta í Ed., er l. um áburðarverksmiðju voru þar til umr. Ég tel, að það væri heppilegra að framleiða þær tegundir áburðar.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Mér ógnar að heyra, er jafnvel skyni borinn maður og 5. landsk. er að tala um þessi efni. Þetta eru allt blekkingar, og hann veit það vel sjálfur. Þetta sýnir aðeins þær blekkingar, sem sósíalistar reyna að þyrla upp í þessu máli, því að þeir hafa einhverja sérstaka löngun til að eyðileggja eða koma í veg fyrir framgang þess. Þessi þvættingur þeirra um þrefaldan áburð er aðeins til að hindra framgang málsins, því að þeir vita, að málið gæti aldrei komizt í framkvæmd á þann hátt. Þegar hv. þm. er að tala um, að áburðurinn innihaldi ⅓ köfnunarefnis, þá vita allir bændur, að það er ekki nóg, því að það þarf bæði fosfat og kali. Þetta eru því aðeins blekkingar. Þetta fara þessir menn með, þó að þeir viti, að þetta er tóm vitleysa. — Hitt er svo óþarfi, að vera að ræða hér um framleiðsluaðstöðu fyrir annan áburð, því að það vita allir, að þessi áburður hefur reynzt vel, enda er búið að nota hann hér í 10 ár. Hitt er líka vitað, þó að þessi áburðarverksmiðja sé miðuð við sérstaka tegund köfnunarefnisáburðar, að þá er hægt að framleiða blandaðan áburð með lítilli breytingu, en við höfum ekki hráefni hér til þess að vinna slíkan áburð. — Það er þó ekki útilokað, að þessi verksmiðja geti framleitt blandaðan áburð. — Ég hef aldrei heyrt fyrr en nú, að verksmiðjan hafi verið byggð til framleiðslu nitrofosfats, enda óskynsamlegt, af því að þær áburðartegundir eru ekki fyrir hendi hjá okkur, en hér er hægt að nota annan áburð eins heppilegan. Hitt er svo kostur að hafa blandaðan áburð með, og er ég hv. þm. sammála um það.

Ég gat ekki látið hjá líða að geta um þetta, því að mér ofbjóða þær blekkingar, sem skynsamir menn reyna að þyrla upp til þess að hindra málið.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka til máls í þessu máli, en vegna þeirra umræðna, sem hér hafa orðið um sprengihættu ammoniumnitrats, þá tel ég rétt að láta sannleikann koma í ljós og lesa hér upp bréf frá tveimur sérfræðingum í þessum efnum.

Hv. 2. þm. Reykv. hefur verið að tala um sprengihættu þá, sem stafaði af ammoniumnitrat-áburði, og vil ég nota tækifærið og mótmæla því. Hv. þm. vitnaði í Ásgeir Þorsteinsson verkfræðing, og mátti skilja, að Ásgeir teldi hættu geta stafað af framleiðslu ammoniumnitrats, en vitnisburður hans hljóðar á annan veg. Sú gagnrýni, sem hér kemur fram, er því tilefnislaus. Hitt er svo annað mál, að Ásgeir hefur talið heppilegra að framleiða annan áburð, en ekki vegna þess, að nein hætta geti stafað af framleiðslu þessa áburðar. Ég fyrir mitt leyti vil ekki gera lítið úr áliti Ásgeirs Þorsteinssonar, en ég vil þó heldur, að reynslan tali sínu máli um, hvað heppilegt sé, og þessi áburður hefur reynzt mjög vel. Ég hef haft þá atvinnu undanfarin ár að dreifa áburði út á meðal bænda, og ég veit því vel, hvaða áburð þeir kjósa, og það er sú tegund, sem ákveðið er að framleiða hér, ammoniumnitrat. Við höfum flutt þennan áburð til landsins síðastliðin 8—10 ár. Við höfum flutt hann með skipum okkar án sérstakra varúðarráðstafana og aldrei hlotizt slys af. Þessi áburður er 33—34% og er því sterkur áburður, kalksaltpétur er 15.5% og kalkammoniak 15.2%. Bændur hafa kosið þennan áburð fram yfir aðrar tegundir. Hitt er svo annað mál, að það er hægt að bera einhliða áburð á í 3—4 ár, áður en jörðin tæmist. Þess vegna er meiningin að framleiða ekki eingöngu þennan áburð, og er það því blekking hjá hv. 5. landsk., því að í l. um áburðarverksmiðju er gefin heimild til að framleiða ammoniumnitrat og ammoniumfosfat.

Svo skal ég víkja aftur að bréfi Ásgeirs Þorsteinssonar, dags. 19. des., til borgarstjóra Reykjavíkur. Þar segir:

„Mér hefur skilizt, að bréf mitt til yðar, dags. 28. nóv. s. l., um sprengihættu af ammoniumnitrati, hafi verið skilið á fleiri en einn veg, og vil því leyfa mér að gefa eftirfarandi skýringar með tilvísun til bréfsins.

Á bls. 2 segir, að sprengihætta sé útilokuð eftir amerískum framleiðsluaðferðum, en þær aðferðir verði notaðar í verksmiðjunni hér. Síðan segi ég og undirstrika, að aðalviðfangs-

efni málsins megi einskorða við geymsluhættuna. Ég tel því jafnóhætt að framleiða ammoniumnitrat í verksmiðjunni á ófriðartímum sem öðrum tímum.

Ég tel einna minnsta hættu stafa af geymslu ammoniumnitratsins af öllum efnum áburðarverksmiðjunnar undir venjulegum kringumstæðum, að bruna og gassprengingum meðtöldum, sbr. bréfið. Er því heldur engin sérstök geymsluhætta í verksmiðjunni á friðartímum.

Samkv. bréfinu tel ég áhættuna því einskorðast við þá einstæðu og óvenjulegu hættu: Hvað skeður, ef sprengja, t. d. úr flugvél, fellur á eða fer inn í ammoniumnitrat-stabba og springur þar? Þessu treystist ég ekki til að svara.

Það getur því verið um sprengihættu að ræða í áburðargeymslu á stríðstímum.

Sem verksmiðjustæði í Reykjavík hef ég aðhyllzt Laugarnes, Kleppsvík og Ártúnshöfða, og geta þeir að mínum dómi allir komið til greina fyrir áburðarverksmiðju, sem framleiðir ammoniumnitrat, og á hvaða tíma sem er. Vil ég leyfa mér að skora á hv. bæjarráð að bjóða fram einhvern þessara staða undir áburðarverksmiðjuna.

Ef sérstök áhætta yrði talin færast yfir og stofna verksmiðjunni í voða, er hægt að taka burt allan áburðinn, jafnóðum og framleitt væri, t. d. með prömmum, sbr. bréfið, eða með því að hafa skemmur til vara á afskekktum stöðum, sem daglega yrði flutt í úr verksmiðjunni.

Um blandaðan áburð vil ég segja þetta til að fyrirbyggja misskilning:

Það hefur aldrei hvarflað að mér, að framleiða bæri blandaðan áburð vegna sprengihættu ammoniumnitrats, heldur vegna þess, að ég tel blandaðan áburð hagkvæmari áburðartegund.

En mér fannst sjálfsagt að benda á þá kosti blandaðs áburðar einmitt í sambandi við þetta mál, að hans vegna þyrfti ekki að mínum dómi að hafa neinar áhyggjur af sprengihættu, ekki einu sinni á stríðstímum."

Það, sem Ásgeir Þorsteinsson segir um, að hann telji, að framleiðslu ammoniumnitrats geti einnig verið haldið áfram á stríðstímum, ætti að geta friðað 2. þm. Reykv.

Jóhannes Bjarnason verkfræðingur hefur verið í Ameríku á vegum áburðarverksmiðjunnar. Hann hefur ferðazt á milli áburðarverksmiðja og kynnt sér starfsháttu og framkvæmdir þar. Hann hefur gefið skýrslu um framleiðsluháttu í verksmiðjum þeim, er hann kynnti sér. Ég er með skýrslu þá í höndum og tel rétt, að hún komi fram. Það eru upplýsingar frá Jóhannesi Bjarnasyni verkfræðingi um áburðarverksmiðju, með leyfi hæstv. forseta:

„Það hefur verið mælzt til þess, að ég svaraði eftirfarandi spurningum viðvíkjandi áburðarverksmiðju þeirri, sem hér á að reisa.

Svör þessi eru byggð á reynslu þeirri, er ég fékk, er ég dvaldi í Bandaríkjunum og Kanada á vegum áburðarverksmiðjustjórnarinnar til þess að læra rekstur áburðarverksmiðju og áburðarframleiðslu. Vann ég þá í sams konar verksmiðjum öll þau störf, sem þar eru unnin, og kynntist öllum framleiðsluháttum.

Áður vann ég að undirbúningi áburðarverksmiðjumálsins á vegum ríkisstj. og hafði þá tækifæri til þess að skoða sams konar verksmiðjur í ýmsum löndum Evrópu.

1. Hversu margar verksmiðjur eru til sömu tegundar í Bandaríkjunum og Kanada?

Svar: Þær verksmiðjur, sem mér er kunnugt um sömu tegundar í Bandaríkjunum og Kanada, skipta tugum.

2. Hversu margar í Evrópu?

Svar: Sams konar verksmiðjur í Evrópu eru allmargar. Í Evrópu hefur ammoniumnitrat víðast verið framleitt til áburðarnotkunar mun lengur en í Ameríku, og hefur áburðurinn gengið undir ýmsum nöfnum, svo sem leuna-saltpétur, cal-nitro, nitro-kalk og kalkammonáburður. Að vísu hefur ammoniumnitratið þá að jafnaði verið blandað kalki eða ammoniumsulfati og stundum öðrum áburðartegundum, og var það meðal annars gert vegna þess, að til skamms tíma þekktust ekki aðrar öruggar aðferðir til þess að koma í veg fyrir, að áburðurinn drægi í sig raka úr loftinu og klesstist, og einnig til þess að draga úr sprengihættu. Nú eru hins vegar líka til í Evrópu verksmiðjur, sem framleiða ammoniumnitrat, sem er notað óblandað til áburðar. Þess skal getið, að hvort sem ammoniumnitratið er notað blandað eða óblandað til áburðar, þá er framleiðsluaðferðin og verksmiðjan að mestu sú sama. Kalkinu eða öðrum áburði er venjulega blandað í annarri verksmiðjudeild, eftir að ammoniumnitratið hefur verið framleitt óblandað. Þó eru til undantekningar frá því.

3. Hverjar eru helztu varúðarráðstafanir til þess að koma í veg fyrir sprengihættu?

Svar: Hugsanleg sprengihætta í ammoniumnitratinu er aðeins fyrir hendi í þessari verksmiðju á síðasta framleiðslustiginu og í áburðargeymslunni. Þess vegna er það venja að hafa byggingu þá, er síðasta framleiðslustigið fer fram í, ásamt áburðargeymslunni um 50—100 metra frá hinum byggingum verksmiðjunnar.

Til skamms tíma var síðasta framleiðslustigið talið hættulegt, vegna þess að þá var ammoniumnitratið hitað upp í hátt hitastig á pönnum til þess að ná úr því vatni og raka. Í nýjustu verksmiðjum er þessi aðferð ekki lengur notuð, heldur er ammoniumnitratið krystallað í loftþynningarkötlum (vacuum kötlum) við lágt hitastig og með því móti komizt hjá eld- eða sprengihættu á því stigi.

Í þessari deild eru reykingar algerlega bannaðar og öll meðferð elds. Vörður er venjulega hafður við þessa byggingu, sem tekur vindlinga og eldfæri af öllum, sem inn í bygginguna fara. Í þessari deild eru því helztu varúðarráðstafanirnar einnig að forðast eld og svo líka að stafla ekki áburðarpokunum í mjög mörg lög, svo að ekki verði of mikill þungi á neðstu pokunum.

Þá má einnig benda á, að til skamms tíma var ammoniumnitrat-áburðurinn húðaður með parafini eða vaxi til þess að koma í veg fyrir, að áburðurinn drægi í sig raka úr loftinu. En til frekara öryggis er þessu nú hætt, vegna þess að vaxið er eldfimt, og er nú áburðurinn duftaður með leir. Þá er og áburðurinn strax

settur í 50—100 kg rakaþétta poka, um leið og hann kemur úr vélunum, og er því aldrei neinn laus áburður í verksmiðjunni, og er talið mikið öryggi að því.

Forðazt er að láta ammoniumnitrat-áburð komast í samband við lífræn (organisk) efni í geymslum eða flutningi, því að slík efni eru talin auka sprengihættuna.

4. a) Hversu langt frá íbúðarhverfum eru slíkar verksmiðjur reistar? b) Eru áburðargeymslurnar byggðar langt frá verksmiðjunum?

Svar: a) Verksmiðjur þessar eru að jafnaði byggðar í verksmiðjuhverfum eða í útjöðrum bæja, en í sumum tilfellum eru þær byggðar inni í bæjum, mjög skammt frá íbúðarhverfum, ekki meira en 100—150 metra. Þó er nú talið æskilegt, að verksmiðjurnar séu ekki reistar nær íbúðarhverfum en í um 500 metra fjarlægð. — b) Áburðargeymslurnar eru að jafnaði byggðar skammt frá verksmiðjunni, í 50—100 metra fjarlægð frá öðrum byggingum verksmiðjunnar.

Þess skal getið, að yfir 10 verkfræðifyrirtæki, bæði í Evrópu og Ameríku, gerðu áætlanir um áburðarverksmiðju þessa, sem hér á að byggja, og öll gerðu þau ráð fyrir, að áburðargeymslan væri á sömu lóð og verksmiðjan og ekki fjær en 50—100 metra frá hinum verksmiðjubyggingunum.

Sums staðar erlendis eru engar áburðargeymslur við verksmiðjurnar, en öll framleiðslan seld jafnóðum og flutt í burtu.

5. Hversu oft hafa sprengingar átt sér stað: 1) Áður en breytt var um framleiðsluaðferð? 2) Eftir að nýja aðferðin var upp tekin?

Til þess að sprenging geti átt sér stað í ammoniumnitrati, er talið, að hún þurfi að vera frá utanaðkomandi áhrifum. Þó hefur tekizt að sprengja ammoniumnitrat eitt sér með því að hita það í lokuðu rúmi, þannig að mikill þrýstingur myndist samfara háu hitastigi. Ammoniumnitrat er notað til sprengjuframleiðslu þannig, að því er blandað saman við sprengiefnið TNT, og eykur ammoniumnitratið þá eða nærir sprenginguna. En eitt sér er ammoniumnitratið talið alveg hættulaust undir venjulegum kringumstæðum.

Á meðan gamla framleiðsluaðferðin var viðhöfð, kom stundum fyrir, að eldur kom upp á síðasta framleiðslustiginu, og var þá sprengihætta undir vissum kringumstæðum fyrir hendi og komu sprengingar fyrir. En síðan nýja aðferðin var upp tekin er sprengihættan alveg úr sögunni í verksmiðjunni, því að þar er áburðurinn framleiddur við lágt hitastig, og mér er ekki kunnugt um sprengingar, þar sem nýja aðferðin er viðhöfð. Er það því eingöngu í áburðargeymslunni, sem hugsanlegt er að sprenging orðið í ammoniumnitratinu.

Sprengingar hafa átt sér stað í ammoniumnitrat-birgðum, og eru það einkum tvær sprengingar, sem eru þekktastar og stærstar.

Sú fyrri varð í Oppau í Þýzkalandi 1921. Miklu af þessum áburði var hrúgað í bing, og rann hann þar saman í samfelldan hól. Svo þegar átti að fara að nota áburðinn, þurfti að mola hann niður. Til þess að ná honum í sundur voru sett í hann fjöldamörg dynamit-skot, og við það sprakk áburðarhóllinn í loft upp og gerði mikið tjón.

Hin sprengingin varð í Bandaríkjunum (Texas City) 1947, er tvö skip með ammonium-áburðarfarmi sprungu þar í loft upp í höfninni. Eldur kom upp í öðru, og er ekki með vissu vitað af hvaða ástæðum. Sprakk fyrra skipið tæpum klukkutíma eftir að vart varð við eldinn. Eldurinn komst í skip með brennisteinsfarmi, sem lá þar hjá. Gekk illa að slökkva þann eld, og um 16 tímum eftir að fyrri sprengingin varð sprakk hitt áburðarskipið. Geysimikið tjón hlauzt af þessum sprengingum.

6. Hvaða varúðarráðstafanir eru hafðar í höfnum í sambandi við umskipun áburðarins?

Hafnir í Bandaríkjunum og Kanada og að minnsta kosti sumar hafnir í Evrópu hafa sett reglur til öryggisráðstafana, þegar um flutning ammoniumnitrats er að ræða. Mismunandi ráðstafanir gilda í hinum ýmsu löndum. Í aðalatriðum eru reglur þessar, að leyfi hafnaryfirvalda þarf í hvert skipti, sem áburð á að flytja um höfnina. Þá eru og reglugerðir um það, að hreinsa verður vel lestir skipa, sem flytja eiga áburðinn, þannig að sem minnst sé þar af lífrænum efnum eða óhreinindum, sem aukið gætu á sprengihættuna. Ef pokar rifna, má eigi moka áburðinum aftur í pokana, því að hætt er við, að óhreinindi geti þá slæðzt með.

Að lokum skal þess getið, að engin köfnunarefnisáburðartegund hefur rutt sér eins til rúms á síðustu árum og ammoniumnitrat. Af þeim köfnunarefnisverksmiðjum, sem byggðar hafa verið á síðustu 10 árum í Bandaríkjunum, framleiða fleiri ammoniumnitrat en nokkra aðra tegund. Stafar þetta meðal annars af því, hve tekizt hefur að gera ammoniumnitrat-áburðinn hættulítinn í framleiðslu, auk margra annarra mikilvægra kosta hans, svo sem hins háa köfnunarefnisinnihalds hans. Hef ég hvergi orðið var við, að hætta væri talin stafa af framleiðslu áburðar þessa meðal þeirra manna, sem mesta reynslu hafa og bezt þekkja til framleiðslu hans, ef sjálfsagðra varúðarráðstafana er gætt við framleiðslu hans.

Aths.: Frásögnin af sprengingunni í Texas City og um varúðarráðstafanir í höfnum hefur verið endurskoðuð frá því, er ég fyrst samdi greinargerð þessa, í samræmi við það, að fullkomnari upplýsingar liggja nú fyrir um þessi atriði. Var frásögnin af sprengingunni byggð á upplýsingum frá C. O. Brown og frásögnin um varúðarráðstafanir í höfnum byggð á upplýsingum frá Eimskipafélagi Íslands. Fyllri upplýsingar liggja nú fyrir um sprenginguna í skýrslum vátryggingarfélaga og einnig reglugerðir um varúðarráðstafanir í höfnum í U. S. A., Kanada og Osló, og hafa frásagnir af þessum atriðum verið endurskoðaðar í samræmi við þessar nýju upplýsingar.

Reykjavík, 28. des. 1951.

Virðingarfyllst,

Jóhannes Bjarnason."

Þannig hljóðar þá skýrsla Jóhannesar Bjarnasonar, en hann hefur ferðazt um Bandaríkin og

kynnt sér ýtarlega starfrækslu áburðarverksmiðja, sem eru sams konar og hér er gert ráð fyrir að reisa. Ásgeir Þorsteinsson hefur einnig kynnt sér áburðarframleiðslu mjög ýtarlega. Vitnisburður þessara tveggja manna ætti því að nægja til þess, að menn gætu sofið rólegir, þótt verksmiðjan verði reist á Ártúnshöfða við Reykjavík. Áburðarverksmiðjan er svo mikið hagsmunamál fyrir þjóðina, að mikið er í veði, að verið sé á verði gagnvart blekkingamoldviðri kommúnista.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég ætla ekki að tala langt mál, en ég vil fara nokkrum orðum um eignarheimildina fyrir áburðarverksmiðjunni. Lagalega er skilningur hæstv. fjmrh. réttur. Á 13. gr. laganna er að vísu sá galli, að hún vísar ekki í fleiri greinar. Það er þó tvímælalaust, að hlutafélagið eigi verksmiðjuna og sé ekki einungis rekstraraðili. Lögin kveða þannig á um það, að um það er ekki þörf að deila. Annað mál er svo það, hvort þessi skipan málanna sé rétt, og úr því að þetta mál hefur nú borið á góma, tel ég rétt að fara um það nokkrum orðum.

Það hefur verið afar hljótt um stofnun þessa fyrirtækis, og tel ég af þeim sökum eðlilegt, að gefnar væru frekari upplýsingar varðandi ýmis atriði í undirbúningi þess. Hverjir eru hluthafar í áburðarverksmiðjunni fyrir utan ríkissjóð, Samband ísl. samvinnufélaga og Reykjavíkurbæ? Ekkert er vitað um aðra hluthafa í verksmiðjunni, og væri mér því forvitni á að fá eitthvað að vita um þetta. Það skiptir miklu máli, að upplýsingar fáist um þetta, þar sem vitað er um, að hlutabréf í áburðarverksmiðjunni munu margfaldast í verði á fáum árum. Þetta liggur mjög ljóst fyrir. Segjum, að fjármagnið sé 100 millj. kr., sem er varlega áætlað, og það skili 10% arði, sem gerir 10 millj. kr., vextir séu greiddir 5½%, og verða það 5½ millj. kr. Eftir eru því 4½ millj., sem þýðir, að ágóði af hlutafénu er 4.5 millj. kr. Á þessu má sjá það mjög greinilega, að hlutabréfin munu fljótlega hækka mjög í verði. Nú er það svo, að ríkissjóður mun eiga meiri hluta hlutabréfanna, og mætti ef til vill segja, að ekki felist í þessu nein bein hætta. Hins vegar er það ljóst, að hér verður um mikið gróðafyrirtæki að ræða, sem mun vaxa og stækka, og getur þá skipt miklu máli, í hvers vasa ágóðinn rennur. Ef arðgreiðslur verða takmarkaðar, þá leiðir það af sjálfu sér, að verðmæti bréfanna eykst enn hraðar en ella. Væri því ekki óeðlilegt, að settar væru hömlur á sölu hlutabréfanna með löggjöf. Nú væri fróðlegt að fá í þessu sambandi upplýst, hvað hlutir einstaklinga í hlutafélaginu nema miklu, og í öðru lagi, hvort þessir aðilar geti selt hluti sína hverjum sem er eða ríkisvaldið hafi forkaupsrétt að þeim bréfum, sem þeir vilja selja. Mér er þetta ekki ljóst sökum þess, hversu hljótt hefur verið um málið. Það getur skipt miklu fyrir lítið þjóðfélag, hvar hlutirnir liggja í svo stóru fyrirtæki sem hér er um að ræða. Þar sem ríkið leggur fram meginið af stofnfé verksmiðjunnar, á hlutur þjóðarinnar að vera tryggður. Sama gildir um hlut Sambands íslenzkra samvinnufélaga. Ég tel ekki eftir, þótt verðmæti bréfa þess fyrirtækis hækki og verði meira virði en greitt hefur verið fyrir þau, því að það fyrirtæki er þó eign almennings í landinu. Sama er að segja um bréf bæjarstjórnar Reykjavíkur, en hið sama verður ekki sagt um bréf, sem keypt hafa verið af einstaklingum. Það er óeðlilegt, að þeir geti selt hluti sína hverjum sem vera vill, og af þeim sökum vildi ég fá þetta upplýst.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Ég ætlaði nú alveg sérstaklega að ræða við hæstv. forsrh., en ég sé, að hann hefur brugðið sér út úr salnum. Ræða hans áðan bar vott um það, að „sannleikanum verður hver sárreiðastur". Það er rangt, sem hæstv. forsrh. sagði, að heppilegra væri að framleiða þessa áburðartegund en allar aðrar, sem til greina kæmu. Það vill nú svo til, að ég hef farið í gegnum bók, sem Rauðka var nefnd og var samin af Skipulagsnefnd atvinnumála. Í þessari n. átti hæstv. forsrh. sæti á sínum tíma, en n. fjallaði þá og gerði m. a. tillögur um byggingu og rekstur áburðarverksmiðju. En hver var nú niðurstaða þessarar nefndar? Hver var skoðun hæstv. forsrh. þá á því, hvaða áburðartegundir væri ákjósanlegast að framleiða fyrir íslenzkan landbúnað — íslenzka jarðrækt? Niðurstaðan var sú þá (1933), að heppilegast væri að framleiða nitrophoska og kalksaltpétur. Það var nú niðurstaðan þá. Hins vegar hefur ammoniumnitrat meira köfnunarefnisinnihald (33%) en t. d. kalkammon-saltpéturinn, sem inniheldur 20.5% köfnunarefni. Hér kemur þó líka annað til greina. Kalkammon-saltpéturinn inniheldur mikið kalk, sem ammoniumnitratið gerir ekki, en það er álit sérfróðra manna, að mjög sé heppilegt að bera talsvert mikið kalk í íslenzka jörð, og reynslan hefur sýnt, að það gefur mikinn uppskeruauka. Mig undrar annars, að maður, sem jafnkunnugur er búnaði og búnaðarmálum eins og hæstv. forsrh., skuli tala um þetta mál eins og hann hefur gert. Hann talaði um það, að bændur fengju þann ódýrasta og bezta áburð, sem völ væri á, með framleiðslu á ammoniumnitrati og væri hægt að nota það árum saman á túnin. Það hefur nú verið gert, því miður, í of mörgum tilfellum og með þeim árangri, að jarðvegur hefur stórspillzt. Það er fleira, sem kemur til greina en köfnunarefnisinnihald áburðarins eitt, er leitað er eftir auknum afrakstri jarðvegsins með áburðargjöfum. Ég hefði haft gaman af að ræða þetta mál út af fyrir sig við hæstv. forsrh. Það er skoðun sérfræðinga, að mjög hættulegt geti verið að spara steinefnin, en köfnunarefnið kemur ekki að notum, ef hörgull er á þeim í jarðveginum. Pálmi Einarsson landnámsstjóri hefur m. a. lagt áherzlu á þetta. Þessi atriði eru sannarlega þess eðlis, að full ástæða væri að ræða þau ýtarlega í sambandi við áburðarverksmiðjuna.

Ég sé ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um þetta nú. Hins vegar er það furðulegt moldviðri, sem stjórnarflokkarnir hafa þyrlað upp í sambandi við þetta mál. Það er ekki lítið blekkingamoldviðri. Þeir hafa haldið því fram,

að við sósialistar höfum verið að reyna að bregða fæti fyrir málið og tefja framgang þess — og af eintómri illgirni væri það sprottið. Fyrr má nú vera. En hvernig var það með áburðarverksmiðjuna, sem Skipulagsnefnd atvinnumála lagði til að reist yrði? Voru það sósialistar, sem hindruðu framgang málsins þá? Nei, árið 1936 er vart hægt að brigzla sósialistum um það. Í þeirri n. átti nú enginn annar sæti en núverandi hæstv. forsrh. Í Tímanum stóð nú fyrir nokkrum dögum, að undirbúningur hefði verið hafinn að byggingu áburðarverksmiðju á nýsköpunarárunum, en sósialistar hafi hindrað framgang og framkvæmdir. Þá var áætluð verksmiðja til afkasta á 1200 tonnum, sem hefði ekki verið ⅓ þess, sem nauðsynlegt var. En ég vil nú spyrja: Hvers vegna hófst nú Framsókn ekki handa, er sú stjórn fór frá völdum og framsóknarmenn fengu landbúnaðarráðherrann? Hvers vegna var þá ekki hafizt handa? Nei, afskipti Sósfl. af þessu máli hafa einungis leitt til góðs. Stjórnarflokkarnir hafa neyðzt til þess að endurskoða sínar fyrri áætlanir og komizt að raun um, að þær stóðust ekki. Þeir hafa orðið að fallast á rök okkar, og það, sem þeir hafa tekið til greina af till. okkar í þessu máli, hefur orðið því einungis til góðs eins.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Hv. þm. N-Þ. minntist á það áðan, að sér fyndist of mikið fé lánað úr mótvirðissjóði í fá en stór fyrirtæki. Það er augljóst, að ef koma á þessum fyrirtækjum á fót, þá þarf til þess mikinn hluta mótvirðissjóðsins. Hv. þm. spyr, hvort þetta sé rétt. Ég held nú, að ekki hefði verið hægt að fá þetta fé með öðru móti. Það hefur þó verið reynt að fá hlutafé í verksmiðjuna, en það hefur gengið erfiðlega. Það hefur verið þannig með rekstur rafveitnanna við Laxá og Sog, að þær hafa átt afar lítið af handbæru fé. Þá var spurning um að fá lánsfé innanlands, og stjórnin krafðist þess, að það yrði reynt. Hefur það verið gert svikalaust og hafður uppi mikill áróður í því skyni. Þá er spurning, hvort einhverjar leiðir væru ónotaðar til þess að ná fé til þessara fyrirtækja, en það er ekki auðvelt að sjá þær. Svo er það, að enn vantar mikið fé til þess, að þessa heimild yrði hægt að nota, þótt hún yrði veitt, en ófært er með öllu, að þingið skilji svo við þetta mál, að heimildin verði ekki veitt.

Þá er að rifja upp, af hverju ráðizt var í þessar nýju virkjanir, þrátt fyrir það að til voru stór orkuver bæði við Laxá og Sogið. Það var vegna þess, hve rafmagnsskorturinn var orðinn mikill á orkusvæðum þessara rafveitna. Áttu hér hlut að máli hvað Sogsvirkjunina snertir auk Reykjavíkur margir bæir eða kaupstaðir svo og sveitirnar austanfjalls, og möguleikar fyrir rafmagni til Suðurnesja voru undir nýrri virkjun komnir, svo að hér var um hagsmuni meiri hluta þjóðarinnar að ræða. Sömu sögu er að segja að norðan um Laxárvirkjunina. Þetta hljótum við þm. að viðurkenna, ef við lítum almennt á málið. Þessar ástæður voru til þess, að stjórnarflokkarnir völdu þessa leið, þótt vitað væri, að margar framkvæmdir yrðu að sitja á hakanum. Þetta veldur að sjálfsögðu engri sérstakri gleði t. d. á Austur- eða Vesturlandi. En ég hygg, að þeir menn, er þannig líta á málið, ættu að gera sér betur ljóst, í hverju verið er að standa, og líta á málið í heild. Það er ekki hægt að gera allt samtímis, og hér er um hagsmuni meiri hluta þjóðarinnar að tefla. Þetta kom m. a. fram í ræðu hv. þm. N-Þ., að honum blöskraði upphæðin, sem færi til þessa. Þetta vildi ég taka fram út af þeirri ræðu. — Ég mun ekki munnhöggvast við þm. kommúnista frekar um þetta mál.

Varðandi það, sem hv. 3. landsk. þm. sagði, þá held ég, að hann ætti að fá um þetta upplýsingar hjá landbrn., sem hefur um þetta öll gögn. Hv. þm. spurði, hvers vegna hlutafé hefði ekki getað verið meira. Það var ekki hægt að fá fram lagt meira hlutafé, nema þá frá ríkinu. (GPG: Það átti auðvitað að gera.) Það var ekki ætlunin, að þetta yrði gert að neinu stórgróðafyrirtæki. Eða hvernig dettur hv. þm. það í hug, þar sem ríkið á meiri hl. hlutafjárins og S. Í. S. helming hins hlutans, að ausið verði í hluthafa 40—50% af ágóðanum? Þetta kemur ekki til mála, heldur verður verðið lækkað. Það mun verða rekin sú pólitík að halda verðinu sem lægstu, en ekki að græða á framleiðslunni.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Ræða hv. 2. þm. Rang. er ein sú furðulegasta, sem ég hef heyrt. Hann ætlaði að sanna, að engin sprengihætta væri af verksmiðju, sem framleiddi ammoniumnitrat. Hann ætti að lesa skýrslur tveggja verkfræðinga um þetta efni, sem gerðar voru með tilliti til stofnunar áburðarverksmiðju hér, en báðar þessar skýrslur voru einmitt um sprengihættu af þessu efni. Auðvitað er ammoniumnitrat mikið sprengiefni. Gunnar Böðvarsson verkfræðingur samdi aðra þessa skýrslu og sendi til bæjarstjórnar Reykjavíkur. Ég vil — með leyfi hæstv. forseta — bæta við nokkrum tilvitnunum úr skýrslu Gunnars Böðvarssonar, en hann segir svo:

„Ammoniumnitrat (NH_4NO_3) er yfirleitt talið til hinna öflugustu sprengiefna. Það er mikið notað í hernaði og við nytsamar sprengingar; m. a. er hið kunna sprengiefni Amatol blanda af 80% af ammoniumnitrati og 20% af trinitrotoluoli eða TNT. Sökum þess, hve ódýrt það er, hafa verið gerðar tilraunir til þess að nota það í stað nitroglyserins, en þær munu þó ekki hafa borið neinn árangur, þar sem það hefur ýmsa óþægilega eiginleika.

Hið hlutfallslega sprengiefni ammoniumnitrats miðað við nokkur önnur sprengiefni er gefið í eftirfarandi töflu:

Nitroglyserin	14.0
Amatol	12.1
Trinitrotoluol	10.0
Dynamit 50%	9.8
Ammoniumnitrat	10.5

Tölurnar eru niðurstöður mælinga í sérstakri tilraunabyssu (ballistic gun) og hafa aðeins hlutfallslegt gildi. Þær sýna, að ammonium-

nitrat er að sprengiafli til jafnt trinitrotoluoli eða TNT, sem er eitt hinna kunnustu sprengiefna.“

Síðan segir hann:

„En ammoniumnitrat er ildandi (oxyderandi) efni, og eykst viðkvæmnin því mjög, ef það er blandað efni, sem það getur ildað. Þannig geta lítil óhreinindi af lífrænum efnum aukið viðkvæmnina til mikilla muna.

Það verður því ætíð að gera ráð fyrir sprengihættu, einkum ef það verður fyrir öflugri forsprengingu, t. d. flugsprengju eða snarpri hitun. Í styrjöld hefur þetta vitanlega úrslitaþýðingu, þar sem gera má ráð fyrir, að vegna hins hernaðarlega gildis efnisins verði reynt að varpa sprengjum á verksmiðjur og birgðir.“

Hann heldur svo áfram skýrslu sinni og tekur dæmi um áhrif sprengingarinnar og miðar þá við mestu sprengingar, sem orðið hafa í heiminum, eða kjarnorkusprengingarnar í Japan á sínum tíma. Hann sundurliðar áhrifin á þessa leið:

„Í ritinu „The Effects of Atomic Weapons“ frá U. S. A. E. C. er talið, að umræddar kjarnorkusprengingar hafi samsvarað sprengingu 20000 smálesta af trinitrotoluoli, þ. e. verið fjórum sinnum öflugri en sprenging 5000 smálesta af ammoniumnitrati, en eins og þegar hefur verið getið, er ammoniumnitrat jafnöflugt og trinitrotoluol.

Undirritaður hefur notað upplýsingar frá U. S. A. E. C. til þess að áætla áhrif sprengingar 5000 smálesta af ammoniumnitrati, sem liggja óvarðar á bersvæði. Niðurstöðurnar eru:

I. svæði: 0—500 metra frá sprengistað. Næst sprengistað algerar og utar verulegar skemmdir á grind húsa og mannvirkja úr járnbentri steypu. Alger eyðing tréhúsa og stálgrindarbygginga. Dauðaslys á mönnum vegna þrýstingsöldunnar og fallandi húsa, brota o. s. frv.

II. svæði: 500—1000 metra frá sprengistað. Verulegar eða algerar skemmdir á grind tréhúsa og stálgrindarbygginga. Einnig verulegar skemmdir á hurðum, þökum og gluggarömmum húsa úr járnbentri steypu. Allar gluggarúður brotna. Dauðaslys á mönnum möguleg vegna hluta og brota, sem rekast á þá, og að öðru leyti mikil slysahætta.

III. svæði: 1000—2000 metra frá sprengistað. Á innri helming svæðisins skemmdir á grindum tréhúsa og stálgrindarbygginga. Skemmdir á hurðum, þökum og gluggarömmum; allar gluggarúður brotna. Slysahætta af brotum.

IV. svæði: Utan við 2000 metra frá sprengistað. Á nokkrum stöðum skemmdir á hurðum og gluggarömmum. Gluggarúður geta brotnað í allt að 8 km fjarlægð.

Með hliðsjón af framangreindum niðurstöðum virðist undirrituðum nauðsynlegt að krefjast þess, að 2000 metrar séu minnsta fjarlægð 5000 smálesta af ammoniumnitrati frá húsum og vistarverum.“

Og svo segir hv. 2. þm. Rang., að það sé engin sprengihætta af þessu efni. — Í skýrslu Jóhannesar Bjarnasonar verkfræðings er getið um tvær einhverjar mestu sprengingar, sem orðið hafa í heiminum, og orsökuðust þær einmitt af þessu sprengiefni. Ég þarf svo ekki að fjölyrða meir um sprengihættuna af þessu efni. En það er athyglisverð staðreynd, að það er eins og stjórnarflokkarnir vilji láta alla halda, að við sósialistar séum á móti sjálfri verksmiðjunni. Það er ekki rétt, heldur er ágreiningurinn um, hvaða efni eigi að framleiða. Ég hef ekki vit á að dæma um þetta, en sérfræðingar eins og t. d. Ásgeir Þorsteinsson hafa tekið mjög athyglisverða afstöðu til þessa, og eins má benda á það, sem Valtýr Stefánsson, ritstjóri Morgunblaðsins, sem einna mest hefur brigzlað okkur sósialistum um kommúnistisk sjónarmið í þessu máli, segir um þetta í Morgunblaðinu sunnudaginn 13. janúar s. l., en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Köfnunarefnisáburðurinn er að vísu dýrasta áburðarefnið af þrem aðaláburðarefnum. En eins og allir vita, verður engri jarðrækt komið á með einni tegund áburðar. Íslenzk ræktunarlönd fá áburðarþörf sinni ekki fullnægt, nema þau fái nægilegt magn köfnunarefnis, fosforsýru og kalís.

Það hefur komið í ljós við athuganir á eðli íslenzks jarðvegs á síðustu árum, að fosforsýruskortur er óvenjulega mikill í íslenzkum ræktarlöndum. Er því alveg sérstök ástæða til að minna á tillögu Ásgeirs Þorsteinssonar verkfræðings, sem hann bar fram hér í blaðinu fyrir nokkru, um að slá tvær flugur í einu höggi, hverfa frá einhliða köfnunarefnisframleiðslu og framleiða blöndu fosforsýru og köfnunarefnisáburðar, er koma mun íslenzkum bændum að tvöföldum notum. Efnivöruna, fosforgrjótið, er hægt að fá í Norður-Afríku. Er auðvelt að flytja það hingað til lands með þeim skipum, sem flytja fisk héðan til Miðjarðarhafslanda. Með því að kaupa hingað þessa efnivöru sparast erlendur gjaldeyrir. Að öðrum kosti þarf að kaupa fosforsýruáburðinn tilbúinn til landsins.

Áburðartegund, sem hefur inni að halda tvö aðaláburðarefnin, nitrat og fosforsýru, er bændum hentugust bæði í flutningum og notkun. Þar er sprengihættan ekki lengur fræðilegur möguleiki, hvernig sem að er farið. Og þessi áburðartegund er hin öruggasta í geymslu. En nitrat-tegundirnar eru rakasæknar og því hætt við, að þær rýrni mjög við geymslu, t. d. yfir sumarið í skemmum eða lélegum útihúsum sveitanna.

Með því að snúa sér að hinum blandaða áburði munu bændur fá ódýrastan, notadrýgstan og meðfærilegastan áburð.“

Þetta segir Valtýr Stefánsson, ritstjóri Mbl., sem er landbúnaðarkandidat og mikill áhugamaður um málefni bænda, og það hefur hvergi verið sýnt fram á, að það sé heppilegra að framleiða ammoniumnitrat en hinar aðrar áburðartegundir, heldur getur það þvert á móti verið hættulegt og sérstaklega í styrjöld. Það eina, sem ég get séð í sambandi við þessa framleiðslu, er, að þetta er ekki aðeins áburður, heldur einnig sterkt sprengiefni í hernaði.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er aðeins eitt atriði, sem ég vil taka fram vegna þess,

sem hv. þm. N-Þ. sagði. Mér virtist hann gefa í skyn, að með því að ráðstafa þannig 215 millj. væri óhæfilega miklu fé ráðstafað í einu til Suðvesturlandsins. Ég vil vekja athygli á því í þessu sambandi, að það er gert ráð fyrir, að áburðarverksmiðjan kosti 108 millj., og er því fé varið til landbúnaðarins jafnt um land allt. Til þess að koma henni upp verður einnig að koma upp nýju Sogsvirkjuninni. Ég býst við, að nærri láti, að verksmiðjan þurfi um helming af orku nýju virkjunarinnar. M. ö. o., af þeim 190 millj., sem virkjunin á að kosta, eru um 100 millj. til verksmiðjunnar. Af þessum 358 millj., sem á að ráðstafa, fer þá meiri hlutinn til dreifbýlisins, vegna þess að verksmiðjan tekur helming nýju Sogsvirkjunarinnar, miðað við rafmagnsþörf Reykjavíkur og nærliggjandi héraða. Og til að koma í veg fyrir áframhaldandi „katastrofu" í rafmagnsmálum hér þyrfti því nú þegar að fara að undirbúa þriðju Sogsvirkjunina. Að síðustu vil ég minna á, að ríkið á hálfa Sogsvirkjunina og hálfa Laxárvirkjunina, og um áburðarverksmiðjuna vita allir, að ríkið á þar yfir helming. Það er því verið að ráðstafa fé hér til ríkisfyrirtækja.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. sagði, að ekki þyrfti að óttast, að hlutabréfin í áburðarverksmiðjunni hækkuðu óeðlilega í verði. En hann má ekki gleyma því, að sökum þess, hve hlutaféð er lítið, hlýtur varasjóðstillag, sem er mjög lágt miðað við veltuna, að hækka verðgildi hlutafjárins hlutfallslega mjög mikið. Það var tvímælalaust rangt að hafa hlutafé verksmiðjunnar svona lágt.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 18. jan., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að svo stöddu að fara að ræða meira um það, sem við ræddum við 1. umr. í gær viðvíkjandi því aðalmáli, sem hér er um að ræða, heldur vil ég aðeins leyfa mér, eins og ég hét við 1. umr., að flytja brtt. við 1. gr., 2. málsgr., að í staðinn fyrir 5½% komi 4%. Ég vil í þessu sambandi minna á, að þeir samningar, sem þegar hafa verið gerðir við Sogsvirkjunina og Laxárvirkjunina, hafa af hálfu þeirra aðila, sem undirskrifuðu þá samninga fyrir hönd Reykjavíkurbæjar og Akureyrarbæjar, verið undirskrifaðir með því fororði, að þetta mál kæmi til kasta Alþ. og yrði útkljáð þar. Ég vil leyfa mér að vænta þess, að hv. þm., sem vafalaust skilja, hve þýðingarmikið það er að reyna að halda lágum vöxtum hjá þeim stóru framkvæmdum, sem við erum hér að leggja út í, geti fylgt þessari till. minni. Þessi till. er skrifleg og of seint fram komin, og vil ég þess vegna biðja hæstv. forseta að gera svo vel að leita afbrigða fyrir henni.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 667) leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég vil aðeins taka það fram, með tilvísun til þess, sem ég hef rætt og áður fært fram, að ég vil mæla á móti því, að þessi brtt. sé samþ., og vona, að hv. d. fallist á það.

ATKVGR.
Brtt. 667 felld með 20:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JÁ, MK, SG, ÁkJ, ÁS, EOl.
nei: GG, GTh, HÁ, HelgJ, IngJ, JG, JPálm, JS, JR, KS, PÞ, SÁ, SkG, MJ, StgrSt, AE, ÁB, BÓ, EystJ, SB.
GÞG, StJSt, EmJ greiddu ekki atkv.
5 þm. (JóhH, JörB, ÓTh, PO, ÁÁ) fjarstaddir.
3 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Gunnar Thoroddsen: Út af lánskjörum á þessu láni er nokkur ágreiningur. Stjórnir virkjananna hafa farið fram á, að lánskjör væru betri en ákveðið var í vor eða sumar. Undanfarið hafa farið fram samningaumleitanir um þetta og fengizt, eins og hæstv. fjmrh. lýsti yfir, í stað þess að greiða jafnar afborganir og vexti, að þarna er reiknað með jöfnum ársgreiðslum, og mun það til mikilla hagsbóta fyrir virkjanirnar fyrstu árin. Með tilliti til þess, að þarna er gengið til móts við virkjanirnar, tel ég ekki rétt að halda til streitu till. um lækkaða vexti, og segi ég því nei við þessari till.

Jónas Rafnar: Með tilvísun til grg. hv. 7. þm. Reykv. segi ég nei.

Magnús Jónsson: Með tilvísun til grg. hv. 7. þm. Reykv. segi ég nei.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 63. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 64. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Eins og frá er skýrt í grg. með frv., ber brýna nauðsyn til þess að lána meira fé til hinna miklu virkjana við Sog og Laxá og áburðarverksmiðjunnar en búið er að ákveða. Eins og

kunnugt er, var með l. nr. 47 frá 1951 heimilað að lána 120 millj. kr. til þessara framkvæmda úr mótvirðissjóði. Þetta frv. gerir ráð fyrir því, að heimildin verði hækkuð um 95 millj., og er það þó nálega vissa, að þetta fé mun ekki nægja til að ljúka þessum framkvæmdum, en aftur á móti mun þetta fé duga þangað til þing verður kallað saman aftur. Það hefur verið neytt allra bragða til þess að fá fé til þessara framkvæmda annars staðar frá, og þótt allmikið hafi safnazt, er það engan veginn nægilegt. Eins og ég sagði áðan, mun þessi upphæð ekki vera nægileg, en þó sýnt, að hún mun duga fram á næsta þing. — Ég vona svo, að frv. verði vísað til hv. fjhn. og 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 19. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 634, n. 681).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Eins og sést á nál. á þskj. 681, þá hefur fjhn. rætt þetta mál á einum fundi, og er hún einróma samþykk því, að það nái fram að ganga. Eins og kunnugt er, þá er þetta til að heimila ríkisstj. að lána af fé mótvirðissjóðs til Sogsvirkjunarinnar, Laxárvirkjunarinnar og áburðarverksmiðju um ákveðið tímabil, eins og ákveðið er í 1. gr. Um þetta hefur orðið fullkomið samkomulag í n., og sé ég ekki ástæðu til að ræða þetta mál í einstökum atriðum, en vísa til þeirrar greinargerðar, sem fylgir frv. Legg ég til fyrir hönd fjhn., að málið verði afgreitt eins og það liggur fyrir á þskj. 634.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 702).

---

54. Menntaskólar.

Á 23. fundi í Nd., 6. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla [96. mál] (þmfrv., A. 169).

Á 24. fundi í Nd., 7. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Nd., 9. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er lagt fram, hefur áður legið fyrir hv. d., að vísu upphaflega í nokkuð öðru formi. En það er borið hér fram eins og það var afgr. frá þessari hv. d. á síðasta þingi. Hins vegar náði frv. ekki endanlegu samþykki þá og er því borið fram á ný.

Svo sem kunnugt er, er gert ráð fyrir þeirri tilhögun í hinum nýju fræðslulögum, að menntaskólar séu tveir, á Akureyri og í Reykjavík, og skuli þeir hafa menntadeild, en ekki gagnfræðadeild eða miðskóladeild. Er gert ráð fyrir, að sérstakir skólar taki við því hlutverki, en menntaskólar taki síðan við þeim nemendum, sem nú ná landsprófi með nægilega hárri einkunn til þess að geta haldið áfram námi.

Ástæðan til, að þetta frv. er borið fram nú, er fyrst og fremst sú, að mjög eindregnar óskir hafa komið fram um það frá menntaskólunum, og þá ekki síst menntaskólanum á Akureyri, að skóli þessi verði ekki skertur og hann fái áfram að starfrækja gagnfræðadeild eins og hann hefur gert til þessa. Auk óska skólans sjálfs virðast einnig ýmis rök styðja að því, að þessi tilmæli séu tekin til greina. Eru þá ekki síst þau rök, að nú er svo málum háttað, að í ýmsum byggðarlögum er ekki aðstaða til þess að búa nemendur undir gagnfræðapróf, ekki til skólar, sem geta sinnt því hlutverki, og er því ekki komin á sú skipun þessara mála, sem fræðslul. að því leyti gera ráð fyrir. Er því nauðsynjamál fyrir ýmis byggðarlög, ekki síst á Norðurlandi, að menntaskólinn fái að taka við nemendum til undirbúningsnáms í gagnfræðadeild, enda hefur nú þannig skipazt, að menntaskólinn hefur fengið að reisa veglegt heimavistarhús, sem er gert ráð fyrir að rúmi 160—170 nemendur. Er að sjálfsögðu mikið atriði fyrir þá nemendur, sem þurfa að sækja skólann lengra að, að eiga þess kost að búa í heimavist. Málum er að vísu ekki þannig háttað í Reykjavík, enda öllu meiri erfiðleikar á að taka við nemendum í gagnfræðadeild þar heldur en hjá menntaskólanum á Akureyri. Þar er um mjög mikið húsrými að ræða, og virðist mjög óeðlilegt að tryggja ekki svo sem verða má, að þetta húsrými verði notað. Það er fullkunnugt, að víða er húsnæðisskortur og erfiðleikar á því sviði hjá skólum víðs vegar um land. Og það er einnig mjög um það rætt, að mikið fé sé til skólanna lagt, og virðist í alla staði óeðlilegt, ef ekki er reynt til hlítar að nýta það húsrými, sem til er. Það er ekki ætlunin að nýta þetta mikla heimavistarhús, sem menntaskólinn hefur fengið að reisa, fyrir aðra skóla en menntaskólann sjálfan.

Frá skólans hálfu er og var lögð á það mikil áherzla, að í skólanum fái áfram að starfa miðskóladeild. Vil ég fyrst tilnefna hinn mjög þekkta og þjóðkunna menntamann, Sigurð Guðmundsson skólameistara, sem á sínum tíma

varaði mjög ákveðið við því, að gagnfræðadeild skólans yrði af honum tekin. Og það var ekki heldur gert í hans tíð vegna hans ötulu baráttu í málinu. Ég hygg hann hafi leitt mjög sterk rök að því, að slík breyt. væri óskynsamleg. Ég hygg óhætt að segja það um báða menntaskólana, að þeir telji mjög óheppilegt frá uppeldislegri hlið að geta ekki tekið við nemendum sem yngstum til þess að móta þá sem bezt í sínum höndum. Ég hygg, að fyrir þessu liggi allveruleg og veigamikil rök. Um þetta vil ég fyrst og fremst nefna menntaskólann á Akureyri, af því að mér er hann vel kunnur, því að það er tvímælalaust, að til mikillar gagnsemi hefur orðið fyrir nemendur að komast strax í þá deild, og á það sinn þátt í þeim árangri, sem í skólanum hefur náðst yfirleitt. Munu allir geta um það borið, sem þar hafa stundað nám, að á engan hátt væri æskilegt, að gagnfræðadeild starfaði ekki við þann skóla.

Því hefur verið haldið fram sem rökum gegn þessu máli, að það brjóti í bága við það kerfi, sem menn hugsa sér að byggja upp í fræðslumálunum, en í því eiga þessir tveir menntaskólar eingöngu að vera lærdómsdeildir. Ég fyrir mitt leyti tel þetta ekki sérstaklega veigamikil rök gegn till. sem þessari, að hún kunni að brjóta í bága við fyrirhugað kerfi, vegna þess að flestir munu sammála um, að varasamt sé að binda menntun um of í kerfi og mjög vafasamur gróði fyrir þjóðina, að uppeldishættir yfirleitt í öllum skólum séu steyptir í sama mót og engar séu undantekningar þar frá, en allir verði að haga sínu námi eftir einu og sama kerfi.

Ég sé ekki ástæðu á þessu stigi málsins til að ræða almennt um fræðslulögin nýju og kerfið, sem þar er byggt upp. Tækifæri verður til þess á öðrum vettvangi. En ég bendi á það, sem rækilega er vikið að í bréfi frá menntaskólanum á Akureyri, sem birt er með grg. þessa frv., að það er ákaflega vafasamt að breyta skólakerfinu á þann veg, að duglegustu nemendum sé ekki gefið færi á að ljúka námi sínu fyrr. Ég hygg, að í flestum löndum séu skólarnir mismunandi þungir, og að þar séu skólar fyrir duglegustu nemendurna, svo að þeir geti átt þess kost að ljúka námi sínu á skemmri tíma en í öðrum skólum. Er líka vitað, að talsvert er um það, að nemendur í menntaskólum hafa tekið tvo bekki á einu ári. Bendir það ótvírætt til þess, að allverulegur hópur nemenda vill gjarnan leggja meira á sig við nám en venja er og ljúka því fyrr. Auðvitað verður alltaf takmarkaður fjöldi, sem menntaskólinn getur tekið í sína miðskóladeild. En ég held það sé skoðun allra flm. — og væntanlega skoðun fleiri — að ekki sé nema æskilegt, að til séu einhverjir skólar, þar sem nemendur, sem til þess treysta sér, geti lokið námi sínu á skemmri tíma. Þannig er frá þessu máli gengið af hálfu okkar flm., svo sem hv. þm. munu sjá, að það er orðað sem heimildarákvæði fyrir hæstv. ríkisstj. að láta tveggja ára óskipta miðskóladeild starfa við menntaskólana á Akureyri og í Reykjavík, ef húsrými og aðrar aðstæður leyfa, þannig að það er á valdi menntmrh., hvort þessi heimild verður notuð eða ekki. En við teljum tvímælalaust, að þessi heimild eigi að vera til staðar, og teljum einnig, að þessa heimild eigi að nota, eins og aðstæður eru nú.

Samkvæmt því, sem skólameistari menntaskólans á Akureyri hefur skýrt mér frá, hefur engum nemanda á þessu hausti verið synjað um heimavist í menntaskólanum, og er ekki búið að taka í notkun helming heimavistarinnar. Samt eru þar 12 nemendur, að ég hygg, úr miðskóladeild eða síðari bekk hennar. Þegar því þessi heimavist er öll komin til afnota, virðist engin ástæða til að óttast á næstu árum, að menntaskólinn geti ekki, þó að hann fái leyfi til að stórauka miðskóladeildina, veitt móttöku öllum þeim nemendum, sem óska að vera þar í lærdómsdeild, enda er gert ráð fyrir því, sem sjálfsagt er, þar sem þetta er menntaskóli, að utanbæjarnemendur lærdómsdeildar sitji jafnan fyrir heimavistarrúmi í skólanum.

Það virðist því nokkurn veginn augljóst, að þá röksemd sé ekki hægt að færa fram móti þessari till. eða ósk skólans, að hann fái að starfrækja áfram miðskóladeild, að slíkt verði til þess að útiloka einhverja nemendur, sem þurfa að stunda lærdómsdeildarnám þar.

Svo mikill áhugi hefur ríkt í þessu máli víðs vegar á Norðurlandi, að það munu hafa borizt hingað til hins háa Alþingis á s. l. þingi allmargar áskoranir og óskir, að frv. um þetta efni hlyti samþykki. Það er einnig svo mikill áhugi hjá skólameistara og kennurum á Akureyri fyrir þessu máli, að þeir fái áfram að taka nemendur til undirbúnings undir lærdómsdeild, að þeir hafa á þessum vetri tekið sig saman um að hafa sérstakan undirbúningsflokk. Að vísu hafa þeir ekki rétt til að hafa 1. bekk í skólanum, en sérstakan undirbúningsflokk hafa þeir, þar sem eru um 30 nemendur, sem þeir hafa tekið að sér að nokkru leyti í sjálfboðavinnu að kenna undir 2. bekk. Þetta virðist mér vera mjög til fyrirmyndar og sýna eindreginn áhuga og fórnfýsi vegna málefnisins. Og nemendur hafa kosið þessa tilhögun, enda þótt þeir þurfi að greiða tiltekið skólagjald. Og kennarar hafa greitt nokkurt fé á mann til þess að kosta þessa undirbúningsdeild.

Mér virðast því öll rök hníga í eina átt, að frv. beri að samþ., bæði með hliðsjón af því, að ekki er æskilegt að steypa alla skóla í sama mót, og einnig með hliðsjón af þeim eindregnu óskum, sem hafa komið fram frá menntaskólanum um þetta mál; einnig með hliðsjón af því, að nægilegt húsnæði er þarna til afnota á mjög hagkvæmum stað á Norðurlandi til að veita stórum hóp nemenda heimavist. Virðast mér engin rök mæla á móti því að veita menntmrh. heimild þessa, ef hann telur, að ástæður leyfi; þ. e., meðan aðsókn að lærdómsdeild er ekki það mikil, megi hann áfram starfrækja sína miðskóladeild. Og mér virðast ekki síztu rökin, hvern fádæma áhuga skólameistari og kennarar hafa sýnt, svo sem ég hef getið um. — Vil ég svo fyrir hönd flm. mælast til, að málinu verði vinsamlega tekið af hv. d. og vísað til nefndar að þessari umr. lokinni.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Vegna þess að þessi lagabreyt. er í heimildarformi og mundi því koma til minna kasta að framkvæma hana, ef ég held áfram að vera í þessu sæti á næsta ári, finnst mér rétt, að ég láti að einhverju leyti í ljós mitt álit á þessu máli eins og það horfir við nú. Þetta mál hefur verið sótt með miklu kappi, sérstaklega af kennurum menntaskólans. Það lá fyrir þinginu í fyrra, eins og öllum er kunnugt. Af sérstökum ástæðum taldi ég ekki rétt að hafa afskipti af málinu þá og lét það þess vegna fram hjá mér fara án þess að leggja þar nokkurt orð í belg. Hins vegar verð ég að segja það, að eftir því sem þetta mál er meira rætt og meira sótt, verði ég því minna sannfærður um nauðsyn þess sem ég hugsa meir um það.

Eins og hv. frsm. gat um, er skólakerfið þannig, að menntaskólunum er ætlaður alveg sérstakur vettvangur að starfa á, að starfrækja lærdómsdeild, en ekki miðskóladeild. Ég efast um, að heimilt geti verið að ganga gegn þeim fyrirmælum, sem lögin setja í þessu efni. Þess vegna er það að sjálfsögðu á valdi hæstv. Alþ. eingöngu að gera breyt. í þessu efni. Mér skilst, að ástæður skólans til að fá þessa breyt. séu aðallega tvær. Í fyrra lagi sú, að menn telja, að skólinn gangi saman talsvert mikið við það, að miðskóladeildir falla burt, eða að skólinn fari úr 14 deildum niður í 8 deildir. Ef þetta væri meginástæðan fyrir breyt., get ég ekki séð, að ein miðskóladeild bæti mikið úr, þannig að skólinn hafi miklu meira að starfa. Þá er önnur ástæða, sem ég skil vel og ég fyrir mitt leyti get verið fylgjandi. Hún er sú, að menntaskólarnir megi starfrækja miðskóladeild vegna þess, hve mikill kostur það er fyrir þá að hafa nemendur frá byrjun, sem geti haldið áfram í gegnum skólann. Þetta get ég vel skilið að muni vera heppilegt og að mörgu leyti sérstakur stuðningur fyrir skólareksturinn, enda hefur rektor menntaskólans, þegar við höfum rætt um þetta mál, lagt talsverða áherzlu á þetta atriði málsins. En þessu atriði var kippt burt, þegar fræðslulögin voru sett, og því skipulagi komið á, sem nú er. Því hefur verið haldið fram, að það væri varhugavert að binda mál sem þetta í kerfi. Þetta kann að vera rétt, en þetta hefur þó verið gert, og við búum nú við kerfi, sem byggt er upp á því, að þessi skipun sé höfð á störfum menntaskólanna.

En þetta atriði, sem ég gat um áðan, að það væri kostur fyrir skólana að ala upp nemendurna, gildir að sjálfsögðu ekki síður við menntaskólann í Reykjavík en við menntaskólann á Akureyri. En þá kemur til greina, að aðstæðurnar eru næsta ólíkar. Menntaskólinn í Reykjavík er svo fjölsóttur, að hann er að springa utan af nemendunum, en menntaskóli Akureyrar getur bætt við sig nemendum. Menntaskólinn í Reykjavík hefur nú 20 deildir og hefur kennslu frá kl. 8—7. Það var svo komið síðastliðið haust, að hann varð að neita 30 nemendum, sem staðizt höfðu landspróf og áttu heimtingu á framhaldsnámi, um skólavist vegna húsnæðisleysis. Á þessu stigi málsins var talið ógerlegt að vísa þessum nemendum til Akureyrar, vegna þess að þeir höfðu gert ráð fyrir að dveljast hér. Þetta var svo leyst á þann hátt, en eingöngu til bráðabirgða til þess að komast hjá leiðindum vegna þess, hve skyndilega þetta kom yfir nemendurna, að stofna sérstaka deild í skólanum. Sá böggull fylgir þó skammrifi, að skólinn getur ekki hleypt öllum þeim nemendum, er standast próf, upp í efri bekkina. Verður þá að sigta úr og láta 20—30 nemendur ganga af eða senda þá til Akureyrar. Ef annar skólinn fengi að taka upp miðskóladeild af uppeldisástæðum, þá vildi hinn það ekki síður, þar sem hann er miklu fjölmennari en Akureyrarskólinn. Þess vegna verður að horfast í augu við það, að það er ekki eins létt að koma þessari breytingu í framkvæmd og virðast kann, nema breytt sé núverandi fræðslukerfi. Það væri því eðlilegt, úr því að menntaskóli Akureyrar hefur nægilegt húspláss, meðan ekki er hægt að bæta úr húsnæðisleysinu hér, að hann taki við utanbæjarnemendum þeim, sem eiga heima utan Reykjavíkur og Akureyrar og því næst þeim Reykvíkingum, sem gætu veitt sér það að stunda þar nám. Það lítur út fyrir, að á næsta ári verði að neita mörgum nemendum um setu í menntaskóla, er staðizt hafa landspróf, eða þyngja prófið, svo að fleiri falli. Að öðrum kosti er ekki sýnilegt annað en að neita verði um skólavist, því að húspláss er ekki fyrir hendi, en það er til á Akureyri. Ég tel það enga frágangssök að vísa nemendum til Akureyrar. Það verður að vísu aukakostnaður fyrir Reykvíkinga, sem annars gætu búið á sínum heimilum með minni tilkostnaði, en eins og ég sagði, þá tel ég það ekki frágangssök.

Mér finnst, að það þurfi að taka þetta mál með meiri víðsýni og á víðtækara grundvelli en gert hefur verið og breyta fræðslulögunum, svo að þetta geti náð fram að ganga. Meðan fræðslukerfið er eins og það nú er, þá finnst mér það ótækt að gera slíka breytingu sem þessa. Með því yrðu raunverulega tveir gagnfræðaskólar á Akureyri, en mér er skýrt frá, að gagnfræðaskólinn þar sé fullnægjandi eins og hann er nú. Nú er skólinn einsettur með 298 nemendum, og hægt er að bæta við 50 manns án þess að tvísetja, en 600 manns, ef allt húsnæði, sem skólinn ræður yfir, væri tekið í notkun, en þá þyrfti að gera við kjallara og tvísetja. Mér sýnist því, að verið væri að koma upp tveimur gagnfræðaskólum þar, sem einn gæti leyst hlutverk beggja. — Vildi ég láta þessa skoðun í ljós við þessa umr. Tel ég og, að athuga þurfi þetta nánar en gert er hér í frv. og hvort ekki sé þá rétt að breyta fræðslukerfinu með þetta fyrir augum. Ég tel þó, að ekki sé rétt að gera það á þessu stigi málsins, þar sem varla er fenginn nokkur reynslutími enn á fræðslukerfinu.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Það var sérstaklega eitt atriði í ræðu hæstv. ráðh., sem gefur tilefni til athugasemda. Hann sagði á þá leið, að ef frv. næði fram að ganga, þá yrðu tveir gagnfræðaskólar á Akureyri, þótt einn gæti annað allri kennslunni, og taldi hann það vera óhæft. Hér er ég ósammála honum um grundvallaratriði. Það, sem hér er um að ræða, er, hvort menntaskólanum á Akureyri og mennta-

skólanum í Reykjavík skuli veitt heimild til að undirbúa nemendur undir landspróf á tveimur árum, þótt það taki almennt þrjú ár í gagnfræðaskólum. Nú er það kunnugt, að hæfni og vilji nemenda til námsins er mjög misjafn. Ég tel, að einn höfuðgalli núgildandi fræðslulaga sé, að ekki er tekið nægilegt tillit til þessarar staðreyndar, að gerð sé tilraun til þess að reyra námið allt í of fastar skorður og miða kröfur og tilhögun síðan við meðallagið í hæsta lagi. Hér er áreiðanlega gengið óvenjulega langt í „standardiseringu“, ef svo mætti segja. Öllum nemendum er ætlað að ganga í gegnum sömu vélina, eins og þeir hefðu sömu hæfileika, sama áhuga og sama námshraða. Það væri tvímælalaust til bóta, ef höfð væri meiri hliðsjón af því, að nemendur eru misjafnir að hæfileikum og að þeim hæfa ólíkar aðferðir og misjafn hraði við námið. Þegar þess er gætt, að verulegur hluti nemenda getur tekið landspróf eftir tveggja ára nám, eru það sterk rök fyrir þessu máli, fyrst menntaskólarnir bjóðast til að undirbúa nemendurna á tveimur árum í stað þriggja. Ég andmæli því ekki, að það sé nauðsynlegt að hafa þrjú ár í gagnfræðaskólum til undirbúnings undir landspróf, en það er verulegur hluti nemenda, sem getur lokið því á tveimur árum, og til hvers eiga þeir þá að sitja í gagnfræðaskóla í þrjá vetur, ef til eru skólar, sem útskrifa þá á tveimur? Af þessum sökum er ég í grundvallaratriðum ósammála hæstv. menntmrh. um, að það sé ekki rétt að hafa tvo gagnfræðaskóla á Akureyri. Og ég álít einnig, að svipað sjónarmið ætti að ríkja á fleiri sviðum í skólamálunum. En því takmarki mætti m. a. ná með því að minnka skólana frá því, sem nú er; þá væri hægt að haga kennslunni meira við hæfi nemendanna en þegar skólarnir eru risabákn eins og þeir eru að verða.

Til eru einnig þau rök með þessu máli, sem eru sameiginleg fyrir báða skólana, og drap hæstv. menntmrh. á þau áðan, en þau eru, að heppilegt sé fyrir nemendurna að koma ungir í þann skóla, sem þeim er ætlað að dvelja í til stúdentsprófs. Hygg ég tvímælalaust, að betra sé fyrir nemendurna að dvelja lengi í sama skóla við nám en þurfa að flytja sig skóla í milli. Hins vegar skal ég játa, að til eru einnig rök á móti málinu, og vildi ég fyrst og fremst telja það, að við þetta stækkuðu skólarnir allverulega, sérstaklega menntaskóli Akureyrar. En um það held ég að ekki sé ágreiningur meðal nútíma skólamanna, að mjög stórir skólar eru ekki æskilegir. Ég hygg, að barnaskólarnir í Reykjavík séu allt of stórir og flestir gagnfræðaskólarnir líka. Menntaskólinn í Reykjavík er allt of stór, og hefði átt að vera búið að skipta honum fyrir löngu, að vísu ekki í efri og neðri deild, ekki þversum, heldur langsum, ef svo mætti segja, og er ég viss um, að koma mætti á skynsamlegri verkaskiptingu þannig. Sérstaklega verður þetta nauðsynlegt, ef frv. þetta nær fram að ganga, og verður þá óhjákvæmilegt að skipta menntaskóla Reykjavíkur og þá um leið nauðsynlegt að stofna heimavist við hann.

Ég vil nota þetta tækifæri til að láta þá skoðun mína í ljós, að það megi ekki dragast lengur að koma upp heimavist við menntaskólann í Reykjavík. Það er hneisa, að á sama tíma sem reist er stórt skólahús á Akureyri, þá skuli ekkert á því sviði hafa verið gert við eina stærstu og elztu menntastofnun landsins, sem er menntaskólinn í Reykjavík. Menntaskólinn í Reykjavík getur ekki veitt nemendum utan af landi sérstök hlunnindi til þess að gera þeim auðveldara að stunda hér nám, hvorki húsnæði, fæði né þjónustu. Því eru aðstæður fyrir nemendur utan af landi verri hér en á Akureyri. Við svo búið má ekki lengur standa.

Þetta voru rök, sem snerta báða skólana, á móti málinu. Hins vegar er svo að geta, að til eru sérstök rök, er mæla með miðskóladeild á Akureyri, þ. e. þau, að ekki er til fulls notað húsnæði menntaskólans á Akureyri, en það verður ekki notað, nema miðskóladeild sé sett upp. Enn fremur má geta þess, að verði eingöngu lærdómsdeild á Akureyri, þá eru starfskraftar skólans ekki nýttir að fullu, og mætti búast við, að kennarar skólans yrðu að leita sér einhverra starfa utan skólans.

Þótt segja megi, að rök séu til gegn þessu máli, svo sem stækkun skólanna og húsnæðisskortur í Reykjavík, þá finnst mér þau rök, er mæla með málinu, þyngri á metunum fyrir báða skólana, en þó sérstaklega fyrir skólann á Akureyri.

Flm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð. Mér þótti mjög leitt, að hæstv. menntmrh. skyldi ekki sjá sér fært að taka betur í þetta mál en hann gerði, ekki síst vegna þess, að ég gat ekki séð, að fram kæmu í ræðu þessari nein þau rök, er mælt gætu móti málinu. Að vísu vil ég ekki leggja þann skilning í ræðu hans, að hann mundi ekki nota þá heimild, sem fælist í l. þessum til þess að starfrækja miðskóladeild eins og hún verður samkvæmt þeim. Mér þótti sem sagt leitt, að hann skyldi ekki sjá sér fært að taka afstöðu með málinu. Hann taldi veigamestu rökin vera það, að menntaskólarnir gætu þá tekið við nemendum sínum sem yngstum. Á þetta benti einnig hv. 3. landsk. þm. Ég held, að það geti enginn á móti því mælt, að það sé ekki heppilegt að skipta oft um skóla, meðan á náminu stendur, vegna þess, hve mikilvægt þetta atriði er, og einnig vegna þess, að menntaskólarnir hafa á að skipa reyndustu og beztu starfskröftunum og hafa því góða aðstöðu til að geta tekið strax við þeim nemendum, sem hyggjast dvelja þar við nám. Það hefur líka verið vakin athygli á því, hve hættulegt það er, þegar duglegir nemendur eru hnepptir í fjötra kennslufyrirkomulagsins, þannig að þeir geta ekki fullnægt sinni námsgetu. Og það er ekki efamál, að menn, sem eru fljótir að læra, missa allan áhuga á náminu, þegar þeim finnst það auðvelt og þeir þurfa ekkert á sig að leggja.

Hæstv. ráðh. taldi varhugavert að samþ. frv. og taldi heppilegra að taka þetta upp sem breytingu á fræðslukerfinu. Mér virðist þessi leið aftur á móti heppilegri, vegna þess að hér er ríkisstj. veitt heimild til að láta miðskóladeildina starfa, en ekki um neina þvingun að ræða og hægt að laga þetta í hendi sér hverju sinni. Hann benti á þann annmarka við menntaskólann

í Reykjavík, að hann væri yfirfullur og nemendur kæmust þar ekki að vegna húsnæðisleysis, en húspláss væri fyrir hendi á Akureyri. Ef hins vegar fjölgar í lærdómsdeild á Akureyri, þá er hægt að endurskoða afstöðu ráðuneytisins til miðskóladeildarinnar. Hygg ég, að í máli þessu séu engin þau rök, er snúa gegn því, sem sambærileg séu þeim rökum, er mæla með því, að leyfi þetta verði veitt. Treysti ég því svo, að hv. deild taki máli þessu með skilningi og vinsemd.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til menntmn. með 21 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., 4. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., 6. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 169, n. 324, 348).

Frsm. meiri hl. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Menntmn. hefur haft þetta frv. til athugunar, en ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Minni hl. n. er andvígur frv., en meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ., þó með tveimur breyt. við meginmál 1. gr. frv. Önnur brtt. er um það, að niður falli heimildin til þess að láta miðskóladeild starfa við menntaskólann í Reykjavík. Meiri hl. n. var þeirrar skoðunar, að það væri ekki ástæða til þess að veita þessa heimild og þá með sérstöku tilliti til þess, að ekki yrði séð, að hægt væri að nota slíka heimild í sambandi við menntaskólann í Reykjavík, þar sem húsnæði hans er mjög af skornum skammti fyrir lærdómsdeildina eina, hvað þá ef þar ætti að bæta við deild. Þess vegna leggur meiri hl. n. til, að heimildin verði felld niður varðandi menntaskólann í Reykjavík. — Í öðru lagi leggur meiri hl. n. til, að sú heimild, sem veitt yrði til viðbótarkennslu við menntaskólann á Akureyri — en það er hún, sem fyrst og fremst er óskað eftir með frv. að mega hafa — verði tímabundin, þannig að heimilt verði að láta miðskóladeild starfa þar til vorsins 1954. Í þeim l., sem áður hafa verið samþ. um málið, tvisvar sinnum að ég ætla, hafa ákvæðin um miðskóladeildina við þennan skóla verið bundin við vissan tíma. Og meiri hl. n. taldi eftir atvikum eðlilegt, að svo yrði einnig í þetta skipti, þannig að það sé þá að þeim tíma liðnum enn til athugunar, hvort þá sé nægilegt húsrúm til þess að hafa þessa deild við skólann. Þetta eru þær breyt., sem meiri hl. n. leggur til, að gerðar verði á frv., og mælir hann með því, að frv. verði samþ. svo breytt.

Ég þarf ekki að öðru leyti að fara mörgum orðum um þetta mál. Hv. þm. er nokkuð kunnugt um þau rök, sem fram hafa verið færð fyrir því, að rétt sé að halda uppi miðskólakennslu við menntaskólann á Akureyri. Það var nú svo, að með skólalöggjöfinni frá 1946 var gert ráð fyrir því, að menntaskólarnir yrðu aðeins 4 ára skólar. Þetta komst í framkvæmd þá þegar við menntaskólann í Reykjavík, en í sambandi við menntaskólann á Akureyri var þá þegar ákveðið af Alþ., að miðskóladeild skyldi þar vera starfandi fyrst um sinn, þannig að bekkirnir yrðu sex þar, eins og áður hafði verið. Og þessi skipan hefur haldizt við menntaskólann á Akureyri, allt fram á þetta ár. Það er því með þessu frv. og brtt. meiri hl. n. í raun og veru aðeins verið að gefa heimild til þess að framlengja um tvö ár fyrirkomulag, sem verið hefur við þennan skóla. Meiri hl. n. virðist, að ástæður séu enn óbreyttar, síðan Alþ. tók ákvörðun um, að þessi kennsla skyldi fram fara við skólann. Þetta var þá einkum byggt á því, að skólinn hefði nægilegt húsrými fyrir miðskóladeild. Þetta húsrými hefur skólinn enn og þó heldur meira en hann hafði þá. Og nemendunum í menntaskólanum á Akureyri hefur ekki fjölgað á seinni árum, heldur eru þeir heldur færri en þeir áður voru. Ef húsrými skólans leyfði það fyrir 4 árum, að þar væri haldið uppi miðskóladeild, þá leyfir það ekki síður nú, að þetta sé gert. Hins vegar getur það náttúrlega vel verið, að síðar verði sú breyting, að nemendum við menntaskólanám á þessum stað fjölgi til mikilla muna. Þá er hugsanlegt, að málið horfi öðruvísi við. En eins og sakir standa, virðist húsrými ekki vera því til fyrirstöðu á næstu árum, að þessir tveir bekkir geti starfað við skólann. Það er ýmislegt, sem mælir með því, að þessi kennsla sé tengd við skólann eða að hún sé höfð þar, ef ástæður leyfa, og þá ekki síst það, að eins og hv. þm. er kunnugt, hafa borizt um það á undanförnum árum mjög margar óskir úr héruðunum á Norðurlandi, að þessu fyrirkomulagi yrði ekki breytt. Og segja má, að ef það er að öðru leyti útlátalítið fyrir hið opinbera og kringumstæður leyfa það, eins og ég hef nú talað um, þá sé það æskilegt að geta orðið við þessum óskum. Þessar óskir hafa, ef ég man rétt, komið fram í ályktunum frá flestum sýslunefndum og bæjarstjórnum norðanlands og sömuleiðis ýmsum fundum, sem rætt hafa þetta mál.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð. Það fór nú þannig í fyrra, þegar þetta mál var til meðferðar í þinginu, að það var samþ. hér í hv. d., varð hins vegar ekki útrætt í hv. Ed. þá. En ég vildi mega vænta þess, að afstaða til málsins nú í þessari háttvirtu deild sé hin sama eins og hún var í fyrra, þannig að þess megi vænta, að frv. megi ná samþykki hér í þessari hv. d.

Frsm. minni hl. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Eins og nál. sýna og tekið var fram af hv. frsm. meiri hl. n., þá hefur menntmn. ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Ég mun með nokkrum orðum gera grein fyrir afstöðu okkar, sem stóðum saman að áliti minni hlutans.

Þetta mál hefur verið til umr. áður hér á þingi og er því hv. þm. kunnugt. Fyrir því eru nú færð sömu rök og áður hafa verið, svo að ekki verður hjá því komizt, að umr. um málið nú verði að nokkru leyti endurtekning á því, sem áður hefur komið fram.

Með lögum um menntaskóla, sem sett voru 1946, var horfið að því ráði að ákveða, að menntaskólarnir yrðu fjögurra ára skólar, en gagnfræðanám færi fram í sérstökum skólum

viðs vegar um landið og landspróf frá þeim skólum gæfi rétt til inntöku í 1. bekk menntaskólanna. Þessi ákvörðun var tekin að mjög vel athuguðu máli. Löggjöfin hafði verið undirbúin af milliþn. í skólamálum, og í þeirri n. áttu sæti skólamenn, prófessor frá Háskóla Íslands, yfirkennari menntaskólans í Reykjavík, skólastjóri gagnfræðaskóla í Reykjavík og skólastjóri barnaskóla hér í Reykjavík. Höfðu allir þessir menn mikla reynslu og þekkingu á sviði skólamálanna, og þess vegna minni ég á þetta. Nú hefur það farið svo, að síðan þessi lög voru sett, þá hefur menntaskólinn í Reykjavík starfað alveg samkvæmt þeim í einu og öllu, og frá honum hafa ekki borizt kröfur inn á þingið um að fá þessari skipan breytt. Öðru máli er að gegna um menntaskólann á Akureyri. Forstöðumenn hans hafa bæði fyrr og nú óskað þess, að skólinn héldi áfram að starfa með sama fyrirkomulagi og áður, eftir að þessi nýja löggjöf var sett, en hafa þó lagt megináherzlu á það atriði, að við skólann starfaði miðskóladeild áfram, þannig að þar væri um sex ára skóla að ræða. Fyrir þessu eru færð ýmis rök, bæði almenn rök og sérstök fyrir skólann á Akureyri. Þeir segja, bæði formælendur þessa máls hér á þingi og forráðamenn og skólastjóri menntaskólans á Akureyri, í þeim grg., sem frá þeim hafa borizt til þingsins, að betra sé, að nemendur komi ungir í menntaskólana og sitji lengi í sama skóla og mótist þar, það sé sterkara fyrir skólann og nemendurna og hollara en að breyta menntaskólunum í fjögurra ára skóla. Það er kunnugt, að um það er ágreiningur meðal skólamanna. Það eru ýmsir fleiri skólamenn þessarar skoðunar en þeir, sem starfa við menntaskólann á Akureyri. En svo eru aftur aðrir, sem reynslu og þekkingu hafa á sviði skólamála, sem ekki vilja fallast á, að þessi skoðun sé hin rétta. Þeir benda á það, að nemendur séu tæplega um það færir þroskans vegna á fermingaraldri að ákveða sér lífsstöðu. Það séu foreldrar þeirra, sem hafi áhrif á að senda þá í skóla, en eftir að þeir séu komnir í skóla, þá sé námið einskorðað við skólanám til stúdentsprófs, en þá veitist minni möguleikar til að skipta um og fara yfir til verknáms eða annars náms, sem aðrir skólar hafa að bjóða. Í öðru lagi má benda á, að sé skólanum áfátt í einhverju, þá má gera ráð fyrir því, að það sé vandséð, hvort það sé hollt fyrir nemandann að sitja mjög lengi í sama skóla. Nú ber þess að gæta, að hér eru námsmenn, sem ekki hafa það að lokamarki að ljúka stúdentsprófi, heldur ætla sér, allur þorri þeirra, að halda áfram námi í háskóla. Ef þeir hafa átt þess kost á námsbraut sinni að skipta um skóla, reyna fleiri en einn, kynnast nýjum viðhorfum, nýjum keppinautum, þá álíta margir skólamenn, að þeir standi betur að vígi í starfi sínu og námi innan háskólaveggjanna, ef fyrirkomulagið er það, sem núverandi skólalöggjöf gerir ráð fyrir. Ég hef það og fyrir satt, að í ýmsum nágrannalöndum okkar, t. d. Svíþjóð, sé þeirri skipan fylgt, að menntaskólarnir séu fjögurra eða jafnvel ekki nema þriggja ára skólar. Hins vegar mun þetta vera nokkuð misjafnt í nágrannalöndunum.

Þess þyrfti og að gæta, að gagnfræðaskólarnir kenna verknám að meira eða minna leyti. En sú deild, sem starfað hefur við menntaskólann á Akureyri, hefur fellt það niður, enda er ekki til þess ætlazt, að í menntaskólum fari fram verklegt nám. Það leiðir til þess, eins og ég tók fram áðan, að eftir að nemandi er kominn inn í menntaskólann, þá er námið miðað við, að hann haldi áfram eftir miðskólapróf beint til stúdentsprófs.

Þá eru færð fram þau almennu rök fyrir þessu máli, að það sé mikill kostur, að með þessari deild sé stefnt að því að veita möguleika til að þreyta landspróf eftir tveggja vetra nám, í stað þess að í gagnfræðaskólum er gert ráð fyrir, að það taki þrjá námsvetur að ná slíku prófi. Það er bent á það í þeim skilríkjum, sem fylgja þessu máli, að þetta séu sterk rök í málinu og það sé miklu aðgengilegra fyrir nemendur að eiga þess kost að ljúka þessu námi á tveimur vetrum. — Þess ber að gæta í sambandi við þessa röksemd, að vitanlega geta þessi dæmi gerzt, þegar um vissa einstaklinga er að ræða, þroskaða einstaklinga, sem hafa áhuga á námi og keppa að vissu marki, og slík dæmi eru að gerast í þjóðfélaginu í dag. Ég þekki dæmi þess, að á síðasta vetri tók sig upp frá heimili sínu í sveit 18 ára piltur, sem engrar skólavistar hafði notið nema farkennslu á skólaskyldualdri lögboðinn tíma, — hann tók sig upp og settist í héraðsskóla og lauk landsprófi eftir eins vetrar nám með ágætum vitnisburði, í stað þess að gert er ráð fyrir, að þetta sé þriggja vetra nám. Svona dæmi geta gerzt og eru að gerast. Og á það vil ég benda, að núgildandi skólalöggjöf stendur ekki í vegi fyrir því, að þetta eigi sér stað. En það er allt öðru máli að gegna, þegar farið er að tala um heila bekki, sem á að taka inn í skóla og láta þá ganga í gegnum nám á svo stuttum tíma. Þá verður annað upp á teningnum.

Fyrir ekki alllöngu var haldið þing skólamanna, svonefnt uppeldismálaþing, hér í Reykjavík. Það gerði ályktun um gagnfræðanámið, og í þeirri ályktun segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þingið vill leggja áherzlu á, að það telur skipan gagnfræðastigsins, eins og fræðslulögin gera ráð fyrir, skynsamlega og tiltölulega sveigjanlega í framkvæmd, nema ef vera skyldi að því leyti, að aðgreining verknáms og bóknáms sé á skyldunámsárunum óþarflega ákveðin.

Sérstaklega vill þingið vara alvarlega við þeim tilraunum, sem gerðar hafa verið til að kljúfa gagnfræðastigið á þann veg, að miðskóladeildir verði tengdar menntaskólunum, að ekki sé nefnd sú óhæfa að ætla unglingum aðeins tveggja vetra nám frá barnaprófi til landsprófs miðskóla.“

Þetta er álit skólamannanna, sem sátu á uppeldismálaþinginu. — Eftir að frv. það var flutt, sem hér er til umr., ritaði einn viðurkenndur skólamaður, Ármann Halldórsson, grein í Alþýðublaðið, sem birtist nú í haust, eftir að þetta frv. var flutt. Þar ræðir þessi skólamaður um þetta frv., sem hér liggur fyrir, og kemst að þeirri niðurstöðu, að það sé mjög varhugavert að samþ. það, og leggur þó höfuðáherzlu á

þetta, þar sem hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þó að ég telji, frá sjónarmiði skólamanns, flest mæla á móti þeirri skipan að hafa miðskóladeildir við menntaskólana, tel ég ákvæðið um tveggja vetra miðskóla langalvarlegustu yfirsjónina í því efni.“

Þetta segir maður, sem hefur fengið reynslu sem skólamaður við fjölmennan skóla hér í Reykjavík, hefur til brunns að bera meiri þekkingu á uppeldismálum og sálarfari nemenda en kennarar almennt, og maður, sem nú er ráðinn eftirlitsmaður, námsstjóri skóla gagnfræðastigsins, a. m. k. hér í höfuðstað landsins.

Nú hefur þegar fengizt nokkur reynsla um það, hvernig hefur tekizt á Akureyri að láta nemendur ganga gegnum þetta nám á tveimur vetrum, og sú reynsla, sem fyrir liggur í því efni, er á þann veg, að vorið 1950 gengu 38 nemendur undir landspróf upp úr miðskóladeild, sem ráðgert er að lögfesta með þessu frv., og aðeins 20 þeirra fengu einkunnina 6 og þar yfir, en vorið 1951 gengu 60 nemendur undir próf upp úr þessari deild, og aðeins 34 þeirra fengu einkunnina 6 og þar yfir. Það er sannast sagna, að þetta er ekki til að miklast af í samanburði við niðurstöður frá öðrum skólum, sem létu nemendur ganga undir sams konar próf. Ekki dreg ég í efa, að menntaskólinn á Akureyri sé góður menntaskóli út af fyrir sig eða að þar sé vel séð um nám og starf eftir því, sem tök eru á, en skyldi ekki skýringin á þessu liggja í því, að það sé nokkuð djarft teflt með því að ætla sér að þrýsta heilum bekk gegnum þetta nám á ekki lengri tíma en hér er gert ráð fyrir?

Það, sem ég hef nú sagt, má kalla almenn rök í þessu máli, en fyrir þessu máli hafa og verið færð fram rök, sem mega teljast sérstök fyrir menntaskólann á Akureyri, og kemur þá sérstaklega til greina, að talið er, að skólinn hafi húsrúm umfram þarfir, ef þessi deild er ekki látin starfa þar. Það má vel vera, að svo sé, að eins og nú stefnir með húsrúm í heimavistinni, þá verði fullrúmt um lærdómsdeildarnemendur eina, miðað við tölu þeirra, sem nú sitja í skólanum. En ég er á þeirri skoðun, að lærdómsdeildarnemendum muni fjölga, eftir því sem fleiri og fleiri skólar í landinu útskrifa nemendur með landsprófi, nemendur, sem gjarnan vilja ganga í menntaskóla, og þá hlýtur Akureyrarskólinn fyrst og fremst að verða þeirra athvarf. Það er kunnugt, að hér í Reykjavík er menntaskólinn mjög fjölsóttur, jafnvel svo, að það er ekki talið, að hann geti tekið við þeim nemendafjölda, sem þar vill stunda nám, þar er því ekki á bætandi, og þá verða að sækja menntaskólann á Akureyri fyrst og fremst þeir nemendur utan af landi, sem vilja stunda menntaskólanám, og hann á fyrst og fremst að nota húsrúm sitt til þess. En þótt svo kynni að vera, að húsrúm menntaskólans á Akureyri, þegar heimavistarhúsið er fullbúið, notist ekki að fullu nú á næstunni, þá ber þess að gæta, að gagnfræðaskóli Akureyrar hefur nægilegt húsrúm til þess að veita kennslu öllum þeim Akureyringum, sem vilja stunda gagnfræðanám. Það má því heita, að það sé aðeins skipting milli skólanna, hvort húsrýmið í gagnfræðaskóla Akureyrar á þá að standa án þess að vera fullnotað eða húsrýmið í menntaskólanum, þannig að þegar þetta er athugað, þá eru þessi rök ekki veigamikil. Því er og haldið fram, að það séu miklir hagsmunir fyrir ýmsar byggðir á Norðurlandi utan Akureyrar, að þessi deild verði látin starfa við skólann áfram eins og verið hefur nú um skeið. Það er kunnugt, að víða á Norðurlandi, til beggja handa við Akureyri, starfa nú þegar skólar, sem veita gagnfræðamenntun og búa nemendur undir það að setjast í lærdómsdeild menntaskólanna, og það liggur ekki fyrir, að þeir hafi orðið að vísa nemendum frá. Mér finnst ástæða til að ætla, að svo sé alls ekki.

Í grg., sem fylgir þessu frv. af hálfu menntaskólans á Akureyri, er það í raun og veru viðurkennt, að það sé ofætlun börnum upp til hópa að ætla þeim að ljúka miðskólaprófi eftir tveggja vetra nám, því að þeir segja svo:

„Í áliti, er skólinn sendi frá sér í fyrra, var það tekið fram, að hvorki væri „æskilegt né heldur mögulegt“, að allir lykju miðskólanámi á tveimur vetrum, en duglegum nemendum hefði hins vegar ekki orðið það ofraun.“

Þeir viðurkenna þetta í sjálfu sér, sem standa að menntaskóla Akureyrar, en þeir virðast miða óskir sínar og till. við það, að þeir geti valið úr nemendum, það sé hvorki æskilegt né mögulegt, að nemendur upp til hópa ljúki þessu námi á tilskildum tíma, heldur að þeir geti valið úr gáfuðustu börnin og komið þeim til menntaskólaprófs á þessum tíma. Það er einmitt þetta atriði, sem gagnfræðaskólanum á Akureyri fellur allra verst. Skólastjóri hans segir, að með því að fylgja þessu í framkvæmd sé gagnfræðaskólinn dreginn niður umfram það, sem annars væri. Skólastjóri gagnfræðaskólans á Akureyri hefur því í grg., sem hann lagði fram á fundi fræðsluráðs Akureyrar, gert þá uppástungu, að ef því yrði haldið áfram að hafa þessa deild við menntaskólann á Akureyri, þá sé gerð sérstök skipan á þessu. Hann segir svo:

„En fari svo, að Alþingi finnist enn nauðsynlegt að láta menntaskólann á Akureyri fá leyfi til þess að hafa miðskóladeild, meðal annars vegna nemendafæðar í skólanum, þá tel ég réttara heldur en að hafa það ástand, sem nú er, að skipta bænum sundur í skólahverfi eins og gert er í Reykjavík eða þá að sameina gagnfræðaskólann á Akureyri menntaskólanum á Akureyri og ríkið kosti þá allt unglinga-, miðskóla- og gagnfræðanám á Akureyri.“

Skólastjórn menntaskólans á Akureyri hefur viðurkennt þetta sjónarmið að nokkru leyti, því að í svari, sem undirritað er af Brynleifi Tobíassyni fyrir hönd menntaskólans, segir svo um þessa uppástungu: „Uppástunga skólastjóra gagnfræðaskólans um skiptingu á bænum í hverfi á milli skólanna er mikillar athugunar verð.“ En ef að því ráði yrði hnigið að hafa gagnfræðanám í báðum skólunum, gagnfræðaskólanum og menntaskólanum, og skipta bænum í hverfi, hvað verður þá um röksemdina um úrvalið? Skyldi það vera svo, að í öðrum helmingi Akureyrarbæjar búi börn, sem eru betur gefin, og þau, sem auðið er að ljúka þessu námi á tveim

vetrum, en í hinum helmingi bæjarins búi börn, sem hvorki er „æskilegt né mögulegt“, eftir orðum skólastjóra menntaskólans, að láta ganga þessa námsbraut á þeim tíma, sem hér er nefndur? Ég dreg í efa, að svo sé. Ég er hræddur um, að þetta yrði ekki alls kostar auðvelt í framkvæmd.

Það er kunnugt, að samkvæmt launal. eru laun kennara við gagnfræðaskóla nokkru lægri en menntaskólakennara og starfstíma þeirra er nokkuð annar stakkur skorinn en menntaskólakennara. Þess ber að gæta, að samkvæmt l. um gagnfræðanám eiga sveitarfélögin að standa straum af hluta af rekstrarkostnaði gagnfræðaskóla, en ríkið á samkvæmt l. að standa straum af kostnaði menntaskólanna að öllu leyti. Það liggur fyrir, að verði þessari skipan haldið áfram, sem stefnt er að með þessu frv., þá mun rísa upp óánægja innan kennarastéttarinnar út af þeim málum. Í sambandi við þetta mál, þegar það var hér til umr. í fyrra, barst inn í þingið yfirlýsing frá gagnfræðaskólakennurum hér í Reykjavík, þar sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Undirritaðir kennarar, sem starfa við miðskóladeildir gagnfræðaskólanna í Reykjavík, telja sjálfsagt, að öllum kennurum, er starfa við miðskóladeildir, verði tryggð sömu laun, hvort sem þær deildir eru í gagnfræðaskólum, héraðsskólum — eða menntaskólum, ef til þess kemur. — Vér teljum sérstaka ástæðu til að taka þetta fram nú, þar eð fyrir Alþingi liggur frv. (á þskj. 564), sem gerir ráð fyrir, að miðskóladeildir verði starfræktar við menntaskólana. Ef frv. þetta yrði samþ., væri raskað þeim grundvelli launalaga, sem réttlætir launamun kennara menntaskóla og gagnfræðaskóla.“

Undir þessa yfirlýsingu skrifa 20 kennarar hér í Reykjavík. Mér finnst, að hv. þm. ættu að athuga þetta mál vel, áður en þeir stofna til þess fyrir ekki meiri nauðsyn en hér virðist á vera, að upp rísi ágreiningur um þessi atriði, sem getur leitt af sér nýjar kröfur af hálfu kennarastéttarinnar og að ýmsu leyti raskað þeim grundvelli, sem ákveðinn er nú með starfi þeirra og launakjörum.

Þegar þetta mál hefur verið til umr. á undanförnum árum, þá hef ég fylgt því, að menntaskólanum á Akureyri væri leyft um tveggja ára skeið að hafa miðskóladeild innan skólans. Sú afstaða hefur eingöngu byggzt á því, að hér væri um bráðabirgðaráðstöfun að ræða, sem miðaði að því að ná samkomulagi um málið, svo að það mætti greiða fyrir því að verða við óskum menntaskólans um stundarsakir. Ég stóð að því á þingi 1948, að þessi breyt. var gerð, og ég hafði ástæðu til að ætla, og menntmn. þessarar d., eftir þeim umr. og viðtölum, sem þá fóru fram, að á þetta yrði fallizt af hálfu beggja aðila. Nú sýnir það sig, að svo er ekki. Í fyrsta lagi er þetta frv., eins og það er flutt, án tímatakmarkana. Það er gert ráð fyrir, að þessi skipan haldist um óákveðinn tíma, ef húsrúm og aðrar ástæður leyfa. Í öðru lagi er það fært fram í grg. þessa frv., að vegna þess að málið hafi tafizt um eitt ár, þá sé meiri nauðsyn á því nú. Þetta hendir til þess, að það sé alls ekki ætlun þeirra manna, sem að málinu standa, að hér sé um bráðabirgðaráðstöfun að ræða, heldur framtíðarskipan. Ég get því ekki fylgt þessu máli nú og við, sem skrifum undir álit minni hl. Nú standa sakir svo um þetta, að lagaheimild sú, sem starf deildarinnar byggist á, er niður fallin. Hér er því ekki um það að ræða að framlengja l., sem nú eru í gildi, heldur hitt, að setja l. um skipan þessa máls, setja l. á ný í stað þeirra, sem eru úr gildi fallin. Við teljum ekki ástæðu til þess og leggjum því til, að frv. verði fellt. Ef hins vegar skólamenn og þingið kemst að þeirri niðurstöðu við nákvæma íhugun þessara mála, að það hafi verið rangt spor, sem stigið var með ákvæðum löggjafarinnar frá 1946, að miða menntaskólanám við 4 ára nám, hitt sé réttara, að halda gömlu reglunni, að menntaskóli verði 6 ára skóli, þá ber að breyta löggjöfinni og sú breyt. nái þá til beggja menntaskólanna, því að ef þm. eru nú þess albúnir að fella þann dóm, að það sé betra fyrir menntaskólann á Akureyri að hafa miðskóladeild starfandi, svo að hann sé 6 ára skóli, hvers á þá menntaskólinn í Reykjavík að gjalda og það fólk, sem þar stundar nám? Er það ekki íslenzk æska alveg eins og hitt fólkið, sem stundar nám á Akureyri? Ég sé ekki, að sú afstaða sé frambærileg, ef hér á að vera um framtíðarskipan að ræða, heldur verði þá að taka málið upp að nýju, og ef það reynist svo að beztu manna yfirsýn, að sú stefna sé réttari í þessum málum, sem fylgt var um langt skeið, þá verður að breyta löggjöfinni þannig, að hún nái jafnt til beggja eða allra menntaskólanna í landinu. Ég tel því, að brtt. meiri hl. sé til bóta að því leyti, að þar eru nokkrar skorður reistar við því, hve lengi þetta ákvæði á að vera í gildi. En ég tel aftur, að það fái ekki staðizt til frambúðar að útiloka menntaskólann í Reykjavík frá því að hafa nokkurn veginn jafna aðstöðu á þessu sviði við hinn skólann. Því mun ég ekki sjá mér fært, þótt brtt. meiri hl. sé samþ., að greiða frv. atkv.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég varð forviða, þegar ég las brtt., sem meiri hl. menntmn. hefur flutt á þskj. 324 og hv. þm. N-Þ. mælti fyrir í ræðu sinni áðan. Hv. þm. N-Þ. lauk máli sínu með því að segja, að hann vænti þess, að afstaða þessarar d. yrði nú hin sama og í fyrra. Ég get ekki séð, hvernig hann getur lokið meðmælaræðu með brtt. meiri hl. n. með þessum orðum, þar sem meiri hl. n. leggur nú allt annað til en þessi d. samþ. í fyrra. Það, sem hér er farið fram á með þessari brtt., er, að þessi d. breyti afstöðu sinni frá því í fyrra. Í fyrra kom fram frv. um það að heimila ríkisstj. að láta tveggja ára óskipta miðskóladeild starfa við menntaskólann á Akureyri. Þessi hv. d. breytti því frv. þannig, að heimildin skyldi gilda fyrir menntaskólana báða; það var ótvírætt afstaða d. í fyrra, og ef d. er enn sömu skoðunar, eins og hv. þm. N-Þ. var að óska, þá á hún auðvitað að fella brtt. meiri hl. menntmn., sem einmitt fer fram á, að heimildin nái aðeins til skólans á Akureyri, en ekki til skólans í Reykjavík. En ég tek undir þá ósk hv. þm. N-Þ.,

að d. sé enn sömu skoðunar og í fyrra, því að af því mun leiða, að till., sem hann mælti fyrir, verður felld.

Mig undraði, að tveir þm. Reykjavíkur skyldu standa að þessari brtt., þ. e. a. s. form. n., hv. 7. þm. Reykv., og hv. 9. landsk. þm. Það, sem hér er gert ráð fyrir, er, að menntaskólinn í Reykjavík sé settur á annan bekk og að því er virðist óæðri heldur en skólinn á Akureyri. Það er auðséð, að það, sem hér er að stefnt, er, að núgildandi skipulagi menntaskólanna sé breytt, þó að heimildin sé hér aðeins miðuð við tvö ár, því að það vita allir, sem til röksemda þeirra þekkja, sem færðar eru fram fyrir þessu máli, að það er skoðun forsvarsmanna þess, að skipulagið eigi að vera til frambúðar, þ. e. a. s., að aftur eigi að breyta menntaskólunum í 6 ára skóla, og ef svo er, þá er óskiljanlegt, hvers vegna sams konar heimild má ekki gilda fyrir menntaskólann í Reykjavík. Það kann vel að vera, að menntaskólinn í Reykjavík óski ekki eftir að svo stöddu að notfæra sér þessa heimild, og rektor menntaskólans hefur sagt, að það sé engan veginn víst, að hann muni fara þess á leit við menntmrn. að fá þegar í stað að starfrækja slíka miðskóladeild. En ef svo fer, að húsakostur menntaskólans í Reykjavík verður bættur eða skipulagsháttum skólans breytt, þá mundi það mjög vel koma til greina að fara fram á að fá að nota slíka heimild, og það er, að mér finnst, óskiljanleg rangsleitni í garð skólans í Reykjavík að vilja ekki setja hann á sama bekk og skólann á Akureyri að þessu leyti.

Um málið sjálft ætla ég alls ekki að ræða, ég ræddi það í stuttri ræðu við 1. umr. og sé ekki ástæðu til að endurtaka það. En undir það vil ég taka, sem hv. frsm. minni hl. sagði, að mér er óskiljanlegt, hvers menntaskólinn í Reykjavík á að gjalda í þessu sambandi. Ég lýsi mig þess vegna andvígan þessari brtt. meiri hl. n., og ef hún er samþ., þá treysti ég mér ekki til að fylgja frv. og mun þá greiða atkv. gegn því til 3. umr.

Frsm. meiri hl. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil segja það út af síðustu ræðu hv. 3. landsk., að þegar ég ræddi um það áðan í framsöguræðu, að ég vænti þess, að d. tæki sömu afstöðu og í fyrra, þá átti ég eingöngu við heimildina til að starfrækja miðskóladeild við menntaskólann á Akureyri. Eins og hv. þm. heyrðu, þá ræddi ég aðallega um það málsatriði, og þessi orð mín áttu þess vegna eingöngu við það, enda hefur það alltaf verið kjarni málsins, og þetta mál er hér borið fram vegna menntaskólans á Akureyri eða vegna þess, að þeir, sem það hafa í öndverðu fram borið, vilja, að heimild sé veitt til þess, að miðskóladeild verði látin starfa við þann menntaskóla. Ég vil taka það fram, að það kann að vera, að eitthvað annað og meira hafi vakað fyrir einhverjum flm. málsins að þessu sinni, en í upphafi er málið upp tekið hér á Alþ. eingöngu með tilliti til menntaskólans á Akureyri. Annað er það, að við meðferð málsins í þessari hv. d. á síðasta Alþ. kom fram, eftir að málið var afgr. frá n., brtt. frá þm. innan d. um að láta heimildina einnig ná til menntaskólans í Reykjavík. Ég verð að segja, að mér hefur þótt þessi brtt. mjög einkennileg. Ég vil ekki fara út í neinar getgátur um það, hvers vegna hún sé fram borin, en ekkert hefur legið fyrir um það við meðferð málsins áður í d. eða í hv. menntmn. Hins vegar er kunnugt, að þannig er ástatt fyrir menntaskólanum í Reykjavík í húsnæðismálum, að þýðingarlaust mun vera að veita heimild, eins og sakir standa, til að stofna slíka deild þar. Menn vita, að þröngt er í menntaskólanum fyrir þá bekki, sem þar eru, hvað þá ef ætti að fjölga þar bekkjum.

Hv. 3. landsk. þm. tók það fram í sinni ræðu, að rektor menntaskólans hefði tjáð sér, að þótt þessi heimild væri í lögum, þá væri óvíst, að hann óskaði eftir því, að miðskóladeildin yrði sett á stofn. En til hvers er þá verið að fara fram á þessa heimild? Það er yfirleitt ekki venjan að flytja till. um heimildir á Alþingi, sem ekki er óskað eftir. Það liggur venjulega fyrir, að líkur séu til þess, að heimildin verði notuð. (GÞG: Rektor óskar eftir þessari heimild.) Mér þykir það einkennilegt að óska eftir heimild, sem menn eru ekki vissir um að verði notuð. Hér er verið að veita tímabundna heimild til tveggja ára. Ef svo yrði um menntaskólann hér í Reykjavík, að hann eftir eitt til tvö ár hefði ástæður til þess að taka upp þessa starfsemi, þá er það annað mál, án þess að ég segi um það, hvernig taka bæri undir það. Menn vilja þá e. t. v. spyrja, hvort ekki sé þá a. m. k. meinlaust að veita þessa heimild og engin ástæða til þess að vera á móti því. Þessi heimild er í frv. eins og það er flutt í d., og ég sem meðflutningsmaður setti mig ekki á móti því, að hún stæði í því, þar sem talið var rétt, að frv. væri ekki breytt frá því, sem það var, þegar það dagaði uppi í Ed. í fyrra. Hins vegar, þótt ég setti mig ekki á móti þessu, er ég þeirrar skoðunar, að þetta sé sízt til bóta. Ég held, eins og ég sagði áðan, að þó að þessi heimild yrði látin ná til menntaskólans hér, þá kæmi það honum ekki að neinu gagni eins og sakir standa, en gæti hins vegar orðið aðalmálinu heldur til trafala, og það er vegna þess, að þeim, sem halda fastast við það skólakerfi, sem sett var fyrir nokkrum árum, er það viðkvæmt mál, að nokkuð sé hreyft við því kerfi. — Ég tel, að þessi heimild komi ekki að gagni fyrir menntaskólann í Reykjavík, en hún getur orðið til óþurftar því máli, sem hér er um að ræða. En með þessum orðum vil ég svo endurtaka það, sem ég sagði í lok ræðu minnar áðan, að ég vil vænta þess, að afstaða hv. deildar til málsins verði hin sama og hún var í fyrra, og vænti ég, að það verði ekki misskilið.

Hv. frsm. minni hl. flutti hér langa ræðu almennt um skólamál og menntaskóla sérstaklega. Ég veit, að hv. þm. hefur mikla þekkingu og reynslu í uppeldismálum og að hann hefur starfað lengi að þeim málum, og ýmislegt af því, sem hann sagði, get ég viðurkennt að sé rétt. Ég ætla hins vegar ekki að fara út í það að gera að umræðuefni deilur manna um ýmis atriði uppeldismála og skólamála almennt, eins

og það, hvort hollara sé fyrir nemendur að vera í mörgum skólum eða aðeins fáum eða bara einum skóla. Menn greinir á um þetta, og ég tel mig ekki bæran að dæma um það til hlítar. En mundi það ekki í þessu efni geta skeð, að það væri heppilegt, að hvort tveggja væri til, að menn gætu gert hvort tveggja, en ekki aðeins annað hvort, að stunda nám sitt í fleiri skólum eða í einum skóla eftir því, hvernig þeim býður við að horfa, og eftir því, hvernig aðstæður þeirra eru? Hugsanlegt væri það, að þó að það væri gott fyrir suma að vera í mörgum skólum, fyrst í gagnfræðaskóla, svo í menntaskóla og háskóla, að þá gæti verið eins gott fyrir aðra að stunda nám sem mest í einum og sama skóla. En þetta atriði er deilumál, sem ég hef ekki ætlað mér að ræða hér, enda ekki þörf á því að gera það upp við sig til þess að geta tekið afstöðu til þess frv., sem hér liggur fyrir. Staðreyndin er nú sú, að menntaskólinn á Akureyri hefur lengi verið sex bekkir og það virzt ganga nokkuð vel, og síðan nýja skólalöggjöfin var sett, hafa verið starfandi tveir miðskólabekkir við þann skóla. Það fyrirkomulag hefur haldizt árum saman, og verður ekki séð, að af því stafi nein hætta. Nú liggur það fyrir, að skólinn hefur húsrúm til þess að láta þessa kennslu halda áfram, og það eru margir á Norðurlandi, sem óska eftir, að hún verði ekki lögð niður. Það þarf ekki að fara út í langar rökræður um uppeldisfræði eða hvort heppilegt sé, að nemendur sæki einn eða fleiri skóla til þess að taka afstöðu í þessu máli. Málið er einfaldara en svo.

Hv. frsm. minni hl. ræddi töluvert um það, að það væri töluvert óþægilegt fyrir gagnfræðaskóla Akureyrar, að þessar tvær deildir störfuðu við menntaskólann, og það mun rétt vera, að komið hefur fram frá gagnfræðaskólanum nokkur andstaða gegn þessu fyrirkomulagi. En í sambandi við þetta er ástæða til að benda á eitt mikilsvert atriði, sem ég man ekki, hvort frsm. minni hl. ræddi sérstaklega. Það má vera, að hann hafi gert það, því að ég heyrði ekki alla ræðu hans áðan. Frv. er þannig úr garði gert, eins og það liggur nú fyrir og eins og meiri hl. n. mælir með því, að þar er gert ráð fyrir, að þessi miðskóladeild verði fyrst og fremst fyrir nemendur utan Akureyrar, þótt ekki sé útilokað, að einhverjir nemendur frá Akureyri verði þar einnig. En það er tekið fram í frv., að heimild þessi sé bundin við óskipta bekki, óskiptan fyrsta bekk og óskiptan annan bekk. Áður hefur það verið svo, að þessum bekkjum hefur báðum verið skipt. Má því ganga út frá, að með því fyrirkomulagi, sem hér er gert ráð fyrir, fækki nemendum í þessum tveim bekkjum skólans mjög verulega eða allt að því um helming. Niðurstaðan verður því sú, að þeim mun fleiri nemendur frá Akureyri fara í gagnfræðaskóla Akureyrar, og er beinlínis gert ráð fyrir því af meiri hl. nefndarinnar. Ég hygg því, að gagnfræðaskóli Akureyrar hafi litla ástæðu til að vera á móti frv. eins og það er núna, og án þess að ég hafi það eftir nokkrum sérstökum, þá fullyrði ég, að afstaða gagnfræðaskólans á Akureyri til þessa frv., eins og það liggur fyrir, hljóti að vera nokkuð önnur en hún áður var til þessa máls. Þetta segi ég út af því, sem frsm. minni hl. ræddi um þetta mál.

Nú hefur heyrzt, að gagnfræðaskólakennarar muni gera kröfur til hækkaðra launa, ef miðskóladeild starfi áfram við menntaskóla. Ég held nú, að sú hugmynd sé á nokkrum misskilningi byggð, enda hefur tilvera miðskóladeildarinnar við menntaskólann á Akureyri undanfarin 4 ár ekki haft neinar slíkar kröfur í för með sér, svo að mér sé kunnugt.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Það liggur hér fyrir nál. frá menntmn. um frv. það um menntaskóla, sem ég hef borið hér fram ásamt öðrum hv. þingmönnum. Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ. með nokkrum breytingum, en minni hl. leggur til, að frv. verði felld. Varðandi till. meiri hl. vildi ég segja það, að frá mínu sjónarmiði og frá sjónarmiði flestra flm., svo sem hv. þm. N-Þ. gat um, er aðalatriði þessa frv. um menntaskólann á Akureyri, og það er fyrst og fremst vegna hans, sem þetta mál er komið hér inn á Alþingi. Hins vegar skal ég taka það fram, að ég er í bili þeirrar skoðunar, að það sé rétt, að heimild til þessa náms sé veitt báðum menntaskólunum, vegna þess að ég álít það vera svo, að menntaskólarnir eigi að hafa heimild til þess að hafa miðskóladeildir, ef óskað er eftir því. En menntaskólinn í Reykjavík mun ekki geta bætt við miðskóladeildum vegna aðstæðna sinna. Ég hefði því talið æskilegra, að þessi heimild hefði verið í frv. eins og það var upphaflega, að það næði til beggja skólanna. Ég mun fyrir mitt leyti greiða atkv. gegn brtt. meiri hl. n., enda þótt það breyti ekki kjarna málsins og afstöðu minni til málsins í heild. Ég vænti líka, að hv. 3. landsk. muni ekki snúast gegn þessu máli, hvernig sem fer með þessa brtt. meiri hl. menntmn. Ég get lýst því yfir hvað mig snertir, að ef menntaskólinn í Reykjavík hefði aðstöðu til þess að hafa miðskóladeild, en menntaskóli Akureyrar hefði hana ekki, mundi ég fylgja þeirri till., að menntaskólinn í Reykjavík fengi miðskóladeild.

Ég rakti í fyrri ræðum mínum þetta mál í einstökum atriðum og hélt mig við mál þeirra skóla, sem hér um ræðir, og gerði grein fyrir þeim meginástæðum, sem réttlæta, að skólunum yrði veitt þessi heimild. Ég rek það ekki aftur núna, sem ég sagði þá, en vík að ræðu hv. þm. A-Sk., frsm. minni hl. menntmn. Hann vék hér almennt að fræðslukerfinu í landinu í heild og hvernig það var sett eftir vandlega íhugun og taldi, að það væri því mjög heppilegt kerfi í alla staði og því mætti ekki breyta gegn því. En hér á Alþ. hefur nú komið fram þáltill. þess efnis að endurskoða fræðslulöggjöfina og stytta námstímann, og það eru ekki lítil rök gegn því skólakerfi, sem við búum við. Það mun hins vegar vera almennari skoðun, að ég hygg, að því fari fjarri, að full reynsla sé fengin fyrir því, hvort þetta fræðslukerfi er heppilegt eða ekki.

Hv. þm. sagði, að ef það kæmi í ljós, að heppilegt væri að breyta kerfinu, þá mætti at-

huga með það að láta menntaskólana hafa miðskóladeildir, ef það reyndist heppilegra. Í þessu er misskilningur fólginn, því að allt fram til síðasta vors hafa miðskóladeildir starfað við menntaskólann á Akureyri, og svo mikil aðsókn hefur verið að þeim skóla, að nú eru þrjátíu nemendur í sérstökum námsflokki, sem kennarar skólans kenna, og verða nemendur í þessari deild að greiða sérstakt kennslugjald til þess að njóta síðar kennslu í menntaskólanum. Það, sem hér er um að ræða, er að lögfesta heimild um, að halda megi þessari kennslu áfram, að menntaskólinn á Akureyri fái framvegis sem hingað til að hafa miðskóladeild. Það er því ekki verið hér að breyta neitt kerfi því, sem skólinn hefur byggt á. Það er líka mikilsvert fyrir skólann að fá þessa miðskóladeild til þess að halda þeim kennslukröftum, sem hann hefur á að skipa, og mun þessi deild taka til starfa, þegar lög um hana hafa verið samþykkt á Alþ.

Mér virðist það því út af fyrir sig fjarstæða að heyra það, að svipta eigi menntaskólann á Akureyri miðskóladeild sinni, þegar allt er í óvissu um það, hvort skólakerfi það, sem nú er, verður óbreytt eða ekki. Það, sem hér er um að ræða, er, hvort leggja á niður skóladeild, sem hefur starfað undanfarið í sambandi við menntaskólann. — Hv. þm. sagði enn fremur, að reynsla og þekking hefðu ráðið mestu, þegar hið nýja skólakerfi var sett, og þar hafi allt verið vel athugað og margir menn unnið að undirbúningi nýju fræðslulaganna og þess vegna væri óráðlegt að taka upp miðskóladeildir við menntaskólana. En ég vil vitna til þess manns, sem almennt mun hafa verið viðurkenndur sem einn mesti skólamaður landsins, Sigurðar Guðmundssonar skólameistara, þess manns, sem um langan tíma veitti menntaskóla Akureyrar forstöðu. Hann hafði alla tíð lagt gegn því, að þessu fyrirkomulagi við skólann yrði breytt, og enda þótt lög kæmu um þetta, þá var það honum að þakka, að þessu var þá ekki breytt.

Það er margt, sem ástæða væri til að rekja í sambandi við þetta mál, en fundartíma er nú að verða lokið, og ætla ég ekki að fara öllu lengra út í þetta mál. Ég vil aðeins minnast á eitt atriði, sem hv. frsm. minni hl. talaði um, þ. e., að það sé óráðlegt að hafa landspróf eftir tvo vetur, og hann vitnaði í ýmsa skólamenn því til sönnunar. Hins vegar segist hann viðurkenna, að margir nemendur séu færir um að ljúka þessu námi á tveim vetrum, en það séu þá úrvals nemendur. Þarna er vitnað í kjarna þessa máls og það, sem mestu máli skiptir í sambandi við gagnrýnina á nýju fræðslulöggjöfina, þ. e., að margir bera kvíðboga fyrir því, að þetta fræðslukerfi sé að gera meðalmennskuna að sínu aðaleinkenni, og ég hygg, að margir geti bent á dæmi því til sönnunar, að margir nemendur hafi tekið tvo bekki skólanna á einum vetri. Ég hygg, að það sé almenn skoðun, að ekki sé heppilegt, að allir skólar séu jafnlangir, heldur séu til skólar fyrir beztu nemendur, og þannig er einmitt fundin enn ein röksemdin fyrir því að leyfa menntaskólanum á Akureyri að hafa þessa miðskóladeild. Hv. þm. taldi, að gagnfræðaskólanum væri þetta þyrnir í augum, því að meginandstaðan hefði komið frá þeim skóla, því að hann teldi, að hann missti sína beztu nemendur. Það má til sanns vegar færa, vegna þess að beztu nemendurnir fara í þann skóla, þar sem þeir geta lært meira. — Ég ætla svo ekki að lengja mál mitt, þar sem fundartíminn er á enda, og mun ekki taka aftur til máls, nema tilefni gefist til. — [Fundarhlé.]

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Það voru nokkur atriði í ræðu hv. þm. N-Þ., sem mér finnst ástæða til að taka til athugunar. Ræða hans var fyrst og fremst rökfærsla fyrir því, að menntaskólinn á Akureyri yrði 6 vetra skóli, og fyrst þetta er skoðun hv. þm., get ég ekki skilið, hvers vegna hann getur verið á móti því að veita menntaskólanum í Reykjavík sömu réttindi. Hv. þm. sagði, að sér hefði þótt einkennilegt, er till. kom hér fram í fyrra um að veita menntaskólanum í Reykjavík sömu aðstöðu og menntaskólanum á Akureyri, og sagði, að engar óskir hefðu komið fram um það við n. Ég veit hins vegar, að það var mjög eindregin ósk rektors og kennarafundar menntaskólans hér, að skólinn yrði 6 vetra skóli. Það var því ekkert undarlegt, að till. kæmi fram hér á Alþ. um þetta efni. — Hv. þm. sagði, að ekkert rúm væri fyrir aukna kennslu í menntaskólanum í Reykjavík, þar væru allar kennslustofur setnar. Þetta er ekki rétt. Skólastjórnin hefur hikað í lengstu lög við að taka upp síðdegisskóla, þ. e. a. s., hún hefur ekki viljað kljúfa skólann í tvennt. En fyrir ári var sú skipun upp tekin, að 3. bekkur hefur ekki mætt fyrr en eftir hádegi. Eftir hádegi er því nóg húsrými í skólanum og enginn vandi að koma þar fyrir mörgum deildum. Hv. þm. hlýtur að vita, að í gagnfræðaskólunum hér fer kennsla einnig fram síðdegis, meira að segja allt að helmingur hennar, og menntaskólinn getur auðveldlega tekið þann hátt upp, hvenær sem með þarf. Það er því fráleitt að halda því fram, að menntaskólinn í Reykjavík hafi ekki eins miklu húsnæði til að dreifa og menntaskólinn á Akureyri og gagnfræðaskólarnir hér í Reykjavík.

Ef svo færi, að till. meiri hl. menntmn. yrði samþ., mundi enn verða aukið á þann glundroða, sem er í menntaskólamálum okkar. Hann var nógur fyrir. Núgildandi lög gera í raun og veru ráð fyrir, að tvenns konar menntaskólar séu til, þ. e. a. s. menntaskólarnir á Akureyri og í Reykjavík og svo Verzlunarskólinn. Hér má segja að sé um tvær tegundir menntaskóla að ræða. Ef till. n. nær fram að ganga, er orðin til enn ein tegund menntaskóla. Svo er í uppsiglingu till. um að koma upp menntaskóla á Laugarvatni, og yrði það þá fjórða tegundin. Menntaskólinn í Reykjavík, sem er þeirra elztur, yrði minnstur og stytztur, 4 ára skóli, menntaskólinn á Akureyri, sem er næstelztur, yrði 6 ára skóli, Verzlunarskólinn 6 ára skóli, og á Laugarvatni yrði 7 ára skóli. Hér er því gert ráð fyrir fjórum skólum, sem allir eiga að útskrifa stúdenta, en enginn með sama hætti. Þetta er mjög vanhugsað, og mér finnst hér vera svo lítil forsjálni á ferð, að mig undrar það mjög.

Menntaskólinn á Akureyri og menntaskólinn í Reykjavík hafa allt frá stofnun skólans á Akureyri verið sams konar skólar, og þeir eiga að halda áfram að vera það, og þess vegna var það, sem við fluttum till. um, að sams konar reglur yrðu látnar gilda um báða skólana. Það er eina leiðin til að bjarga þessu máli við.

Frsm. minni hl. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Þær athugasemdir, sem fram hafa komið, gefa ekki tilefni til langrar ræðu, og mun ég því ekki hafa þetta nema nokkur orð. Ég vil fyrst út af ummælum hv. 3. landsk. um menntaskóla á Laugarvatni taka það fram, að ég ætla, að ummæli hans séu byggð á misskilningi. Í l. frá 1946 er ákveðið, að stofna skuli menntaskóla í sveit, þegar fé er veitt til þess á fjárlögum. Þegar þetta var gert, vakti það fyrir mönnum, að þar yrði um sérstakan skóla að ræða. Ef úr því yrði, að skólinn yrði settur á stofn á Laugarvatni, hef ég skilið það svo, að þar yrðu tveir skólar, þ. e. a. s. hann yrði sérstakur skóli, þegar fram í sækir, fráskilinn héraðsskólanum. Ég held því, að það sé á misskilningi byggt, er hv. 3. landsk. talar um 7 ára menntaskóla þar.

Því verður ekki á móti mælt, að ef það eru rök, sem fram koma hjá forráðamönnum menntaskólans á Akureyri, að betra sé, að menntaskólar séu sex ára skólar, þá eru það algild rök, sem gilda einnig fyrir menntaskólann í Reykjavík. Það, sem ég tók fram í ræðu minni út af þessu máli, var, að ef ástæða þætti til að breyta ákvæðunum, sem nú gilda um menntaskólana, og gera Akureyrarskólann að 6 ára skóla, þá ætti að láta það ná til beggja skólanna, en ekki gera það nema að vel íhuguðu máli. Það hefur komið fram, að áhugi er mikill fyrir þessu máli við Akureyrarskólann og þar starfar nú sérstök deild, þar sem áhugamenn stunda gagnfræðanám, og ég vildi segja það, að þótt þetta frv. verði fellt, þarf það ekki að hindra það, að þar geti stundað nám hópur áhugamanna.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Varðandi það, sem hv. þm. A-Sk. sagði um menntaskóla á Laugarvatni, þá leikur mér forvitni á að vita, hvernig skilja beri till. meiri hl. fjvn. um 100 þús. kr. framlag til menntaskóla á Laugarvatni. Ber að skilja það sem framlag til stofnunar menntaskóla þar eða einungis sem styrk til menntaskólakennslu þar, og ef svo er, ber þá að líta svo á, að Laugarvatnsskólinn fái að útskrifa stúdenta á næsta vori? Úr því að þetta mál hefur borið hér á góma, vildi ég fá upplýsingar um þetta, þar sem það skiptir miklu máli.

Frsm. minni hl. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Ég stend ekki að þeirri till., sem hv. 3. landsk. talaði um, en hitt veit ég, að þegar lög um menntaskóla voru sett, þá var við það miðað, að um sérstakan skóla yrði að ræða.

Helgi Jónasson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af fyrirspurn hv. 3. landsk. Ég vil gefa þær upplýsingar, að það ber að skilja þetta framlag sem byrjun á stofnkostnaði við menntaskóla á Laugarvatni. Að þetta getur valdið misskilningi, stafar af ónákvæmri bókun, en það ber sem sagt að líta á þetta sem framlag til stofnkostnaðar.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég vil út af því, sem hv. 1. þm. Rang. sagði, taka það fram, að ég hef alltaf skilið það svo, að með þessu framlagi væri verið að setja á stofn menntaskóla á Laugarvatni, en hv. form. fjvn. hefur sagt mér, að hann hafi skilið till. á þann hátt, að verja ætti fénu til kennslu.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Það er rétt hjá hæstv. menntmrh., að form. fjvn. hefur lagt áherzlu á það, að ekki ætti að skoða þessa till. meiri hl. fjvn. sem framlag til stofnunar menntaskóla á Laugarvatni. En ef líta ber á þetta sem framlag til stofnkostnaðar, þá vil ég vekja athygli á því, hve þetta framlag er lítið. Ég get ekki séð, að hægt sé að setja á stofn menntaskóla með 100 þús. kr. framlagi.

Helgi Jónasson: Herra forseti. Ég vil ítreka það, sem ég sagði hér áðan. Þetta var rætt á mörgum nefndarfundum, áður en till. var samþykkt, og það var vilji meiri hlutans, að settur yrði á stofn menntaskóli á Laugarvatni, og þó að form. n. hafi látið bóka þetta á þennan hátt, þá breytir það engu. Hann hefur alltaf verið á móti menntaskóla í sveit, og getur það einhverju hafa valdið um þetta álit hans. Hvað fjárveitingin er lág, stafar af því, að hér er um byrjunarfjárveitingu að ræða, og skólastjórinn á Laugarvatni taldi sig geta komizt af með hana.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 38. fundi í Nd., 7. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 324 samþ. með 16:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GG, GTh, HÁ, IngJ, JG, JPálm, JörB, KS, ÓTh, PO, SÁ, SG, ÁkJ, ÁB, ÁS, EOl.

nei: EmJ, EystJ, GÞG, HelgJ, JóhH, JS, JÁ, JR, PÞ, SkG, GÍG, StgrSt, BÓ.

MJ, SB greiddu ekki atkv.

4 þm. (FJ, LJós, AE, ÁÁ) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Einar Olgeirsson: Ég álít lagafrv., sem fyrir liggur, ganga í skakka átt, en ég álít, að það geti verið til að draga úr vitleysunni að samþ. þessa brtt., og ég segi því já, þótt ég sé á móti frumvarpinu.

1. gr., svo breytt, samþ. með 17:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EmJ, GG, GTh, IngJ, JóhH, JPálm, JS, JR, KS, ÓTh, PO, SÁ, GÍG, MJ, StgrSt, ÁB, SB.

nei: EystJ, GÞG, HÁ, HelgJ, JG, JÁ, JörB, PÞ, SG, SkG, ÁkJ, ÁS, BÓ, EOl.

4 þm. (FJ, LJós, AE, ÁÁ) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 17:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:11 atkv.

Á 39. fundi í Nd., 10. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 370).

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Það mun vera von á brtt. í þessu máli, en hún er enn í prentun. Brtt. þessi er frá hæstv. menntmrh., en ég tek þetta fram af því að hann er hér ekki viðstaddur. Vil ég fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann fresti umr. um málið.

Forseti (SB): *Hæstv. menntmrh. hefur átt* kost á að mæta á þessum fundi og hefur einnig átt kost á að koma sinni brtt. á framfæri hér. **(GÞG:** Till. er í prentun.) Það mun orðið við þeirri ósk að fresta málinu um skeið.

Umr. frestað um stund, en síðar á fundinum mælti

forseti (SB): *Ég vil vekja athygli hv. 3.* landsk. þm. á því, að brtt. frá hæstv. menntmrh. hefur enn ekki verið lögð fram.

Gylfi Þ. Gíslason: Ég fullvissa hæstv. forseta um, að það er von á brtt. frá hæstv. menntmrh. Er hann á leiðinni hingað niður í þingsali.

Umr. frestað.
Á 40. fundi í Nd., s. d., var fram haldið 2. umr. um frv.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Mjög er vafasamt, að ég mundi telja mér fært að nota þá heimild, sem nú hefur verið samþ. við 2. umr., ef ekki fæst þar breyting á, sökum þess að þar er mjög gert upp á milli þeirra tveggja stofnana, sem óska að hafa miðskóladeildir, menntaskólans á Akureyri og menntaskólans í Reykjavík.

Ástæðan fyrir því, að menntaskólinn á Akureyri vill hafa miðskóladeild, er nákvæmlega hin sama og sú, sem menntaskólinn í Reykjavík ber fram um að hafa slíka deild. Þar sem mér virðist svo sem þingvilji sé fyrir þessari breytingu, sem hér um ræðir á þessum lögum, þá fyndist mér eðlilegast, að það yrði ekki gerð bráðabirgðabreyt., eins og hér er lagt til, heldur breyt. á þeirri grein fræðslulaganna, sem þetta ætti að koma inn í, en það er 3. gr. laganna um menntaskóla. Það er því um að ræða breytingu á fræðslulögunum að þessu leyti, og ég mun því leyfa mér að bera hér fram brtt., sem ég ætla að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta:

„1. gr. frv. hljóði svo: Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi: Ráðherra getur heimilað, að við menntaskólana starfi óskipt miðskóladeild, að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólastjórnar."

Ef þessi till. verður samþ., þá nær hún að sjálfsögðu sama tilgangi og frv. eins og það er á þskj. 370. En ef till. yrði samþ., mundi ég skilja hana sem yfirlýsingu Alþingis um, að menntaskólunum yrði heimilt að hafa óskiptar miðskóladeildir. Með því væri þessu máli lokið og ekki lengur deilt um það. Væri það heppilegra en að setja bráðabirgðaákvæði eins og hér er stefnt að, sem þá þyrfti að endurnýja á eins til tveggja ára fresti.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 395) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég vil með fáum orðum eindregið mæla með þeirri till. hæstv. menntmrh., sem hann var að lýsa í ræðu sinni. Í till. þessari felast þrjú meginatriði. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því, að breytingin sé ekki bráðabirgðaákvæði, og er það miklu eðlilegra. Í öðru lagi er tryggður jafn réttur beggja menntaskólanna, í Reykjavík og á Akureyri. Í þriðja lagi er sá kostur við till., að það er ekki gert ráð fyrir því, að heimildin sé bundin við tveggja ára miðskóla, eins og áður var gert ráð fyrir.

Það hafa verið höfuðrök þeirra, sem barizt hafa gegn frv., að það væri ókleift og óheppilegt að ætlast til þess, að miðskóladeild væri starfandi við annan menntaskólann, en ekki hinn, og að hægt væri með góðu móti að anna þessari miðskólakennslu á tveim árum. Þessum röksemdum er ekki hægt að beita gegn þessari till. hæstv. menntmrh. Það verður svo framkvæmdaratriði, hvort þessi deild verður tveggja ára deild eða ekki, og er það menntmrh. að ákveða, hvernig þessu verður hagað. Þau meginrök, sem fyrr voru viðhöfð gegn þessu máli, eiga ekki við um þessa till., sem nú hefur komið fram. Ef hún nær fram að ganga, tel ég, að það verði sennilega þriggja ára miðskóli, sem menntaskólarnir taka upp.

Rökin gegn miðskóladeild við menntaskólann í Reykjavík hafa fyrst og fremst verið þau, að menntaskólinn í Reykjavík hafi ekki húsnæði til þess. Það er rangt. Það hefur verið farið út á þá braut að tvísetja í skólastofur í öllum gagnfræðaskólum í Reykjavík. Menntaskólinn í Reykjavík hefur til umráða átta skólastofur og hefur sömu skilyrði til þess að starfrækja miðskóladeild og gagnfræðaskólar í bænum. Þessi rök, að menntaskólann hér skorti til þess húsnæði, fá því ekki staðizt.

Ég vil leyfa mér að vekja athygli hv. þm. á samþykkt, sem fundur menntaskólakennara í Reykjavík hefur gert um þetta mál og sent til Alþingis og ég hygg til hvers einasta alþingismanns líka, þar sem fundurinn lýsir sig mjög andvígan þeirri stefnu, sem meiri hluti hv. þm. í þessari deild tók við afgreiðslu þessa máls við fyrri umræðu, og krefst þess, að þessir tveir skólar hafi í þessu efni sömu aðstöðu. Og þeir vekja athygli á því, að menntaskólinn muni ekki síður hafa á að skipa kennslukröftum til að annast kennslu en gagnfræðaskólarnir. Ef heimila ætti menntaskólanum á Akureyri að hafa miðskóla, þá er eðlilegt, að menntaskólanum í Reykjavík verði veitt sama heimild, og er í þessari samþykkt fundarins mjög eindregið mælzt til, að þannig verði þetta.

Ég vil ljúka þessum orðum mínum með því

að mæla með till. menntmrh. og læt þess getið, að verði hún felld, þá ætla ég ekki að fylgja málinu út úr deildinni, en greiða atkv. á móti því, vegna þess að þá yrði afgreiðsla þess ranglát gagnvart menntaskólanum í Reykjavík.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég hef ekki tekið þátt í umr. um þetta mál og ætlaði ekki að taka þátt í þeim. En ég get ekki komizt hjá því að láta í ljós mína skoðun núna á þessu máli. Með þessari brtt., sem hæstv. menntmrh. hefur nú flutt, er bókstaflega verið að stíga skref aftur á bak hvað fræðslulöggjöfina snertir. Það er auðséð, af hverju þessi till. er upphaflega komin fram. Það er sökum ofurkapps þeirra manna, sem fylgja því, að miðskóladeild starfi við menntaskólann á Akureyri. Mér skildist, að raunverulega væri hæstv. menntmrh. á móti málinu og að hann flytti sína till. til þess að sýna þeim mönnum, sem harðast hafa sótzt eftir þessari breytingu, fram á, hvað það er, sem þeir eru að fara. Ég vil takmarka mitt mál við það, sem hefur orðið tilefni þessarar umr., sem sé þá kröfu, að miðskóladeild fái að starfa við menntaskólann á Akureyri. Þetta hefur verið sótt sem metnaðarmál af þeim, sem telja sig hlynnta menntaskólanum á Akureyri, og það hefur verið sótt af mesta ofurkappi.

Mér er menntaskólinn á Akureyri eins kær og nokkrum öðrum, sem um þetta mál hefur fjallað. Ég var kennari við þann skóla, þegar hann var að byrja, og hann var næstum því að brjóta lög með starfsemi sinni, því að hugsjónin í sambandi við menntaskóla Akureyrar var alltaf sú að búa menn undir stúdentspróf. Ég hef alltaf skilið það svo, að með menntaskólanum á Akureyri væri hugmyndin fyrst og fremst að endurreisa hina gömlu menntastofnun, sem hafði þau einkenni að vera menntaskóli, og reisa þar upp hinn gamla Hólaskóla. Hugmyndin var sú að skapa þarna menntaskóla, sem helgaði sig því starfi sérstaklega að útskrifa stúdenta og veita sem fullkomnasta fræðslu. Það, sem verið er að gera nú með því að auka skólann, skilja allir. Það er verið að setja menntaskólann á sama stig og barnaskólana og gagnfræðaskólana, en skólastig menntaskólanna á að vera fyrir ofan þessa skóla. Menntaskólinn ætti því algerlega að losa sig við miðskólann til þess að helga sig því verkefni að útskrifa stúdenta. Gagnfræðaskólunum er ætlað að vera í sem flestum héruðum landsins, en síðan fer duglegasta fólkið úr þeim í menntaskólana, og þannig ætti Akureyrarskólinn eingöngu að vera menntaskóli og kennarar skólans eingöngu að annast kennslu við menntaskólann. Það, sem skólinn þarf að gera, er að hafa einsett í kennslustofum sínum, því að það er ekki nokkur mynd á því að verða að tví- og jafnvel þrísetja í skólastofur gagnfræðaskólanna, eins og nú er yfirleitt gert. Og nemendurnir eiga að nota bókasafn skólans og kennslustofur skólans í samræmi við hin nýju fræðslulög sem menntaskólanemendur. Við vitum vel, að í menntaskólanum á Akureyri er ekki pláss nema fyrir einsettar skólastofur. En það er mikið talað um það, að menntaskólinn á Akureyri sé eini menntaskólinn, sem hefur stóra og góða heimavist, þar sem í þessari dýrtíð sé gott fyrir fátæka nemendur að fá að dvelja. En margir skólar á landinu, t. d. héraðsskólarnir, hafa góðar heimavistir fyrir nemendur víðs vegar að af landinu. Ég held þess vegna, að þeir, sem unna menntaskólanum á Akureyri, ættu að vinna að því, að hann geti losnað við miðskólann sem allra fyrst. Þegar menntaskólarnir eru eins fullir og þeir nú eru og til eru miðskólar víðs vegar um land, ættu menntaskólarnir alls ekki að sækjast eftir því að hafa miðskóla, heldur að leggja allt kapp á að bjóða nemendum sínum í menntaskóla upp á sem allra bezt kjör. Menn taka eftir því, hvað ásóknin er mikil um að koma upp menntaskóla annars staðar vegna þess, hve dýrt er fyrir nemendur utan af landi að kljúfa námskostnaðinn við menntaskólana. En menntaskólinn á Akureyri getur tekið við þessum nemendum. Það, sem helzt þyrfti því að gera, er að leggja meira fram til þess að gera heimavistina á Akureyri ódýra, til þess að nemendur utan af landi gætu dvalið þar. En þá á ekki að vera að burðast með miðskóladeild við skólann. Við höfum nóg af gagnfræðaskólum og héraðsskólum víðs vegar um landið, þar hafa unglingarnir aðstöðu til þess að nema og koma svo á eftir í menntaskólana. Ég hef aldrei getað skilið þetta kapp, sem lagt hefur verið á það að viðhalda gagnfræðadeild við menntaskólann á Akureyri. Það er í mótstöðu við hugmyndir þeirra manna, sem byrjuðu störf sín við menntaskólann á Akureyri. Þetta er að draga niður þá stofnun, sem menn ætluðu menntaskólanum að verða. Ég vil vona, að þeir menn, sem hér gengur til tilfinningasemi gagnvart menntaskólanum á Akureyri, láti af hendi og setji metnað sinn í að skapa menntaskólanum á Akureyri sem allra bezta aðstöðu, til þess að hann geti skapað sér góða heimavist fyrir sem flesta nemendur, og það þarf að vera einsett í slíkum skóla. Það er ekki nokkur mynd á því að geta ekki tekið við nemendum í menntaskóla nema með því að setja í hann morgna og kvölds, og þannig verður aðstaða menntaskólanna, ef þeir hafa miðskóladeildir. Það væri óheppilegt, ef þetta ofurkapp færi að verða til þess að vinna menntaskóla Akureyrar tjón og til þess að draga báða menntaskólana niður, bæði á Akureyri og í Reykjavík. Ég vil því vona, að hv. deild beri gæfu til þess að fella þetta út úr deildinni og bjarga menntaskólunum frá því að vera dregnir niður á lægra stig en þeim raunverulega er ætlað.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Hæstvirtur menntmrh. hefur lagt hér fram brtt. við frv. það um breyt. á l. um menntaskóla, sem ég ásamt sjö hv. þm. í þessari deild flyt hér. Í þessari brtt. er gert ráð fyrir því, að ráðherra sé heimilt að leyfa miðskóladeildum að starfa við báða menntaskólana. Ég vil lýsa ánægju minni yfir því, að hæstv. menntmrh. hefur tekið þá afstöðu til málsins. Mér þætti leitt, ef hann skyldi snúast gegn málinu, en vona, að hann nú muni ljá því stuðning sinn. Þessi brtt. hæstv. ráðh. um, að menntaskólarnir báðir fái heimild til þess að hafa miðskóla, er í fullu

samræmi við skoðanir okkar flutningsmanna, og ég fyrir mitt leyti er eindregið samþykkur því, að þessi breyting verði gerð á frv., ekki síst sökum þess, að gert er ráð fyrir að veita menntaskólunum báðum sömu aðstöðu. Nú hefur Alþ. borizt greinargerð um þetta mál frá menntaskólanum í Reykjavík, og í þeirri grg. eru ýmsar upplýsingar, sem valda því, að ég hygg, að breytast muni afstaða þeirra manna, sem tala móti því að leyfa þessum skóla að starfrækja miðskóladeild og töldu líka, að ekki hefðu komið fram neinar formlegar óskir um að hafa slíka deild við skólann. Nú er því mjög ákveðið fram haldið, að nauðsynlegt sé fyrir skólann, og með sömu rökum og komið hafa fram viðkomandi skólanum á Akureyri, að fá að hafa miðskóladeild. Og það er meira að segja á það bent, að sá háttur sé hafður við menntaskóla á Norðurlöndum að taka nemendur unga til náms í menntaskólunum. Ég vil taka fram, — þó að ég hafi ekki umboð til að tala fyrir aðra hv. flm. frv., — þá er ég samþykkur þessari brtt. hæstv. menntmrh. Og ég fagna því, að með greinargerð þeirri, sem menntaskólinn í Reykjavík hefur sent hinu háa Alþ., hafa komið fram viðbótarrök fyrir því máli, í viðbót við þau rök, sem við flm. þessa frv. bentum á við flutning þess. Og mér virðist, að þessi grg. menntaskólans í Reykjavík, til viðbótar því, sem menntaskólinn á Akureyri hefur sagt um málið, ætti að sannfæra hv. þm. um, að hér er síður en svo um nokkurt hégómamál að ræða, þegar sýnt er, að þær stofnanir, sem hafa með höndum menntun æskunnar í landinu, leggja jafnríka áherzlu á að fá þessu til vegar komið — eins og þessir menn, kennarar og forstöðumenn þessara skóla, hafa mikla og langa reynslu um það, hvað hentugast sé og hæfi bezt menntun og uppeldi unga fólksins. Af þessum sökum tel ég, eftir að þessi brtt. hæstv. menntmrh. er fram komin og sú grg., sem menntaskólinn í Reykjavík hefur hér sent, að það hljóti að sannfæra hv. alþm. um það, að hér sé um að ræða mál, sem sé fyllilega þess virði, að það sé tekið til rækilegrar yfirvegunar, og ekki aðeins það, heldur sé hér um mál að ræða, sem þessi sterku rök mæli með að nái samþykki hér á hinu háa Alþ., og að það sé erfitt fyrir menn að snúast gegn því, í þessu formi a. m. k., sem það liggur fyrir í nú. Ég játa fúslega, að það virðist nokkuð mikil einsýni í því að láta menntaskólann á Akureyri einan hafa tækifæri til að starfrækja slíka deild. Og eins og menntaskólamenn í Reykjavík benda á, mundi það leiða til þess, að menntaskólinn í Reykjavík yrði eini menntaskólinn, sem ekki hefði leyfi til að starfrækja gagnfræðadeild, því að þriðji skólinn hér er Verzlunarskólinn, sem hefur, þó að það sé í öðru formi, meiri rétt heldur en hinir skólarnir til þess að taka við nemendum og búa þá undir stúdentspróf frá upphafi gagnfræðanáms.

Hv. 2. þm. Reykv. mælti hér allmikið á móti þessu frv., ekki síst varðandi menntaskólann á Akureyri, og taldi, að þeir menn, sem menntaskólinn á Akureyri væri kær, ættu ekki að ljá þessu máli sinn stuðning, þar sem hér væri verið að stíga spor aftur á bak. Ég ætla ekki að deila neitt við þennan hv. þm. um það, hvorum okkar menntaskólinn á Akureyri sé kærari, — það læt ég liggja á milli hluta. Hitt held ég að hljóti hverjum manni að vera ljóst, að það er síður en svo, að það geti í sér falið skemmdarverk gagnvart menntaskólunum, hvort sem er á Akureyri eða í Reykjavík, að beita sér fyrir þessari tilhögun náms í sambandi við þá skóla, sem forsvarsmenn þeirra fara fram á, sem eftir áratuga reynslu þessara skóla byggja till. sínar á því, sem þeir telja, að hagkvæmast sé og réttast og bezt fyrir skólana. Ég benti á í framsöguræðu minni — og hv. 3. landsk. þm. gerði það líka í sinni ræðu, að heppilegast og skynsamlegast væri fyrir nemendur, sem ætla sér að ljúka stúdentsprófi, að geta sem fyrst komið inn í menntaskólana. Fyrir þá, sem hins vegar ekki ætla að ljúka slíku prófi, er sjálfsagt hentugra að fara í gagnfræðaskóla hver á sínum stað. Ég benti á, að á ýmsum stöðum eru ekki skilyrði fyrir nemendur heldur til þess að ljúka gagnfræðanámi, og fyrir þá er hagkvæmara, að miðskóladeild starfi við menntaskólann á Akureyri, þar sem þeir geti lokið gagnfræðanámi, enda hafa óskir komið úr öllum héruðum norðanlands um, að menntaskólinn á Akureyri fengi að taka nemendur til gagnfræðanáms.

Ég ætla aðeins að taka fram, út af orðum hv. 2. þm. Reykv., að þetta fyrirkomulag, a. m. k. við menntaskólann á Akureyri, útilokar ekki neinn nemanda frá því að komast í þann skóla, sem þess óskar, því að það er hér gert ráð fyrir, að menntaskólanemendur sitji alltaf fyrir um skólavist í skólanum í lærdómsdeild hans. Og hingað til hefur engum nemanda verið neitað um að setjast í lærdómsdeild skólans. Það er því misskilningur að láta orð liggja til þess, að þessi miðskóladeild rýri möguleika nemenda til þess að fá að njóta náms í lærdómsdeildinni. Og einnig er það ekki sanngjörn stefna að leyfa ekki nemendum við gagnfræðanám að njóta hins ódýra húsnæðis, sem þarna er fyrir hendi fyrir þessa deild.

Ég ætla ekki að ræða frekar um þetta mál. Ég hygg, að öll rök séu fram komin í málinu, sem nauðsynlegt er að draga fram. En ég fagna því, að ég þykist mega skilja afstöðu hæstv. menntmrh. þannig, að hann muni ljá þessu máli sinn stuðning, ef þessi brtt. verður samþ., sem hann hefur lagt hér fram. Og ég fyrir mitt leyti mun ljá þeirri brtt. stuðning.

Frsm. minni hl. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Þegar þetta mál var hér til 2. umr., gerði ég grein fyrir skoðun minni og hv. 10. landsk., sem stóðum saman að áliti minni hl. menntmn. Ég hef því ekki ástæðu til að tala langt mál við þessa umr., en vil þó segja nokkur orð, einkum vegna þeirrar brtt., sem nú hefur verið borin fram í málinu. — Brtt., sem hæstv. menntmrh. lagði fram, hljóðar svo, að inn í 3. gr. l. um menntaskóla komi svo hljóðandi málsgrein: „Ráðherra getur heimilað, að við menntaskólana starfi óskipt miðskóladeild, að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólastjórnar.“

— Ef svo skyldi fara, að þessi brtt. næði samþykki og yrði að lagaákvæði, þá þætti mér nú fara betur á að breyta ofur lítið orðaröð till. En það er nú formsatriði, sem ekki er aðalatriði málsins. Ég held, að færi betur að segja: „Ráðherra getur heimilað, að fengnum tillögum skólastjórnar“ o. s. frv. En með þessari brtt. eru gerðar efnisbreyt. nokkrar frá því, sem frv. hefur að geyma, eins og það liggur fyrir nú. Í fyrsta lagi er frvgr. þannig nú, að þar er um bráðabirgðaákvæði að ræða, sem á að gilda til vorsins 1954. Með því er ákveðið, að þetta mál verði þá tekið til athugunar að nýju af Alþ. á þeim tíma, þó að málið verði nú afgr. eins og það liggur fyrir eftir 2. umr. í þessari hv. d. Þetta er numið burt með brtt. hæstv. menntmrh. Í öðru lagi er ákveðið í frvgr., eins og hún er nú, að utanbæjarnemendur við menntaskólann á Akureyri sitji fyrir heimavist í skólanum á Akureyri. Þetta er fellt í burt í brtt. hæstv. menntmrh., en sett aðeins í þess stað, að miðskóladeild megi starfa við báða menntaskólana, að fengnum till. hlutaðeigandi skólastjórnar. Í þriðja lagi er ákveðið svo í frvgr., eins og hún er nú eftir 2. umr., að það sé um að ræða tveggja ára miðskóladeild við menntaskólann á Akureyri. En með brtt. hæstv. menntmrh. er það einnig fellt burt. Eins og ég tók fram við 2. umr. málsins, þá er það mikið álitamál að dómi skólamanna, hvort það sé rétt eða heppilegt að ætla nemendum að ljúka námi undir miðskólapróf á tveimur árum, og vel má vera, að það sé með ráði gert af hæstv. menntmrh. að nema þetta ákvæði í burt. En um leið og það er gert, þá vita hv. þm. ekki, hvort hér er verið að samþ. ákvæði um sex ára menntaskóla eða sjö ára menntaskóla, og það er þó meira en lítið atriði í málinu, þegar litið er til þess, hvaða kostnaður fylgir kennslunni, o. fl. í því sambandi.

Ástæðan fyrir því, að þetta mál er borið fram hér að nýju, er það kapp — mér liggur við að segja ofurkapp —, sem menntaskólinn á Akureyri leggur á það að hafa aðstöðu til þess að búa nemendur undir miðskólapróf. Það er alveg rétt, sem hv. 2. þm. Reykv. drap á í ræðu sinni hér áðan, að það er alveg sérstætt, að skóli sæki eftir því að fá til kennslu nemendur af lægra skólastigi en honum sjálfum er ætlað að kenna. Þess eru ekki dæmi, að gagnfræðaskólarnir, hvar sem er á landinu, hafi sótzt mjög eftir því að taka að sér barnaskólakennslu. Þess eru ekki dæmi, að háskólar hafi sótzt eftir því að undirbúa nemendur undir stúdentspróf. Þvert á móti hefur þróunin að þessu leyti verið sú, að skólar hafa sótt á um það að fá nemendur til kennslu þannig, að þeir hafi hækkað sig í skólastiginu, að fá að kenna hærra skólastig en það, sem þeim hefur verið ætlað. Þannig var barátta menntaskólans á Akureyri um það leyti er hann gerðist menntaskóli, árið 1927 að mig minnir. Öll sókn hans beindist þá að því að fá að kenna hærra skólastig. Nú, þegar sú ákvörðun var tekin með skólalögunum 1946 að skilja í sundur gagnfræðanám og menntaskólanám í lærdómsdeild, þá gerist það sérstæða fyrirbrigði, að menntaskólinn á Akureyri leggur á það ofurkapp að fá að kenna lægra skólastig en honum í sjálfu sér er ætlað. Ég tel ekki, að fram hafi komið í þessu máli fullnægjandi rök fyrir því, að það sé rétt, án þess að það sé athugað nánar en orðið er, að hverfa frá þessari skipan, sem ákveðin var með l. 1946. Hitt hef ég látið í ljós, að ef hv. þm. teldu sig þess albúna nú að ákveða það, að rétt væri að hverfa frá þeirri skipan og gera menntaskólana að sex ára eða sjö ára skólum, þá væri eðlilegt, að það sama gilti um þá báða. Ég tel, að vitanlega geti verið rétt að taka til nýrrar athugunar ákvæði fræðslul. um þessa skipan miðskólanna eins og ýmis fleiri ákvæði í skólamálunum. En ég tel, að það sé nauðsynlegt að íhuga það mál betur en orðið er og að það væri misráðið af Alþ. að ætla sér nú, — og þá sérstaklega þessari hv. d., — að ljúka þeirri athugun og umr. um það mál nú á næturfundi að mjög mörgum hv. þm. fjarstöddum. Ég held, að menn séu ekki búnir að gera sér það ljóst, ef slík heimild verður sett inn í menntaskólalögin eins og þessi, hvort það kunni að kalla á heimildir í öðrum skólal. eitthvað sambærilegar við það, sem hér er farið fram á. Hér er stefnt að því ekki aðeins, að það sé numið burt, að um bráðabirgðaskipan sé hér að ræða, sem verði endurskoðuð að nýju, heldur að breyta menntaskólal. á þá lund, sem brtt. hæstv. menntmrh. ber með sér. Ég teldi því fara bezt á því, að hv. þm. felldu þetta mál í heild eins og það liggur fyrir nú. Hitt er svo annað, að ef skólamönnum þeim, sem starfa eftir menntaskólal., og fleiri skólamönnum sýnist ástæða til þess að taka málið aftur í heild til nýrrar athugunar, þá er ekkert á móti því, að það sé athugað milli þinga og undirbúin breyt., sem stefnir í svipaða átt og þessi brtt., og e. t. v. fleiri breyt., sem þingið tæki þá til íhugunar og afgreiðslu síðar, enda hefur verið flutt hér í þinginu till. um það, að nefnd endurskoðaði skólalöggjöfina í heild. Ég þori nú ekki að segja, hvað um þá till. verður, hvort hún hlýtur afgreiðslu. En það er vissulega svo, að ef út í þá sálma á að fara, þá er vitanlega fleira, sem getur komið til álita og íhugunar, heldur en það, sem hér liggur fyrir. Ég tel því rétt, að hv. þm. sameinist um það, eins og málið ber hér að nú, að fella málið í heild að þessu sinni.

Helgi Jónasson: Herra forseti. Hér er komið við 3. umr. máls með brtt. frá hæstv. menntmrh., sem er um gerbreyt. á frv., og tel ég því sjálfsagt, að sú n., sem um þetta mál fjallaði, fái að fjalla um brtt. þessa, og geri ég það að till. minni til hæstv. forseta, að hann taki málið af dagskrá og n. fái tækifæri til að fjalla um málið út af þessari brtt.

Umr. frestað.

Á 41. fundi í Nd., 11. des., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 370, 395).

Frsm. meiri hl. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Það hefur verið útbýtt hér í dag brtt., sem kom fram skrifleg á fundi í gær frá hæstv. mentmrh. við þetta frv., sem hér liggur fyrir.

Í þessari brtt. felast ýmsar veigamiklar breyt. á frv., eins og það er nú orðið eftir 2. umr. þess, og þessar breyt. eru ekki að öllu leyti í samræmi við þann tilgang frv., sem var fyrir hendi við flutning þess. Vildi ég af þessum ástæðum fara fram á það við hæstv. forseta, að málinu verði frestað að sinni, þannig að menntmn. eða þeir, sem eru í meiri hl. n. og að málinu standa, gætu fengið tíma til að athuga þessar breyt.

Forseti (SB): Ég vil aðeins benda á, út af ósk hv. frsm. meiri hl. menntmn., að umr. um þetta mál var frestað í gærkvöld vegna þess, að ósk kom fram um, að menntmn. gæti fengið tíma til að athuga fram komna brtt., og var til þess ætlazt, að n. fengi aðstöðu til þess fyrir þennan fund. En þar sem hún hefur ekki fengið tækifæri til þess og ósk hefur komið fram frá hv. frsm. meiri hl. n. um, að málinu verði frestað, þá verð ég við þeirri ósk og fresta umr. um þetta mál.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Það er út af þessari ósk um, að menntmn. athugi þessa brtt. Mér sem form. menntmn. barst ekki ósk um þetta fyrr en fundurinn var að hefjast í þessari hv. d. Hins vegar er sjálfsagt að skjóta á nefndarfundi nú þegar og freista þess, hvort ekki mætti takast að ljúka að athuga till., sem fram hefur komið, áður en þessum síðdegisfundi lýkur.

Umr. frestað.

Á 42. fundi í Nd., 13. des., var enn fram haldið 3. umr. um frv.

Frsm. meiri hl. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Það var svo til ætlazt, að menntmn. tæki til athugunar á fundi brtt. frá menntmrh. á þskj. 395. Í þessari brtt. hæstv. ráðh. felast þær breytingar, sem ég skal nú skýra frá. — Samkvæmt brtt. er heimildin færð í 3. gr. l. í stað þess að vera ákvæði til bráðabirgða. Heimildin nær til menntaskólanna almennt, en er ekki bundin við menntaskólann á Akureyri. Heimildin er gerð ótímabundin. Leita skal till. hlutaðeigandi skólastjórnar, áður en heimildin er notuð. Skilyrðið um „húsrúm“ og „aðrar ástæður“ er fellt niður. Ákvæðið um, að utanbæjarnemendur við menntaskólanám, í 3.—6. bekk, skuli sitja fyrir um heimavist, er fellt niður. Ákvæðið um, að heimildin skuli bundin við tveggja ára miðskóladeild, er fellt niður. — Menntmn. hefur á fundi sínum í morgun haft brtt. á þskj. 395 til athugunar, og niðurstaðan varð sú, að n. taldi sér ekki fært að mæla með henni.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Frv. þetta er að vísu gamall kunningi hér á þingi. Eins og það liggur nú fyrir, er það um að bæta bráðabirgðaákvæði við menntaskólalögin, á þá leið, að hæstv. ríkisstj. sé heimilt að ákveða, að tveggja ára óskipt miðskóladeild starfi við menntaskólann á Akureyri til vorsins 1954. Nú hefur hæstv. menntmrh. flutt brtt. við frv. Ef sú brtt. verður samþ., er hér ekki um bráðabirgðaákvæði að ræða, heldur verða sett ákvæði í l., sem heimila ríkisstj. að láta menntaskólana tvo eða þrjá, en það er víst gert ráð fyrir þremur í lögum, hafa heimild til að hafa miðskóladeild hjá sér. Menn skyldu nú ætla, þegar slíkar till. koma fram, að þeim væri fylgt með því að benda á, að það væri þörf fyrir þessar miðskóladeildir við menntaskólana. Það er langt frá því, að málið sé flutt á þeim grundvelli, enda mun það öllum kunnugt, sem hafa kynnt sér þetta mál, að það er engin þörf fyrir miðskóladeildir við menntaskólana. Fólk, sem vill stunda menntaskólanám, hefur nú möguleika til þess að fá þá undirbúningsmenntun, sem þarf, í flestum, ef ekki öllum héruðum landsins. Það eru sem sagt svo margir skólar nú orðið, sem veita þessa undirbúningsfræðslu undir menntaskólana, að það er engin þörf fyrir það, að menntaskólunum sé veitt þessi heimild. — Einnig vil ég benda á það, að ef þetta frv. verður samþ., hvort heldur eins og það nú er eða með breytingu hæstv. menntmrh., hlýtur því að fylgja aukinn kostnaður fyrir ríkissjóð. Það er engum vafa bundið, að kostnaðurinn við menntaskólana verður miklu meiri, ef þeir eiga að veita mönnum undirbúning að menntaskólafræðslu, og ekki líkur til þess, að kostnaður við hina svokölluðu miðskóla yrði neitt minni, þó að þessar deildir væru starfandi við menntaskólana. Þeir skólar mundu allir starfa áfram eftir sem áður, þótt nemendurnir yrðu eitthvað færri en nú er. En ekki eru líkur til þess, að það mundi minnka kostnaðinn við rekstur þessara skóla, svo að neinu nemi. Mér heyrist nú á mönnum, að þeim finnist fræðslumálin þegar allkostnaðarsöm fyrir ríkissjóð, og ég held, að ekki þurfi að vera neinn ágreiningur um það, að það sé ekki ástæða til þess að auka á þessi útgjöld ríkissjóðs að þarflausu. En ég vil fullyrða, að svo verði gert, ef þetta frv. verður samþ. Málið mun vera þannig til komið upphaflega, að aðstandendur menntaskólans á Akureyri hafa óskað eftir þessari heimild, og er það ekki af því, að það sé nauðsyn, að nemendur fái þessa fræðslu í menntaskólanum á Akureyri. Það er t. d. kunnugt, að það er ágætur gagnfræðaskóli starfandi við hliðina á menntaskólanum, sem getur veitt þessa undirbúningsfræðslu öllu því unga fólki, sem óskar að stunda þar slíkt nám. Þetta mál mun vera flutt af aðstandendum menntaskólans á Akureyri sem metnaðarmál. Þeir telja, að virðing skólans verði eitthvað minni í framtíðinni, ef hann fær ekki að hafa þessa miðskóladeild, af því að hún var þar áður. — Síðan er hafinn mikill áróður fyrir þessu máli, og það merkilega skeður, að mikill fjöldi þm. af Norðurlandi tekur þetta mál upp til flutnings á Alþingi, mál, sem er svona til komið. Mér finnst ástæða til, áður en málið fer út úr d., að benda á þessar staðreyndir, hverjir aðilar málsins eru og hvernig það er til komið. Mér finnst furðu gegna, ef þm. þessarar hv. d. samþ. slíkt frv., þegar sú vissa liggur fyrir, að það er engin þörf fyrir þessa miðskóladeild þarna. Yrði það aðeins til

þess að auka að þarflausu útgjöld ríkissjóðs til fræðslumála.

Ég greiddi atkv. gegn þessu frv. þegar við 2. umr. og mun að sjálfsögðu gera það nú, og ég mun einnig greiða atkv. gegn brtt. hæstv. menntmrh.

Frsm. minni hl. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja neitt að ráði þær umr., sem orðið hafa um þetta mál, en ég vil aðeins leyfa mér að ítreka það, sem ég hef látið í ljós í þessum umr., að með þessari brtt., sem nú liggur hér fyrir á þskj. 395, er í ýmsum greinum gengið lengra en gert var í frv. eins og það var flutt í upphafi. Hér er stefnt að því, að sú breyting, sem verður á lögunum um menntaskóla, verði ekki ákvæði til bráðabirgða, heldur breyting á lögunum sjálfum, þannig að sú skipulagsbreyting verði gerð á menntaskólunum báðum eða öllum, að í stað þess, að þeir eru nú 4 ára skólar, verði þeir nú 6—7 ára skólar. Nú vil ég á engan hátt segja, að þau ákvæði laganna, sem nú gilda, séu þannig, að þau eigi að standa óbreytt um allan aldur og aldrei geti verið ástæða til að endurskoða þau. En ég lít þannig á, að ef gera á slíka skipulagsbreytingu sem þá, sem hér er stefnt að, þá þurfi að athuga málið nánar en hér hefur verið gert.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, sérstaklega í tilefni af því, að hv. þm. A-Sk. sá ástæðu til að gefa frekari skýringar á málinu en þegar eru fram komnar. Ég vil taka fram, hvað ég álít vera meginatriði þessarar till. hæstv. menntmrh., en það er, að sami réttur verði látinn gilda um menntaskólana báða, í Reykjavík og á Akureyri. Þm. verður að minnast þess, að eins og málið nú liggur fyrir, felst í því heimild fyrir menntaskólann á Akureyri til þess að starfrækja miðskóladeild, og það, sem lagt er til með þessari till., er, að sú heimild nái til beggja menntaskólanna. Það hafa ekki komið fram í umr. nein rök fyrir því, að ástæða sé til þess að setja menntaskólann í Rvík hjá, ef á annað borð á að heimila öðrum skólanum, þ. e. Akureyrarskólanum, að starfrækja miðskóladeild, það hafa engin frambærileg rök komið fram fyrir slíku. Ég vil minna á það fyrir atkvgr., að alþm. hefur borizt bréf frá rektor og kennurum menntaskólans í Reykjavík, þar sem þeir líta þannig á, að ef menntaskólanum á Akureyri verði heimilað að starfrækja miðskóladeild, en menntaskólanum í Reykjavík meinað það, telji þeir það beina rangsleitni, ósanngirni og vantraust á skólanum í Reykjavík. Tel ég mjög fróðlegt að fá úr því skorið, hvort hv. þd. treystir sér til að greiða þannig atkv., að stjórn menntaskólans í Reykjavík telji það beint vantraust á skólanum, ósanngirni og rangsleitni í garð hans.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð út af ræðu hv. síðasta ræðumanns. — Ég sagði í ræðu, sem ég hélt um þetta mál, þegar það var síðast til umr., að það væri misskilinn metnaður fyrir menntaskólann á Akureyri að sækjast eftir því að hafa miðskóladeild. Ef það vekti hið sama fyrir þeim mönnum og vakti fyrir þeim, sem börðust fyrir þessum skóla í byrjun, ættu þeir að sækjast eftir að losna við slíka deild miðskóla. Hugmyndin var upphaflega að stofna menntaskóla, sem átti að helga sig því verkefni að veita nemendum meiri háttar framhaldsmenntun og útskrifa stúdenta, en nú er lagt til að breyta fyrirkomulaginu þannig að gera hann jafnframt að gagnfræðaskóla, en gagnfræðaskólarnir eru ordnir eins og partur af barnaskólunum. Væri metnaðarmál fyrir þá, sem vilja hlynna að menntaskólanum á Akureyri, að sjá til þess, að hann sem menntaskóli gæti tekið á móti sem allra flestum og gert nemendum mögulegt að vera þar í heimavist, og enn fremur, að búið sé þannig að skólanum, að hægt sé að reka hann sem venjulegan almennan skóla, þ. e. einsetinn skóla, því að það er ekki nokkur mynd á að nota skólahúsin þannig, að verið sé að tvísetja í þau. Það mætti miklu frekar bæta þar við og gera betur úr garði þær skólastofur, sem fyrir eru. Þeir, sem unna menntaskóla Norðurlands, ættu þess vegna að sjá til þess, að hann væri sem fyrst losaður við þá miðskóladeild, sem reynt er að hnýta aftan í hann, því að fyrst með því móti mundi fást góður menntaskóli.

Ég álít líka, að það mundi skapa misrétti gagnvart því fólki úr öllum sveitum landsins, sem reynir að öðlast menntaskólanám, að ætla að starfrækja gagnfræðadeildir við vissa menntaskóla. Ef menntaskólakennararnir hafa sjálfir með höndum kennslu í miðskóla og gagnfræðaskóla, verkar það á þann hátt að gera þeim nemendum, sem sækja þann miðskóla, hægara fyrir en öðrum að komast upp í menntaskóla. Það er óréttlátt gagnvart öllum þeim fátæku nemendum úti um allt land, utan Reykjavíkur og Akureyrar, að ætla að fara nú að hnýta gagnfræðaskóla aftan í menntaskóla Reykjavíkur eða Akureyrar og gera nemendum þannig misjafnlega auðvelt um að ganga inn í menntaskóla.

Ég verð að segja í sambandi við það bréf, sem hv. 3. landsk. minntist á, frá menntaskólanum í Reykjavík, að með allri virðingu fyrir menntaskólakennurunum þar mundi ég í þeirra sporum hafa skammazt mín fyrir að senda svona bréf. Ég fæ ekki skilið þann metnað, að verið sé að draga skóla þeirra niður á við, þó að þess sé krafizt, að hann sé fyrst og fremst menntaskóli. Ég gæti fremur skilið, að það væri móðgun, ef heimtað væri, að gagnfræðadeild væri við hann. Ég sé ekki betur en það sé sá bezti menntaskóli, sem ekkert slíkt hefur tengt við sig. — Og ég fæ ekki skilið þær röksemdir, sem menntaskólakennararnir færa fram fyrir því, að unnt sé að tvísetja í menntaskólann í Reykjavík; ég fæ ekki skilið, hvernig kennurunum getur dottið í hug, að hægt sé að tvísetja í skólann. Allan þann tíma, sem ég hef komið nálægt slíkri kennslu, hefur það verið talið neyð að þurfa að tvísetja, og ég fæ ekki skilið, hvernig menn fá dirfzt að bera fram hér á Alþ. svona röksemdir. Ég held það ætti frekar að telja það heiður að þurfa ekki að bæta við neinum gagnfræðaskóla; ég held það væri heiður fyrir

menntaskólann í Reykjavík að fara ekki fram á að fá að kenna annað en kenna á við menntaskóla, en einbeita sér að því að gera skólann sem færastan til þess að útskrifa góða stúdenta. Og ég fæ því ekki skilið annað en það sé móðgun við menntaskólann í Reykjavík að samþ. þá till., sem hæstv. menntmrh. hefur borið hér fram.

Helgi Jónasson: Ég skal ekki vera langorður. Mig hefur lengi furðað á því ofurkappi, sem hér hefur verið háð, bæði á Alþ. og utan þess, í sambandi við menntaskóla Norðurlands. Og ég tek mikið undir það með hv. 2. þm. Reykv., að það er ákaflega nýtt í okkar skólamálum, að menntaskólar óski eftir því að fá að kenna unglingum á gagnfræðastigi eða börnum, og næsta sporið gæti orðið það, að heimtað yrði, að barnaskólanám færi fram í háskólanum. Þetta er nokkur breyting frá því, sem var á fyrstu árum háskólans. Þá minnist ég þess, að við heimspekideild háskólans fengu hálærðir íslenzkumenn fyrir mestu náð að sækja fyrirlestra hjá Birni Ólsen. Ég þekkti þessa menn, sem voru þá færustu íslenzkumenn í landinu og eru það enn, og varð að fara til háskólaráðs til að fá leyfi til þess, að þeir mættu sækja háskólann. Má vera, að þetta sé nokkuð strangt, en mér þykir langt farið aftur á bak, þegar keppt er að því að fá að fara niður í skólastiginu; ég held það sé spor aftur á bak. Ég skil ekki, hvaðan þetta er runnið. Þetta mun vera eitthvert metnaðarmál viss hluta af Akureyrarbúum, sem þarna ætla að búa börnum sínum viss skilyrði til að geta farið á menntaskóla, tryggja, að þau verði tekin ung í undirbúningsdeildina, og þar eiga þau að vera áfram þrátt fyrir það, að aðrir nemendur, sem taka miðskólapróf, hafi ekki skilyrði til þess. — Þetta held ég að sé undirrótin að þessu skólamáli Norðlendinga, að Akureyrarbúar vilji tryggja sér, að börn þeirra komist nógu ung inn í menntaskólann og haldi þar áfram á kostnað hinna, sem ekki hafa slík skilyrði. — Ég tel eðlilegt, að menntaskólinn í Reykjavík vilji fá sömu réttindi, hvort sem hann notar þau eða ekki, því að það er bara sjálfsagt, en hreinasta hneisa að gera upp á milli þessara tveggja skóla. Menntaskólinn í Reykjavík er ekki neitt lægra settur í skólalöggjöfinni frá Alþ. en menntaskólinn á Akureyri, — ég tel þá báða ágæta skóla og ekki vera hægt að gera upp á milli þeirra, þannig að eigi að veita öðrum þessa undanþágu, verði hinn líka að fá hana, en ég tel, að hvorugur eigi að fá hana. Þessi till. hæstv. menntmrh. hefur bæði kosti og galla, en þó mun ég fylgja henni, því að ég tel alveg óhjákvæmilegt, að báðir menntaskólarnir fái sömu réttindi, og það er þó alltaf til bóta, að hún gerir báða skólana jafnréttháa. Annars hefur till. ýmsa galla, og má þar til nefna, að þetta er ótímabundið og það lengir kannske menntaskólanámið um eitt ár og yrði mikill kostnaður fyrir ríkissjóð. En sem sagt, ég mun greiða þeirri till. atkv., hvað sem ég svo geri við atkvgr. málsins í heild.

Ásmundur Sigurðsson: Það er rétt hjá hv. þm. V-Húnv., að þetta er fyrst og fremst metnaðarmál íbúa Akureyrar, og það er e. t. v. þannig til komið, að þegar skólalöggjöfin nýja var sett, starfaði sem forstöðumaður menntaskólans á Akureyri kunnur menntamaður, Sigurður Guðmundsson, sem mun hafa þótt öllu lakara, því að hann var þá í þann veginn að hætta störfum, að þurfa að fara að breyta um fyrirkomulag skólans fyrir þennan stutta tíma, og þess vegna gaf fræðslumálastjórnin eftir, að skólinn starfaði í sama horfi og áður, meðan þessi maður veitti honum forstöðu. En það er misskilningur hjá forstöðumanni skólans, að skólinn setji niður í einhverju, þó að hann falli alveg undir fræðslul. að því er starfsemi hans snertir. Aðalatriðið í þessu máli er það, að út frá þessu var það, að ég greiddi atkv. með brtt. meiri hl. menntm.n. við 2. umr. málsins, vegna þess að hún fól í sér tímatakmark, tvö ár, og taldi ég, að frv. væri betra þannig en eins og það var upphaflega flutt hér. Nú felur sú till., sem hæstv. menntmrh. flytur hér, í sér að hafa þessa heimild ótímabundna, og tel ég það vera, verði það samþ., til hins lakara, því að verði frv. samþ., tel ég, að það eigi ekki að vera ótímabundið. Ég mun greiða atkv. móti þessari till. menntmrh., en í sambandi við það, að hv. 3. landsk. óskaði eftir nafnakalli til þess að fá það staðfest, hverjir vilja greiða atkv. með því, sem hann kallar móðgun við menntaskólann í Reykjavík, vil ég taka fram, að það er náttúrlega fjarstæða að telja slíkt móðgun við hann, þó að ekki verði farið að starfrækja við hann miðskóladeild, sem sannað er, að hann hefur ekkert húsrúm til að starfrækja.

Jörundur Brynjólfsson: Ég vil gera grein fyrir atkv. mínu við þessa umr. — Síðan þetta mál kom fyrir þingið, hefur það verið sótt með kappi, ég vil næstum segja ofurkappi. Við 2. umr. málsins greiddi ég atkv. með brtt., sem fyrir lá, með það fyrir augum, að það gæti orðið til þess, að málið yrði alveg stöðvað. Ég hef frá byrjun verið andvígur því, að þessi skipun komist á skólakerfið. Það er skammt síðan framkvæmd var í þessum efnum breyting, og er lítil reynsla fengin enn þá um notagildi þeirrar löggjafar hvað þetta efni áhrærir, en sú reynsla, sem fengin er, bendir í þá átt, að það sé ekkert við það unnið að gera þessa breyt., sem hér er áformuð, heldur kannske þvert á móti. Ég get tekið undir ummæli hv. 2. þm. Reykv. einmitt um þetta efni, hvernig aðstaða nemenda frá miðskólum víða um land verður til menntaskólanáms, ef á að koma á þeirri skipun, að menntaskólarnir eigi að fá miðskóladeildir hjá sér. Aðstaðan hjá nemendum annarra skóla til menntaskólanáms, þegar þeir hafa lokið gagnfræðaprófi í sínum skóla, verður náttúrlega miklu örðugri fyrir þá en hina, sem hafa verið í menntaskólunum frá byrjun, og er það ekki lítið atriði. Ég álít því, að það sé mjög illa ráðið að gera nú þessa breytingu. Að minnsta kosti ætti að bíða eftir því, að reynslan leiði í ljós, hvernig það fyrirkomulag, sem nú er búið að lögbjóða, gefst.

Hv. 2. þm. Reykv. álítur einnig, og ég held það geti ekki leikið á tveimur tungum, að það sé

rétt, að húsrými menntaskólans á Akureyri sé ekki meira en það, að skólinn hafi nóg við allt sitt húsrúm að gera, þó að hann bæti ekki við sig deild. Enn síður er því ástæða til að gera þessa breyt., þegar þannig er ástatt. Því mun reyndar vera borið við af hálfu þeirra, sem sækja þetta mál, að húsrúm sé það mikið, að skólinn geti vel annazt kennslu í miðskóladeild. En þótt svo kynni að vera, að menntaskólinn gæti um skeið misst nokkuð af húsrúmi sínu til þessarar kennslu, ætla ég nú samt sem áður, að ekki ætti að innleiða þetta fyrirkomulag.

Það er farið fram á það í frv., í ákvæðinu til bráðabirgða, að þessi skipun eigi að ná til aðeins tveggja ára. En mér er sem ég sjái, þegar þessi tími er liðinn, að komið verður á ný og beðið um framlengingu, og það verður að játa, að eftir því sem lengri tími líður, verður erfiðara að standa á móti því, eftir að búið er að koma þessari skipun á við skólann.

Hins vegar skil ég mætavel afstöðu rektors og kennara menntaskólans í Reykjavík og er því ekki sammála hv. 2. þm. Reykv., þar sem honum fannst þeir vera of hörundssárir fyrir því, ef menntaskólinn í Reykjavík fengi ekki þessi réttindi um sitt skólahald, ef Akureyrarskólinn fengi þau. Það má reyndar líklega færa nokkur rök að því, að húsrúm menntaskólans í Reykjavík nægi enn síður til þess, að þar verði bætt við miðskóladeild. En mér þykir ekki nema eðlilegt, að kennurum skólans finnist það undarlegt, ef þeir eiga að vera afskiptir í þessu efni og sá skóli má ekki öðlast þessi réttindi, ef hann vill notfæra sér þau og taka upp þessa kennslu; það finnst mér eðlilegt. Annars hefur verið sýnt allt of mikið tómlæti í sambandi við aðbúnað þess skóla, og höfum einmitt við alþm. litla afsökun þar, hve lítið hefur verið sinnt um góðan aðbúnað til handa menntaskólanum í Reykjavík. Og vafalaust finna einnig kennarar þess skóla til þess, að þeim finnst, hvað snertir aðbúnað skólans, þeir vera nokkurs konar hornrekur, og ekki sízt sakir þess mun þeim vera þetta enn viðkvæmara mál, ef þeir eiga að hafa minni réttindi um sitt skólahald en menntaskólinn á Norðurlandi.

Ég er því sömu skoðunar og áður, að þetta mál eigi ekki að ganga fram, en það á ekki að ganga fram í neinni mynd. Og þar sem komið er í ljós frá menntaskólanum í Reykjavík, rektor og kennurum hans, að þeir vilja hafa sömu réttindi og menntaskólinn fyrir norðan, verð ég að játa, að þótt ég sé á móti málinu í heild, sé ég mér ekki fært að greiða atkv. móti þeirri till., sem veitir menntaskólanum í Reykjavík sömu réttindi og stendur til að veita menntaskólanum á Akureyri. Mér finnst sem það mundi ekki vera hægt að neita því, að annars mætti líta svo á, að verið væri að gera upp á milli þessara skóla og setja menntaskólann í Reykjavík skör lægra en hinn, en til þess sé ég enga ástæðu, ekki hina minnstu. Ég mun því greiða atkv. með till. hæstv. menntmrh., enda þótt ég viðurkenni, að það er nokkur galli á henni, að þar er þetta alveg ótímabundið. Það hefði nú kannske mátt setja þessum réttindum skólanum til handa eitthvert tímatakmark, en ég geri bara ekki svo verulega mikið úr því atriði, því að þegar þetta er einu sinni komið á, vill skólinn vafalaust fá að halda þessum réttindum áfram. Vilji menn þess vegna ekki koma þessari breyt. á, er öruggast, að ekkert af þessu gangi í gegn og málið í heild sinni verði fellt. Og þannig mun ég haga mínu atkv. nú við þessa umr., ég mun fyrst greiða atkv. með brtt., en síðan á móti málinu.

Emil Jónsson: Ég hafði ekki ætlað mér að taka þátt í þessum umr., a. m. k. ekki að neinu ráði, en fyrir mér hefur verið gerð sú grein fyrir því, að ég tók þau rök alveg gild, sem fram voru færð í þá átt, að við menntaskólana báða væru til kennslukraftar, sem gætu annazt þetta; það væri til húsrúm, að minnsta kosti á öðrum staðnum mjög sæmilegt, og í þriðja lagi væri að minnsta kosti á öðrum staðnum til heimavist, sem gerði að verkum, að menn ættu hægara með að sækja skóla þangað en á aðra staði, þar sem hún væri ekki. Þessi rök tók ég fyllilega gild, og þess vegna skil ég ekki það, sem hér kom fram, að fyrir þessu máli hafi ekki verið færð nein rök, því að bæði hv. þm. V-Húnv., hv. 2. þm. Reykv. og hv. 5. landsk. komu fram með þau rök gegn þessu, sem mér finnst ekki mega standa alveg ómótmælt.

Hv. þm. V-Húnv. færði fram sem aðalrök fyrir því að vera á móti þessu máli, að af því mundi skapast mikill aukakostnaður fyrir ríkið. Þetta fæ ég ekki skilið. Ég hef gert ráð fyrir, að óskipt miðskóladeild starfaði við báða skólana, og má gera ráð fyrir, að hún verði fullsetin, þannig að ekki verði að stofna til neins kostnaðar í sambandi við aukið húsnæði. Að vísu yrðu fengnir kennarar til að kenna þeim fjölda barna, sem þarna eiga að vera, en að það þyrfti að vera dýrara en í öðrum miðskólum, fæ ég ekki skilið. Þetta gæti kannske dregið úr því, að aðrir skólar þyrftu að auka við húsnæðið hjá sér, sem sumir verða að gera í náinni framtíð, ef aðsókn heldur áfram að aukast eins og nú er. Ég fæ því ekki skilið, að þetta þurfi að hafa aukinn tilkostnað í för með sér, ef litið er á skólamálin í heild.

Enn þá þótti mér undarlegri rök hv. 2. þm. Reykv., en ég gat ekki skilið annað af hans ræðu en hann teldi, að með þessu fyrirkomulagi væri stofnað til nokkurs konar misréttis milli nemenda, þannig að þeir, sem lærðu í menntaskólunum, hefðu betri aðstöðu til að komast áfram á menntabrautinni en hinir, sem væru fyrir utan þessa einu eða tvær skólastofnanir. Ég veit ekki, hvernig því hefur verið varið með hann, en það var þannig með mig, að þegar ég á sínum tíma var útskrifaður sem gagnfræðingur og tók prófið utanskóla, varð ég ekki var við, að ég yrði fyrir neinum óþægindum af þeim kennara menntaskólans, sem hafði kennt í gagnfræðadeild skólans. Og enn síður ætti þetta að vera tilfellið nú. Munurinn, ef nokkur er, er þá sá, að aðrir njóta betri kennslu en hinir, og því þyrfti að forða þeim frá því að fá betri kennslu. Þetta eru svo fráleit rök, að um þau þarf ekki að ræða. Og álíka voru rök hv. 5.

landsk. Hann sagði, að af því að menntaskólarnir hefðu farið fram á þetta leyfi, þá hlytist af því það, að gagnfræðaskólarnir færu að heimta börnin úr barnaskólunum. Þetta er vitanlega hrein fjarstæða. Menntaskólinn í Reykjavík hefur starfað í meira en hundrað ár með gagnfræðadeild, og aldrei hefur hann heimtað til sín barnakennsluna. Það voru þá til gagnfræðaskólar á Akureyri, Flensborg og Möðruvöllum, án þess að þeir heimtuðu barnakennsluna til sín. Það, sem er kjarni þessa máls, er það, að báðir menntaskólarnir hafa haft þessa kennslu með höndum, þeir eru ekki núna að fara fram á þetta nýmæli. Annar þessara menntaskóla hefur annazt þessa kennslu um tugi ára og hinn í heila öld, og þeir vilja ekki fella sig inn í þá skipun fræðslumálanna, sem gerð var 1946.

Í bréfi frá menntaskólanum í Reykjavík, sem ríkisstj. hefur borizt og öllum hv. þm. hefur verið sent afrit af, eru færð fram veigamikil rök. Þar stendur í áliti kennarafundarins, sem haldinn var 7. þ. m., eftirfarandi, sem ég les upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar nýju fræðslulögin voru sett, töldu kennarar menntaskólanna óheppilegt að slíta miðskólastigið algerlega frá menntaskólastiginu og væri hitt betra, að nokkur hluti nemenda í lærdómsdeild a. m. k. hefði notið undirbúningsfræðslu í sama skóla, því að á þann hátt skapaðist meiri heildarsvipur og festa í starfi skólanna. Þetta er einnig skoðun flestra skólamanna erlendis, enda starfa undirbúningsdeildir eða miðskóladeildir við langflesta menntaskóla á Norðurlöndum og Bretlandi, og taka sumar þeirra við nemendum 11 ára gömlum."

Svo hefur verið talað um það hér, að þetta mál sé sótt af ofurkappi af þeim mönnum, sem vilja ljá skólunum lið, þótt þeir vilji veita þessum skólum leyfi til þess að kenna sömu kennslu og þeir hafa haft með höndum, annar um áratugi og hinn í heila öld. Ef um ofurkapp er að ræða, þá er það hjá andstæðingum þessa frv. Ég skil ekki, hvað þeim kemur til, nema þeir áliti fræðslulöggjöfina frá 1946 svo óskeikula, að ekkert megi við henni hrófla. En það lítur út fyrir, að ýmsir séu að komast á þá skoðun, að svo sé ekki.

Það er alveg sjálfsagt, að menntaskólinn í Reykjavík hljóti í þessu efni sömu heimild og menntaskólinn á Akureyri. Það er að vísu rétt, að menntaskólinn í Reykjavík hefur ófullkomið húsnæði. En hann verður í framtíðinni að fá rýmra húsnæði og fleiri stofur. Þótt hann hafi lítil húsakynni, er ekki rétt að svipta hann fyrir það rétti til þess að hafa miðskóladeild. Ef frv. verður samþ. í þeirri mynd, sem hæstv. menntmrh. leggur til, þá finnst mér það rétt, að ráðuneytið hafi heimild til þess að leyfa miðskóladeildum að starfa við menntaskólana eftir tillögum hlutaðeigandi skólastjórna, ef fullnægt er af þeirra hálfu ákveðnum skilyrðum.

Ég skal ekki halda uppi deilum um þetta mál. Ég vil ekki sækja það af neinu ofurkappi, heldur láta koma í ljós þau rök með málinu, sem ég nú hef drepið á.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Hv. þm. Hafnf. sagði áðan, að ég hefði sagt, að af þessari breytingu, sem hér er ráðgerð, hlyti það að leiða, að gagnfræðaskólarnir færu að heimta til sín barnafræðsluna. Þarna mun hann hafa tekið skakkt eftir. Það var ekki þetta, sem ég sagði. Ég sagði, að út frá þeim rökum, sem menntaskólinn í Reykjavík færir fram til þess að fá heimild til að hafa miðskóla, þá mætti hugsa sér, að einhver gagnfræðaskóli taki að sér barnafræðsluna einhvers staðar. En það er ekki með þessu sagt, að allir gagnfræðaskólar geri þessar kröfur. — Hv. þm. sagði, að menntaskólinn í Reykjavík hafi ekki viljað fella sig inn í hið nýja skólakerfi. Í þessu sambandi vil ég leyfa mér að lesa upp úr þessu umrædda bréfi, með leyfi hæstv. forseta:

„Enda þótt skoðun kennaranna væri þessi, beygðu þeir sig að sjálfsögðu fyrir ákvæðum hinna nýju fræðslulaga. En undanfarin ár hefur þó verið hvikað frá hinum fulla aðskilnaði miðskólastigsins, er var meginregla fræðslulaganna frá 1946, því að lærdómsdeildarkennslu hefur verið haldið uppi við tvo miðskóla a. m. k."

Ég efast ekkert um, að mjög skiptar skoðanir eru um þetta, en einn af beztu kennurum landsins, Kristinn Ármannsson, var einn af þeim, sem undirbjuggu nýju skólalöggjöfina, og lagði nefndin mikla vinnu í að undirbúa þessa nýju löggjöf. Þegar löggjöfin var til umr. hér á Alþ. 1946, þá lá fyrir sameiginleg grg. frá nefndinni og ekki neinn ágreiningur innan nefndarinnar um þetta. Hins vegar efast ég um, að allir kennarar menntaskólans í Reykjavík séu á einu máli um þetta, eins og eðlilegt er.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það má vel vera, að það gagni lítið fyrir mig að reyna að færa hv. þm. Hafnf. heim sanninn um, að þetta verður til að hækka útgjöld ríkissjóðs. Hann sagði, að ekki þyrfti að auka húsnæði skólans. En sleppum nú því. Ég veit ekki betur en menntaskólakennarar eigi að kenna ákveðinn stundafjölda á viku hverri. Ef þeir kenna fleiri stundir á viku, þarf að greiða fyrir það aukaborgun. Eftir því sem deildirnar eru fleiri í menntaskólanum, þá verður kennslan meiri, og þá verður annaðhvort að bæta við nýjum kennslukröftum eða leggja meiri kennslu á þá kennara, sem þar eru, og borga þá kennslu sér í lagi. En þetta kemur ekki til þess að lækka kostnað við kennslu í öðrum skólum að neinu ráði. Þetta var það, sem ég sagði, og það er rétt.

Aðalrökin gegn þessu eru þau, að þetta er alveg óþarft. Allir, sem vilja komast í menntaskóla, geta fengið undirbúningsmenntun sína í öðrum skólum, því að nú eru fjölmargir skólar víðs vegar um land, sem veita þá menntun, og er því ekki þörf á því að auka útgjöld ríkissjóðs vegna miðskóladeilda við menntaskólana. — Ég er sammála hv. þm. Hafnf. um það, að gera þarf ýmsar breytingar á fræðslulögunum, og ég hef borið fram till. þar að lútandi, en ég vil ekki láta gera þær breytingar á þeim, sem þarflausar eru, en verða til kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

ATKVGR.
Brtt. 395 samþ. með 19:8 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JPálm, JS, JR, ÓTh, PO, SÁ, GÍG, MJ, StgrSt, EmJ, GG, GÞG, IngJ, JóhH, SB.

nei: JörB, PÞ, SkG, AE, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, EOl, EystJ, HÁ, HelgJ, JG.

KS, ÁB greiddu ekki atkv.

6 þm. (JÁ, LJós, SG, BÓ, FJ, GTh) fjarstaddir.

2 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Ásgeir Bjarnason: Þetta frv. hefur tekið allmiklum breyt. frá því að það var lagt fyrir Alþ. upphaflega, því að þá var um að ræða takmarkaða heimild í lögum, sem ég greiddi atkvæði, en þar sem svo mikil breyting hefur verið gerð á frv., greiði ég ekki atkv.

Gísli Guðmundsson: Ég er að vísu óánægður með sum atriði frv. eins og það er nú orðið eftir þær breytingar, sem á því hafa verið gerðar, en segi þó já.

Frv. afgr. til Ed.

Á 43. fundi í Ed., 14. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 429).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9:5 atkv. og til menntmn. með 9:2 atkv.

Forseti (BSt): Ég vildi mælast til þess, að hv. menntmn. reyndi að hraða afgreiðslu þessa máls.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Ég verð að segja, að það er í fyrsta skipti, sem hæstv. forseti skipar n. fyrir um afgreiðslu máls. Ég vil segja sem form. menntmn., að á því hefur ekki staðið neitt að afgr. mál hjá þeirri nefnd. En ég álít réttast fyrir hæstv. forseta að áminna þær n., sem hafa dregið afgreiðslu mála á langinn. En það hefur ekki dregizt hjá menntmn. að afgr. mál, og liggur ekkert mál fyrir henni nú. Mér finnst heldur óviðkunnanlegt að beina slíkri áminningu til menntmn. þessarar hv. d., því að eftir því gæti litið svo út sem þessi nefnd væri vön að draga afgreiðslu mála á langinn.

Forseti (BSt): Ég vil vekja athygli hv. 11. landsk. á því, að slíkt hefur ekki komið fram á þessu þingi, en það er hvorugur okkar, hv. þm. eða ég, fæddur á þessu ári eða komnir á þetta þing á þessu ári; við erum eldri. Mér er engin launung á því, að ég bað hv. nefnd að hraða þessu máli af tilefni frá í fyrra.

Á 60. fundi í Ed., 17. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 429, n. 618 og 619).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Sigurður Ó. Ólafsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér er á ferðinni, er gamall kunningi hér á Alþ. Það hefur náð samþykki Nd. og er komið þaðan til þessarar hv. d. Menntmn. hefur haft það til athugunar og meðferðar. Það kom fljótt í ljós í n., þegar rætt var um málið, að hv. nefndarmenn voru ekki sammála um afgreiðslu þess. Tveir nefndarmanna vildu samþ. frv., en þrír voru því andvígir. Það var samþ. í n. að senda málið nokkrum aðilum til umsagnar. Það var sent menntaskólunum á Akureyri og í Reykjavík, fræðslumálastjóra, stjórn Landssambands framhaldsskólakennara og Ármanni Halldórssyni, fræðslufulltrúa gagnfræðastigsins. Þessir aðilar sendu allir svör. Menntaskólarnir báðir mæltu með því að samþ. frv., en allir hinir mæltu gegn því. Það er að athuga, að þegar það lá fyrir n., var það breytt frá því, sem það var upphaflega flutt í Nd. Við 3. umr. var því breytt þannig, að það var breyt. við menntaskólalögin, þannig að ráðh. gæti heimilað, að við menntaskólana starfaði óskipt miðskóladeild. Þannig var það sent þeim aðilum, sem ég nefndi, til umsagnar.

Að lokum fór svo í n., að samkomulag náðist milli fjögurra nefndarmanna um að leggja til, að frv. væri samþ. með þessum breyt., þó þannig, að tveir menn úr n. töldu sig óbundna um að greiða öðrum brtt. atkv., hvort heldur þær kæmu beint frá minni hl. eða öðrum hv. dm. Sú breyt., sem n. gerði samþykkt um, var, að þetta yrði ákvæði til bráðabirgða, og tímabilið var ákveðið til vors 1954. Þetta kostar, að málið þarf að fara aftur til Nd., og ef þingið á aðeins eftir að standa í nokkra daga, er frv. stefnt í hættu með þessari afgreiðslu, en þeir, sem vildu samþ. frv., álitu betra að ná þessu samkomulagi en ekki, og þess vegna er þessi brtt. borin fram. Nú er komin fram till. frá minni hl. n. um að vísa málinu til hæstv. ríkisstj., en það hefur vitanlega í för með sér, ef hún verður samþ., að málið verður stöðvað. En nú hefur það verið svo, að menntaskólinn á Akureyri hefur starfrækt þessa deild síðastliðið ár, enda þótt málið væri stöðvað í þessari hv. d. í fyrra. Hún hefur að vísu starfað undir öðru nafni eða sem námsflokkar. Nú, ef þessi brtt. verður samþ., verður afleiðingin sú, að þessir námsflokkar starfa áfram við skólann á Akureyri eða þá að þessi deild verði látin hætta og kennurum verði sagt upp. Ef væntanlegri milliþn. kynni að virðast, að deildin ætti að starfa, liggur nærri að samþ. brtt. meiri hl., svo að það þurfi ekki að hreyfa við þessu þangað til sú n. hefur skilað nál. — Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta, þetta er svo kunnugt mál frá síðasta þingi. Með nál. meiri hl. er prentað álit þessara aðila, sem leitað var álits hjá. Menntaskólarnir leggja til að samþ. frv. óbreytt, en aðrir aðilar mæltu á móti því, en nú horfir öðruvísi við með lagabreyt., og geri ég ekki ráð fyrir öðru en að þeir séu með henni. Eins og ég sagði áðan, tel ég ekki þörf að ræða þetta meira

fyrir hönd meiri hlutans. — Það fer að líða á fundartímann, og ætla ég því ekki að hafa þessi orð fleiri.

Frsm. minni hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég hef oft orðið var við það, síðan ég kom á Alþ., að þegar menn taka afstöðu til mála, gera þeir það frá mörgum sjónarmiðum. Ég hef orðið var við mál, þar sem menn fylgja eðli málsins, og líka orðið var við, að menn fylgja máli frá allsherjar sjónarmiði, sem kemur málinu ekki við. Þetta mál er hápunkturinn, og hitti ég ekki einn mann, sem sér ekki, að þetta er óþurftarmál. Þjóðin hefur ekkert gagn af því að veita nokkur sérréttindi. Það gerir engum manni gagn. Þess vegna vil ég, að málið verði alveg drepið, og eiginlega er það skylda þm. að gera það. Ég get ekki óskað því betri dauðdaga en að sofna í faðmi ástvinar, og ég vil lofa því að fallast í faðma við ríkisstj. Ef þeim finnst ástæða til að athuga þetta, eins og gert er, ef brtt. er samþ., þá vil ég samþ. að láta endurskoða skólalöggjöfina og athuga þá hlið, hvort rétt sé að láta menntaskólana kenna nemendum strax eftir barnaskólapróf. En að taka þetta út úr öllu skólakerfinu er að fara á snið við skólalögin og búa nokkrum mönnum, fæddum á Akureyri, sérréttindi, en ýta frá öðrum nemendum, sem taka landspróf úti um land. Þetta nær ekki nokkurri átt.

Ég legg þess vegna til, að málinu verði vísað til hæstv. ríkisstj.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Þetta mál hefur vist farið þrisvar sinnum af stað hér á Alþ. Í fyrsta sinn var farið fram á tveggja ára undanþágu frá skólalögunum, og þá var látið í veðri vaka, að þessi undanþága væri veitt í eitt skipti fyrir öll. Þessi tvö ár átti að nota til að samlaga skólann nýju skólalögunum, en samkv. þeim áttu þrír bekkir, þ. e. gagnfræðadeild, menntaskólans á Akureyri að falla niður. Svo leið þetta tímabil, og hefur skólinn ekki notað það til að samlaga sig hinni nýju skólalöggjöf, sem hann átti að lúta. Nú er það ein mótbáran, að ef menntaskólinn á Akureyri lúti skólalöggjöfinni, hafi hann of mörgum kennurum á að skipa. Þetta eina vandkvæði stafar af því, að skólinn hefur ekki notað sína tveggja ára undanþáguheimild til að samlaga sig kerfinu. Það eiga að falla niður tvær miðskóladeildir, og upplýsir fræðslumálastjóri, að stundakennsla við menntaskólann sé fullkomlega tveggja kennara starf. Með því að leggja niður deildirnar hefur skólinn aðeins kennslukrafta til að inna af hendi kennslu, en þyrfti ekki að bæta við kennurum. Virðist því ekki vera vandkvæði á því fyrir skólann að beygja sig, úr því að ástandið er svona.

Eins og hv. frsm. meiri hl. gat um áðan, er þetta mál flutt af 8 þm. úr Nd. og hljóðaði um það að veita ríkisstj. með bráðabirgðaákvæði í menntaskólalögunum heimild til að starfrækja tveggja ára miðskóladeild við menntaskólana, ef húsrúm leyfði, og utanbæjarnemendur lærdómsdeildar sætu fyrir um heimavist við menntaskólann á Akureyri. Síðan var gerð sú breyt. á frv. í Nd., að undanþágan næði ekki til menntaskólans í Reykjavík, en áður en d. skildi við málið, bar hæstv. menntmrh., sem frá öndverðu hafði verið andvígur málinu, fram brtt., sem gerbreytti málinu í eðli sínu. Hann vildi þá leita eftir því, hvort þingvilji væri fyrir því að gerbreyta skólalöggjöfinni, svo að ekki væri aðeins um bráðabirgðaúrlausn að ræða á þessum málum. Hann lýsti því yfir, að ef hv. Alþ. vildi gera þessa breyt., þá mundi hann framkvæma hana, þó að hann væri henni andvígur. Það er að vísu ekki algengt, að ráðh. beri fram brtt., sem hann er andvígur, ekki af því að hann telji málið æskilegt, heldur til þess að ganga úr skugga um, hvort þingvilji sé fyrir hendi í máli, sem hann er andvígur, og lýsi svo yfir, að hann muni framkvæma till., ef hún verður samþ. Þrátt fyrir það að brtt. hæstv. menntmrh. verði samþ., liggur fyrir yfirlýsing hans um, að hann sé andvígur málinu í því formi, sem það er, og telji það óheppilegt. Málið er svo þannig komið fyrir Ed., ekki að það sé tengt menntaskólalögunum sem bráðabirgðaákvæði, heldur sem breyt. á menntaskólalögunum, þannig að þeim er heimilt að starfrækja miðskóladeildir, og að því að mér hefur skilizt upphaflega burt séð frá því, hvort húsrúm leyfði eða að utanbæjarnemendur sætu fyrir um heimavist við menntaskólann á Akureyri. Svo illt sem málið var, er þessir átta menn fluttu það, er það orðið margfalt verra eftir samþykkt brtt. menntmrh., því að þar voru numin burt skilyrði um, að þetta skuli vera framhald á breyt. á skólakerfinu.

Eins og hv. frsm. meiri hl. gat réttilega, var það strax ljóst í menntmn., að meiri hl. var ákveðinn á móti málinu, og var það sent þeim aðilum til umsagnar, sem hann nefndi, og bárust svör frá þeim. Fræðslumálastjóri var á móti málinu, og þess hefur áður verið getið, að hæstv. menntmrh. er á móti því. Landssamband framhaldsskólakennara er á móti því og flutti ýtarlegan rökstuðning gegn því. Námsstjóri gagnfræðastigsins er á móti því og flutti rökstuðning með merkilegu innleggi, sem fylgir nál. í málinu. Uppeldismálaþing, sem haldið var á s. l. vori, ræddi skólakerfið og þetta þó sérstaklega. Það gerði skelegga ályktun um, að þingið teldi slíka breyt. óheppilega, ekki hvað síst að hafa þessa miðskóladeild tveggja ára deild. Ég skal ekki fara lengra út í rök þau, sem borin voru fram, en vík næst að því, að strax var bent á það í n., að það væri hin mesta fjarstæða frá formlegu sjónarmiði að skjóta ákvæðum um miðskóla inn í lög um menntaskóla, inn í þá grein menntaskólalaganna, sem fjallar um skiptingu í stærðfræðideild og máladeild. Er fjarstæða að skjóta þar inn í framtíðarákvæðum um gagnfræðamenntun. Ég skírskotaði til form. menntmn., hv. 11. landsk. þm., sem er lögfræðingur, að hann gæti ekki lagt nafn sitt við slíkt hnoð. Varð ég var við það, að þetta bögglaðist mjög fyrir brjósti honum, ekki síður en biblían er sögð bögglast fyrir brjósti vissra manna. Hæstv. menntmrh. er einungis að gera þetta til að vita, hvort hv. þm. geti kingt svo stórum bita að afgreiða lög um nám á gagnfræðastigi í lög-

um um mentaskóla og hafa það ekki sem bráðabirgðaákvæði, heldur sem lög. Ég er eins sannfærður um það og hv. 1. þm. N-M., að þetta mál ber Alþingi að drepa. Nú hefur hv. 1. þm. N-M. lagt fram till. um að vísa málinu frá og vitnar til þess, að fyrir þinginu liggi þáltill. um að endurskoða skólalöggjöfina. Ég teldi ákaflega óviðeigandi, ef skólalögunum yrði breytt núna í þinglokin, samtímis því sem ákveðið er að endurskoða skólalöggjöfina í heild, eins og kann að verða samþ. Þessi breyting, sem hér um ræðir, getur alls ekki verið svo aðkallandi, að ekki megi bíða eftir því, að skólalöggjöfin verði endurskoðuð. Virðist það auðsætt, að það beri að samþykkja frávísunartill. hv. 1. þm. N-M. Við hv. 1. landsk. þm. höfum báðir tekið það fram, að við mundum greiða atkv. með frávísun. En ef svo ólíklega vildi til, að frávísunartill. yrði felld, af því að hér eru það ekki rök, sem ráða afstöðu manna, þá vildum við, að þessi breyting á skólalöggjöfinni yrði bráðabirgðaákvæði, sem næði til tveggja næstu ára, eða til vorsins 1954. En orsök þess, að við fundum slíkt úrræði, er aðeins sú, að við vildum afstýra því, sem annars yrði gert. Við vildum heldur bráðabirgðaákvæði til tveggja ára en ótímabundna gerbreytingu á skólakerfinu.

Menntaskólinn á Akureyri heldur því fram, að hann hafi að minnsta kosti innan skamms eitthvert ónotað húsnæði, ef niður er felld hjá honum miðskóladeild. Ég hef rætt það hér áður og sýnt fram á það, að svo er ekki. Skólinn hefur, ef réttilega er skoðað, ekkert afgangshúsnæði, jafnvel ekki eftir að heimavistarhúsnæðið, sem er í smíðum, er fullgert. Menntaskólinn á Akureyri notar húsnæði, sem er ekki nothæft sem skólahúsnæði. **(Forseti:** Ég bið hv. þm. að afsaka, en á hann mikið eftir af ræðu sinni?) Já, allt að hálftíma. **(Forseti:** Þá verð ég að biðja hv. þm. að fresta henni.) — [Frh.]

Umr. frestað.

Á 62. fundi í Ed., 18. jan., var fram haldið 2. umr. um frv.

Hannibal Valdimarsson [frh.]: Herra forseti. Ég var víst í gær, þegar ég að ósk hæstv. forseta frestaði ræðu minni, að mestu leyti búinn að gera grein fyrir afstöðu minni til frv. Ég hafði lýst því, hvaða breytingum frv. hafði tekið, og ég hafði lýst afstöðu minni til hinnar rökstuddu dagskrár og hvers vegna ég kaus að slást í för með þeim mönnum, er vilja hafa ákvæðin um gagnfræðadeild við mentaskólann á Akureyri aðeins til bráðabirgða, en ekki varanleg lög.

Því hefur verið haldið fram af forráðamönnum menntaskólans á Akureyri, að skólinn hafi yfir miklu húsrými að ráða og ef gagnfræðadeildin þar yrði lögð niður, mundi verða þar mikið pláss ónotað. Ég hef haldið því fram, að svo þyrfti ekki að vera, og var að gera grein fyrir því, er ég hætti ræðu minni í gær. Ég var, að því er mig minnir, staddur í kjallara menntaskólans á Akureyri. Þar var borðstofa heimavistarinnar, og það ber ekki vott um, að nægilegt húsrými hafi verið þar, að hún var tvísetin við allar máltíðir fram að síðasta ári, er hún var flutt í heimavistarhúsið nýja. Í öðru lagi hafa söfn skólans verið geymd niðri í kjallara. Af því hefur leitt, að þau koma að ákaflega litlu gagni við kennsluna. Það ætti því að flytja eðlis- og efnafræðisöfnin upp á efri hæðina og koma þeim fyrir þar, sem heimavistarherbergin hafa verið fram til þessa. En þetta hefur ekki verið gert, og svo tala forráðamenn skólans um það, að þeir hafi allt of mikið húsrúm. En það er vitað mál, að kennsla í eðlis- og efnafræði kemur ekki að hálfum notum, nema því aðeins að viðeigandi tæki séu fyrir hendi í kennslustofunni. Forráðamenn menntaskólans á Akureyri ættu því að sjá sóma sinn í því að koma þessu fyrir eins og tíðkast í öllum almennilegum menntaskólum. Það mun því mjög draga úr því, að hann hafi nokkurt húsrúm afgangs, ef aðeins þessu verður komið í viðunanlegt horf. Í gamla daga hjá Stefáni heitnum Stefánssyni skólameistara var náttúrugripasafnið uppi, en nú hefur það orðið að þoka niður, og hefur stofan, sem það var geymt í, verið tekin undir hátíðasalinn. Hátíðasalnum í menntaskóla Akureyrar er skipt í þrennt, og eru að minnsta kosti tveir hlutar hans notaðir sem kennslustofur. Það er mjög bagalegt, svo að ekki sé meira sagt, að þurfa að nota hátíðasalinn sem kennslustofu. Ég mundi að minnsta kosta óska þess í minum skóla, að þess þyrfti ekki með. Það er mjög bagalegt, að í hvert skipti, sem þarf að nota salinn, skuli þurfa að ryðja þaðan burt stólum og borðum, auk þess sem það hefur í för með sér miklar skemmdir á þessum húsgögnum.

Ég tel, að það, sem forráðamönnum menntaskólans á Akureyri beri að gera, sé að búa sem bezt í haginn fyrir lærdómsdeild skólans og gera hana eins vel úr garði og bezt þekkist hjá sams konar skólum. Þetta á skólinn að gera, en halda ekki eins fast í reipið um það að sleppa ekki gagnfræðadeildinni.

Ein ástæðan, sem forráðamenn skólans bera fram fyrir því, að skólinn mundi hafa of mikið húsrúm ónotað, ef gagnfræðadeildin yrði lögð niður, er sú, að nemendum í lærdómsdeild hafi á hinum síðari árum frekar fækkað en fjölgað. En af hverju stafar þetta? Það stafar af því, að forráðamenn skólans hafa gert allt til þess að reyna að sópa að sér sem flestum gagnfræðanemum, en ekki gert neitt til þess að fjölga lærdómsdeildarmönnum, svo að þeir hafa orðið að leita annars staðar fyrir sér, m. a. á Laugarvatni, en menntaskólinn á Akureyri hefði hæglega getað tekið á móti öllum menntaskólanemum, sem þar stunda nám. Ég held því fram, að forráðamenn menntaskólans á Akureyri hafi misstigið sig illa í því að efla ekki skólann nægilega sem menntaskóla.

Ég skal nú víkja að menntaskólanum í Reykjavík, en frv. er nú komið í það form, að hann hafi einnig gagnfræðadeild áfram. Ekki mun þetta ákvæði samt vera komið inn í frv. af því, að rektor menntaskólans í Reykjavík sé þess svo sérstaklega fýsandi, heldur af því, að hann vill, að sínum skóla sé gert jafnt undir höfði og menntaskólanum á Akureyri. Ekki mun of

miklu húsrými vera fyrir að fara í menntaskólanum í Reykjavík, því að á síðastliðnu hausti taldi rektor sig ekki geta tekið á móti sexskiptri menntadeild og tilkynnti það fræðslumálastjóra og lagði til, að lágmarkseinkunn til upptöku í hana yrði hækkuð úr 6 upp í 6.40, en nú fer rektor fram á að taka við þremur gagnfræðadeildum. Ég get ekki skilið, hvernig hann ætlar sér að fara að því að bæta við þrískiptri gagnfræðadeild, úr því að húsrúm er svo takmarkað til lærdómsdeildarkennslu. Þessir unglingar, sem þannig á að þrengja inn í menntaskólann í Reykjavík, geta farið í hvaða gagnfræðaskóla sem er hér í Reykjavík eða þá annars staðar á landinu. En afleiðingin af því, ef ákvæðið um gagnfræðadeild við menntaskólann í Reykjavík er samþykkt, verður sú, að byggja þarf viðbót við skólann fyrir milljónir króna. Nei, það, sem á að gera í þessu máli, er að efla menntaskólana til síns hlutverks, en hlúa að gagnfræðaskólunum til að undirbúa ungt fólk til 1. bekkjar náms í menntaskóla. Niðurstaðan af þessu er sú, að nauðsyn menntaskólans á Akureyri til að hafa gagnfræðadeild er engin og menntaskólinn í Reykjavík hefur enga aðstöðu til þess.

Í menntaskólanum á Akureyri munu nú vera um 320—330 nemendur, en það er að áliti allra skólamanna hámark þess nemendafjölda, sem á að vera í einum skóla, því að allt uppeldisgildi fer minnkandi eftir því, sem nemendur eru fleiri. Ég sé því ekki annað en menntaskólinn á Akureyri sé orðinn nógu stór. (GJ: Hvað um menntaskólann í Reykjavík?) Í honum munu vera 400, ja, upp undir 500 nemendur, og er hann því allt of fjölmennur eins og hann er nú. Ég tel það langt frá því æskilegt að setja þar nú 60—80 unglinga á aldrinum 12—14 ára saman við 16—20 ára unglinga.

Nú er svo fyrir mælt, að á miðskólastiginu skuli auk hinnar bóklegu kennslu fara fram nokkur verkleg kennsla. Þetta hefur ekki verið gert í menntaskólanum á Akureyri þrátt fyrir afgangshúsnæði. Það er ásetningur menntaskólanna að taka ekki upp verklega kennslu, þótt gagnfræðadeildir starfi þar áfram. Ég spyr: Veit nokkur til þess, að menntaskólarnir á Akureyri og í Reykjavík hafi fyrirætlanir um að inna af hendi þessa lagalegu skyldu?

Þá er að víkja að hinni fjárhagslegu hlið þessa máls. Samkvæmt núgildandi lögum eiga kennarar á gagnfræðastigi að kenna fleiri stundir á viku og eru þar að auki í lægri launaflokki en menntaskólakennarar. Ef þetta frv. verður nú samþ. og gagnfræðadeildir verða við menntaskólana, munu kennararnir við þessa skóla annast þessa auknu kennslu. Þeim verða greidd sömu laun og menntaskólakennurum, og þar að auki hafa þeir færri kennslustundir. Við það, að kennsluskylda er minni við menntaskóla, verður að fjölga þarna kennurum, og hefur það í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð. Kennarar á gagnfræðastigi hafa látið þetta mál nokkurn veginn kyrrt liggja fram til þessa, en ef þetta verður framtíðarákvæði, býst ég við, að þeir fari fram á, að sömu kjör verði alls staðar við kennslu undir miðskólapróf, og verður ekki gott að standa á móti þeirri réttlætiskröfu.

Þá er komið að því, ef þetta frv. nær fram að ganga, hvernig eigi að velja nemendur í þessar gagnfræðadeildir. Ef menntaskólinn í Reykjavík er tekinn sem dæmi, þá verður hann annaðhvort að taka upp samkeppnispróf og velja síðan þá 20—30 unglinga, sem hæsta einkunn hljóta, en þá er búið að sólunda því kerfi, að unglingar hvaðanæva af landinu hafi jafna aðstöðu til inntöku í menntaskóla, og aftur komið í það horf, sem áður var. Ármann Halldórsson kennari hefur komið að þessu í álitsgerð, sem ég mun síðar víkja að. Annaðhvort yrði að fara þessa leið eða þá að úthluta menntaskólanum ákveðið svæði hér í höfuðstaðnum. Ef sú leið yrði farin, mundi það hafa í för með sér, að unglingar með mjög misjafnt gáfnafar settust á sama skólabekk. Við þetta yrði öll kennsla mjög erfið, því að það er hinn mesti vandi að annast kennslu, þar sem nemendur eru misvel að sér, og enn þá verra verður þetta fyrir það, að menntaskólakennarar eru vanir að kenna úrvalsnemendum. Ef þessi leið yrði nú farin, þá kæmu svona jafnaðarlega 5—10 nemendur úr hverjum 25—30 manna bekk, sem hæfir yrðu til að stunda menntaskólanám. Ég held því, að þetta yrði mjög óheppilegt fyrirkomulag. — Á svipaðan hátt yrði þetta á Akureyri. Unglingar úr ákveðnu hverfi í bænum hæfu þar gagnfræðanám, en með því fyrirkomulagi fengi skólinn ekki þann úrvalsstofn, sem hann er vanur að fá strax í 1. bekk, eða þá að skólinn yrði að taka upp samkeppnispróf, en þá er búið að brjóta þessa jafnréttisreglu, sem ég áðan gat um og er einn helzti kostur hinnar nýju skólalöggjafar. Þeir á Akureyri hafa kynnzt því, hvernig það er að hafa gagnfræðadeild við menntaskólann þar samhliða gagnfræðaskólanum. Það er reynt með öllum brögðum að koma sem flestum unglingum strax í menntaskólann til þess að reyna á þann þátt að tryggja þeim framhaldsnám þar. Þetta hefur orðið til þess, að skóli Þorsteins M. Jónssonar hefur orðið fyrir verulegum starfstruflunum.

Ég skal nú reyna að stytta mál mitt, en snúa mér að umsögn Ármanns Halldórssonar uppeldisfræðings. Hann er eins og ég norðanmaður, og hefur hann ekki fyrr sent frá sér álitsgerð um þetta mál. Hann hefur auk þess mikla reynslu sem barnaskólastjóri og kennari við Kennaraskóla Íslands. Þá má geta þess, að einn af harðskeyttustu kennurunum fyrir norðan er bróðir Ármanns Halldórssonar. Skoðanir Ármanns Halldórssonar á þessum málum eru því vel grundvallaðar, og hann telur, að ekki eigi að heimila þessa breyt. Í IV. fskj. á þskj. 618 víkur Ármann að kostum þeirrar verkaskiptingar milli gagnfræðaskóla og menntaskóla, sem var tekin upp með fræðslulögunum frá 1946 og hann telur einkum vera fólgna í þrennu. Í fyrsta lagi, að inntökuprófi í menntaskólana er frestað um 2—3 ár. Þá eru unglingarnir vissari um það, hvað þeir ætlast fyrir og hvaða nám þeir ætla að stunda, heldur en ef þeir þurfa að ákveða þetta á 12—13 ára aldri. Þetta er kostur, enda telur Ármann það almennt álit skólamanna,

að með þessu móti sé hægt að haga vali nemenda til menntaskólanáms miklu farsællegar en áður var. Í öðru lagi telur Ármann, að betra sé, að unglingarnir eigi sem lengst samleið á námsbrautinni, og að um 15—16 ára aldur taki áhugaefni unglinganna að skýrast, svo að flestir hafi þá að eigin vilja tekið ákvörðun um það, hvað þeir ætlast fyrir, og greiningin komi því af sjálfu sér og sársaukalaust. Í þriðja lagi álítur hann, að þroski nemenda á aldrinum 13 ára til tvítugs sé svo ólíkur, bæði andlega og líkamlega, að vafasamt sé að ala þá upp í sömu stofnun, ef annars er kostur. — Þá víkur Ármann að ókostum samkeppnisprófanna, eins og þau voru framkvæmd áður við menntaskólann í Reykjavík, og telur, að með þessari breytingu sé stefnt að því að taka upp sama hátt á inntöku nemenda í menntaskólann og tíðkaðist þá, nema horfið verði að því, að honum verði úthlutað tiltekið hverfi, eins og á sér stað um gagnfræðaskóla bæjarins. Hann telur hins vegar, að ekki sé hægt að gera ráð fyrir því, að meira en 20 af hverjum 100 unglingum séu lagaðir til langskólanáms, og það yrðu því 5—6 „menntaskólanemendur“ í hæsta lagi í hverjum bekk í miðskóladeildinni. Álítur hann, að kennarar menntaskólans séu sízt hæfir til þess að kenna nemendum, sem séu mjög mismunandi að þroska og gáfnafari, af því að til þessa hafi þeir átt kost á því að hafa samvalinn nemendahóp. — Þá minnir Ármann Halldórsson á það, að þegar breytingin var gerð á fræðslulöggjöfinni, hafi það verið gert í góðu samkomulagi við kennara menntaskólans í Reykjavík, og að þá hafi verið talið sjálfsagt, að menntaskólarnir yrðu bara fjögurra ára skólar, svo að ekki þyrfti að útiloka fólk utan af landi, heldur væri hægt að taka við nemendum hvaðanæva af landinu í 1. bekk. Ef þessi breyt. verður gerð, gæti farið svo, að öll sæti verði setin, svo að aðrir kæmust ekki að, þó að þeir hefðu lokið landsprófi. Þannig gæti meira að segja farið í báðum menntaskólunum, og þá yrðu það Reykvíkingar og Akureyringar, sem fyrst og fremst mundu raða sér í sætin. (**Forseti**: Menn hafa þegar lesið þessa umsögn Ármanns Halldórssonar með athygli.) Hæstv. forseti segir, að menn hafi lesið þessa umsögn með athygli, og er þá vonandi, að rökin, sem þar koma fram, verði ekki að engu höfð.

Ég vil minna á það, að hæstv. dómsmrh. taldi það ósvinnu, ef afgr. ætti mál, sem hér var til meðferðar fyrir skömmu, án þess að leitað væri álits landlæknis og viðkomandi læknis. Hann taldi það ekki ná nokkurri átt, að málið væri afgr., fyrr en talað hefði verið við þessa lækna. Það var gert, og málið var fært í þann farveg, sem þessir sérfræðingar mæltu með. Í þessu máli liggur fyrir álit margra skólastjóra, fræðslumálastjóra og fræðslufulltrúa gagnfræðastigsins um það, að óhæfa sé að gera þessa breyt. En samt er þetta mál vakið upp á ný og reynt að knýja það fram, þegar komið er að þingslitum. Nú þarf ekki að leita til sérfræðinganna, heldur er málið gert að einhverju því mesta og versta klíkumáli, sem komið hefur fyrir þingið mörg undanfarin ár.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Þegar þetta mál var til umr. á þinginu í fyrra, þá lét ég það afskiptalaust og taldi rétt að láta þingið skera úr um það, hvort þessi skipan yrði höfð eða sú skipan, er fræðslulöggjöfin gerir ráð fyrir. Þá fór það svo, að málið var stöðvað á síðustu stundu, og nú er það komið fram aftur.

Ég hef talsvert hugsað um málið síðan og hef þurft að gera það, því að sótt hefur verið á. Ég vil segja það, að því lengur sem ég hef um það hugsað, því minni er mín sannfæring um það, að rétt sé að færa þetta í það horf, sem um er beðið af menntaskólanum á Akureyri. Ég er þeirrar skoðunar, að það eigi ekki að verða við þessari beiðni. Hins vegar leit svo út í Nd., að málið mundi ná fram að ganga, að vísu í nokkuð sérstöku formi, og ég sagði þá, að ef málið væri samþ., yrði að vera um varanlega lausn að ræða, en ekki bráðabirgðaráðstöfun. Ég vildi, að d. gerði sér ljóst, að hér væri um varanlega breyt. á fræðslulöggjöfinni að ræða. Þrátt fyrir þetta gekk málið í gegn með miklum meiri hl.

Menntaskólinn á Akureyri hefur aðallega sótt þetta mál, því að menntaskólinn í Reykjavík hefur ekki gert annað en heimta sama rétt og menntaskólinn á Akureyri. Fái menntaskólinn á Akureyri þessa heimild, vill menntaskólinn í Reykjavík fá hana líka, og það sýnist vera sanngirnismál.

Mér hefur skilizt, að aðalröksemd menntaskólans á Akureyri fyrir breyt. sé sú, að skólinn geti alið upp sína menn, fengið frá byrjun stofn, sem gengi gegnum allan skólann, og haft því meiri festu í för með sér fyrir skólalífið. Þetta hefur einnig komið fram hjá rektor menntaskólans í Reykjavík. Mér finnst, að þessi rök séu ekki svo þung, að þess vegna beri að breyta fræðslulöggjöfinni.

Mér skilst, að brtt. á þskj. 618 heimili báðum menntaskólunum að hafa þessa miðskóladeild til ársins 1954. Ég skal ekki segja um það, hvort menntaskólinn í Reykjavík notar þessa heimild, verði hún veitt, þó er ég ekki frá því. En ég vil benda á það, að telja má, að húsrúm menntaskólans í Reykjavík sé þegar fullskipað og meira en það, því að kennsla fer nú fram frá því klukkan 8 á morgnana til klukkan 7 á kvöldin, og það er viðurkennt, að skólinn er ofsetinn með þessum hætti. Það er í fyrsta skipti á þessu hausti, sem menntaskólinn í Reykjavík hefur ekki getað tekið við nemendum, sem æskja þess að fá inntöku og hafa rétt til þess. Það voru um 20—30 af þeim, sem náðu landsprófi í vor, sem rektor neitaði um inngöngu. Þetta mál kom til rn., og eftir þóf varð það að samkomulagi í þetta skipti, að málið yrði leyst með því að stofna einn bekk í viðbót til þess að taka við þessum nemendum, eingöngu vegna þess, að fólk er í þeirri góðu trú, að börn, sem náð hafa landsprófi, eigi rétt á því að fá inngöngu í skólann. Af þessu leiðir, að gera verður ráðstafanir fyrir næsta haust, því að sýnt er, að skólinn getur ekki tekið við öllum, sem rétt eiga þar til framhaldsnáms. Ef skólinn vildi neyta réttar síns og nota þá heimild, sem honum er gefin

samkv. þessu frv., hefði það því það í för með sér, að enn fleiri yrðu útundan. Þegar skólinn er orðinn fullsetinn, þá er ekki hægt að taka fleiri nemendur nema með því að skaffa aukið húsrúm og aukna kennslukrafta, og ef þessi þróun heldur áfram, verður að leita til Alþ. og biðja um fjárveitingu til þess að leysa vandann.

Eins og ég sagði áðan, var það afstaða mín í Nd., að þessi heimild yrði veitt varanlega eða ekki. Mig skortir sannfæringu um það, að mér beri að nota þessa heimild, sem felst í ákvæðum til bráðabirgða, og veita þessa undanþágu til vorsins 1954. Hvers vegna miðað er við vorið 1954, er mér ekki ljóst, því að skólinn á Akureyri hefur ekki þessa deild, a. m. k. ekki opinberlega, og það er því ekki verið að leysa skólann upp. Hvað er unnið við að miða við árið 1954? Ber ekki að sama brunni á þinginu 1953, að nýtt frv. verði borið fram um að framlengja þetta enn á ný?

Ég tel rétt að taka það fram, að mig skortir alla sannfæringu um það, að mér beri að nota heimildina.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Þegar þetta mál kom fyrst fram, var um það að ræða að heimila menntaskólanum á Akureyri einum þessa undanþágu ákveðinn tíma. Það var túlkað sem bráðabirgðaráðstöfun, sem rétt væri að heimila þar til skólinn gæti komið sér fyrir. Nú hefur þessu verið breytt svo, að sömu heimild á að veita menntaskólanum í Reykjavík, sem getur ekki tekið við nemendum, sem hafa lagalegan rétt til að fá inngöngu í skólann. Það er vitað, að ekki er fé fyrir hendi til þess að byggja hús fyrir skólann, svo að nægilegt húsrúm sé til þess að taka á móti þeim eins og sakir standa, hvað þá ef til þess kæmi, að þessi heimild yrði veitt og notuð. Auk þess er vitað, að byggður hefur verið í Reykjavík gagnfræðaskóli til þess að sinna þessu verkefni, og það er einnig kunnugt, að á Akureyri hefur verið byggður gagnfræðaskóli. Ég sé því ekki, að málin standi þannig, að hægt sé að framlengja þessa undanþágu. Ég mun því ekki greiða atkv. með brtt. og ekki heldur með frv. eins og það kom frá Nd. Hæstv. ráðh. hefur auk þess lýst yfir því í Sþ., að hann mundi setja á stofn þriðja menntaskólann. Þá verða til þrír menntaskólar í landinu, og tel ég bezt að aðgreina þá alveg frá öðrum skólum.

Ég skal svo ekki tefja umr. frekar, en ég taldi rétt að láta hv. d. vita, að ég mun hvorki greiða atkv. með brtt. n. né frv., heldur styðja það, að málinu verði vísað til ríkisstj.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Hér hafa verið haldnar langar ræður um þetta mál, sérstaklega af einum hv. þm., en það kom lítið nýtt fram frá því, sem þessi hv. þm. sagði í fyrra og þá var svarað. Ég ætla ekki að svara hinni löngu ræðu hans, en aðeins minna á eitt eða tvö atriði.

Hæstv. menntmrh. sagði eitthvað á þá leið, að hér væri ekki verið að framlengja nein réttindi, sem menntaskólarnir hefðu nú, og þá sérstaklega menntaskólinn á Akureyri, því að þessar deildir hefðu ekki starfað þar í vetur, að minnsta kosti ekki opinberlega. Þetta er rétt, en veturinn í vetur er líka eini veturinn, sem svo hefur verið ástatt, að gagnfræðadeild hafi ekki verið við menntaskólann. Í þessu sambandi vil ég benda á það, að með þeim breyt., sem gerðar voru á skólakerfinu með nýju fræðslulögunum, voru að minnsta kosti hlunnindi, sem bæði Akureyringar og aðrir Norðlendingar hafa haft, tekin af þeim.

Möðruvallaskóli, sem stofnaður var árið 1880, var gagnfræðaskóli, og hann var stofnaður af ríkinu og rekinn fyrir landsfé. Þegar svo þessi skóli var fluttur til Akureyrar, hélt hann áfram sem gagnfræðaskóli og var rekinn fyrir landsfé. Svo þegar stofnaður var menntaskóli á Akureyri, var lærdómsdeildin sett ofan á gagnfræðaskólann. Það er því óneitanlegt, að með því að svipta skólann á Akureyri þessari gagnfræðadeild, þá er réttur eða hlunnindi tekin frá Akureyri og Norðlendingum, sem þeir hafa haft í 70 ár. Og það er nú þannig, að mönnum finnst, að þeir hafi meiri rétt til að halda því, sem þeir hafa hlotið, heldur en að fá ný réttindi.

Það hefur verið bent á það, að á Akureyri sé ágætur gagnfræðaskóli. (**GJ:** Þá hafa Norðlendingar ekki verið sviptir neinum rétti.) Jú, því að gagnfræðaskóla Akureyrar ber ekki skylda til að taka við nemendum frá öðrum landshlutum. (**HV:** Jú, jú.) Að minnsta kosti eru Akureyringar látnir sitja fyrir. Og vegna þess að gagnfræðaskóli hefur verið á Akureyri, sem öllum stóð opinn, þá hefur engin hreyfing orðið í Eyjafirði til þess að koma upp héraðsskóla. Og þó að unglingunum sé vísað á gagnfræðaskóla Akureyrar, þá er það þannig, að þar er engin heimavist, svo að við nám í þeim skóla þyrftu utanbæjarmenn að hafa húsnæði og fæði úti um bæ á Akureyri.

Hvað það snertir, sem hv. 6. landsk. talaði mikið um, að nemendahópurinn, sem kæmi í þessa skóla, væri svo ólíkur að aldri, þetta væru óþroskaðir unglingar annars vegar og hins vegar hálffullorðið fólk, þá vil ég segja það, að það er ekki lengra síðan en svo, að ég man vel eftir því, þegar latínuskólinn hér í Reykjavík var óskiptur, og þá komu í 1. bekk 12 ára piltar, þeir sem höfðu góða aðstöðu til náms, og einnig tvítugir menn. Í þessum skóla voru nemendurnir allt frá 12 ára og upp í þrítugt. Það kom meira að segja fyrir, að menn útskrifuðust þaðan um fertugt. Það valt á ýmsu í þessum skólum, en ég held, að það hafi aldrei valdið neinum óyfirstíganlegum erfiðleikum, hvað nemendurnir voru misjafnir að aldri. Ég er að vísu aðeins leikmaður í þessum sökum, en ég hef þó fengizt við kennslu, að vísu aðeins barna og unglinga, aldrei við svokallaða æðri kennslu. Mér sem leikmanni er ómögulegt að gera mikið úr þessu. Að minnsta kosti hefur reynslan sýnt það, að það er hægt að hafa saman í bekk 12 ára drengi og tvítuga menn og það með góðum árangri. Mér þykir sízt hæfa að tefja tímann með því að þrátta um þetta og ætla því ekki að fara frekar út í það.

Ég kvaddi mér aðallega hljóðs út af ummælum hæstv. menntmrh., en út af ummælum

hæstv. ráðh. vildi ég leyfa mér að bera fram fyrirspurn. Það er slæmt, að hæstv. ráðh. skuli vera vikinn af fundi, en fyrirspurnin var út af þeim ummælum hans, að hann væri ekki sannfærður um, hvort hann mundi nota þessa heimild, ef frv. yrði samþ., hvorki frv. óbreytt né frv. eins og það kemur frá meiri hluta n. — Fyrirspurnin er sú, hvort hæstv. ráðh. ætli að nota þessa heimild, ef frv. nær fram að ganga. Hvað hann ætlar að gera, skiptir hér öllu máli, en ekki, fyrir hverju hann hefur sannfæringu. Það þyrfti að fá fulla vissu um þetta á meðan frv. liggur hér fyrir hv. deild, því ef heimildin verður aldrei notuð, þá er þýðingarlaust að samþ. frv. sem heimild, þá þarf að breyta því í bein fyrirmæli. Ég sé ekki ástæðu til að fresta umr. nú, en þetta verður að taka til athugunar.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Það var ekki ætlun mín að taka hér til máls, en vegna orða, sem féllu hjá hæstv. menntmrh., þá ætla ég að segja nokkur orð. Hann sagði, að á Akureyri væri ekki verið að leysa neitt upp, því að þar væri enginn miðskóli. Þetta er að vísu rétt á yfirborðinu, en rangt, ef það er krufið til mergjar. Á Akureyri er starfandi 30 manna námsflokkur, sem svarar til miðskóla, eða þar er kennt hið sama og í miðskóla. Þetta er gert til að komast yfir það dauða bil, sem skapaðist, er máli þessu var vísað frá með bolabrögðum á Alþingi í fyrra. Sem sárabót fengu Akureyringar leyfi til að halda uppi þessum námsflokkum, þar sem nemendurnir borga kennsluna sjálfir. Sambandið er ekki slitið, ef Alþingi vildi veita skólanum þann rétt að halda áfram. Það eru í raun og veru þrír bekkir í miðskóladeildinni og ekki búið að slíta þráðinn. Nú vil ég spyrja: Hvers vegna á að slíta þennan þráð?

Hv. 6. landsk. hefur talað mikið um þetta mál og talar þar sem miðskólastjóri. Hann hefur frá því fyrsta verið nokkuð áttavilltur í þessu máli. Þegar ég las nál. á þskj. 618, þá sá ég þar, að hann hafi viljað fella það, en það samkomulag hafi þó náðst milli nm., að 4 þeirra vildu samþ. það með breyt. — Mér virtist hann vera að átta sig. — En þegar ég las aftur á móti nál. minni hl. (PZ) á þskj. 619 — og heyri hv. 6. landsk. lýsa yfir því, að hann styðji till. þá, sem þar kemur fram, leynir sér ekki, að hann er orðinn rammáttavilltur aftur, og í þeirri villu veður hann síðan.

Þegar ég athugaði nál. á þskj. 619, þá fannst mér það undarlegt, vegna þess að hv. tillögumaður sagði, að óþarft væri að ræða till. nánar, en þar segir, að nú liggi fyrir till. um, að ríkisstj. láti endurskoða skólalöggjöfina, og í von um, að svo verði, þá telji hann rétt að vísa þessu máli til ríkisstj. — Í von um hvað? Sennilega, eftir því, sem tillögumaður hefur talað, „í von um“, að miðskóladeildin komi ekki til greina. En rétt rök væru að breyta engu, af því að endurskoðun er sennilega fyrir dyrum. Slíta ekki þráðinn. Raska í engu hinum gamla vinsæla skóla. Leyfa Norðlendingum, úr því að þeir óska þess, að nota það húsnæði, sem fyrir hendi er við skólann og nýbúið er að reisa. Sundra ekki kennaraliði skólans. Hrekja ekki nemendur úr skólanum.

Hið minnsta, sem vinir Akureyrarskólans geta ætlazt til af Alþingi, er, að það bíði með breytingar á honum, þar til þá að skólalöggjöfin hefur verið endurskoðuð og endurskoðunin talið breytingar réttmætar.

Máli þessu var hrundið í fyrra með bolabragði. Verði tillagan á þskj. 619 samþykkt, þá er beitt músarbragði. — Bágborin er glíman af hálfu andstæðinga þessa máls.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég hef ekki tekið þátt í umr. um þetta mál, sem mér hefur fundizt vera talsvert hitamál, og gerði ekki heldur, er þetta var hér áður til meðferðar. Ég þekki þó talsvert sögu þessa máls og minnist þess, að ég var einn af þeim mönnum, sem studdu að því að koma upp heimavist á Akureyri eins og hún nú er, fyrir þá sök að ég áleit hennar mikla þörf af þrem ástæðum. Í fyrsta lagi var heimavistin allt of lítil. Í öðru lagi var því alltaf haldið fram, að timburheimavistirnar væru ónothæfar sökum eldhættu, og var því alltaf hafður vökumaður í skólanum. Ég áleit þá, að ef byggð yrði ný, stór heimavist, þá mundi vera hægt að nota gömlu heimavistirnar, með því að gera á þeim einhverjar breytingar, til annarra hluta. Eins var það vegna þess, að það var vitað mál, að þetta mundi styrkja mjög aðstöðu sveitapilta til að leita sér æðri menntunar, vegna þess að þá fengju þeir húsnæði og eins fæði ódýrt í heimavistinni, eða það var að minnsta kosti ódýrt. Af þessu þrennu taldi ég ástæðu til að koma heimavistinni upp. Ég skal ekki fara að ræða það, hvernig hægt hefði verið að nota gömlu heimavistirnar, en ég hef alltaf litið svo á, að það sé fyrsta atriði fyrir fátæka pilta úr sveit, sem ætla að leita sér æðri menntunar, þar sem ekki er auðhlaupið að því að ná í peninga, að fá fæði og húsnæði ódýrt seinustu 4 árin, svo að námið gæti orðið þeim hæfilega ódýrt. Þetta blýtur alltaf að verða aðalatriðið fyrir pilta, sem ætla að stunda nám, og þetta vitum við, sem stundað höfum nám og erum úr sveit.

Mér finnst eðlilegt að gera menntaskólana á Akureyri og hér að menntaskólum og halda sig við það, því að það ætti að vera auðvelt fyrir fátæka pilta úr sveit að stunda nám við þær ódýru aðstæður, sem nú eru á Akureyri og Laugarvatni. Ég tel, að það eigi að koma þessu svo fyrir, að þegar þessu verði breytt, þá líði þeir piltar, sem nú stunda nám á Akureyri, ekkert tjón af. Ég tel það mjög miður farið, ef ekki verður hægt að leysa þetta ástand upp án þess, að þessir piltar bíði við það tjón. Ég tel, að það sé ekki betra fyrir skólann að fá þessi réttindi, en ég tel, að hann verði að halda þeim þannig, að piltar þeir, sem nú stunda nám, bíði ekki tjón af, en verði annars gerður að menntaskóla.

Sá skóli, sem mér þykir vænst um, er gamli gagnfræðaskólinn á Akureyri. Þar sem mér þykir vænt um skólann, þá þykir mér leitt, að hann skuli sækja um þetta og ég verði að greiða

atkvæði á móti því, en ég get ekki látið tilfinningar mínar ráða, þar sem ég álít heppilegra fyrir hann að vera 4 ára skóla. Tveggja ára gagnfræðaskólamenntunar geta allir aflað sér, meira að segja geta duglegir sveitapiltar lesið að mestu leyti heima. Þess vegna verð ég að greiða atkvæði á móti þessu, þótt mér þyki vænt um skólann, því að ég tel þetta heppilegra, en ég tel það mjög miður farið, ef ekki verður hægt að leysa upp þetta ástand án þess, að þeir piltar, sem þar eru, bíði tjón. Menntmrh. talaði um, að skólanum yrðu veitt þessi réttindi til 1954, og getur verið, að þá verði hægt að komast hjá því, að þessir piltar bíði tjón. — Ég skal svo ekki ræða um þetta frekar, en taldi rétt að gera grein fyrir afstöðu minni í þessu máli.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég skal vera eins stuttorður og ég get. — Það kom fram í ræðu hæstv. menntmrh. hér áðan, að hann væri æ minna og minna sannfærður um réttmæti þessa máls. Ég vildi aðeins minnast þessara ummæla hæstv. ráðh., að hann sagði, að þótt þessi heimild væri veitt, þá væri ekki víst, að hann sæi sér fært að nota hana. — Hæstv. menntmrh. gerði grein fyrir aðstöðu-mun skólanna á Akureyri og í Reykjavík til að taka við nemendum.

Ég vil svo aðeins víkja að því, sem hæstv. forseti sagði um þetta mál. Hann sagði, að Möðruvallaskólinn gamli hefði verið algerlega rekinn fyrir ríkisfé. Þetta er rétt. Gagnfræðaskólinn á Akureyri hefur líka verið rekinn fyrir ríkisfé, menntaskólinn einnig, og get ég því ekki séð, að Akureyri hafi verið svipt neinu. En hvaða ástæða er til þess að halda þessum forréttindum áfram? Hin nýja skólalöggjöf er rétt að komast í framkvæmd, og það er eðlilegt, að hún fái nokkurn reynslutíma, áður en breytt er til.

Ræða hv. þm. S-Þ. bar keim af tilfinningum hans fyrir þessum skóla. — Í vetur starfar enginn 1. bekkur miðskóla við menntaskólann. En til þess að hafa mál sitt fram, þá hafa Akureyringar látið í það skína, að þeir mundu stofna sérstakan námsflokk til þess að hafa mál sitt fram. Annar bekkur er starfandi, og það er álitamál, hvort hann gangi undir landspróf. Um þetta skal ég ekkert segja. Nú hafa forsvarsmenn þessa máls talað mikið um það, að nauðsynlegt væri að hagnýta það mikla húsnæði til kennslu, sem fyrir er nú við menntaskólann á Akureyri. Nú er það svo, að þegar á fund fjvn. kemur, virðist þetta mikla húsnæði ekki fullgert. Að minnsta kosti segir hv. þm. Ak., að nauðsynlegt sé að fá 1½ millj. kr. fjárveitingu til húsnæðisins. Þegar húsið er fullbyggt, er gert ráð fyrir, að um 130 nemendur fái húsnæði í 250—300 manna skóla. Það er því fyllilega þörf fyrir þetta húsrými. Það má því alveg eins búast við því, að ekki líði á löngu, að aftur verði skortur á húsnæði. — Ég læt svo útrætt um þetta að sinni, ef ekki gefst sérstakt tilefni til.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Er hv. 1. þm. Eyf. flutti ræðu sína, var ég ekki viðstaddur. Hins vegar er mér sagt, að hann hafi spurt um, hvað ég mundi gera, ef sú heimild, sem sett er fram á þskj. 618, yrði samþ., að óskiptar miðskóladeildir störfuðu við menntaskólana. Ég vil nú ekkert segja um það að svo komnu máli, hvað ég mundi gera. Ég get sagt, að ég hef ekki sannfæringu fyrir því, að ég ætti að nota þessa heimild. Ég gæti hugsað mér, að miðskóladeild starfaði eitthvað áfram á Akureyri, en ég hef ekki sannfæringu fyrir því að nota heimildina, en ef skorið er á þráðinn, mun það að sjálfsögðu valda deilum.

ATKVGR.

Till. á þskj. 619 um að vísa frv. til ríkisstj. felld með 8:8 atkv.

Brtt. 618 (ný 1. gr.) samþ. með 14:1 atkv.

2. gr. samþ. með 12:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14:1 atkv.

Á 65. fundi í Ed., 19. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 669).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:3 atkv. og endursent Nd.

Á 64. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 65. fundi í Nd., 21. jan., var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. minni hl. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Það er augljóst af þskj. 669, að mál þetta hefur tekið allmiklum breytingum í Ed. frá því að það var afgr. héðan frá þessari hv. deild. Í stað þess, að þessi deild gekk þannig frá málinu að fella ákvæðið inn í grein í lögum um menntaskóla, hefur hv. Ed. nú breytt þessu að nýju, og er nú aðeins um bráðabirgðaákvæði að ræða. Ég tel, að þessi breyting sé til bóta og frv. sé nær því nú, sem í upphafi var ætlazt til af flm. þess. Eigi að síður er málið sjálft þannig vaxið, að eðlilegast væri, að þessi deild lögfesti það ekki, og vil ég í því sambandi benda á, að fyrir Sþ. liggur till. til þál. um endurskoðun skólalöggjafarinnar. Um þá till. hefur allshn. Sþ. þegar skilað áliti, og ef hún verður afgr., þá virðist eðlilegast, að frekari ákvörðunum um þetta mál verði frestað.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ef þessu máli væri nú frestað, eins og hv. þm. A-Sk. lagði til, þá mundi engin ákvörðun verða samþykkt um það á þessu þingi, hvort þessi deild ætti að halda áfram. En til þess er engin heimild í lögum, að nokkur ástæða sé að halda þessari deild áfram, og ég held, að endurskoðun fræðslulaganna mundi alls ekki verða til þess að beina málinu í þá átt.

Þegar þetta mál var til umr. í Ed., skýrði ég deildarmönnum þar frá því, að ég hefði enga

sannfæringu fyrir því, að mér bæri að nota þetta lagaákvæði, þó svo að það yrði sett inn. Hins vegar hygg ég, að þetta bráðabirgðaákvæði hafi verið samþykkt í því skyni, ef svo mætti segja, að vinna upp þessar deildir, sem þarna eru nú starfandi, þ. e. a. s., að þeim verði leyft að starfa áfram, þangað til þeir, sem nú eru í þeim, verða komnir upp í efri bekkina. Og í því sambandi lét ég svo ummælt, að ég mundi nota þessa heimild þangað til svo yrði komið.

Þessi hv. deild ræður auðvitað, hvað hún gerir í þessu máli, en það er áreiðanlegt, að hv. Ed. lítur allmikið öðrum augum á málið, og ef því verður nú breytt enn á nýjan leik hér, þá er mjög hætt við, að það muni daga uppi.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég verð að biðja hv. deildarmenn afsökunar á því, að ég er kvefaður og því illa til ræðuflutnings fallinn.

Svo sem bent hefur verið á hér í þessum umr., hefur Ed. gert þær breytingar á frv., að það miðast nú við, að heimild verði veitt til þess, að miðskóladeild megi starfa við menntaskólana fram til ársins 1954. Ég vil aðeins, að það liggi ljóst fyrir, að ég get vel sætt mig við þessa afgreiðslu málsins, þar sem nú er komið að þingslitum og óvíst, ef farið verður að breyta málinu enn héðan af, að það nái fram að ganga. Ekki sízt get ég fellt mig við þessa afgreiðslu eftir að menntmrh. hefur lýst því yfir, að hann muni nota þessa heimild.

Hv. þm. A-Sk. var að tala um það, að réttast væri að vísa þessu máli frá, þar sem fyrir lægi till. til þál. um að láta endurskoða skólalöggjöfina. Það vill nú svo til, að ég á líka nokkurn þátt að því máli, en ég vil vekja athygli á því, að einmitt sú endurskoðun er rök fyrir því, að þetta frv. verði samþykkt, af því að þessi deild hefur verið við menntaskólann á Akureyri, og þó að svo hafi ekki verið formlega nú í vetur, þá hefur hún alltaf verið þar áður fyllilega formlega. Og þó að hún sé það ekki í vetur, þá er niðurstaðan samt sem áður sú, að þessi deild er þar starfandi, og það er í alla staði óeðlilegt að fara að breyta nú til, ef svo skyldi fara, að þessi endurskoðun skólalöggjafarinnar leiddi það í ljós, að hún ætti fyllsta rétt á sér. Ef það kæmi í ljós, er ekki rétt að vera að skera þessa deild af skólanum nú, þar sem hún yrði þá tekin upp aftur.

Ég vænti þess, að hv. deildarmenn ljái þessu máli lið sitt í því formi, sem það nú er í. Það varð til samkomulags við ýmsa andstæðinga málsins í Ed. að fallast á það í þessari mynd, og tel ég rétt, að það verði samþykkt í því formi, sem það nú er.

Frsm. minni hl. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Út af ummælum menntmrh. og hv. 2. þm. Eyf. vil ég taka það fram, að sú deild, sem starfar nú við menntaskólann á Akureyri, starfar þar ekki samkvæmt lagafyrirmælum, heldur er þar um að ræða námsflokk, sem skólinn veitir forstöðu og er algerlega á hans vegum. Þó að þetta frv. næði ekki fram að ganga, sé ég ekki, að skólinn gæti ekki eftir sem áður haldið slíkum námsflokki áfram, enda vil ég á engan hátt leggja stein í götu þess, að svo geti orðið. Ráðherra tók það fram áðan, að þó að milliþn. athugaði um endurskoðun skólalöggjafarinnar, þá mundi hún ekki komast að þeirri niðurstöðu, að lögfesta bæri slíka deild við menntaskólana. Mér virðist, að þessi ummæli séu sízt meðmæli með þessu frv. Ef það er álit skólamanna nú, að ekki sé rétt að lögfesta slíka deild, sýnist mér, að enn minni ástæða sé að samþykkja þetta frv. nú. Annars er rétt að vera ekki að spá neinu um það, að hvaða niðurstöðu slík nefnd kynni að komast. En ég legg áherzlu á það, að ef horfið verður að skipulagsbreytingu á starfi menntaskólanna, þá er nauðsynlegt að athuga það gaumgæfilega áður ásamt þeim skólamönnum, sem færasta má telja á þessu sviði.

Þegar lögin um menntaskólana voru undirbúin, var það gert í fullu samráði við forráðamenn þessara stofnana. Yfirkennari menntaskólans í Rvík átti sæti í nefnd þeirri, sem undirbjó lögin.

Ég mun ekki tefja þetta mál með frekari umr., en vildi aðeins vekja athygli á þessu atriði.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég vil aðeins segja nokkur orð til þess að koma í veg fyrir misskilning, sem mér virtist gæta hjá hv. 2. þm. Eyf. Ég mun aðeins nota þessa heimild sem bráðabirgðaráðstöfun, og hún er ekki bundin því að bíða eftir því, hvað þessi endurskoðun skólalöggjafarinnar leiði í ljós, heldur einungis til þess að ljúka þessum deildum. Ég lít á þessa heimild sem takmarkaða heimild til þess að ljúka þessum deildum, sem fyrir eru í skólanum, en ekki til þess að fara að starfrækja þar miðskóladeild framvegis.

Frsm. meiri hl. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Hæstv. menntmrh. skýrði frá því, að ef þetta frv. yrði samþykkt, þá mundi hann einungis nota þessa heimild til þess að ljúka þeim deildum, sem við skólann eru. Nú er það svo, að lögum samkvæmt er aðeins starfandi ein deild við skólann, því að fyrsti bekkur starfar sem námsflokkur. Ég vil nú skilja þessi ummæli ráðherrans svo, að þetta sé heimild, sem hann muni nota, til þess að báðar þessar deildir geti haldið áfram og lokið námi, og mun gera það, ef hann gerir engar athugasemdir þar við.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég vil aðeins segja örfá orð. — Hv. þm. A-Sk. vék aftur að því, að hann teldi ekki ástæðu til þess að samþykkja þetta frv., jafnvel þó að milliþn. um endurskoðun skólalöggjafarinnar leiddi í ljós, að rétt væri að láta þessa miðskóladeild starfa við menntaskólana. Ég held, að það verði nú erfitt, bæði fyrir þennan hv. þm. og eins menntmrh., að fullyrða nokkuð um það nú, að hvaða niðurstöðu þessi nefnd kynni að komast. En það var annað, sem hann benti á, og það var, að fræðslulöggjöfin hefði verið undirbúin af milliþn., sem ég efast ekki um að hefur verið skipuð ágætum mönnum. En þó að svona hafi verið, þá sér nú Alþingi ástæðu til að láta endurskoða verk þessara manna, og sýnist mér,

meðan sú rannsókn hefur ekki farið fram, að öll rök hnígi að því, að þetta frv. verði samþykkt. Jafnframt vil ég vekja athygli á því, að í þeim námsflokki, sem nú starfar við menntaskólann á Akureyri, en í honum munu vera um 30 nemendur, gildir það, að nemendurnir verða að greiða skólagjald, sem aðrir nemendur við skólann þurfa ekki að greiða, og af þeim sökum getur það komið sér mjög illa fyrir þessa nemendur, ef þetta frv. verður fellt og nám þeirra þannig að litlu gert. En mér skildist á hæstv. menntmrh., að ef þetta frv. yrði að lögum, þá mundi hann sjá til þess, að þessi námsflokkur fái sín fullu réttindi, þótt heimildin verði ekki notuð að öðru leyti, og það þurfi því ekki að valda þessum nemendum neinum óþægindum, þótt þeir hafi ekki starfað undir skólalöggjöfinni í vetur. Og einmitt þetta, að þessi námsflokkur starfar í vetur, stafar af því, að svo leit út í fyrravetur, að meiri hl. hv. þm. væri fylgjandi þessari lagaheimild um miðskóladeild við menntaskólann á Akureyri. Þess vegna var lagt út í það að láta þennan námsflokk starfa við skólann í vetur, þar sem frv. í fyrra dagaði uppi á óvenjulegan hátt og allar líkur bentu til, að það yrði að lögum á yfirstandandi þingi. — Á þessu vildi ég vekja athygli.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég vil í sambandi við ræðu hv. þm. N-Þ. og 2. þm. Eyf. lýsa því yfir, að verði þetta frv. samþ., þá mun ég sjá til þess, að þessi námsflokkur við menntaskólann á Akureyri geti fengið sín fullu réttindi og þurfi ekki að bíða tjón af námi sínu í vetur.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Mér skilst á því, sem hér hefur komið fram, að það vaki fyrir þeim, sem stóðu að þeim breyt. á frv., sem gerðar voru í hv. Ed., að með frv. verði tryggt, að þeir nemendur, sem nú eru í miðskóladeild, eigi að fá að ljúka miðskólanámi í menntaskóla og þar með þeir nemendur, sem eru í þessari aukadeild í menntaskóla Akureyrar. Ber þá ekki að skilja þetta svo, að þetta ákvæði, sem í frv. felst, leyfi ekki, að nýir nemendur verði teknir inn í miðskóladeild menntaskólanna? Ég vænti þess, að þessi skilningur minn verði leiðréttur, ef hann skyldi ekki vera réttur.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KS, MJ, PO, SÁ, StJSt, StgrSt, ÁB, BÓ, EmJ, GG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JPálm, JS, JR, SB.

nei: JörB, MK, PÞ, SG, SkG, AE, ÁS, EOl, EystJ, HÁ, HelgJ, JG, JÁ.

3 þm. (ÓTh, ÁkJ, ÁÁ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 714).

55. Öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

Á 9. fundi í Nd., 11. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um öryggisráðstafanir á vinnustöðum [47. mál] (þmfrv., A. 64).

Á 12. fundi í Nd., 15. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það er nú sjálfsagt óþarfi að hafa langa framsögu fyrir þessu frv. Það hefur legið hér fyrir þrem undanförnum þingum og þá verið gerð ýtarleg grein fyrir efni þess. Auk þess hefur það fengið meðferð í nefndum og verið afgr. frá þessari hv. d. á síðasta þingi. Málið er þannig þrautrætt, og væntanlega hafa allir hv. þm. kynnt sér það.

Ég vil þó aðeins segja það um þetta mál, að eftir því sem árin líða og eftir því sem upp er tekin meiri vélanotkun og hvers konar starfsemi í þessu landi, þá vex hættan jafnframt á því, að þeir, sem með þessi tæki fara og með þeim vinna, geti orðið fyrir áföllum og slysum, eins og því miður raun ber vitni allt of oft. Það er þess vegna með hverju ári sem líður enn brýnni þörf til þess að afgr. þetta frv. eða einhverjar hliðstæðar lagasetningar, til þess að reyna að draga úr þeirri hættu, sem þetta fólk er í, og reyna að koma í veg fyrir slys á vinnustöðum. Þetta frv. stefnir að þessu á tvennan hátt. Annars vegar með því að mæla fyrir um ýmsar öryggisráðstafanir, sem settar skuli á ýmsum vinnustöðum, og í öðru lagi með því að stofna til strangara eftirlits með því, að þessum öryggisráðstöfunum sé framfylgt. Út í efni frv. skal ég ekki fara nánar. Það hefur verið gert ýtarlega og er flutt hér nú í sömu mynd eins og það var flutt hér síðast, að viðbættu því þó, að inn í það eru teknar þær breyt., sem iðnn. þessarar hv. d. var sammála um í fyrra, og auk þess brtt., sem gekk út á að færa til betri vegar orðalag, og sú till. var frá hv. 5. þm. Reykv. (JóhH). Með þessum breyt. er það að öðru leyti flutt óbreytt eins og það lá fyrir síðasta þingi. Öllum hv. þm. er líka kunnugt um það mikla starf, sem liggur bak við þetta frv. Það var hér á sínum tíma eftir ályktun Alþ. sett á stofn milliþn. til þess að undirbúa það, og hún starfaði vel að því um nokkurn tíma að undirbúa það, og þetta frv. er ávöxtur þessa starfs. Frv. þetta hefur þó ekki náð fram að ganga á undanförnum þingum. Það komst það lengst árið sem leið, að hér í hv. d. var það samþ., með nokkrum breyt. þó, sem ég fyrir mitt leyti persónulega taldi ekki allar til bóta. En í hv. Ed. var það stöðvað eða afgr. með rökst. dagskrá. Þessi rökst. dagskrá fól í sér, að það skyldi athugast, hvort ekki væri unnt að sameina þetta eftirlit með öryggi á vinnustöðum, eða véla- og verksmiðjueftirlit, eins og það heitir nú, skipaskoðuninni á þann hátt, að með því fengist ódýrara og effektívara eftirlit, að mér skilst, með báðum þessum málaflokkum. Við athugun, sem ég hef gert á þessu, hefur það þó komið í ljós, að fyrir lá þegar á síðasta þingi umsögn beggja þessara stofnana

um þessa hlið málsins. Og þar var mjög greinilega tekið fram, bæði af verksmiðjuskoðunarstjóra og af skipaskoðunarstjóra, að þeir teldu þetta ekki fært, og þó að það væri gert, mundi það ekki spara nein útgjöld fyrir ríkissjóð. Ég hef umsögn þessara forstjóra beggja hér við höndina og vildi — með leyfi hæstv. forseta — lesa upp það, sem þeir segja um þetta atriði. Eftir að verksmiðjuskoðunarstjórinn hefur í bréfi frá 4. nóv. 1950 lýst aðbúnaði og starfskröftum þeirrar stofnunar, sem hann segir að hafist við í einu herbergi, og séu nú við eftirlitið þrír fastlaunaðir starfsmenn, skoðunarstjóri, skoðunarmaður og skrifstofustúlka, og telur hann, að það starfslið verði á engan hátt takmarkað, þá segir hann hér í bréfinu á eftir:

„Væru fyrr greindar stofnanir sameinaðar, get ég ekki séð, að það gæti sparað starfsmenn, með því að ég tel ekki, að starfsmenn verksmiðju- og vélaeftirlitsins gætu bætt á sig störfum í þágu skipaskoðunarinnar, enda störfin gerólík og sérhæfni starfsmanna sín á hvoru sviði. Þá get ég ekki séð, að hægt sé að ætla verksmiðju- og vélaeftirlitinu minna húsnæði en það hefur nú, enda þótt það væri sameinað skipaskoðuninni."

Mjög samhljóða er álit skipaskoðunarstjóra. Hann segir í bréfi frá 31. okt. 1950, eftir að hafa lýst því nokkuð, hvernig skipaskoðun ríkisins er byggð upp:

„Af framansögðu sé ég ekki, að neinn sparnaðargrundvöllur sé fyrir hendi fyrir sameiningu nefndra stofnana, og tel ekki æskilegt að breyta til frá því fyrirkomulagi, sem nú er, nema sjáanlegt sé, að með því sé fengið aukið öryggi fyrir sjófarendur, en það sé ég ekki, að fengið sé með sameiningu nefndra stofnana."

M. ö. o., álit beggja þessara forstjóra hníga í þá átt, að með sameiningu þessara starfsgreina verði hvorki fengið meira öryggi né heldur náist með því móti neinn sparnaður fyrir ríkið. Og eftir að mér varð kunnugt um þetta — og þar með er þá líka fallin ástæðan fyrir rökst. dagskránni í hv. Ed. — sá ég ekki ástæðu til að bíða með flutning frv. eftir því, að hv. þd. hér, og enn síður eftir því, að hv. þdm. í Ed. tækju rögg á sig um að afgr. málið. Og það hefur líka komið í ljós, að þetta mál, sem hér um ræðir, öryggisráðstafanir á vinnustöðum, er talið af sérfræðingum í iðnaðarmálum eitt hið þýðingarmesta fyrir afkomu iðnaðarins. Hingað var fenginn á síðasta sumri sérfræðingur frá Bandaríkjunum til að kynna sér ástand í iðnaðarmálum okkar í verksmiðjum og á vinnustöðum og gera tillögur um bættar vinnuaðferðir. Þessi maður skoðaði fjölda af verksmiðjum í Reykjavík og líka á Akureyri mjög gaumgæfilega og mun að sjálfsögðu skila áliti sínu til ríkisstj., og kemur þá í ljós, hvað hann hefur til málanna að leggja. Ég átti þess kost að vera viðstaddur í kvöldboði, sem honum var haldið, áður en hann lagði af stað vestur aftur, af Félagi íslenzkra iðnrekenda, þar sem hann flutti ræðu, og er þessi ræða prentuð í tímaritinu Íslenzkur iðnaður. Ég gat ekki betur heyrt en hann gerði það beinlínis að uppistöðu í ræðu sinni og legði á það höfuðáherzlu, að öryggi á vinnustöðum yrði bætt. Og ég gat ekki stillt mig um að taka upp í grg. frv. lokaorð ræðu hans, en þau voru þessi — með leyfi hæstv. forseta:

„Og að lokum eitt atriði enn. Ykkar eigin skýrslur sýna, að á árunum 1944—45 og 1946 töpuðust 104231 vinnudagur og 22 mannslíf vegna slysa á vinnustöðvum. Þar við bættust 37 starfsmenn, sem urðu með öllu óverkfærir af sömu orsökum. Þetta samsvarar vinnu 417 starfsmanna í heilt ár, án þess að tekið sé tillit til þeirrar eymdar og þjáninga, sem þetta fólk og aðstandendur þess hafa orðið fyrir. Getið þið talað um aukna verknýtingu í iðnaði og þessa reynslu í sömu andránni, þegar tillit er tekið til þess, hve hörmulega skortir á nauðsynlegar varúðarráðstafanir gegn slysahættu í verksmiðjum ykkar og vinnustofum? Fyrsta vörn ykkar er ef til vill þessi: „Ég hef ekki efni á því." Leyfið mér að minna ykkur á, að samkvæmt ykkar eigin tölum, þá hafið þið s. l. 7 ár greitt kr. 12920060.00 vegna þessara slysa og auk þess hafið þið misst þessa menn og framleiðslu þeirra. Það er engin nauðsyn að benda á, hvaða ráð er hægt að finna við þessu. Þið þekkið þau eins vel og ég."

Og hvaða ráð eru það svo, sem þessi sérfræðingur á við? Það er að setja reglur um öryggi á vinnustöðum til þess að stöðva þessi slys og fylgja því eftir með eftirliti, að þessum reglum sé hlýtt.

Þetta lagði þessi ameríski sérfræðingur til, og ég álít það ekki vansalaust fyrir Alþ. að hleypa því fram af sér að samþykkja reglur um þetta atriði nú, sérstaklega þar sem Nd. samþ. það í fyrra og ekki skorti nema herzlumuninn, að það næði fram að ganga í Ed.

Ég vona svo, að hv. d. afgr. þetta mál sem fyrst, svo að Ed. gefist kostur á að hafa sem mestan tíma til að athuga það.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Það er fátt að segja um þetta mál nú, en ég vildi aðeins, að það kæmi fram, að það er ekki af ágreiningi um það, að gott sé, að þetta frv. um öryggi á vinnustöðum nái fram að ganga, að ég gagnrýndi það nokkuð hér í fyrra, heldur er það, að svo miklu leyti sem um ágreining er hægt að tala, um breytingar á formi, en ekki á efni frumvarpsins.

Ég lét á sínum tíma í ljós þá skoðun, að ég teldi, að mikið af efni þessa frv. ætti miklu fremur heima í reglugerð en lögum, og ég er enn sömu skoðunar, því að það er ókostur og það meiri ókostur en menn sjá fljótt á litið, ef þau atriði eru sett í lög, sem eðlilegt er að standi í reglugerð. Það leiðir til þess, að löggjöfin verður miklu lausari um þau atriði, sem þar er um að ræða, því að reglugerð má alltaf breyta í samræmi við kröfur tímans og allra aðstæðna, en aftur á móti eru lögin látin danka, unz þau eru orðin úrelt og ekki í samræmi við lífið sjálft eins og það er. En þetta skiptir allt miklu meira form þessa máls en efni þess.

Hitt er það, sem ég vildi vekja athygli á, að ég held, að það sé hæpið að halda því fram, að hægt hefði verið að koma í veg fyrir öll

slys á vinnustöðum með því einu að setja nýjar reglur til að fara eftir. Og ég hygg, að margt af því, sem í þessu frv. stendur, ætti betur heima í reglugerð, þó að segja megi, að þar sé um að ræða spor í rétta átt. Mér finnst ekki heldur veigamikið það álit, sem kom fram hjá hv. flm., að embætti skipaskoðunarstjóra og öryggiseftirlitið mætti ekki sameina, og ég hygg, að það sé allt sagt út í bláinn, að þar sé allt svo smátt, að ekki sé unnt að spara neitt með sameiningu þessara embætta. Ég hygg, að þessum málum verði svo bezt borgið, að þau séu í einni og sömu hendi, og vildi, að þetta kæmi fram, áður en þetta mál fer í n. Ég tel að vísu ekki líklegt, að þar verði miklar breytingar á gerðar, en þó vil ég segja, að ég tel ekki loku fyrir það skotið, sérstaklega ef sá háttur yrði tekinn að færa málið í annað og heppilegra form.

Flm. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það má nú auðvitað alltaf deila um það, hvaða ákvæði eigi að setja í lög og hvaða ákvæði í reglugerð. Og það má vel vera, að það séu nokkur ákvæði í þessu frv., sem heldur ættu heima í reglugerð, og hef ég ekkert á móti því. Aðalatriðið er, að þessu máli sé tryggð framganga. En ég vil þó jafnframt benda á það, að hliðstæð ákvæði eru í lögum meðal nágrannaþjóða okkar á Norðurlöndum, og hefur þar þótt heppilegra að setja þau í lög en í reglugerð. Og allt það, sem sett er í reglugerð, er ólíkt lausara en það, sem sett er í lög, því að reglugerð getur hvaða ráðh. sem er breytt, en lögum verður aðeins breytt hér á Alþingi. Það mun aðallega vera 3. kafli frv., sem kæmi til greina að gæti átt heima í reglugerð. Það eru þar ýmis ákvæði, sem segja má, að ættu frekar heima í reglugerð en lögum, og ég skal ekki setja mig á móti því, aðalatriðið er, að sett verði ákvæði um þetta, en ekki á hvern hátt þau verða sett.

Þá sagði hv. 5. þm. Reykv., að vitanlega væri ekki hægt að koma í veg fyrir slys á vinnustöðum með því að setja um það reglur. Þarna er vitanlega um grundvallarmisskilning að ræða, því að vitanlega geta varúðarráðstafanir komið í veg fyrir, að slys verði, og í því er fólgið mikið aukið öryggi fyrir þá menn, sem vinna á öllum vinnustöðum, og áreiðanlega verður slysahættan minni.

Þau ákvæði, sem nú eru í gildi um öryggi á vinnustöðum, eru síðan 1928, og síðan hafa komið fram við þau breytingar, 1935 og 1940, en það er vitað mál, að þróunin hefur orðið geysileg síðan á því tímabili, sem liðið er, og er tímabært orðið að taka þau lög til athugunar. Og það er vonandi, að það vaki ekki fyrir þessum hv. þm. að segja, að setning þessara laga sé tilgangslaus og það sé alveg sama, hvort þetta frv. verður samþ. eða ekki, en sé svo, er þar um grundvallarmisskilning að ræða.

Um sameiningu skipaskoðunarinnar og öryggiseftirlitsins vil ég segja það, að ég las hér upp álit skipaskoðunarstjóra og verksmiðjuskoðunarstjóra, og þau eru á þá leið, að ég sé ekki, hvað á að vinnast. Í hinni rökst. dagskrá var gert ráð fyrir, að með þessu mættu sparast útgjöld, en það kemur hins vegar í ljós, að með þessu er ekki hægt að fá aukinn sparnað og alls ekki aukið öryggi. En ef það hins vegar yrði til þess að flýta fyrir framgangi þessa máls, að þessi embætti verði sameinuð, skal ég ekki setja mig á móti því, að athugaðir verði möguleikar á því, en hins vegar legg ég til, að þessi embætti verði aðskilin hér eftir eins og hingað til.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég vil ekki skilja svo við þetta mál, að því sé haldið fram, að ég áliti það þýðingarlaust, að þetta frv. verði samþ. Og ég held, að hv. flm. hafi sjálfur misskilið, þegar hann talar um grundvallarmisskilning hjá mér. Ég sagði ekki, að slys hefðu orðið, þó að reglur hefðu verið, og eins og ég tók fram, þá tel ég mikið unnið með því, að settar verði aðrar og fullkomnari reglur til þess að losna við þær þjáningar, sem slysum eru samfara. En ég vildi vekja athygli á því, að það er ekki alltaf að kenna óreglu og skipulagsleysi, þó að slys verði á vinnustöðum, og eins er það ekki nægilegt, að settar séu reglur til þess að fyrirbyggja, að slys komi fyrir á vinnustöðum; þau geta komið fyrir eftir sem áður.

Eins finnst mér það hafa komið í ljós við þessar umr., að um það megi alltaf deila, hvað eigi að standa í reglugerð og hvað í lögum, og ég tel, að það sé full ástæða til, að það atriði verði athugað gaumgæfilega í þeirri n., sem fær þetta mál til athugunar, sérstaklega með hliðsjón af þeirri afgreiðslu, sem málið fékk hér á þingi í fyrra. Og eins finnst mér, að sérstaklega ætti að athuga það, að fyrir það, hvernig þetta mál var afgr. hér í þessari d. í fyrra, varð það til þess, að það var afgr. með rökst. dagskrá frá hinni deildinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til iðnn. með 18 shlj. atkv.

Á 26. og 28. fundi í Nd., 12. og 15. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Nd., 16. nóv., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 64, n. 184, 183, 221).

Frsm. (Emil Jónsson): Herra forseti. Iðnn. hefur haft þetta mál til athugunar og rætt það á nokkrum fundum sínum. Hún hefur einnig átt viðtal við hæstv. iðnmrh. og skipaskoðunarstjóra og verksmiðjuskoðunarstjóra ríkisins, sérstaklega með hliðsjón af þeirri afgreiðslu, sem þetta mál fékk hjá Ed. á síðasta þingi, en þar var málið afgr. með rökst. dagskrá, svo hljóðandi:

„Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti athuga frv. á ný og m. a., hvort ekki sé hagkvæmt og eðlilegt að sameina skipaskoðun ríkisins og verksmiðjueftirlit undir eina öryggismálastofnun og hve mikið það kynni að spara í útgjöldum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Þetta var það fyrsta, sem n. athugaði í sambandi við afgreiðslu þessa máls nú, og kom það í ljós samkvæmt þeim vitnisburðum, sem fyrir lágu um málið, að það mundi að mjög óveru-

legu leyti sparast nokkuð, þó að þessar tvær stofnanir væru sameinaðar, því að bæði skipaskoðunarstjórinn og verksmiðjuskoðunarstjórinn töldu, að þeirra skrifstofukostnaður og mannahald væri þannig, að hvorugt mundi minnka, að minnsta kosti svo að nokkru næmi, þó að sameinaðar væru þessar tvær stofnanir. Ef skipaskoðunin væri lögð undir verksmiðjueftirlitið, þá töldu þeir, að það yrði a. m. k. að hafa einn fulltrúa í staðinn fyrir skipaskoðunarstjóra, sem mundi þá taka næstum eins mikil laun og skipaskoðunarstjórinn hefði haft, en annað mannahald væri það sama. Og á hinn bóginn væri það alveg eins, þó að verksmiðjueftirlitið yrði lagt undir skipaskoðunina, þá yrði að hafa sérstakan fulltrúa, sem með verksmiðjueftirlitið færi, og mundi mismunurinn á hans launum og verksmiðjuskoðunarstjórans ekki verða meiri en það, að laun og húsnæði og annar kostnaður, sem þar kæmi til, mundi ekki minnka neitt sem héti, þótt þessi sameining færi fram. Hæstv. ráðh. taldi einnig, að rn. hefði athugað þetta mál og ekki séð ástæðu til, að fram færi nein frekari athugun á því en þegar hefur verið gerð. En forstjórar þessara stofnana, bæði verksmiðjuskoðunarstjórinn og skipaskoðunarstjórinn, töldu hins vegar, að sízt mundi vinnast neitt í öryggi, þó að stofnanir þessar væru sameinaðar, nema kannske þvert á móti, svo að þessi hugsun um sameiningu á þessum stofnunum var ekki að áliti n. talin vera þannig, að út í það ætti að fara, og það held ég að megi fullyrða, að nm. hafi verið yfirleitt á einu máli um það. Einnig segir í nál. iðnn. á þskj. 184, að n. leggi til, að frv. verði samþ., en með nokkurri breyt. Öll n. er eftir atvikum sammála um þá breyt., sem kemur fram á þskj. 184, að fella niður 12., 13., 14. og 15. gr. frv., sem sundurliða nokkuð nákvæmlega ýmsan aðbúnað á vinnustöðum, hvernig hann skuli vera í einstökum atriðum, bæði um lofthæð, loftrúm, gólf, lýsingu, hita o. fl., sem skal vera á vinnustöðum, en leggur til í staðinn, að ákvæði um þetta verði sett í reglugerð. Þetta tók n. upp, bæði samkvæmt óskum, sem um þetta höfðu komið fram hér í þessari hv. deild, og eins við afgreiðslu málsins í hv. Ed. í fyrra, þannig að hún fellst á, að það mundi vera fullt eins eðlilegt, að þessi ákvæði væru sett með reglugerð, en ekki bundin með l. Með því að hafa um þetta reglugerðarákvæði, en ekki lagasetningu, þá er þetta hreyfanlegra kannske, má segja, eftir því sem ástæður breytast og nauðsyn er á að setja ný ákvæði með breyttum kringumstæðum, þó að hins vegar í nágrannalöndum, sem þetta frv. um þessa lagasetningu er miðað við, séu lagaákvæði um það, hvernig þessum málum skuli skipað. En sem sagt, eftir atvikum og til að greiða fyrir framgangi málsins, þá fellst öll n. á að gera þá breyt. að fella niður þessar greinar með þeim sérákvæðum, sem þær hafa að geyma, og setja í staðinn eina almenna grein um, að ráðh. setji að fengnum till. öryggismálastjóra eða öryggisráðs, ef það verður haft, ákvæði um ráðstafanir til verndar heilbrigði og velferð verkamanna, sem vinna í verksmiðjum og á verkstæðum o. s. frv. Það er í brtt. gert ráð fyrir, að hvort tveggja verði til, að öryggisráð verði, eins og hefur verið gert ráð fyrir, og eins hitt, að það geti komið til, að brtt. hv. þm. V-Húnv. verði samþ., og ef svo verður, þá verða þessi orð, sem standa í svigum um öryggisráð, ekki talin með í okkar till. — Aðrar brtt. hefur n. ekki að gera.

Ég sé ekki ástæðu til að fara út í að ræða einstök atriði frv. Það hefur verið svo margrætt hér á Alþ. áður. Hins vegar flytja tveir nm., hv. þm. V-Húnv. (SkG) og hv. þm. Mýr. (AE), brtt. nokkrar á þskj. 183, og nú rétt í þessu var verið að útbýta brtt. enn á þskj. 221. Um þessar brtt. skal ég ekki ræða að svo stöddu, en geri ráð fyrir, að hv. flm. lýsi þeim frá sínu sjónarmiði og hvað bak við þær liggur.

Ég leyfi mér svo að leggja til, að frv. verði afgr. með þeim brtt., sem iðnn. hefur samþ., og vænti, að málið geti gengið áfram, en þurfi ekki tímans vegna að fara fyrir því eins og á síðasta þingi, að það hálfpartinn dagi uppi, því að ein ástæðan fyrir því, að það var þá afgreitt eins og gert var, var sú, að ekki gafst tími til að afgreiða það.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Auk þeirra brtt., sem hv. iðnn. flytur á þskj. 184 og hv. frsm. n. gerði grein fyrir, þá flytjum við, ég og hv. þm. Mýr., brtt. við frv. á þskj. 183. Það má segja, að þessar brtt. okkar snerti aðeins eitt atriði í frv., sem er 7. kafli þess, um öryggisráð. Samkvæmt þeim kafla er gert ráð fyrir því, að ráðh. skipi 5 manna öryggisráð til 6 ára í senn, og ákvæði eru um það, hvernig þetta ráð skuli skipað og hvert verkefni þess sé. Ákvæðin um öryggisráð voru einnig í frv. því um þetta efni, sem lá fyrir á síðasta þingi, þegar það upphaflega var flutt. En samkvæmt till., sem ég bar þá fram um að fella ákvæðin um öryggisráð niður, þá samþ. þessi hv. d. það. Og þannig fór frv. frá þessari hv. d. á síðasta þingi, að öryggisráðið var fellt niður. Ég er alveg sömu skoðunar um þetta atriði og í fyrra, að aðalatriðið í þessu máli sé það, að sá maður, sem valinn verður til þess að hafa eftirlit í þessum málum, þ. e. a. s. öryggismálastjóri og aðstoðarmenn hans, sinni þessum störfum einungis. Það hefur verið nokkur misbrestur á þessu að undanförnu. Sá maður, sem hefur verið í þjónustu ríkisins við véla- og verksmiðjueftirlitið, hefur haft ýmsum öðrum störfum að gegna fyrir það opinbera, og hefur það tekið tíma frá öryggiseftirlitinu. Þannig tel ég, að þetta eigi ekki að vera framvegis, heldur að þeir menn, sem til þess eru ráðnir að hafa þetta eftirlit, sinni þessu starfi eingöngu. En ég hef ekki trú á, að það sé til bóta, sem hér er lagt til í frv., að hafa 5 manna öryggisráð. Það liggur í hlutarins eðli, að þeir menn mundu hafa þetta sem aukastarf og hefðu aðallega annað að starfa. Og ég hygg, að gagnið verði ekki svo mikið af þessu ráði, þó að það kæmi saman til fundar stöku sinnum, að ástæða sé til að setja það upp. Við höfum nóg af ráðum í þjóðfélaginu og engin ástæða til að fjölga þeim.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta, vegna þess að hv. þm. mun vera í fersku minni það, sem um þetta mál var sagt á síðasta þingi. Ég geri ráð fyrir, að eins og meiri hl. hv. d. þá samþ. að fella niður ákvæðin um öryggisráð úr frv., þá muni það einnig verða gert nú.

Eins og ég sagði, þá eru flestar brtt. okkar á þskj. 183 um þetta atriði. Þó er þarna ein brtt., sú 16., um það að umorða 1. málsgr. í 43. gr., og ég má segja, að við leggjum þarna til, að þessi málsgr. verði orðuð á sama veg og hv. d. samþ. á þinginu í fyrra að hafa hana.

Hér hefur borizt nú á þessum fundi þskj. 221, og eru þar brtt. við frv. frá hv. 5. þm. Reykv. (JóhH). Ég geri þær ekki að umtalsefni að svo stöddu, því að hann er ekki farinn að lýsa þeim enn. En þar er að minnsta kosti ein till., sem ég tel varhugavert fyrir hv. þdm. að samþykkja, og kem ég kannske að því síðar, eftir að hv. flm. hefur lýst þessum tillögum.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég vil byrja með því að lýsa þeirri skoðun minni, að þær brtt., sem n. leggur til, álít ég að séu til bóta og í samræmi við þá skoðun, sem ég lét uppi um þetta við 1. umr. þessa máls. — Varðandi brtt., sem þeir flytja, hv. þm. V-Húnv. og hv. þm. Mýr., þá held ég, að þær hafi flestar verið fluttar hér á síðasta þingi og að það, sem tekið hefur verið með í þessum brtt., hafi verið samþ. þá. Og ég er hv. flm. sammála um það, að ekki sé ástæða til að skipa þetta sérstaka öryggisráð, sem frv. gerir ráð fyrir, og sé því til bóta að fella ákvæðin um það úr frv., og ég hafði þá afstöðu á síðasta þingi.

Ég hef orðið nokkuð síðbúinn með að flytja þær brtt., sem útbýtt hefur verið hér í dag á þskj. 221, og skal ég gera grein fyrir þeim. Þær voru allar fluttar af mér á síðasta þingi. Tvær fyrstu brtt. voru þá samþ., en hv. flm. frv. hefur samt ekki séð ástæðu til að taka ákvæði þeirra upp í frv., þegar hann flytur það nú, en ég geri ráð fyrir því, að þær muni hafa stuðning þingmeirihlutans nú eins og á síðasta þingi, og tel ég þær ekki nema sjálfsagða lagfæringu á því, sem þær taka til.

Varðandi 3. brtt., við 11. gr., hef ég ekki meira að segja en ég hef áður gert hér í hv. d., að hún miðar að því — að mínu áliti — að gera meðferð þessara mála einfaldari og skriffinnskuna minni en ef fylgt er þeim ákvæðum, sem eru í 11. gr. frv. En þessi 3. brtt. er umorðun á 11. gr. Það verður með þeim hætti, sem brtt. leggur til, nokkuð önnur aðferð við framkvæmd þessara mála, sem að minni hyggju verður heldur til þess að draga úr skrifstofubákni og skriffinnsku frá því, sem gert er ráð fyrir í frv. Að öðru leyti tel ég ekki að sé verulegur efnismunur á brtt. og frv., og sé þar meira um formsbreyt. að ræða.

4. brtt. var einnig flutt á síðasta þingi af mér, en þá við aðra gr. frv. Við nánari athugun frv. tel ég eðlilegra, að þessi brtt. sé flutt við 20. gr., sem er um ráðstafanir til að verjast slysum. Eins og greinin er nú, þá eru ákvæði þar um aflvélarnar, hvernig þær skuli gerðar og með þeim hætti, að sem minnst hætta stafi af þeim við ræstingu og á annan hátt. Og aftan við þessi ákvæði tel ég eðlilegt að komi: „Á vinnustöðum, þar sem aflvélar eru eða önnur vélknúin tæki notuð við reksturinn, skal að jafnaði vera starfandi maður eða menn, er hafa þekkingu á vélum þeim og tækjum, sem á vinnustöðum eru.“ Um þetta var nokkur ágreiningur í fyrra og skiptar skoðanir. Samkvæmt þeirri reglugerð, sem nú gildir, frá 1929, er skylda að hafa vélstjóra við allar vélar í verksmiðjunum, og í fyrra var vitnað til þess, að þar af leiðandi væri þetta óþarft, sem í þessari brtt. er. Ég er ekki sammála því. Það er ekki ástæða til þess að þetta standi ekki í l., þó að það sé nú í reglugerð. Hins vegar tel ég, að það verði verkefni nýrrar endurskoðunar á reglugerð um þessi mál að setja ákvæði um réttindi og skyldur vélstjóra og hvaða kröfur eigi að gera til þeirra. En hinu tel ég að þurfi að slá föstu í l., að við vélarnar verði sérfróðir menn, sem er líka haft í framkvæmdinni samkvæmt gildandi reglugerð.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þessar brtt. mínar að svo komnu. Ég vænti, að þar sem þær voru samþ. í fyrra, þá verði þær líka samþ. nú.

Frsm. (Emil Jónsson): Herra forseti. Um þessar tvær brtt. á þskj. 183 frá minni hl. iðnn. og á þskj. 221 frá hv. 5. þm. Reykv. langar mig aðeins að segja nokkur orð. Eins og hv. frsm. minni hl. — eða ég veit ekki, hvort á að kalla það minni hluta, því að n. er ekki klofin um málið — eins og hv. fyrri flm. till. komst að orði, þá eru þessar brtt., þótt yfir 20 séu, að mestu leyti um eitt atriði, þ. e. a. s. um að fella niður úr frv. ákvæðin um öryggisráð. En eins og hann lýsti, þá gerir frv. eins og það er nú ráð fyrir, að kosið verði öryggisráð, þannig skipað, að Alþýðusamband Íslands, Félag íslenzkra iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna tilnefna í ráðið tvo verkamenn og tvo fulltrúa vinnuveitenda og síðan verður einn maður skipaður af ráðh., án tilnefningar. Þetta atriði er sett í frv. til þess að fá viðkomandi aðila, bæði verkamenn og atvinnurekendurna, til þess að reyna að interessera sig fyrir því, að allur aðbúnaður í verksmiðjum og á vinnustöðum sé í því lagi, sem l. gera ráð fyrir, og enn fremur til þess að vera á verði um það að taka upp öll nýmæli, sem fram kunna að koma og gætu verið til að auka öryggi á vinnustöðum frá því, sem lögboðið er, m. ö. o., hafa frumkvæði að setningu nýrra ákvæða, þar sem það gæti orðið til bóta. Ég er þess vegna eindregið á móti því, að ákvæðin um þetta öryggisráð verði felld niður, og vænti, að hv. flm. till. geti einnig á það fallizt, því að ég tel það stórt spor í þá átt að gera l. virkari í því efni, sem þau eiga að ná til, heldur en ella, og það séu meiri líkur til, að þau komi að fullum notum, ef öryggisráð er starfandi, heldur en ef það er ekki.

Um brtt. hv. 5. þm. Reykv. get ég verið fáorður. 1. og 2. og reyndar 3. brtt. líka eru ekki að verulegu leyti a. m. k. neinar efnisbreyt.;

að vísu eru ákvæði fyrstu brtt. um það, hver ber ábyrgð á gæzlu farandvélar, nokkuð ólík því, sem tíðkast um aðrar vélar. Er nokkur meiri þörf á því að tilkynna, hver ber ábyrgð á gæzlu farandvélar, heldur en að tilkynna um slíkt viðkomandi öðrum vélum, sem öryggiseftirlitið hefur umsjón með? Ég sé ekki, hver meiri ástæða er til að skýra öryggiseftirlitinu frá því, hver beri ábyrgð á farandvélum, heldur en með aðrar vélar, sem undir eftirlitið heyra. Menn koma og fara í þessu efni, og það er ekki alltaf auðvelt að gera aðvart um það, hver með þessar vélar fari. Ég sé ekki, hvaða ástæða getur verið til þess að hafa þetta öðruvísi en um aðrar vélar. Annars skiptir þetta ekki miklu máli.

Önnur brtt. er um það, að í staðinn fyrir að það beri að lagfæra, ef eitthvað ber út af, þá komi, að það skuli tilkynna það, sem út af ber. Ég kynni betur við það, sem í frv. stendur, og tel ekki verulega bót að því, að fyrst verði byrjað á því að tilkynna þetta, ef l. annars gera ráð fyrir, að það, sem að er, skuli lagfært. Mér er kunnugt um, að verkamenn ýmsir, sem hafa um þessi mál hugsað, eru því mjög fylgjandi, að ákvæði líkt og þetta verði sett í l. Og eins er mér kunnugt um, að atvinnurekendur, sumir að minnsta kosti, sem ég hef átt tal um þetta við, eru einnig áhugasamir um, að einhver ákvæði af þessu tagi verði sett í l. Lagasetningar og reglugerðarsetningar er atriði út af fyrir sig. Og eftirlitið yfirleitt og l. og reglugerðirnar koma náttúrlega ekki að fullu gagni, nema vakað sé yfir því, að þessum l. og reglugerðum sé hlýtt.

Ég er alveg sammála hv. fyrri flm. till. á þskj. 183, hv. þm. V-Húnv., þar sem hann sagði, að öryggismálastjóri ætti að hafa þetta starf á hendi eingöngu. En þó að hann hafi þetta starf á hendi eingöngu, þá getur það verið honum mikið til styrktar að hafa við hlið sér menn, sem eru á vinnustöðunum og hafa aðgang að vinnustöðunum og finna, hvar skórinn kreppir að, og finna, hvar betur mætti fara heldur en er. Ef æskilegt samstarf tækist á milli þessara aðila, verkamannanna, sem eiga að búa að þessum öryggisútbúnaði, og atvinnurekenda, sem eiga að láta þetta í té, þá á það áreiðanlega að verða til þess að auka möguleika fyrir því, að þessi öryggisútbúnaður sé eins og bezt má verða á þessum stöðum.

Mér skilst, að einasta hugsun hv. flm., eftir því sem hann sagði, sé sú í sambandi við afnám þessa öryggisráðs, að það sé þegar of margt af þessum ráðum í landinu og það sé því ekki ástæða til að bæta einu ráðinu þar við. En þessi skoðun réttlætir ekki það að fella niður ákvæði um öryggisráð úr frv., ef rökstudd ástæða er til, að gagn muni vera af því, sem ég hygg tvímælalaust að geti orðið, ef farið er eftir því, sem í frv. er gert ráð fyrir um vinnubrögð þess.

Þriðja brtt. er svo um það, að ekki þurfi að sækja um leyfi til öryggismálastjóra til þess að setja á stofn verksmiðju. Og hins vegar má ekki samkvæmt brtt. taka verksmiðju til afnota fyrr en eftirlitsmaður hefur gefið viðkomandi skoðunarvottorð um, að allur útbúnaður sé í fullu lagi. Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir, að samþykki öryggismálastjóra verði fengið áður en hafizt er handa. En samkv. brtt. er gert ráð fyrir, að þetta leyfi verði fengið, þegar búið er að reisa verksmiðjuna, og gæti þá farið svo, að það hefði verið fullt eins heppilegt að leita þessa samþykkis áður en byggingin hefði verið hafin.

Fjórða brtt. er svo um vinnuréttindi vélstjóra, eða m. ö. o., að setja skuli ákvæði um það, að ekki megi aðrir fara með vélar en þeir, sem til þess hafa full réttindi. Þetta var rætt hér á síðasta þingi og til þess vísað, að þessi ákvæði mundu frekar eiga heima annars staðar en í þessum l. Og ég álít enn, að svo sé.

En annars eru þessar brtt. á þskj. 221, að mér finnst, ekki svo sérstaklega veigamiklar, þó að ég hins vegar sjái ekki, að þær séu nauðsynlegar. En ég legði miklu meira upp úr því, að till. á þskj. 183 yrði ekki samþ., og ég fyrir mitt leyti mun ekki greiða atkvæði neinum af þeim af þeim ástæðum, sem ég hef lýst, að ég tel, að þær muni ekki hafa þau áhrif, að það sé að minnsta kosti um verulegar bætur af þeim að ræða, heldur hið gagnstæða.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Þegar ég áður ræddi um brtt. á þskj. 183, láðist mér að minnast á tvö atriði. Það er brtt. á þskj. 183 við 32. gr. frv. Greinin hljóðar svo: „Bifreiðarstjórar, sem að staðaldri flytja fólk, og stjórnendur þeirra véla, er mönnum getur stafað sérstök hætta af, skulu ekki hafa lengri vinnutíma en 12 stundir á sólarhring.“ Við leggjum til, að á eftir orðinu „skulu“ bætist inn í greinina „að jafnaði“. — Þetta var samþ. á síðasta þingi. — Eins stendur á um aðra brtt., 18. brtt. á þskj. 183 við 45. gr., en þar segir: „Í hverju fyrirtæki, þar sem 5 verkamenn eða fleiri vinna að staðaldri, skulu þeir velja sér trúnaðarmann, er viðurkenndur sé af vinnuveitanda.“ Við leggjum til, að í staðinn fyrir „skulu þeir velja“ í 1. málsgr. komi „er þeim heimilt að velja“. — Þessi till. er um sama efni og till., er var flutt hér í fyrra og var þá samþ., og skal ég því ekki fjölyrða um það frekar. Það þýðir ekki að eyða tíma í að ræða um öryggisráðið við hv. þm. Hafnf., ég geri ekki ráð fyrir, að hann taki sinnaskiptum í málinu.

Þá vil ég minnast á brtt. hv. 5. þm. Reykv. Hinar þrjár fyrstu eru ekki veigamiklar, en hina fjórðu tel ég varhugaverða, a. m. k. síðari málsgr. Þar skilst mér, að flm. vilji slá því föstu, að til vélgæzlu við ýmis fyrirtæki verði ekki ráðnir menn nema með meira vélstjórapróf. Ég tel það varhugavert að setja slíkt fortakslaust í l. og gera ómögulegt að reka minni fyrirtæki þessarar tegundar án þess að hafa lærða vélstjóra. Þetta veldur óþægindum hjá öllum þeim fjölda smárafstöðva, sem eru í smáþorpum, sveitum og bæjum, og gerir jafnvel ókleift að hafa þessar stöðvar, ef þetta verður lögleitt. Ég held, að það sé líka óþarfi að setja slík ákvæði í l. Ég vil því beina því til hv. 5. þm. Reykv., hvort hann sæi sér ekki fært að taka aftur 4. brtt. sína.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Þó að hv. þm., er hefur talað, telji brtt. mínar ekki veigamiklar, tel ég, að þær séu ekki þýðingarminni en annað í frv. Það er rétt, að þessar brtt. eru ekki fluttar með þeim röksemdum, að þær skipti höfuðmáli, en þær eru þó allar til bóta. Hv. þm. Hafnf. virtist telja, að verkamenn ættu að lagfæra, ef eitthvað færi úr lagi. Ef þetta ákvæði er óbreytt, getur það valdið slysum að leggja á verkamenn að lagfæra það, sem fer aflaga. Þetta getur átt við rafknúin tæki, sem þeir bera ekki skynbragð á, og getur stofnað til vandræða, ef þeir telja sér skylt að lagfæra það, sem aflaga fer. Ég tel því, að till. verði til þess að draga úr slysahættu.

Varðandi 4. brtt. er mér liðinn úr minni sá ágreiningur, er varð út af þessu á síðasta þingi. Það má til sanns vegar færa, að rafstöðvar í sveitum nái undir þessi ákvæði, en það finnst mér vera of langt gengið. Mér finnst ekki vera ástæða til, að ég taki mína till. aftur, þar sem hún er í samræmi við ákvæði, sem nú eru í gildi. Efni hennar er, að á vinnustöðum, þar sem að jafnaði vinnur margt fólk og vélar eru notaðar, skuli maður með þekkingu annast eftirlit með vélunum. — Ég legg til við forseta, að hann beri till. upp í tvennu lagi, ef hv. þm. finnst hún vera of takmörkuð.

Það er misskilningur hjá hv. þm. Hafnf., að það séu sérstök ákvæði um vélstjóra í þessum l. Það eru engin ákvæði um rétt vélstjóra, heldur er það sett til að forða slysum, að menn með sérþekkingu verði settir til gæzlu véla á vinnustöðum. Eins og ég sagði áðan, er kveðið á um það á öðrum stað, hve miklar kröfur eigi að gera til vélstjóra á hverjum vinnustað. Þá koma kröfur um sérþekkingu manna, sem bera ábyrgð á meðferð aflvéla á vinnustöðum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 30. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Nd., 22. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 221,1 samþ. með 16:7 atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 183,1 samþ. með 16:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÁ, SkG, StgrSt, AE, ÁB, BÓ, EystJ, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JG, JPálm, JS, PÞ, PO.

nei: SG, StJSt, MJ, ÁÁ, ÁS, EOl, EmJ, GTh, GÞG, JÁ, JR, SB.

KS, ÓTh greiddu ekki atkv.

5 þm. (ÁkJ, FJ, GG, JörB, LJós) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 221,2 samþ. með 16:5 atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 183,2 samþ. með 16:9 atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 183,3 samþ. með 16:4 atkv.

9. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 183,4 samþ. með 17:5 atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 221,3 (ný 11. gr.) samþ. með 17:7 atkv.

— 183,5 kom ekki til atkv.

Frsm. (Emil Jónsson): Ég vil aðeins vekja athygli forseta á því, að þar sem öryggisráð hefur verið fellt niður, þá falla orðin innan hornklofanna, „og öryggisráðs“, niður úr brtt. n. á þskj. 184.

Brtt. 184 (ný 12. gr., í stað 12.—15. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.

16.—19. gr. (verða 13.—16. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.

Jóhann Hafstein: Út af þeirri viðbótartill., sem ég hef flutt við 20. gr., vil ég leyfa mér að fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann beri hvora málsgr. till. upp um sig.

Brtt. 221,4 fyrri málsgr. samþ. með 20 shlj. atkv.

— 221,4 síðari málsgr. felld með 17:6 atkv.

20. gr. (verður 17. gr.), svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

21.—23. gr. (verða 18.—20. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 183,6 samþ. með 14:6 atkv.

24. gr. (verður 21. gr.), svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

25.—29. gr. (verða 22.—26. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 183,7 samþ. með 17:6 atkv.

30. gr. (verður 27. gr.), svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

31. gr. (verður 28. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 183,8 samþ. með 17:4 atkv.

32. gr. (verður 29. gr.), svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 183,9 samþ. með 17:4 atkv.

33. gr. (verður 30. gr.), svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 183,10 samþ. með 17:3 atkv.

34. gr. (verður 31. gr.), svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

35. gr. (verður 32. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því, að brtt. 11—15 á þskj. 183 eru allar um orðin „og öryggisráð“ eingöngu. Væri ekki hægt að flýta fyrir atkvgr. með því að taka alla þessa liði sameiginlega við atkvgr.?

Forseti (SB): Ef ekki koma mótmæli gegn þessum tilmælum, ber ég alla liðina upp saman.

Brtt. 183,11—15 samþ. með 18:3 atkv.

36.—42. gr. (verða 33.—39. gr.), svo breyttar, samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 183,16 samþ. með 16:6 atkv.

43. gr. (verður 40. gr.), svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 183,17 samþ. með 17:4 atkv.

44. gr. (verður 41. gr.), svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 183,18 samþ. með 16:5 atkv.

45. gr. (verður 42. gr.), svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

46. gr. (verður 43. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 183,19 samþ. með 16:3 atkv.
47. gr. (verður 44. gr.), svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 183,20 (48.—49. gr. falli niður) samþ. með 16:8 atkv.
— 183,21 samþ. með 17:1 atkv.
50. gr. (verður 45. gr.), svo breytt, samþ. með 22:1 atkv.
51.—52. gr. (verða 46.—47. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
53.—54. gr. (verða 48.—49. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., 26. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 257, 264).

Frsm. (Emil Jónsson): Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls voru gerðar nokkrar breyt. á frv., en við nánari athugun þótti heppilegra að færa tvö atriði til annars vegar, þ. e. í fyrsta lagi, að í stað „ráðuneytis“ komi „ráðherra“ á tveimur stöðum, og er það gert til samræmis við önnur atriði frv. — Í öðru lagi er sú breyt. á 25. gr., að í stað þess, að þar er vitnað í ákveðna grein, er lagt til, að vitnað verði í reglugerð eftir þeirri grein. Það hafði láðst að lagfæra þetta áður, en þar sem greininni, sem vitnað var í, var breytt, þurfti að sjálfsögðu að gera þessa lagfæringu. — Það er því sem sagt ekki um að ræða verulegar breyt. á frv.

ATKVGR.
Brtt. 264,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 264,2 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 264,3 samþ. með 18 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 35. fundi í Ed., 27. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 271).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til iðnn. með 11 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Ed., 11. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 271, n. 555 og 571).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Páll Zóphóníasson): Ég hefði viljað mælast til þess, að hæstv. iðnmrh. væri viðstaddur.

Forseti (BSt): Ég hef tekið fram fyrr, að það er ekki í mínu valdi að sjá um, að einhver ákveðinn sé viðstaddur, auk þess sem ekki er þægilegt að fara úr forsetastól, þegar varaforsetar eru ekki viðstaddir, til þess að leita.

Frsm. meiri hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég held, að mér sé óhætt að segja, að við 3 nm., sem stöndum saman í þessu máli, vorum sammála um, að ekki þyrfti að gera svo miklar breyt. á frv. eins og minni hl. taldi að gera þyrfti, og mun það koma fram við atkvgr. um brtt. hv. þm. Barð. og hv. þm. Vestm., hverju við fylgjum og hverju ekki; það gæti orðið sitt á hvað.
Það, sem ég tel aðalatriðið í þessu máli og vildi heyra álit ríkisstj. um, er það, hvort hún teldi ekki vit í að samræma í eina heild allt öryggiseftirlit, sem nú er í landinu. Það kostar þjóðina fleiri milljónir allt þetta öryggiseftirlit, sem nú er, og ég hef trú á því, að það sé hægt að gera þetta eftirlit kostnaðarminna en það nú er.
Það, sem ég vildi fá að heyra frá hæstv. ríkisstj., er, hvað hún álíti í þessu máli, og treysti hún sér ekki til að segja neitt um það nú, þá er ég til í að samþ., að það bíði til næsta þings. Ég vil fá að heyra álit ráðh. á þessu, en hann er ekki viðstaddur nú. Afstaða mín nú fer eftir því, hvort hæstv. ríkisstj. sjái sér fært að láta rannsaka þetta fyrir næsta þing, og ef svo væri, þá væri hægt t. d. að samþ. frv. til bráðabirgða nú eða láta það daga uppi. Það er þetta, sem ég vil fá að heyra álit hæstv. ríkisstj. um og heyra, hvað hæstv. ráðh. segir í málinu. Það mundi sparast við það fé, ef þetta væri sameinað undir eina stjórn. Ég vildi hafa hæstv. ráðh. viðstaddan vegna þessa, því að ég vil fá að heyra álit hans, svo að ég geti tekið afstöðu til þeirra brtt., sem fram hafa komið, áður en atkvgr. fer fram. Mér er vel ljóst, að þeir, sem eru þessu mótfallnir, segja, að það verði erfitt að hafa allt þetta eftirlit á einni skrifstofu, en ég er ekki viss um, að svo verði, nema síður sé. Hví má ekki sameina allt þetta eftirlit í eina heild? Það er augljóst mál, að það verður handhægara í meðförum þannig. — Ég vil mælast til þess við hæstv. forseta, að hann láti atkvgr. ekki fara fram, fyrr en við höfum fengið að heyra álit hæstv. ráðherra.

Forseti (BSt): Ég get ekki — og hef sagt það áður — tekið neina ábyrgð á mig í því efni, að hæstv. ráðh. sé viðstaddur umr., en vitanlega gæti ég skilað þessu til hæstv. ráðh., ef tækifæri gefst, en auðvitað gæti hv. þm. sjálfur hringt til hæstv. ráðh. Þeir fá dagskrá eins og aðrir og vita, hvaða mál eru til umræðu.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég vil aðeins, áður en ég sný mér að aðalræðunni, sem bæði verður löng og ýtarleg, láta í ljós undrun mína yfir nál. meiri hl. Mér skildist, að það væru tveir nm., sem ekki væru tilleiðanlegir til að samþ. frv. eins og það liggur fyrir. Þetta mál er þannig, að það hefur gengið gegnum 6—8 umr. í Nd. Á undanförnum þingum hefur það verið margrætt, en aldrei verið samþ. vegna þess, að alþm. hafa verið tregir

til að afgr. málið. Það er því ekki hægt að segja, að hv. þm. hafi ekki haft aðstöðu til að athuga málið.

Ég verð að segja, að mér þykir mjög miður, að iðnmrh. skuli ekki vera viðstaddur, en ég er ekki að ásaka hæstv. forseta. Þó að hann eigi ekki sæti í þessari d., þá heyrir málið undir hann, og væri æskilegt, að hæstv. ráðh. vildi sýna jafnmikinn áhuga fyrir þessu máli og hæstv. dómsmrh. sýnir, því að það tel ég til fyrirmyndar. Ég vildi mælast til þess við hæstv. dómsmrh., að hann láti boð ganga til hæstv. ráðh. að mæta hér.

Upphaf þessa máls er það, að borin var fram þáltill. um, að skipuð yrði milliþn. til þess að endurskoða l. um eftirlit með verksmiðjum og vélum. Það var 12. febr. 1947. Þáltill. þessi var samþ. á því þingi, en iðnmrh. var þá hv. þm. Hafnf., Emil Jónsson. Þáltill. var borin fram vegna kvartana, sem borizt höfðu frá þeim, sem greiddu gjöldin. Þetta sést í grg. þessarar þáltill. Hún byrjar á því að gera grein fyrir, hversu þessi mál hafa verið vanrækt. Nefnd þessi skilaði verki á árinu 1948, og kostaði sú rannsókn 60 þús. kr. Undirbúningur þessarar lagasetningar kostaði nú þetta. Þáverandi ráðh. var á sínum tíma mjög ásakaður fyrir það að hafa greitt 60 þús. kr. fyrir þetta verk. Mönnum sýndist ekki vera það verðmæti í þessu verki n. Frv. var síðan borið fram í Nd. á þingi 1949 og komst til Ed. og sömuleiðis á síðasta þingi, en var afgr. 15. febr. með rökstuddri dagskrá, sem ég vil leyfa mér að lesa hér upp, en hún var gefin út af iðnn. 6. febr. 1951:

„Í trausti þess, að ríkisstj. láti athuga frv. á ný og m. a., hvort ekki sé hagkvæmt og eðlilegt að sameina skipaskoðun ríkisins og verksmiðjueftirlit undir eina öryggismálastofnun og hve mikið það kynni að spara í útgjöldum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Ég harma, að ríkisstj. skyldi ekki gera neitt í þessu máli á síðasta ári. Ég skal viðurkenna, að þáv. iðnmrh. gerði þá fyrirspurn til mín á liðnu sumri, hvort ég vildi ekki taka að mér að jafna þann misskilning, sem orðinn var út af máli þessu. Nú er þetta mál ekki persónulegt, en er mál, sem snertir alla þjóðina. Ég taldi ágreininginn í þessu máli það mikinn, að ekki yrði hægt að samræma sjónarmiðin, nema með mikilli vinnu, en ég fékk ekki önnur tilmæli eða fyrirmæli.

Ég skal þá gera grein fyrir hér, í hverju nýmæli þessa frv. eru fólgin eins og málið var afgr. frá mþn. Þess misskilnings hefur orðið vart, að hér sé um ný l. að ræða, sem fyrirbyggi slysahættu. Málið hefur verið túlkað svo í Nd. Hins vegar ber málið litlar umbætur frá gildandi lögum. Gildandi lög geta komið öllu því fram, sem í frv. felst, með reglugerðarbreytingu. Það er hinn mesti misskilningur, að lög þessi breyti nokkru varðandi eftirlit með skipum og vélum í landinu. Hins vegar mun frv. þetta, ef að lögum verður, skapa útgjöld svo að hundruðum þús. kr. nemur. Meginmálið, sem í frv. var, var að taka upp í það ýmis reglugerðarákvæði. Það má deila um það, hvort æskilegt sé að gera slíkt, hvort eigi t. d. að setja í lög stærð gólfflatar, hve hátt sé undir loft í vinnusal. Þetta má kannske deila um, hvort frekar eigi heima í löggjöf eða reglugerð. Frv. virðist því frekar vera reglugerðarákvæði, og stoðar þó varla að setja í lögin ákvæði um þau atriði, sem breytileg eru frá degi til dags.

Annað nýmæli er það, að ný stofnun er sett á stofn með frv. þessu undir stjórn öryggismálastjóra. Hins vegar virðist manni það nú vera heldur lítils virði, hvort forstjóri skipa- eða vélaeftirlitsins skipti um nafn, hvað titil snertir. Í þessu sambandi vildi ég einnig benda á, að hér eru þrjú eftirlit. Það er eftirlit með flugvélum, sem kostar 100 þús. kr., eftirlit með vélum og verksmiðjum, sem kostar um 280 þús. kr., eftirlit með skipum og bátum, sem kostar 500 þús., og svo er eftirlit með bifreiðum, sem kostar 1 millj. kr. Ég hefði því getað fellt mig við, að þessi eftirlit yrðu sameinuð undir eina stjórn og eina stofnun, sem héti öryggisráð. Í öryggisráði ættu að eiga sæti fulltrúar frá þeim aðilum, sem borga slysin, þ. e. fulltrúar frá vátryggingarfélögunum og Tryggingastofnun ríkisins. Nd. hefur hvað eftir annað fellt í burtu öryggisráðið. Nú er það svo, að eftirlit á sjónum og í verksmiðjum grípur hvað inn í annað. En hvað er það, sem veldur, að ekki er hægt að sameina þetta? Það stafar af því, að hvorugur forstjórinn vill beygja sig undir hinn. Hins vegar vill nú svo til, að annar þessara manna, forstjóri Skipaskoðunar ríkisins, er að nálgast það að verða sjötugur (er að ég held 68 ára), og ætti því að nota tækifærið til að sameina skipaeftirlitið og verksmiðjueftirlitið undir eina stjórn. Virðist sú ráðstöfun vera eðlileg og sjálfsögð.

Þá er hér nýmæli, að eftirlit sé haft með allri skrifstofuvinnu í landinu. Eftir þessu ætti þá að hafa eftirlit með t. d. þingskrifurunum, að þeir sitji réttir í stólunum og fái ekki hryggskekkju. Á skrifstofum þyrfti að gæta þess, að hver starfsmaður fengi stól við sitt hæfi, en það á ekki að hafa eftirlit með því, hvort starfsmennirnir gera nokkuð.

Hér eru einnig ákvæði um nákvæmt eftirlit með fermingu og affermingu skipa. Á öll þung flutningsstykki skal þyngd þeirra greinilega merkt. Til þess að fylgjast með því, að það verði gert, þarf marga eftirlitsmenn. Þurfa þeir að fara út í hvert skip, sem flytur vörur til lands eða úr landi, til þess að fylgjast með þessu. Ég er alveg viss um, að hv. flm. þessa frv. hefur ekki hugsað út í þessar afleiðingar né litið á þessa hlið málsins. En ég veit hins vegar, hvernig þetta ákvæði hefur komizt hér inn. Það er vegna þess, að einn af okkar ágætu fyrrverandi þm. flutti frv. um það hér á Alþ., að ekki mætti flytja neitt stykki milli skips og lands, nema athugun færi fram. En hv. þm. hefur ekki hugsað út í, hvað þetta mundi kosta. Ég get vel skilið það, að þar sem atvinnuleysi er í landinu, þá mundi þetta veita hundruðum manna atvinnu, og það er alltaf bót. — Hér á eftirlitsmaðurinn ekki aðeins að sjá um, að þessir bögglar séu vigtaðir, og fullvissa sig um, að þeir fari ekki yfir ákveðna vigt, heldur á hann líka að sjá um, að allir

krókar, lásar og vindur, sem notaðar eru, séu í bezta lagi. — Að vísu nær þetta skipaeftirlit ekki lengra en til íslenzkra skipa. Ég efast líka um, að þótt slíkur eftirlitsmaður væri sendur um borð í erlent skip, yrði tekið á móti honum. Ég efa einnig, að slík lög geti fyrirskipað erlendum skipstjóra að beygja sig undir slíkt eftirlit.

Einn liðurinn er um byggingarvinnu. Það eru tekin í lög nýmæli um að hafa miklu nákvæmara eftirlit með byggingarvinnu en gert hefur verið. Finnst mér það mjög eðlilegt, að hafa verður allan útbúnað, verkpallana og annað öruggt. Forstjórinn fyrir eftirlitinu tilkynnti mér, að hann hefði nú undirbúið reglugerð, sem sé um endurbætur á þessu sviði, bæði í sambandi við byggingarvinnu og önnur nýmæli, sem ég mun koma að síðar. Hann fullvissaði sig um, að með gildandi l. væru engin vandkvæði á, að hægt væri að undirbúa reglugerð, sem fyrirbyggði öll slys í sambandi við byggingarvinnu.

Þá er það eitt nýmælið, að líta þarf eftir farandvélum. **(Forseti:** Ég vil leyfa mér að spyrja, hvort mikið sé eftir af ræðunni.) Ég á eftir að tala í einn tíma eða tvo. **(Forseti:** Þá er ekki tími til að ljúka ræðunni að sinni, og verður ræðumaður að fresta henni.) — [Frh.]

Umr. frestað.

Á 58. fundi í Ed., 14. jan., var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson) [frh.]: Herra forseti. Ég hefði viljað óska eftir, að hæstv. iðnmrh. væri hér viðstaddur þessa umr., ef hann sæi sér það fært. Ég sá hann hérna inni í hliðarherbergi áðan. Ég hefði gjarnan viljað gera þá fyrirspurn til hæstv. ráðh., hvort hann sæi ekki ástæðu til að vera viðstaddur umr. um þetta mál. Mér er kunnugt um það, að hv. meiri hl. n. stytti mál sitt á síðasta fundi vegna þess, að ekki var hægt að fá yfirlýsingu hæstv. ráðh. um það, hvort ekki yrði hægt að gera ráðstafanir til að sameina allt eftirlitið, ef frv. næði ekki fram að ganga. En úr því að hæstv. ráðh. er hér viðstaddur núna, vil ég benda á, að þetta eftirlit á vinnustöðum mun kosta ríkið um 184 þús. kr. á ári, en skipaeftirlitið kostar nú 500 þús. kr. og bifreiðaeftirlitið eina millj. kr. á ári. Það virðist því mundi vera að fara aftan að hlutunum að setja öryggismálastjóra yfir þetta eftirlit, sem hér er um að ræða, en skilja hin tvö eftirlitin eftir, sem eru miklu umfangsmeiri. — Ég læt þetta koma skýrt fram vegna þess, að n. var mjög hugsandi um þetta atriði, hvort ekki væri rétt að setja allt öryggiseftirlit í landinu undir eina stofnun, en vegna þess, að engin vitneskja lá fyrir um það hjá n., hvort till. í þá átt mundi bera frekari árangur en sú rökst. dagskrá, sem samþ. var hér í fyrra, þótti okkur hv. þm. Vestm. réttara að bera fram sérstakar till. í þessu máli og reyna þá að fá úr því skorið, hvaða ágreiningur væri um þetta mál. Það er sýnilegt, að þótt þetta mál hafi verið rætt í 6—9 umr. í Nd., þá hafa flestir hv. þm. þar látið sér nægja að byggja á áliti n. um málið, en ekki reynt til þess að setja sig sjálfir inn í málið. Ég vil nú freista þess að lýsa þessu máli nánar en ég gerði á síðasta fundi, einkum ef hæstv. ráðh. hefur áhuga á að fylgjast með, sem getur komið sér vel fyrir hann upp á framkvæmdina í framtíðinni.

Þegar ég frestaði ræðu minni um daginn, hafði ég sýnt fram á, hvaða nýmæli væru í þessu frv. og breyt. frá þeim l., sem eru til um þetta efni, og einnig hafði ég sýnt fram á, að hér er ekki um nýja löggjöf að ræða, heldur breyt. á lögum, sem nú eru til, útvíkkun á þeim og færðar inn í þau reglugerðir í þessum efnum, því að nú er ætlazt til m. a., að eftirlitið nái yfir allar skrifstofur í landinu og einnig yfir upp- og útskipun vara í öllum höfnum landsins. Mér þykir rétt að benda á það hér, að aðalástæðan fyrir því, að þetta mál var sett í mþn. á sínum tíma, var bréf frá Verkamannafélaginu Hlíf í Hafnarfirði, þar sem fram voru bornar þungar ákærur á verksmiðju- og vélaeftirlitið í landinu. Ég vil leyfa mér að lesa upp stutta grein úr þessu bréfi frá Hlíf, með leyfi hæstv. forseta:

„Reynsla af núgildandi lögum um eftirlit með verksmiðjum og vélum er að því leyti er oss er kunnugt sú, að í framkvæmdinni hafa þau verið aðeins til á pappírnum, því að þeir, er sjá hafa átt um framkvæmd þeirra, eftirlitsmennirnir, hafa ekki látið sjá sig nema endrum og eins og því ekki séð um, að nefndum lögum væri framfylgt. Starfandi eru í þessum bæ verkstæði og verksmiðjur, sem aldrei hafa verið skoðuð af eftirlitsmönnum. Sömuleiðis eru í notkun stórvirkar vélar og áhöld, er aldrei hafa verið skoðuð.“

Þetta var meginástæðan fyrir því, að það þótti nauðsynlegt að setja mþn. á sínum tíma til að rannsaka þetta mál. Kemur það glöggt fram í grg., sem mþn. samdi. Nú er eðlilegt, að menn spyrji sem svo, hvort þetta slæma eftirlit hafi ekki stafað af því, að of fáir menn störfuðu við eftirlitið, eða hvort lögum eða reglugerðum í þessu efni hafi verið ábótavant. Þessu svarar mþn. síðar í grg. sinni, þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Skoðanir þær, sem um getur í skýrslunni, eru að langmestu leyti framkvæmdar af tveim mönnum. Nefndin telur sig ekki vera dómbæra á það, hvort þær, ásamt skrifstofuvinnu í sambandi við þær, séu hæfilegt starf tveggja manna eða ekki. En skrifstofustarfið virðist taka allmikið af starfstíma skoðunarmannanna, eða 3—4 fyrstu mánuði ársins, svo að skoðanir eru lítt framkvæmdar á þeim tíma, enda berist eftirlitinu ekki sérstök beiðni um skoðun.“

Hér kemst mþn. sem sagt að þeirri skoðun, að um 25% af starfi skoðunarmanna eftirlitsins fari í þýðingarlítið skrifstofustarf, og hygg ég, að ef þetta frv. nær fram að ganga eins og það er nú, muni þetta skrifstofustarf aukast upp í 75%, eða m. ö. o., hið gagnslausa starf eftirlitsins mundi aukast úr 25% upp í 75%. Þetta er mín skoðun á málinu. Mþn. taldi sér skylt að eyða allverulegum hluta af starfstíma sínum í að reyna að rannsaka, hvort ástæða

væri til að kvarta undan eftirlitinu. Hún kemst þó ekki að þeirri niðurstöðu, að til þess sé ástæða út af fyrir sig að kvarta undan véla- og verksmiðjueftirlitinu, en gerir þó þessa aths., að það fari nokkuð mikið af tíma eftirlitsins í skrifstofustörf. — Nú er fróðlegt fyrir hv. alþm. að vita það, að í fjvn. hefur það verið upplýst, að á skrifstofu véla- og verksmiðjueftirlitsins í Reykjavík vinna tveir menn með vélfræðiþekkingu og ein stúlka, og eru báðir þessir menn fastlaunaðir, og hefur annar þeirra um 47 þús. kr. árslaun, en hinn um 32 þús. kr., og er svo kveðið á í reglugerð eftirlitsins, að þeir megi ekki taka að sér aðra vinnu. Nú er það hins vegar upplýst, að báðir þessir menn hafa tekið að sér kennslustörf og hafa fyrir það milli 20 og 30 þús. kr. Það virðist því, að eftirlitið, a. m. k. hér í Reykjavík, hafi nóga starfskrafta, en að þessir starfskraftar séu bara ekki notaðir eins og vera ber, úr því að eftirlitið getur leyft sér, og það sjálfsagt með leyfi ráðherra, að láta þessa menn gegna öðrum umfangsmiklum störfum jafnframt eftirlitinu. Það virðist því fyrsta skrefið til að bæta úr þessum málum að skipa þessum mönnum að gegna betur sínum störfum og hætta við aukastörfin. Ég skal taka það fram, að þetta dæmi er ekki tekið til að ófrægja þá menn, sem þarna eiga í hlut, þar sem þeir munu ekki bera meiri sök í þessu efni en aðrir starfsmenn hins opinbera, því að það eru hópar af embættismönnum ríkisins, sem eru á föstum launum, en taka þó að sér önnur störf fyrir dagkaup, og því er engin ástæða til að beina geiri sínum að þessum tveimur mönnum frekar en öðrum, sem eins er ástatt um. Er kennarastéttin þarna ekki útundan, sem er á föstum launum, en hefur þó 2—3 mánaða frí á ári.

Mér þótti rétt að láta þetta koma fram, vegna þess að það virðist skoðun ýmissa, að eftirlitið sé lélegt af því, að það vanti menn í það, en ég hef sýnt fram á, að það er miklu fremur vegna þess, að þeir starfskraftar, sem eftirlitið hefur nú, eru ekki nýttir fullkomlega. Ég veit líka, að eftirlitinu hefði aldrei verið neitað um aukna starfskrafta, ef það hefði verið séð, að með því mætti koma í veg fyrir mörg slysin með betra eftirliti.

Síðar í þessari grg. mþn. eru margar aðrar aths., sem sýna, að ef frv. yrði samþ. eins og það er í dag, mundi hér verða um pappírslög að ræða, sem mundu aðeins hafa í för með sér gagnslaust skrifstofubákn.

Ég skal þá fara hér nokkrum orðum um þær brtt., sem minni hl. iðnn. hefur lagt fram, því að það er nauðsynlegt að skýra þær nokkuð hér, því að hv. þm. hljóta að byggja nokkuð afstöðu sína á slíkum skýringum.

Það er þá fyrst brtt. við 1. gr., og er sú brtt. í fernu lagi. 1. liðurinn er um það, að í stað orðanna „einn verkamaður“ í 1. málsgr. komi: 3 verkamenn. — Nú er í lögum, að starfsemi þessi nái til, þar sem þrír verkamenn eða fleiri vinna, en nú er ætlazt til samkv. frv., að eftirlitið nái til allrar starfsemi, þótt ekki vinni nema einn verkamaður. Með þessu ákvæði mundu falla miklu fleiri starfsgreinar undir eftirlitið, og teljum við í minni hl. ekki ástæðu til að setja undir eftirlit, þótt t. d. einn maður vinni með lærling, auk þess sem í frv. er ákvæði um það, að eftirlitið skuli ná til, þar sem notuð er orka, sem er eitt hestafl eða meira, og á því að vera gengið nokkuð örugglega frá þessum hlutum. Mér finnst því sjálfsagt að samþ. þessa brtt.

B-liður þessarar brtt. er þess efnis, að í stað orðanna „á skipsfjöl, enda sé ekki um sérstök verksmiðjuskip að ræða“ komi: á skipum, sem eru undir eftirliti skipaskoðunarstjóra. — Með öðrum orðum, að undantekningin, sem getið er um í 1. lið 1. gr., nái þá til skipa, sem eru undir eftirliti skipaskoðunarstjóra. Við teljum ekki einungis rangt, heldur og hættulegt að hafa skipin undir eftirliti tveggja stofnana, því að ef þessi gr. yrði samþ. óbreytt, er eftirliti skipa yfir 6 smál. skipt á milli skipaeftirlits ríkisins og véla- og verksmiðjueftirlitsins. Þetta tel ég skaðlegt, úr því að þessar stofnanir eru ekki sameinaðar eins og ég álít réttast að gera.

C-liður brtt. er þess efnis, að á eftir 4. tölulið komi nýr töluliður, er orðist svo: almenn skrifstofuvinna. — Við teljum rétt, að allar almennar skrifstofur verði undanþegnar lögum þessum, og ég vil beina því til hæstv. ráðh., hvað hann haldi, að það muni kosta ríkið, ef hver einasta skrifstofa, þar sem vinnur kannske ekki nema einn maður og ein stúlka, á að koma undir eftirlit, allar skrifstofur landsins, allar verzlunarskrifstofur og jafnvel skrifstofa Alþingis líka. Það væri heill hópur manna, sem þyrfti til að líta eftir skrifstofunum, því að eftir því, sem maður hefur getað komizt næst, þá er þessi skoðun á skrifstofunum hugsuð þannig, að jafnvel verði hægt að fullvissa sig um, að þeir stólar, sem fólkið situr á, séu þægilegastir og beztir fyrir þá, sem þá nota, þeir séu hæfilega háir, hæfilega mjúkir og hæfilega hallandi á bakið o. s. frv., og má nærri geta, hvílíkt gífurlegt eftirlit þyrfti til þessa. T. d., ef skipta þyrfti nú um stól eða fá nýjan skrifara, þyrfti að sjálfsögðu að fylgjast með því öllu, og ef stólarnir væru nú skrúfaðir, yrði að hafa á þeim öryggisólar til að tryggja, að ekki væri hægt að hreyfa við þeim. — Hin hliðin á skrifstofueftirlitinu mundi svo verða sú, að haft yrði eftirlit með því, hvort skrifstofurnar eru nógu stórar, hvort það er nægilega stór gólfflöturinn og nægilega margir kúbikmetrar af lofti á hvern mann, sem í skrifstofunni vinnur, o. s. frv., og má nærri geta, hvílík vinna yrði við þetta eftirlit, ef þessi lög ættu að verða eitthvað annað en pappírslög. Ég álít því, að þetta starf eigi að undanþiggja l., eins og t. d. vinnu í einkaíbúð vinnuveitanda og almennan búrekstur.

Þá kemur d-liður þessarar brtt., sem er um það, að í stað orðsins „öryggismálastjóri“ í 3. mgr. — og hvarvetna síðar í frv. — komi: forstjóri véla- og verksmiðjueftirlitsins. — Þessi brtt. byggist á því, að við leggjum ekki til, að hér verði sett á fót stofnun með öryggismálastjóra og öryggisráði. Að vísu var öryggisráðið fellt niður úr frv. í hv. Nd., en eftir að búið er að setja öryggismálastjóra, sé ég ekki annað en því hljóti að fylgja, að settir verði 1—2 öryggismálastjórar yfir skipaskoðunina og 5—6

yfir bílaeftirlitið, eða þá að öllu eftirlitinu verði steypt saman, eins og n. virðist mundi geta fellt sig við. Ég álít því, að þessa brtt. ætti að samþ.

Í þessari gr. er gert ráð fyrir, að allur búrekstur verði undanþeginn l. Ég vil nú bara spyrja, hvaða samræmi sé í því að undanþiggja allan búrekstur, en taka allt það með, sem ætlazt er til í frv., þar sem búrekstur er nú farið að reka með mikilli vélanotkun og í heyhlöður settir inn allt að 10 kílówatta rafmagnsmótorar, svo að eitthvað sé nefnt, og við það vinna kannske 1—3 menn, auk þess sem þessir menn vinna með traktorum og alls konar heyvinnsluvélum, sem ekki eru síður hættulegar en margar aðrar vélar, sem settar eru undir eftirlit. Það virðist meiri ástæða til að setja eftirlit á þessu sviði en t. d. með skrifstofustarfi, hvernig þessir og þessir stólar skuli vera og þessi og þessi gólfflötur o. s. frv. Ef það á að setja eftirlit með því, hvernig setið er á stólum í hinum og þessum skrifstofum, þá er áreiðanlega meiri ástæða til þess að setja eftirlit með búrekstri, sem rekinn er með vélakosti. Það væri t. d. miklu nauðsynlegra að hafa eftirlit með því, hvernig mjólka skuli kýr í 100 kúa fjósi, en hvernig stólarnir skuli vera í skrifstofu. (PZ: Það eru engir stólar notaðir þar, sem mjólkað er með vélum.) Nei, en það er þá mjólkað með vélum, sem þyrfti að hafa eftirlit með, og ég hef nýlega átt þess kost að koma í fjós, þar sem notuð var alls konar véltækni við fjósstörfin. Ég vil því geyma mér rétt til að bera fram brtt. um þetta atriði, ef farið verður inn á eftirlit eins og gert er ráð fyrir í frv.

Þá er við 2. gr. brtt. undir a-lið um, að í stað orðsins „einn“ í 2. málsgr. komi: þrjá, — það er afleiðing af 1. brtt., — og undir b-lið, að í stað orðsins „tveim“ í 3. málsgr. komi: fjórum. — En í gr. segir nú: „Sé fyrirtæki, sem 1. þessi ná til, rekið af tveim mönnum eða fleiri í sameiningu, telst aðeins annar eða einn þeirra vinnuveitandi.“ Þessu viljum við breyta þannig, að það gildi þar, sem fyrirtæki er rekið með 4 mönnum.

C-liður er einnig afleiðing og þarf ekki skýringa við, og d-liður, að í stað orðsins „öryggiseftirlitinu“ í 3. mgr. — og hvarvetna síðar í frv. — kemur: véla- og verksmiðjueftirlitinu, — það er afleiðing af því, sem felst í brtt. við 1. gr. Ef felldur er niður öryggismálastjórinn og haldið forstjóra véla- og verksmiðjueftirlitsins, þá er sjálfsagt að breyta orðalaginu, og þarf það ekki skýringa við.

Þá leggjum við til í 3. till., við 6. gr., að síðasta mgr. falli niður, en síðasta málsgr. 6. gr. er þannig: „Þegar verkamönnum er ætluð sérstök matstofa, sem öryggiseftirlitið hefur viðurkennt, er þeim óheimilt að neyta matar síns annars staðar á vinnustað.“ Ég álít það frámunalega fjarstæðu, þó að á einhverjum vinnustað sé ákveðin stofa, þar sem hægt er að matast, að þá eigi með löggjöf að banna verkafólki á sólskinsdegi að drekka kaffi úr hitabrúsa undir berum lofti. En það eru margar svona fjarstæður í þessu frv., þegar það er athugað. Þess utan er þetta ekkert annað en reglugerðarákvæði. Hins vegar er sjálfsagt, að hreinlætis skuli gætt. Við leggjum því til, að þetta ákvæði verði látið falla niður. En þetta sýnir, hvernig þetta mál er undirbúið, þegar ekki er hægt að ganga frá svona auðskildu atriði, án þess að hægt sé að gagnrýna það.

4. till. er við 7. gr. Þar leggjum við til, að aftan við síðari málsgr. bætist: „enda sé þar viðvörun á áberandi stað, að óviðkomandi sé bannaður aðgangur.“ Þetta er að sjálfsögðu ekki stórt atriði, en í 7. gr. er kveðið svo á, að það megi banna mönnum að fara inn á ákveðin svæði, og er þá eðlilegt, að sú skylda hvíli á vinnuveitanda, að það sé auglýst, svo að ekki sé um mistök að ræða.

5. till. er við 8. gr., að síðari málsl. falli niður, en hann hljóðar þannig:

„Í þeim reglum geta verið ákvæði um takmörkun vinnutímans, að verkamenn innan 18 ára aldurs séu eigi látnir framkvæma verkið og eigi heldur verkamenn, sem hafi annaðhvort ekki nægilegt líkamlegt eða andlegt atgervi til vinnunnar.“

Þessi málsgr. er ekkert annað en reglugerðarákvæði, en það er vitað, að um þessi atriði er samið milli vinnuveitenda og vinnuþiggjenda almennt, svo að það er ekki einu sinni ástæða til að setja það í reglugerð, og því síður er ástæða til að setja það í löggjöf. Þess vegna leggjum við til, að þetta ákvæði falli niður.

6. brtt. er við 9. gr., að aftan við gr. bætist: „nema hún tæki lengri tíma en hálfa klst. fyrir hvern verkamann.“ Mér þykir nauðsynlegt að ræða þetta atriði nánar. Í 9. gr. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðherra getur ákveðið, í samráði við öryggismálastjóra, að fram fari reglubundin læknisskoðun verkamanna, enda sé ástæða til að ætla, að á þann hátt megi koma í veg fyrir eða hefta atvinnusjúkdóma til muna. Þegar svo stendur á, er vinnuveitandi skyldur til að gefa verkamönnum frí frá störfum, án skerðingar á kaupi, til þess að skoðun geti farið fram.“

Ég er út af fyrir sig sammála um þetta, þegar svo stendur á, að skoðun tekur ekki lengri tíma en hálftíma, en ef hún tekur lengri tíma, þá er ekki réttlátt að leggja þá byrði á vinnuveitanda. Það koma þá allt aðrir aðilar til greina til að taka þátt í kostnaði við skoðunina. Hér er um að ræða ef til vill vinnutap yfir fleiri daga, og kemur þá sjúkrasamlagið til greina. M. a. er hægt að taka mann og halda honum undir skoðun í fleiri vikur. Ég veit dæmi þess, að einn maður var tekinn af skipsfjöl og honum haldið 80 daga til að skoða hann. Það er því ekki nein sanngirni í því að leggja þá byrði á vinnuveitanda hans að greiða full laun allan þann tíma, sem skoðun stendur. Við í minni hl. erum sammála um, að rétt sé að láta skoðun fara fram, hvort sem það er endurskoðun eða önnur skoðun, en við viljum, að það sé skyndiskoðun, sem ekki taki meira en hálftíma fyrir hvern mann. Hér eru til fyrirtæki með 300 manns, og þá er um 150 tíma að ræða, sem verður greitt af vinnuveitanda; við sjáum ekki eftir því, en ef um ótakmarkaðan tíma er að ræða og vinnu-

veitandi á að borga laun, þó að skoðunin taki 80 daga, þá teljum við það fjarstæðu og leggjum því til, að þessu verði breytt.

Þá er 7. brtt., við 10. gr., að orðin „seljandinn eða“ í síðari málsgr. falli niður, en síðari málsgr. 10. gr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef vélar, verkfæri, áhöld og annar útbúnaður, sem notaður er við vinnuna, er þannig gerður, að nauðsynlegt sé að sannreyna styrkleika hans eða önnur gæði eða rannsaka hann á annan hátt, ber seljandinn eða eigandinn allan eða nokkurn hluta kostnaðarins af rannsókninni eftir nánari fyrirmælum ráðherra.“

Við sjáum ekki, hvernig hægt er með löggjöf að leggja þessa skyldu á herðar seljanda, sem kann að vera einhvers staðar úti í heimi. Þess utan er ekkert sagt um það í þessari gr., að þetta skuli háð því skilyrði, að það skuli sannreyna styrkleikann, hér er aðeins ákveðið, að hvenær sem eftirlitsmaður reyni styrkleikann, þá skuli seljandinn, sem hefur selt hlutinn fyrir 2—4 árum, vera ábyrgur um skoðunarkostnaðinn. Þetta teljum við fjarstæðu. Hins vegar er eðlilegt, að eigandinn á hverjum tíma sé ábyrgur, að svo miklu leyti sem hægt er að gera hann ábyrgan. Þess vegna teljum við, að þetta orð eigi að falla niður.

Þá er 8. till., við 12. gr., þ. e., að í stað orðanna „verzlunarstöðum, skrifstofum, við fermingu og affermingu skipa, mannflutninga og aðra flutninga og við aðra starfsemi, eftir því sem ástæða þykir til“ komi: eða við sérhverja aðra starfsemi, sem skylt er að hafa eftirlit með samkvæmt lögum þessum. — Við teljum ekki þörf á að telja þetta upp, vegna þess að við gerum till. um, að margt af þessu verði fellt niður.

Í sambandi við 12. gr. vil ég taka það fram, að henni hefur verið breytt mjög verulega í Nd. Hún var langur kafli um það að setja inn í l. núverandi reglugerð um stærð á vinnustofum, lofthæð o. s. frv., og við teljum ekki, frekar en Nd., að það eigi að vera í l. Þetta er háð svo miklum breyt., að það er eðlilegt, að það sé í reglugerð, en ekki í l. Við vitum ekki til, að nokkurn tíma hafi komið fyrir, að ekki hafi verið hægt að framkvæma fullkomið eftirlit, þó að það aðeins standi í reglugerð í staðinn fyrir l. En eftir því, sem hv. flm. frv. hefur tjáð mér, þá telur hann þó, að ákaflega mikið verðmæti hafi fallið burt með því að breyta þessum kafla, þó að ég geti ekki séð, að það hafi þýðingu, en það sýnir, að áhugi þeirra, sem hafa samið þetta, liggur aðallega í því að gera reglugerðir, sem helzt ekki mega vera tímabundnar yfir langt árabil, að fastákveðnum lagafyrirmælum.

9. brtt. okkar er við 13. gr., að í stað tveggja síðustu málsgr. komi ein málsgr., sem orðist svo: „Ráðherra setur, að fengnum till. forstjóra véla- og verksmiðjueftirlitsins, reglugerð um varnir gegn slysum við mannvirkjagerðir, hverju nafni sem nefnast.“ Það er miklu eðlilegra og má búast við betri árangri með því, að ráðh. setji slíka reglugerð, en að setja þetta í l. nú og verða svo að breyta þessu frá ári til árs, eftir því sem tímarnir breytast. Hygg ég, að ekki sé ágreiningur um það atriði, sérstaklega eftir að búið er að fella niður að mestu leyti 12. gr. frv.

10.—13. brtt. eru allar um það, að 14., 16., 17. og 21. gr. falli niður, en 14. gr. er slík, að til þess að skýra þetta atriði, þá verð ég að lesa hana upp, með leyfi hæstv. forseta. Fyrsta málsgr. hljóðar svo:

„Enginn framleiðandi eða seljandi má láta af hendi vélar, vélahluta, verkfæri, áhöld eða annan útbúnað, sem lög þessi ná til, nema ákvæðum laga þessara og reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, sé tryggilega fullnægt, og skal allur nauðsynlegur öryggisútbúnaður fylgja vélunum.“

Ég vil í sambandi við þessa málsgr. benda á, að l. mæla svo fyrir, að allt þetta skuli skoðað af eftirlitsmanni, og þar af leiðandi er ekki hægt að setja af stað neina verksmiðju fyrr en viðkomandi aðili er búinn að gefa vottorð, svo að þetta er óþarft og á ekki heima í gr. — Enn fremur segir í gr.: „Sá, sem setur upp vélar, vélahluta, verkfæri, áhöld eða annan útbúnað, sem lög þessi ná til, ber ábyrgð á því, að ákvæðum laga þessara og reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, sé fullnægt.“ Öll þessi fyrirtæki heyra undir eftirlit, og þarf því ekki að taka það fram í þessari gr.

Fjórða málsgr. er um það, að þetta skuli tilkynnt öryggismálastjóra. Þetta er ákaflega þunglamalegt ákvæði og verður aldrei framfylgt, og þess vegna er ekki ástæða til að hafa þetta í gr.

Svo stendur síðast í gr.: „Raforkuver skulu láta öryggiseftirlitinu í té upplýsingar um sölu þeirra á raforku, eftir nánari fyrirmælum ráðherra.“ Að hugsa sér, hvað þetta ákvæði mundi skapa mikið skrifstofubákn, að raforkuver, sem selja raforku um allt land, eigi að fara að senda eftirlitinu tilkynningar um það, hvað mikið þau selja hverjum aðila. Hvað þarf marga menn til þess að vinna úr þessu? Það þarf fleiri hundruð manns. Það er dæmalaust, að nokkrir menn skuli hafa fengizt til þess að samþykkja aðra eins fjarstæðu og þessi málsgr. er.

15. gr. höfum við ekki lagt til að verði felld niður. Það er nýtt fyrirmæli, að það skuli vera sérstakur sjúkraútbúnaður á hverjum vinnustað. Það þykir sjálfsagt að hafa þar sérstök sjúkralyf og sjúkratæki, og ég tel alveg sjálfsagt að halda því, því að það er nauðsynlegt.

Hins vegar ætlumst við til, að 16. gr. falli niður. Ég skal aðeins lesa síðustu málsgr., en hún hljóðar svo: „Eigi má nota hanzka, vettlinga eða annað þess háttar við vörzlu véla, ef það kann að auka slysahættu.“ Víta ekki þessir menn, að unga kynslóðin snertir ekki á nokkru handtaki nema með vettlingum? Svona mikið eru þessir ágætu menn inni í atvinnulífinu. — Það segir í einni málsgr., að ekki megi smyrja vél, sem er í gangi, ef það sé einhver sérstök hætta. Það er vitað um allan þann flota, sem siglir um höfin, að það verður að smyrja allar vélar meðan þær eru í gangi á sjónum, og engum dettur í hug, að það megi ekki smyrja vél, sem er í gangi. Þessi gr. er slík fjarstæða, að það er undravert, að það skuli finnast menn, sem vilja setja slíkt í l. — Sama er að segja um 17. gr.; þar er fyrst ákvæði um, að ekki megi gera

þessa og þessa hluti, og síðan er ákvæði um, að það megi, ef það er nauðsynlegt. En ef nokkuð af þessu er nauðsynlegt, þá er það reglugerðarákvæði. — Sama er að segja um síðustu málsgr. 17. gr. Þar segir, að það eigi að vera maður eða menn á vinnustað, er hafi þekkingu á vélum og tækjum, sem á vinnustað eru, en það er alveg sjálfsagt. Það er undir vinnulöggjöfinni, að þessara véla mega ekki gæta nema menn, sem hafa þekkingu á þeim. — Sama er að segja um 18. gr., það er reglugerðarákvæði, þó að ekki skaði, að hún verði látin haldast.

Við leggjum til, að 21. gr. sé felld niður, þ. e. um gæzlu gufukatla, það teljum við heyra undir iðnlöggjöfina, enda er þessi gr. þannig orðuð, að hér er ekki neitt hald í, hér eru sífelldar undanþágur, og er eðlilegt, að þetta heyri undir atvinnulöggjöfina. Við leggjum þó til, að þessi gr. verði orðuð svo: „Ráðherra setur, að fengnum till. frá forstjóra véla- og verksmiðjueftirlitsins, reglugerð um skilyrði fyrir réttindum til gæzlu eimkatla og suðukatla. Menn með vélstjóraréttindum skulu þó jafnan hafa rétt til að gæta slíkra áhalda.“ M. ö. o., ef þetta eru menn, sem hafa ekki réttindi samkvæmt atvinnulöggjöfinni, þá skuli þetta sett með reglugerð.

Síðan leggjum við til í 14. till., að síðari málsgr. 23. gr. falli niður, þ. e. um fermingu og affermingu skipa. Skal ég gera nokkra grein fyrir því, því að þetta er veigamikið atriði, og eins og ég tók fram á síðasta fundi, þá eru það einmitt þessi atriði, sem hafa orðið þess valdandi, að tafizt hefur að semja nýja löggjöf um þessi efni. En síðari málsgr. 23. gr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Um fermingu og affermingu skipa gilda eftirfarandi sérstök ákvæði: Á flutningsstykki, sem eru 1000 kg að þyngd með umbúðum eða meira og fermd eru í íslenzkri höfn, skal þunginn vera greinilega merktur og þannig, að merkingin máist ekki brátt af. Sé ómögulegt eða illgerlegt að ákveða þungann nákvæmlega, getur öryggiseftirlitið leyft, að ágizkaður þunginn sé merktur á umbúðirnar. Að öðru leyti setur ráðherra reglur um fermingu og affermingu skipa í samræmi við ákvæði þessara laga.“

Ef á að hafa raunverulegt eftirlit, sem gagn er að, í sambandi við upp- og útskipun, þá er sýnilegt, að þetta verður ekki annað en pappírsgagn, ef ekki eru settir um borð 1—2 eftirlitsmenn, meðan umskipun fer fram, og sérstaklega að viðkomandi aðili hafi eftirlit með því, að ekki sé látinn í vírana, sem draga eiga byrðina upp, meiri þungi en vírarnir eru merktir fyrir eða útleggjararnir. En hvað kemur það til með að kosta þjóðina að hafa 1—2 eftirlitsmenn í hverju skipi um allt land? Þetta er ekkert annað en hrein fjarstæða, og það er heldur ekkert öryggi fyrir því, að slys, sem hafa orðið í sambandi við þetta, verði útilokuð, þó að þetta sé gert. Hitt er svo vitað, að skipaeftirlitinu ber skylda til að sjá um, að allir vírar og öll tæki, sem notuð eru í skipunum, séu í því ástandi, sem á að vera, og ég tel óheppilegt, að annað eftirlit sé að skipta sér af því. Þess vegna höfum við lagt til, að þessi málsgr. falli niður.

15. till. okkar er við 25. gr., um að gr. falli niður, en hún hljóðar svo:

„Ef eigi er hægt að veita verkamönnum nægilega vernd gegn slysum eða sjúkdómum með öðrum hætti, skal gera sérstakar öryggisráðstafanir, þar sem því verður við komið, t. d. nota hentugasta fatnað, öryggisbelti eða hlífðarútbúnað þann, sem nefndur er í 21. tölul. 12. greinar. — Verkamenn eru skyldir að nota þann öryggisútbúnað, sem nefndur er í 1. málsgrein þessarar greinar, þegar þeir þarfnast hans við vinnu sína.“

Þetta teljum við vera reglugerðarákvæði og samningsatriði vinnuveitenda og vinnuþiggjenda á hverjum tíma.

16. brtt. er við V. kafla, að sá kafli, 28.—30. gr., falli niður, en hann er um lágmarkshvíldartíma verkamanna. Þar er ákveðið með l., hvað marga tíma á sólarhring þessir menn skuli vinna, og sjáum við ekki ástæðu til að setja það inn í l., nema það verði almennt tekið upp í landinu, hvað menn eigi að hafa langan vinnutíma, því að það er venjulega tekið upp í samninga við verkalýðsfélög; þess vegna leggjum við til, að þessi kafli sé felldur niður.

Þá leggjum við til í 17. brtt., að 31. gr. orðist svo: „Eftirlit með því, að ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim sé framfylgt, hefur véla- og verksmiðjueftirlit ríkisins. Ráðherra setur eftirlitinu starfsreglur og ákveður starfsmenn þess.“ Það er nú gert ráð fyrir því, að það sé, eins og hér er tekið fram, öryggiseftirlit og öryggismálastjóri. Við höfum áður lagt til, að það falli niður, og er þetta afleiðing af því, ef það yrði samþ.

18. till., við 32. gr., er sú, að greinin orðist svo:

„Forstjóri véla- og verksmiðjueftirlitsins hefur samráð við hlutaðeigandi héraðslækni, tryggingalækni Tryggingastofnunarinnar og berklalækni í öllum málum, er snerta heilbrigði verkamanna. Fastráðnir starfsmenn véla- og verksmiðjueftirlitsins skulu hafa störfin sem aðalstörf og mega ekki taka að sér önnur störf, er ætla má að komi í bága við aðalstarfið.“

Seinni málsl. er settur inn til þess að útiloka, að þessir starfsmenn taki að sér önnur störf sem aukastarf, en í fyrri liðnum er gert ráð fyrir, að læknieftirlit sé í samráði við þá aðila, sem starfa að læknieftirliti, og að þeir geti einnig haft þetta sem skyldu, að skoða menn á vinnustöðum, ef það þykir ástæða til. Þar af leiðandi er ekki þörf á sérstökum lækni og að stofna nýtt embætti eins og gert er ráð fyrir í l., því að það er gert ráð fyrir, að trúnaðarlæknir öryggiseftirlitsins sé kennari við Háskóla Íslands með því að starfa sem fastur starfsmaður hjá eftirlitinu.

Þá leggjum við til í 19. till., að 33. gr. falli niður, en hún hljóðar þannig: „Öryggismálastjóri og öryggiseftirlitsmaður skulu vera véla- eða efnafræðingar, en skoðunarmenn skulu færa sönnur á, að þeir hafi nægilega þekkingu að dómi öryggismálastjóra. — Ákvæði 1. málsgr. þessarar gr. koma þó ekki til framkvæmda að því er snertir núverandi starfsmenn véla- og

verksmiðjueftirlitsins.“ Þetta er afleiðing af þeirri breyt., sem við ætlumst til að sé gerð á 32. gr.

Þá er 20. brtt., við 35. gr., a., að orðið „stærri“ í síðasta málslið fyrri málsgr. falli niður, þ. e., að í staðinn fyrir orðin: „Öll stærri fyrirtæki skulu þó skoðuð a. m. k. einu sinni á ári“ — komi: Öll fyrirtæki skulu þó skoðuð a. m. k. einu sinni á ári.

Um 36. gr. er það að segja, að við í minni hl. leggjum til, að hún falli niður. Í stað 2. og 3. málsl. í 45. gr. leggjum við til að komi 3 málsliðir, er orðist svo:

„Þegar að lokinni hinni árlegu skoðun samkvæmt 35. gr. skal gefa út skoðunarvottorð, er gildi í næstu 12 mánuði, enda hafi þá verið bætt úr þeim ágöllum, er kunna að hafa á verið. Skal eigandi þá jafnframt greiða allt skoðunargjaldið. Getur starfsmaður eftirlitsins stöðvað rekstur fyrirtækisins, sé gjaldið eigi greitt, enda afhendi hann þá eigi skoðunarskírteini.“

Hér er um nýmæli að ræða. Nú er þessu þannig háttað, að eftirlitið á að láta bæjarfógeta og sýslumenn annast innheimtuna og hefur það verið innheimt jafnhliða opinberum gjöldum og er lögtakskræft. Það hefur hvað eftir annað verið kvartað undan því, að gjaldið hafi verið innheimt án þess, að skoðun hafi farið fram. Í brtt. okkar í minni hl. leggjum við til, að eftirlitsmenn innheimti gjaldið um leið og þeir afhenda skoðunarvottorðið. Er þetta miklu auðveldara fyrirkomulag, auk þess sem það veitir mikið öryggi. Þetta var mjög til umræðu í sambandi við ákvæðin um skoðun skipa á sínum tíma, en Alþfl. barðist gegn því. En þessari gullnu reglu hefur verið fylgt hjá Lloyds. Forstjórinn fyrir skipaeftirlitinu hér barðist á móti því að taka upp þessa góðu reglu, sennilega af því, að hitt fyrirkomulagið veitti honum miklu þægilegri stöðu, — bara sitja og skrifa reikninga.

Við í minni hl. leggjum einnig til, að 2. mgr. 48. gr. falli niður, en þar segir, að þrátt fyrir ákvæði 1. gr. þessara l. sé ráðherra heimilt, í samráði við öryggismálastjóra, að undanþiggja þá starfsemi eftirlitsgjaldinu, þar sem fimm verkamenn eða færri vinna eða notuð er orka, sem eigi fer fram úr 3 hö., enda sé vinnu þannig háttað, að eftirlit sé miður nauðsynlegt.

Ég hef þá lýst brtt. minni hl. iðnn. Ég hef rætt um allar þessar till. við mann þann, sem stjórnar eftirlitinu, og getur hann fallizt á þær flestar, nema þá er ég talaði um núna síðast. Hann telur einnig rangt að taka kostnaðinn af seljanda, ef nauðsynlegt kann að vera að reyna styrkleika véla og áhalda, sbr. 10. gr. Einnig telur hann óheppilegt að hafa ekki sérstakan lækni og sagði, að það ylti á miklu, að eftirlitið hefði næga starfskrafta. — Ég held svo, að hann hafi ekki gert athugasemdir við fleira, nema hvað hann taldi, að ekki væri rétt að sleppa eftirlitinu með skrifstofufólki. Sagði hann, að það væri svo algengt, að skrifstofustúlkur fengju hryggskekkju.

Ég hef einnig rætt þetta við hv. þm. Hafnf., flm. frv. Mætti hann á fundum hjá iðnn. Hefur hann tjáð mér, að hann teldi frv. einskis virði, ef það yrði samþ. með þessum breyt. Sagði hann, að frv. hefði verið endurskoðað í hv. Nd., en hann taldi það nú ekkert annað en pappírsgagn.

Ég er einnig þeirrar skoðunar, að eins og málinu er nú komið sé heppilegast að afgreiða það með rökst. dagskrá eða vísa því til hæstv. ríkisstj., svo að hægt verði að sýna fram á galla þess og undirbúa það betur. Það hefur ekkert að segja, þótt þetta mál hafi tvisvar verið afgreitt í hv. Nd. Flestir hv. þm. hafa ekki haft tækifæri til að kynna sér málið til hlítar, en farið eingöngu eftir ummælum annarra. Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða málið nánar nú.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég skal fúslega viðurkenna, að á síðasta þingi gaf ég þessu máli litinn gaum. Það var utan míns ráðuneytis, og ég taldi það svo tæknilegt, að það þyrfti langan tíma til að taka afstöðu til þess. Það er ekki langt síðan ég tók við þessum málum, og störfum mínum hefur verið þannig háttað síðan, að ég hef ekki getað sett mig nægilega inn í málið frá þeirri hlið, sem að rn. snýr, svo að ég verð að viðurkenna þessa vanþekkingu mína á málinu. Annars setti ég mig inn í málið eins og ég gat við umr. í hv. Nd.

Það er vitanlegt, að öryggismálum okkar er í mörgu áfátt og nauðsyn ber til að koma þeim í fastara horf. En það er erfitt verk og þarfnast mikils undirbúnings, því að inn í það spinnast mörg tækniatriði, og það verður að viðurkenna það, að við lauslegan yfirlestur þessa frv. rekur maður augun í talsverða skriffinnsku og smámunasemi, en það getur verið, eins og hv. þm. Barð. sagði, erfitt fyrir þm. að sníða þessa galla af frv., sem byggð eru á tæknilegum atriðum, við atkvgr.

Ég er þeirrar skoðunar, að enda þótt heildarlagasetning um þessi mál sé æskileg, þá sé það ekki mjög aðkallandi, vegna þess að við höfum ákvæði í lögum um sum þessi efni, eins og t. d. um eftirlit með uppskipun o. fl. Ég hef talað um þetta við yfirmann þessara mála, og er hann nú að rannsaka þetta. En það kemur að því sama með þetta og annað, að ef á að stækka það, þá þarf það meira fé og fleiri starfskrafta. Þetta er óhjákvæmilegt, sérstaklega ef ekki er hægt að sníða ýmsa skriffinnskuagnúa af þessu frv., ef svo færi, að það yrði samþ.

Hv. þm. Barð. sagði, að það væri álit n., að sumir starfsmenn við eftirlitið ræktu ekki störf sín. Gat hann um tvo sérfræðinga í þjónustu þess, sem stunduðu kennslustörf, og hélt hann því fram, að þeir hlytu að hafa leyfi ráðh. til þess. Mér er ókunnugt um, hvort þetta stendur í skipunarbréfi þeirra. Ég hef ekki gefið þeim leyfi til þess, en hitt getur verið, að þeir hafi fengið heimild frá fyrrverandi ráðh. til þess að inna þessi störf af hendi. Það er full ástæða til þess að láta athuga þetta, og mun ég sjá svo um, að það verði gert. Það er enn ríkari ástæða til að rannsaka þetta, þegar þess er gætt, að eftirlitið telur sig hafa minni starfskrafta en nauðsynlegt sé. T. d. hefur ekki verið tekið upp eftirlit með uppskipun vara vegna vöntunar á starfskröftum. Yfirmaður eftirlitsins hefur kvartað um þetta, en ég álít samt, að þær reglur,

sem gilda um uppskipun, komi að notum, þótt eigi séu til menn, er líta eftir þeim, þar sem reglunum verður að hlíta.

Ég sé hér á þskj. 571, að meiri hl. iðnn. telur nauðsynlegt að athuga, hvort ekki sé ástæða til að sameina undir eina stjórn allt það eftirlit, sem nú er með skipum, verksmiðjum, flugi og bílaflutningum í landinu. Það mun hafa verið rannsakað á síðasta þingi, hvort sparnaður yrði að sameiningu skipa- og vélaeftirlitsins, og er mér sagt, að svo hafi ekki reynzt. Mér er þó ljóst, að þetta er lítið rannsakað. En svo er hitt, og það hlýtur að vera meginatriðið, hvort slík samfærsla mundi auka öryggið eða ekki, og skiptir þá litlu máli, hvort kostnaðurinn eykst eða minnkar við það. Þetta þarf næst nákvæmrar rannsóknar.

Mér skilst, að bæði meiri og minni hl. iðnn. séu sammála um að vísa frv. til stjórnarinnar til frekari athugunar. Ef svo verður gert, mun ég láta rannsaka það sem allra fyrst og eins vandlega og unnt er og þá sérstaklega, hvort sameiningin gæti orðið til þess að auka öryggið eða ekki.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Þetta er eitt þeirra mála, sem tafizt hefur fyrir Alþ. að afgreiða, og er þó ekki annað hægt en viðurkenna, að málið sé mjög aðkallandi. Það mun hafa verið árið 1947, að Alþ. samþ. að láta fara fram endurskoðun á öryggismálunum, og var skipuð nefnd til þess að framfylgja þessum vilja Alþingis. Ríkisstj. skipaði þá dr. Jón E. Vestdal og Sæmund Ólafsson í n. Alþýðusamband Íslands tilnefndi Kristin Ág. Eiríksson, Landssamband iðnaðarmanna Guðmund H. Guðmundsson og Félag íslenzkra iðnrekenda Pál S. Pálsson. Þarna voru saman komnir menn, sem höfðu bæði áhuga og þekkingu á starfinu. Þessi n. viðaði svo að sér gögnum erlendis frá og einnig innanlands, og ég hygg, að ekkert hafi verið sparað af n. hálfu til að vinna störf sín sem bezt og gera þessa löggjöf sem bezt úr garði. Frv. þessarar mþn. var svo lagt fyrir Alþingi árið 1948, en náði ekki fram að ganga. Svo er það flutt á tveim næstu þingum og allt fer á sömu leið, og svo er enn lagt til, að frv. verði vísað frá.

Frá því að frv. var fyrst flutt hér, hefur það mikið breytzt. Hefur verið fellt úr því bæði margar greinar og jafnvel heilir kaflar, og svo hefur verið bætt inn í það mörgum greinum til viðbótar. Allt er þetta gert í þeim tilgangi að minnka skriffinnskuna, en hitt er svo vafasamara, hvort öryggið hefur nokkuð aukizt við það. Ég skal nú ræða þetta mál nokkru nánar, eins og það nú liggur fyrir. — Ég er sammála hv. flm. um það, að niðurfellingar þær, sem gerðar voru í hv. Nd., séu miklar skemmdir á frv., og það yrðu skemmdir í viðbót, ef till. hv. minni hl., hv. þm. Barð. og hv. þm. Vestm., yrðu samþ., þó að ég geti fallizt á nokkrar þeirra, því að ég skal játa það, að við athugun á frv. hef ég rekið mig á nokkur smásmuguleg atriði, sem skemma það og mætti fella burt, ef ekki er farið inn á breyt., sem rýra það sem öryggismál.

Löggjöfin, sem nú er í gildi, er frá 1928. Allir eru sammála um það, að á því tímabili hafa orðið geysilegar breytingar á iðnþróuninni í landinu og rekstur flestra atvinnuveganna breytzt með aukinni tækni og notkun stórvirkra véla. En samtímis því hefur líka slysahættan aukizt. Þess vegna er það ekki vafamál, að ástæða er til að breyta l. frá 1928 og auka við þau. Það var ætlunin 1948 að framkvæma slíka breyt., en þingið bægði þá frá sér þessum vanda, og var það lítt til sæmdar. Þörfin hefur verið brýn að breyta löggjöfinni vegna þeirrar atvinnuþróunar, sem orðið hefur síðan 1928, og Alþ. bar að gera það, þegar frv. var borið fram 1948, svo vandlega sem málið var undirbúið. En nú — árið 1952 — hefur málið enn ekki fengið afgreiðslu, og líkur eru á því, að Alþ. drepi málinu á dreif einnig nú og láti afgreiðslu þess undir höfuð leggjast.

Ég skal þá víkja nokkuð að till. hv. minni hl. og skal reyna að vera stuttorður, þó að full ástæða væri til að ræða málið rækilega.

Hv. till.-menn vilja gera þá breyt. á 1. gr. frv., að hún nái ekki til fyrirtækja, sem hafa færri en þrjá verkamenn, en eins og frv. er nú, eiga l. að ná til allra fyrirtækja, sem hafa einn mann eða fleiri í þjónustu sinni. Það er að vísu svo, að minna er í húfi þar, sem færri vinna, en eðli atvinnugreinarinnar getur verið svo háttað, að þessi eini maður sé í háska staddur við þjóðnýtilegt starf, og get ég ekki séð, af hverju á ekki að tryggja hann fyrir hættu, ef svo er. Ég gæti hins vegar fallizt á það, að eftirlit með fyrirtækjum, sem hafa aðeins einn mann í þjónustu sinni, væri því aðeins skylda, að slysahætta væri í sambandi við starfið. Það þarf vissulega að gæta lífs eins verkamanns, ef hann stundar hættulegt starf. Ég álít því, að fella eigi þessa brtt. og að l. eigi að ná til slíkra smáfyrirtækja, ef öryggisútbúnaður er slæmur eða verkamaðurinn í háska staddur.

Þá gæti ég verið samþykkur því, að verksmiðjuskip væru ekki talin með í þessu frv., ef tryggt væri, að verksmiðjuvélar í skipum féllu undir skipaskoðunina, en ég er ekki viss um, að skipaskoðunin telji sér skylt að skoða slíkar vélar. Ég efa ekki, að hún skoðar aflvélar, en ég efast um, að hún skipti sér af eftirliti með verksmiðjum í skipum, og ef svo er ekki, þá hlýtur það eftirlit að falla undir þessi lög.

Þá get ég verið sammála hv. þm. Barð. og meðflm. hans um það, að ekki er brýn nauðsyn til þess að setja skrifstofuvinnu undir þetta eftirlit. Það er ef til vill sú tegund vinnu, þar sem slysahættan er minnst og sízt ástæða til að setja undir þetta eftirlit. Ég gæti því fallizt á, að þessi vinna væri ekki eftirlitsskyld. Það er rétt, að það mundi auka mikið skriffinnsku við framkvæmdina og miklu meira en að láta landbúnaðinn heyra undir þetta, og ég er sammála því, að sannarlega er ekki síður þörf á eftirliti með landbúnaðarstörfum en þeim störfum, sem unnin eru í þéttbýli.

Næsta brtt., sem ég vildi víkja að, er 4. brtt., við 7. gr., um að atvinnurekanda sé skylt að setja auglýsingu á áberandi stað um að óvið-

komandi sé bannaður aðgangur. Þetta tel ég sjálfsagt, og er ég till. samþykkur.

Þá er það brtt. við 8. gr., um að síðasti málsl. falli niður, en hann er um það, að í sambandi við þá vinnu, sem hefur í för með sér óvenjulega mikla hættu fyrir líf, limi eða heilbrigði verkamanna eða er óvenjulega erfið, þá geti ráðh. sett reglur um aukinn öryggisútbúnað og í þeim reglum takmarkað vinnutíma eða bannað, að verkamaður innan 18 ára framkvæmi vinnuna. Ég tel, að gr. fjalli um svo sérstaklega hættulega vinnu, að það sé ekki út í hött að banna, að unglingar vinni hana, og tel ég því ekki til bóta að fella þetta niður. Ég tel rétt, að í þessum einstöku tilfellum séu aðeins valdir til vinnu ráðsettir menn, þar sem það gæti orðið til þess að fyrirbyggja slys. Ég mun því greiða atkvæði á móti 5. brtt.

Þá er brtt. við 9. gr. Ég skal játa, að það er fremur hagsmunaatriði fyrir verkamenn, að atvinnurekendum sé skylt að greiða læknisskoðunina, því að þeir hafa ekki verið vanir að gera það, og gæti ég því samþ. till. Þetta ákvæði stendur í sambandi við atvinnusjúkdóma, en í 9. gr. stendur, að ráðh. geti ákveðið, í samráði við öryggismálastjóra, að fram fari reglubundin læknisskoðun verkamanna, enda sé ástæða til að ætla, að á þann hátt megi koma í veg fyrir eða hefta atvinnusjúkdóma til muna. Þegar svo stendur á, er vinnuveitandi skyldugur til að gefa verkamanni frí frá störfum án skerðingar á kaupi, til þess að skoðun geti farið fram. Þetta er hagsmunaatriði, og ég tel sæmilegt, að atvinnurekendur greiði óskert kaup, ef skoðunin tekur ekki lengri tíma en hálfa klst.

Hvað því atriði viðvíkur, að nauðsynlegt sé að hafa eftirlit með affermingu og fermingu skipa, þá er það hafið yfir allan efa, því að slys eru tíð við þessa vinnu, t. d. í lestum og við skipshlið. Notaðar eru þungar vélar og lyftitæki, sem eftirlitið á að ná til.

Svo skal ég fara fljótt yfir sögu. Ég er á móti öllum till., sem fjalla um að fella heilar greinar niður. Þó að sum atriði orki tvímælis, eru öryggisráðstafanirnar skertar með því að fella þær niður. Þannig er um 14., 16., 17. og 21. gr., sem hv. minni hl. vill að falli niður.

Í 16. gr. segir, að ekki megi taka öryggisútbúnað af vél, meðan hún er í notkun. Er það ekki sjálfsagt? Þar segir enn fremur, að á meðan vél er í gangi, megi ekki leggja á hana reim, snúru eða annað þess háttar, hreinsa hana, smyrja eða gera annað svipað við hana, nema stöðva hana. Er það ekki líka sjálfsagt? — Svo er það síðasta ákvæði 16. gr., sem ég vildi minnast á, að ekki megi nota hanzka, vettlinga eða annað þess háttar við vörzlu véla, ef það kann að auka slysahættuna. Því er haldið fram, að allir noti vettlinga, en er ekki sjálfsagt að banna það, ef slysahætta fylgir því og óþarfi er að hafa vettlinga? Það er hörmulegt, ef slys verða af þeim sökum, að menn eru með vettlinga við störf, og það því fremur ef óþarfi er að hafa vettlinga. Því brýnni er þörfin að banna það og draga þannig úr slysahættunni.

Þá er það 16. till., um að V. kafli (28.—30. gr.) falli niður. Hér er lagt til, að felldur verði niður heill kafli frv. til viðbótar við þær niðurfellingar, sem áður hafa verið gerðar, og stefnir þetta allt að því að skemma frv. og draga úr, að sem beztur árangur náist.

Ég skal nú hlaupa yfir nokkrar greinar, til þess að tefja ekki umræður um of.

Að því er varðar 20. brtt., a-liðinn, er ég honum samþykkur. Ég tel rétt, að eftirlitið nái til allra véla undantekningarlaust, og þessi till. er því sjálfsögð. — Þá er það b-liður till. Mér er ekki ljóst, hvernig hv. minni hl. hefur hugsað sér framkvæmd þeirrar till. Þar segir, að starfsmenn eftirlitsins skuli skyldir að kenna við skóla landsins án aukagreiðslu varnir gegn slysum skv. reglugerð, sem ráðh. gefur út, að fengnum till. forstjóra véla- og skipaeftirlitsins. Ég býst við, að hv. till.-menn hafi myndað sér skoðun um, við hvaða skóla kennslan á að fara fram. Vitanlega getur ekki verið um alla skóla landsins að ræða, því geta þessir menn ekki annað, svo að sennilega er um einn eða tvo skóla að ræða, kannske þá skóla, þar sem iðnaðarmenn eru að námi og undirbúa sig undir starf sitt. Þá er hugsanlegt, að þetta geti stuðlað að því að fyrirbyggja slys í framtíðinni.

Í 21. till. er lagt til, að 36. gr. falli niður. Í 36. gr. eru m. a. ákvæði um það, að öryggiseftirlitið skuli beita sér fyrir rannsóknum á útbreiðslu atvinnusjúkdóma og vinna að útrýmingu þeirra. Hvers vegna á að fella þetta niður? (GJ: Það hefur annað verkefni.) Hverjum ber fremur að sinna þessum málum en öryggiseftirlitinu? Það er beinlínis skylda þess að gera það. — Þá er lagt til að fella niður, að trúnaðarlæknir verði öryggiseftirlitinu til aðstoðar í öllum þeim málum, sem snert geta heilbrigði verkamanna, og að leita skuli álits hans áður en læknisskoðun er fyrirskipuð skv. 9. gr. l. Ég tel rétt og sjálfsagt, að trúnaðarlæknir hafi slíkt starf með höndum eða aðrir læknar, ef það er jafntryggt. Ég álít, að þessi grein eigi ekki að falla niður og að það væru skemmdir á frv. að samþ. þessa till.

Viðvíkjandi innheimtuaðferðinni á skoðunargjaldinu, þá hef ég tilhneigingu til að fylgja þeim lið í till. hv. minni hl.

Þá er það mikilsvert atriði, hvort ekki sé heppilegt, að allt eftirlit, sem nú er með skipum, flugi, bifreiðaflutningum og verksmiðjum, verði sameinað undir eina yfirstjórn, og hvort ekki sé hægt að draga úr kostnaði við eftirlitið með því móti. Ég skyldi sízt vera á móti því, ef hægt væri að sýna, að spara mætti fé með því móti. Mörgum stendur stuggur af þeim kostnaði, sem eftirlitið hefur í för með sér, en hann er mestur við bifreiðaeftirlitið og skipaskoðunina, en langminnstur við það eftirlit, sem hér er um að ræða. Mér finnst því eðlilegt, að Alþ. setji þessa löggjöf hvað sem kostnaðinum líður svo að þessum málum verði komið í viðunandi horf. Umbætur eru nauðsynlegar á þessu sviði, og er ekki annars að vænta, þegar þess er gætt, að núverandi löggjöf er frá árinu 1928 með smábreyt., sem gerðar voru árið 1940.

Ég vil því leggja áherzlu á það, að l. verði afgr. á þessu þingi, en jafnframt að það er æskilegt, að hæstv. ríkisstj. láti rannsaka nánar,

hvort ódýrara er og „effektívara“ að hafa allt þetta eftirlit undir einni yfirstjórn. Sá, sem til þess yrði valinn að fara með þessi mál, yrði að vísu að hafa mjög yfirgripsmikla þekkingu á skipum, flugvélum, bifreiðum og hvers konar vélum. Ég efa, að nokkur einn maður hafi svo yfirgripsmikla þekkingu, og yrði hann þá að hafa sérfræðinga sér til aðstoðar, sem væru „autoritet“ hver í sinni grein. Þá gæti svo farið, að sparnaðurinn yrði hverfandi. En það er hlutverk hæstv. ríkisstj. að láta rannsaka þetta, og það er ekki verra að gera það, þó að löggjöfin frá 1928, um eftirlit með verksmiðjum og vélum, hafi verið endurbætt. Sameiginleg ósk hv. meiri hl. og hv. minni hl. um, að slík rannsókn fari fram, ætti því sízt að verða þessu frv. að fótakefli, og teldi ég mjög miður, ef málið verður nú afgr. með frávísun til hæstv. ríkisstj. út frá því sjónarmiði.

Ég vænti þess, að frv. verði ekki spillt meira en orðið er með niðurfellingum, og fylgi ekki öðrum brtt. en ég hef sagt og ég tel að ekki spilli því öryggi, sem frv. er ætlað að skapa. Það væri vansæmd á vansæmd ofan fyrir Alþ., ef það afgr. ekki málið á þessu þingi. Það má segja, að kostnaður við þetta verði mikill, en það ber fyrst og fremst að hugsa um það, að öryggi fólksins verði betur borgið en gert var með þeim l., sem sett voru 1928. Það er fyrst og fremst það sjónarmið, sem á að ráða, er menn taka afstöðu til málsins, og treysti ég því, að menn geri það.

Umr. frestað.

Á 59., 60., 62. og 63. fundi í Ed., 15., 17. og 18. jan., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Ed., 18. jan., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Hæstv. iðnmrh. minntist á það við þessa umr., að honum væri ókunnugt um það, hvort hægt væri að steypa þessum tveimur stofnunum saman, og hann áliti, að ekki yrði að því neinn sparnaður. Ég vil ekki ræða málið eingöngu út frá því, hvort sparnaður er að því eða ekki, en það er sýnilegt, að það er óþarfi að hafa þetta skrifstofuhald á báðum stöðunum, ef steypt er saman, og þá mundi einnig sparast húsnæði, en það er fremur aukaatriði. Hitt er aðalatriði, hvort hægt er fyrir sama fé að fá meira og betra öryggi, og tel ég tvímælalaust, að það sé hægt. Ég tel m. a. vera fjarstæðu að vera að senda mann til þess að skoða 100 ha. dieselvél í mótorbát, sem liggur við bryggju, og svo annan til að skoða sams konar 100 ha. vél, sem liggur í frystihúsi 10 metra frá bryggjunni. En þetta er það, sem verið er að gera undir þessu fyrirkomulagi, og það sama er með gufukatlana, þeir eru skoðaðir við bryggju í skipunum og síðan af annarri stofnun í sömu viku eða sama mánuði annar ketill, sem er í verksmiðju nokkra metra þaðan sem skipið liggur. Þetta er svo auðskilið, að það þarf ekki sérfræðing til að skilja, að þetta er ekki það skipulag, sem á að hafa á þessum málum.

Ég vil taka það fram, að ég tel mjög mikilsvert, ef hæstv. ráðh. sæi sér fært, hvort sem frv. verður samþ. eða ekki, að láta athuga á yfirstandandi ári, hvort ekki væri hægt að koma upp öryggismálastofnun með öryggisráði, sem hefði yfir öllum þessum málum að ráða. Ég álít, að það öryggisráð ætti að vera skipað öðruvísi en hér er gert ráð fyrir. Í því ætti að vera fulltrúi frá vátryggingarfélögunum, sem greiða tjónin; það eru ekkert lítil tjón, sem verða hér á hverju ári. Slysavarnafélag Íslands ætti að hafa annan fulltrúa; það er stofnun, sem hefur á þessu mikinn áhuga og starfar alveg sérstaklega í því augnamiði að forða slysum. Síðan ætti ríkisstj. að skipa form., og svo ættu atvinnurekendur að hafa einn fulltrúa og verkalýðsfélögin einn. Margt gott gæti af þessu leitt, og vil ég vænta þess, að hæstv. ráðh. sjái sér fært að láta athuga þetta. Hitt tel ég fráleitt, að fara aðeins eftir umsögn þeirra manna, sem hafa hagsmuna að gæta í sambandi við það, hvort þetta er sameinað, þ. e. forstjóra véla- og verksmiðjueftirlitsins og forstjóra skipaeftirlitsins. Það eru allt aðrir aðilar, sem eiga að segja um það mál, og ég hygg, að þetta mál hefði verið betur undirbúið á sínum tíma, ef í þessari n. hefðu verið menn, sem einnig þekktu eitthvað annað en það, sem snertir iðnaðinn, því að hún hefur sannarlega ekki farið út fyrir það verksvið. — Þetta vildi ég segja við hæstv. ráðh.

Mér skilst, eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, að nú sé því miður fjöldi manna, sem hafa slasazt á s. l. ári í bifreiðaárekstrum, eitthvað um 150 manns, þar af hvorki meira né minna en 5 dauðaslys. Mér finnst fráleitt að vera að semja langan og mikinn lagabálk um þá atvinnugrein, sem enn þá hefur sem betur fer færri slys í för með sér en aðrar atvinnugreinar. Það er síður en svo, að ég sé á móti því að setja á fót öryggismálastofnun og stjórn, en það á ekki að setja það fyrir hverja atvinnugrein fyrir sig og sízt af öllu fyrir þá atvinnugrein, sem er umfangsminnst, eins og hér um ræðir.

Þá vil ég aðeins segja nokkur orð í sambandi við ummæli hv. 6. landsk. (HV). Mér fannst á hans ræðu, að hann væri ekki langt frá minni skoðun og gæti vel fellt sig við þær till., sem hér eru bornar fram, og væri til viðtals um það að breyta frv. Þá held ég, að það sé heldur of mikið sagt, að það hafi ekki verið kastað höndunum að þessu verki. Langmesti tíminn hjá þeim mönnum, sem undirbjuggu málið, fór í að ferðast um landið til að kynna sér, hvort þær ásakanir, sem bornar voru á stofnunina, væru réttar, og svo, þegar því verki var lokið, að safna að sér alls konar reglugerðum og l. frá öðrum löndum, þar sem eru allt önnur skilyrði en hér hjá okkur, og síðan að taka upp reglugerðarákvæði og setja þau inn í l. Þetta var undirbúningurinn undir málið. En að þeir hafi kynnt sér hitt atriðið, hvort það væri hægt að treysta öryggið með sem minnstum kostnaði með því að setja þetta saman undir eina stofnun, það kom þeim aldrei til hugar.

Hv. þm. sagði, að l. væru frá 1928 og síðan hefði margt breytzt í iðnaðinum. Það er alveg

rétt, en reglugerðum í sambandi við l. frá 1928 hefur verið breytt síðan, og ég veit ekki, hvort það er réttara í sambandi við svona mál að setja inn í það alls konar reglugerðarákvæði en að setja reglugerðir samkvæmt l. eins og gert hefur verið. Hitt er mér óhætt að fullyrða, og þar hef ég fyrir mér einnig ummæli þess manns, sem kom hingað frá Ameríku til að athuga þessi mál, að það hefði verið hægt að fyrirbyggja öll þau slys, sem hafa orðið í sambandi við iðnaðinn á Íslandi, að svo miklu leyti sem það er hægt, með þeim reglugerðum og lögum, sem fyrir eru. Þessi maður hefur bent á það, að til væru lög og reglugerðir, sem gætu heimilað viðkomandi stofnunum að grípa inn í meira en gert hefur verið. Það hafi ekki verið gert, og af þeim ástæðum hafi slysin orðið. Hins vegar er villandi sú slysatala, sem bent er á af hv. flm. í aths., því að þar er átt við öll þau slys, sem orðið hafa á Íslandi, í hvaða grein sem er, og það er ekki nema brot af því í iðnaðinum. Ég er líka hv. þm. sammála um það, að ef farið er inn á svona víðtækt eftirlit, þá komi til athugunar, hvort ekki á að taka svo og svo mikið af landbúnaðinum með, því að það er sannarlega ekki minni slysahætta við notkun margra véla þar en í þeirri grein, sem hér hefur verið bent á.

Ég skal svo ekki beita neinu málþófi í sambandi við þetta mál. Ég hef tekið fram kjarnann í mínum aths. og hirði ekki um að svara hverju einstöku atriði, sem fram hefur komið, en kjarninn er þessi, að það er farið hér inn á í frv., eins og það er, svo víðtækt eftirlitsstarf, sem yrði ekki annað en skrifstofustörf og hefði lítil áhrif á öryggið í landinu, en mundi kosta mjög mikla peninga, ef það ætti að verða nokkuð annað en pappírsgagn. Þetta þykir mér aðallega að l. og finnst nauðsynlegt og hyggilegra að breyta frv. í það horf, að hægt sé að tryggja öryggið með sameiningu á þessum sviðum og föstum tökum á málinu í heild, heldur en að binda það við þessa einu grein, sem hér um ræðir. — Skal ég svo ekki ræða þetta meira, nema sérstakt tilefni gefist til.

Hannibal Valdimarsson: *Herra forseti.* Það var mjög rætt um það hér fyrr, að það mundi verða mjög mikill fjárhagslegur sparnaður að því að sameina bæði verksmiðjueftirlitið, skipaskoðunina og eftirlit með flugvélum allt undir eina stjórn. Mér er tjáð, að þegar málið var til umr. í Nd., hafi hæstv. landbrh. mætt þar og verið einmitt sérstaklega spurður um þetta atriði og hafi upplýst, að hann hefði kynnt sér gögn, sem rn. hefði látið safna, og látið athuga þetta og fengið umsögn þeirra manna, sem hann teldi óhætt að byggja á, um þetta atriði og taldi, að rn. mundi ekki telja frekari rannsóknar þörf á þeim atriðum, en niðurstaðan hefði orðið sú, að um sparnað yrði ekki að ræða af slíku. Ég hef svo fengið í hendur afrit af bréfum, í fyrsta lagi frá verksmiðjuskoðunarstjóra ríkisins, sem fjallar um málið, og skýrir hann afstöðu sína til fyrirhugaðrar sameiningar í sparnaðarskyni. Bréf þetta er skrifað að beiðni samgmrn., og skal ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp þau atriði, sem þessa málshlið snerta. Í bréfi hans segir meðal annars þetta:

„Eins og eftirlitið er rekið nú, eru við það þrír fastlaunaðir starfsmenn, — skoðunarstjóri, skoðunarmaður og skrifstofustúlka. Verður ekki að mínum dómi komizt af með minna starfslið, ef inna á af höndum þau störf, sem til er ætlazt.“

Þá segir hann: „Skrifstofuhúsnæði eftirlitsins er nú ein sæmileg stofa, sem skipt hefur verið í tvennt, og tel ég, að ekki verði komizt af með minna húsnæði, sem gerist í nýrri húsum.“ — Enn fremur: „Væru fyrr greindar stofnanir sameinaðar, get ég ekki séð, að það gæti sparað starfsmenn, með því að ég tel ekki, að starfsmenn verksmiðju- og vélaeftirlitsins gætu bætt á sig störfum í þágu skipaskoðunarinnar, enda störfin gerólík og sérhæfni starfsmanna sín á hvoru sviði. Þá get ég ekki séð, að hægt sé að ætla verksmiðju- og vélaeftirlitinu minna húsnæði en það hefur nú, enda þótt það væri sameinað skipaskoðuninni.“

Og enn segir: „Ég get því ekki séð, að sameining stofnana þessara hefði sparnað í för með sér fyrir ríkissjóð, en lít hins vegar svo á, að sameiningin gæti haft margs konar neikvæðar afleiðingar, svo ólík sem starfssvið stofnananna eru.“

Enn fremur segir: „Þá er talað um innheimtu skoðunargjalda þessara stofnana og talið eðlilegra, að stofnanirnar innheimti þau sjálfar. Um skeið var sú aðferð höfð í verksmiðju- og vélaeftirlitinu, en þótti afar óþægileg fyrir skoðunarmennina. Það er heldur óheppileg aðstaða, sem skoðunarmaður kemst í, þegar hann hefur skoðað fyrirtæki og afhent skoðunarvottorð, þar sem krafizt er svo og svo mikilla umbóta, sem kosta fyrirtækið ef til vill ærið fé, að verða þá samtímis að framvísa reikningi fyrir heimsóknina; verður skoðunarmaður á þann hátt að nokkru fjárhagslega háður fyrirtækjum þeim, sem hann á að skoða.“

Og að lokum segir: „Þrátt fyrir þetta ákvæði hefur þeirri reglu verið fylgt að krefja ekki fyrirtæki um skoðunargjald, nema skoðað hafi verið á árinu. Hafi annað komið fyrir, er um hreina undantekningu að ræða.“

Þetta er sem sagt álit verksmiðjuskoðunarstjóra varðandi sparnaðarhliðina, og er umsögn hans um það atriði öll neikvæð.

Þá er hér einnig bréf Ólafs Sveinssonar skipaskoðunarstjóra, sem er svar við bréfi fjvn. til hans frá 18. okt., þar sem spurt er um, hvort hagkvæmt muni vera að sameina skipaskoðunina og vélaeftirlit ríkisins til sparnaðar fyrir ríkissjóð. Vil ég, með leyfi hæstv. forseta, grípa niður á nokkrum stöðum í því bréfi, þar sem þetta atriði er tekið til meðferðar. Þar segir meðal annars orðrétt:

„Ég sé því ekki, að skipaskoðuninni sé neinn styrkur í sameiningunni frá vélaeftirlitsins hálfu, því að í stað skoðunarstjóra verður að sjálfsögðu að koma fulltrúi ... Ef skipaskoðunarstjóri hætti, en hann stjórnar allri skipaskoðun, skipamælingum og skipaskráningunni, kæmi í hans stað fulltrúi. Þar mundi sparast eitthvað í launum, en aftur á móti hugsa ég, að forstjóri fyrir báðum stofnununum fengi sín laun eitthvað

hækkuð, og verður þá sparnaðurinn ekki stór. Aðrir starfsmenn skipaeftirlitsins, sem eru á föstum launum, eru skipasmíðameistarar eða skipstjórar.

Af þessu má sjá, að starfsmenn skipaskoðunarinnar, sem eru, eins og áður er sagt, skipstjórar, skipateiknarar og skipasmíðameistarar, að undanskildum skipaskoðunarstjóra og vélritunarstúlku (Hér mun hafa fallið niður.) ... þekkingu, sem verksmiðjueftirlitið þarfnast og koma því verksmiðjueftirlitinu að engu gagni, enda er hér um mjög ólík störf að ræða.“

Þó að hér hafi eitthvað fallið niður, er greinilegt, að skipaskoðunarstjóri fullyrðir, að það fólk, sem skipaskoðunin hefur til umráða, hefur ekki þá þekkingu til að bera, sem geti komið verksmiðjueftirlitinu að gagni, þar sem um svo ólík störf er að ræða.

Síðan heldur hann áfram:

„Ef skipaskoðunin hefði á að skipa vélfræðingi fastlaunuðum eða vélfræðingum, væri öðru máli að gegna, en skipaskoðunin hefur aldrei fengið fastlaunaðan vélfræðing við skipaskoðunina, og er það mjög bagalegt og algerlega ónóg af mörgum ástæðum.“

Svo víkur hann einnig að húsaleigu- og skrifstofukostnaði og telur ómögulegt að spara nokkuð þar. Raunar telur hann, að komið geti til mála að spara eitt herbergi frá því sem nú er, en hvort það í reynd yrði ódýrara, segist hann láta ósagt, því að skipaskoðunin sé nú til húsa í þakhæð húss og herbergin undir þaki og húsaleigan þar af leiðandi hagkvæm. Segir hann þar að lokum: „Svo þegar litið er á allt, tel ég sparnaðinn hæpinn.“

Síðan heldur hann áfram:

„Þá er talað um í bréfi fjvn., að það mundi sparast mikið fé, ef skoðunarmenn sjálfir innheimtu skoðunargjöldin.

Þetta tel ég alveg fráleitt, enda er í lögum um eftirlit með skipum ákveðið, að skoðunargjöldin skuli innheimt af lögreglustjórunum, en hér í Reykjavík af tollstjóra, og er þetta ákvæði laganna byggt á margra ára reynslu.“

Og síðast segir í þessu bréfi Ólafs Sveinssonar:

„Af framansögðu sé ég ekki, að neinn sparnaðargrundvöllur sé fyrir hendi fyrir sameiningu nefndra stofnana, og tel ekki æskilegt að breyta til frá því fyrirkomulagi sem nú er, nema sjáanlegt sé, að með því sé fengið aukið öryggi fyrir sjófarendur, en það sé ég ekki, að fengið sé með sameiningu nefndra stofnana.“

Og þá hefur hann úttalað sig um öryggishliðina, en bæði frsm. meiri hl. og minni hl. ræddu um það, að þetta atriði þyrfti sérstaklega að rannsaka, hvort ekki mætti spara og auka öryggið með því að sameina þetta. Það hefur sem sagt verið leitað til þeirra trúnaðarmanna, sem taldir eru að vera dómbærastir á þetta, og þeir telja, að það mundi ekki spara og ekki heldur auka öryggið að sameina þessar tvær stofnanir. Þessar upplýsingar úr bréfunum taldi ég rétt að kæmu fram.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Ég vildi spyrja hv. 6. landsk.: Telur hann þetta fullkomna rannsókn á málinu, að aðeins hefur verið aflað umsagna frá þessum tveimur mönnum? Hann hefur lesið upp þeirra umsagnir, en það snertir þá persónulega sjálfa. Það eru engir aðrir dómarar settir í það mál en þeir, og ætti annar hvor að víkja, ef starfið væri lagt niður. Þessir menn eru á fullum launum fyrir starf sitt í þessum stofnunum, en fá svo stórar fúlgur fyrir störf, sem þeir vinna jafnframt annars staðar, og er ekki ósennilegt, að þeir teldu þessa bitlinga sína ekki í lítilli hættu, þannig að þeir fengju ekki leyfi til að stunda þessi aukastörf, ef skipt væri um yfirstjórn.

Ég get nefnt sem eitt dæmi um þennan málflutning, að skipaskoðunarstjóri tekur fram í bréfi sínu, að skipaskoðunin hafi aldrei haft neinn vélaverkfræðing. Það lítur nú helzt út fyrir, að skipaskoðunarstjóri sé orðinn eitthvað kalkaður, þar sem hann er sjálfur vélaverkfræðingur og var einmitt þess vegna settur í þetta starf. Og svo heldur hann því fram, að skipaskoðunin hafi aldrei haft neinn vélaverkfræðing í þjónustu sinni. Ég verð að segja, að þegar annað eins og þetta kemur fram í umsögn um málið, þá fer maður nú að taka lítið mark á því, sem kemur fram frá þessum mönnum.

Ég skal ekki tefja umr. um þetta mál, þar sem ég hef gert skýra grein fyrir afstöðu minni, fyrst þegar frv. var til 2. umr. Í þessum umsögnum hefur ekkert það komið fram, sem hnekki röksemdunum fyrir því að sameina þessar tvær stofnanir, enda veit ég ekki, hvaða störf í landinu gætu betur fallið saman en verksmiðjueftirlitið og skipaskoðunin. Nei, það er allt annað, sem virðist vaka fyrir þessum mönnum með því að gefa þessar umsagnir, en málið sjálft.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Varðandi það, sem hv. þm. Barð. spurði mig um, hvort ég teldi þessa rannsókn fullnægjandi, þá skal ég játa, að auðvitað mætti hafa þessa rannsókn fullkomnari og leita til fleiri fagmanna, en það, sem úr sker, er það, að hæstv. ráðh., sem þetta mál heyrir undir, hefur sagt við n., að hann áliti þetta fullnægjandi og mundi ekki, þótt málinu yrði vísað til rn. til þess að láta rannsaka þetta nánar, láta framkvæma meiri rannsókn. Þetta er hans afstaða. — Það er mjög venjulegt að leita til þeirra manna, sem eru kunnugir í því starfi, sem um er að ræða, og það eru ekki aðrir menn hér á landi kunnugri verksmiðjueftirliti og skipaskoðun en verksmiðjuskoðunarstjóri og skipaskoðunarstjóri. (**GJ:** Hvað ætli skattdómari hefði sagt, ef hann hefði verið spurður að því, hvort leggja ætti skattdómaraembættið niður?) Hér er ekki um það að ræða, heldur er hér spurningin, hvort eigi að sameina þetta undir eitt. Annar hvor þessara forstjóra yrði deildarstjóri hjá fyrirtækinu, og hvor þeirra sem er mundi ekki verða lækkaður í launum, þannig að hugsanleg sameining hefði engin áhrif á afkomu þessara manna. Það mundi enginn lækka Ólaf Sveinsson í launum. (**GJ:** En hann fengi ekki leyfi til að vinna sér inn 30 þús. annars staðar.) Það er annað mál, ég skal ekki bera blak af því, ef

þeir hafa frjálsræði til þess að vinna önnur störf við hliðina á þessu. En úr því að það hefur getað gengið fram að þessu, sé ég ekki annað en mætti vænta áfram sömu framkvæmda. Það er vitanlega yfirsjón af hendi ráðh. að láta slíkt viðgangast og slæmt, að framkvæmdin sé ekki í eins góðu lagi og vera ber; það segir sig auðvitað sjálft. Það er svo gefinn hlutur, að eftir því sem lögin um eftirlit eru víðtækari og ná til fleiri fyrirtækja og fleiri tegunda iðngreina, útheimtir það fleira starfsfólk til þess að annast eftirlitið. Það liggur í augum uppi, og þess vegna er vitanlegt, að hvort sem eftirlitið verður sameinað eða ekki, þá mundi a. m. k. samþykkt þessa frv. útheimta fleira fólk en nú starfar að þessu, einnig þó að þetta yrði sameinað undir einn hatt. Ég tel, að það sé mál út af fyrir sig að taka ákvörðun um það, hvort haganlegt sé að sameina þetta í eitt, og það má eins gera það, þó að búið sé að samþ. þetta frv., og þess vegna engin ástæða að mínum dómi að láta það verka á afgreiðslu þessa máls. Og það liggur fyrir, að ráðh., sem fer með þessi mál, segist ekki telja ástæðu til að rannsaka það mál frekar.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða frekar um þetta mál, en vildi leggja þessi gögn á borðið, og ég legg nokkuð upp úr þeim.

Forseti (BSt): Þá hafa ekki fleiri kvatt sér hljóðs, og er umr. lokið.

Brynjólfur Bjarnason: Mér þykir það slæmt, að umr. skuli vera lokið, vegna þess að ég veit, að hv. 4. landsk. ætlaði að taka þátt í þessum umr., en hann er veðurtepptur í Kópavogi ásamt hv. 7. landsk. Ég vil þá, úr því að búið er að slíta umr., fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann fresti atkvgr., þar sem ekki er um það að ræða, að þm. geti komið til þingfundar vegna veðurs.

Forseti (BSt): Ég get að vísu ekki afturkallað það, að umr. er lokið. En ég var ekki búinn að lýsa yfir því, að atkvgr. færi fram, og eftir þær upplýsingar, sem fram eru komnar, og með tilliti til þess, að það kunna að vera mjög mikil áhöld um það, hvað verður ofan á í þessu máli, þá vil ég ekki vera að knýja fram atkvgr., þegar svo stendur á, að tveir dm. eru forfallaðir, komast ekki hingað, og er þá atkvgr. um þetta mál frestað. En ef komið er að þingslitum, getur það vitanlega haft áhrif á það, hvort málið gengur fram eða ekki, ef það tefst um einn dag.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 65. fundi í Ed., 19. jan., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 555,1.a felld með 8:5 atkv.
— 555,1.b felld með 8:5 atkv.
— 555,1.c samþ. með 10:3 atkv.
— 555,1.d felld með 7:7 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 11:4 atkv.
Brtt. 555,2 tekin aftur.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
3.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 555,3 samþ. með 11:1 atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 555,4 samþ. með 13 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 555,5 felld með 9:6 atkv.
8. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 555,6 samþ. með 8:5 atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 555,7 samþ. með 9 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
11. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 555,8 samþ. með 15 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 555,9 felld með 9:5 atkv.
13. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 555,10 felld með 8:5 atkv.
14. gr. samþ. með 12:3 atkv.
15. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 555,11 felld með 7:6 atkv.
16. gr. samþ. með 9:6 atkv.
Brtt. 555,12 felld með 8:6 atkv.
17. gr. samþ. með 9:4 atkv.
18.—20. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 555,13 felld með 7:7 atkv.
21. gr. samþ. með 10:5 atkv.
22. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 555,14 felld með 8:8 atkv.
23. gr. samþ. með 10:4 atkv.
24. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 555,15 felld með 10:4 atkv.
25. gr. samþ. með 11:3 atkv.
26.—27. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 555,16 felld með 10:6 atkv.
28.—30. gr. samþ. með 11:4 atkv.
Brtt. 555,17 tekin aftur.
31. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 555,18 felld með 7:7 atkv.
32. gr. samþ. með 8:2 atkv.
Brtt. 555,19 tekin aftur.
33.—34. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 555,20.a samþ. með 12 shlj. atkv.
— 555,20.b samþ. með 14 shlj. atkv.
35. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 555,21 tekin aftur.
36. gr. samþ. með 9:6 atkv.
37.—44. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 555,22.a samþ. með 12:3 atkv.
— 555,22.b felld með 8:5 atkv.
45. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
46.—47. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
48.—49. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., 21. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 700).

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Það voru gerðar allmiklar breytingar á þessu máli við síðustu umr. Vildi ég því óska eftir því, að málið verði tekið út af dagskrá, svo að n. fái tækifæri til að athuga, hvort þessar breyt. eru í samræmi við löggjöfina, og hún geti

lesið saman frv. og lögin. Auk þess vil ég benda á, að með því að ákvæðið um þrjá verkamenn var fellt niður, er full ástæða til að fella 4. lið niður. Vil ég því óska eftir því, að hæstv. forseti taki málið út af dagskrá í dag, svo að n. fái tækifæri til að athuga þetta.

Forseti (BSt): Mér þykir leitt að geta ekki orðið við þeirri ósk hv. þm. Barð. að taka málið út af dagskrá. En ég skal fresta umr. og sjá um, að n. fái tíma til fundarhalda.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Þetta frv. varð fyrir nokkrum breyt. við síðustu umr. Voru þá samþ. nokkrar af brtt. hv. þm. Barð., en sumar voru felldar. Ég geri ráð fyrir því, að hv. þm. hafi séð um, að þessar till. féllu inn í lögin og væru fremur til að bæta löggjöfina en spilla. Ég held, að það sé engin hætta á því, að hv. þm. Barð. hafi ekki athugað svo gaumgæfilega l., að þau geti ekki myndað samfellda heild, þótt nokkrar brtt. hans hafi verið felldar. Sé ég ekki ástæðu til að fresta umr. N. hafði tíma til að athuga málið yfir helgina, ef vilji hefði verið fyrir hendi. Ég vil mælast til þess, að hæstv. forseti fresti ekki umr., þar sem það getur valdið örlagaríkri töf á afgreiðslu málsins.

Forseti (BSt): Eins og þegar hefur verið tekið fram, er ekki fært að taka málið út af dagskrá, en ég vil gefa n. tækifæri til að athuga málið.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Ef til vill sér forseti sér fært að fresta fundi um tíma, svo sem 15—20 mínútur, svo að n. geti athugað málið? **(Fjmrh.:** Það væri heillaráð.) Það er síður en svo, að ég vilji stöðva málið.

Forseti (BSt): Bæði vegna þessa máls og vegna þess, að nál. í öðrum málum eru ókomin, mun fundi verða frestað. — [Fundarhlé.]

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir að hafa gefið n. tækifæri til að athuga þetta mál. Það var engan veginn vegna þess, að við vildum stöðva málið, að n. vildi fá tækifæri til að athuga frv. eftir þær breyt., sem gerðar voru á því. Að vísu var einn nm. ekki mættur, hv. 4. landsk. (StgrA), en n. leggur til, að frv. verði samþ. með nokkrum breyt., sem hún leggur fram skriflegar, og skal ég lýsa þeim nokkuð.

Það er fyrst við 1. gr., að í staðinn fyrir orðin „einn verkamaður" komi: tveir verkamenn. — Ég bar fram brtt. um það, að í staðinn fyrir einn verkamann kæmi 3 verkamenn, en það var fellt hér í d. og ákveðið, að hvert fyrirtæki skyldi eftirlitsskylt, sem hefði einn mann og einn verkamann. Við teljum þetta óþarft og settum inn, að þetta skyldi aðeins gilda þar, sem væri einn maður og 2 verkamenn, og væntum þess, að hv. d. fallist á þetta.

Þá er 2. brtt. við 2. gr., að í stað orðanna „einn eða fleiri" í 2. málsgr. komi: tvo eða fleiri — og svo allir þeir undirliðir; það er aðeins afleiðing af því, ef 1. till. verður samþ., og er óþarft að ræða það nánar.

Þá er brtt. við 23. gr., og hygg ég, að sú till. hafi verið felld niður af misskilningi, að síðasta málsgr. orðist svo: „Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um öryggisráðstafanir um fermingu og affermingu skipa." En í frumvarpinu stendur nú:

„Um fermingu og affermingu skipa gilda eftirfarandi sérstök ákvæði: Á flutningsstykki, sem eru 1000 kg að þyngd með umbúðum eða meira og fermd eru í íslenzkri höfn, skal þunginn vera greinilega merktur og þannig, að merkingin máist ekki brátt af. Sé ómögulegt eða illgerlegt að ákveða þungann nákvæmlega, getur öryggiseftirlitið leyft, að ágizkaður þunginn sé merktur á umbúðirnar. Að öðru leyti setur ráðherra reglur um fermingu og affermingu skipa í samræmi við ákvæði þessara laga."

Ég hygg, að þetta ákvæði yrði pappírsákvæði, sem ekkert öryggi yrði að og mundi kosta svo mikla fyrirhöfn, að það yrði aldrei ráðizt í það. Þess vegna leggjum við til, að þetta falli niður, en ráðh. setji reglugerð um þetta efni, og við ætlumst til, að sú reglugerð sé þannig útbúin, að það verði eitthvert öryggi að eftirlitinu, og teljum málinu betur borgið með þessari breyt. en eins og það er í l.

Þá er síðasta brtt. hjá okkur, þ. e. við 32. gr., að 3. málsgr. falli niður, en hún hljóðar svo: „Trúnaðarlæknir öryggiseftirlitsins er kennari við Háskóla Íslands í heilsufræði." Hér er verið að stofna nýtt embætti, og ég er ekki alveg viss um, hvort hv. d. hefur verið það ljóst, þegar gengið var til atkv. um þetta mál, og ætlazt til, að það yrði gert, en það er sýnilegt, að ef þessu er ekki breytt, þá er verið að stofna nýtt embætti. Við leggjum því til, að þessi málsgr. falli niður, og þá er það að sjálfsögðu öryggiseftirlitsins að snúa sér til þeirra lækna, sem annars eiga að hafa þessa heilsugæzlu á hendi, sem eru héraðslæknar á hverjum stað.

Einnig leggjum við til, að aftan við greinina bætist: „Fastráðnir starfsmenn öryggiseftirlitsins skulu hafa störfin sem aðalstörf og mega ekki taka að sér önnur störf, er ætla má, að komi í bága við aðalstarfið." Þetta var að vísu fellt við síðustu atkvgr., en þá var það orðað þannig, að þetta væru starfsmenn véla- og verksmiðjueftirlitsins, en það ákvæði er nú fellt niður. Þetta er hugsað til þess að tryggja öryggið, að gera þetta að aðalstarfi og banna með l., að þeir, sem við þetta starfa, megi hafa annað starf sem aukastarf, sem ætla má, að komi í bága við aðalstarfið.

Þetta eru þær till., sem n., 4 nm., leggur til að verði samþ. Hins vegar ber minni hl. fram eina brtt. um það, að þar sem notaður er vélakostur, sem er eitt hestafl eða meira, þá komi það undir eftirlit. Ég vil leyfa mér að benda á, að ef það er skoðun d., að allur rekstur í landinu, þar sem notað er eitt hestafl eða meira, skuli vera eftirlitsskyldur, þá sé ég ekki, að það sé hægt annað en taka búrekstur með, þar sem notað er eitt hestafl eða meira, því að það er ekki stætt á því að halda því fram, að t. d. trésmið, sem notar eitt hestafl eða meira á

verkstæði sínu, sé skylt að koma undir þau ákvæði, en búrekstur, sem hefur 10—20 hestöfl í sinni þjónustu, sé undanþeginn eftirliti.

Að öðru leyti skal ég ekki ræða um frv. Það er ekki mín ósk, að þetta mál dagi uppi, en ég vil aðeins leggja þessar brtt. fram fyrir hæstv. forseta.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 728 og 729) leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Páll Zóphóníasson): Ég skal ekki eyða orðum að þessum till., sem við stöndum að fjórir, annað en að leggja áherzlu á, að brtt. um, að 3. málsgr. 32. gr. falli niður, verði samþ., því að ég vil leggja áherzlu á, að sú málsgr. falli niður. Það er miklu eðlilegra að taka þennan trúnaðarlækni upp í l., sem við vorum með í dag, heldur en að skella honum inn í þessi lög.

Viðvíkjandi brtt., sem hv. þm. Barð. og hv. þm. Vestm. flytja um búrekstur, þá vil ég í fyrsta lagi benda á, að eins og l. eru nú, þá er öll þessi starfsemi, dráttarvélar o. s. frv., undir eftirliti, svoleiðis að þeirra vegna er það engin þörf. Hitt er annað mál, að þessar vélar eru skoðaðar af mönnum frá Búnaðarfélaginu, þó að greitt sé af þeim til vélaeftirlitsins. Ef þessi brtt. er samþ., þá koma þarna einnig til greina minni mótorar, t. d. mótorar til að mjólka með, raflýsa o. s. frv. Þá yrði að senda menn til að skoða þetta. Þar að auki veit ég ekki annað en að rafmagnseftirlitið sé skyldugt til að skoða þetta einu sinni á ári. Þess vegna er ekki þörf á að taka upp annað eftirlit hér. Þess vegna er þessi breyt. óþörf, og ég vil leggja á móti því, að hún sé samþykkt.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Ég vil í sambandi við það, sem hv. 1. þm. N-M. sagði, benda á, að þetta gildir einnig um fjölda af þeim vélum, sem hér eru settar undir eftirlit í sambandi við aðrar atvinnugreinar; þær eru líka undir eftirliti rafmagnseftirlitsins. Ég vil einnig taka það fram, að till. okkar byggist á því, að ekki verði settur kostnaður á landbúnaðinn, heldur er hún til að vernda á sama hátt það fólk, sem starfar við landbúnaðarstörf, því að það er sett undir sömu hættu og annað fólk, úr því að það notar sömu tæki og eru eftirlitsskyld annars staðar. Ég tók eftir því, að hæstv. landbrh. greiddi atkv. gegn því í minum till. að láta vera eftirlitsskylt aðeins þar, sem er einn maður og 3 verkamenn, og það er með hans atkv. komið inn að hafa eftirlitsskylda alla starfrækslu, þar sem er einn maður og einn verkamaður. Ég geri ráð fyrir, að hann hafi gert það að athuguðu máli, vegna þess að hann hafi talið vera slysahættu í sambandi við það, og ég geri einnig ráð fyrir, að hann fallist á að vernda þannig bændur landsins, því að það er ekki minni áhætta að vera við 10—20 ha. súgþurrkunarvélar og aðrar vélar við landbúnaðinn heldur en annars staðar. Það er því sannarlega ástæða til að hafa þær vélar undir eftirliti eins og aðrar vélar. Ég vil því vænta þess, að þessi till. verði samþykkt.

Haraldur Guðmundsson: Ég vil segja það um þessar brtt. yfirleitt, að við Alþfl.-menn erum þeim andvígir. — Um 1. till., um að fella undan eftirliti öll fyrirtæki, þar sem ekki vinna nema einn maður auk stjórnanda, er það að segja, að ég er andvígur þeirri till. og álít ekki ástæðu til að fella þessi fyrirtæki undan. Hv. þm. Barð. nefndi það réttilega, að aðalatriðið í sambandi við þessa löggjöf væri að veita fólkinu sem mest öryggi, og það er ómögulegt að segja það í fullri alvöru, að það sé minni þörf á slíku öryggi fyrir fyrirtæki, sem hefur einn verkamann auk stjórnanda, heldur en tvo; þar getur landbúnaðurinn verið alveg jafnhættulegur, ef fyrirtækið er þess eðlis, og ég hef enga trú á, að það muni verulegu á kostnaðinum.

Að því er snertir 2. till. meiri hl., við 32. gr., að fella niður, að trúnaðarlæknir öryggiseftirlitsins sé kennari í heilsufræði við Háskóla Íslands, þá virðist mér þetta byggt á misskilningi. Hv. þm. Barð. segir, að hér sé verið að stofna nýtt embætti. Ég hef ekki skilið gr. svo. Í 1. málsgr. 32. gr. eru taldir upp fastir starfsmenn öryggiseftirlitsins, en trúnaðarlæknir er ekki talinn þar með, af því að ekki er gert ráð fyrir, að það sé fast embætti. Hins vegar er sú kvöð lögð á með l., að kennari við Háskóla Íslands í heilsufræði skuli vera trúnaðarlæknir öryggiseftirlitsins. Það er enginn vafi, með tilliti til 1. málsgr., að þetta er ætlunin.

Um brtt. minni hl. vil ég segja það, að ég vil taka undir ummæli hv. þm. Barð., að það sé í rauninni óeðlilegt að undanskilja landbúnaðinn, þar sem um verulegan vélakost er að ræða, enda voru ákvæði um þetta í frv. upphaflega, og ég hefði talið betra, að þau ákvæði héldust í l., en eins og hv. þm. er kunnugt, þá var með yfirgnæfandi meiri hl. samþ. í Nd. að fella þessi ákvæði úr frv., en í upphaflega frv. voru þau ákvæði látin taka til landbúnaðarins eins og annarra atvinnugreina. Ég álít því, að það að setja þetta nú inn í frv., sem hv. þm. Barð. leggur til, væri sama sem að stöðva málið, og vil ég ekki eiga á hættu, að frv. strandi á því, að þetta ákvæði sé sett inn, því að ég veit, að eins og hv. Nd. er skipuð, eru ekki líkur til, að það fáist samþ. Ég verð því, þrátt fyrir það að ég sé sammála hv. þm. Barð., að greiða atkv. gegn þessari brtt. hans og hv. þm. Vestm.

Ég hef svo ekki fleira um frv. að segja. Þó að þessar brtt. frá meiri hl. n. verði samþ. og ég telji þær til skemmda á frv., mun ég samt fylgja því, þó að svo takist til, að þær verði samþ.

ATKVGR.

Brtt. 728,1 samþ. með 9:7 atkv.
— 729 felld með 10:4 atkv.
— 728,2 samþ. með 10:1 atkv.
— 728,3 samþ. með 11:5 atkv.
— 728,4.a samþ. með 9:6 atkv.
— 728,4.b samþ. með 15 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 68. fundi í Nd., 22. jan., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 730).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. er hingað komið á ný frá hv. Ed., og hafa þar verið gerðar á því nokkrar smávægilegar breyt. Enda þótt ég sé þessum breyt., a. m. k. sumum, ósamþykkur, þar sem ég tel þær draga úr þeim megintilgangi l., að eftirlit megi verða sem fyllst og bezt, þá mun ég ekki fyrir mitt leyti gera till. um það, að nein breyt. verði nú gerð á frv. við þessa umr., til þess að það þurfi ekki að hrekjast á milli deilda og málinu þar með stofnað í tvísýnu. Leyfi ég mér því fyrir mitt leyti að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt, eins og það kom frá hv. Ed.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 740).

56. Orkuver og orkuveitur (frv. GJ).

Á 8. fundi í Sþ., 26. okt., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins [78. mál] (þmfrv., A. 125).

Á 21. fundi í Ed., 29. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég hef á þskj. 125 leyft mér að bera fram frv. til l. um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins. — Í 1. gr. frv. er tekið fram, að ríkisstj. skuli heimilt að fela rafmagnsveitum ríkisins að virkja eftirfarandi ár í Vestur-Barðastrandarsýslu: Fossá í Suðurfjörðum í 450 hestafla orkuveri; Seljadalsá við Bíldudal í 450 hestafla orkuveri; Suðurbólsá á Rauðasandi í 850 hestafla orkuveri — og leggja þaðan aðalorkuveitur til Bíldudals, Patreksfjarðar og um nálægar byggðir. Í 2., 3. og 4. gr. eru ákvæði, sem venja er að taka upp í slík l., að öðru leyti en því, að hér er ákveðin 13 millj. kr. upphæð, sem samkvæmt áætlun raforkumálastjóra er talin vera nægileg til þess að standa undir þessum kostnaði. — Þá er einnig sett bráðabirgðaákvæði um það, að þar til framkvæmdum samkv. 1. gr. er lokið, svo að Bíldudalur og Patreksfjörður hafa fengið raforku frá einhverju því orkuveri, sem þar um ræðir, þá skuli þeim veitt aðstoð úr ríkissjóði til þess að framleiða rafmagn með dieselvélum fyrir sama verð og raforkuver ríkisins selja raforkuna. — Ég skal með nokkrum orðum gera grein fyrir því, hvers vegna þetta frv. er fram borið og hvers vegna bráðabirgðaákvæðið er einnig sett hér inn, sem er óvenjulegt í sambandi við frv. um ný orkuver og nýjar orkuveitur.

Á síðasta Alþ. bar ég fram ásamt hv. 6. landsk. (HV) frv. til l. um nýja orkuveitu rafmagnsveitna ríkisins, á þskj. 201, þar sem gert er ráð fyrir því að heimila ríkisstj. að fela rafmagnsveitum ríkisins að virkja Dynjandisá í 7000 hestafla orkuveri og leiða rafmagnið um Vestfirði. Þetta mál fékk þá meðferð í iðnn. þessarar d., að það var samþ. og gefið út nál. um að leggja til, að frv. yrði samþ., eftir að leitað hafði verið álits raforkumálastjóra um málið, sem var látið fylgja nál., en hann hafði gert aths. í sambandi við frv., sem ég vil leyfa mér að benda nokkuð á. Hann upplýsti m. a., að rannsókn, sem farið hefði fram undanfarin ár, sýndi, að Dynjandisá mundi varla gefa meira en 5000 hestöfl í stað 7000, sem gert var ráð fyrir í frv. Hann bendir einnig á, að mikil truflun mundi verða á veitu frá þessu orkuveri á veturna vegna snjóa og íss. Háspennulínan frá virkjuninni verði að liggja yfir fimm eða fleiri erfiða fjallgarða, og leggja verði sæstreng á fjórum stöðum frá virkjuninni til notenda. Virkjunin yrði því kostnaðarsöm bæði í byggingu og rekstri, enda taldi raforkumálastjóri rétt að setja inn 60 milljónir í staðinn fyrir 30 millj., sem gert er ráð fyrir í frv. — Hann gefur svo upplýsingar um raforkuverð í landinu, þar sem það m. a. kemur fram, að Hafnarfjörður er með 14 aura, meðan Patreksfjörður er með 90½ eyri á kwst. Hann leggur þó til, að frv. sé samþ., en tekur fram í sínu áliti, að ef eigi að samþykkja virkjun Dynjandisár, þá komi varla til mála að samþykkja að virkja Fossá í Hólshreppi samtímis. Afgreiðsla þessa máls hér á Alþ. var sú á s. l. vetri, að samþ. voru heimildarlög til þess að virkja Fossá í Hólshreppi, en neitað um heimild til þess að virkja Dynjandisá. Að vísu var það samþ. hér í d., en Nd. leit svo á, að frv. ætti ekki að verða að l., og þar var því frv. geymt svo lengi, að ekki vannst tími til þess að ganga frá afgreiðslu málsins. Af þessu er sýnilegt, að Alþ. hefur raunverulega tekið þá stefnu í raforkumálum Vestfjarða að fresta um stund virkjun Dynjandisár og reyna heldur að útvega á einn eða annan hátt nauðsynlegt rafmagn með smærri virkjunum og dieselrafstöðvum. Öðruvísi verður ekki skilin afgreiðsla Alþ. á málinu, enda hefur það fengizt upplýst síðan frá raforkumálastjóra, að það komi ekki til mála, að hafin verði virkjun Dynjandisár fyrr en eftir 10—15 ár. — Út af þessari meðferð málsins á Alþ. og út af þeirri yfirlýsingu, sem ég hef fengið í sambandi við þessi mál frá raforkumálastjóra, þá hafði ég óskað þess á s. l. sumri, að gerð yrði athugun á því, hvaða aðrar ár gæti komið til greina að virkja í Vestur-Barðastrandarsýslu. Hefur raforkumálastjóri orðið við þessum tilmælum mínum og látið rannsaka ýmsar ár í Vestur-Barðastrandarsýslu, og fylgir skýrsla um þær rannsóknir sem fskj. á bls. 3 á þskj. 125. En af þessari rannsókn er ljóst, að þar koma til greina Fossá í Fossfirði með 450 hö., Seljadalsá við Bíldudal með 450 hö., og einnig mætti virkja hana með 260 hö. með því að nota nokkurn hluta af aflinu, og svo Suðurbólsá á Rauðasandi með 850 hö., Ósá í Patreksfirði með 200 hö. og Vatnsdalsá í Vatnsfirði með 585 hö.

Eftir að þessar upplýsingar lágu fyrir, þótti mér rétt og skylt að bera fram það frv., sem

hér liggur fyrir, og legg ég aðaláherzlu á, að heimilað sé að virkja þær 3 ár, sem ég hef minnzt á hér í 1. gr. Ef horfið væri að því að lokinni rannsókn að virkja þegar Suðurbólsa, þá mundi sú virkjun nægja um mjög langan tíma til þess að fullnægja þörfum Bíldudals, Patreksfjarðar og annarra byggða, sem þar liggja, um rafmagn. En hins vegar mun þessi virkjun, eftir því sem komið hefur fram hjá raforkumálastjóra, kosta um 5.5 millj. kr. auk veitunnar til Patreksfjarðar og Bíldudals, og mundi kostnaðurinn allur að líkindum verða um 6 millj. Það væri að sjálfsögðu æskilegt, að hægt væri að virkja þessa á fyrst, en það verður að fara eftir áliti raforkumálastjóra annars vegar og getu ríkissjóðs hins vegar um það, hvort hægt er að taka þetta stökk allt í einu. Hins vegar er sýnilegt, að ef það er ekki hægt, þá liggur næst að virkja Fossá í Suðurfjörðum með 450 hö., sem um nokkuð langt skeið mundi geta fullnægt þörfum íbúa Bíldudals og Patreksfjarðar, með því að jafnframt væru notaðar þær dieselrafstöðvar, sem þar eru fyrir, sem eru um 900 hö. og nota mætti sem öryggisstöð fyrir báða þessa staði, en þessi kostnaður er ekki talinn verða meiri en 2.7 milljónir, eftir því sem áætlað er, að viðbættum 500—600 þús. kr., sem veitan um Patreksfjörð og Bíldudal mundi kosta. Þegar litið er á almennan kostnað í raforkumálum, verður ekki annað séð en að framkvæmanlegt sé að koma þessum virkjunum upp, sem mundu bæta úr þeirri rafmagnsþörf, sem er orðin svo aðkallandi á báðum þessum stöðum. Ég vil benda á það, að ef þessi leið yrði valin, mundi fást lína meðfram byggðinni frá Fossi að Bíldudal og þess utan frá Bíldudal til Patreksfjarðar um Tálknafjörð, og sú lína yrði byggð, hvort sem valin væri Dynjandisá eða virkjuð áin, sem hér um ræðir. Þessi veita lægi að vísu yfir einn fjallgarð nokkuð örðugan, sem er 400 m hár, og annan, sem er miklu lægri, en hjá því verður ekki komizt, hvaða leið sem valin er, að leggja veituna yfir þessa tvo fjallgarða. Yrði þessi leið valin, þá er aftur möguleiki til þess að virkja Seljadalsá við Bíldudal í 450 hö. og fá þannig 900 hö. úr báðum þessum orkuverum án þess að bæta við nýrri veitu. Hins vegar væri Rauðasandshérað útilokað, og þess vegna væri æskilegt, ef hægt væri, að taka Suðurbólsá í upphafi og virkja hana í 850 hö. Ég skal geta þess, að ég hef ekki lagt til, að tekin yrði lína til nota á Tálknafirði, vegna þess að mér er kunnugt um, að verið er að undirbyggja þar héraðsrafmagnsveitu, sem þeir menn ætla sér að koma upp sjálfir með framlagi frá sér og ábyrgð ríkissjóðs og hafa þegar gert mjög mikið að undirbúningi undir þetta mál. Þess vegna hef ég ekki talið rétt að taka það inn í þetta frv. Ef þetta frv. verður samþ. og hafizt handa um að byggja þessi orkuver og rafveitur, sem hér um ræðir, og því máli Tálknfirðinga er ekki komið í viðunandi horf, þá má að sjálfsögðu tengja þá byggð með þeirri línu, sem fer um Tálknafjörð.

Ég skal í sambandi við þetta leyfa mér að benda á, að eins og tekið var fram í grg. í fyrra, eru nú liðin allmörg ár síðan Vestfirðingar fóru að hugsa um virkjun í Dynjanda. Það var eytt allmiklu fé af héruðunum þarna á Vesturlandi til að rannsaka Dynjanda. En því miður eru þær rannsóknir þannig, að því nánar sem þær eru gerðar, því meiri virðist kostnaðurinn verða og útlit fyrir, að aflið verði hins vegar minna en gert var ráð fyrir. Ég hygg, að þetta sé aðalástæðan fyrir því, að þessu stóra hagsmunamáli Vestfirðinga hefur ekki þokað meira áfram en raun ber vitni. Hins vegar hefur á þeim tíma, fyrir tilstilli og eftir till. frá raforkumálastjóra, verið komið upp dieselrafstöðvum á sumum þessum fjörðum; mér er kunnugt um, að svo er það á Patreksfirði og Bíldudal. Það var till. raforkumálastjóra þá, að Bíldudalur kæmi upp dieselrafstöð að stærð 400 hö. og Patreksfjörður tveimur dieselrafstöðvum, 250 hö. hvorri, sumpart til þess að bæta úr þörf, sem ekki er hægt að skjóta á frest, og sumpart til þess að undirbúa móttöku raforku frá Dynjanda, en það þótti nauðsynlegt, að samfara þeirri virkjun væri til á báðum þessum stöðum dieselrafstöð sem varastöð, ef rafmagnsbilun yrði á rafveitunni. Það var því fyrir tilverknað þess opinbera, að þessir staðir fóru í þessar framkvæmdir, en reynslan hefur sýnt á báðum þessum stöðum, að það er hvorki meira né minna en 100 þús. kr. árlegt rekstrartap á dieselstöðvunum á hvorum staðnum fyrir sig. Þetta gengur svo nærri hagsmunum Suðurfjarðahrepps, að ríkissjóður hefur orðið að greiða alla vexti og afborganir af þeim lánum, sem hvíla á stöðinni, nú á s. l. ári, sem eru rúmlega 80 þús. kr., og það er ekki sýnilegt annað en að ríkissjóður verði að taka á sig þessa byrði, þar til búið er að bæta úr þessum málum í heild. Eins eru líkur til þess, að hið sama komi til með að ske á Patreksfirði, að ríkissjóður taki að sér að greiða vexti og afborganir af lánum í sambandi við dieselrafstöðina. Út af þessu sendi rn. mann til Bíldudals til þess að athuga, á yfirstandandi ári, hvað hægt væri að gera í sambandi við raforkumálin. Síðan hefur sú skýrsla verið send til raforkumálastjóra og hann hefur gefið það álit, að hann sæi ekki aðra lausn út úr þessu máli en að Bíldudalur selji sína stóru rafstöð og reyni að komast af með miklu minni dieselrafstöð, þar til raforka er fengin til þess að minnka hinn árlega rekstrarkostnað. En rekstrartapið stafar mest af því, að búizt var við að selja raforkuna til iðnaðarfyrirtækja á þessum stað fyrir 158 þús. kr. á ári, en þau hafa ekkert tekið, vegna þess að rafmagnið er svo dýrt, en það hefur aftur torveldað iðnaðinn og valdið atvinnuleysi. Hins vegar hefur fólkið sjálft, til heimilisnota, farið hærra í notkun en raforkumálastjóri gerði sér vonir um, svo að íbúarnir verða ekki ásakaðir um það ástand, sem þarna er, og hið sama er að segja á Patreksfirði. En það verður ekki hægt að fallast á þá till. raforkumálastjóra að leggja niður hina stóru stöð á Bíldudal til þess að þurfa síðar, eftir 6 ár, að leggja í nýjan kostnað til að byggja upp nýja stöð aftur, því að eina ráðið í framkvæmd þessa máls er að hraða því svo, að þeir þurfi ekki að bíða eftir rafmagni frá vatnsvirkjun nema skamman tíma, 2—3 ár. Ég sé ekki annað en að

það sé leikur að koma því svo fyrir, að þessari framkvæmd verði lokið á þeim tíma, alveg sérstaklega ef horfið yrði að því ráði að virkja Fossá í Suðurfjörðum. Og það er fullkomið réttlætismál, að þessir staðir njóti aðstoðar ríkisins að þeirri upphæð, sem hér hefur verið minnzt á, þegar miðað er við hina mörgu tugi milljóna, sem úr ríkissjóði hafa verið greiddar í aðrar virkjanir á landinu. — Að ég set þetta bráðabirgðaákvæði í frv., kemur einmitt til af því, sem ég nú hef minnzt á, erfiðleikum héraðanna viðkomandi því að standa undir rekstrarkostnaðinum, þeirri staðreynd, að ríkissjóður hefur orðið að taka á sig greiðslur vegna virkjana og mun þurfa að standa undir byrðum af þessum sökum í framtíðinni, og auk þess mundi það skapa enn meiri áhuga fyrir málinu hjá raforkumálastjórninni til þess að hraða framkvæmdum, að lögin ákvæðu, að meðan framkvæmdir ekki yrðu gerðar samkv. 1. gr. frv., yrði mismunurinn á kostnaðarverði raforkunnar, sem um getur í bráðabirgðaákvæðinu, greiddur úr ríkissjóði.

Ég hef þá gert grein fyrir þessum málum. Ég vil að síðustu benda á, hvílíkt óskaplegt tjón það væri fyrir atvinnuvegina í þessu héraði, sem frv. gerir ráð fyrir virkjunum í, ef því væri neitað um eðlilega aðstöðu í sambandi við útvegun á raforku. Það mundi skapa slíkt ástand í atvinnumálum þess héraðs, að ríkissjóður mundi þá ekki heldur komast undan því að taka einhvern þátt í þeirri byrði, sem af því hlytist, ef ekki yrði úr rafmagnsskorti héraðsins bætt. Ég vil því vænta þess, að þetta mál nái fram að ganga, og vil leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og iðnn.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það er rétt, sem hv. þm. Barð. sagði hér áðan, að það eru áratugir liðnir síðan Vestfirðingar fóru að svipast um eftir vatnsföllum vestanlands, sem gætu orðið orkugjafar fyrir þann landshluta. En það hefur reynzt svo tafsamt verk fyrir raforkumálastjórnina í landinu að rannsaka vatnsrennslið og virkjunaraðstöðuna við vatnsföllin innanvert við Arnarfjörð, viðkomandi Dynjandisá og Mjólká, að þeirri rannsókn hefur ekki lokið enn. Og þegar rætt hefur verið við raforkumálastjóra um þessi mál og möguleikana til framkvæmda, þá hefur hann jafnan upplýst, að enn þá væri ekki búið að rannsaka til fulls raforkumöguleika ánna og ekki enn þá komizt að niðurstöðu um, hvernig heppilegast mundi að virkja á þessum stöðum. Síðast í sumar upplýsti raforkumálastjórinn í viðtali við mig, að ekki væri búið að skera úr því, með öllum þessum rannsóknum raforkumálastjórnarinnar, hvort heppilegra væri að reisa þarna tvö orkuver, annað við Dynjandisá og hitt við Mjólká, eða að leiða vatnsföllin saman uppi á fjöllum og hafa orkuverið eitt. Og þykir mér furðulegt, að það skuli hafa vafizt fyrir raforkumálasérfræðingum í áratugi, eftir að iðnfróðir erlendir menn hafa gert athuganir um þetta og þær athuganir verið endurskoðaðar af einum sérfræðingnum á fætur öðrum. Og þegar litið er á það, hve seint hefur sótzt að rannsaka þessi tvö ákveðnu vatnsföll, þá dáist ég að því, hversu fljótt það hefur gengið fyrir þessari sömu stofnun, sem stjórnar raforkumálunum í landinu, að rannsaka fjögur eða fimm vatnsföll í Barðastrandarsýslu nú á einu sumri, með einni snarlegri reisu einhvers embættismanns frá raforkueftirlitinu, þar sem eftir þessa athugun á einu sumri liggja nú fyrir útreikningar um virkjun á hverju vatnsfallinu fyrir sig og einnig liggja fyrir fullyrðingar um það, að hægt sé að fullnægja raforkuþörf viss hluta af Vestfjörðum með virkjun þeirra vatna. Eftir að sjá þetta, fer ég nú að freistast til þess að álíta, að ef áhugi hefði verið mikill fyrir virkjun Dynjandisár, hefði verið hægt fyrir raforkumálastjórnina að komast að niðurstöðu um virkjunarmöguleika og virkjunartilhögun við þessa á á miklu skemmri tíma en til þess hefur farið að athuga þetta í sambandi við Dynjandisá, og þó með svo takmörkuðum árangri, sem raun ber vitni.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er, eins og það ber með sér, engan veginn um það, hvernig leyst verði úr raforkuþörf Vestfjarða allra. Það fjallar eingöngu um hugsanlega möguleika til þess að leysa að einhverju leyti úr raforkuþörf Barðstrendinga og einkum Vestur-Barðstrendinga, skilst mér. Það væri vel, ef hægt væri að ráðast í einhverjar af þessum virkjunum sem skjótast og leysa þannig úr raforkuþörf t. d. kauptúnanna Patreksfjarðar og Bíldudals, og óskandi, að þegar til ætti að taka, stæði þá ekki á einhverjum athugunum og niðurstöðum og mælingum og rannsóknum og áætlunum frá raforkueftirliti ríkisins, svo að framkvæmdir tefðust af þeim sökum. Ég sé, að ýmiss konar fyrirvarar eru í þessum áætlunum, sem hér eru fram settar. Þar er sagt, t. d.: „Verið getur, að hin háa stífla í tilhögun I verði fjárhag virkjunarinnar ofviða.“ Þeir eru ekki komnir að niðurstöðu um þetta, þegar þeir láta frá sér þetta plagg. Svo eru þeir með tvær eða þrjár till. um hverja virkjun fyrir sig, sem eru mismunandi, viðkomandi fallhæð og hvort stífla skuli vera há eða lág. Allt virðist þetta, eins og vænta mátti, vera með mjög miklum lausatökum, og er þess að vænta, þó að verkfræðingar hafi flogið þarna vestur til þess á nokkrum dögum að athuga aðstæður þarna, þegar mest er vatnið í ánum. Sérfræðingar hafa hins vegar talið okkur trú um, að það þyrfti ár eftir ár að mæla vatnsföll, áður en virkjuð væru, til þess að vita, hvert væri minnsta vatnsrennsli vatnsfallsins, sem á að virkja, en þarna hefur þess ekki þurft, að því er virðist.

Fyrir nokkuð mörgum árum var það niðurstaðan viðkomandi virkjunarmöguleikum við Dynjandisá, að virkjunarkostnaður þar mundi þá nema um 13 millj. kr., og átti þá að vera hægt að virkja í báðum vatnsföllunum allt að 13 þús. hestöfl, 7 þús. í öðru, en 6 þús. í hinu, en þetta þótti þá of dýrt fyrir allar Vestfjarðabyggðirnar. Um líkt leyti ráðlagði svo raforkueftirlit ríkisins að leysa málið með því að byggja einar sex eða sjö dieselrafstöðvar í öllum kauptúnum Vestfjarða. Þessar dieselrafstöðvar hafa

svo verið byggðar og raforkuveitur lagðar um þessi kauptún og reynsla fengizt af þessum framkvæmdum. Og reynslan er sú, að þessar stöðvar hafa eytt og eyða í erlendum gjaldeyri, vegna kaupa á olíum, varahlutum og viðhalds mótorvélanna, fjármagni, sem margfaldlega hefði dugað til þess að standa straum af þessari 13 millj. kr. kostnaðarupphæð, sem fásinna ein var talin að leggja fram með því að ráðast í Dynjandisvirkjun. Auk þess er raforkan með þessum framleiðsluhætti svo dýr, að fiskiðnaður og annar iðnaður á þessum veitusvæðum rís ekki undir því að kaupa orkuna á því verði, sem verður að selja hana. Aflstöðvarnar eru þá einnig reknar með stórtapi, og byggðirnar rísa ekki undir þeim byrðum, sem á þær eru lagðar með byggingu þessara dieselaflstöðva. Ég var sannfærður um, að bygging þessara dieselaflstöðva væri vitlausasta leiðin til þess að leysa raforkuþörf þessara staða. Og ég er eins viss um, að næstvitlausasta leiðin til þess að leysa þessa þörf er sú að reisa tíu til tólf vatnsaflstöðvar fyrir þessi byggðarlög og að eina leiðin, sem heppileg og hentug er fyrir Vestfirði, er að *láta sérfræðinga finna út*, hvaða tvö til þrjú vatnsföll á Vestfjörðum það eru, sem hafa skilyrði að bjóða til hagkvæmra virkjana fyrir Vestfirði yfirleitt. Þetta hefði átt að gera og verið unnt að gera fyrir tveim til þrem árum. En nú virðist því vera drepið á dreif og þessi leið ekki tekin til greina sem möguleiki. Og hv. þm. Barð. hefur sagt, að sérfræðingar hafi slegið á frest í 10—15 ár að athuga Dynjandisá og Mjólká í Arnarfirði.

Það er talinn kostur þeirra mannvirkja, þar sem á að tengja saman virkjanir með orkutaugum yfir fjallgarða, að stórkostlegt öryggi fáist með því í sambandi við slíkar virkjanir. Ég hygg, að í þeirri ráðagerð, sem kemur fram í frv. þessu, sé um fjallgarða að ræða, sem verði að leggja raftaugar yfir, sem séu jafnháir og erfiðir og þeir fjallgarðar, sem hefði orðið að leggja yfir, ef Dynjandisá hefði verið virkjuð. Hálfdán er með hærri fjallgörðum á Vestfjörðum, og aðrir fjallgarðar, sem leiða hefði orðið rafmagnið yfir frá Dynjandisá til Suður-Vestfjarða, eru heldur styttri en þessi. — Ég fæ ekki séð í fljótu bragði, að það sé annað en órökstudd fullyrðing, að smávirkjanir þær, sem hér ræðir um í frv., séu margfalt öruggari en virkjun Dynjandisár fyrir héruðin þarna vestra. T. d. yrði að tengja raftaugar frá virkjunum við Suðurbólsá á Rauðasandi og Fossá í Arnarfirði saman með þeim hætti að tengja saman raftaugakerfið yfir fjallgarða, alveg eins og leiða þyrfti yfir fjallgarða rafmagnið, ef virkjuð væri Dynjandisá. En frá Dynjandisárvirkjun yrði rafmagnið að leiðast yfir Hálfdán og Mikladal til Patreksfjarðar og svo norður á bóginn yfir Rafnseyrarheiði, Gemlufallsheiði og Breiðadalsheiði til Ísafjarðarkaupstaðar, og er það um 50 km vegarlengd, eins og á milli Reykjavíkur og Þingvalla.

Nú er hér um það að ræða, eftir þeim áætlunum raforkumálastjóra, sem liggja fyrir, að virkjun þeirra vatnsfalla, sem mundu leysa raforkuþörf nokkurs hluta Barðastrandarsýslu, en ekki meira, kæmi til með að kosta með kerfum a. m. k. 13 millj. kr., líkt og Dynjandisárvirkjunin átti að kosta, sem átti að leysa raforkuþörf allra kauptúnanna á Vestfjörðum og Ísafjarðarkaupstaðar, þ. e. a. s., þetta var áætlað að sú virkjun kostaði fyrir nokkrum árum, ef í hana væri ráðizt.

Ég er í raun og veru ekkert undrandi á því, að hv. þm. Barð. hefur flutt þetta frv., þegar þolinmæði hans var þrotin út af því, að ekki var hægt að fá *endanleg*, ákveðin svör viðkomandi Dynjandisvirkjuninni. Hins vegar er ljóst, að nái þetta frv. fram að ganga, er því slegið á frest um ófyrirsjáanlegan tíma að framkvæma það, sem yrði heildarlausn á raforkuþörf Vestfirðinga. Ef við sláum á frest að leysa málið í heild, en förum að knýja á um margar smávirkjanir, þá verður það erfitt í öllum kauptúnum á Vestfjörðum að fá raforku með vatnsorku til fiskiðnaðarins, sem alls staðar er í þessum byggðarlögum. Ég hefði því talið miklu æskilegra, ef við Vestfjarða-þm. hefðum getað orðið sammála um að knýja á raforkumálastjórnina um endanleg svör um það, hvaða tvö eða þrjú *stórvatnsföll á Vestfjörðum kæmu til mála* með að vera orkugjafar fyrir Vestfirðinga, heldur en að fara inn á þessa braut, sem sýnilega er ekki farið inn á af hv. þm. Barð. fyrr en hann er vonlaus um, að heildarlausn sé fáanleg á þessum málum.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta frv. að sinni. Ég tel, að það hljóti að vera borið fram eiginlega út af vandræðum, af því að ekkert miðaði í heildarvirkjunarmálum Vestfirðinga, og get ég að vísu skilið það. En ég tel það mjög miður farið, ef ekki er hægt að undirbyggja stórvirkjun fyrir Vestfirði, sem leysir málið í heild. Og heldur vildi ég bíða nokkur ár, þrjú, fjögur, fimm, sex ár eftir slíkri lausn, heldur en farið væri að byrja á úrlausn í raforkumálunum fyrir hvert kauptún um sig á þessu svæði með sérstakri virkjun, því að mér er ljóst, að sú lausn fæst ekki heldur á skemmri tíma en áratug.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég hafði nú ekki búizt við, að hv. 6. landsk. þm. tæki þessu máli svo þunglega. Þegar hér í fyrra var til umr. frv. um virkjun Fossár í Hólshreppi, minnist ég ekki, að hann tæki því máli eins og hann tekur þessu máli nú. Þá var líka til umr. frv. um virkjun Dynjandisár, og ég held, að það hafi þá verið sameiginlegur skilningur okkar beggja, að ekki bæri að torvelda framgang frv. um virkjun Fossár í Hólshreppi með því að setja heimild um þá virkjun inn í frv. um að virkja Dynjanda, sem hefði ekki verið óeðlilegt í raun og veru, að láta raforkumálastjóra skera úr um það, hvort hann teldi rétt að fella burt heimildina um að virkja Fossá. Sú stefna, sem hér kemur fram í þessu frv., sem fyrir liggur, kom fram á Alþ. þá, og ég minnist þess ekki, að hv. 6. landsk. þm. hafi verið andvígur því, að það frv. var látið ganga fram, vegna þess að brýn þörf íbúanna í Bolungavík var á því að fá þessa virkjun, hvað sem líður virkjun Dynjandisár. Og þetta var rökstutt þá með því, að ef

ætti að virkja Dynjanda, þá yrði undir öllum kringumstæðum að byggja rafleiðslu frá Ísafirði til Bolungavíkur. Þessi virkjun þarna bjargar svo lengi sem Fossá dugir Hólshreppi. En aðalástæðan til þess, að þessi virkjun var samþ., var sú, að bæði iðnaðurinn á þessum stað og fólkið sjálft þoldi ekki að bíða eftir virkjun Dynjanda, eins og komið hefur fram.

Nú hefur hv. 6. landsk. þm. undrað sig á því, hve fljótt hefur tekizt að gera þessar áætlanir, sem birtar eru í fskj. með þessu frv. Ég bendi honum á, að það er ekki óeðlilegt, þó að það taki miklu minni tíma að gera áætlanir um virkjanir, sem gefa eiga 450 og 850 hestafla orku og liggja í byggð, heldur en að gera áætlun um virkjun, sem á að vera 3 þús., 5 þús. eða 7 þús. hestafla orkuver, þar sem mestallar athuganir verða að fara fram uppi á heiðum, sem flesta mánuði ársins eru undir snjó eða illviðri. Og ég hygg, að það sé meginástæðan fyrir því, hve seint hefur sótzt að gera raunhæfar áætlanir í sambandi við virkjun Dynjandisár, hve erfitt það hefur reynzt að komast að því að gera þessar áætlanir, sérstaklega á veturna.

Hv. 6. landsk. þm. minntist á, að það hefði verið áætlað á sínum tíma að virkja báðar þessar ár í Arnarfirði, sem hann hefur getið hér, með 13 þús. hestafla virkjun alls, fyrir 13 millj. kr. Hér er misskilningur á ferð. Það var áætlað að virkja Dynjandisá eina á þeim tíma og talið, að sú virkjun mundi gefa 7500 hestöfl, en sú virkjun mundi kosta þá um 12.8 millj. kr., og þá var ekki reiknað með Mjólká til virkjunar. Þetta var samkv. bráðabirgðaathugun á þessu máli. En þegar nokkrir menn — og var ég einn af þeim — athuguðu betur rannsókn þá, sem átt hafði sér stað á þessu, og áætlunina, sem byggð var á þessari rannsókn, þá kom í ljós, að áætlunin var svo losaralega gerð, þó að hún væri framkvæmd af ágætum manni, að hann sjálfur sagði, þegar hann var spurður um málið, á þá leið, að „ef maður byggir á þessum tölum, þá eru þessar tölur réttar, en séu þær rangar, þá eru hinar líka rangar". Við ákváðum því á fundi, þessir menn, að það skyldi setja nýja athugun í gang til þess að komast að raun um, hvort nokkuð væri byggjandi á fyrri athuguninni. Þessi athugun var sett í gang það sumar, og kom þá í ljós, að ekkert var byggjandi á frumáætluninni, sem gerð hafði verið. Þá kom í ljós, að ekki mundi mega treysta því, að 7500 hestöfl raforku fengjust með virkjun Dynjandisár, heldur aðeins 7 þús. hestöfl. En það, sem verra var, var það, að í ljós kom, að ekki mætti byggja á 12.8 millj. kr. kostnaði, eins og fyrr hafði verið gert ráð fyrir, heldur mundi kostnaðurinn verða um 30 millj. kr. við þá virkjun á því ári. Nú hefur verðlagið stigið í landinu um meira um helming síðan, og þess vegna áætlar raforkumálastjórinn, að ekki sé varlegt að áætla þennan kostnað minni en 60 millj. kr. nú. En hann hafði komizt að þeirri niðurstöðu, að ekki væri reiknandi með 7 þús. hestafla virkjun þarna, heldur sem hámarki 5 þús. hestöflum. Þó hefur hann tekið fram, að þessar rannsóknir séu ekki endanlega gerðar, svo að ekki sé hægt að byggja á þessu, heldur muni taka langan tíma ekki aðeins rannsókn á þessu, heldur undirbúningur undir virkjun Dynjanda. — En burtséð frá þessu sé ég ekki, að það sé nein goðgá, jafnvel þó að Dynjandi væri virkjaður innan tíu til fimmtán ára, að framkvæma sumar þær virkjanir, sem til eru teknar hér í þessu frv., því að þar er í raun og veru um suma þá hluti að ræða, sem ætti að framkvæma í sambandi við virkjun Dynjanda. Það er vitanlegt, að veitan frá Bíldudal til Patreksfjarðar yrði að koma nákvæmlega eins fyrir því og yfir sömu fjöll og byggðir, hvor virkjunin sem væri tekin og framkvæmd. Þar er ekkert gert, sem ekki gæti staðið alveg eins fyrir því, þó að Dynjandi yrði virkjaður. Og ef talað er um lagningu orkuveitunnar frá Fossá til Bíldudals, þá geri ég nú ekki ráð fyrir, að hv. 6. landsk. þm. geri ráð fyrir, að sú veita skyldi aldrei koma um þessa byggð. Eftir að rafveita væri lögð frá Dynjanda til Bíldudals, yrði knúin fram bygging á veitu innan Fossfjarðar í Arnarfirði, svo að ég sé ekki, að þarna kæmi fram neinn tviverknaður í sambandi við lagningu veitunnar. — Og þá er raforkustöðvarbyggingin sjálf. Er það rétt að byggja 450 hestafla orkuver við Fossá nú, ef það tækist á tveim til þrem árum, í stað þess að bíða eftir raforku frá Dynjandisvirkjun kannske tíu til fimmtán ár? Ég fullyrði, að þau rök, sem hv. 6. landsk. þm. færði fyrir því, að það hefði verið það vitlausasta, sem hægt hefði verið að gera, að byggja mótorstöðvar fyrir þorpin á Vestfjörðum, sanni einmitt, að það eigi ekki að draga það að virkja Fossá, því að það yrði búið að borga sig á þeim tíma, sem líða mundi eftir þeirri áætlun, sem ég nefndi, þar til Dynjandi yrði virkjaður, miðað við það að nota annars dieselrafstöðvar, meðan beðið væri eftir virkjun Dynjanda. Og eins og ég tók fram áðan, mundi þessi virkjun Fossár sjá borgið raforkuþörf viðkomandi staða kannske allan þann tíma, sem beðið væri eftir virkjun Dynjandisár. Og ég fæ ekki séð, að virkjun Fossár í Suðurfjörðum geti nokkuð fremur torveldað heildarvirkjunarframkvæmdir fyrir Vestfirði en virkjun Fossár í Hólshreppi mundi gera, sem hv. 6. landsk. þm. samþ. ásamt mér að ætti að framkvæma.

Hv. 6. landsk. þm. talaði um, að þetta mundi kosta um 13 millj. kr., ef þetta yrði allt gert, sem í frv. er gert ráð fyrir, og er það rétt. En ég tók fram, að það er ekki þörf á að virkja á öllum þessum stöðum allt í einu til þess að bjarga Barðastrandarsýslu með tilliti til raforku. En mér virtist rétt að setja þessa heimild þannig upp, því að þá getur raforkumálastjórinn valið um, hvað hann vill taka af þessu. — Nú sagði hv. 6. landsk. þm., að það mætti spara veitu yfir fjallið frá Patreksfirði til Rauðasands, ef haldið væri við það eitt að virkja Dynjandisá. Mér dettur nú ekki í hug, að hann ætli Rauðsendingum það hlutskipti, að þeir verði útilokaðir um aldur og ævi frá því að hafa afnot af rafvirkjun. En ef hugsað er að láta þá fá rafmagn, yrði að setja veitu alla leið frá Bíldudal að Rauðasandi, sem kostaði eins mikið og veita frá Suðurbólsá til Bíldudals. En ég álít þó, að það megi fresta þessu

um stund með því að virkja Fossá í Suðurfjörðum, þó að ég telji rétt, að þessi veita verði lögð nokkru seinna. Ég vil leyfa mér að benda á, að þegar þessir útreikningar voru gerðir, lá ekki fyrir áætlun, heldur var hún gerð síðar, byggð á þeim upplýsingum, er fyrir lágu um, hvað kostaði að byggja línu frá Patreksfirði til Bíldudals; annars hefðu þær tölur líka verið settar inn á þetta þingskjal. Þær tölur eru settar hér inn, sem mér eru gefnar upp sem bráðabirgðaáætlun. Framkvæmdir á ekki að hefja skv. 3. gr. frv., nema nákvæm kostnaðaráætlun og nægilegt fé sé fyrir hendi til framkvæmdanna. Þetta er trygging fyrir því, að ekki verði byrjað fyrr á framkvæmdunum, þó að þetta frv. verði samþ. nú. Komi á daginn, að þessir útreikningar séu ekki réttir og þessar framkvæmdir verði dýrari en ráð er fyrir gert í dag, kemur til athugunar, hvort ekki eigi að fresta þeim framkvæmdum og fara þá heldur í að virkja Dynjanda. Sé ég því enga ástæðu fyrir neinn að vera andvígan þessu frv. — Síðan vil ég benda á, að þegar borin er saman virkjun Dynjanda og þessara vatnsafla, ber að líta á, að við það að taka þessar ár sparast alveg sælínan frá Dynjanda til Bíldudals, og það er ekki svo lítill kostnaður. Hugsanlegt er að flytja það annaðhvort landleiðina yfir Langanes eða inn fyrir Borgarfjörð og taka línuna svo frá Rafnseyri til Bíldudals, og er sá kostnaður miklu meiri en við að byggja sjálfa stöðina við Fossá. Vil ég síðan benda á, að það er hugsað, að þessar stöðvar verði að langmestu leyti sjálfvirkar, og þyrfti því ekki eftirlitsmenn nótt og dag og rekstrarkostnaðurinn því mun minni en ef þyrfti 3 menn á vaktir allan sólarhringinn. Það væri fráleitt að reisa 450 hestafla orkuver, sem þyrfti 4—5 menn til að gæta.

Ég held, að það sé því rétt að samþ. þetta frv. til 2. umr. og nefndar. Mun n. svo að sjálfsögðu senda það til umsagnar raforkumálastjóra. — Ég skal viðurkenna, að þetta er engin lausn á heildarraforkumálum Vestfjarða, heldur á þeim vanda, sem ekki verður búið við næstu 15 ár. Ef ríkissjóður heldur ekki áfram að borga árlega stórfé til hjálpar þessum héruðum til að halda uppi raforku, leggjast þessi héruð í auðn, og eins verður um Bolungavík, því að hún þolir ekki að bíða eftir raforku frá Dynjanda.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hv. þm. Barð. taldi það vera í ósamræmi hjá mér, að ég var í fyrra meðflm. að frv. um virkjun Dynjanda og þá einnig fylgjandi frv. hv. þm. N-Ísf. (SB) um virkjun Hólsár, þar sem ég nú teldi horfið inn á rangar brautir, þegar horfið er að því að virkja 4—5 vatnsföll í Vestur-Barðastrandarsýslu og gengið út frá því að virkja ekki Dynjanda. Ég held, að það sé auðséð, að þetta kemur ekki saman við það frv., sem við hv. þm. Barð. fluttum hér í fyrra og ekki náði afgreiðslu sem lög, því að það var tafið í nefnd í Nd. og náði því ekki endanlegri afgreiðslu. Nú er kunnugt, að ef Dynjandi hefði verið virkjaður, hefðu skapazt skilyrði til að leiða orku norður á bóginn til Þingeyrar, Flateyrar, Suðureyrar, Bolungavíkur, Súðavíkur, Hnífsdals og Ísafjarðar. Og þó að aðeins sé litið á Ísafjörð, Bolungavík og Súðavík, þá er þar um að ræða um 4 þús. íbúa, sem er helmingur þeirra íbúa, sem áttu að fá orku frá Dynjandavirkjuninni, og því sjálfsagt talið af raforkumálastjóra að hafa varastöðvar, orkuverið í Engidal og 600—700 hestafla stöð, sem verði reist hjá Hólsá í Bolungavík, því að reiknað er með Hólsá sem lið í Dynjandavirkjuninni og stöðinni í Engidal sem varastöð. Nú skilst mér, að hv. þm. Barð. vilji fá þetta lögfest af því, að vonlaust sé um virkjun Dynjanda. Þarna er um stefnubreytingu að ræða frá því í fyrra, og ber því að snúast öðruvísi við því, þar sem þá var gert ráð fyrir Dynjanda sem aðalstöð, en hinum sem varastöðvum. Ég taldi því sjálfsagt að lögfesta á sama þingi og Dynjandavirkjunina virkjun Hólsár, svo að byggð yrði varastöð, sem meginþungi raforkunotkunarinnar hvíldi á. Nú er spurning, hvort rétt sé að lögfesta virkjun Hólsár, Fossár, Seljadalsár, Suðurbólsár og ef til vill Ósár í Patreksfirði og Vatnsdalsár í Vatnsfirði. Það er spurning, ef þetta er rétt stefna, hvort þá sé ekki rétt að taka upp í frv. Þverá í Nauteyrarhreppi, vatnsföllin í Mjóafirði, Hestfirði og Álftafirði ið Ísafjarðardjúp og Einarsfoss í Laugardal. Þegar búið er svo að lögfesta þetta allt, þarf raforkumálastjórinn ekki að kvarta yfir að hafa ekki úr nógu að moða við að athuga, hvaða vatnsföll á Vestfjörðum kæmu til greina að verða virkjuð, og ekki yrði annað gert en að mæla og athuga, en framkvæmdir yrðu engar. Ég er sannfærður um, að þetta er röng stefna. Svipaður leikur er leikinn á Austfjörðum, og þeir geta sofið á því nokkra áratugi með því að taka nýja og nýja á árlega og athuga, hve hentug hún sé til virkjunar. Ef þessi háttur er á hafður, þurfa þeir því hvorki að sinna framkvæmdum á Austfjörðum né Vestfjörðum á næstu árum. Það á ekki að veita raforkumálastjóra ríkisins þessa aðstöðu til þess að sofa á málum.

Hv. flm. var að reyna að gera skiljanlegt, hvers vegna svo fljótt hefði tekizt að komast að niðurstöðu um orkumagn Fossár og Seljadalsár. Skýrði hann það með því, að þær væru niðri í byggð og því auðveldara að komast að þeim til athugunar en Dynjanda, sem væri uppi á fjöllum. Auk þess sé þar um stórvirkjun að ræða og því allar athuganir stórbrotnari. En vatnsorkan er ekki mæld uppi á fjöllum, heldur þar sem stöðvarhúsið á að standa við túnfótinn á Dynjanda. Það má vera, að það, sem aðallega stendur á í sambandi við virkjun Dynjanda, sé, hver orkan sé og hvenær sé minnst rennsli, en athugunum á því er sagt sífellt haldið áfram. Ég spyr nú, hvort athuganir hafi verið hafnar á þessum ám fyrr en í sumar. Ég hef aldrei heyrt um þessa athugun, fyrr en í ágúst í sumar. Hvað kom til, að hægt var að vita þetta, án þess að hafa margra ára mælingar fyrir sér? Það er nýtt, ef slíkt er hægt. Ég hef a. m. k. ekki heyrt, að sérfræðingar teldu sig geta rannsakað orkumagn í ám og vötnum, nema hafa fyrir sér margra ára athuganir um minnsta rennsli. Það er því ekki nægileg skýring, að þessi vatnsföll liggi í byggð. Það þarf margra ára athuganir

til, að áætlunin geti verið þannig, að hægt sé að byggja á henni.

Þá sagði hv. þm. Barð., að þessi stöð ætti að vera sjálfvirk. Ég efa ekki, að ný vatnsaflsvirki séu höfð sjálfvirk, að svo miklu leyti sem hægt er. Vélar framleiddar á síðari árum hafa verið meira og minna sjálfvirkar. En ég hef aldrei heyrt það, að háspennustöðvar þurfi ekki gæzlu. Augljóst er, að ekki er hægt að byggja lágspennustöð inni í botni Fossfjarðar, því að frá henni er ekki hægt að leiða orkuna meira en eins til tveggja km leið.

Þá sagði hv. flm., að það væri útilokað að framkvæma þessar smávirkjanir, ef þær þyrftu gæzlu með skiptum vöktum. Ég er honum sammála um, að það yrði svo gífurlegur kostnaður við reksturinn, að slíkt væri ekki mögulegt. Ég get varla ímyndað mér, að slík gæzla sé ekki nauðsynleg. Það hlyti að hafa komið fram í áliti raforkumálastjóra, ef um slíka nýjung væri að ræða. Ég undrast, að það skyldi ekki koma fram hjá raforkumálastjóra, ef það væri fyrir hendi, að stöðvarnar þyrftu ekki gæzlu allan sólarhringinn með 3 mönnum. Ég held því, að þetta atriði hljóti að byggjast á misskilningi hjá hv. flm., þó að ég vilji ekki fullyrða það 100% að svo komnu máli. Ef þær þurfa gæzlu, höfum við hv. flm. komizt að þeirri niðurstöðu, að þessi möguleiki um margar smástöðvar útilokast.

Það var í rauninni ekkert, sem hv. flm. hafði að leiðrétta af því, sem ég hafði að segja um kostnaðinn við virkjun Dynjanda. Þar eru möguleikar á 7000—7500 ha. virkjun og möguleikar fyrir 5000 hö. í Mjólká. Þá var kostnaðurinn sagður 13—14 millj. kr. Síðar var hann hækkaður um 30%, og nú má búast við, að með stöðvarhúsunum og kerfinu til Ísafjarðar og Patreksfjarðar sé hann kominn upp í um 60 millj. kr. Þannig er búið að draga þessar framkvæmdir, að nú kosta þær þessa gífurlegu upphæð. En áætlunin um orkuna er sífellt reiknuð um og dregið úr henni. Fyrir 20—30 árum reiknuðu norskir sérfræðingar, að hún væri um 60 þús. hö., en nú eru íslenzkir sérfræðingar komnir með þessa áætlun niður í 5000 hö. og 4000—5000 hö. í Mjólká. Þannig er alltaf verið að endurskoða áætlanirnar og draga úr orkumagninu, en aldrei komizt að neinni niðurstöðu. Síðast í sumar upplýsti raforkumálastjóri, að ekki væri enn búið að athuga, hvort heppilegra væri að virkja Dynjanda sér og Mjólká sér eða fara eftir gömlu norsku plönunum um að leiða vatnsföllin saman uppi á fjöllum. Hefði manni þó fundizt, að hefði átt að athuga þá áætlun gaumgæfilega fyrst, því að þau gögn hafa öll verið kunn raforkumálastjórninni, þó að henni hafi ekki unnizt tími til að athuga þau síðustu 20—30 árin. Það er rétt, sem hann sagði, að prófessor Finnbogi Rútur Þorvaldsson hafði með höndum að rannsaka þessi vatnsföll og gera kostnaðaráætlun og þær athuganir voru síðar endurskoðaðar af verkfræðingum frá Höjgaard & Schultz. Ég efa ekki, að einnig sé hægt að fá ameríska sérfræðinga, ef áhugi er fyrir hendi að fá frekari umsagnir erlendra sérfræðinga um þetta. En það er ekki svo mikill áhugi á þessum málum hjá þeim, er þeim stjórna, að slíkri niðurstöðu verði komizt. Þau eru dregin á langinn, og það mun ekki vera ætlunin að láta Vestfirði fá lausn sinna raforkumála að sinni.

Ég skal svo ekki fjölyrða meira um þetta, en tel varhugaverða ráðstöfun að lögfesta margar virkjanir víðs vegar um Vestfirði, án þess að álit sé komið fram frá raforkumálastjórninni um, hvaða stórvatnsföll sé bezt að virkja. Það er sennilegt, að verkfræðingarnir fengju 10—20 vatnsföll til athugunar, ef ég flytti svipað frv. og þetta um raforkuframkvæmdir í Vestur-Ísafjarðarsýslu. Ég held, að við yrðum litlu nær um lausn okkar mála, þó að búið væri að lögfesta heimild til þessara virkjana. Ég veit, að það vakir ekki annað fyrir hv. flm. en knýja með þessu fram einhverja úrlausn á viðurkenndri þörf. Það má vera, að rétt sé að koma upp stöð, sem hugsuð sé sem varastöð, og verður þá raforkumálastjóri að skera úr um, hver þessara virkjana sé heppilegust sem varastöð inn á heildarkerfið. Ég teldi rétt, að raforkumálastjóri skæri úr um það, hvort Fossá, Seljadalsá eða Suðurbólsá, sem ég teldi líklegast, væri heppilegust til virkjunar sem varaaflstöð. Skal ég svo ekki eyða frekari tíma til að ræða þetta við þessa umr. En ef útlit er fyrir, að þessi stefna verði ofan á, má vænta þess, að ég flytji viðbótartill. um 6—8 vatnsföll til viðbótar.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Mér fannst á síðari hluta ræðu hv. þm., að hann væri ekki fjarri því að vera með frv., ef upplýsingar lægju fyrir frá raforkumálastjóra, að hér væri um að ræða varaaflstöð fyrir væntanlega virkjun Dynjanda. Ég vil benda á, að strengurinn frá Dynjanda yfir fjörðinn til Bíldudals yrði dýrari en það, sem hér er um að ræða. Eftir þessa yfirlýsingu tel ég minni ástæðu til að ræða málið frekar. Iðnn. mun fá álit raforkumálastjóra um málið og í öðru lagi fá staðfestingu þess, sem hann sagði við mig um það, að ekki þyrfti nema einn mann til að gæta stöðvanna. Ég vil benda á, að með þessum framkvæmdum væri ekki aðeins bætt úr aðkallandi nauðsyn, heldur fæst einnig ódýrari raforka en frá Dynjanda, en eftir þeim upplýsingum, sem nú liggja fyrir, bendir allt til, að svo verði. Það er hreint ekki svo lítið atriði, ef þetta fólk fær ódýrara rafmagn en með virkjun Dynjanda. Hins vegar kann svo að vera athugandi með Þverá í Nauteyrarhreppi, hvort það yrði ekki hagkvæmari virkjun en Dynjandi. Ég er síður en svo andvígur því, að hv. þm. beri fram frv. um virkjanir í Vestur-Ísafjarðarsýslu, ef þær eru hagkvæmari fyrir fólkið en virkjun Dynjanda. Hér er ekki um annað en heimild að ræða, og 3. gr. frv. er sett til öryggis fyrir því, að ekki verði farið lengra en eðlilegt er án þess að athuga málið gaumgæfilega.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 22. fundi í Ed., 30. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til iðnn. með 9 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., 13. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 125, n. 375).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég vil nú fyrst og fremst þakka hæstv. forseta fyrir að taka málið til umr. svona seint, og skal vera mjög stuttorður. Get ég út af fyrir sig látið nægja að vísa að mestu til nál. á þskj. 375, þar sem gerð er fullnægjandi grein fyrir þessu máli. Ég skal aðeins láta þess getið, að málið hefur verið rætt við raforkumálastjóra, sem lagði fram brtt. til n., og hefur n. tekið hana upp á þskj. 375 eins og hún var borin fram til n. af raforkumálastjóra sjálfum. — Ég tel, að þetta sé fullnægjandi, og vildi óska, að frv. yrði afgr. með þeirri brtt., sem borin er fram af n. á þskj. 375.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 43. fundi í Ed., 14. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 375,1 (ný 1. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
— 375,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
3.—5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 375,3 (brbákv. falli niður) samþ. með 10:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 447).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 46. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 47. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til iðnn. með 21 shlj. atkv.

Á 60. og 61. fundi í Nd., 17. og 18. jan., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 62. fundi í Nd., 18. jan., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 447, n. 640, 543, 546, 643).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Á öndverðu þessu þingi flutti hv. þm. Barð. frv. um ný orkuver, og er það 78. mál. Í því er fólgin till. um það, að ríkisstj. sé heimilt að fela rafmagnsveitum ríkisins að virkja Fossá í Suðurfjörðum, Seljadalsá við Bíldudal og Suðurbólsá á Rauðasandi. Nokkru síðar var fram borið frv., og er það 130. mál, frá hv. þm. Seyðf. og þm. Norð- og Sunnmýlinga um það, að einnig heimilist að virkja Fjarðará í Seyðisfirði eða Grímsá á Völlum, Hvammsá eða Selá í Vopnafirði. Sú n., sem fékk málið til meðferðar í Ed., ákvað að fengnum till. raforkumálastjóra að sameina þessi mál, og liggja þau nú fyrir þessari hv. d. sem 78. mál, að því viðbættu, að orkuveita frá Landeyjum til Vestmannaeyja hefur verið tekin inn í frv. Þingskjalsnúmerið er 447.

Allshn. Nd. hefur fjallað um þetta mál á nokkrum fundum og m. a. rætt við raforkumálastjóra og leggur til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir. En ég vil vekja athygli á prentvillu í 1. gr., 3. tölul. b. Í seinni hluta þess tölul. segir: „... og leggja frá orkuveri aðalorkuveitur til Bíldudals, Patreksfjarðar og um nálægar byggðir.“ Þetta á að vera sjálfstæður liður, sem á bæði við a og b undir tölul. 3 og verður að leiðréttast í prentun síðar.

N. er sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir. Ég vil taka fram, að um það var nokkur ágreiningur í n., hvort sumar þær virkjanir, sem þarna er um að ræða, séu nægilega undirbúnar og kostnaðaráætlun nægilega nákvæm. En þá er þess að geta, að í fyrsta lagi er samkv. 1. gr. um það að ræða, að ríkisstj. er heimilt að fela rafmagnsveitum ríkisins þessi verkefni. Og í 3. gr. er skýrt tekið fram, að framkvæmdir megi ekki hefja, nema fyrir liggi nægilegar kostnaðaráætlanir um virkjanirnar og tryggt sé nægilegt fé til framkvæmdanna.

Nokkrar brtt. hafa komið fram við þetta frv. Á þskj. 543 eru till. frá hv. þm. N-Þ. (GG), um virkjun Sandár í Þistilfirði. Þá er till. frá hv. þm. A-Sk. (PÞ) og hv. 5. landsk. (ÁS) á þskj. 546, um virkjun Smyrlabjargaár í Austur-Skaftafellssýslu. Í þriðja lagi er till. frá hv. þm. Snæf. (SÁ) um það að tengja þetta við ákveðin lög frá 1947 um virkjun Fossár eða að bæta við háspennulínu frá væntanlegu raforkuveri við Fossá í Fróðárhreppi um Fróðárhrepp og Eyrarsveit, um Helgafellssveit að Hrísum og niður Þórsnes til Stykkishólms. — Iðnn. hefur ekki tekið afstöðu til þessara þriggja till. og vill beina til flm. þeirra, að þegar þeir hafa gert grein fyrir till. sínum við þessa umr., taki þeir till. aftur til 3. umr., og mun þá iðnn. athuga þær fyrir þá umræðu.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. við þetta frv. Er hún á þskj. 543 og er við 1. gr., að þar komi inn heimild til að virkja Sandá í Þistilfirði í allt að 2900 hestafla orkuveri og leggja frá því aðalorkuveitur til Þórshafnar og Raufarhafnar. — Í öðru lagi er brtt. við 2. gr., þar sem lagt er til, að þar til greindar fjárupphæðir verði í

samræmi við fyrri brtt. Ég skal taka það strax fram, að ég fellst á það, sem hv. frsm. minntist á, að till. verði teknar aftur til 3. umr.

Það er nú nokkuð langt síðan það mál komst á dagskrá að virkja eitthvert vatnsfall til raforkuframleiðslu fyrir Þórshöfn á Langanesi, en þar er töluvert þorp, sem nú er vaxandi. Hefur komið þar í seinni tíð upp iðnaður, sem þarf á raforku að halda. Það var fyrst í ráði að virkja Fossá, sem er í nágrenni við Þórshöfn, og fóru þess vegna fram vatnsmælingar í þeirri á, en þær sýndu, að vatnsmagnið var ekki nógu stöðugt til þess, að virkjun þar gæti komið að gagni, og var því horfið frá því. Síðan var leitað til raforkumálastjóra um að láta athuga virkjunarmöguleika annars staðar, og niðurstaðan varð sú, eftir að nokkrar athuganir höfðu farið fram á fleiri en einu fallvatni, að sérfræðingar þeir, sem þetta athuguðu, hölluðust að því, að réttast væri að virkja Sandá í Þistilfirði. Hafa síðan verið gerðar áætlanir um þá orku, sem ná mætti úr því fallvatni, og kostnað við virkjunina. Áætlanirnar eru um virkjun í 2000 hestafla, 2300 hestafla og 2900 hestafla orkuveri. Á þessu má sjá, að þarna er hægt að fá allmikla raforku, og þess vegna hefur komið til mála, að lína yrði lögð frá orkuverinu til Raufarhafnar, þ. e. a. s. bæði til Raufarhafnar og Þórshafnar. Að vísu er leiðin til Raufarhafnar allmiklu lengri en til Þórshafnar, og þess vegna kann þetta að orka tvímælis, en þó er það svo, að ég tel sjálfsagt, að heimildin nái einnig til orkuveitu til Raufarhafnar. Hef ég því í till. lagt til, að heimildin verði miðuð við stærstu virkjunina, sem áætluð hefur verið, og geri ég það með það fyrir augum, að hægt sé að leggja línur til beggja þorpanna, enda má gera ráð fyrir, að þau hafi möguleika til að hagnýta mikið af þessu orkumagni. Auk þess er rétt að hafa hliðsjón af því, að þarna eiga í hlut allfjölmennar sveitir, sem munu líka hafa hug á að fá rafmagn frá þessari veitu.

Þessar upplýsingar tel ég nægja til að skýra brtt. En ég skal geta þess að lokum, að kostnaðaráætlunin er ekki alveg ný, heldur rúmlega árs gömul, þannig að hún kynni að verða eitthvað hærri nú, ef endurnýjuð væri. Ég taldi þó ekki ástæðu til að taka aðrar tölur upp hér. Nánari upplýsingar mun alltaf vera hægt að fá frá raforkumálaskrifstofunni. Ekki mun heldur mega við því búast, að úr framkvæmdum verði á þessu ári, og munu því kostnaðartölur hvort sem er breytast nokkuð frá því, sem þær kynnu að verða áætlaðar nú.

Ég vil svo mega vænta þess, að hv. þm. veiti þessu máli athygli og geti fallizt á, að þessar virkjanir verði heimilaðar ásamt öðrum virkjunum, sem gert er ráð fyrir í frv. Till. tek ég svo aftur til 3. umr., eins og óskað hefur verið eftir.

Sigurður Ágústsson: Herra forseti. Á þskj. 643 hef ég leyft mér að bera fram brtt. við það frv., sem hér liggur fyrir, um orkuver og orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins. — Sú fyrri er þess efnis, að aftan við 4. lið 1. gr. bætist nýr tölul., svo hljóðandi: „að leggja háspennulínu frá væntanlegu orkuveri við Fossá í Fróðárhreppi um Fróðárhrepp og Eyrarsveit, um Helgafellssveit að Hrísum og niður Þórsnes til Stykkishólms.“ — Hin síðari er, að í stað 40 millj. kr. í 2. gr. komi 44.6 millj. og í stað 13.4 millj. kr. komi 14.9 millj. kr. Fyrr á þinginu flutti ég frv. um þetta efni á þskj. 243, þar sem gert var ráð fyrir, að kostnaður við þessar framkvæmdir yrði greiddur af tekjuafgangi ríkissjóðs fyrir árið 1951. Eins og hv. þm. er nú kunnugt, er þegar búið að gera till. um ráðstöfun á þessum tekjuafgangi. Ég hef því leyft mér að bera fram þessa till. á þskj. 643. Það er gert ráð fyrir því, að þarna rísi 1200 hestafla orkuver og muni það fullnægja raforkuþörf íbúanna á norðanverðu Snæfellsnesi. Það munu vera yfir 2300 íbúar í 6 hreppum Snæfellsnessýslu, sem fengju rafmagn frá virkjuninni, ef háspennulína sú yrði lögð, sem till. ræðir um. Ég treysti því, að hv. þm. verði sammála um réttmæti þessarar brtt. og ljái henni atkv. sitt.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Ég hef borið fram ásamt hv. 5. landsk. brtt. við þetta frv., og er hún prentuð á þskj. 546. Þar er lagt til, að heimilað verði að virkja Smyrlabjargaá í Austur-Skaftafellssýslu í allt að 1000 hestafla orkuveri og leggja frá því aðalorkuveitur til Hafnarkauptúns og um nálægar byggðir. Það er nú svo, að Skaftafellssýsla hefur orðið á undan öðrum sýslum í að reisa einkastöðvar til þess að fullnægja raforkuþörf einstakra heimila, en þetta reynist þó ekki fullnægjandi, bæði vegna þess, að þessar stöðvar ná ekki til allra heimilanna, og svo vegna þess, að við Hornafjörð er nú kauptún í örum vexti, kauptún, sem byggir afkomu sína öðrum þræði á sjávarútvegi og iðnaði í sambandi við þann atvinnuveg, og til þessa þarf nokkra raforku. Kauptúnið hefur leyst sína raforkuþörf til bráðabirgða með því að reisa dieselrafstöð, og mun sú framkvæmd verða alls ófullnægjandi á næstu árum. Mælingar hafa því farið fram á þessu vatnsfalli, sem um ræðir í brtt., og hafa þar verið gerðar vatnsmælingar í alllangan tíma. Aðstaða er þarna til vatnsmiðlunar uppi á heiðunum, og er miðað við slíka miðlun í áætlunum þeim, sem raforkumálaskrifstofan hefur gert. Áætlun sú, sem í till. greinir, er í höndum hv. iðnn., og fer ég því ekki hér að gera grein fyrir einstökum atriðum í henni, en hún mun við það miðuð, að frá þessu orkuveri verði leiddar raflagnir niður í þrjár sveitir í kring og til kauptúns Hafnarhrepps.

Ég skal svo verða við tilmælum hv. frsm. iðnn. um það að taka þessa till. aftur til 3. umr., enda sýnilegt, að þær till., sem hér liggja fyrir, þurfa að lagfærast, áður en þær verða bornar undir atkvæði, og á ég þar sérstaklega við, að tölur þær, sem gefa upp það heildarframlag, sem ríkinu er heimilað að útvega í þessu skyni, þurfi að samræma. En þessi orð segi ég í fullu trausti þess, að hv. iðnn. taki þessa till. okkar upp, ef hún gerir heildartill. um þau atriði, sem hér liggja fyrir, eða þá að hún styðji fyrir sitt leyti að samþykkt þessarar till. við 3. umr. málsins.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 63. fundi í Nd., 19. jan., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 543, 546 og 643 teknar aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Nd., 21. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 447, 543, 546, 643).

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Iðnn. flytur brtt. við þetta frv., en þær eru ekki komnar úr prentun enn þá, og teldi ég æskilegt, að dokað yrði við, unz þær eru komnar.

Forseti (SB): Það er að vísu allillt að þurfa að fresta umr. um hvert málið á fætur öðru, en þar sem svona stendur á, verður orðið við þessari ósk og málinu frestað um skeið.

Umr. frestað um stund, en var fram haldið síðar á fundinum.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Iðnn. hefur rætt þetta mál bæði milli 1. og 2. umr. og auk þess við raforkumálastjóra og haldið fund milli 2. og 3. umr. til að ræða þær brtt., sem fyrir liggja.

Frv. þetta er komið frá Ed., og er það á þskj. 447, um að veita ríkisstj. heimild til að virkja Fjarðará í Seyðisfirði í allt að 2000 hestafla orkuveri. Í öðru lagi að virkja Hvammsá eða Selá í Vopnafirði til raforkuvinnslu í allt að 500 hestafla orkuveri. Í þriðja lagi að virkja Fossá í Suðurfjörðum og í fjórða lagi að leggja aðalorkuveitu úr Landeyjum til Vestmannaeyja.

Nú hafa komið fram nokkrar brtt. Í fyrsta lagi till. á þskj. 543 frá hv. þm. N-Þ. um að bæta við heimild um að virkja Sandá í Þistilfirði í allt að 2900 hestafla orkuveri og leggja frá því aðalorkuveitur til Þórshafnar og Raufarhafnar. Í öðru lagi till. frá hv. þm. A-Sk. og hv. 5. landsk. þm. um að virkja Smyrlabjargaá í Austur-Skaftafellssýslu í allt að 1000 hestafla orkuveri. Í þriðja lagi till. á þskj. 643 frá hv. þm. Snæf. um að leggja háspennulínu frá væntanlegu raforkuveri við Fossá í Fróðárhreppi um Fróðárhrepp og Eyrarsveit, um Helgafellssveit að Hrísum og niður Þórsnes til Stykkishólms. Árið 1947 var búið að samþ. eða taka inn heimild til að virkja Fossá. Í fjórða lagi till. frá hv. þm. V-Húnv. um að virkja Víðidalsá eða Bergsá í Vestur-Húnavatnssýslu til raforkuvinnslu í allt að 1800 hestafla orkuveri og leggja frá því aðalorkuveitu til Hvammstanga. — Hér var um fjóra nýja liði að ræða. N. er sammála um að samþ. þessar till., og leyfi ég mér að afhenda þær forseta og vænti, að þessum fjórum liðum verði bætt við, sem iðnn. mælir með til viðbótar. — Í sambandi við þetta er svo brtt. við 2. gr., um að auka þessar fjárhæðir í samræmi við þessa breyt. Legg ég svo þessa skriflegu brtt. til forseta.

Forseti (SB): Hv. þm. hafa heyrt fram komnar brtt. frá hv. iðnn., eru þær skriflegar og of seint fram komnar, og þarf því að veita afbrigði um þær.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 715) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 543, 546 og 643 teknar aftur.

— 715,I samþ. með 21 shlj. atkv.

— 715,II samþ. með 23 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 68. fundi í Ed., 22. jan., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 727).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Ég vildi, áður en þetta frv. er samþ., enn vekja athygli á því, að þótt þessi orkuver verði samþ., þá er nú fyrst og fremst eftir að gera fullnaðaráætlanir um sum þeirra, eins og kemur fram í frv. Í annan stað er nauðsynlegt að taka fram, að þessar virkjanir eru óhugsanlegar í framkvæmd, án þess að takist að fá erlent lánsfé. Málum er þannig komið nú, að með því fé, sem Alþ. ætlar til virkjana nú á þessu ári og næsta, tekst naumast eða ekki að framkvæma þær veitur, sem þegar eru ákveðnar, og því er nauðsynlegt, ef á að hrinda þessu í framkvæmd með jafnmiklum hraða og hv. þm. hafa áhuga á, að útvega lánsfé til framkvæmdanna.

Ég vil vekja athygli á því, að í 8. lið 1. gr. er gert ráð fyrir háspennulínu um visst svæði, sem þar er tiltekið. Eins er um 7. lið. Það má til sanns vegar færa, að ekki sé óeðlilegt að ákveða þetta í lögum að því er varðar Vestmannaeyjar, þar sem þar er ekki um vatnsorkuveitu að ræða, en með 8. liðnum er farið inn á nýtt svið. Nú er það þannig, að raforkuráð gerir till. um, hvar og hvenær rafmagnsveitur eru gerðar, en síðar eru þessar till. sendar ráðh., sem ákveður, í hvaða röð þær eru framkvæmdar. Ég tel eðlilegt, að till. raforkuráðs, sem í eru sérfróðir menn, sé fylgt í aðalatriðum, enda hef ég ekki vikið frá till. þess nema í tveimur atriðum, er bætt var við Skagafirði og Borgarfirði, en á báðum þessum stöðum voru orkuver, en vantaði veitur. Hins vegar voru teknar þær veitur, sem raforkuráð hafði samþ. Þetta skiptir þó ekki verulegu máli, því að í frv. er gert ráð fyrir því, að það sé á valdi ríkisstj., í hvaða röð þessar framkvæmdir séu gerðar, þótt lög frá Alþ. séu að vísu bending um framkvæmdirnar.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 727, er eins og það kom frá Nd. með þeim breyt., er gerðar voru í þessari hv. d. og síðar í Nd.

Frv. var fyrst borið fram af mér sem 78. mál og bundið við virkjanir í Barðastrandarsýslu. Nú

hefur sjö nýjum liðum verið bætt við og ábyrgð ríkissjóðs hækkuð upp í 74 millj. kr. Ég hef ekkert við það að athuga. Ég tel eðlilegt, að hv. þm. reyni að tryggja héruðum þeim, sem þeir eru umboðsmenn fyrir, þau gæði lífsins, sem aðrir landsmenn hafa fengið. Ég er ekki á móti því, þó að það torveldi framkvæmd þeirra virkjana, sem ég bar fram till. um í minu frv. En ég vildi í tilefni af ræðu hæstv. ráðh. spyrja, hvort ekki verði látin fara fram gagnger rannsókn. Fyrsta skrefið er, að virkjanirnar séu teknar upp í lögin, og það næsta, að rannsókn fari fram. Ég vænti þess, að á næstu árum verði öll þessi orkuver rannsökuð. Það er minnsta krafa, sem hægt er að gera til ríkisstj., að rannsókn og undirbúningi málsins verði hraðað eins og unnt er; þá sést, hvað hægt er að framkvæma og hvað ekki, og helzt þyrfti þessi rannsókn að fara fram í ár. Í þessu sambandi vil ég minna á, að samþ. hefur verið í Sþ. till. til þál. um að láta fara fram rannsókn á öllum vatnsföllum á Vesturlandi til þess að athuga, hver eru hentugust til virkjunar.

Þetta vildi ég segja og legg svo til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Út af fsp., er hv. þm. Barð. vísaði til mín, gæti ég lýst yfir því, eins og ég gerði áður, að athuganir verða gerðar á þessum fallvötnum eins fljótt og auðið er, en þær takmarkast af því fé, sem ríkisstj. hefur til framkvæmdanna. Ég skal taka það fram, að það eru fyrst og fremst Vestfirðir og Austfirðir, sem hafa orðið harðast úti undanfarið, að sumu leyti vegna aðstöðu sinnar, sem er önnur en á Suðurlandi og Norðurlandi, því að þar eru ekki stórir bæir eins og Akureyri og Reykjavík, og þess vegna hefur raforkuráð ekki lagt eins mikla áherzlu á að rannsaka fallvötnin þar. Raforkumálastjóri hefur farið fram á 100 þús. kr. til rannsókna á Vestfjörðum, en ríkisstj. treysti sér ekki til að verða við því, og geri ég ráð fyrir, að það verði gert næsta sumar, a. m. k. svo fljótt og að svo miklu leyti sem fjármagn það, sem ríkisstj. hefur til þessara hluta, leyfir.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það mun vera flestum hv. þdm. kunnugt, að meginþorri þeirra vatnsfalla, sem hér er farið fram á að heimilað verði að láta virkja, hefur enn ekki verið rannsakaður til neinnar hlítar með þetta fyrir augum, og virðist mér það sannarlega vera öfugþróun, ef fara á að lögfesta þessar og þessar virkjanir, án þess að fyrir liggi nokkuð um það, að viðkomandi vatnsföll séu virkjunarfær eða þau séu hagkvæmari en önnur vatnsföll til þessara hluta. Að minu áliti ætti alls ekki að setja lög um virkjanir vatnsfalla, nema fyrir liggi nákvæmar rannsóknir og kostnaðaráætlanir frá rafmagnseftirliti ríkisins, hvort virkjanirnar séu heppilegastar á þessum og þessum stað, o. s. frv. En hér á að fara alveg öfugt að, þar sem á að lögfesta virkjanir á vatnsföllum, sem enginn veit máske, hvort eru virkjunarhæf. Ég álít þetta algerlega öfuga aðferð, ef nokkurt mark á að vera takandi á þessum l. um virkjun vatnsfalla. Mér er kunnugt um það, að flest þessara vatnsfalla, sem hér er um að ræða, hafa enn ekki verið rannsökuð til neinnar hlítar, og mun ég því ekki greiða atkv. með frv.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Það er eðlilegt, að hæstv. ráðh. hafi þann fyrirvara á um framkvæmd þessa lagafrv., ef að lögum verður, að hún fari eftir því, hvort takast megi að útvega fé til framkvæmdanna. Þetta er ekki nema eðlileg yfirlýsing. Sá hv. þm., sem síðast talaði, lét hér uppi sitt álit á þessu máli, sem var í þá átt, að of fljótt væri að lögfesta virkjanir þær, sem heyra undir 1.—8. lið í frv., þar sem flest þessi vatnsföll væru lítt eða ekkert rannsökuð enn. En ég vil taka undir það, sem hæstv. ráðh. sagði viðvíkjandi tölulið 7, sem er um að leggja orkuveitu úr Landeyjum til Vestmannaeyja, að þar er ekki aðra leið hægt að fara eins og nú standa sakir, og skildist mér svo, að hæstv. ráðh. teldi þetta eðlilega till. og rétta. Rannsókn á því að leggja þráð neðansjávar frá Landeyjum til Vestmannaeyja hefur farið fram. Ég hef þó ekki séð ýtarlega skýrslu um þessa rannsókn hjá vitamálaskrifstofunni, sem lét rannsaka þetta, en ég hef fengið munnlega umsögn um þetta frá sjóliðsforingjanum Pétri Sigurðssyni, sem hefur tjáð mér, að fundizt hafi sandgeilar undir kapal alla leið frá Landeyjum út í Eyjar, þó dálítið í boga. Ég held ég muni það rétt, að hann hafi sagt mér, að lengd kapalsins mundi þurfa að vera 12 km. Nú er hér í þessari till. byggt á Sogsvirkjuninni, og þegar er vitað, að leiðslur eru komnar austur í Rangárvallasýslu, t. d. í Fljótshlíðina, og í ráði er að leggja leiðslur austur undir Eyjafjöll og í Landeyjar. Það kæmi þá til athugunar að minum dómi að tengja þar inn á leiðsluna stóran viðskiptabæ, sem mundi þurfa mikla orku, þ. e. Vestmannaeyjar. Ég álít, að í framkvæmdinni yrði það eðlilegast að fara sunnan við tengingu Landeyja austur, þaðan austur undir Eyjafjöll og út í Eyjar. Ég vildi gjarnan heyra álit hæstv. ráðh. á því, hvort hann líti ekki sömu augum á þetta og ég, að þessar framkvæmdir geti fylgzt að. Hitt er svo vitað, að fé til allra þessara hluta, sem hér eru nefndir, verður að útvega með lántöku. Ég ætla ekki að fara inn á það, hvort það er rétt hjá hv. 6. landsk., að þarna sé víðast hvar órannsakað, hvort virkjunarmöguleikar séu fyrir hendi. En hitt er vitað, að til þess að fá raforku til gagns fyrir þau héruð, sem hér um ræðir, þarf mikið fé, eins og til að leggja aðalorkuveitu út í Vestmannaeyjar þarf mikið fé. Og eins og nú horfir í rafmagnsmálum hérna á Suðvesturlandi, að rafmagn er komið inn á flest heimili hér, þá hlýtur það að verða eðlilega ítrekuð og þung krafa hjá öðrum en þeim, er byggja Suðurlandið, að þeirra málum sé sinnt og þá, ef þörf krefur, að þau mál verði leyst með erlendum lántökum. Við höfum glögg dæmi um það fyrir augunum á okkur, hvað vinnst með bæði rafmagninu frá Soginu og hitaveitunni, hve gcipilegur gjaldeyrisspárnaður það er að eiga þessar framkvæmdir, og það ekki sízt nú, er olía og kol eru orðin jafn-

dýr og raun ber vitni. Þegar á þetta er litið, ætti djörfung ríkisstj. og Alþ. að geta vaxið til að gera sem stærst átak í virkjunar- og rafmagnsmálum á þeim stöðum, sem hér um ræðir og þar sem Sogsvirkjunin nær ekki til. Það er sýnilegt, að þegar til lengdar lætur, verður rafmagnið heppilegri lausn á þessu máli en að hafa bæði upphitun og suðu með olíu og kolum, eins og viðast hvar hefur tíðkazt allt fram á síðustu ár.

Ég vil sem sagt vænta þess, að hæstv. ráðh. líti hvað Vestmannaeyjalögnina snertir svipuðum augum og ég á eðlilega framkvæmd þess máls, og ég vil undirstrika þá skoðun mína og áskorun til ríkisstj., að hún geri allt, sem í hennar valdi stendur, til að koma rafmagnsmálunum með virkjunum eða á annan hátt þannig í framkvæmd, að sem flestir landshlutar eigi þess kost að hafa ljós og hita á annan hátt en frá olíu- eða kolakyndingu. Ég vil vænta þess, að ekki verði margir hv. þm. svo andvígir þessu frv., að þeir vilji ekki ljá því fylgi sitt sem heimildarl., þótt það hafi nú slegið hv. 6. landsk. þannig, því að vissulega er ekki skaði skeður neinum þessara staða, sem um ræðir, þótt heimild til að styðja framgang þessara mála sé lögfest. Látum svo gott heita, að rannsókn á mörgum þessara vatnsfalla hafi ekki farið fram, og látum spádóma hv. 6. landsk. liggja á milli hluta, en mér finnst þó, að nv. þm. taki of snarpa afstöðu gegn málinu, þegar hann lýsir því yfir, að hann geti ekki fylgt frv. Í þau fótspor vænti ég, að sem fæstir hv. þdm. vilji feta.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það mætti ætla af ræðu hv. þm. Vestm., að ég hefði lýst mig andvígan virkjun vatnsfalla yfirleitt til þess að beizla orku til handa landslýð til upphitunar og suðu og annarra hluta. En það er mjög fjarri því, að afstaða mín sé sú, og veit ég, að hv. þm. hefur ekki meint það, þótt kannske hefði mátt skilja orð hans svo. En hitt sagði ég, að ég teldi hér öfugt að farið, að taka hér upp allt að tug vatnsfalla, sem ríkinu skuli heimilað að láta virkja, þótt aðeins ófullkomin rannsókn hafi farið fram um það, hvort þau séu virkjunarfær eða öðrum vatnsföllum færari til þess að veita orku. Ég tel, að það eigi að hafa þá skipan á þessum málum að rannsaka vel þau vatnsföll, sem líkur eru til að séu virkjunarhæf, og þegar örugg niðurstaða er fengin um það, að ákveðin vatnsföll séu öðrum hæfari og hagkvæmari til virkjunar, þá fyrst eigi að veita heimildina til að virkja þau. En hér á að heimila virkjun sjö vatnsfalla og lántöku allt að 74 millj. kr. til þeirra framkvæmda, áður en rannsókn á þeim hefur farið fram til hlítar. Ég álít þetta hættulega leið. Ég þykist vita, að þessi lög mundu vekja vonir hjá fólkinu um það, að nú megi það vænta lausnar þessara mála á næstunni. Svo fara nokkur ár í rannsóknir, og svo verður kannske niðurstaðan sú, að viðkomandi vatnsfall verður ekki talið virkjunarhæft. Þetta tel ég miður heppilega aðferð, og ég get ekki séð, að það sparist nokkur tími, þó að heimildir um virkjun þessara vatnsfalla verði lögfestar fyrir fram, áður en rannsókn hefur farið fram. Þegar hún hefur farið fram, þarf ekkert að bíða með að lögfesta heimildirnar. Það er aðeins þetta, sem okkur hv. þm. Vestm. greinir á um. Ég játa, að 7. liðurinn hefur nokkra sérstöðu, þar sem ekki þarf að liggja annað fyrir en rannsókn á tekniskri aðstöðu til framkvæmdarinnar. Þar þarf ekki að gera neinar vatnsmælingar eða vatnsrennslismælingar eða annað slíkt, sem allar virkjanir verða að byggjast á. En það væri sjálfsagt auðvelt að telja upp ein 5—10 vatnsföll á Vestfjörðum, sem til mála kæmi að virkja, og fá svo lagaheimild til þess. En þetta álít ég að væri að fara öfugt að hlutunum, og slík vinnubrögð mundu ekki verða til að flýta virkjun viðkomandi vatnsfalla. Með þessu er verið að gera tilraun til að koma á virkjun viðkomandi vatnsfalla á undan virkjun annarra vatnsfalla, sem síðar yrðu sett inn í l., þótt þau kynnu þá að þykja miklu betri til virkjunar. Það er kappið um að komast sem fremst í biðröðina. Mér er nær að halda, að slík aðferð gæti leitt til þess, að vatnsföll yrðu virkjuð, sem síðar kæmi í ljós, að alls ekki hefði átt að virkja, heldur önnur, sem til þess væru miklu hentugri. Þessi lagasetning gæti þannig orðið til ills, en ekki góðs. Það er mín skoðun á málinu, sem sagt, að hér sé öfugt farið að, að l. eigi ekki að koma fyrr en á eftir rannsókninni. Þess vegna tel ég, að rökrétt afleiðing af þessari skoðun minni sé sú, að mér beri að sitja hjá við þessa lagasetningu. Ég geri hvorki að greiða fyrir né aftra slíkum vinnubrögðum.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Út af þeim orðum, sem hv. þm. Vestm. beindi til mín, vil ég taka fram, að ég treysti mér ekki til að gefa neinar yfirlýsingar um það, hvernig heppilegast sé að haga framkvæmdum á þessu atriði, þar sem þær fara að sjálfsögðu að verulegu leyti eftir till. frá raforkumálaskrifstofunni og sérfræðingum í þessu efni, enda eru yfirlýsingar ráðh. langt fram í tímann oftlega ekki mikils virði.

Ég skal svo ekki lengja umr. mikið um þetta mál. Það má að sjálfsögðu lengi um það deila, hvort eðlilegt sé að setja þessi lög strax, en mín sannfæring er sú, að þau muni frekar verða til góðs. Ég hef og spurt nokkra þm. að því, hvort þeir hefðu áhuga fyrir því, að þessi lög yrðu samþ. nú, og hafa þeir, sem hlut eiga að máli, talið það rétt. Nú, það liggur og fyrir hjá n., hvað af þessum vatnsföllum hefur verið rannsakað og hvað ekki, og ég vil benda á, að þetta er ekki í fyrsta skiptið, sem slík vinnubrögð hafa verið höfð í frammi. Margar framkvæmdir kalla svo að, og hugur manna utan þings sem innan er svo langt á undan tímanum, að menn eru oft langt á undan með ákvarðanir. Það hafa verið samþykktar virkjanir á vatnsföllum, áður en nákvæm rannsókn hefur farið fram á þeim. Verði þetta frv. samþ., þá þýðir það það, að ýtt verður betur á eftir rannsóknum á viðkomandi vatnsföllum. En þessar rannsóknir kosta ekki lítið fé, og á því vil ég vekja athygli, og m. a. er mjög erfitt að framkvæma þær með

þeim hraða, sem óskað er, nema að fá til þess erlenda sérfræðinga, vegna þess að okkur vantar innlenda starfskrafta á þessu sviði. En eins og ég sagði áðan, mun ríkisstj. láta hraða rannsókn á þessum vatnsföllum eins og unnt er með því fjármagni, sem veitt er til þessara hluta. Ég geri t. d. ráð fyrir, að í sumar verði rannsakaður verulegur hluti fallvatna á Vestfjörðum og á Austurlandi.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Það eru nokkur orð út af ræðum hv. 6. landsk. Hann hélt því fram, að ekki væri rétt að samþ. þetta frv., vegna þess að fullnaðarrannsókn hefði ekki farið fram á þeim vatnsföllum, sem hér er um að ræða, og taldi, að samþykkt þess mundi aðeins tefja fyrir framkvæmd málsins. Ég vil benda hv. þm. á, að einmitt vegna þess, að ekki fékkst slík samþykkt til að virkja Dynjanda, er ekki byrjað á þeirri virkjun enn, og því eru Vestfirðingar rafmagnslausir enn. Ef um þá virkjun hefðu verið sett lög 1946, hefði það mál verið komið betur en það er komið í dag. Að ég hef borið hér fram frv. um virkjanir fyrir Barðaströnd, stafar af því, að frv. um virkjun Dynjanda var fellt á síðasta þingi og ekkert hefur gengið í því máli síðan. Það eru upplýsingar frá raforkumálastjóra, að það muni taka um 10 ár að rannsaka og byggja það orkuver. Er áætlað, að framkvæmdir geti ekki hafizt fyrr en eftir 3 ár, og þá er eftir að útvega lán og byggja orkuverið. Það liggja einnig fyrir niðurstöður af rannsóknum raforkumálaskrifstofunnar um virkjanir þær á Barðaströnd, sem hér er um að ræða, og eru þær hagkvæmari en þær virkjanir, sem menn eiga hér víða við að búa, og lítur út fyrir, að þær verði hagkvæmari fyrir þessi héruð en ef farið yrði að bíða eftir raforku frá Dynjanda. Þess vegna er full ástæða til að samþ. þetta frv. — Þetta get ég aðeins sagt um þau orkuver, sem hér um ræðir. Ég þekki ekki eins vel til á Austurlandi, en ég geri ráð fyrir, að Austfirðingar geti fært jafngóð rök fyrir sínu máli og ég get fært fram fyrir orkuverin á Barðaströnd. Hv. þm. veit líka sjálfur, að hann hefur stutt virkjunina á Bolungavík vegna þess að hann vissi, að virkjun Dynjanda mundi dragast. Hann gat fylgt því, af því að hans kjördæmi átti í hlut, þótt hann vilji nú sparka í aðra. Það er svo sem eftir öðru, hvernig hv. þm. hefur hagað sér í þessu máli. Þörfin fyrir raforku til þessara staða er svo aðkallandi, að það má einskis láta ófreistað til að flýta fyrir framgangi þeirra mála, og ef fólkið fær rafmagnið fyrr, ef þetta frv. verður samþ., þá er óverjandi að ljá því ekki fylgi sitt. Ég mæli því eindregið með samþykkt frv., eins og það liggur fyrir.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Hæstv. landbrh. og raforkumálaráðh. sagðist ekki geta gefið neinar yfirlýsingar varðandi orkuveitu til Vestmannaeyja, en ég var raunar ekki að fara fram á það og hef ekki hugsað mér að króa hæstv. ráðh. neitt inni með yfirlýsingar. Hitt er annað mál, að ég varpaði því fram, hvort hæstv. ráðh. fyndist ekki eðlilegt, að þetta þrennt fylgdist nokkuð að, tilkostnaður við orkuveitur í Landeyjum, Eyjafjöllum og Vestmannaeyjum, þar sem viðskipti yrðu náttúrlega af skornum skammti, tilsvarandi við þann kostnað, sem tengingin austur þangað mundi kosta — hvort hann liti ekki svo á, að það væri eðlilegt, að um leið væri tengdur þessi stóri og sívaxandi bær, Vestmannaeyjar, við Sogsvirkjunina á þann hátt, sem þar um ræðir. En vitaskuld ætlaðist ég ekki til, að hæstv. ráðh. færi að gefa neina yfirlýsingu á þessu stigi málsins um þetta sérstaka atriði, en ég skírskotaði til hans heilbrigðu skynsemi, og vitað er það, að raforkuráð og sérfræðingar ríkisstj. í þessum efnum hafa náttúrlega sterkan tillögurétt hjá hæstv. ríkisstj. og hæstv. ráðh. segist fara eftir þeim. En ég hjó eftir því, að einhvern tíma hefði honum brugðið það við, að hann hafi farið aðrar götur en þessir aðilar höfðu lagt til, svo að vitaskuld, eins og eðlilegt er, hefur hæstv. ráðh. sinn eigin gang í þessum efnum samfara þeim bollaleggingum og áætlunum, sem sérfræðingarnir gera. Ég skal svo ekki fjölyrða um það.

Hv. 6. landsk. sagði um mig, að þegar ég talaði um að virkja fallvötn víða um landið, þá gæti ég ekki talað þar af miklum kunnugleik. En mér þykir undarlegt, ef hv. 6. landsk. hefur þann nákvæma kunnugleika til að bera á öllum stöðum, sem mætti skilja að hann byggi yfir eftir hans eigin orðum. Getur hann t. d. rökstutt, að það sé óvíst að virkja Hvammsá eða Selá í Vopnafirði í 500 ha. orkuveri, eins og hér stendur undir 2. lið, og leggja veitu til Vopnafjarðarkauptúns? Ég þekki að vísu ekki Selá, hv. þm. hefur sjálfsagt séð hana, en ég geri hins vegar ráð fyrir, að sá, sem hefur lagt þetta efni til í frv., þekki vatnsmagn árinnar og viti, hvernig hún hagar sér vetur, sumar, vor og haust, og hafi einhverja nasasjón af því, hvað Vopnafjarðarkaupstaður er fjarri Selá, o. s. frv. Mér finnst vera allt of sterkt til orða tekið, að hér sé fyrir fram vitað, að það sé óvíst í þessari hugmynd. Eða ef við tökum t. d. 4. liðinn, um að virkja Sandá í Þistilfirði í 2900 hö. Vissulega hafa þeir, sem gerðu till. um þetta, haft einhverja hugmynd um það frá sínu brjósti skoðað, að þetta sé framkvæmanlegt. Hitt er svo annað mál, að til þess að svona virkjunum sé sinnt, verða auðvitað mælingar og annað því um líkt að fara fram, eins og gert er ráð fyrir í 3. gr. frv. Það er ekki bara á þessu sviði, sem það er eins og hæstv. ráðh. í rauninni drap á, þó að hann færi ekki út í einstök atriði. Maður hefur stundum leyft sér að koma með till. um að byggja vita á þessum og þessum stað, án þess að fyrir fram væri búið af hálfu vitamálastjórnarinnar að rannsaka aðstæður. Það eru mörg dæmi til þess, þar sem svona leikmenn eins og gerist og gengur álíta að þörf sé á framkvæmdum á einn eða annan hátt, að þeir komi fram með till. um þau efni eða uppástungur. Það er engin nýlunda, eins og hér hefur verið tekið fram, að á Alþ. komi fram slíkar till. eða jafnvel heimildir fyrir ríkisstj. að framkvæma slík verk, og þetta er ekkert óskylt því.

Ég held þess vegna, að þetta mál geti hvorki

talizt hégómamál né óþarft; ég eyði ekki orðum að því að tala um, að það geti verið til ills, að það sé samþykkt.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það er alveg rétt tilgáta hjá hv. þm. Vestm., að ég þekki ekki allar ár, sem nefndar eru í þessu frv., og því síður, hvort hægt er að virkja í þeim þann hestaflafjölda, sem tilgreindur er í frv. En ég er sannfærður um, að flm. vita lítið um það, þannig að á því sé byggjandi, hvað mörg hestöfl það verða endanlega, sem vatnsföllin gera á öllum tímum árs; úr því verður að vinna af sérfræðingum rafmagnseftirlitsins og til þess þyrfti það að liggja rökstutt fyrir. En engin slík fskj. liggja fyrir með þessu frv.

Hv. þm. Barð. segist vænta þess, að þeir, sem hafa flutt brtt. við þetta frv., hafi undirbyggt sín mál líkt og hann. En hvernig gerði hann það? Hann hefur fengið mælingamann frá rafmagnseftirliti ríkisins á s. l. sumri til að líta á þessar ár í eitt skipti að sumrinu til. Það er öll rannsóknin þar, og meira að segja er hv. þm. Barð. ekki kunnugri í sínu kjördæmi en það, að nafnið á hans á er vitlaust. Hann vissi ekki einu sinni nafnið. Ég skal ekki eyða mörgum orðum að þessu, en það er undarleg virkjun vatnsafls, sem ekki þarf að gera áætlanir og teikningar að. Sumir hafa að vísu iðkað að búa til teikningar húsa eftir á, en það hafa ekki þótt fyrirmyndar vinnubrögð, en hér er farið inn á þá braut.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Út af því, sem hv. 6. landsk. sagði, að ég þekkti svo lítið þessa á, að ég hefði ekki getað farið rétt með nafnið á henni, vil ég taka það fram, að ég fór einmitt rétt með nafnið, en raforkumálastjóri rengdi það og hélt því fram, að það nafn, Suðurbólsá, væri hið rétta, og hefur hann byggt á því. Hv. þm. er því að væna raforkumálastjóra um, að hann hafi ekki svo mikið vit á þessum málum, að hann geti farið rétt með nöfn. Ég vissi, hvað áin hét í daglegu tali, og setti inn hið rétta nafn, en því var breytt af raforkumálaskrifstofunni. Hv. þm. hefur því ekki vitað, hvað hann var að tala um.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 742).

57. Girðingalög.

Á 36. fundi í Ed., 29. nóv., var útbýtt:
Frv. til girðingalaga [134. mál] (þmfrv., A. 288).

Á 37. fundi í Ed., 4. des., var frv. tekið til 1. umr.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Á næstsíðasta búnaðarþingi, eða árið 1949, var um það rætt, að breyta þyrfti girðingal. Þá vorum við Þorsteinn Þorsteinsson sýslumaður fengnir til að gera athuganir á þessu máli milli þinga. Þetta gerðum við og lögðum brtt. okkar fyrir búnaðarþing í febrúar—marz. Búnaðarþing gerði nokkrar breytingar á þeim, þar sem þeim líkaði ekki alls kostar það, sem við höfðum gert. Var það meðfram vegna þess, að okkur vannst ekki tími til að ganga frá því eins og við vildum. Það var því ákveðið að setja mþn., sem átti að fjalla um þetta mál, ábúðarlögin o. fl. Í hana voru svo settir þeir Jón frá Reynistað, Ásgeir Bjarnason og Gunnar Þórðarson frá Grænumýrartungu. — Okkur í landbn. þótti rétt að láta málið koma fyrir eins og það var frá búnaðarþinginu, en það voru a. m. k. þrjú atriði, sem ég var ekki sammála um, og ef til vill fleiri, sem ég vildi þá gera breyt. á. — Vildi ég mælast til þess við hæstv. forseta, að hann taki mál þetta ekki á dagskrá aftur, fyrr en n. er tilbúin með brtt. sínar og lætur hann vita.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 42. og 54. fundi í Ed., 13. des. og 4. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Ed., 7. jan., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 288, n. 376).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls var málið reifað og gerð grein fyrir því. Er því óþarfi að taka það hér upp aftur.

Landbn. athugaði þetta frv., en því var vísað til hennar. Sumir nm. höfðu áður fjallað um það, en samt þótti ekki ástæða til að láta það fara óbreytt úr n. Voru gerðar á frv. nokkrar breyt., að vísu ekki stórvægilegar, en þær eru alls 6 talsins. — Um 1. brtt. er það að segja, að hún er ekki nema til þess að stytta mál greinarinnar og gera það skýrara. Er þar ekki tekið fram, að vísað sé til ábúðarl. í heild, heldur til sérstakrar gr. í ábúðarl. Þessi breyting er því aðallega til skýringar, og eins má segja um 2. brtt., þar sem bætt er við í 3. gr. orðunum „frá meðeigendum“, svo að ekki sé um að villast, hver það er, sem á að greiða það matsverð, sem um er rætt.

Þá er 3. brtt., við 8. gr. frv. Í þeirri gr. er talað um girðingar til varnar útbreiðslu búfjársjúkdóma. Eru þær frábrugðnar öðrum girðingum, og vildum við ekki láta það standa óbreytt í frv., að sömu reglur giltu um greiðslur á andvirði þeirra og viðhald og um aðrar girðingar, heldur vildum við bæta inn í, að þetta gilti aðeins eftir því, sem við ætti í hvert skipti. Það getur verið svo margbreytilegt, hvað við á um þessar girðingar, að það er ekki hægt að hafa einn og sama mælikvarðann.

Meginbreytingin, sem gerð var á þessu frv., er við 9. gr. þess. Það hefur verið lagður svo þungur baggi á ríkissjóð, að við töldum, að það gæti orðið til þess að hamla einstöku vegagerðum, ef ákvæði frv. næðu fram að ganga. Gæti það orðið til þess, að hikað yrði við að leggja veg á góðum stað gegnum ræktað land

vegna girðingakostnaðar. Þess vegna vildum við ekki, að greitt væri nema fyrir það, ef vegur væri lagður gegnum samfelld engjalönd eða gegnum tún og ræktunarland. Ræktunarland er land, sem búið er að taka til ræktunar, m. a. með skurðgrefti og uppþurrkun, þó að enn sé ekki hægt að kalla það slægjuland eða töðuvöll. Víða er það þannig, að þar eru til töðuvellir, þó að þeir teljist ekki tún. Það er þess háttar ræktunarland, sem við eigum við í þessari brtt. Þó skal það tekið fram, að viðhald þessara girðinga lendir á landeigandanum eða ábúandanum, eftir því sem þeir skipta því á milli sín, en ekki á ríkissjóði, sem á að annast viðhald veganna og gera það á sinn kostnað. — Þá er hér enn ein breyting, sem er aðallega miðuð við sumarbústaði. Þar er eigendum vega heimilt að girða meðfram vegum sínum. Skal vegeiganda þó skylt að setja hlið á slíka girðingu, ef þörf er á að dómi matsmanna. — Þó að mönnum dytti í hug að girða beitilönd sín, þyrfti ríkissjóður ekki að taka þátt í kostnaði þeirrar girðingar, en ef vegur er lagður gegnum beitiland, sem er þegar girt, þá kemur til mála, að það þurfi að girða meðfram honum eða setja hlið á girðinguna, sem þar var áður.

Svo eru frekari reglur um það, hvernig á að fara að með girðingu yfir vegi, sem þegar eru komnir, og hlið á vegi. Má enginn gera girðingu með hliði yfir þjóðveg eða fjallveg nema með leyfi vegamálastjóra, ekki yfir sýsluveg nema með leyfi sýslunefndar og ekki yfir aðra vegi nema með leyfi hreppsnefndar. Þar sem til eru vegir aðrir en þjóðvegir, fjallvegir og sýsluvegir, vildum við, að þeir kæmu einnig undir þessi lög, og þess vegna höfum við sett inn, að um þessa „aðra vegi" skyldi hreppsnefnd ákveða, hvernig fara ætti með girðingar og hlið á þeim vegum. — Þetta er meginbreytingin, sem við gerðum á þessu frv. Því miður hefur okkur sézt yfir að leita álits vegamálastjóra á þessum breytingum og biðja hann að bera þetta saman við vegalögin. En í morgun mundi ég eftir þessu og sendi vegamálastjóra frv. þetta upp á mitt eindæmi og bað hann um að láta mig vita í fyrramálið, ef hann teldi einhverja vankanta á þessum brtt. Má þá alltaf gera breytingar á frv. við 3. umr., ef af þessu hljótast einhverjir árekstrar. Sé ég því ekki ástæðu til annars en hv. d. samþ. þessar brtt. við þessa umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Hér er um veigamikið mál að ræða, en ég játa, að ég hef ekki sett mig fyllilega inn í það. En það er greinilegt, að ætlazt er til, að hér sé m. a. lögð ný og rík skylda á herðar bæjar- og sveitarfélaga í landinu, þar sem þau skulu kosta vegagirðingar hjá sér að jöfnu við landeiganda eftir 4. gr. þessa frv. Nú er það þó væntanlega ekki nema á mörkum við götuna, þó að ordalagið virðist benda til annars. En jafnvel þó að það yrði skilið á þann veg, sem mér finnst efni hljóti að standa til, þ. e. einungis á mörkum við götu, þá mun vera um algera nýjung að ræða, sem hlýtur að hafa í för með sér stórkostleg ný útgjöld fyrir bæjar- og sveitarfélög, og efast ég um, að menn hafi gert sér grein fyrir, hvers konar skyldu er hér um að ræða. Að vísu má segja, að aðeins sé skylda að girða með 5 strengja gaddavír og ekki komi annað til álita. En ef svo er, þá mundi ég halda, að slíkt komi til greina um fáar byggingarlóðir í kaupstöðum og kauptúnum, svo að því leyti er ákvæðið út í hött. (ÞÞ: Eða girðing, sem jafngildir að vörzlunotum.) Ef á að jafngilda að vörzlunotum, þá er um mjög mikið fjárhagslegt atriði að ræða, sem þarf miklu betri skoðun en átt hefur sér stað. Vildi ég skora á hv. n. að senda þetta til umsagnar Sambands íslenzkra sveitarfélaga. Sýnist eðlilegt, að stjórn þeirra mála láti uppi sína umsögn. Það er hvort sem er ekki gert ráð fyrir, að þetta frv. nái fram að ganga á þessu þingi, svo langt sem það er komið, og hér er um svo veigamikið mál að ræða. Ég legg því til að fresta málinu á þann hátt, sem ég hef þegar stungið upp á.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Ég skal ekki segja, hvað n. yfirleitt segir um þetta atriði eða form. hennar, hinn ágæti hv. 1. þm. N-M. (PZ), svo að ég taki mér í munn orð hæstv. dómsmrh. En mér virðist ekki beint nauðsyn að fresta þessu máli vegna þessa, þar sem maður hefur hér í hv. d. hinn æruverða og ágæta fyrrverandi borgarstjóra, sem mundi ekki vera lengi að skjóta á einni smábrtt. í þessu efni, svo að eins vel færi úr hendi og þótt Samband sveitarfélaga, sem í eru um 300 sveitarstjórnir úti um allt land, fengi málið til umsagnar. Að vísu þarf ekki að senda til þeirra, sem ekki hafa þorp í sínum hreppi, en það mundu verða svona milli 50 og 100 sveitarstjórnir, sem þyrfti að leita umsagnar hjá. En úr því að búið er að spá, að þetta frv. nái ekki fram að ganga á þessu þingi, þá held ég sé réttast að lofa því að fara til 3. umr., en þangað til má alltaf athuga brtt., ef hæstv. ráðh. þóknast ekki að bera hana fram strax. Annars getur hv. form. n., ef honum sýnist eitthvað athugavert við það, sem ég segi, svarað fyrir hönd nefndarinnar.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Segja má, að svo bregðist krosstré sem önnur tré, úr því að hv. 11. landsk. þm. vill ekki verða við svo sanngjarnri bón að fresta þessu máli. Þó að ég telji hv. 1. þm. N-M. ágætan, þá tel ég þó hv. 11. landsk. langbeztan af öllum þeim, sem í landbn. eru. En það var misskilningur hjá honum, að ég ætlaðist til, að öll sveitarfélög á landinu þyrftu að skoða frv. Mér sýndist nóg, ef stjórn Sambands sveitarfélaga fengi þetta til álita. Ég sé, að einn sveitarstjórnarmaður hér í hv. d. hefur skrifað undir nál. athugasemdalaust, raunar tveir. En ef þeir hugsa um þetta betur, munu þeir sjá, að hér er um að ræða gífurlegan útgjaldaauka fyrir sveitarfélög frá því, sem verið hefur, og ég efast um, að menn hafi gert sér nokkra grein fyrir þessu. Og þegar þeir kvarta mjög undan þeim miklu gjöldum, sem búið er að leggja á sveitarfélögin, þá finnst mér þó færast skörin upp í bekkinn, ef menn vilja athugasemdalaust leggja á þau jafnstórkostlegar byrðar og þær að taka

þátt að jöfnu við landeigendur í öllum girðingarkostnaði byggingarlóða í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum. Það er vissulega ekki að ófyrirsynju, þó að þess sé óskað, að fulltrúum þessara stofnana sé gefinn kostur á að athuga málið. Ég lét þess getið í minni fyrstu aths. áðan, að mér hefur ekki unnizt tími til að athuga þetta frv. til hlítar, en rak þó augun í þetta mikilsverða ákvæði. Það kunna að vera í því fleiri atriði, sem varða sérstaklega sveitarfélögin. Það var upplýst af hv. frsm., að það hafi ekki enn verið borið saman við vegalögin, og vegamálastjóri átti eftir fyrir hönd ríkisins að gera sér grein fyrir því, hvort ákvæðin fái staðizt. Mér virðist, að hér sé um snöggsoðið frv. að ræða og geti því ekki skaðað, þó að þessi athugun fari fram. Ég vil því eindregið beina því til þess samsafns af góðum mönnum, sem eru í landbn., að þeir verði við þessari hógværu till. og fresti málinu.

Páll Zóphóníasson: Það er margt í þessu frv., sem gerir miklar breyt. frá girðingal. eins og þau eru nú. Ýmis ákvæði vegal., sem nú gilda, breytast allverulega, en alveg sérstaklega um kvöð ríkissjóðs að kosta girðingar móti einstaklingum eða algerlega, þegar vegur liggur gegnum tún, engjar og í sumum tilfellum beitiland. Þessi skylda er að vísu til nú, en vanrækt að láta hana gilda eins og fleira í lögum okkar víða, svo að það lendir oft í mesta stríði, þegar ríkið leggur veg meðfram túni. Á þessu er hert, en þó höfum við í Ed. slakað til frá því, sem var þegar málið kom til okkar. Við höfum heldur linað á kröfum að því er snertir ríkissjóð.

Um aths. hæstv. dómsmrh. vil ég segja, að ef umrætt ákvæði er tekið þannig, að allar girðingar, sem eru gerðar meðfram götum, samsvari fimmþættri gaddavírsgirðingu, þá er um geysilegan kostnað að ræða. En ef við lítum á, hvernig girðingar eru farnar að verða og hvernig við viljum hafa þær, — ég að minnsta kosti, — þá er þetta ekki þannig. Mig langar ekki til að fá hverja einustu lóðargirðingu mannhæðarháa, ekki heldur á minni eigin lóð. Ég tel það til lýta fyrir bæinn, en miklu hentugra að hafa svona hnéháa girðingu, sem afmarkar lóð og götu, svo að ekki sé rápað inn á lóðina, en garðar við húsin geti orðið til yndisauka fyrir þá, sem um götuna fara. Ég tel einmitt, að girðingar þær, sem nú eru í bæjum og samsvara hvað vörzlu snertir fimmþættri gaddavírsgirðingu, eigi að hverfa og eigi að koma girðingar, sem ekki samsvara fullkominni fimmþættri gaddavírsgirðingu að því er vörzlu snertir, því að við erum ekki að girða fyrir ágang af gripum, enda höfum við nú tekið girðinguna kringum Austurvöll, af því að við þurftum ekki lengur að girða fyrir hesta. Sá ég að vísu eitt sinn að næturlagi lögfræðing á vegum bæjarins opna hlið á Austurvelli og hleypa inn hestum sínum, en ég held það sé orðin lítil hætta á því, að með þessum hætti skapist mikill útgjaldaauki fyrir kröfur manna um háar girðingar. En sjálfsagt er að athuga þessa gr. milli umræðna og ræða um hana við Jónas Guðmundsson. Við hann hefur ekki verið rætt enn. En form. mþn., hv. 2. þm. Skagf. (JS), var búinn að tala við vegamálastjóra að því er snertir ríkissjóð og vegalögin. Nú var ég ekki inni, þegar hv. 11. landsk. talaði, en ég geri ekki ráð fyrir, að ágreiningur verði hjá okkur um það að vilja hlusta á Jónas Guðmundsson og athuga, hvort við getum fært frv. í það horf, sem hann kann betur við en þarna er.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Það er mjög einkennileg rökfærsla hjá form. landbn., að vegna þess að hann vill ekki, að í kaupstöðum séu jafnvandaðar girðingar og eru úti á landsbyggðinni og eru nú víðs vegar í kaupstöðum, þá vill hann láta skylda sveitarsjóði til þess að borga helming af jafnvönduðum girðingum og eru úti um sveitir landsins. En hvað getur frekar ýtt undir eigendur kaupstaðarlóða til þess að hafa girðingar kostnaðarmiklar og háar og rammbyggðar en ef þeir fá borgaðan kostnað úr opinberum sjóði? (**Rödd:** Það er helmingur, sem eigandi á þar sjálfur að borga.) Ég sé ekki, að það haggi neinu. Rökfærslan er skrýtin vegna þess, að hann telur, að of rammbyggilegar girðingar eigi að leggjast niður, og til þess að fá lóðaeigendur til að hverfa frá þeim, vill hann gefa þeim ávísun á bæjar- og sveitarsjóði um það, að þaðan eigi þeir að fá helming alls kostnaðar. Þetta fær ekki staðizt og er ekki hugsað til neinnar hlítar. Við skulum játa það hreinskilnislega. Ég hef ekki ánægju af að gera lítið úr starfi n. og stóð ekki upp til að hártoga það, sem hv. 1. þm. N-M. sagði. Um það, til hvers er leitað um umsögn, vil ég taka fram, að ég legg áherzlu á, að ekki sé leitað til Jónasar Guðmundssonar persónulega, heldur sé stjórn sambandsins að þessu spurð, vegna þess að þar eru saman komnir fulltrúar ýmiss konar sveitarfélaga, bæði bæja, þorpa og sveita, og það er mjög mikilsvert, því að allir verða að játa, að hér er um stórkostlegt fjárhagsatriði að ræða. Má að sjálfsögðu færa einhver rök fyrir því að leggja kostnað á sveitarsjóði vegna þessara framkvæmda. En ég vil, að þetta mál sé athugað betur en gert hefur verið enn þá, og ég skoða það sem loforð frá form. hv. landbn., að frv. skuli verða sent til stjórnar Sambands sveitarfélaga. Þar með hef ég ekkert á móti því, að umr. haldi áfram og nefnd athugun verði gerð milli 2. og 3. umr.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Ég þurfti tæplega að standa upp vegna yfirlýsingar hæstv. ráðh. nú um það, hvenær skal fresta málinu. Ég sé ástæðulaust að karpa um það atriði. Það er vilji okkar nm., að málið fari sem bezt úr hendi frá Alþ. En ég vil ekki lofa neinu fyrir mína hönd um að senda stjórn Sambands sveitarfélaga málið til umsagnar. Það væri þá miklu einfaldara að fá hana á fund n. Þó að ég gæti um það áðan, að ég hefði ekki átt fullnaðarsamtal við vegamálastjóra í síma um málið, þegar við gerðum nokkurn samanburð, þá geri ég ekki ráð fyrir, að breyt. komi frá honum. Sé ég ekki ástæðu þess vegna að fresta umr., eins og líka hæstv. ráðh. féllst á. Hins vegar er og

loforð formanns n. um það, að reynt verði að ná í umsögn þessara ágætu manna, þó að það verði kannske ekki nema svokallaður minni helmingur þeirra, sem næst í.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 376,1 samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 376,2 samþ. með 9 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
4.—7. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 376,3 samþ. með 9 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 376,4 samþ. með 9 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
10.—11. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 376,5 samþ. með 10 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 376,6 samþ. með 10 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
14.—24. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., 10. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 549, 560).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Það sýnir sig, að hæstv. forseti álítur ekkert myrkraverk vera hér á ferðinni, þar sem honum þótti viðeigandi, að þetta mál væri tekið fyrir nú, er ljósin eru komin, enda er það svo, að hér er ekkert, sem ekki má koma fram í ljósið. Yfirleitt er búið að ræða þetta mál nokkuð ýtarlega, og einnig er búið að ræða breyt. á þskj. 560 við 2. umr. N. gat fallizt á að verða við óskum dómsmrh. um að breyta 4. gr. þannig, að ekki yrði lögboðin þátttaka bæjar- eða sveitarfélags í girðingum um lóðir meðfram vegi. Við höfum horfið frá því að gera þetta að skyldu sveitarfélaga, en aftur á móti er haldið eftir girðingarskyldu á milli byggingarlóða eða ræktunarlanda í þorpum, en það er nú tekið skýrt fram, að hér sé aðeins átt við virgirðingar, gaddavírsgirðingar og vírnetsgirðingar. Virðist mönnum þá ekki vera íþyngt um of með þessum ákvæðum, þótt þeir leggi eitthvað frá sinni hendi til slíkra girðinga, enda eru girðingarnar ódýrar samanborið við lóðirnar. Nú eru hér í frv. engin skýr ákvæði um það, hvernig fer með þær lóðir, sem ekki eru ákveðið ætlaðar til ræktunar eða byggingar, hvort girðingarskyldan hvílir á eigendum slíkra lóða. Hv. þm. S-Þ. (KK) mun koma fram með brtt. um þetta, og hefur hann sýnt okkur nm. hana, og er hún á þá leið, að það hvílir ekki girðingarskylda á eigendum þeirra lóða, sem ekki hafa verið mældar út til ræktunar eða byggingar.

2. brtt. okkar á þskj. 560 er raunar aðeins til að færa gr. til betra máls. Efni gr. verður alveg það sama eftir sem áður, og er því ekki ástæða til að fara fleiri orðum um þá brtt. En ef þessar brtt. ásamt brtt. hv. þm. S-Þ. yrðu samþ., held ég, að ekki verði gengið á hlut bæjar- og sveitarfélaga í þessu máli og að þau megi sæmilega við una.

Ég vil að lokum taka fram, að það færi betur á að breyta einu orði í 9. gr., og má skoða það sem prentvillu, en þar stendur „vegeiganda“, en ætti að vera vegareiganda. Ég álít þó ekki rangt að segja „vegeiganda“, en hitt færi betur, að segja „vegareiganda“, og kannske hefði farið bezt á að segja „eiganda vegar“. En þetta vildi ég biðja hæstv. forseta vorn að athuga og leiðrétta sem prentvillu. — Hv. þm. S-Þ. mun gera nánari grein fyrir brtt. sinni, og sé ég ekki ástæðu til að hafa um hana fleiri orð, en vona, að allar þessar brtt. verði samþykktar.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls var 4. gr. frv. aðalþyrnir í augum manna, og er það máske eðlilegt, þar sem hún flytur það nýmæli í girðingalögunum, að ákvæði þeirra skuli ná til lóða í bæjum og kauptúnum. Hæstv. dómsmrh. gerði réttmæta aths. við það ákvæði, sem fjallaði um girðingarskyldu sveitarfélaga á lóðum, sem liggja að götu í bæ eða kauptúni, og hefur nú hv. landbn. tekið þessa aths. hans til greina. En þessi leiðrétting er ekki tæmandi. Það, sem mér finnst á skorta í greinina, er það, að lönd eða lóðir, sem ekki hafa verið ákveðin til byggingar eða ræktunar, skuli geta heyrt undir ákvæði þessarar gr., sem kveða á um skyldu landeiganda til að girða á móti þeim, sem vill girða. Nú stendur víða svo á í kauptúnum og sveitum, að sveitarfélögin hafa umráð yfir löndum, sem ekki eru samliggjandi og lóð tekur ekki við af lóð. Túnin liggja máske hér og þar, og einstaklingar fá lönd milli melholta og mýrarsunda og engin ræktunarlönd eða byggingarlóðir liggja að þessum lendum. Til að bæta úr þeim ákvæðum 4. gr., að slík kvöð sem þar liggur fyrir komi á sveitarfélögin, leyfi ég mér að leggja fram skriflega brtt. við brtt. n., og er mín brtt. á þá leið:

„Við tölul. 1. Í stað orðanna í upphafi 2. málsl. „þessum landeigendum er skylt“ komi: Þeim, sem eiga þannig aðliggjandi, útmældar byggingar- eða ræktunarlóðir, er skylt.“

Verði þessi ákvæði tekin upp, að þetta gildi aðeins um þá, sem eiga útmældar, aðliggjandi byggingar- og ræktunarlóðir, þá er stillt í hóf kröfum og þarf ekki að vefjast fyrir, að eingöngu er átt við skyldur, þegar um er að ræða lönd, sem búið er að mæla út, en það mun jafnan vera fyrsta stigið að mæla löndin út.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð. N. hefur, eins og frsm. lýsti yfir, fallizt á brtt. mína, og afhendi ég hér með hæstv. forseta tillöguna.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 576) leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 576 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 560,1, svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
— 560,2 samþ. með 9 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 56. fundi í Nd., 11. jan., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 577).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til landbn. með 19 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., 17. jan., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 63. fundi í Nd., 19. jan., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 577, n. 597).

Frsm. (Jón Sigurðsson): Frv. þetta er komið frá hv. Ed., og landbn. hefur tekið það til athugunar og leggur til, að það verði samþ. með tveimur smábreyt., sem í raun og veru eru smávægilegar, en geta þó haft sína þýðingu. — Að öðru leyti ætla ég ekki að ræða málið.

ATKVGR.
Brtt. 597,1 samþ. með 20 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—13. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 597,2 samþ. með 18 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
15.—24. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 694).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Frv. þetta er flutt að tilhlutun búnaðarþings og Búnaðarfélags Íslands, eins og fram kemur í grg.
Frv. þetta er aðallega miðað við sveitirnar. Við samningu þess hefur ekki verið tekið nægilegt tillit til kaupstaðanna, og gæti það valdið gífurlegum kostnaði, ef það væri samþ. óbreytt. Bærinn á víða svo miklar byggingarlóðir, að ef á að skylda hann til að greiða helming kostnaðar, verður þetta mikill kostnaður fyrir bæjarfélagið. Á þetta einkum við 4. gr. — Vil ég mælast til, að þessu verði frestað, til þess að ég geti undirbúið breyt., sem er óhjákvæmileg.

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Það er rétt, að hv. síðasti ræðumaður minntist lauslega á þetta fyrir nokkrum dögum. Ég hélt, að hann hefði fallið frá þessu og ekki álitið það jafnalvarlegs eðlis og fram kom í ræðu hans áðan. Þar sem líður nú að þingslitum, mundi það sennilega þýða það, ef því væri frestað nú, að frv. þetta næði ekki fram að ganga nú á þessu þingi, og yrði þá að taka það upp að nýju á næsta þingi, en það væri mjög bagalegt, því að það hefur verið unnið mikið í þessu máli nú. Mér þykir einnig erfitt að geta ekki orðið við tilmælum hv. þm., en vildi mælast til þess við hann, að hann kæmi með skriflega brtt. nú.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Þar sem málið hefur nú gengið í gegnum Ed. og á eftir eina umr., fæ ég ekki séð, að afgreiðslu þess sé stefnt í neinn háska, þó að umr. sé frestað til mánudags, og mun ég þá hafa tilbúna brtt.

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Ég hef ekki getað borið mig saman við meðnm. mína um þetta. Mér þykir illt að þurfa að taka á mig þá áhættu, að málið dagi uppi, en í trausti þess, að málið verði tekið nógu snemma fyrir til þess að ganga í gegn, þá geng ég inn á það, að umr. sé frestað.

Umr. frestað.
Á 65. fundi í Nd., 21. jan., var fram haldið 3. umr. um frv.

Forseti (SB): Mér hefur borizt brtt. frá hv. landbn. við 4. gr. frv., svo hljóðandi: „Orðin „byggingarlóða eða“ í 1. málslið og orðin „byggingar- eða“ í 2. málslið falli niður.“
Brtt. er skrifleg og of seint fram komin, og þarf því tvöfaldra afbrigða við.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 717) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 717 samþ. með 20 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 68. fundi í Ed., 22. jan., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 718).
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Á frv. þessu hefur sáralítil breyt. verið gerð í Nd. Það er í fyrsta lagi um að ræða skýrari ákvæði um grindur í hliðum og í öðru lagi — sem hefur verið gert eftir ósk bæjarstjórnar Reykjavíkur — nánari ákvæði um skyldu til samgirðingar um byggingarlóðir og ræktunarlönd. Ég sé ekki ástæðu til að fara frekar út í þetta, en við viljum leggja til, að frv. sé samþ. eins og það kom frá Nd.

ATKVGR.
Till. um að vísa málinu til landbn. felld með 8:4 atkv.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 743).

58. Tollskrá o. fl. (frv. fjhn. Nd.).

Á 61. fundi í Nd., 18. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl. [179. mál] (þmfrv., A. 663).

Á 62. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., 19. jan., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 65. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 66. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., 21. jan., var frv. tekið til 2. umr.
Lagt var fram skriflegt nál. (sjá þskj. 706). — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Í dag hélt fjhn. fund um þetta frv. og gerði um það nál. Afgreiddi hún málið frá sér og var nál. sent til prentunar, en er ókomið. N. hefur athugað frv. í dag á fundi sínum og var sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt. Ég held, að ég fari hér rétt með nál., því að ég kann það víst utan að, en það kemur rétt strax úr prentun.

Um frv. sjálft er það að segja, að það er lítils háttar breyting á núgildandi tollskrá, þannig að það eru tvær vörutegundir, sem lækka skal tollinn á. Í grg. fyrir frv. er þess ekki getið, hverju þessi tolllækkun nemi, heldur aðeins, að lækka skuli aðflutningsgjald af leir og hinu svo kallaða hexan. Mér hefur verið tjáð, að hexan þetta sé notað við lýsisbræðslu. Áður var vörumagnstollurinn 7 aurar á hvert kg, en nú er lagt til, að hann fari ofan í 2 aura á hvert kg, en verðtollurinn, sem var 8%, falli niður. Þetta er innihald frv. Það er hvorki mikið né margbreytt, en þetta er talið nauðsynlegt og í samræmi við önnur þau efni, sem eru notuð til slíkrar framleiðslu sem lýsisvinnslu. Virðist þetta frv. aðallega vera til þess að samræma ákvæði tollskrárinnar, þannig að eitt efni sé ekki tollað hlutfallslega miklu hærra en annað, sem er ætlað til svipaðra nota.

N. var öll sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt. — Sé ég svo ekki ástæðu til að tala frekar um þetta mál. Þetta er aðeins til samræmingar á tollskránni, en virðist ekki hafa mikil áhrif á ríkissjóð, en er til bóta fyrir þá, sem þurfa að greiða tollinn.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 22. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 663, 731).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það er skammt síðan tollstjórinn í Reykjavík kvartaði undan því, að erfitt væri að hafa annan toll á strigaskóm með gúmmíbotnum en öðrum skófatnaði, og þess vegna var þessu breytt og tollurinn á strigaskóm hækkaður til samræmis. Við nánari athugun virtist rn., að þessi hækkun væri óeðlilega mikil, og eftir að hafa rætt við tollstjóra nánar hefur fundizt aðferð til að leysa þetta mál. Í samræmi við það er lagt til, að tollurinn verði lækkaður ofan í það, sem áður var, sem sé 15% í stað 40%, en það er hann nú.

ATKVGR.
Brtt. 731,1 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 731,2 samþ. með 12 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 68. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 737).
Á 69. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 749).

59. Sundhöll í Reykjavík.

Á 56. fundi í Nd., 11. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 7. maí 1928, um sundhöll í Reykjavík [160. mál] (þmfrv., A. 567).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Flm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þegar lög um sundhöll í Reykjavík voru sett 1928, var í þeim meðal annars kveðið svo á, að nemendur í skólum, sem ríkið kostaði að meira eða minna leyti, skyldu fá ókeypis aðgang að sundhöllinni til æfinga. Í þeim l. var enn fremur svo fyrir mælt, að ekki mætti selja almenningi aðganginn dýrara en þyrfti til þess, að fyrirtækið bæri sig. Reynslan hefur orðið sú, að á þessu fyrirtæki hefur orðið, eins og á sundlaugum yfirleitt hér á landi, verulegur rekstrarhalli, sem nemur mörg hundruð þúsundum króna ár hvert, og hefur ekki þótt fært að hafa aðgangseyrinn það háan, að mætt gæti hallanum. Hins vegar var með íþróttal. frá 1940 lögboðin sundskylda í skólum landsins, og hér í Reykjavík hefur þessi sundkennsla að mestu farið fram í Sundhöll Reykjavíkur, en það þýðir, að sundhöllin er lokuð öllum almennum sundhallargestum fimm daga í viku yfir vetrarmánuðina. Utan Reykjavíkur, þar sem kennslan fer fram í sundlaugum og sundhöllum, er sá hluti ekki með í skólakostnaðinum og er greiddur af ríkinu, en ríkissjóður hefur ekki viljað gera slíkt hið sama varðandi Sundhöll Reykjavíkur vegna þess ákvæðis, sem lagt er hér til, að fellt verði niður. Frv. þetta fer einungis fram á, að kostnaður við sundkennslu nemenda, er fram fer í Sundhöll Reykjavíkur, verði færður á skólakostnað og að hluta endurgreiddur af ríkissjóði eins og annars staðar.

Vænti ég þess, að frv. þetta fái góðar undirtektir, og legg til, að því verði vísað til hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 21. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 567, n. 708).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Allshn. hefur haft mál þetta til athugunar og orðið sammála um afgreiðslu þess.

Eins og nál. á þskj. 768 ber með sér, er þar gert ráð fyrir, að ríkissjóður greiði hluta af þeim kostnaði, sem hlýzt af sundkennslu skólanemenda í Sundhöll Reykjavíkur. Hv. þm. virðast hafa álitið, að ríkið ætti að taka á sig bagga í sambandi við rekstur sundhallarinnar, en það hefur verið halli á henni undanfarin ár. Þetta er ekki rétt. Hv. þm. verða að gera sér ljóst, að hér er um að ræða, að ríkið verður að bera meiri hlutann af þessu tapi vegna sundskyldunnar, en þó er hér ekki um stórt fjárhagsatriði að ræða. — N. barst álit íþróttafulltrúa um málið, og mælir hann með því, að frv. verði samþ. með nokkurri umorðun á þá leið eins og gert er ráð fyrir í nál.

Það hefur verið svo fram að þessu, að ríkið hefur greitt nokkurn hluta af kostnaði vegna skólanna. Það varð um það samkomulag fyrir nokkrum árum, er rekstrarkostnaður var 110 kr. á rekstrarstund, að skólarnir greiddu 55.80 kr. á hverja stund. Síðan hefur þetta breytzt, og nú er kostnaðurinn orðinn 200 kr. Það varð samkomulag um það, að nemendur fengju þetta ókeypis vegna þess styrks, sem ríkissjóður veitti sundhöllinni. En eins og íþróttafulltrúi vekur athygli á, er þetta ekki meiri styrkur en aðrar sundlaugar hafa notið. Þess vegna segir hann, að hann telji eðlilegt, að bæjarsjóður Reykjavíkur njóti sömu fyrirgreiðslu og ríkissjóður greiði nokkurn hluta af þessari hækkun og greiði laun sundkennara. Svofelld breyt. á þessu yrði ekki svo mikil eftir yfirliti, sem fylgir álitsgerð íþróttafulltrúa. Hann heldur, að það láti nærri, að skólakostnaður ríkissjóðs hækki um 50 þús. kr. vegna þessara breyt. Ríkissjóður hefur greitt vegna sundkennslu, eftir þessari skýrslu, tæpar 30 þús., eða 27.2 þús., en mundi eftir breyt. greiða milli 60 og 70 þús. Þessi breyting skiptir ekki máli, því að hér er um reikningsfærslur bæjarins að ræða, þar sem skólakostnaður til sundhallarinnar er greiddur á móti ríkinu. Það er örðugt um vik í þessum málum, vegna þess að sundhöllin er bundin við sundkennslu frá 10 á morgnana til 16.15 á daginn, og dregur það úr aðsókn, þegar sundhöllin er lokuð á venjulegum tíma. Úr þessu mætti bæta, bæði hag bæjarsjóðs og ríkissjóðs, með því að koma upp laug fyrir kennslu, en sundhöllin er ekki ætluð fyrir sundkennslu. Þess vegna er það eðlilegt, að bæjarsjóður og ríkissjóður hafi áhuga á að bæta úr þessu og draga úr þeim erfiðleikum, sem sundhöllinni eru skapaðir. Að vísu er það svo, að slíkar stofnanir eru alls staðar reknar með halla, en sundhöllin er rekin með meiri halla, þó að hún hafi heitt vatn, og er meginorsök þess, að sundskyldan var leidd í lög hér.

Ég vænti svo, að með hliðsjón af þessu og meðmælum íþróttafulltrúa ríkisins geti hv. þm. verið sammála n. um að gera þessa breyt.

Ég vil svo að lokum vekja athygli á því, að prentvilla er í nál., þar stendur „fræðslumálastjóri“, en á að vera „fræðslumálastjórn“. Þetta verður leiðrétt. — Ég vona, að ég hafi greint frá aðalatriðunum, nema sérstakt tilefni gefist til að taka annað fram í málinu.

ATKVGR.
Brtt. 708 (ný 1. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 735).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 68. fundi í Ed., 22. jan., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Þetta frv. er flutt að tilhlutun bæjarráðs og bæjarstjórnar Reykjavíkur og er flutt í fullu samkomulagi við íþróttafulltrúa ríkisins. Þetta mál er um það, að ríkið taki verulegan þátt í kostnaði af komu skólanemenda í Sundhöll Reykjavíkur, og er þetta að sjálfsögðu sanngirnismál, sem er eðlilegt að fái framgang. Vona ég, að málið geti orðið samþ. í þessari hv. d. tafarlaust, og vil mælast til þess, að það geti gengið fram nefndarlaust, enda var enginn ágreiningur um það í neðri deild.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., 23. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Af því að ég fékk í gær rangar upplýsingar, en hef í dag fengið réttar, vil ég láta það rétta koma fram. Ég hélt því fram í gær, að ekki væri greitt fyrir lán á sundlaugum í sambandi við skyldusundnám skólabarna úti á landi, og ég vildi láta jafnt yfir allt landið ganga hvað þetta snerti. En fræðslumrh. sagði, að greitt væri sem svaraði viðhaldskostnaði. Þetta er ekki rétt. Það er greidd leiga fyrir sundlaugarnar og sundkennaralaun, og í trausti þess, sem íþróttafulltrúi og fræðslumrh. sögðu, að þetta skuli ná jafnt til allra, mun ég fylgja þessu máli.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 775).

---

60. Gjald af kvikmyndasýningum.

Á 56. fundi í Nd., 11. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um gjald af kvikmyndasýningum [162. mál] (þmfrv., A. 569).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Flm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Frv. þetta felur í sér heimild til handa sveitarstjórnum, þ. e. bæjarstjórnum og hreppsnefndum, til þess að leggja sérstakt gjald á kvikmyndasýningar, er renni í sveitarsjóði. — Vil ég um þetta mál vísa til grg., sem því fylgir, og tel því ekki ástæðu til að fara frekar út í það, en legg til, að málinu verði vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 21. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 569, n. 705).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Meiri hl. allshn. leggur til, að frv. þetta verði samþ., en minni hl. er frv. andvígur. Aðalefni þessa máls er ágreiningur milli kvikmyndahúseigenda í Reykjavík og bæjarstj. um það, hvort henni sé heimilt að innheimta sætagjald af kvikmyndahúsum. Þetta var tekið upp 1943, en síðan hefur verið samkomulag um málið milli eigenda kvikmyndahúsanna og bæjarstj. Á síðastliðnu ári grundvallaðist þetta samkomulag á því, að bæjarsjóður fengi sömu tekjur og verið hafa af kvikmyndahúsunum. Þetta þýddi það, að bæjarsjóður fékk 9% af seldum aðgangseyri, en síðastliðið ár 8%, því að þá hafði bætzt við eitt kvikmyndahús, og var heildartalan þá orðin meiri. Þessu sögðu kvikmyndahúsin upp á s. l. ári og hafa reyndar ekki greitt þessi gjöld nema að nokkru leyti. Nú er svo komið, að þau ganga á það lagið, að bæjarsjóður hafi ekki fast undir fótum með að innheimta þessi gjöld, en eins og hv. þm. er kunnugt, er brýn nauðsyn þess, að bæjarsjóður missi ekki spón úr sínum aski. Forsvarsmenn bæjarsjóðs telja því ekki efnilegt að missa þarna 450 þús. kr. Þess vegna er þessi heimild borin upp, að bæjarsjóði verði heimilað að innheimta allt að 10% sætagjald af sýningum kvikmyndahúsanna. Heildartekjur kvikmyndahúseigenda minnka, ef þetta er gert, en ef gjaldið verður eitthvað hækkað, aukast tekjur bæjarsjóðs, ef hann notar heimildina að fullu. Fyrir bæjarsjóði vakir að hafa af þessu sömu tekjur, og á fjárhagsáætlun þessa árs eru þær áætlaðar 450 þús. kr. — Á fundi í allshn. mættu fulltrúar frá bæjarstjórn Reykjavíkur og kvikmyndahúsunum. Þeir töldu sig ekki geta greitt þetta gjald, en það ber að þeim brunni, og er illt við að una, að það komi fyrst og

fremst niður á bæjarsjóði, ef boginn brestur. Þetta frv. var því flutt til að koma í veg fyrir þetta, og mælti meiri hl. n. með því, að það væri samþ. — Mér skilst, að það séu fjórir aðilar, sem hér eiga hlut að máli: bæjarsjóður, ríkissjóður, sem fyrir utan tekju- og eignarskatt tekur skemmtanaskatt, síðan almenningur, sem greiðir aðgangseyrinn, og eigendur kvikmyndahúsanna. Hver á nú að víkja? Er það bæjarsjóður eða ríkissjóður eða borgararnir með hækkuðum aðgangseyri — en gjaldþol er ekki fyrir hendi — eða eigendur húsanna? Allt þetta kemur til álita, og vil ég ekki vefengja, að það sé rétt hjá eigendum kvikmyndahúsanna, að gjöldin séu of há til að greiða þau að óbreyttum aðgangseyri. Og vissulega er það mikils virði, að aðgangseyrir þurfi ekki að hækka, til þess að skemmtanalíf bæjarbúa geti haldizt óbreytt og almenningur geti notið þessara sýninga. Hitt vænti ég að menn sjái, að það getur ekki staðizt, ef um erfiðleika er að ræða í rekstri, að bæjarsjóður eigi að verða útundan og taka á sig erfiðleikana af því.

Ég vænti þess, að ég hafi reifað aðalatriðin og það sjónarmið, sem fram kom í bæjarstj. og liggur til grundvallar því, að meiri hl. n. mælir með því, að þetta frv. verði samþykkt.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. meiri hl. gat um, er ég í minni hl. í n., en ég sé ekki ástæðu til að skila sérstöku nál.

Þetta stendur þannig af sér, að hér í Reykjavík hefur bæjarsjóður lengi tekið sætagjald af bíósýningum, sem talið var eins konar leyfisgjald fyrir því, að menn mættu hafa bíósýningar. Bæjarstjórnin gerir ráð fyrir 450 þús. kr. tekjum af þessu árlega. Aðrar bæjarstj. hafa ekki haft heimild til að taka sérstakt gjald af bíósýningum, annað en útsvar, og hafa ekki framkvæmt það á þann hátt, sem það er gert hér. Nú hafa bíóeigendur neitað þessu og hafa ekki greitt þessi gjöld, þrátt fyrir það að bæjarstj. hafi lækkað þau. Mér skilst, að bæjarstj. Reykjavíkur hafi haft þetta upp úr tveimur eða þremur bíóhúsum, sem voru hér áður. Ég held, að hún verði að horfa á þetta burtséð frá hinni sögulegu hlið málsins. Þetta hefur verið sérstaða hjá Reykjavík, að innheimta þetta sætagjald. Þetta er almennur skattur á bíósýningar, sem rennur í bæjarsjóð. Nú er það sjálfsagt ekki óeðlilegt, að bæjarsjóður fái rétt til að leggja skatt á það, sem hægt er að skattleggja með góðu móti. En ég held, að bíósýningar séu orðnar mikið áskipaðar með tilliti til þess, hvað kaupgeta almennings er orðin lítil og menn hafa orðið að draga að sér hendurnar með óþarfa útgjöld. Ég býst við, að þarna sé leitað tekna, sem komi óþægilega við allan almenning í landinu, þó að það lendi á þeim einstaklingum, sem reka bíóhúsin. Nú eru ýmis gjöld orðin svo há til ríkisins, t. d. skemmtanaskattur, og fer hann í að greiða til þjóðleikhússins og nokkur hluti hans ætlaður í félagsheimilasjóð. Þá er söluskattur af þessu og sérstakt gjald fyrir innflutning á þessum myndum. Ég held, að það hafi verið afnumið, þegar gengislækkunin var samþ., en fyrir 1948 mátti leggja gjaldeyristoll á filmur. Svo er greitt útsvar, og er sá skali mjög hár hér í þjóðfélaginu, og loks er greiddur af þessu tekjuskattur. Þegar horft er á allar aðstæður, þá finnst mér, að nýr skattur sé lagður á með þessu frv., nýr skattur, sem verður til þess, að verð miðanna hækkar. Þetta er einhver ódýrasta skemmtun, sem fólk veitir sér, og er illa farið, ef aðgangurinn er orðinn svo dýr, að aðsókn minnkar að verulegu leyti að þessum bíósýningum. Sérstaklega vil ég benda á, að ég get ekki séð betur en að hv. flm. ætlist ekki til að fá annað en svona 450—500 þús. kr., þegar reiknað var með 8—9%, að frádregnum skemmtanaskatti, en frv. talar um 10%. Þegar þessi upphæð er athuguð hjá Reykjavíkurbæ, sem er með fjárhagsáætlun upp á 80 millj. kr., er þetta sáralítill tekjustofn, en getur komið óþægilega og leiðinlega við hina fátæku, en þetta er ódýrasta skemmtun, sem þeir geta veitt sér. Þess vegna er ég á móti þessu.

Ég vil benda á, að mér finnst óeðlilegt, að þessu máli sé hrundið inn á þing undir lokin og hv. flm. leggi ofurkapp á, að það verði afgr. nú, þó að það sé seint fram komið. Ég vil hinkra við, og það gæti ekki munað svo miklu, þó að það biði til næsta þings og yrði athugað í næði. Mér finnst ekki vera ástæða til að hraða því svona, því að þetta skiptir ekki Reykjavík svo miklu. Ég hef lýst mig andvígan þessu máli og legg til, að frv. verði felllt, af því að hv. flm. leggur svo mikið ofurkapp á, að málið nái fram að ganga.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein): Mér finnst tilefni til að leiðrétta nokkur atriði í ræðu hv. þm. Siglf. Hann rökstuddi andstöðu sína gegn þessu frv. með því, að með þessu væri verið að leggja á nýjan skatt. Ef svo væri, þá mundi málið vissulega líta öðruvísi út, en hér er ekki þessu til að dreifa. Þessi skattur hefur verið innheimtur undanfarin ár, og er hér aðeins um það að ræða að fá nú alveg tvímælalausa heimild til þessarar innheimtu. Ef þessi skattur verður ekki innheimtur, skipta eigendur kvikmyndahúsanna þessum 450 þús. kr. á milli sín. Spurningin í dag er sú, hvort bæjarsjóður eða kvikmyndahúsaeigendur eigi rétt til þessa fjár. Ég vil því biðja hv. þm. að gera sér vel grein fyrir því, að hér er alls ekki verið að leggja nýjan skatt á kvikmyndahúsin. Það var ekki fyrr en nú um áramótin, sem eigendur kvikmyndahúsanna sögðu upp samkomulagi því, sem verið hefur milli þeirra og bæjarins um, að kvikmyndahúsin greiddu þennan skatt. Er því um annaðhvort að gera nú, að fella niður þessa upphæð á fjárhagsáætlun bæjarins eða að freista þess að fá þetta lögleitt.

Þetta mál horfir alveg sérstaklega við frá sjónarmiði bæjarins. Það er til heimild frá 1918 um skemmtanaskatt, sem bæjarsjóður mundi bera fyrir sig til að ná þessum skatti, en eðlilegra og ódýrara virðist, að þessi leið sé farin, svo að komast megi hjá langdregnum og kostnaðarmiklum málaferlum.

Varðandi þetta gjald annars staðar er það að segja, að afstaða er mismunandi eftir því, hvort skemmtanaskattur er greiddur eða ekki, en það

er aðeins í bæjum með yfir 1500 íbúa. En ég held, að það sé víðast, að þessi skattur sé ekki innheimtur, en þó mun það t. d. vera svo á Akureyri. Annars staðar er það ýmislegt annað, sem veldur, t. d., að bæjarsjóðir reka kvikmyndahúsin sums staðar sjálfir eða þau eru rekin í þágu málefna, sem eru undanþegin skemmtanaskatti. Er ekki ástæða til að blanda því inn í þetta mál. Aðalatriðið er það, að hér er ekki verið að leggja nýjan skatt á, heldur aðeins verið að staðfesta eldri heimild til þessarar innheimtu.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Ég benti á það í fyrri ræðu minni, að gjald það, er Reykjavíkurbær hefur innheimt og hér er rætt um, eigi sér langa sögu. Mér skilst, að þeir, sem bióin ráku, hafi í upphafi haft til þess einkaleyfi, og var þetta þá öruggur gróðavegur. Þess vegna var þetta gjald þá eins konar greiðsla fyrir þá aðstöðu, sem bærinn lét bióunum í té. Hins vegar hafa þau nú sagt upp þessu samkomulagi, en vegna þess, að bæjarfélagið telur sig ekki hafa örugga heimild til innheimtunnar, er þetta frv. flutt. Ég veit ekki, hvort bæjarstjórnin getur framfylgt þessari álagningu, ef frv. verður ekki samþ. Ég gat ekki verið á fundi allshn. með bióeigendum, en mér skilst, að það hafi ekki komið fram, að þeir hafi verið með 450 þús. kr. í vasanum, heldur yrði miðaverðið að hækka, ef þetta yrði innheimt. Mér er ekki kunnugt, hvers vegna þetta gjald er lagt á, en ég held þó, að þessi bióskattur sé einstæður hér í Reykjavík, því að þrátt fyrir öll lagaákvæði held ég, að þessi greiðsla hafi byggzt á gamalli venju, — já, allt frá því er Nýja Bíó kom fyrst hér upp.

Þegar litið er á málið í heild, er um það að ræða, að verið er að leggja nýjan almennan skatt á kvikmyndasýningar um land allt. Mér virðist dálítið einkennilegt að koma með þetta frv. í lok þingsins og leggja allt þetta ofurkapp á að koma því í gegn. Það getur verið rétt, að þetta sé nauðsynlegt fyrir Reykjavíkurbæ, en þetta er í raun og framkvæmd almennur skattur, sem lagður verður á allar sýningar í landinu, og ég er hræddur um, að gengið verði lengra í þessu en góðu hófi gegnir. Mér finnst þetta skattæði svo mikið orðið, að einhvers staðar verði að spyrna við fótum. Það er orðið svo, að það getur enginn maður stigið fæti nokkurs staðar, án þess að greiða fyrir það fleiri eða færri skatta, og ég tel alveg óverjandi að fara að leggja nýja skatta á þessa almennustu og ódýrustu skemmtun almennings og þá einu, sem margir geta veitt sér.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Þótt hv. frsm. hafi gert glögga grein fyrir þessu máli, er ekki hægt annað en að svara örfáum orðum ræðu hv. þm. Siglf. — Ég vil undirstrika það, sem hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) sagði, að frv. þetta er flutt vegna þess, að bæjarstjórnin vill fá örugga heimild til að leggja á þetta gjald, sem hefur verið innheimt í 8 ár. Samkomulag var um þetta í bæjarstjórn, og létu flokksbræður hv. þm. Siglf. þar sér þetta vel líka. Mér finnst furðulegt, að hv. þm. skuli taka málið upp á þann hátt að telja, að hér sé um nýjan og almennan skatt að ræða. Það hefur verið dregið í efa af eigendum kvikmyndahúsanna, að nægileg heimild sé til að leggja þetta gjald á, og er þetta því aðeins deila milli eigenda kvikmyndahúsanna og Reykjavíkurbæjar, sem hér er um að ræða í raun og veru. Ég vænti þess, að þetta nægi til þess að eyða hugsanlegum misskilningi hjá hv. þm., sem ræða hv. þm. Siglf. kann að hafa valdið, og að frv. verði samþykkt.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það fjölgar sífellt þeim málum í þinginu, þar sem verið er að leggja á nýja skatta og gjöld á menn og veita sveitarfélögum heimild til nýrra álagna. Hv. d. hefur verið óspör á að gefa slíkar heimildir til sveitarfélaganna. Það er vitað, að erfiðleikar sveitarfélaganna eru miklir, og er nú aðferðin sú, að fram kemur hvert frv. á fætur öðru, sem fer fram á heimild til að leggja á ný gjöld. Bæjarstjórnirnar sækja nú svo skarpt á, að aðhaldið verður að koma beint frá Alþ. Það má segja, að varla sé hægt að lá neinum bæjarfulltrúa, þótt hann óski eftir þessum heimildum. Ég er t. d. alveg viss um það, að ef bæjarstjórn væri boðinn hluti af söluskattinum, mundi hún taka því boði fegins hendi, jafnvel þótt hún yrði þá að sleppa kvikmyndahúsagjaldinu. Spurningin er ekki um það, hvort bióeigendur eigi að greiða þessa upphæð, heldur hvort eigi að loka bióunum vegna þess, að almenningur hefur ekki efni á þessum skemmtunum. Sýningar að degi til, sem voru ódýrari, eru að leggjast niður, en kvöldsýningar fyrir hálftómu húsi. Ég efast ekki um, að gjald þetta verði lagt á aðgöngumiðana, þar sem eigendur kvikmyndahúsanna telja sig ekki hafa efni á því. Ég álít það fullkomlega athugandi, hvort ekki væri réttara að veita bæjarstjórninni heimild til að taka ákveðið gjald af hverri brennivínsflösku eða aðgöngumiða að dansleikjum í bænum. Ég býst við, að réttlátara væri að leggja á flöskurnar, og þar að auki mundu bæjarstjórnir úti um land taka þetta sér til fyrirmyndar. Það er sama, hvaða tekjuöflunaraðferð bent er á, ástandið er þannig, að sveitarfélögin eru neydd til að stinga höndinni sífellt dýpra og dýpra niður í vasa borgaranna. Það er út frá þessu sjónarmiði, að við, sem höfum verið með því, að hluti af söluskattinum fari til bæjarfélaganna, erum á móti þessu gjaldi.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af því, sem hv. 7. þm. Reykv. (GTh) sagði. Hann sagði, að bæjarstjórn Reykjavíkur óskaði eftir lagaheimild til að innheimta þennan skatt. Hví er þetta þá ekki orðað þannig? Það var það, sem ég fann að. Hví er þá verið að koma með frv. í lok þingsins um almenna heimild til handa öllum sveitarfélögum um þetta? Ég vil benda á það, að hv. 7. þm. Reykv. hefur alls ekki lagt málið fyrir þingið eins og hann lýsti í ræðu sinni. Ég tel óforsvaranlegt að afgreiða málið á þennan hátt. Við erum komnir í algert öngþveiti með þessi mál. Við vitum það í sambandi við skemmtanir íþróttafélaga t. d., að það hefur orðið að taka upp

vinveitingar á þeim, til þess að þær bæru sig, og dugir þó ekki til lengur. Og svo á nú að fara að leggja á þessar einu almennu, ódýru skemmtanir. Það má búast við, að haldið verði áfram á þeirri braut, ef lagt er út á hana á annað borð, að byrjað verði með 10% gjald núna og svo verði það hækkað, næst í 15%, svo í 20% o. s. frv. Það er verið að gera bíóin að innheimtustofnun fyrir bæinn. Málið liggur alls ekki fyrir eins og hv. 7. þm. Reykv. sagði, heldur er verið að leggja nýjan skatt á, sem bíóin eiga að rukka inn.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Hv. þm. Siglf. hefur í rauninni gengið frá flestu því, sem hann hafði á móti frv. í fyrstu. Í síðustu ræðu sinni sagði hann, að þetta væri almenn heimild fyrir öll sveitarfélög, sem vildu nota sér hana. — Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að hv. Alþ. mætti ekki ganga í lið með bæjarfélögunum um að hækka álög á bæjarbúa. Hér er um hvorugt þetta að ræða. Ef verð á bíómiðum hækkar, er það ekki vegna þessa skatts, heldur vegna annarra skatta, sem bærinn hefur ekki lagt á. Það er allt of mikil hræsni, þegar þm. kommúnista reka hv. 2. þm. Reykv. til að segja þetta. Þeir keppast við að hækka gjöldin til bæjarfélaganna, tvö- eða þrefaldlega, en þegar á þing kemur, segja kommúnistar, að ekki megi hækka gjöldin, heldur verði að fella þau niður. Kemur það úr hörðustu átt, þegar hv. 2. þm. Reykv. talar eins og hann talaði hér áðan. Hér er ekki verið að leggja á nein ný gjöld, heldur er aðeins reynt að halda í skækilinn og tryggja, að bæjarsjóður fái svipaðar tekjur og áður á sama tíma og öll gjöld hækka og ríkissjóður reynir að hækka sínar tekjur og aðrir aðilar að hækka sín gjöld. Hv. 2. þm. Reykv. spurði, hvort templararnir ættu kannske að borga gjöld til ríkissjóðs af brennivíninu. Það væri sannarlega ekkert ranglátt, þó að góðtemplararnir yrðu að greiða eitthvað líka. Það er víst búið að leggja nóg á þá, sem fá sér glaðning, en „hóflega drukkið vín gleður mannsins hjarta“, eins og þar stendur. Eins og þegar hefur verið tekið fram, er aðaltilgangurinn með þessu frv. að tryggja það, að bæjarsjóðirnir fái að halda sínum hlut. En ef aðgöngumiðar á kvikmyndasýningar hækka og kvikmyndahúsareksturinn stöðvast, þá er það af öðrum ástæðum. Það er ekki nema eðlilegt, að bæjarfulltrúar og þingfulltrúar haldi fast á málinu. En ef þetta verður eitthvað til að torvelda rekstur kvikmyndahúsanna, þá er ekki annað um það að segja en að það mundi knýja fram endurskoðun þessara mála, en ekki á að láta bæjarsjóð Reykjavíkur gjalda þessara erfiðleika og kasta hlut hans fyrir borð af þeim sökum.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er auðheyrt, að ég hef komið við hjartað í hv. 5. þm. Reykv. Hann segir ákveðið, að fyrr skuli öll kvikmyndahús hætta sýningum en skattur verði lagður á brennivín. Og varðandi spurninguna, hverjir eigi að borga í þennan sjóð, segir hv. 5. þm. Reykv. allt í lagi, þó að kvikmyndasýningar þurfi að hætta. En ef ekki á að leggja gjöld á kvikmyndahúsin, en brennivín ætti að hækka og gjöld af því að renna í bæjarsjóð, það væri þokkalegt ástand! Ég held, að það hafi komið vel í ljós, hverjum þessi hv. þm. vill hlífa og hverjum ekki. Hann prédikar, að Reykvíkingar verði að láta til skarar skríða, standa fast saman, halda vel á málum og láta ekki undan. Mér þykir, að ég hafi sem þm. Reykv. staðið allsæmilega að því máli. Hef ég fylgt hv. borgarstjóra og 5. þm. Reykv. dyggilega að málum, meðan hann hafði góða forustu, og hóf merkið sjálfur, þegar fór að gæta undanlátssemi. Ég held, að hv. 5. þm. Reykv. hafi byrjað að sýna undanlátssemi hér í hv. d., þegar hann greiddi atkvæði til þess að fella till. um, að söluskatturinn rynni að nokkru leyti til Reykjavíkurbæjar. Ég held því, að hv. þm. ætti ekki að prédika um of staðfestu og að menn eigi ekki að hopa í baráttunni, heldur eigi hann að sýna slíka staðfestu betur í verki, þegar um er að ræða, að bæjarsjóði Reykjavíkur verði réttilega tryggðar tekjur. — Skal ég svo ekki orðlengja þetta frekar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18:4 atkv.
2.—6. gr. samþ. með 20:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19:4 atkv.

Á 67. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Út af síðustu ræðu hv. 5. þm. Reykv. við 2. umr. sá ég sérstaka ástæðu til að halda umr. áfram, þó að ég hafi annars ekki ætlað mér það. Hann byrjaði ræðu sína á því að slá því föstu, að ég félli frá öllu, sem ég hafði sagt um þetta mál. Það var ekki nema eðlilegt, að ég endurtók ekki það, sem ég hafði sagt við hann í fyrri ræðu minni, þar sem hann talaði ekki á milli, og hafði ég því engu frekara að mótmæla honum, þó að það hafi verið ástæða til að endurtaka það.

En eitt atriði er það í ræðu hv. 7. þm. Reykv., sem ég vildi svara. Hann benti á í upphafi ræðu sinnar, að þetta væri sérstakt og eðlilegt gjald, sem bæjarsjóður Reykjavíkur hefði tekið af kvikmyndasýningum, og ætti þetta gjald sér sjálfstæða sögu. Ég benti á, og því var ekki mótmælt, að þetta gjald væri þannig til komið, að bæjarsjóður hefði tekið þetta gjald fyrir að veita mönnum leyfi til að reka kvikmyndahús. Voru þá kvikmyndahúsin tvö, og töldu eigendur þeirra ekki aðeins hyggilegt, heldur líka sjálfsagt að greiða bæjarsjóði eitthvað fyrir þau fríðindi, sem þeir töldu sig hafa, þegar þeir fengu að reka kvikmyndahús. Þannig er þetta sætagjald til komið. Nú hefur kvikmyndahúsunum fjölgað, og hefur aðsókn minnkað, þannig að vaxandi atvinnuleysi, stórhækkað verðlag og aukin útgjöld og skattar almennings hafa komið hastarlega niður á þeim. Er nú svo komið, að þeir menn, sem töldu sig hafa höndlað hnossið, er þeir fengu leyfi til kvikmyndahúsrekstrar, telja

nú þetta hnoss síður en svo gróðavænlegt og geta ekki borgað stórar fúlgur fyrir. Eitt kvikmyndahúsanna, Tjarnarbíó, hefur sérstakan sjóð og hefur því haft forustuna. En ég vil benda á, að það eru ekki aðrir, sem hafa þessa peninga, og er útilokað, að þeir geti greitt þessa skatta án þess að hækka verð á aðgöngumiðunum.

Það er ekki langt síðan við höfðum hér með höndum mál um fasteignaskatt. Hefði verið eðlilegt, að þeir hv. 5. og 7. þm. Reykv. hefðu farið fram á, að bæjarsjóður fengi skatt af kvikmyndahúsunum, þannig að ekki þyrfti að hækka miðaverðið og ríkissjóður slakaði til á sinni kló. En við þessu var ekki hreyft, þegar málið var til umr. Nei, þetta er ekki gert til annars en að tryggja, að kvikmyndahúsin verði gerð að sérstökum tekjustofnum fyrir bæjarfélögin, og geta kannske seinna verið stoltir af að hafa gert þetta að sérstökum skatti. Mundi hækkað verð aðgöngumiða valda því, að almenningur, sem hefur þetta fyrir sína beztu skemmtun, verður að neita sér um að sækja þessar skemmtanir, enda fullyrtu fulltrúarnir, sem komu fyrir n., að ef verð aðgöngumiða hækkaði, mundu bæjarbúar minnka við sig að sækja kvikmyndasýningar og væri alveg óvíst um, hvort þessi skattur þyrfti ekki að fara hærra en í 10%. Munar hann 40—50 aurum á miða. Og ef þessi skattur verður til þess að draga úr aðsókn, þá getur hann vel farið upp í 1 krónu á miða, því að ekkert hámark er á biómiðum. Ég tel þetta rangláta og ósanngjarna skattálagningu, en ef bæjarstjórn telur hana nauðsynlega fyrir sig, er sjálfsagt að athuga málið. En þegar á að leggja þetta á sem almennt gjald og tekjustofn fyrir bæjarfélögin, væri eðlilegra, að þingið krefðist þess, að athuguð væru þau rök, sem að málinu liggja. Ég vil benda hv. 5. þm. Reykv. á, að hann hefur verið ófróður í þessu tilliti. Sennilega hefur hann ekki samið þetta frv. og veit því ekki um þau rök, sem stjórn Reykjavíkurbæjar kemur með fyrir því, og getur ekki nefnt nein rök önnur en þau: Af hverju á Reykjavík að víkja? — Ég vil benda hv. 5. þm. Reykv. á, að ekki hefur verið gerð tilraun til að víkja í skattaálagningu í þessu efni. Það virðist gleymt, að sá verður að vægja, sem vitið hefur meira. Það virðist sem ætlazt sé til, að bæjarstjórn Reykjavíkur víki nú og af reynslunni sé borið slíkt traust til hennar. Þetta verður svo óveruleg upphæð, að hún getur ekki munað bæjarsjóð neinu, en það yrði tilfinnanlegt, ef verð aðgöngumiða hækkaði. Hvernig sem hv. 5. og 7. þm. Reykv. reyna að snúa þessu, þá er hér verið að leggja nýjan skatt á kvikmyndasýningar. Ef þetta frv. verður að lögum, verður aðgangseyrir hækkaður, til þess að Reykjavíkurbær geti fengið þessi gjöld, og þá koma aðrir bæir í sömu slóð. Verður þá erfitt fyrir allan almenning að veita sér þá ódýru skemmtun, sem kvikmyndasýningar hafa verið.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21:4 atkv. og afgr. til Ed.

Á 68. fundi í Ed., 22. jan., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Um þetta mál er það sama að segja og það næsta á undan, um sundhöll í Reykjavík, að það er flutt að tilhlutun bæjarráðs Reykjavíkur og hefur haft greiðan framgang í Nd. og þó ekki ágreiningslaust. — Efni þessa frv. er raunverulega ekki annað en að staðfesta það, sem uppi hefur verið nú um nær fullan áratug, að bæjarstjórnin geti lagt sætagjald á kvikmyndahúsin. Þessi háttur hefur verið á hafður síðan 1943. Að vísu hefur því stundum verið mótmælt af kvikmyndahúsunum, en þó hefur ekki komið til árekstra fyrr en nú, en eins og nú háttar hygg ég, að kvikmyndahúsin hafi mótmælt að greiða gjaldið, — telji sig ekki hafa skyldu til þess. Þar sem hér er um gamlan gjaldstofn að ræða, sem þessi kvikmyndahús hafa fyrir löngu gert sér grein fyrir að þau yrðu að greiða og mörg þeirra stofnuð eftir að þetta gjald var tekið upp, með fullri vitund um, að það yrði innheimt, sýnist ekki gengið á rétt neinna, þó að hér sé staðfest það, sem upp hefur verið tekið, með því að veita nú þessa heimild, og þar sem samþykkt l. nú mundi að líkindum koma í veg fyrir málaferli, er mikilsvert, að frv. verði samþ. á þessu þingi. — Þar sem málið er svo einfalt, sé ég ekki ástæðu til, að því verði vísað til nefndar í þessari hv. deild.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Mér þykir það merkilegt varðandi þessi tvö mál, sem hér eru til umr. og búin eru að fara í gegnum Nd., að hæstv. dómsmrh. skuli ekki geta lagt þau skýrar fyrir en hér er gert. Fyrra málið var um samkomulag um það, að greiða skuli fyrir börn og skólafólk, sem hér nýtur sundkennslu, og það skuli gilda fyrir Reykjavík eina. Nú eru sundlaugar um allt land, sem eins stendur á um. Hvers vegna á Reykjavík að hafa sérréttindi? Hvað er hér um mikla upphæð að ræða? En hæstv. dómsmrh. þykir málið svo vel undirbúið, að hann sér ekki ástæðu til, að það fari í nefnd. — Svo kemur málið, sem nú er verið að ræða, og þykir engin ástæða til að láta rannsaka það. Nei, nei, engin ástæða til að upplýsa, hvað á að leggja mikið á almenning með þessu nýja álagi. Þetta mál kemur illa undirbúið inn í Alþ. og fer í n. í Nd., án þess að þar sé leitað nokkurra upplýsinga. Ég get gjarnan verið með því, að þeir, sem sækja kvikmyndahús að staðaldri, verði fyrir nokkrum útlátum, en þrátt fyrir það vil ég fá að vita, hvað það er, sem hér er um að ræða.

Þetta mál er flutt að tilhlutan bæjarstjórnar Reykjavíkur. Hún hefur annaðhvort ekki nennt eða ekki talið það svo mikils virði að gefa um þetta nánari upplýsingar, og svo er málið sett í þessa hv. d. á síðasta degi, sem henni er ætlað að starfa, alveg eins og okkur þm. komi þetta ekkert við. — Nú, þarna er hæstv. menntmrh. kominn og hann gefur vonandi nánari upplýsingar í þessu máli.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Mig undrar það stórlega, að jafnreyndur og greindur þm. og hv. 1. þm. N-M. skuli láta svona vitleysu frá sér fara eins og hann hefur gert viðvíkjandi málinu um sundhöll í Reykjavík, sem var hér til umræðu rétt áðan. Ég hélt, að hv. þm. myndi eftir því, að í l. um sundhöll í Reykjavík eru ákvæði um það að veita nemendum úr skólum ríkisins ókeypis sundkennslu. Slík skylda mun ekki hvíla á öðrum sundlaugum á landinu. Það er ljóst, að þessi skylda, sem sundhöll Reykjavíkur hefur fram yfir aðrar sundlaugar landsins, er orðin óbærileg. Forustumenn ríkisins í þessum málum hafa viðurkennt það og talið þetta eðlilega ósk af hálfu bæjarfélagsins. Ég þykist því vita, að hv. þm. muni falla frá aths. sínum, er hann fær betri upplýsingar í málinu.

Varðandi það mál, sem nú er til umr. hér, þ. e. a. s. frv. um gjald af kvikmyndasýningum, þá eru skoðanir hans á því máli byggðar á algerum misskilningi. Hv. þm. heldur því fram, að hér sé um nýtt gjald að ræða. Þetta er alls ekki ætlunin, eins og fram kemur í grg. við frv. og ég tók fram hér áðan. Hér er aðeins um löggjöf að ræða til þess að skera úr ágreiningi, sem kominn er upp milli Reykjavíkurbæjar og eigenda kvikmyndahúsa. Kvikmyndahúsin hafa greitt þetta gjald síðan árið 1943, en vegna minnkandi aðsóknar og þá minni ágóða af kvikmyndasýningum færast eigendur þeirra nú undan því að greiða þetta gjald. Til þess að skera úr þessari deilu og vegna hinna breyttu aðstæðna er þetta frv. flutt, og er í frv. gert ráð fyrir, að kvikmyndahúsin greiði ákveðinn hundraðshluta af seldum aðgangseyri í stað hins fasta gjalds, sem áður tíðkaðist.

Það er vissulega ástæða til þess að auðvelda sveitarfélögunum sem mest sína skattheimtu, þegar ríkið gengur jafnlangt í sinni skattheimtu og kunnugt er. Ég legg því áherzlu á, að þetta frv. verði afgr. áður en þingi er slitið, því að eins og ég hef áður sagt, er hér ekki um neinn nýjan skatt að ræða, heldur aðeins lög til að skera úr ágreiningi. Ég er því sannfærður um, að þegar hv. 1. þm. N-M. hefur kynnt sér þetta mál betur, muni hann vera því samþykkur.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Í sambandi við það, sem hæstv. dómsmrh. sagði áðan, vil ég benda á það, að ég veit ekki til þess, að skólabörnum hafi neins staðar á landinu verið seldur aðgangur að sundlaugum. Viðvíkjandi bíóunum vil ég segja það, að ég hef hvergi séð, að búið sé að afnema sætagjaldið. Þetta gjald mun stafa frá þeim tíma, er bíóin voru aðeins tvö hér í Reykjavík, og mun það þá hafa orðið samkomulagsatriði milli þeirra og bæjarstjórnar fyrir leyfi til þess að halda hér sýningar, en þegar halla fór undan fæti hjá kvikmyndahúsunum, fóru þau að reyna að komast hjá því að greiða gjaldið. Bæjarstjórn Reykjavíkur mun hafa lækkað eða fellt niður útsvör hjá mörgum hér í Reykjavík, en ég hef aldrei séð hjá hverjum. Hitt er mér kunnugt um, að sætagjaldið hefur verið talið til frádráttar við útsvarsálagningu hjá kvikmyndahúsum. Og ef þessi 10% koma nú einnig til frádráttar, þá er ég hræddur um, að útsvar bíóanna lækki iskyggilega mikið. Annars er ég sammála hæstv. dómsmrh. í því, að óþarfastofnanir eins og kvikmyndahús séu látnar borga eins mikið og framast er unnt til ríkis og sveitarfélaga.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Þó að mál það, sem ég vil fara nokkrum orðum um, sé ekki á dagskrá nú, vil ég samt leiðrétta misskilning, sem fram hefur komið í umr. um það. Það er að vísu rétt, að ekki mun vera seldur aðgangur að sundlaugum úti á landi, en ríkið tekur þátt í viðhaldskostnaði þessara lauga á móti hrepps- og sýslufélögunum eða öðrum félögum, sem þær eiga, og leggur á þann hátt sinn skerf til starfrækslu þeirra, og það væri ekki nema í samræmi við þessa reglu, að ríkið léti eitthvað af hendi rakna til Sundhallar Reykjavíkur, en samkvæmt núgildandi lögum fá nemendur ríkisskóla þar ókeypis aðgang.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég vil gera það að till. minni, að málinu verði vísað til menntmn.

Forseti (BSt): Það hefur komið fram till. um, að málinu verði vísað til n., og verð ég að fallast á að bera hana upp. En ég vil benda á, að það er mjög hæpið, að mál, sem nú er vísað til n., hljóti afgreiðslu, nema nál. sé skilað í dag.

Frv. vísað til menntmn. með 7:5 atkv.

Forseti (BSt): Í sambandi við þessa ákvörðun vil ég mjög eindregið mælast til þess, að nál. liggi fyrir seinna í dag, þótt ekki verði nema skriflegt.

Á 69. fundi í Ed., 23. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 569, 751).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 751. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Ég þakka fyrir að fá orðið. **(Forseti:** Ekkert að þakka.) Ég hef heldur fátt um þetta mál að segja. N. kom saman að beiðni og boði hæstv. forseta. Hún klofnaði um málið, og voru tveir með og tveir móti. Hv. 1. þm. N-M. (PZ) hafði við orð að bera fram brtt. í málinu, en hv. 1. landsk. og hv. 6. landsk. þm. kváðu sig vera á móti málinu. Við töldum ekki ástæðu til að skila skriflegu nál., og mér skildist, að hv. 1. þm. N-M. mundi ekki skilja sig frá, en hann kvaðst mundu koma með brtt.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil láta það koma fram í frv. sjálfu, að um leið og leyft er að leggja þessi 10% á, sé sætagjaldið fallið niður. Ég hef talað við hæstv. dómsmrh. og hv. 7. þm. Reykv., borgarstjórann í Reykjavík, og

málið mun liggja þannig fyrir, að tvö bió eru ekki skyld að greiða þetta sætagjald, og mun því erfitt að rukka hin. Ég legg því til, að aftan við 2. gr. bætist svo sem segir á þskj. 751.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Þegar hæstv. dómsmrh. reifaði þetta mál, taldi hann, að ekki væri verið að leggja á nýjan skatt. En í 1. gr. frv. er ekki aðeins heimild fyrir bæjarstjórn Reykjavíkur til að innheimta þetta 10% gjald, heldur fyrir allar sveitarstjórnir. Forstjóri eins kvikmyndahúss sagði, að flest bió úti á landi yrðu að loka, ef þetta yrði samþ. Ekki er vafasamt, að sveitarfélögin yrðu að nota þessa heimild í neyð sinni. Ég vil því, að þetta frv. verði fellt og á þeim stöðum, þar sem þetta hefur verið innheimt áður, verði það gert eftir öðrum leiðum. Enn fremur, ef til þess kemur, að frv. verði samþ., yrði að undanþiggja þessu gjaldi íslenzkar kvikmyndir og fræðslukvikmyndir. Ég mun því ef til vill bera fram brtt. um þetta, ef ekki verður unnt að fella frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:5 atkv.
Brtt. 751 samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 11:1 atkv.
3.—6. gr. samþ. með 9:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:4 atkv.

Á 70. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Þar sem ekki tókst að drepa þetta frv. við 2. umr., vil ég leyfa mér að flytja brtt. við 1. gr. þess á þá lund, að í staðinn fyrir, að sveitarstjórnum (bæjarstjórnum og hreppsnefndum) sé heimilt að leggja sérstakt gjald á kvikmyndasýningar, komi: Bæjarstjórn Reykjavíkur er heimilt að leggja sérstakt gjald á almennar kvikmyndasýningar, aðrar en sýningar íslenzkra kvikmynda og fræðslukvikmynda. — Ég vil, að það sé skýrt tekið fram, að þetta gjald verði hvorki tekið af fræðslukvikmyndum né íslenzkum kvikmyndum. Íslenzkir kvikmyndaframleiðendur eiga við örðugleika að stríða. Hafa aðgöngumiðar á þessar sýningar verið seldir háu verði, en samt hafa þeir í fæstum tilfellum náð upp í kostnaðinn, sem þeir hafa haft af kvikmyndatökunni. Ég álít því, að slíkar kvikmyndir eigi ekki að skattleggja, því að það mundi torvelda fyrir íslenzkum mönnum að taka íslenzkar kvikmyndir, sem er þó góðra gjalda vert. — Tel ég sjálfsagt að binda þessa heimild við Reykjavík, þar sem hér er verið að biðja um skattálagningu í staðinn fyrir skatt, sem hefur verið innheimtur hér í Reykjavík frá reykvískum kvikmyndahúsum. En nú fer mjög að halla svo undan fæti fyrir slíkum rekstri í fámennum kaupstöðum og kauptúnum, að hann er ekki fær um að rísa undir þeirri skattálagningu, sem hér um ræðir. — Vil ég leyfa mér að afhenda forseta þessa skriflegu brtt.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt skrifleg brtt. frá hv. 6. landsk. þm. (HV). — Þessi brtt. er skrifleg og of seint fram komin, og þarf tvöföld afbrigði.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 773, aðaltill.) leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Í raun og veru má segja, að þessi brtt. sé meinlaus, en ég tel líka, að hún sé óþörf, sérstaklega eftir að d. veitti áðan í ekki ósvipuðu tilfelli almenna heimild, þar sem beiðni kom frá einu sveitarfélagi. Ef heimildin hefði þar verið takmörkuð, hefði verið eðlilegra að takmarka þetta einungis við Reykjavík. En þar sem það var ekki gert, er samræmi í því að hafa almenna heimild hér.

Út af því atriði, að kvikmyndasýningar annars staðar leggist niður, verð ég að segja, að það kemur ekki til þess. Sveitarstjórnirnar haga ekki störfum sínum þannig, að þær banni í raun og veru kvikmyndasýningar. Er því engin hætta af þessu í framkvæmd. — Varðandi hitt atriðið, sem væri bezt að bera upp í tvennu lagi, þá er ómögulegt að hafa á móti því út af fyrir sig. Það er óþarft, því að þetta er aðeins heimild fyrir sveitarstjórnir. En ef fyrri till. verður samþ., þarf að breyta 3. gr.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég álít eðlilegt að takmarka þetta ekki við Reykjavík. Eftir því, sem ég bezt veit, þó að ég hafi litla þekkingu á málinu, þá er þannig ástatt, að sætagjald, sem er innheimt, er ranglátt. Þegar sú greiðsla var ákveðin, var miðað við, að kvikmyndahúsin væru fullsetin. En nú er sætagjaldið óeðlilegt vegna þess, að nú standa þráfaldlega mörg sæti auð á kvikmyndasýningum. Þessi skattálagning getur því verið auðfarin leið til þess að gera kvikmyndahúsunum ómögulegt að starfa. Ég held þess vegna, að það sé til bóta að veita öðrum en Reykjavík þessa heimild til að leggja gjöld á.

Ég vil ekki, að seinni hluti till. sé felldur niður. Ég geri ekki ráð fyrir, að gjaldið verði lagt á þessa tegund kvikmynda. En úr því að till. er fram komin og ef hún verður felld, þá gefur það undir fótinn um það atriði, að þingið hafi ekki viljað útiloka, að gjöld væru lögð á þessar kvikmyndir. Þess vegna er verra að fella þessa till. Ég vil sérstaklega mælast til, að hv. þm. beri till. fram í tvennu lagi. Þá get ég greitt atkvæði gegn fyrri lið hennar, en með þeim seinni. (**HV:** Síðara atriðið verður borið fram sem varatill.)

Forseti (BSt): Mér hefur borizt svo hljóðandi skrifleg varatill. frá hv. 6. landsk. þm. (HV):

„Aftan við greinina bætist: aðrar en sýningar íslenzkra kvikmynda og fræðslukvikmynda."

Till. er skrifleg og of seint fram komin, og þarf því tvöföld afbrigði.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 773, varatill.) leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 773, aðaltill. felld með 9:6 atkv.
— 773, varatill. samþ. með 13 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 12:4 atkv. og endursent Nd.

Á 70. fundi í Nd., 24. jan., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 774).
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 779).

---

61. Skipun prestakalla.

Á 14. fundi í Sþ., 14. nóv., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um skipun prestakalla [109. mál] (þmfrv., A. 205).

Á 30. fundi í Ed., 16. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 31. fundi í Ed., 20. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Ég skal fara um frv. þetta örfáum orðum sem frsm. menntmn. Frv. þetta barst n. frá kirkjumálaráðuneytinu, það var að vísu ekki neinn aufúsugestur, en n. flutti þó málið með fyrirvara. Eins og ég sagði, þá mun ég aðeins flytja örfá orð um málið að þessu sinni og einungis drepa á fá atriði.

Mál þetta var hér á þingi í fyrra, og voru þá lögfestar breyt. á fyrri skipun prestakalla. Á þeim tíma mætti málið talsverðri andstöðu, m. a. vegna þess, að það var ekki borið undir sóknarnefndir þær, sem hlut áttu að máli. Það kom síðar í ljós, að sumar þeirra vildu ekki búa við þau lög. Það er ekki að búast við því, að nú komi annað hljóð í strokkinn, ef flaustra á af þessu stórmáli nú, máske fyrir þær stórhátíðar, sem framundan eru. Hætt er við, að málið beri helzt til bráðan að.

Milliþinganefndin hefur að sumu leyti virzt vera sammála um málið. Ákvæði 7. gr. frv. finnst mér bera þess vott, að með þeim ákvæðum sé verið að fjölga prestum meir en þörf er. Í 7. gr. er gert ráð fyrir að ráða 2 presta til þess að gegna prestsverkum í forföllum á ýmsum stöðum. Áður var það algengt, að prestar hefðu tvö prestaköll. Þá var hlaupið undir bagga með nágrannapresti eða nágrannaprestum, og dæmi eru til þess, að einn og sami prestur hafi annað því að þjóna þremur prestaköllum um lengri eða skemmri tíma. Nú á þetta að hverfa. Nú virðist eiga að bæta við utanveltuprestum. Út í þetta skal ég ekki fara, en ég er andvígur þessu fyrirkomulagi, eins og 7. gr. frv. gefur tilefni til. Ég er andvígur till. um skipun presta í Reykjavík.

Ég skal ekki segja meir um þetta nú, en ég geri ráð fyrir, að hæstv. kirkjumrh. taki hér til máls, og einnig geri ég ráð fyrir, að hv. 1. þm. N-M. þurfi að segja eitthvað. Mun ég því ekki að svo komnu máli fara að halda lengri ræðu og læt máli mínu lokið.

Umr. frestað.
Á 32. fundi í Ed., 22. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Áður en ég vík að því frv., sem hér liggur fyrir, vildi ég leyfa mér að drepa með nokkrum orðum á þær breytingar, sem orðið hafa á aðstæðum presta í okkar þjóðfélagi. Það var sú tíð, að prestar fengu sín laun frá söfnuðunum í lambsfóðrum og ljóstollum og ýmsu líku. Var þeim þá aðallega ætlað að lifa á búskap, eins og það fólk gerði, sem þeir áttu að vinna með og vinna fyrir. Þá voru laun þeirra ákaflega lág. — Fyrir um það bil 30 árum fór fram mat á heimatekjum þeirra og þær metnar til tekna og til frádráttar. Voru þær jarðir, sem þeir bjuggu á, allgóðar. Það var ætlazt til, að mat færi fram á 10 ára fresti. Nú eru liðin 30 ár eða einn mannsaldur síðan, og hefur aldrei farið fram neitt endurmat á brauðunum. Prestarnir sitja enn við sömu kjör hvað viðkemur afgjaldi ábýlisjarða þeirra. — Fyrir um það bil 20 árum voru samþ. lög á Alþingi um að ætla þeim aukafjárhæð upp í embættiskostnað. Það vissi hver þm., að hér var ekki um að ræða fjárhæð til embættiskostnaðar, heldur launauppbót, sem var kölluð þessu nafni. Það fer enginn prestur með 200 kr. á ári í pappír til þess að skrifa á ræðurnar sínar. Þegar launalögin 1945 komu til umræðu, þá sögðu þeir, að þeir yrðu að fá þau laun, að þeir gætu lifað á þeim eingöngu. Þeir gerðu þá kröfu til Alþingis, að þeir þyrftu ekki að stunda búskap eða nein önnur störf, heldur eingöngu sinna sínum prestsstörfum. Laun þeirra voru hækkuð, en samt fengu þeir að halda skrifstofufénu og ýmsum heimatekjum; og þeir hafa einnig fengið aðra vissa ívilnun fram yfir aðra embættismenn, þeir hafa aldrei þurft að borga neina húsaleiguvísitölu.

Ég rifja þetta upp vegna þess, að mér virðist, að prestarnir sjálfir hafi litið þannig á, að þeir ættu að geta lifað á sínu embætti og stundað það eingöngu, og svo hefur ríkisstj. og Alþingi einnig litið á, að rétt væri að þeir gætu eingöngu hugsað um sitt starf. Hæstv. ríkisstj. hefur látið undir höfuð leggjast að innheimta húsaleiguvísitölu í fleiri ár. Mín skoðun hvað embættismenn snertir er, að yfirleitt eigi þeir að hafa svo há laun, að þeir geti lifað af þeim eingöngu, en þurfi ekki að stunda önnur störf jafnframt.

Hvað prestana snertir, en það eru nú þeir, sem verið er að ræða um núna, þá verður því vart neitað, að prestur, sem hefur 10—30 messur á ári og þarf að framkvæma 10—20 embættisverk á ári, hefur ekki starf allt árið. Þetta gildir einnig um marga aðra starfsmenn hins opinbera, sem hafa ekki nægilegt starf til þess að geta fullnægt sinni eðlilegu starfsorku og getu.

Ég vildi krefjast þess, að embættismenn hafi fullkomið ársstarf, hvort sem það sé 8 tíma vinna á dag eða með öðru móti. Þar sem ég tel, að prestarnir hafi ekki nóg að gera, þá vildi ég ganga lengra í þessu máli en meðnefndarmenn mínir, og var ég því þeim ósammála í höfuðatriðum og skrifaði með fyrirvara undir nefndarálitið, þar sem ég vildi gera ýmsar brtt.

Ég held, að það sé rétt, af því að ég hafði þarna sérstöðu, að ég geri grein fyrir afstöðu minni, sem byggist á því, að ég tel, að prestarnir hafi ekki nóg að gera. Nú hefur komið fram viðurkenning í þessa átt frá meðnm. mínum, sem telja, að prestarnir geti tekið að sér kennslu sem viðbótarstarf. Ég vildi láta þessi tvö höfuðsjónarmið koma fram. Ég tel ekki ástæðu til að hafa prófastsdæmin eins mörg og gert er ráð fyrir í frv. Ég tel ekki ástæðu til að hafa prófast, þar sem 3 eða jafnvel 2 prestar eru í prófastsdæminu, og er þá annar presturinn prófastur yfir hinum. Ég vildi hafa prófastsdæmin færri og stærri, og ég geri ráð fyrir, að það leiddi til þess, að meira samband yrði milli prestanna í prófastsdæminu heldur en ef þeir væru tveir eða þrír.

Ég vildi þá snúa mér að einstaka prófastsdæmum. Ég er ósamþykkur till. n. um Norður-Múlaprófastsdæmi. Tel ég, að hægt sé að láta prestinn í Sauðanesi, sem hefur eina annexíu, þjóna Skeggjastöðum og hafa þannig 3 kirkjur. Það eru engar hindranir á því, því að vegasamband er nú orðið gott þar, en með því að n. gerir Skeggjastaðaprest að kennslupresti, þá sé ég ekki ástæðu til að koma með brtt. þar við. — Ég tel, að Hofsprestur í Vopnafirði eigi að þjóna Möðrudal. Nú er kominn vegur þar í milli og skipulagðar ferðir. Öll verzlun frá Möðrudal fer fram við Vopnafjörð. — Svo er það presturinn að Kirkjubæ, sem nefndin vill færa að Eiðum. Hann hefur ekki nema rétt skikkanlega kirkjusókn. Hann tel ég að eigi að sitja að Kirkjubæ. Ég viðurkenni, að Kirkjubær er í dag í óþægilegu vegasambandi, en það vantar aðeins 4 km. Sá vegur er einn af þeim vegum, sem till. er um að taka upp í vegalög, og verði það samþ., þá má búast við, að fljótt verði úr þessu bætt. Í þessu sambandi vil ég benda á það, að á Kirkjubæ er sæmilegt prestssetushús, en það er ekki fyrir hendi á Eiðum og þar verður að byggja allt upp frá grunni. — Enn fremur finnst mér, að spara megi einn prest, þar sem einn situr á Valþjófsstað og annar í Vallanesi. Mér finnst, að spara megi annan prestinn og láta hann hafa 4 kirkjur. Það er kominn bílvegur á milli þessara staða og brú í Fljótsdal.

Hvað snertir Suður-Múlaprófastsdæmi, þá tel ég fjarstæðu að hugsa sér að setja prest í Mjóafjörð, heldur ætti hann að fá þjónustu frá Norðfirði. Að vísu yrðu að vera sjósamgöngur þar á milli, en í Mjóafirði er ekkert fyrir hendi. Þar er ekkert jarðnæði, ekkert hús, og yrði að reisa allt frá grunni, og þar að auki er söfnuðurinn fámennur, ekki nema 161 manns, ef ég man rétt. Það verða að meðaltali 4 prestsverk á ári fyrir utan messur, svo að þetta væri ekki of mikið fyrir prestinn á Norðfirði, sem hefur aðeins eina kirkju. — Einnig taldi ég rétt að athuga, hvort ekki mætti færa prestinn frá Kolfreyjustað og láta hann sitja á Fáskrúðsfirði og þjóna einnig Stöðvarfirði. Ég viðurkenni, að eins og vegasambandi er nú háttað, þá er þetta óþægilegt, en eftir 3—4 ár ætti þetta að lagast. Ég viðurkenni, að þetta er ekki alveg tímabært, en þegar maður er að gera breytingar fyrir framtíðina, þá verður maður að taka tillit til þess, sem er framundan. Ég mun flytja brtt. um Mjóafjörð og sömuleiðis um, að Kirkjubær verði áfram prestssetur og Möðrudal verði þjónað frá Vopnafirði, en ekki brtt. um Stöðvarfjörð. — Þá mun ég flytja brtt. við Hof í Öræfum. Þar á að taka upp nýtt prestssetur. Þar er engin jörð fyrir hendi, og verður að byggja allt upp. Þar er að vísu jörðin Sandfell, og var þar prestssetur, en það hefur verið í eyði í mörg ár, og ber öllum saman um, sem þekkja til, að hún verði ekki byggð aftur. Tel ég sjálfsagt, að presturinn á Kálfafellsstað þjóni Öræfum.

Þá er það Vestur-Skaftafellssýsla. Það var ágreiningur um það, hvort presturinn skyldi sitja á Prestsbakka eða Kirkjubæjarklaustri. Núverandi prestur vildi sitja að Kirkjubæjarklaustri, og var þá allt byggt þar upp, en nú mundi hann vilja fara að Prestsbakka, og yrði þá að byggja þar upp líka. Ég tel fjarstæðu að hringla þannig eftir því, sem einhverjum presti kann að detta í hug.

Í Rangárvallaprófastsdæmi tel ég að megi fækka prestum um 1—2, sennilega mun vera hægt að fækka þar um 2, og mun ég gera brtt. þar um. — Í Árnessýslu mun ég ekki gera aðrar breyt. en varðandi það, að ég tel, að það sé óþarfi að láta sérstakan prest sitja á Þingvöllum. Ég tel, að presturinn á Mosfelli geti þjónað Úlfljótsvatns- og Þingvallasóknum frá Mosfelli. — Kjalarnesprófastsdæmi skal ég ekki tala frekar um, en ég tel Þingvelli eiga að vera þar.

Um Reykjavík er það að segja, að ég tel, að það þurfi að búa betur um þá nefnd, sem ætlað er að skipta bænum í prestaköll. Hér er öllu ráðstafað af prestum og formönnum sóknarnefnda. Ég tel, að það þurfi að leyfa söfnuðunum að hafa tækifæri til meiri þátttöku í þessu efni og láta ekki prestana vera einráða, heldur skipa þessu meira við hæfi fólksins.

Um Borgarfjarðarprófastsdæmi er það að segja, að mér finnst óþarfi að færa Innra-Hólmssókn frá Akranesi til Saurbæjar, en ég játa, að við þetta fæst meiri jöfnuður á fólksfjölda. — Ég tel ekki ástæðu til að taka upp nýtt prestakall í Staðarhólsþingum, því að þar er enginn staður fyrir prest frekar en í Mjóafirði og Öræfum. Ríkið á að vísu jörð þar, og var byrjað að reisa þar prestssetushús fyrir 20 árum. Inn í kjallarann hefur alltaf runnið vatn, og hefur ekki verið hægt að hafast þar við, svo að ekkert þýðir að hugsa um það og allt verður að byggja að nýju, ef þangað verður settur prestur. Ég tel auðvelt fyrir einn prest að þjóna þessu, þar sem Garpsdalur fellur úr.

Um Barðastrandarprófastsdæmi er það að segja, að þegar betri vegur er kominn yfir Þingmannaheiði, þá tel ég, að Múlasókn eigi að fylgja Brjánslæk og presturinn í Flatey að verða

kennsluprestur. Þegar ég gekk inn á að hafa frv. svona, þá var það af því, að maður, sem ég áleit manna kunnugastan, sagði mér, að vegurinn yfir Þingmannaheiði ætti langt í land. Nú er mér sagt, að það sé kominn bílfær vegur yfir Þingmannaheiði.

Um Vestur-Ísafjarðarsýslu er það að segja, að ég tel óþarfa að láta sérstakan prest sitja á Hrafnseyri. — Í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi tel ég óheppilegt að færa til prestinn í Ögurþingum, þar sem er sæmilegt prestsseturshús, sem annars mundi fara í niðurníðslu. Það væri heppilegra að flytja Ögursókn undir Vatnsfjörð og Eyrarsókn undir Ísafjörð og með því spara einn prest, sem gert er ráð fyrir að sitji í Súðavík. — Við Strandaprófastsdæmi hef ég ekkert að athuga, ekki heldur Húnavatnsprófastsdæmi. — Í Skagafjarðarprófastsdæmi tel ég að megi fækka prestum.

Í Eyjafjarðarsýslu tel ég ástæðulaust að fjölga prestum. Ég tel ástæðulaust annað en að Vallaprestur þjóni áfram Hrísey. Það var talið gerlegt áður fyrir eldri mann, Stefán Kristinsson, og veit ég ekki til, að nokkur hafi að hans þjónustu fundið, enda þjónaði hann með prýði. Tel ég því, að yngri maður ætti að geta það eins vel.

Í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi er hægt að fækka um einn prest, prestinn, sem nú situr á Vatnsenda. Það væri hagkvæmara að skipta söfnuði hans á milli nágrannaprestanna og færa Brettingsstaði undir Hálssókn.

Nú hef ég í stuttu máli talið upp þá staði, sem ég ætla að koma með brtt. við, og líka þá, sem ég er óánægður með. Í þessu sambandi vil ég benda á, að ég tel nauðsynlegt að taka upp breytingu á sóknaskipuninni. Sóknaskipunin er frá eldgömlum tíma, og er hún leiðinda-„apparat“. Hefur henni ekki verið breytt neitt, en þó féllst n. á að færa hluta af Höskuldsstaðasókn undir Blönduós. Í sóknaskipuninni eru svo miklar fjarstæður, að t. d. verður síra Sveinbjörn Högnason að Breiðabólstað að aka gegnum sókn nágrannaprests síns til þess að komast að einum bæ í sinni eigin sókn. Áður var farið yfir fjallveg, en nú liggur bílvegurinn gegnum nágrannasóknina. Í Skagafirði er kirkja að Ábæ í Austurdal, og hefur hún lengi verið í eyði. Tveir bæir heyra undir hana, og eru það Merkigil og Skatastaðir. Jökulsá skilur á milli þeirra. Engin önnur leið er fyrir hendi en erfiður fjallvegur. Það er enginn vegur frá Skatastöðum að Ábæ, og er því sjálfsagt að leggja Ábæjarkirkju niður og láta sóknina ganga inn í nágrannasóknina. Þótt breytingar hafi ekki verið gerðar víðar en við Blönduós, þá er þeirra þörf. Hér á landi er ein jörð, sem tveir virðulegir prestar komu sér saman um, að ætti að heyra undir tvær kirkjur, þ. e. a. s., hún átti að vera sitt árið í hvorri sókninni. Þetta sjá allir heilvita menn að nær ekki nokkurri átt að hafa þannig. Til þess að gera einhverja breyt. á þessu, þá verður fyrst að gera samþykkt heima fyrir, hún verður að ganga gegnum ótal ráð og eftir nokkur ár kemur hún svo í skrifstofu biskups. Það hefur verið viðurkennt nauðsynlegt að breyta þessu, en nefndarmenn töldu það vera fyrir utan verksvið nefndarinnar.

Það má fækka prestum miklu meira en lagt er nú til með þessu frv. Ég tel, að ekki þurfi fleiri presta en lækna. Hins vegar er vafasamt, hvort taka eigi það spor í einu skrefi. Hins vegar ætti að vera hægt að sjá til þess, að prestar hefðu nóg starf að vinna. Það má að vísu taka þetta nokkuð á mismunandi hátt. Aðalstarf prestanna er sálgæzla, og ef það ætti að vera í lagi, þá þyrftu prestar að húsvitja að minnsta kosti tvisvar á ári hverju. Það kann að vera, að er prestur húsvitjar, sé það fallegt, gott og ágætt, en það er nú einu sinni svo, að það eru engir prestar, sem húsvitja nú á dögum. Það kann að vera, að þeir húsvitji fyrsta árið, en svo verður yfirleitt lítið úr slíku. Þessi sálgæzla, sem oft er nú gert helzt til mikið úr, er ekki framkvæmanleg, ef prestur hefur 300—400 manna söfnuð að þjóna. Í kaupstöðum má telja 4000 manna söfnuð sem hámark, eða tífalt fleiri en í dreifbýli. Nú er það svo, að margir prestar hafa önnur verk að vinna með prestsstörfunum, t. d. kennslustörf. Það er nú nokkuð mismunandi, hvað menn leggja að sér í störfum sínum og hvernig þeir sinna þeim störfum, sem á þá hlaðast. Sumir telja hæfilegt að vinna aðeins 8 stundir á degi hverjum, en aðrir starfa 12—14 klst. á degi hverjum.

Ég átti sæti í n. þeirri, sem fjallað hefur um þetta mál, og hef drepið á nokkur atriði og bent á, í hverju till. minar liggja í þessu máli, en ég vil sérstaklega benda á, að sú rýmkun, sem felst í frv., er til þess að auðvelda mönnum breytingar á sóknartakmörkunum. Í öðru lagi vil ég breyta ákvæðum um prestaköll í Reykjavík, að þau verði þannig, að söfnuðunum sé gefið meira vald en gert er með 2. gr. frv. Enn fremur vil ég benda á, að þrátt fyrir það, sem fram kemur hér, t. d. í ummælum biskups hér í skjalinu, sem fylgir frv., þá er það sjónarmið nokkuð mismunandi. Í fyrra lá prestur þjóðkirkjunnar í Fljótsdalshéraði veikur. Hann var veikur mikinn hluta vetrar, en með leyfi biskups leyft að vera hér í Reykjavík, og einn prestur var þá eftir í öllu héraðinu. Þetta gat svo verið eftir sjónarmiði biskups þá, en hins vegar er það ekki í samræmi við það, sem lagt er til í frv.

Loks vil ég benda á, að margir staðir, þar sem prestssetur eru ákveðin, eru prestunum ofviða. Margir þeirra hafa engar tekjur af búum sínum, og enn aðrir lifa í eymd og volæði fyrir þá sök, að þeim hefur verið ofvaxið að reka búskap á jörðunum. Enn aðrir hafa gripið til þess úrræðis, að þeir hafa leigt jörðina til þess að geta bjargað sér frá búskapnum. Hins vegar tel ég, að það eigi að vera nokkur góð prestssetur, þar sem þeir prestar, sem vilja búa, geti búið góðu búi. Það er bókstaflega illa gert, þegar nýútskrifaðir, skuldugir kandidatar frá prestaskólanum taka við embættum úti í héruðunum, að þeim sé leyft að hefja búskap undir slíkum kringumstæðum. Það er eðlilegra að taka sum af prestssetrunum og leyfa dugandi bændaefnum að reka þar bú sitt, en taka hins vegar nokkrar jarðir, t. d. 10—20, þar sem þeir prestar, sem vilja búa og hafa dugnað og aðstæður til, geti setið að búum sínum. Eins og nú er ástatt, er

verið að níða niður prestssetrin meira eða minna, og það er fyllilega tímabært, að breytt sé um viðhorf til þessara mála.

Forseti (BSt): Ég vil minna hv. þdm. á það, að við 1. umr. er ekki gert ráð fyrir, að einstakar gr. frv. séu ræddar, heldur heildarstefna þeirra mála, sem til umræðu eru hverju sinni. Ég gerði ekki athugasemd við ræðu þess hv. þm., sem síðast talaði, en leyfi mér að minna á, að það á ekki við við 1. umr., að einstök atriði frv. séu rædd, en það er hins vegar venja, er málin koma frá n., að einstök atriði séu þá rædd við 2. umr. málsins.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég skal verða við óskum hæstv. forseta um að ræða málið í heild í ræðu minni.

Á síðasta Alþingi var til umr. frv. til l. um skipun prestakalla. Illu heilli var málið þá afgr. héðan frá hv. þd., og þá var mörkuð ný stefna í þessum málum um að fækka prestum. Ýmis prestaköll voru þá felld niður í því frv. Í Nd. var gerð sú breyt. á frv., að það yrði ekki að l. fyrr en 1. jan. 1952, þ. e. a. s., að lögin kæmu ekki fyrr til framkvæmda. Eftir að þetta var skeð, hefur ráðh. sett n. til þess að rannsaka málið, og hefur hann m. a. sett mann í nefndina, sem vitað var fyrir fram að bar fjandsamlegan hug til málsins yfirleitt og hafði sýnt málinu fullan fjandskap við fyrri afgreiðslu þess. Ráðh. hefði því átt að vera það ljóst, hvern árangur starf nefndarinnar mundi bera. Ég lít svo á, að skaðlegt sé að taka þessa stefnu upp. Ég efast um, að séra Hallgrímur Pétursson hefði orðið Íslendingum það, sem hann er, ef hann hefði setið í Reykjavík og þurft að þjóna 10 þúsund manna söfnuði. Og ég leyfi mér að efast um, að séra Matthías Jochumsson hefði ort sín stórbrotnu trúarljóð eða séra Valdimar Briem fært þjóðinni þau verðmæti, sem hann gaf henni, ef þeir hefðu ekki setið í fámenninu og haft tíma til þess að sinna þessum hugðarefnum sínum. Ég er ekki heldur viss um, að Bjarni Þorsteinsson hefði samið lög sín, ef hann hefði ekki getað sinnt slíku starfi með prestsverkunum sökum annríkis. Ég læt þetta nægja til þess að sýna fram á, hvert tjón það hefði verið fyrir þjóðina, ef þessir menn, sem ég nefndi, hefðu ekki haft tíma til að vinna þessi verk.

Mér hefur skilizt, að meginrökin, sem fram eru færð fyrir því að fækka prestum í dreifbýlinu, séu þau, að nú sé komið það gott vegasamband um landið og búið að ryðja svo helztu fjallleiðir, að prestarnir geti ferðazt fleiri kílómetra en áður. Nú gildir þetta ekki nema skamman tíma af árinu. Er haustar að og vetur gengur í garð, stöðvast samgöngur á heiða- og fjallvegum og vegirnir lokast. Á vetrum er ekki þörfin hvað minnst, að prestur sinni söfnuði sínum sem mest og bezt. Hv. þm. N-M., er talaði hér síðast, sagði, að það væri óþarft að hafa svo marga presta. Ég býst ekki við, að það hefði góð áhrif, og líklegt er, að slíkt mundi aðeins stuðla enn frekar að því en orðið er, að fólkið flyttist burt úr dreifbýlinu í þéttbýlið. Það er annars táknrænt, að einmitt sá flokkurinn, sem sérstaklega telur sig vera fulltrúa þeirra manna, sem búa í dreifbýlinu, skuli nú flytja þetta mál með slíku ofurkappi og offorsi. Hvað sem menn annars vilja segja um trúhneigð fólksins og að sumir menn vilji gera lítið úr gildi húsvitjana prestanna, þá mælir ekki fátæk ekkja í afskekktri byggð svo, sem kannske er sjúk og vill hafa náið samband við sálusorgara sinn. Hún mælir ekki, hve margir kílómetrar séu til næsta bæjar, og það er henni engin huggun, hvort fært er á jeppa yfir fjarlæga heiði. Það, sem henni er stoð og styrkur, kemur fram í trú hennar og í lifandi sambandi við sinn prest. Sama er um marga aðra úti á landsbyggðinni, sem setja traust sitt á æðri máttarvöld og lifa í trúnni á guð sinn. Mér er sama, þótt hv. þdm. hlæi að þessu. Það snertir mig ekki, en ég sé, að hv. 1. þm. N-M. hlær. Um viðhorf fólksins til þessara mála veit ég eins vel og hv. þm. N-M., og það er ekki sæmandi kirkjumrh. að ætla sér að skera á þessar taugar. Mig undrar það stórlega, að form. mþn. skyldi hafa getað léð sig til þess að láta þetta fara svona frá sér. Það er ótrúlegt, að hann hafi viljað gefa út af sinni hendi þetta plagg, maður, sem starfað hefur í þjóðkirkjunni, séra Sveinbjörn Högnason. Það er ótrúlegt, að hann vilji svipta alla þessa menn sálusorgurum sínum. Mig undrar, að kirkjuyfirvöldin og kirkjuráð skuli setja slík ákvæði sem í þessu frv. felast. Það eðlilega væri að leggja megináherzlu á það, að prestum yrði ekki fækkað í sveitunum, heldur jafnframt fjölgað í fámenninu. Hins vegar virðist þetta hafa gefið hæstv. ráðh. byr undir vængi til að fremja þetta. Hæstv. ráðh. segir: Hér er samkomulag um eitt atriði, og það skal verða lögfest. — Þennan baráttugrundvöll hefur n. skapað, og á honum ætlar hæstv. ráðh. að standa, og tel ég það miður. Ég vík ekki frá þeirri skoðun minni, hve þýðingarmikið það er að hafa presta í fámenninu.

Ein eru þau rök, sem fram hafa verið borin fyrir því, að rétt væri að fækka prestum í dreifbýlinu. Þau eru, að á einstaka prestssetur hafi enginn prestur fengizt. Meginástæðan fyrir því er sú, að ríkisvaldið hefur vanrækt og þverskallazt við að búa þessum mönnum mannsæmandi húsakynni á prestssetrunum, og hafa þeir menn, sem hafa viljað sitja þessar jarðir, hvorki haft hús yfir sig né fénað sinn. Á nokkrum jörðum hefur jarðnæðinu verið skipt á milli prestsins og annars aðila. Á Brjánslæk var jörðinni t. d. skipt, með þeim árangri, að prestinum var ýtt burt, vegna þess að á móti honum bjó maður, sem ekki var hægt að hafa samskipti við. Sama er að segja um Sauðlauksdal. Þar gat presturinn ekki setið lengur, vegna þess að hann hafði ekkert hús yfir kindurnar. Ég tek þessi dæmi aðeins til þess að sýna fram á, hvernig ástatt er um þessi mál.

Ég vænti þess, að þótt hv. Ed. hafi samþykkt þetta frv. í fyrra, þá verði þetta mál athugað gaumgæfilegar að þessu sinni. Sér í lagi vænti ég þess, að hv. menntmn. vandi meðferð sína á málinu og athugi það mjög nákvæmlega. Ég leyfi mér eindregið að leggja það til, að 1. gr. l., sem taka á lagagildi hinn 1. jan. 1952, nú eftir áramótin, komi ekki til framkvæmda. Það þarf

að undirbúa þetta mál miklu betur en gert hefur verið.

Ég skal svo ekki ræða þetta mál frekar nú. Einstök atriði frv. mun ég ekki fara út í við þessa umr., en hef aðeins skýrt skoðun mína á málinu. Einstök atriði frv. mun ég ræða síðar, er málið kemur frá nefnd, sem ég vona að verði ekki í því formi, sem það er nú.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Það hafa nú tveir — reyndar þrír — hv. alþm. talað í þessu máli. Mér eru minnisstæðari tvær síðustu ræðurnar en sú fyrsta, vegna þess að í tveimur síðustu ræðunum gætti meir hinna stóru andstæðna í þessu máli. En hjá þeim hv. þm., er framsögu hafði, gætti meira hófs í málinu. Ég geri ráð fyrir, að það sé svo í þessu máli eins og öðrum, að það séu ekki hinar stóru öfgar, sem leysa málið, hið rétta sé eitthvað annað, hvar svo sem það kann að liggja á milli. Ég geri ráð fyrir, að svo sé í þessu máli einnig og auðvelt sé að leiða rök að því.

Eins og hv. dm. er kunnugt, var haldið mjög fast á því við ríkisstj. á síðasta þingi að spara á ýmsum sviðum, einkum þó í sambandi við hið mikla embættismannabákn, sem mjög þyrfti að draga saman. Mál það, sem hér liggur fyrir, kom til mín sem kirkjumrh. sem frv. til l. um prestakallaskipun. Það er því algerlega rangt hjá hv. þm. Barð., að ég hafi sérstaklega komið fram með þetta mál. Það voru tillögur nefndar, sem ég lagði hér fram, og það hefðu verið mikil firn, ef ég sem kirkjumrh. hefði ekki flutt málið hér, þar sem hinir ágætustu og gagnkunnugustu menn, sem valdir voru í nefnd þá, er um þetta fjallaði, hlutu að hafa til að bera hina beztu þekkingu, sem unnt var að fá um þessi mál. Nú er það svo um þetta mál, að það var að vísu undirbúið í mesta flýti, þar sem nefndin hafði svo skamman tíma til umráða. En ríkisstj. var öll sammála um það á ríkisstjórnarfundi, þar sem ég bar málið fram, að leggja þessar till. fram. — Þetta er þá það frv., eins og það var lagt fram af n., ásamt rökstuddri grg. frá kirkjumrn., og sýnir það, svo að ekki er þörf um að deila, hvernig það er komið inn í þingið.

Það verður að kannast við það, að fækkun á prestum í sveitum er í sjálfu sér alveg eðlileg. Í fyrsta lagi vegna þess, að fólki hefur fækkað á þessum svæðum, og í öðru lagi vegna þess, hve mjög samgöngur hafa batnað. Það má til dæmis taka Auðkúluprestakall og hina ágætu nýju brú yfir Blöndu, hversu aðstaðan hefur batnað til að þjóna hinum tveim kirkjum sitt hvorum megin árinnar. Ég skal nefna annað dæmi, úr Strandasýslu, þar sem yfir sjö ár var að fara á stuttum kafla, sem voru oft margar eða allar ófærar. Nú eru komnar brýr á allar þessar ár. Svona er þetta á mörgum öðrum stöðum, að það var miklu erfiðara að gegna þessum störfum, og skal ég ekki hafa fleiri orð um það. Fólksfækkunin er svo greinilega sönnuð af manntalsskýrslum okkar, og samgöngurnar hafa líka batnað, eins og allir vita. Þess vegna væri líka eðlilegt, að prestunum væri eitthvað fækkað.

Þegar þetta mál kom til hv. Nd. í fyrra, fékk það þann mótbyr, að samkomulag varð um að skipa nefnd til að rannsaka málið. Áður en l. um fækkun prestakallanna frá 14. marz 1951 kæmu til framkvæmda, skyldi kirkjumrh. skipa nýja nefnd til að athuga, hvað tiltækilegt þætti að gera í þessu. Ég skipaði þessa nefnd og er nú ásakaður fyrir að hafa skipað fjandmenn þess málstaðar að fækka ekki prestaköllunum. Ég skil þessa ásökun varla, því að séra Sveinbjörn Högnason er einn alheitasti andstæðingur þess að fækka prestaköllunum um eitt einasta. Ég hélt, að flestir þm. þekktu það til skapferlis séra Sveinbjarnar Högnasonar, að þeir vissu, hve vonlaust væri að sveigja hann frá sannfæringu sinni og það ekki sízt í öðru eins hjartans máli og honum er þetta, og reyndar í hverju máli sem er. Séra Sveinbjörn kom til mín og spurði mig, hvað ég héldi um niðurstöðu þessa máls og hvers vegna ég hefði skipað sig í þessa nefnd. Ég svaraði honum því, að ég hefði skipað þessa nefnd til þess að hún starfaði eftir sannfæringu sinni og skilaði sínu áliti. Þá geri ég ekki ráð fyrir, að margir hafi það álit á séra Ingimar Jónssyni, að hann láti sveigja sannfæringu sína, og það er einnig kunnugt um hann, að hann vill alls ekki láta fækka prestum um einn einasta. Ásmundur Guðmundsson prófessor hafði meira að segja skrifað um mig heldur leiðinlega og rætna grein, og þó skipaði ég hann í nefndina, — nú, og Svein Víking, ritara biskups. Allir vita, hver muni vera afstaða biskups í þessu máli, en ég áleit rétt, að biskupsskrifstofan fengi fulltrúa í nefndina. Svo er Sigurður Bjarnason; um hans afstöðu var einnig vitað, því að hann hafði lýst sig andvígan fækkuninni á Alþ. Svo er Pálmi Einarsson, sem mér þótti sjálfsagt að skipa í nefndina sökum kunnugleika hans á öllum jörðum á landinu. Svo er Páll Zóphóníasson, sem eins og kunnugt er er búnaðarmálastjóri. Var eðlilegt, að hann fylgdist með þessu máli. Það er ekki óeðlilegt, þegar þess er gætt, að allir hinir eru frá annarri hliðinni, að einn maður sé settur til að túlka hinn málstaðinn. Ég held þess vegna, að hv. þm. Barð. muni sjá það, þegar hann athugar þetta, að ég hafi ekki verið hlutdrægur í þessu máli, a. m. k. ekki á þá hliðina, sem hann hefur haldið fram, heldur mætti segja með nokkrum rétti, að það hafi verið hlutdrægni hjá mér fyrir þann málstað, sem vill enga fækkun. En hinn málstaðurinn hafði einnig komið fram. Hins vegar taldi ég rétt að halda fyllilega við það, sem um var talað og ákveðið.

Ég skal svo ekki ræða einstök atriði frv., en auðvitað sjáum við það, er á frv. er litið sem heild, að ekki er um að ræða neina fækkun. Ég held meira að segja, að það sé einum presti fleira, eins og ráð er fyrir gert í frv., en í l., sem nú gilda, en 10 þessara presta eru jafnframt gerðir kennarar, vegna þess að preststörf þeirra eru ekki svo mikil, að nægilegt starf þyki handa manni til að taka full laun fyrir.

Að lokum, ef litið er lauslega á frv., sjáum við, að í Norður-Múlasýslu eru 7 prestar, í Suður-Múlasýslu 7 prestar, í Rangárvallasýslu 7 prestar, í Árnessýslu 8 prestar, og í Skaga-

fjarðarsýslu, þar sem nú eru ágætir vegir innan þeirrar skeifu, sem fjörðurinn myndar, að undanteknum einum dal, sem er utan við fjarðarhringinn, þar eru 8 prestar. Það virðist því vera allvel séð fyrir því, að prestar séu nógu margir í þessum sýslum. Ég segi það eins og er, að mér finnst nefndin hafa gengið svo langt sem unnt hefur verið með því að gera þessa 10 presta að kennsluprestum. Og vitanlega væri auðvelt að halda því fram með þungum rökum, að ekki væri þörf fyrir svo marga presta. Þetta er það sanna í málinu, og ég hygg, að ef menn skoða þetta öfgalaust, sé það sú skoðun, sem þeir komast að, ef þeir athuga málið rólega. Hins vegar er þess að gæta, að meiri hluti mannanna í n., sem fjallaði um þetta, er úr prestastétt, og draga þeir því eðlilega taum hennar. Sama mundu allar aðrar stéttir gera. Ég held, að það sé engin stétt í landinu, sem ekki mundi gera það sama undir sömu kringumstæðum. Ég hefði a. m. k. gaman af að heyra hana nefnda. Það er því eðlilegt, að þeir dragi þann tauminn, að prestum verði ekki fækkað, og haldi því fram, að þörf sé fyrir svo marga presta sem þeir telji sér fært að halda fram.

Afstaða mín er sú, að ég álít, að þessi n., sem um málið fjallaði, hafi, eftir því sem við var hægt að búast, stillt kröfum sínum furðanlega í hóf, og þegar þess er gætt — og það eru sterkustu rökin gegn prestafækkuninni —, að meðan ekki er gerð gangskör að því að fækka embættismönnum yfirleitt, er óeðlilegt að sverfa þar nær, ef hægt er að segja, að nærri sé sorfið. Eða m. ö. o., ég álít, að rétt sé að hafa prestana þetta marga, meðan ekki er gerð gangskör að því að fækka embættismönnum yfirleitt. Það er nú einmitt þannig, að landsmenn vilja alltaf láta fækka embættismönnum, þangað til kemur að þeirra eigin embættismönnum. Það er fræg samþykktin úr einu kjördæmi á Suðurlandi, þar sem ríkisstj. og Alþ. voru harðlega ávítuð fyrir óþarfa eyðslu og óþarft embættismannahald og síðan í lok samþykktarinnar skorað á þing og stjórn að stofna tvö ný embætti í kjördæminu. Frá Vestfjörðum kom nýlega önnur svipuð samþykkt, og svona samþykktir koma alls staðar að. Sama er um bændurna að segja. Þeir vildu með engu móti láta fækka prestum og gerðu um það samþykkt á stéttarfundi sínum í sumar. Það þarf því enginn að undrast, þótt komi fram samþykkt frá kirkjufundum um, að það megi undir engum kringumstæðum fækka prestunum. Annars er það um þetta að segja, að þegar að því kemur að fækka embættismönnum yfirleitt, þá hefur prestastéttin það til síns máls, að rétt sé, að sú fækkun sé gerð almennt og gengið sé jafnt á allar stéttir. Og þar sem þessi n. hefur sýnt þá tillitssemi gagnvart ríkissjóði og þann lit á sanngirni að fela 10 af prestunum, þar sem talið er að minnst sé að gera, að taka upp kennslustörf ásamt prestsstörfum og spara þannig laun 10 kennara, tel ég, að skynsamlegast sé fyrir þingið að samþykkja till. eins og þær koma fyrir. Þó að nokkuð beri á milli þessa frv. og þess frv., sem hér var borið fram í fyrra um þessi mál, þá er það ekki svo mikið, að ég geti ekki sveigt til og fallizt á, að þær till. verði samþ., eins og sakir standa. Og ég held, að það sé skynsamlegt, þegar jafnágætir menn hafa verið skipaðir í nefnd til að athuga um þetta, og ég held, að það verði erfitt fyrir Alþingi og kirkjumrh. að ganga alveg fram hjá till. þeirra. Og ég gerði mér það ljóst, þegar ég beygði mig, til þess að þessi mál yrðu endurskoðuð í fyrra, að þær till., sem prestakallanefnd kæmi fram með, yrðu verulega bindandi. Nú hefur þetta verið gert. Ríkisstj. skipaði fjóra áreiðanlega menn úr hópi presta í nefnd og með þeim þrjá leikmenn. Ég held því, að í framhaldi af því, sem Alþingi gerði í fyrra, og þó að alþm. séu ekki alls kostar ánægðir með þeirra till., þá sé rétt að fallast á frv. í höfuðatriðum. Meðal presta standa málin þannig, að þessar till. munu hafa yfirgnæfandi meiri hluta þeirra að baki.

Hjá einstaka mönnum, sem því öfgakenndari eru, hefur það komið í ljós, að þeir vilja ekkert sveigja til. En ég hygg, að ef þetta mál verður dregið á langinn og það sent út í sveitirnar til hinna ýmsu sóknarnefnda til umsagnar, þá sé þar með stefnt til fundarhalda og ófriðar, sem ég efast um að verði kirkjunni til nokkurrar blessunar, og ég held, að það stoði kirkjuna lítið í þessu máli, þótt auðvitað sé erfitt að segja, hvernig það er. En þetta er að minnsta kosti skoðun margra, og ég held, að þeir hafi rétt fyrir sér.

Ég tel rétt, að þessu máli verði vísað til nefndar, sem þá athugi það, en ég óska eindregið eftir því, að því verði hraðað svo sem kostur er á, því að vitanlega er það nauðsyn, að þessu máli verði lokið fyrir áramót, áður en l. frá í fyrra koma til framkvæmda. Og ég held, að vorkunnarlaust sé að afgreiða þetta mál fljótt, því að það er vel undirbúið.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég mun ekki ræða einstök atriði þessa máls nú við þessa 1. umr. En ég vildi aðeins bæta einni ósk til þeirrar nefndar, sem fær þetta mál til meðferðar, þar eð mig langar til, að það sjónarmið komi fram. Það er varðandi 6. gr., þar sem gert er ráð fyrir því, að nokkrir prestar taki jafnframt að sér kennslu á viðkomandi stöðum. Mér virðist, að þetta þyrfti að athuga vandlega.

Það er vitað mál, að undanfarin ár hefur verið vont að fá kennara á ýmsa þessa staði, og sumir þeirra eru einnig prestslausir og hafa verið það lengi. Ég óttast mjög, að með þessu ákvæði sé enn aukið á vandræði þessara staða, en vandi þeirra ekki leystur.

Mér er ómögulegt að trúa því, að þessi tilteknu prestaköll verði eftirsóknarverðari, þó að prestunum sé ætlað, gegn lítilli launahækkun, að kenna börnunum á þessum svæðum. Hér yrði um gífurlega starfsaukningu að ræða, ekki sízt þar sem oft er um marga aldursflokka að ræða, sem erfitt er að kenna í einu lagi.

Það er gert ráð fyrir því, að ef þetta skipulag kemst á, þá verði kennarar ekki ráðnir á þessa staði nema frá ári til árs. Með þessu er torveldað að fá þangað kennara, og getur hæglega svo farið, að þessar sveitir verði bæði kennara- og prestslausar.

Ég ætla svo ekki að ræða þetta mál frekar, en vildi aðeins, að þetta sjónarmið kæmi fram þegar við 1. umr.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Út frá því sjónarmiði, sem fram kom hjá hv. 2. þm. S-M. um kennsluprestaköll, er það að segja, að þar sem gert er ráð fyrir kennsluprestakalli, er sáralítið fyrir einn prest að gera, það má segja, að það sé ekki nema hálft verk. Það er rétt, að það er erfitt að fá presta á þessa staði, en þeir hafa þar sáralítið að gera, og ég vil í því sambandi benda hv. þm. á það, að ýmsir prestar hafa sótzt eftir kennslu, og margir þeirra hafa mjög gaman af að kenna börnum, og það verður að ætla, að kennsla barnanna verði ekki verr komin í höndum þeirra en hverra annarra. Og enn fremur vona ég, að það verði ekki aðalatriðið fyrir þá presta, sem koma til með að sækja um embætti á næstunni, að sækja um eitthvert embætti, sem þeir þurfa ekkert að gera í, — ég vona, að þeim finnist eins fýsilegt að taka við starfi, þar sem séð verður, að eitthvað sé að gera.

Ég skal taka dæmi um þetta, sem er Hvammur í Laxárdal, skammt frá Sauðárkróki. Það má segja, að svo erfitt sé fyrir prest að komast þangað að vetri til, að ógerlegt sé að leggja þetta prestakall niður, en hins vegar er þar ekkert starf fyrir einn mann, það er kannske einn fjórði, meira er það ekki. Slík prestaköll eru það, sem hugsað er að verði gerð að kennsluprestaköllum, og ég er þeirrar skoðunar, að það verði til þess að gera þessi prestaköll eftirsóknarverðari, en ekki hitt.

Sigurður Ó. Ólafsson: Herra forseti. Ég mun ekki ræða þetta mál mikið við þessa umr., en mér þykir hlýða að skýra frá því, að ég mun flytja við frv. brtt., sem þá gefst tækifæri til að ræða við 2. umr.

Viðvíkjandi þessum umr., þá kom það m. a. í ljós hjá hæstv. kirkjumrh., að allir nefndarmenn væru ánægðir með frv., eins og það liggur fyrir, en mér er kunnugt um, að svo er ekki. Það eru ekki allir nefndarmenn sammála um það, að fækka beri prestum í dreifbýlinu. En það, sem ræður mestu um áhuga þessara manna, mun vera áhugi fyrir því, að þetta mál nái fram að ganga, áður en lögin frá í fyrra taka gildi um þessi áramót.

En það þarf að athuga þetta frv. vel, áður en lengra verður gengið. Það er fleira í því en að leggja niður nokkur prestaköll, það er ýmislegt annað í því, sem getur orðið mikilsvert. Ég skal ekki fara út í það nú, en það nægir að minna á kennsluprestaköllin, sem nokkur uggur kom fram um hjá hv. 2. þm. S-M. Ég veit nú reyndar ekki, hvort þau eru eins hættuleg og hann hélt. Í öðru lagi er það um hina tvo aðstoðarpresta, sem biskupi er heimilt að ráða. Ég held, að það geti orðið mjög mikilsvert, að þeir verði starfandi. Það mætti hugsa sér, að þetta yrðu áhugasamir prestar, sem ferðuðust til þeirra staða, þar sem deyfð væri og erfitt að fá presta.

Mitt sjónarmið er ekki það, að það eigi að fækka prestunum úti á landinu, en ég skal ekki fara að ræða það sjónarmið nú. Hitt vil ég taka fram varðandi það, að hv. þm. Barð. taldi, að rétt væri að láta þetta mál nú niður falla og láta allt vera í sama horfinu og verið hefur og senda þetta frv. út um allt land til umsagnar sóknarnefnda og viðkomandi sóknarbarna, að ég er ekki viss um, að ég mundi aðhyllast þá skoðun, vegna þess að þetta frv. er svo kunnugt úti um land; það er svo kunnugt, að raddir hafa komið utan af landi um það hingað í þingið. Það sýna bezt allar þær undirskriftir, sem hingað hafa borizt; þær sýna, að fólkið veit, hvað er að gerast, og þær sýna, að fólkið er á móti því, að prestum sé fækkað, og ég get vel skilið það sjónarmið, því að það er nú svo, að starf prestanna er ekki eingöngu það, sem það sýnist, heldur eru þeir andlegir leiðtogar fólksins úti um allt land og störf þeirra eru því meiri og betri, sem þeir eru í nánari tengslum við fólkið og áhrifa þeirra gætir meira.

Ég held svo, að það sé ekki fleira, sem ég vil taka fram við þessa umr.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Hæstv. kirkjumrh. sagði, að þetta mál væri komið í þingið af því, að það væri svo mikil sparnaðarlöngun hjá ríkisstj., að nú vildi hún fara að fækka embættum. Ég verð nú að segja, að menn hafa ekki almennt komið auga á þennan sparnað enn. Eini sparnaðurinn í sambandi við nefndir og ráð er í viðskiptalífinu, en það kom til af því, að þær nefndir voru orðnar svo illræmdar, að það var ekki talið fært að hafa þær lengur. Og ég get ekki skilið að sú þjóð, sem sífellt heimtar aukna þjónustu, geti um leið heimtað fækkun embætta. Menn verða að skilja það, að um leið og þeir heimta meiri þjónustu af ríkisvaldinu, eru þeir að heimta stærra ríkisbákn. Og mér finnst það koma úr hörðustu átt, ef nú á, um leið og fjölgað er á flestum sviðum ríkisþjónustunnar, að ráðast á þá stétt, sem um aldir hefur rekið starf sitt af prýði, því að það er ekkert annað en blekking að halda því fram, að prestum sé ekki með þessu fækkað. Ég er ekki að tala um stéttina, heldur fólkið, sem verið er að taka frá, og ef ráðh. óskar, þá skal ég benda honum á aðra þjóna, sem meiri landhreinsun væri að, ef fækkað yrði, en prestunum. Ég er alveg viss um, að ef við hæstv. ráðh. settumst saman á bekk, þá sæjum við fljótt, að það eru aðrir þjónar, sem miklu frekar mættu missa sig.

Hæstv. ráðh. sagði, að það hefði ekki verið hann, sem hafði áhuga á þessum breytingum, heldur biskupsskrifstofan, og þá mun hann hafa undirbúið frv. í flaustri og drifið það hér inn í þingið, og það er öllum mönnum kunnugt, hvernig hann með ráðherravaldi sínu knúði þetta mál fram í fyrra. Og nú reynir hann að hræða menn með lögunum til þess að knýja þetta frv. gegnum þingið. Þetta er ekki gert af samúð með málinu, og það er ábyrgðarleysi að undirbúa mál með slíkum klækjum og alls ekki sæmandi kirkjumrh.

Hæstv. ráðh. segir, að það sé eðlilegt að fækka prestum í strjálbýlinu. Þetta er ekkert annað en blekking. Markmiðið er að fækka ekki and-

legum leiðtogum fólksins í dreifbýlinu. Markmiðið er, að þeir verði þar þangað til straumurinn snýst við. Hitt er ég honum sammála um, að það sé rétt að gefa prestum meira verk að vinna, og er ég honum sammála um, að vel sé til fallið, að einmitt prestarnir taki að einhverju leyti að sér kennsluna í strjálbýlinu. Í þessu sambandi virðist mér einkum á það litið, hvað hægt sé að komast á jeppa í júní, en ekki hvað hægt er að komast í janúar; það virðist sem mönnum finnist, að þá sé allt í lagi, þó að þessir staðir séu prestlausir og jafnvel kennaralausir líka. Og hæstv. ráðh. segir, að það hafi verið skylda sín að setja fjandmann málsins í nefndina. En var það þá ekki jafnframt skylda hans að setja mann í nefndina, sem hafði vit á og samúð með málum dreifbýlisins? Hví setti hann ekki einn þeirra presta í nefndina, sem mótmæla fækkun prestakalla á Ströndum, til þess að opna augun á séra Sveinbirni Högnasyni og prófessor Ásmundi Guðmundssyni? Í stað þess setur hæstv. ráðh. í nefndina einn þeirra presta, sem hefur beztar samgöngur í sínum sóknum. (PZ: Kemur ekki snjór í Þingeyjarsýslu?) Jú, en hvaða snjór kemur í Laufási hjá því, sem kemur á Ströndum? Það er sannarlega réttmæt krafa, að einum þeirra presta, sem bezt þekkja til samgönguerfiðleikanna í dreifbýlinu, verði lofað að segja álit sitt hjá nefndinni? [Frh.]

Umr. frestað.

Á 33. fundi í Ed., 23. nóv., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Gísli Jónsson [frh.]: Herra forseti. Þegar ég lauk máli mínu í gær, hafði ég rætt við hæstv. ráðh., hversu óheppilega hefur tekizt til um skipun mþn., þar hefði í raun og veru enginn fulltrúi verið frá þeim héruðum, sem nú á að fækka prestum í. Það mun einnig vera meginástæðan fyrir því, að tekizt hefur svo til í sambandi við till. n., að lagt er til að fækka stórkostlega prestum í sveitum landsins, en fjölga aftur þar, sem samgöngur eru beztar og fólkið flest. Mér þykir ekki óeðlilegt, þó að þessi sjónarmið komi fram hjá prófessor við háskólann. Hann lítur fyrst og fremst á málið sem stéttarmál, þar sem honum hefur tekizt að fá samkomulag um till., þar sem ekki sé fækkað að neinu verulegu leyti í heild í landinu. Sama gildir um skólastjórann Ingimar Jónsson. Þetta eru þeirra sjónarmið, en þessir menn eru ekki fulltrúar þeirra sveita, sem ég ræddi hér um. Það gildir líka hið sama um form. n., sem býr í þéttbyggðu héraði og hefur alla möguleika til þess að geta farið um héraðið jafnt vetur sem sumar og er ekki háður þeim erfiðleikum, sem aðrir prestar eru háðir, þar sem samgönguerfiðleikar eru allt aðrir og miklu meiri. Og úr því að hæstv. ráðh. fannst tilhlýðilegt og sjálfsagt gagnvart málinu sjálfu að skipa í n. fyrir fram vitaðan fjandmann þessa máls, þá hefði mér fundizt einnig rétt af honum að skipa í þessa n. einhverja menn, sem fyrir fram var vitað, að hefðu samúð með málinu. Ég tel því, að skipun n. hafi verið beinlínis gerð með það fyrir augum að ná því takmarki, sem hér hefur verið náð, — ég tel, að þannig hafi ekki átt að skipa n., og tel það illa farið. Ég hefði talið heppilegt, að hæstv. ráðh. hefði skipað í n. einn af þeim þremur prestum, sem mér er kunnugt um að hafa gagnrýnt fækkunina í Strandasýslu, þar sem hann er kunnugur og þar sem þessir menn eru kunnugir, en tveir þeirra eru starfandi í þessum prestaköllum, og báðir þeir prestar telja hreinustu fjarstæðu að ætla sér að fækka prestum í Strandasýslu eins og gert er ráð fyrir í frv. En þessi gagnrýni kom fram áður en skipað var í n., svoleiðis að hæstv. ráðh. er kunnugt um, hvað kom frá þeim mönnum, m. a. vegna þess, að ákveðið var að ná því takmarki, sem hér á að nást.

Hæstv. ráðh. minntist á, að það væri allt annað að þjóna þessum prestaköllum nú í Strandasýslu, m. a. vegna þess, að nú væri búið að brúa 7 ár, sem ekki hefði verið áður. Ég vil leyfa mér að benda hæstv. ráðh. á, að hér er enn þá gert ráð fyrir, að 62 km séu á einn kirkjustað, 60 km á annan, 26 á þann þriðja og 46 km á þann fjórða. Þetta sýnir, hversu fjarstætt það er að ætla sér að draga prestana saman eins og lagt er til í frv. Úr því að þetta sjónarmið ríkir hjá hæstv. ráðh., að það sé hægt að fækka þannig prestum, og er byggt á því, að það sé fyrsta sporið í þá átt að fækka embættismönnum í landinu yfirleitt, hvers vegna hefur þá ekki hæstv. ráðh. dottið í hug að fækka prófessorum við háskólann? Ég hef fengið það upplýst nýlega af manni, sem er kunnugur þeim málum, að guðfræðideild Háskóla Íslands sé komin upp í sama hámark og guðfræðideildin við háskólann í Kaupmannahöfn. Það eru komnir fimm prófessorar í guðfræðideild, en mér er sagt, að það mundi vera nóg í sambandi við kennsluna að hafa aðeins þrjá. Það er líka kunnugt, að þegar hér var til umr. fyrir nokkru frv. um að fjölga um einn mann í háskólanum, þá var það flokkur hæstv. ráðh., sem barðist fyrir því, að hann yrði ekki settur inn í háskólann. Nú skal ég ekki bera ábyrgð á því, að það sé rétt, að hér sé sama hámark eins og í Kaupmannahöfn, en ég verð að segja, að ef það er tveimur mönnum of mikið við guðfræðideildina, þá er miklu nær að taka upp baráttu fyrir því að fækka þar heldur en að fækka prestum í hinum dreifðu byggðum landsins. Hins vegar sagði þessi sami maður mér, að þetta, að hafa svo marga guðfræðiprófessora við háskólann, byggðist á því, að þessir menn gætu unnið að vísindastörfum og skapað andleg verðmæti, en þyrftu ekki að slíta sér út á að vinna 30—36 klukkustundir á viku við að kenna, og þess vegna væri hann samþykkur því að halda þessari tölu. Hið sama er það, sem liggur til grundvallar hjá mér, þegar ég er að krefjast þess að halda prestunum, — það eru hin andlegu verðmæti, sem þessir menn skapa, en ekki að meta, hvað margar klst. þurfi til að semja ræður, því ef aðeins á að nota þann mælikvarða, þá er eins hægt að hafa útvarpspresta og láta þá svo þylja yfir fólkinu hálfan eða allan sólarhringinn. Það virðist einmitt vaka fyrir hæstv. ráðh. og hv. 1. þm. N-M. að meta þetta ekki

á annan hátt en þann, hvað þessir menn þurfa langan tíma til að jarða, gifta, skíra, flytja ræður o. s. frv. En ég vil spyrja: Er þessum hv. þm. ekki kunnugt um það, að stundum koma þau atvik fyrir í voru þjóðlífi, að ýmsir menn hafa hrópað og sagt: „Taktu ekki aleiguna mína.“ Þegar því kalli hefur ekki verið sinnt, hvert hefur þetta fólk þá snúið sér? Fyrst og fremst til hinna andlegu leiðtoga, og hafi það brugðizt, þá hefur það skeð, að fleiri sjúklingar hafa verið á Kleppi á eftir, — ef það hefur brugðizt, að það fengi þá huggun, sem það þurfti að fá, og ég hygg, að þessi tilfelli séu allt of mörg. Þetta virðist hvorki hafa vakað fyrir hæstv. ráðh., hv. 1. þm. N-M. né n. Þeim virðist sama um það fólk, sem tekur upp baráttuna í dreifbýlinu, og hvernig það stendur í lífsbaráttunni. Ég veit ekki, hvort hv. þm. hafa gert sér ljóst, að það er ekki einasta verið að fækka hér um sjö presta í dreifbýlinu. Á sama tíma er verið að fækka kennurum, því að það er sýnilegt, að ekki á að halda kennurum á þeim stöðum, þar sem sett eru kennsluprestaköll. Það er á tvo vegu níðzt á þessu fólki. Hæstv. ráðh. segir, að prestastéttin liti á þetta sem hreint stéttarmál. Ég þykist hafa fært rök fyrir því, að þannig má ekki líta á málið, heldur verður að líta á málið mest út frá því, hvað er verið að ganga langt á rétt þeirra manna, sem hér er verið að taka prestana af, og það á að vera þyngst á vogarskálinni, þegar gengið er til atkv. um þetta mál.

Ég vil svo aðeins víkja nokkrum orðum að því, sem kom fram hjá hv. 1. þm. N-M. Hann sagðist líta svo á, að það væri nauðsynlegt að ætla embættismönnum í landinu nægilegt starfssvið og næga vinnu, greiða þeim svo sæmileg laun, og þetta væri meginástæðan fyrir hans till. í þessu máli; prestarnir hefðu ekki nægilegt starfssvið, þeir hefðu lítið sem ekkert að gera, og þess vegna væri nauðsynlegt að stækka þeirra verksvið, svo að þeir hefðu nægilega langan vinnutíma fyrir þau laun, sem þeir taka. Ég hefði óskað eftir því, að hv. þm. byrjaði annars staðar á þessari lífsspeki sinni. Ég get sagt honum, að í fjöldamörg ár hefur búnaðarmálastjóri haft þau laun, að hann hefði átt að geta svarað fullum vinnutíma fyrir sín laun. En það er líka kunnugt, að hann hefur allan tímann haft ýmislegt annað og orðið að gera það í vinnutímanum. Hann hefur setið á Alþ., setið í mþn. og tekið laun fyrir, og þetta hefur hann ekki allt unnið á næturnar, og mér dettur ekki í hug að halda, að búnaðarmálastjóri, hver sem hann hefur verið, hafi ekki rækt þau störf, en ef hann hefur rækt sín störf sem búnaðarmálastjóri, þá er áreiðanlegt, að þau störf hafa verið of lítil og sá starfstími, sem er ætlazt til að hann hafi fyrir þau laun, því að hann getur verið í störfum alls staðar annars staðar en í Búnaðarfélaginu. Mér er kunnugt um, að hver sá, sem ætlar sér að rækja sín störf á Alþ., honum duga ekki 1—2 tímar. Ég veit ekki betur en hér verði menn að vinna stöðuga vinnu frá kl. 9 á morgnana og þangað til kl. 12 á næturnar, og hvaða tími er þá eftir fyrir búnaðarmálastjóra? Ef á að fækka prestum vegna þess, að þeir hafi ekki nægan starfstíma og starfssvið til þess að vinna fyrir þeim launum, sem þeir fá hjá ríkissjóði, þá á áreiðanlega að byrja annars staðar. Þá er ekki hægt að sameina störf búnaðarmálastjóra og störf í ríkisskattanefnd, í milliþn., alþingisstörf o. fl., o. fl. Hv. þm. sagði einnig, að embættiskostnaður, sem nú er látinn í té, væri ekki annað en launauppbætur. Ég er þess fullviss, að hann hefur ekki hugmynd um, hvað hann er að segja, því að embættiskostnaður, sem ætlaður er til þessara manna, nægir ekki til þess að greiða þann kostnað, hvað þá að það sé launauppbót. Ferðakostnaður, hvort sem presturinn fer með bíl eða mótorbát til þess að skíra, gifta eða jarða eða til að framkvæma önnur embættisverk, nægir ekki til að standa undir þeim kostnaði.

Ég mun láta þetta nægja á þessu stigi, en mun hins vegar ræða hin einstöku atriði frv. við 2. umr., ef málið nokkru sinni kemur til 2. umr., en ég vænti, að hv. menntmn. geri allt, sem hún getur, til að hefta, að það nokkru sinni komi til 2. umr., því að ég er ekki sammála hæstv. ráðh. um það, að betra sé, að þetta frv. verði samþ., en að hin gildandi l. komi í framkvæmd. Hann getur að vísu breytt l. og fækkað prestum, en þá mun rísa upp sú alda í landinu, að honum verði ekki stætt á því að láta l. koma til framkvæmda, og yrði þá að gefa út brbl. um að fresta framkvæmd l. Ég er því ekki sammála um, að betra sé að láta þetta frv. ná fram að ganga heldur en að láta það falla.

Páll Zóphóníasson: Ég skal fyrst fara nokkrum orðum um ræðu hv. þm. Barð. Ég tel fyrst og fremst, að það sé ákaflega ómaklega mælt í garð minna meðnm., að þeir hafi ekki haft hag kirkjunnar fyrir augum, og svo ómaklega, að ég þori að fullyrða um fleipur hv. þm., að hann talar frá lungunum, en ekki frá hjartanu. Hann ætti að blygðast sín fyrir þessi orð um guðfræðiprófessorinn, að hann vinni fyrir hag sinn, en ekki fyrir hag málefnisins. Hið sama er að segja um hina prestana báða. Þótt hann bregði mér um, að ég sé prestahatari, þá hrín það ekki á mér. En þeir, sem þekkja mig, vita, að ég er það ekki, en ég tel, að prestunum sé fyrir beztu, að þeir hafi eitthvað að gera, en sitji ekki eins og múmíur og haldi að sér höndum. — Þar sem hann talaði um mig, þá vil ég segja honum, að hvaða dag sem er, helgan sem virkan, má hann koma í Búnaðarfélagið, og hann mun geta hitt mig þar þangað til klukkan að ganga 7 á kvöldin alla daga ársins. Komi hann svo með annan mann, sem vinnur á skemmri tíma en ég mín störf. Meira hef ég ekki um það að segja. — Þetta er eitt af þessu venjulega, þegar talað er um prestana: Nei, við skulum fækka í einhverju öðru, sem ekki er til umr. Það er venja rökþrota manns að koma sér undan málefninu, sem verið er að ræða, með því að tala um annað. Ef það hefði verið nefnt, hvernig ætti að fækka prófessorum, þá var að koma með till. um það á sama grundvelli, að þeir væru ekki fleiri en það, að þeir hefðu nóg að gera í sínu starfi og gætu rækt það sæmilega. En nú voru það prestarnir, en ekki einhverjir aðrir, og

þess vegna vann n. að því, en ekki einhverju öðru. Það getur fjvn. gert, hún hefur allt í sinni hendi og getur komið með till. um að fækka öðrum embættismönnum. En þessi n. var skipuð til að athuga prestastéttina út af fyrir sig og hvernig henni yrði haganlegast fyrir komið. Hún getur ekki komið og sagt: Það á að fækka læknum, kennurum, prófessorum o. s. frv. — Það geta einhverjir gert, sem eru nógu svikulir til að vinna ekki það verk, sem þeim er ætlað að vinna, og fara í annað, sem þeim kemur ekki við á því stigi málsins.

Viðvíkjandi því, sem hér kom fram viðvíkjandi kennsluprestum, þá vil ég benda á, að það er almennt álit fræðslumálastjóra og fleiri manna, sem um það voru spurðir, að það sé ekki heppilegt að hafa þá, ef þeir hafa annexíur, þar sem eru heimavistarskólar, sem nú eru komnir víða, því að þar er umsjónin með krökkunum mest um helgar og aldrei meiri þörf á, að kennarinn hafi handleiðslu með börnunum, heldur en um helgar. Þess vegna var það, að það þótti ekki gerlegt að fara inn á kennslupresta almennt séð, nema þar sem var ein kirkja. Undantekning var þó gerð á einum stað, sem ég var ekki heldur með, þó að ég flytti ekki um það brtt.

Viðvíkjandi embættiskostnaði presta, sem ég sagði um að hefði verið bætt við sem launauppbótum á sínum tíma, við það stend ég, og ég get frætt hv. þm. Barð. um það, að ég er búinn að hafa kærur út af framtölum nokkurra tuga presta, oft sömu prestanna, einmitt út úr embættiskostnaði. Þegar þeir hafa verið að gera grein fyrir, í hvað það hefur farið, þá hefur þá alltaf brostið getu til þess, svo að þeir hafa alltaf fengið nokkurn hluta af kostnaðinum á sig sem laun, svoleiðis að ég veit vel, hvað ég er að segja um þessa hluti.

Þá skal ég enn til styrktar þeirri skoðun minni, að fækka beri prestum, benda á það, að 26 starfandi prestar hafa nú innan við 20 messur á ári og þar af 3 innan við 6, en 18 innan við 30. Þetta er ekkert starf, og væri ekki mikið, jafnvel þótt þeir húsvitjuðu tvisvar á ári og fylgdust með sálarlífi manna, eins og þeim ber að gera, en það gera ekki nema einstöku prestar og húsvitja þó aldrei oftar en einu sinni á ári. Ég hef aldrei verið heimsóttur af presti, eftir að ég stofnaði heimili, hvorki hér í Reykjavík né úti á landi, utan eitt vor hér í bænum, að prestur kom til mín og spurði mig, hvort ég ætti ekki barn, sem ætti að fermast.

Þá vil ég bæta hér við nokkrum orðum varðandi búsetu presta. Nefndin áleit, að það eigi að vera nokkrar góðar jarðir handa þeim prestum, sem vilja og geta búið. Ég var núna, áður en ég kom á fundinn, að taka saman skýrslu um búskap presta. Ég komst að þeirri niðurstöðu, að það eru 30 prestar, sem búa sæmilega eða vel, 17 búa illa, og 12 nytja ekki jarðir sínar sjálfir, en leigja þær fyrir meira verð en þeir þurfa að borga fyrir þær. Þetta verður að breytast. Það á ekki að vera að leiða prestana í freistni með því að láta þá hafa jarðir til að okra á. Annars á það að vera þeim fjarri að leggja stund á okur, en það á samt ekki að gefa þeim tækifæri til að gera það. Það á ekki að láta þá presta, sem vilja ekki búa, hafa neinar jarðir, en það er sjálfsagt að láta þá hafa húsnæði.

Enn vil ég bæta því við, að aðhald að prestum ofan frá er ekki gott, og er sérstök ástæða til að minnast á það nú, þar sem biskupinn hlustar á. Það á ekki að líða prestum það að sitja í kaupstað mestan hluta ársins, en messa aðeins örsjaldan í sínu prestakalli. Það þarf að sjá um, að þeir láti halda við bæði kirkjum og kirkjugörðum miklu betur en nú er gert. Þetta er mál, sem þarf að taka miklu fastari tökum.

Ég held, að það geti margt gott af húsvitjunum presta leitt, því að sumir prestar geta haft mikil og góð áhrif á fólkið, þó að aðrir geti það ekki, og ef þeir yrðu látnir húsvitja, þá gæti svo farið, að þeir gætu forðað mörgum manninum frá því að fara á Klepp, eins og hv. þm. Barð. var að tala um hér í d. fyrir skömmu.

Það sýnir vel, hvernig þeir kasta höndunum að sínu starfi, að prestarnir í fjölmennustu sóknum landsins geta starfað sem kennarar við skóla bæði hér í Reykjavík og Hafnarfirði, og bendir það til, að þeir hafi ekki mjög mikið að gera við sálgæzluna. Þá leyfist prestum nú að gera ýmislegt, sem í minu ungdæmi hefði ekki liðizt. Það er veila ofan frá í eftirlitinu. Þetta getur batnað, en ég hef litla trú á, að svo verði, eftir að merkur klerkur á 70. aldursári heimsótti mig til þess að reyna að öðlast þá trú, að annað líf væri eftir dauðann.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég er hræddur um, að mér takist ekki að fylgja hv. þm. Barð. og hv. 1. þm. N-M. í öllu þeirra flugi í þessu máli, en það er eins og ég sagði í gær, að þeim ber allmikið á milli. Aðalatriðið í þessu máli er það, hvort samkv. því frv., sem hér liggur fyrir, séu nægilega margir prestar til að gegna þeim störfum, sem þeim ber að gera. Ég svara þessu hiklaust eins og nefndin, að þeir séu nógu margir, og það þótt þeir ættu að húsvitja oft á ári. Ég held, að hv. þm. Barð. hafi í sannleika sagt ekki áttað sig á þessu máli. Ég get sagt honum það, að ég þekki ekki síður en hann til úti á landi, og ég veit, að íslenzk bændastétt telur þessu máli fullnægt með þessu frv., ef það verður samþ. Það ætti ekki að vera mikill vandi fyrir 7 presta að gegna störfum sínum í Rangárvallasýslu, þar sem er einn læknir. Í Árnessýslu eru prestarnir 8 og í Skagafirði 8. Það er ákaflega einkennilegt, að hv. þm. Barð. skuli vera að gera þetta að æsingarmáli, því að með frv. er vel séð fyrir öllu. Þetta er aðalatriðið í málinu, og ég skal ekki vera að teygja önnur atriði inn í það. Ég gerði grein fyrir því í gær, að meðan íslenzka ríkið væri jafnrausnarlegt í embættismannahaldi sínu, væri ekki rétt að fækka prestum meir en gert er ráð fyrir í frv. Hins vegar er mér ljóst, að sú rausn, sem hér á sér stað, geti orðið ofrausn, en þá er réttast að gera þær breytingar, sem með þarf almennt.

Annað atriði, sem leggja ber áherzlu á í þessu máli, er, að því sé hraðað sem mest og afgreitt fyrir áramót, því að annars taka lögin,

sem samþykkt voru í fyrra, gildi. Hér liggja fyrir áskoranir frá 89 af 101 þjónandi prestum um það, að Alþ. samþykki þetta frv., og sýnir það, að vilji presta er á bak við það, og er það þungt á metunum, þegar gera á ráðstafanir gagnvart einhverri stétt, að hún áliti það heilbrigt og skynsamlegt. Það hafa komið fram öfgaraddir á kirkjuþingum um, að fjölga beri prestum í landinu frá því, sem nú er. Það á ekki að hlusta á svona öfgar. Mín skoðun er sú, og ég hygg, að hún styðjist við rök, að það er ekkert gæfumerki að hlusta á svona öfgar og fara eftir þeim. Ég dreg ekki dul á það, að ég álít, að hv. 1. þm. N-M. gangi of langt í þessu máli, og þótt hann færi ýmis rök fyrir sínu máli, tel ég það öfgar, og eru þær andstæðar þeim öfgum, sem komu fram á síðasta kirkjuþingi og hv. þm. Barð. virðist vera umboðsmaður fyrir í hv. d.

Því hefur verið beint til mín, að ég hafi óhreinan skjöld í þessu máli, en ég ætla ekki að fara að vitna hér í d. um trúarskoðanir mínar. Ég geri þó tæpast ráð fyrir því, að það verði talið, að sá maður, sem skipaði þessa 7 menn í nefndina, sem undirbjó þetta mál, hafi verið hlutdrægur, að minnsta kosti ekki á þá hliðina, sem hv. þm. Barð. vill halda fram, enda er það vonlaust verk fyrir hann að telja landsmönnum trú um, að svo sé. Það er mála sannast, að við undirbúning þessa frv. hefur verið unnið heiðarlega og í samræmi við þann vilja, sem kom fram á Alþ. í fyrra. Ég held því, að það verði happadrýgst að ganga frá þessu frv. sem allra líkast því, sem það er nú, og sem allra fyrst.

Menn hafa ýmislegt út á kennslupresta að setja. Ég sé nú sannast að segja ekki, hvernig ætti að koma því fyrir að hafa prest á þeim stað, þar sem eru 73 sóknarbörn, og hafa þar svo einnig kennara launaðan af ríkissjóði til þess að kenna börnum þessara fáu sóknarbarna. Við erum orðin auðug þjóð, ef við höfum efni á slíku. Það er alveg tvímælalaust, og það vitum við, að þar sem gert er ráð fyrir að verði kennsluprestar, þá eiga þeir ákaflega auðvelt með að anna þessum störfum og hafa ekki meira að gera en nauðsynlegt er til að halda andlegri heilsu, því að svo má búa að mönnum, að þeir hafi svo lítið að gera, að þeir bíði tjón á sálu sinni, og ég held, að það sé misþyrming við mann að setja hann í prestakall með 73 sálum. (HV: Hvernig mundi hv. þm. Barð. una við það?) Ég held nú, að annar eins atorkumaður og hv. þm. Barð. mundi ekki geta afborið það, og vegna þess að hann hefur talað svo mikið um Klepp nú undanfarið í þessari hv. d., þá held ég, að hann mundi lenda þar.

Hv. 1. þm. N-M. var að gefa það í skyn, að ég væri að neyða presta til að okra. Ég skil þetta nú ekki almennilega. En ég held, að reynslan sé sú, að það þurfi ekki að neyða neinn til að okra, og ef prestarnir okra, þá held ég að þar sé þeirra eigin breyskleika um að kenna.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð vegna ræðu hæstv. ráðh. Hann sagði, að komið hefðu fram áskoranir frá 89 prestum um að samþ. þetta frv., og hafði það sem afsökun fyrir því að hlusta ekki á kröfur síðasta kirkjuþings. Nú álít ég og hef bent á það áður, að það, sem ber að fara eftir í þessum málum, er einmitt þær skoðanir, sem koma fram á kirkjuþingum, því að þótt 89 prestar af 101 hafi sent þessa áskorun, þá er þar aðeins um stéttina að ræða, en á kirkjuþingum er það auk prestanna fólkið sjálft, sem lætur skoðun sína í ljós.

Ég vil benda á, að svo mjög hefur hv. 1. þm. N-M. hopað úr sínu virki, að nú vill hann vera með mér í baráttunni fyrir því, að prestum verði ekki fækkað, gegn því einu, að því sé komið á, að þeir geri skyldu sína. Hann hefur ráðizt stórkostlega á kirkjumálastjórnina og prestastéttina með svo miklum stóryrðum, að ég tel sjálfsagt, að ráðh. verði að láta athuga, hvort þessi embætti hafa verið vanrækt á þann hátt, sem þm. gat um og hann taldi vera aðalástæðuna fyrir því, að hann vildi láta fækka prestum.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það er mesti misskilningur, að ég hafi sagt, að ég vildi láta prestatöluna haldast óbreytta, ef þeir gerðu skyldu sína, en ég sagði, að ef þeir gerðu það, mundu þeir gera meira gagn en þeir gera núna. Og þeir gætu vel uppfyllt þær kröfur, sem ég geri til þeirra, en það er að halda uppi safnaðarlífi í sóknum sínum, húsvitja og tala við þá menn, sem þeir eiga að tala við; þeir gætu það vel fyrir því, og er þess vegna ekkert samband á milli þessa og hins, að ég vil fækka prestum niður í þá tölu, að þeir hafi nóg að gera, ef allir gera skyldu sína.

Að öðru leyti þarf ég ekki frekar um þetta að ræða. Það, sem ég hef deilt á kirkjumálastjórnina, ætla ég að standa við, hvort sem er utan þings eða innan, og get, ef hv. þm. Barð. vill, nefnt nöfn til staðfestingar á því, sem ég hef sagt um þetta.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., 4. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 205, 235, 309, 310, 311).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Mér hefði þótt stórum betra, ef hæstv. kirkjumrh. hefði verið hér viðstaddur, ef hann er ekki eitthvað forfallaður. (PZ: Hann er í rúminu.) Þá er að taka því. Í raun og veru má mæla eitthvað um málið, þó að hæstv. ráðh. sé ekki viðstaddur, en ég tel varhugavert að ganga frá því þannig, að hans sé ekki við getið, þar sem líka n. hafði ekki tækifæri til þess að hafa samráð við hann á sínum fundum, þegar hún ræddi um þetta frv. Það kom fram í n. um þetta mál í mörgum greinum, að sumir vildu fara í vestur, þegar aðrir vildu fara í austur. Þó var samkomulag að miklu leyti með meiri hl. n. um ýmis atriði og brtt. við frv. Þetta var þó þannig, að réttast þótti, að hver nefndarmaður kæmi fram með sínar brtt., sem hann kynni að flytja. En þar með er ekki sagt, þó að einn nm. flytji brtt., þá fylgi hann ekki öðrum brtt., og ég vil strax taka það fram um sjálfan mig, að þó að

ég flytji brtt. nokkrar, þá býst ég við, að ég fylgi ýmsum brtt. öðrum, sem hér hafa fram komið í málinu. — Ég skal fara frekar fljótt yfir sögu um þessi atriði. Brtt., sem fyrst kom fram, er frá hv. þm. Vestm. Ég geri ráð fyrir, að menn muni þar ekki snúast gegn því, sem n. telur, að muni vera ósk þeirra, sem í prestakallinu búa, sem þar er um að ræða. Og að þeir kjósa sérstaklega að bindast Kjalarnessprófastsdæmi, sem þeir óska, hygg ég, að sé af þeim sökum, að þeir hafi greiðari samgöngur við Kjalarnesið frá Vestmannaeyjum heldur en við Rangárþing, þó að styttra sé frá Vestmannaeyjum til síðar talda staðarins beina leið. En það eru daglegar ferðir, svo að segja, með flugvélum milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur, og skip ganga þar mjög ört á milli.

Ég mun þá gera grein fyrir þeim brtt., sem ég hef flutt hér á þskj. 309. Fyrstu tvær brtt. eru fólgnar í því — eða eiginlega þrjár þær fyrstu —, að þar er aðeins um sóknaskipti að ræða. Í frv. var lagt til, að Kálfatjarnarsókn væri lögð undir Stað í Grindavík. Eftir því sem fram hefur komið, má víst heita, að hver einasti maður í þeirri sókn hafi risið upp gegn þeirri skikkun og óskað eftir því, að þeir þyrftu ekki að sækja suður fyrir Vogastapa og fjöll til Grindavíkur, heldur hefðu þeir Hafnarfjarðarprestinn, þar sem samgöngur eru kannske að jafnaði með klukkutíma fresti yfir daginn milli Vatnsleysustrandar og Hafnarfjarðar. Þá kemur Kirkjuvogssókn, sem er þjónað af sama presti og Grindavík. Hún hefur einnig risið upp með ósk um það, að hún fái að vera áfram í fylgd með Grindavík eins og verið hefur. Ég held satt að segja, að það þurfi ekki að ræða mjög mikið um þessi atriði, mér virðist vera svo sjálfsagt, að þetta ætti að samþ., þar sem líka Útskálasókn og Hvalsnesssókn virðast vera allfjölmennar, þar sem Sandgerði er að rísa upp hvað fólksfjölda snertir.

Þá skal ég geta þess, að ég hef eftir tilmælum ýmissa úr prestastétt lofað að taka aftur till. mína um fækkun presta í Reykjavíkurprófastsdæmi til 3. umr. Ég tel rétt, að það mál verði athugað betur og séð, hver andi er í þinginu um málið yfirleitt, og mun ég því taka hana aftur til 3. umr. Ég get tekið það fram strax, að í sambandi við það mun ég sömuleiðis taka aftur til 3. umr. 2. brtt., við 3. gr., um hækkun íbúatölu í kaupstöðum utan Reykjavíkur. Ég tel, að þetta sé bundið hvað við annað og því rétt, að þær till. fylgist að.

Þá kem ég að brtt. mínum undir stafliðunum e, f, g, h, i, og get ég tekið þær allar saman, því að það hangir að nokkru leyti hvað á öðru. Ég hef álitið, að það væri réttast með prestaköllin, að þau héldu sér, eftir því sem hægt væri, innan sýslutakmarka og lögsagnarumdæma. Það er að mörgu leyti þægilegt, að héraðsfundaumdæmi séu í samræmi við sýslufundaumdæmi, og annað það, að prestur, sem stundum er að athuga veraldleg efni, getur gengið eins og nokkurs konar sendimaður eða erindreki milli kirkjusókna, jafnvel í veraldlegum málum, á sama hátt og hinum andlegu. Það hefur verið gert víða áður, ekki síst af höfuðklerkum okkar. Þess vegna tel ég réttast, að innan takmarka Snæfellsnessýslu að norðanverðu, þar sem mér virðist hægt að koma því við, þar verði ekki klippt sundur Breiðabólstaðarprestakall, heldur verði nú, þegar vegur er að verða ágætur á þann stað úr Stykkishólmi, það prestakall látið fylgja Stykkishólmsprestakalli. En aftur á móti tel ég einnig rétt, að ein sóknarkirkja þar verði flutt til, eins og samþ. var í fyrra, og lögð undir Setbergsprestakall. Þar er ekki nema ein kirkja, sem sá prestur hefur gegnt, en nú er ekki mjög langt á milli þessara kirkjustaða og vegargerð er þar mjög líklegt að verði fljótlega hafin, svo að það verður mjög sæmileg annexíuleið frá Setbergi til Bjarnarhafnar. Annars yrði það eðlilegt, að Setbergsprestur, ef hann hefði ekki nema eina kirkju, kæmi þá í þann flokk, sem heitir kennsluklerkar, en ég álít enn heppilegra, að hann tæki að sér þessa einu sókn. Ég vil taka það fram, að þá verða það, ef þessi annexía er tekin frá Stykkishólmi og Breiðabólstaðarprestakall lagt við Stykkishólm, 4 kirkjur, sem sá prestur á að þjóna, en það er náttúrlega miklu lengra inn á Skógarströnd, þar sem hann mundi þjóna, heldur en til Bjarnarhafnar. Það er raunverulega eðlilegt og ætti að vera þannig, að söfnuðurinn hefði tækifæri til þess að segja sitt álit um það, hvernig skiptingin ætti að vera, en það hefur verið af mjög skornum skammti, að við höfum fengið það frá söfnuðunum. En því miður er það dálítið sitt á hvað, sem prestarnir segja og hvað söfnuðirnir segja. Ég skal taka það fram, að presturinn í Stykkishólmi leggur til, að Bjarnarhafnarsókn komi undir Setbergsprestakall. En þegar þannig er komið, að Breiðabólstaðarsókn lendir ekki undir Suðurdalaþingum, — en ég kann betur við gömlu þinganöfnin, — þá virðist mér rétt og sjálfsagt að halda þeirri skipun, sem hefur verið um þrjá tugi ára, að þessar 4 kirkjur, Snóksdalur, Kvennabrekka, Stóra-Vatnshorn og Hjarðarholt, fylgist að eins og áður sem eitt prestakall. Það er ákaflega vel sett þannig, og að sumu leyti eiga þessir hreppar líka sín áhugamál á ýmsan hátt sameiginlega. Þegar þar er komið, þá eru í Hvammsprestakalli eftir frv. ekki nema tvær kirkjusóknir, en það hefur verið þannig, að í því prestakalli hafa verið 3 kirkjur, sem eru í Hvamms-, Staðarfells- og Dagverðarnesssóknum. Ég sé í skjölum n., að presturinn í Hvammi telur erfiðleika á því að þjóna Saurbæjarprestssetri vegna þess, að ef farið er út fyrir Klofning, ef ófært er á Svínadal, þá sé yfir svo margar ár að fara, — hann segir að þær séu 17, — en hann segir ekki, að þetta séu allt stórár. En hitt er satt, að flestar stærri árnar eru á milli Saurbæjar og Dagverðarness, svo að á leiðinni þangað úr Saurbæ, ef Dagverðarnes verður lagt undir það prestakall, er yfir meiri torfærur að fara en ef það er undir Hvammi, eins og verið hefur, því að þá er ekki yfir nema smáár að fara, sem sennilega verða brúaðar á næsta ári, og hverfur þá það torleiði, sem þar er. En aftur á móti hef ég í till. mínum lagt til, að sýsluskipting ætti sér þarna stað og Saurbæjarprestakall (Staðarhólsþing) verði þá Saurbær (Kirkjuhvolssókn) og Skarðs-

sókn. Annars hefur það verið svo, að núna um meira en þrjá áratugi hefur enginn prestur þjónað því prestakalli sérstaklega, nema einn klerkur um þriggja ára bil. Þess vegna má búast við því, að fyrst um sinn verði presturinn í Hvammi að þjóna því prestakalli, og þess vegna er enn síður ástæða til þess að bæta við nýrri kirkjusókn. Það eru þá 5 kirkjur, sem hann mundi þjóna, þrjár undir Hvammsprestakalli og tvær undir Saurbæjarprestakalli.

Þetta eru þau mál, sem ég vil sérstaklega leggja til núna um breytingar á prestaköllum og sóknarskipun. Ég skal taka það fram, að þar sem ég í fyrra fylgdi fækkun á ýmsum prestaköllum og hv. 1. þm. N-M. hefur borið fram till. um flest af því og margar fleiri, þá geri ég ráð fyrir því, að ég sjái mér ekki annað fært en að fylgja hans till. að ýmsu leyti. Ég get lýst því yfir, að ég treysti mér ekki annað en að fylgja honum í brtt., sem hann gerir á Barðaströnd og Flatey á Breiðafirði, af því að ég tel, að einn prestur geti ákaflega vel, með þeirri vegargerð, sem nú er að komast í framkvæmd, þjónað þeim þremur sóknum, Haga-, Brjánslækjar- og Múlasóknum, og þá hægðist um leið fyrir prestinn í Flatey; hann verður nú að sæta vindi og sjávarföllum, en yrði þá laus við það. En það er mjög upplagt fyrir hann að hafa hærri laun og sitja sem kennari líka úti í Flatey. Svo ætla ég að geta þess, áður en ég lýk máli mínu, að 3. brtt. minni tel ég eiginlega sjálfsagt að fylgja. Ég hef alltaf talið þá grein litt nauðsynlega, að fara að taka upp tvo nokkurs konar farandpresta, sem eiga að sitja hér í Reykjavík, og verður ekki til annars en að einhverjir prestar flýta sér úr strjálbyggðum sóknum til þess að sækja um þá stöðu og segja lausu sínu prestakalli og fara hingað til Reykjavíkur. Ég hef ekki orðið var við annað en að prestar gætu fengið sér leyfi, ef þeir hafa þurft að leita sér lækninga, og nágrannaprestar hafa venjulega hlaupið undir bagga, meira að segja hefur það verið svo í nágrenni mínu, þar sem prestur þurfti að hverfa frá vegna veikinda, að nágrannaprestur hans tók að sér að þjóna því prestakalli, jafnvel þótt hann hefði tvö prestaköll fyrir. Þetta sýnir þann félagsanda, sem ríkir milli prestanna, að þeir eru reiðubúnir til að hjálpa hver öðrum, hvort sem það er vegna sjúkleika eða ef þeir þurfa að hverfa frá embætti sínu af öðrum ástæðum. Annað er, að hér í Reykjavík er nokkuð af uppgjafaprestum, sem jafnvel bíða eftir og vilja gjarnan komast um tíma út á land og þjóna. Ég veit, að það er ekki hægt, t. d. í Vestmannaeyjum og Grímsey, að segja, að nágrannaprestar þar geti þjónað þeim prestaköllum, en ég held, að það mundi leggjast eitthvað til í því efni. Ég sé ekki að svo komnu, að það sé neitt til að hjálpa við að halda uppi prestunum í strjálbýlinu að slá upp þessum tveimur embættum hér, því að ég tel víst, að það verði heldur til þess að gera meiri hreyfingu á hjörðina þar en áður hefur verið, frekar en hitt. Ég held það megi bíða og sjá, hvernig horfir um það, og einmitt er það þannig, að þessir prestar eru reiðubúnir, bæði utan Reykjavíkur og í Reykjavík, að hjálpa til og hlaupa undir bagga með prestunum, einkum hér í Reykjavík, að vinna ýmis prestsverk, messa fyrir þá o. s. frv., þannig að það er fjarri því, að öll prestsstörf hér í Reykjavík séu unnin af hinum skipuðu prestum.

Ég læt þetta nægja í bráð. Ég vildi fara frekar meðalveginn í þessu máli og ekki hleypa neinum æsingi eða gusti inn í það. En þó er sumt í þessu frv., sem vafalaust er að mörgu leyti gott og vel athugandi, en þó eru þarna agnúar, sem ekki er hægt annað en fara fram á að lagfæra eða sverfa af.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil fyrst, áður en ég vík að mínum brtt., láta í ljós gleði mína yfir tveimur hlutum. Annars vegar yfir því, að umr. um þetta frv. hafa orðið til þess, að a. m. k. einn prestur, sem vanur er að vera á sínu prestssetri sem selstöðu yfir hásumarið, ætlar að vera þar í vetur. Í öðru lagi af því, að fjöldi af prestum, sem vanalega sleppa niður öllum húsvitjunum, eru nú að húsvitja. Einu sagði við mig í gær, að hann væri búinn að vera hálfan mánuð að húsvitja. Þetta bendir til þess, að þó að frv. verði ekki að l., þá veki það eitthvað svolítið sofandi menn, sem undanfarið hafa vanrækt sín störf meira og minna.

Þá skal ég snúa mér að mínum brtt. Þær eru margar að tölunni til, en fáar, þegar þær eru krufnar til mergjar, því að það leiðir oft hvað af öðru, þannig að sama brtt., sem er sú sama og ein í eðli sínu, verður að gerast við fleiri liði frv. af því, hvernig það er upp byggt. Þessar brtt., sem ég flyt, eru ekki nema brot af þeim brtt., sem ég vildi flytja. En það var svo, að n. klofnaði ekki og ég sætti mig við það að skrifa undir með fyrirvara. Hinir nm. létu af mörgum brtt., sem þeir vildu koma með, og ég lét líka af því, sem ég vildi koma með, en tilkynnti, að þessar brtt., sem ég hér flyt, mundi ég yfirleitt flytja, svoleiðis að þeim er öllum vitanlegt, að þessar brtt. koma fram, nema tvær þeirra, sem ég skal nefna, þegar ég kem að þeim, sem þeir vissu ekki um, en ég hef flutt og eru utan við minn fyrirvara.

Fyrsta brtt. mín er sú, að við Hof í Vopnafirði verði bætt Möðrudalssókn, en henni er nú ætlað að liggja undir prestssetrið Hofteig. Þetta byggist í fyrsta lagi á því, að ég legg til, að Hofteigur sé lagður niður sem prestssetur. Þar hefur ekki prestssetur staðið í 20 ár, og það mundi aldrei kosta innan við hálfa milljón að byggja Hofteig upp og gera hann þannig úr garði, að prestur mundi sætta sig við að koma þangað. Það var í sumar, eftir að bréf kom frá einum manni úr prestakallanefnd, sem lagði fast að sóknninni að taka afstöðu til þess, hvort þarna ætti að koma prestssetur aftur, að þá var haldinn fundur, og 42 á þeim fundi voru með því að fá prestssetrið aftur, en 20—30 á móti því, svo að skoðunin var þarna ekki einróma. Ég segi þetta til þess að segja hlutina eins og þeir eru, svo að menn geti áttað sig á því máli með og móti. Nú vil ég leggja Möðrudalssókn undir Hof, af því að með breyttum samgöngum er það heppilegra. Að vísu er heldur lengra niður að Hofi en að Hofteigi, en það er styttra niður að Hofi en niður að Kirkjubæ, þar sem ég legg

til að prestssetur verði. Enn fremur er Möðrudalur búinn að færa alla sína verzlun til Vopnafjarðar, þegar fært er, og þegar ekki er fært, þá er alveg lokað öllum samgöngum milli Jökuldals og Möðrudals, og enginn maður á leið þar um þá, þó að Vopnafjarðarleiðin sé farin, meðan menn verzla þar. Þess vegna er nú orðin greiðari leið yfirleitt allt árið milli Vopnafjarðar og Möðrudals heldur en milli Möðrudals og Héraðs. Þetta er orsökin til þess, að ég tek Möðrudal og legg hann undir Vopnafjörð. Þar við bætist, að Vopnafjarðarprestur hefur ekki nema tvær kirkjur, en Hofteigspresturinn hefur 3—4 kirkjur. Hofteigsprestakall legg ég niður. Ég er búinn að segja, hvernig sóknin skiptist um það. Þar stendur ekki steinn yfir steini; þar verður að byggja allt frá rótum, og það kostar a. m. k. hálfa milljón eða meira, ef dæma má eftir byggingunni á Torfastöðum. Hins vegar legg ég til, að presturinn sitji áfram, eins og hann hefur setið gegnum aldaraðir, á Kirkjubæ, og sá prestur, sem ætlazt er til eftir frv. að sitji á Hofteigi, legg ég til að sitji á Kirkjubæ, og þegar ég geri það, þá er það fyrst og fremst til að verða við óskum hvers einasta manns í Kirkjubæjarsókn og Sleðbrjótssókn. Þegar ég hins vegar í n. klauf hana ekki á þessu, þá er það af því, að þar var aðstaðan sú, að Kirkjubær er ekki kominn í vegarsamband vestur á við. Nú er frv. í þinginu, og ég veit ekki annað en að n., sem hefur með vegal. að gera, taki upp í það að lengja þennan veg og taka hann í þjóðvegatölu. Hér er ekki um að ræða nema 3 km, og þá er Kirkjubær kominn í vegarsamband, og þá er hann bezt settur til að vera prestssetur áfram eins og hann hefur verið frá alda öðli. Þar er líka sæmileg bygging, þótt það sé ekki eins og nýuppbyggt, og þarf í bili engu til að kosta, þó að ég geri ráð fyrir því, að eftir 10—20 ár, sérstaklega ef ekki er haldið við, mundi koma að því, að þyrfti að byggja þar upp kirkjuna. Í sumar var gert við það stóra timburhús, sem þar er. Það er þess vegna bæði til að verða við óskum þeirra manna, sem þarna eiga hlut að máli, og til að spara ríkissjóði uppbyggingu á Hofteigi og af því að ég tel Kirkjubæ betur settan, þegar vegurinn er kominn þangað, að ég legg til, að Kirkjubær verði þarna prestssetur. Að vísu má viðurkenna, að Eiríksstaðir verða lengra frá, en aftur á móti verður Sleðbrjótur nær, svoleiðis að það étur dálítið hvað annað upp. En náttúrlega er auðgert að þjóna þessu öllu frá Kirkjubæ, eins og dæmin sýna, þegar búið er að gera það í 20 ár. En til þess að láta ekki prestinn á Kirkjubæ fá of mikið, legg ég til, að Hjaltastaðarsókn leggist undir Desjarmýri. Um það má deila. Ég viðurkenni, að eins og enn hagar til, þá er erfitt fyrir Desjarmýrarprest að þjóna Hjaltastað. Það mun vanta eina fjárveitingu í veginn enn þá, þangað til hann er kominn yfir, en þegar hann er kominn niður yfir, þá vantar aðeins 3—4 km, til þess að hann sé kominn yfir.

5. brtt. er sú, að í stað „Þingmúlasóknir“ komi: Þingmúla- og Eiðasóknir. — Vallanespresturinn hefur bara tvær kirkjur. Frá Vallanesi að Eiðum eru 24 km og góður vegur, og það er sýnilega upplagt mál að láta hann þjóna þremur kirkjum. Og þar að auki falla þá sóknartakmörkin saman við sýslutakmörkin, eins og hv. 11. landsk. þm. var að leggja svo mikið upp úr, þegar hann talaði um takmörkin á milli Breiðabólstaðar og Kvennabrekku. Eiðar hafa alltaf heyrt undir Kirkjubæ. Og presturinn þar hefur alltaf þurft að fara yfir ána, þegar hann hefur þurft að þjóna. Ég legg því til, að þessi sókn falli undir Vallanes, og Vallanespresturinn fái því þrjár kirkjur. Desjarmýrarpresturinn kæmi þá til með að hafa fjórar kirkjur. Tvær af þeim eru með sárafáa sóknarmeðlimi, Húsavíkursóknin með þremur heimilum eða 19 mönnum og Njarðvíkursóknin með tveimur heimilum eða 11 mönnum, þannig að það er rétt á takmörkum, að hægt sé að kalla það sóknir. Þannig fengi Desjarmýrarpresturinn fjórar kirkjur, Vallanespresturinn þrjár kirkjur, Kirkjubæjarpresturinn fengi fjórar og Hofspresturinn þrjár kirkjur. Og þá er ekkert, sem aðskilur prestaköllin innbyrðis og engir erfiðleikar aðrir en þeir, að vegur er ekki kominn yfir milli Borgarfjarðar og Héraðs. En við þetta er líka það að athuga, að breyt. kemst ekki til framkvæmda fyrr en fram færu ný prestaskipti, og maður veit ekki til, að þau standi til, þannig að það er ekki útlit fyrir, að vegurinn verði kominn, áður en þessi breyt. yrði gerð.

Þá er 6. brtt. mín sú, að liðurinn Mjóifjörður falli niður. Þarna er um að ræða eina litla sókn, sem í eru 28 heimili eða 161 maður. N. gerir till. um, að komi þarna kennsluprestur. Presturinn, sem þarna var seinast, átti sjálfur jörðina, sem hann bjó á, og hún er í eigu hans. Ríkið á þarna enga jörð, ekkert hús og engan stað til að vísa prestinum á. Hins vegar er ágæt sjóleið frá Norðfirði með reglulegum bátsferðum, sem alveg er haldið uppi af ríkinu. Ég tel þess vegna, að það sé auðgert mál að láta Norðfjarðarprestinn, sem hefur aðeins eina kirkju, þjóna Brekkusókninni líka. Ég legg það til.

7. brtt. er í því fólgin, að 10. liðurinn orðist þannig: Norðfjarðar- og Brekkusóknir. — Þá fengi presturinn í Norðfirði tvær kirkjur að þjóna. Annarri kæmist hann að vísu ekki til að þjóna nema fara á sjó, en afar tíðar ferðir eru þar á milli, og einnig er fóðurbætir fluttur þarna á milli. Ég vildi því spara ríkissjóði að byggja þarna fyrir prest, er mundi kosta um ½ millj. kr., og láta Norðfjarðarprestinn fá eitthvað meira að gera en hann nú gerir, og skal ég í þessu sambandi benda á, að Norðfjarðarprestar hafa stundum verið skólastjórar — ég veit ekki, hvernig það er nú — og stundum verið líka kennarar þar. Það væri þess vegna hægt, sérstaklega þegar maður lítur á stefnu hv. þm. Barð., að ætla þeim að vera alveg við sitt starf og bæta þannig við sig prestsstarfi í stað þess að taka annað starf fyrir aðalstarf, svo sem kennslu.

Þá er 8. brtt. sú, að Brunnhólssókn, sem er sókn á Mýrum í Austur-Skaftafellssýslu og hefur heyrt undir Kálfafellsstað, verði þjónað með Stafafellssóknunni. Það er þannig nú og eftir l., að prestur á að vera á Sandfelli í Öræfum. Þar hefur enginn prestur verið nú um langt skeið,

á Kálfafellsstað hefur ekki heldur verið prestur um langt skeið. En það hefur verið prestur í Bjarnanesi, sem hefur haft Bjarnanes- og Stafafellssóknir. Ég legg því til, að Brunnhólssókn verði færð undir Bjarnanesprestinn. Það er bara tilfærsla. Ég skal viðurkenna, að það má deila um það, hvort þægilegra er að þjóna prestakallinu frá Bjarnanesi eða Kálfafellsstað. Ekki orkar það tvímælis, að á veturna, þegar vötnin eru á ís, þá er miklu hægara að þjóna frá Bjarnanesi. En á sumrin, þegar vötnin eru ekki á ís, þá má deila um það, hvort hægara sé. Ef hann fer ríðandi frá Kálfafellsstað, þá er betra að fara frá Kálfafellsstað ríðandi en frá Bjarnanesi, nema hann fari beint yfir fljótið, sem er á miðjar síður og stundum efst á síður á hestum. En ef hann ætlar að nota bíl eða traktor, þá er eins gott að þjóna frá Kálfafellsstað. Það má því deila um það og ekki hægt að segja með rökum, hvort auðveldara sé að þjóna frá Bjarnanesi eða Kálfafellsstað.

Ég legg til, að Hof í Öræfum falli niður sem preststsetur og því verði þjónað frá Kálfafellsstað. Þá þykir mér rétt að létta af þeim presti og láta Bjarnanesprestinn fá þrjár kirkjur, en Kálfafellsstaðarprestinn fá Hof. Það er þannig ástatt bæði á Kálfafellsstað og Hofi, að ómögulegt er að byggja upp frá grunni á báðum þessum bæjum. Á Hofi er ekki til neitt land, sem hægt er að byggja á, og engin aðstaða til að koma þar niður presti. En ríkið á Kálfafellsstað, og þar þarf ekki annað en að byggja upp. Þess vegna er það, að ég vil enn spara ríkissjóði um ½ millj. kr. með því að byggja ekki upp á Hofi, heldur leggja prestakallið undir prestinn á Kálfafellsstað.

Þá er 11. brtt. *mín* um það, að í staðinn fyrir Prestsbakka komi Kirkjubæjarklaustur. Þar er ekki um annað að ræða en það, að síðan núverandi prestur í prestakallinu var kosinn, hefur hann óskað eftir því að geta heldur verið á Kirkjubæjarklaustri. Þar var byggt yfir hann gott hús og honum útveguð aðstaða til að hafa eina kú og nokkrar kindur. Ég held, að þær hafi verið 50, en ég er þó ekki viss um, hvort þær voru 40 eða 50. Og landið, sem hann fékk, gaf af sér 200 hesta á ræktuðum bletti. Þessi aðstaða var honum veitt á Kirkjubæjarklaustri. Nú er þarna prestur, sem hefur mikinn áhuga fyrir búskap. Hann langar til að búa og getur haft margt fé. Og þess vegna fer hann fram á, að honum verði ætlað að sitja á Prestsbakka og þar byggt upp fyrir hann, sem mundi kosta um ½ millj. kr. Ég hef sagt honum, að ég væri á móti þessu, en ég skyldi vinna allt, sem ég gæti, til þess að hann gæti haft bú á Prestsbakka, þótt hann sæti á Kirkjubæjarklaustri, þar sem hann getur haft 500—600 fjár. Það er 5—7 mín. keyrsla á bíl á milli staðanna, og hann á bíl og getur því vel búið á Prestsbakka, þótt hann sitji á Kirkjubæjarklaustri. Og satt að segja heyrðist mér á honum, að hann sætti sig vel við þá hluti. Með þessu fengi hann aðstöðu til að starfa við sitt fjárbú, sem hann vill. En það kostar hann, að hann verður ekki alveg heima við, þegar hann væri að slá túnið þar. Hann yrði að fara á milli á bíl, en það er stutt leið. Og ef hann færi beint yfir ána, þá væri það ekki nema lítil húsaleið. Og ég hef talað um það við landnámsstjóra, og hann álítur, að ekkert sé því til fyrirstöðu að láta hann hafa Prestsbakka, svo að hann geti haft stórt sauðfjárbú, eins og hann langar til að hafa.

Þá kemur 12., 13., 14. og 15. liðurinn, sem allir heyra saman. Ég legg til, að Kirkjuhvoll, sem er preststsetur í Þykkvabæ, leggist niður. Eftir l. á þessi prestur að sitja að Kálfholti. En þar hefur hann ekki setið um langt árabil. Þess vegna var n. sammála um að leyfa honum að sitja áfram að Kirkjuhvoli, og það leggur meiri hl. n. til. Hann mun hafa byggt timburhús, sem hann býr í. Og ríkissjóður hefur nú keypt það af honum, svo að ríkissjóður á það nú. Þessi prestur hefur engin jarðarafnot í Þykkvabæ, en hann er á þeim stað í sókninni, þar sem þéttbýlið er mest, og vel settur að því leyti, enda hefur hann líka samhliða prestskapnum verið kennari þar við barnaskóla um langt skeið, þannig að hann er að því leyti betur settur í Kirkjuhvoli. Ég legg til, að þetta preststsetur verði lagt niður. Þá hef ég lagt til, að Stórólfshvoll leggist undir Breiðabólstað. Hv. þm. vita, að þar er stutt á milli. Það eru þá þrjár kirkjur, sem Breiðabólstaðarpresturinn fengi, og það er auðvelt. En það er ekki eins auðvelt að fækka um neinn annan af prestunum, t. d. í Odda. Mér þykir miklu skemmra að fara að Odda frá Árbæ heldur en frá Þykkvabæ að Árbæ. En þá er eftir Kálfholt. Ég skal viðurkenna, að það er dálítið erfitt að koma fyrir góðri þjónustu í Kálfholti, sem byggist á því, að presturinn, sem á eðlilegan hátt á að þjóna Kálfholti, hefur langt að sækja. Þarna er nokkuð langa leið um að ræða, eða 34 km. En það er eftir vegi að fara, sem mjólkin er flutt hvern einasta dag allt árið, þannig að óskaplegt er það nú ekki að bæta einni sókn við. En það er þó það, sem er erfiðast af því, sem ég enn þá hef átt við.

Þá er 17. brtt., um að Þingvallaprestakall leggist niður, af henni leiðir svo 16. brtt., að Úlfljótsvatnssókn leggist undir Mosfell, og er það enn ein prestsfækkun. Af því leiðir það, að Úlfljótsvatnssókn er lögð undir Mosfell í Grímsnesi, sem hefur verið þjónað þaðan nú um langt skeið, og Þingvallasókn leggist svo undir Mosfell í Mosfellssveit, sem hefur líka verið þjónað þaðan um langt skeið. Þessum tveim sóknum, sem báðar eiga að hafa sama prestinn eftir frv., er skipt, önnur lögð undir Mosfell í Grímsnesi, en hin lögð undir Mosfell í Mosfellssveit. Að þessu hníga 16., 17. og 18. brtt. Nú er það svo, að þó að Viðeyjarsóknin sé orðin lítil og varla nokkur, þá hef ég samt fulla ástæðu til að taka Brautarholtssókn og færa hana undir Reynivelli. Það er 19. brtt. Reynivellir eru nú með tveimur sóknum og tiltölulega fáu fólki, sérstaklega áberandi fátt fólk, þegar maður athugar, hve það er nálægt Reykjavík. Í Þingvallasókn er nú 75 manns, og í Úlfljótsvatnssókn eru 62 menn. Það er ekki mikið yfir 100 manns í þessu prestakalli, sem n. leggur til að sett sé á Þingvelli, en ég legg til að skiptist á milli Mosfellanna í Grímsnesi og í Mosfellssveit.

Þá er 20. brtt., um það, að í staðinn fyrir, að Skálmarnesmúlasókn heyri undir Flatey á Breiðafirði, þá sé hún lögð undir Brjánslæk. Jafnframt legg ég til, að settur sé kennsluprestur í Flatey. Þetta byggist á því, að það er afar erfitt að þjóna Skálmarnesmúlasókn frá Flatey. Þar eru mjög fáar messur á hverju ári, venjulega innan við 10 og oft færri. Hins vegar er mér sagt, og tek ég það sem sannleika, að nú sé verið að ryðja veg yfir Þingmannaheiði. Og ég veit ekki annað en að í till., sem nú eru hér í Alþingi og munu koma fram prentaðar bráðum frá hv. samgmn., sem hefur haft vegal. til meðferðar, sé lagt til, að vegurinn niður í gegnum Barðaströndina verði tekinn í þjóðvegatölu, sem er líka sjálfsagt að gera. Og mér er sagt, að þar séu till. um það að gera veg frá Vattarnesi og út með firðinum og kannske alla leið út að Skálmarnesmúla. Þegar þessar vegabætur koma til framkvæmda, og þegar búið er að gera þessa vegi, þá er ég ekki í nokkrum vafa um það, að hver einasti athugull maður getur séð, hve það er miklu hægara að þjóna Skálmarnesmúlasókn frá Brjánslæk heldur en þjóna þessari sókn frá Flatey. Hins vegar er það rétt, að þessi vegagerð er ekki komin til framkvæmda, þó að hún fari inn á vegal. nú. En þá er þess að gæta, að í Flatey situr ungur prestur, sem er kostaður til að þjóna Múlasókn líka, og hefur hann hana á meðan hann lifir. Hins vegar getur maður búizt við, þó að einhver eldri hrökkvi upp af, að maður þurfi held ég ekki að gera ráð fyrir því, að þessi prestur geri það svo bráðlega. Og við verðum að reikna með því, að þessi prestur sitji í Flatey lengi eftir að vegurinn verður kominn um Barðaströndina og að Skálmarnesmúla einnig, þannig að þessi breyting kemur ekki til framkvæmda fyrr en eftir nokkur ár. Þess vegna er ég ákveðinn í að leggja þetta til, vegna þess að þegar það verður hvort sem er að hafa prest á Brjánslæk, þá getur hann þjónað Skálmarnesmúlasókn líka. Og ég tala nú ekki um, þegar þessi breyting verður komin til framkvæmda, sem ég vona að verði áður en langt um líður.

22. og 23. brtt. tek ég aftur til 3. umr.

Þá kem ég að 24., 25. og 26. brtt., sem binda hver aðra. Það er ætlazt til þess af hv. n., að prestur komi og setjist einhvers staðar að, þar sem hún kallar Ögur. Þó er ekkert prestssetur þar til. Við töluðum um Mjóafjörð án þess að vita, hvar ætti að hola presti þar niður. Að vísu er til þar uppbyggt prestssetur á Hvítanesi. (**Forseti**: Ég bið þm. að afsaka, en á hann mikið eftir af ræðu sinni?) Ég á eftir 10 mínútur af ræðunni. (**Forseti**: Þá mun ég óska, að hv. þm. fresti ræðu sinni. — Fundi er frestað til kl. 9 í kvöld.) — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég ætla að lýsa því yfir, að ég taki 22. og 23. brtt. mínar aftur til 3. umr. Að svo stöddu tek ég þær ekki alveg aftur, en þó má vel vera, að ég geri það síðar. Það horfir alveg sérstaklega við um þetta prestakall, og er þarna að mínu áliti ekki nein sérstök þörf á presti á Hrafnseyri. Það eru 92 manneskjur í sókninni og messað hefur verið undanfarin 7 ár á báðum kirkjustöðunum. Það er því ekki bein ástæða til að hafa þar prest. Hins vegar heitir staðurinn Hrafnseyri, og hefur verið skipuð n. á Alþingi til þess að reisa þennan stað við. N. hefur yfir að ráða nokkuð á annað hundrað þús. kr. í því skyni að byggja staðinn upp, en staðurinn er nú fremur illa farinn, þó að hann sé ekki svipað því eins illa farinn og t. d. Hofteigur, Hof og Vatnsfjörður, þar sem allt þarf að reisa frá grunni, til þess að hægt sé að bjóða presti upp á það, og ekki hægt að hugsa sér, að prestur komi þangað fyrr en búið er að byggja þar upp. En nú eru uppi hugmyndir um að sameina byggingu prestssetursins og þessa viðreisn Hrafnseyrar, og er búið að taka um það ákvörðun. Ég vil ekki standa í vegi fyrir því, að samvinna geti tekizt um þetta. Ég hafði hugsað mér að láta till. mína ganga til atkvæða, en kannske yrði hún nú samþ., og þess vegna tek ég hana aftur til 3. umr. Mun ég nota þann tíma til þess að kynna mér, hvernig stendur á um till., hve miklu fé n. hefur yfir að ráða og hvernig hún hefur hugsað sér samband milli starfs síns og viðreisnar prestssetursins.

24., 25. og 26. brtt. mínar hanga allar saman, og er þar gengið út frá því að leggja niður það, sem í frv. er kallað Ögurþing, en prestssetrið hefur verið á undanförnum árum í Hvítanesi, sem var á sínum tíma keypt af ríkinu og ætlað fyrir prestssetur. Nesoddinn milli Hesteyrar og Skutulsfjarðar er einangraður og kemst ekki á næstu áratugum í vegasamband. Þess vegna sá n. sér ekki fært að kenna prestssetrið við Hvítanes, því þó að þar sé uppbyggt prestssetur og til þess ætlazt í lögum, að prestur sitji þar, þá mun hann ekki gera það. Þess vegna kallar hún það Ögurþing, sem annars er brot á þeirri reglu, sem hún hefur fylgt. Það er nýlega kominn prestur í þetta prestakall, og situr hann í Súðavík. Vill hann sitja þar og láta byggja yfir sig þar. Þetta er áhugasamur, ungur prestur, sem vinnur þarna mikið starf fyrir unglingana í Súðavík. Er það meira en hægt er að segja um marga aðra presta. Vill hann vera áfram í Súðavík og láta byggja yfir sig þar. Þá verður að byggja þar frá grunni eða kaupa handa honum hús. Getur þá farið eins með prestssetrið eins og fór með læknissetrið. Læknishúsið, sem var byggt fyrir opinbert fé, stendur nú autt í Ögri, en læknirinn er í Súðavík. Hugsanlegt væri að láta prestinn sitja í þessu læknishúsi, sem er á öðrum kirkjustaðnum. Ég legg til, að þetta prestakall verði lagt niður og Eyri í Seyðisfirði verði þjónað frá Ísafirði. Að vísu er ekki enn þá kominn bílvegur þangað, en ég veit ekki annað en nú sé till. um að leggja þjóðveg alla leið að Eyri í Seyðisfirði. Ef sú till. verður samþ., þá kemst Eyri í Seyðisfirði áreiðanlega í samband við Ísafjörð, áður en sá prestur, sem nú situr þar, fellur frá, ef allt fer eins og almennt má gera ráð fyrir lífi mannanna. Ögur ætlast ég til að leggist undir Vatnsfjörð. Það er sízt lengra fyrir prestinn að fara sjóleiðis frá Vatnsfirði, þar sem prestur situr nú, og að Ögri heldur en að Unaðsdal. (**GJ**: En Súðavík?) Þar er engin kirkja, en Ögurpresturinn situr þar nú, en ekki er að ræða um neina

sókn þar, eins og nú horfir. En eins og ég sagði áðan, er sízt lengra fyrir prestinn í Vatnsfirði að fara að Ögri en fara að Unaðsdal. Það er að vísu rétt, að þá fær hann til viðbótar fjórðu kirkjuna. Færi hann leiðina frá Ísafjarðarbotni að Skálavík, og þá væri ekki eftir nema stuttur spotti til þess að gera þarna. Er því miklu hægara að þjóna Ögri frá Vatnsfirði heldur en Unaðsdal.

Þá geri ég engar breytingar við till. n., fyrr en komið er í Skagafjörð. Þar vildi ég gera ýmsar breytingar, en fell frá því að gera nema eina. Hún er viðkomandi 27., 28. og 29. brtt. minni. Nú hefur presturinn á Vatnsleysu, sem ætlazt er til að flytji í Hóla, Hóla-, Viðvíkur-, Hofstaða- og Rípursóknir. N. leggur til, að Rípursókn sé lögð undir Sauðárkrók. Það er rétt, að það er miklu hægara og léttara að þjóna henni frá Sauðárkróki en frá Hólum. Presturinn er illa settur á Hólum. Hofsóssprestur*inn hefur* hins vegar Hofsóss-, Hofs- og Fellssóknir. Ég tel, að það sé óþarflega lítið fyrir hann, og legg til, að Hofs- og Hofsósssóknum verði bætt við Hóla. Það er 18 kílómetra ferð að fara frá Hólum í Hofsós og skemmra en frá Hólum í Hofstaði. Fellskirkja legg ég til að verði lögð við Barð, sem hefur ekki nema tvær sóknir og fengi þá þriðju kirkjuna. Með því að þarna er oft snjóþungt, þá hefur verið erfitt fyrir Barðsprestinn að hafa meira en þessar tvær kirkjur. En eins og nú er háttað vegasamböndum þarna, þá er mjög auðvelt, þótt snjóasamt sé, að presturinn þjóni líka Felli. Það er ekki lengra fyrir hann að fara en að fara að Knappsstöðum. Einu sinni var kirkja í Stórholti, sem búið er að leggja niður, og hefur hann því tvær kirkjur nú. Eftir minni till. hefur hann þrjár kirkjur til að þjóna, sem er tiltölulega auðvelt verk fyrir hann, jafnvel þótt þarna sé snjóþungt og hann geti þurft að fara um prestakallið á skíðum, sérstaklega innan síns gamla prestakalls. Frá Barði að Felli er snjóléttara, því að það er miklu snjóléttara fyrir innan Barð.

30. og 31. brtt. minar eru um að breyta aftur þeim till., sem n. gerði um að kljúfa Vallaprestakall í tvö prestaköll. Eins og ég sagði við 1. umr., þá þjónaði þarna gamall prestur allt þangað til hann lét af embætti fyrir aldurs sakir, en þessi prestur, Stefán Kristinsson, þjónaði þarna með prýði. Ég tel, að ungir prestar eigi að geta fetað í fótspor hins aldurhnigna fyrirrennara síns og þjónað öllum kirkjunum. Ég viðurkenni hins vegar, að þetta er það prestakall, sem hefur hvað flestar kirkjur, og vafalaust má segja, að það sé rétt að skipta prestakallinu. En við athugun sjáum við, að þetta er ekki eins erfitt og það virðist. T. d. eru Valla- og Tjarnarkirkjurnar með svo stuttu millibili, að það eru ekki nema svona 2 km milli þeirra, ef farið er beint. Sömuleiðis er tilvalið að messa í Stærra-Árskógi, um leið og komið er frá því að messa í Hrísey. Þannig er þetta ekki eins erfitt og kirkjufjöldinn segir til um. En ef Alþingi vill skipta þessu prestakalli í tvö prestaköll, þá á presturinn að sjálfsögðu ekki að sitja úti í Hrísey. Ríkissjóður á margar jarðir og þar á meðal kirkjustaðinn Stærri-Árskóg. Jörðin er laus, þar sem bóndinn dó í vetur. Væri þá helzt, að presturinn sæti á kirkjustaðnum Stærra-Árskógi. Ef hann hefur ekki setu þar, vegna þess að honum þyki sú jörð óhagkvæm einhverra hluta vegna, þá eru nógar aðrar jarðir til. En viðkomandi Stærra-Árskógi er þess að gæta, að þar er búið að byggja heimavistarskóla alveg við túnfótinn, 100—150 m eru frá íbúðarhúsinu niður að skólanum. Þessa ættu þeir að minnast, sem leggja mikla áherzlu á, að prestar séu nærri skólum og hafi áhrif á skólana. Þar að auki þarf ekki að byggja þar allt upp frá grunni, en það þarf, ef hann situr í Hrísey. Þetta vildi ég benda á. Ef brtt. mín verður felld hér í d., má vel vera, að ég komi með till. við 3. umr. um það, að prestssetrið skuli vera í Stærra-Árskógi, en ekki í Hrísey.

Þá er það 2. brtt., við 2. gr., sem er um ráð, sem ætlazt er til að verði myndað hér í Reykjavík og kallað er safnaðaráð. Það verður dálítið sérstætt að því leyti til, að sóknir og sóknaráð eiga yfirleitt að mynda eina heild utan um prestakall, og þá verður eftir frv. Reykjavík skipt í prestaköll, þar sem fleiri prestaköll mynda svo saman sókn utan um eina kirkju, en hér þurfa prestarnir að nota sameiginlega þær kirkjur, sem til eru. Sóknarnefndarformenn og prestar prófastsdæmisins koma sér saman um það, á hvern hátt Reykjavík skiptist í prestaköll, sem verða svo að minnsta kosti alltaf tvö eða þrjú utan um hverja kirkju, t. d. tvö utan um dómkirkjuna. Það hafa komið til mín margir leikmenn héðan úr Reykjavík, og það formenn sóknarnefnda, sem hafa kvartað yfir því, að í þessari gr. er ætlazt til þess, að safnaðarnefndarformenn og prestar ráði því, hvernig prestaköllin verði í Reykjavík, og vilja fá henni breytt á ýmsa lund. Af öllum þeim breytingum, sem þeir hafa farið fram á við mig, er aðeins ein, sem ég hef tekið til greina. Hún er sú að láta líka safnaðarfulltrúa vera í þessari nefnd. Ef ekki væru nema formenn safnaðarnefnda í þessari nefnd, mundu þeir ráða öllum störfum hennar, en öðru máli gegndi, ef þar væru líka safnaðarfulltrúar. Þetta er það, sem þeir leikmenn, sem hafa talað við mig, eru óánægðir með. Þess vegna legg ég til, að á eftir orðunum „formönnum safnaðarnefnda“ bætist: og safnaðarfulltrúum. Nú eru formenn sóknarnefndar stundum líka safnaðarfulltrúar, og er þá ekki nema einn maður, sem kemur úr þeirri sókn. En líka er algengt, að annar sé safnaðarfulltrúi heldur en formaður safnaðarnefndar, og koma þá tveir frá þeirri sókn. Það var með þetta og ekki annað, sem ég gat komið á móti þeim mönnum, sem hafa talað við mig um þetta. Þeir hafa komið margir til mín og rætt um þetta og bera kvíðboga fyrir þessum málum. Þeir segja sem svo: „Eins og þetta er nú, komast prestarnir vel yfir þetta. Það er ekki bein þörf á að fjölga þess vegna. Það er líka þess að gæta, að sumir söfnuðir hér hafa lagt sig fram um að koma upp hjá sér kirkju. Nú getur allt í einu komið fyrir, að söfnuður klofni, og við það missir hann þær tekjur, sem hann hefur til þess að standa undir þessum lánum vegna kirkjubygginga.“ Þeir segja: „Þið verðið að lofa

okkur að halda þessum söfnuðum, sem nú eru, til þess að geta risið undir þeim lánum, sem búið er að taka.“ Þetta segja þeir t. d. í Laugarneshverfinu. Ég hef bent þessum mönnum á, að hér væru sett ákvæði um það, hvernig með þetta skyldi fara, — þeir skuli fá gjöld frá þessum mönnum í nokkur ár. En togstreita út af þessu mundi standa í vegi fyrir því, að farið væri að óskum landsmanna um skiptingu safnaðanna. Það er þess vegna gott, að þessi gr. er komin inn í l., þó að þurft hafi að ákveða með l. breytingar á sóknaskipuninni hér og þar á landinu. Ýmislegt fleira hefur verið talað við mig, og skal ég ekki fara út í það, en vegna þessara manna flyt ég þessa litlu brtt. Ég veit, að það gerir n. fjölmennari, og það er oft verra að ná mönnum á fundi, þegar n. eru fjölmennar og áhugi fyrir fundarsetu og fleiru er svo takmarkaður, en mér finnst rétt að koma til móts við þá í þessu og leyfa einnig safnaðarfulltrúum að skipa safnaðaráð.

3. brtt., við 6. gr., er afleiðing af 1. brtt. og er um að fella niður kennsluprestaköll. Verður líklega að taka þá till. aftur til 3. umr., vegna þess að eins og gr. er orðuð, fellur Hrafnseyri úr henni, en ætlazt er til, að þar verði kennsluprestakall. Hef ég tekið út úr gr. Mjóafjörð, Hof í Öræfum og Hrafnseyri, en bætt inn í hana Flatey á Breiðafirði.

Ég skal þá endurtaka það, sem ég byrjaði á í ræðu minni, sérstaklega af því að ég sé, að biskupinn yfir Íslandi er hér í áheyrendaherberginu, að ég gleðst yfir því að sjá, hvaða árangur hefur þegar orðið af þeim umr., sem hér hafa farið fram, þar sem margir prestar eru nú farnir að húsvitja, þar af einn, sem hefur ekki gert það í 21 ár.

Sigurður Ó. Ólafsson: Herra forseti. Áður en ég tala um brtt. þær, sem ég flyt við þetta frv., á þskj. 311, ætla ég að fara nokkrum orðum um frv. sjálft og gang þess.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er samið af hinni svokölluðu prestakallanefnd, sem starfaði milli þinga. Í þeirri n. átti sæti meðal annarra hv. 1. þm. N-M., og er hann sá eini af þessum nm., sem á sæti hér á Alþ. (**PZ:** Sigurður Bjarnason á sæti á Alþ. enn.) Ég bið afsökunar á þessu, en í svipinn mundi ég ekki eftir öðrum þm. úr n. en hv. 1. þm. N-M., af því að hann á sæti hér í hv. d. — Ég held, að það hafi verið við 1. umr. eða nú í dag, að ummæli féllu hjá þessum hv. þm. á þann veg, þegar hann minntist á, að n. hefði ekki klofnað, — þá gaf hann í skyn, að hann hefði ekki klofið n. meðal annars vegna þess, að nokkrir menn í n., sem ekki vildu fækka prestum, hefðu slakað nokkuð til, — þm. mælti á þá leið. Þetta bendir til þess, að þm. hafi í n. fengið nokkrum af kröfum sínum fullnægt í starfi n., sem sagt, að n. hafi gengið inn á hans sjónarmið að nokkru leyti, enda má sjá þess merki á frv., þar sem um prestafækkun er að ræða. En nú hefur þessi hv. þm. borið fram brtt. við þetta frv. í yfir 30 liðum. Þetta bendir ekki til þess, að hann hafi verið með heilum huga, þegar hann tjáði meðnm. sínum, að hann væri ekki klofinn frá n. Það getur ekki verið annað en klofningur frá n., þegar einn nm. ætlar sér að gerbreyta því, sem n. er búin að gera, á þann hátt, sem liggur fyrir á þskj. 311. Og brtt. hans fara nú í þá átt að fækka prestaköllum, — ég hef varla getað talið það saman, en ég hygg, að það sé um 8 eða 9 presta, sem hann vill fækka í viðbót, og fyrir fjölgun í stað þess hef ég ekki séð móta neitt hjá hv. þm.

Það, sem ég hef að segja um þetta frv. í heild, er það, að ég er á móti fækkun presta í sveitum; ég vil ekki fækka þeim, nema þá mjög takmarkað og að beztu manna yfirsýn, þeirra manna, sem með þessi mál hafa farið, og ég tel, að það sé skaðlegt fyrir þá staði, þar sem þeim er fækkað. Ég vil fjölga prestum í þéttbýlinu, en það, sem hefur komið fram í frv., er það, að prestum er fjölgað nokkuð í þéttbýlinu, en það er gert á kostnað sveitanna, og eins og ég hafði á orði á nefndarfundi í menntmn. þessarar d., er ég algerlega á móti því. En þetta frv. hljóðar um ýmislegt annað en fækkun presta, þar eru einnig ákvæði um tilfærslur á prestaköllum og breytingar á sóknaskipun, og ég álít, þar sem það er líka komið enn þá berar í ljós með undirskriftum presta utan af landi, að Alþ. það, sem nú situr, eigi að samþ. frv. Það er gott, ef fram koma brtt., sem bæta úr þessu, sem ég hef nú minnzt á, og þær ná samþykki. En það er mín skoðun, að þetta frv. hafi ýmislegt annað að geyma, sem sé mikils virði fyrir kirkju og kristindóm í landinu, og þess vegna eigi að samþ. frv. Að því er snertir breytingar á prestakallaskipuninni, ef eitthvað kemur í ljós, t. d. á næsta ári eða næstu árum, sem betur má fara, þá má alltaf breyta því, en höfuðatriðum þessa frv., sem fara í rétta átt, verður ekki komið inn aftur og ekki breytt. Þess vegna álít ég, að það eigi að samþ. frv.

Nú, svo að ég minnist á brtt. þær, sem fram hafa komið, ætla ég ekki að fara mörgum orðum um þær, en vil segja það um brtt. á þskj. 309, sem fer í þá átt að fella niður 7. gr. frv., sem fjallar um aðstoðarpresta, að þá gr. vil ég ekki láta fella niður, því að starf þessara manna á að vera það að ferðast út um land, þar sem vantar presta eða prestar eru forfallaðir eða slíkt og þar sem prestsstarfið er ef til vill í daufara lagi og þarfnast lagfæringar, og ættu þessir prestar að geta komið lífi í kirkjustarfið á þeim stöðum, þar sem þeir koma.

Um brtt. hv. 1. þm. N-M. vil ég segja það, að þar sem ég er kunnugur staðháttum, eru þær ekki til bóta, og vil ég í því sambandi aðallega minnast á Rangárvallaprófastsdæmi, þar sem hann leggur til, að Kálfholtsprestakall verði lagt niður og sú sókn lögð undir Fellsmúla á Landi. Það er opið fyrir öllum kunnugum, sem þekkja til staðhátta þarna, að þetta er gert út úr hreinustu vandræðum, því að hv. þm. er búinn að leggja þarna eitt prestsembætti niður. Hann leggur svo til, að presturinn, sem nú situr í Þykkvabæ, hætti og það prestakall verði lagt niður og því skipt milli annarra prestakalla í prófastsdæminu. — Nú, svo er það þannig í sambandi við mikinn hluta af þessum brtt. hv. þm., að þar er ég gersamlega ókunnugur staðháttum,

og getur verið, að sumar brtt. hans um tilfærslur hafi rétt á sér, en ég verð bara að segja það, að ég hef meiri trú á því, að n. hafi þar komizt að réttri niðurstöðu en hv. þm., því að hún var skipuð mönnum, sem voru kunnugir staðháttum og búnir að leggja mikla vinnu í þetta, og verð ég því að segja, að ég tel meira leggjandi upp úr starfi n. en því, sem hv. þm. leggur til í þessum mörgu brtt. sínum.

Ég vil þá víkja að þeim brtt., sem ég flyt á þskj. 311. Ég vil taka fram, að þar er ekki um að ræða neina heildarbreytingu á frv., heldur aðeins í sambandi við Árnesprófastsdæmi, þar sem ég er kunnugastur og þekki þess vegna bezt til. Þar hefur n. farið inn á þá braut, sem ég minntist á í byrjun, að fækka um einn prest í sveitum, en aftur fjölga um einn prest í þéttbýli, m. ö. o. að setja prest að Selfossi, en leggja niður Stóra-Núpsprestakall. Ég flyt vitanlega brtt. við þetta, því að þarna gengur frv. á móti því, sem ég álít vera rétt í þessu máli, þ. e. að fjölga prestum í þéttbýlinu á kostnað sveitaprestanna. Ég hef ekki á móti því að fá prest að Selfossi að öðru jöfnu, en vil ekki, að það sé gert á kostnað sveitaprestanna. Ég flyt þess vegna brtt. um það, að Stóra-Núpsprestakall haldi sér eins og það er og Hrunaprestakall eins og það er og Hraungerði breytist eitt og þar verði ekki nema tvær sóknir. Stóra-Núpsprestakall er svo þekkt, að ég þarf ekki að lýsa því hér mikið, en vil aðeins geta þess, að samkv. þeim upplýsingum, sem fyrir liggja í frv., verða í því eftir minni brtt. 588 manns, þ. e. í Stóra-Núps-, Hrepphóla- og Ólafsvallasóknum. Hrunaprestakall verður með tæplega 300 manns eftir minni brtt., og Hraungerðisprestakall verður þá, þegar Ólafsvallasókn hefur verið tekin frá því, með 428 manns, en Selfoss með rúmlega 1100.

Nú vil ég einnig geta þess, að þessar sveitir, sem þarna er um að ræða, Hrepparnir, eru í mikilli framför; það er stóraukinn býlafjöldi á hverju ári, býli rísa upp, ungir bændur reisa þar nýbýli á jörðum feðra sinna, og þarna er t. d. mikil gróðurhúsaframleiðsla að rísa upp, þannig að á því er enginn vafi, eigi sveitirnar á Íslandi nokkra framtíð fyrir sér, að þá eigi eftir að stórfjölga í þessum sveitum í framtíðinni, og sé ég því enga ástæðu til þess að vera að leggja þarna niður eitt stærsta og nafnfrægasta prestakallið í sveit, sem svona er ástatt um. En ef til vill hefur þetta, að leggja Stóra-Núpsprestakall niður, verið eitt af því, sem hv. 1. þm. N-M. fékk í sinn hlut, en hafi svo gefið það eftir í staðinn fyrir það að láta einn prest koma að Selfossi.

Ég skal nú láta máli mínu lokið, en vænti þess, að þær brtt., sem fluttar eru við frv. og horfa til bóta, verði samþ. og síðan verði frv. samþykkt.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég lýsti því við 1. umr., að ég væri alveg mótfallinn því frv., sem hér liggur fyrir, og aðalástæðan væri sú, að ég teldi, að með því að fækka svo mjög prestum í sveitum landsins sem gert er í frv., þá væri gerð bein tilraun til þess að flytja fólkið til frá sveitunum í kaupstaði eða þorp, eða þar sem fjölgun er fyrir. Það er ekki einasta, að með þessu frv. yrði tekin þessi tala presta frá þessum héruðum, heldur yrði tekin jafnhá tala kennara, þar sem settir eru kennsluprestar, en áður hafa verið bæði prestar og kennarar. Ég veit ekki, hvort hv. menntmn. hefur athugað þetta atriði, en sýnt er, að hér er höggvið tvisvar sinnum í sama knérunn. Ég tel það meira virði fyrir þjóðina, að hægt sé að halda menntamönnum í dreifbýlinu í samvinnu við fólkið, en það fé, sem við það sparast að fækka embættum, eins og hér er lagt til, og af þeim ástæðum er ég algerlega á móti þessu frv. eins og það liggur fyrir. Ég sé einnig, að sparnaður við frv. er raunverulega enginn, þar sem prestaköllunum er haldið í frv., og þessi röskun mundi hafa það í för með sér, að stórkostlegar kröfur kæmu á hendur ríkissjóði á næstu árum um að byggja upp nýja prestsbústaði á þeim stöðum, þar sem prestum er fjölgað, og á þeim stöðum kosta prestsbústaðir meiri peninga en í sveitum, t. d. í Reykjavík, og það mundi enn skapa það ástand, að gengið væri á rétt sveitanna. Ég man, þegar frv. var hér til umræðu fyrir nokkru síðan þess efnis, hvar fyrst ætti að byggja prestsbústaði, að ég gerði till. um það, að látið yrði ganga fyrir að byggja þá á jörðum ríkisins úti á landi, en sú till. var felld, og þess vegna hefur mestu af því fé, sem veitt hefur verið til byggingar prestsbústaða, verið varið til þess að koma upp slíkum bústöðum hér í Reykjavík og í þéttbýlinu. Ég tel, að þetta sé að fara í öfuga átt og sé mjög vanhugsað af þeim mönnum, sem að þessu máli standa, og liggur annað á bak við en til er ætlazt, enda ber frv. það með sér, og þær till., sem koma frá 1. þm. N-M., bera það beinlínis með sér, að það liggur sýnilega annað á bak við málið en uppi er látið. Það er nú þjóðkunnugt, að því meiri fávizka sem ríkir í héruðunum, því meiri völdum nær Framsfl., eftir því sem upplýsingastarfsemin er minni, og það er þetta, sem er höfuðástæðan fyrir því, að kirkjumálaráðh., 1. þm. N-M. og form. mþn. fara svona með þessi mál. En hitt er líka sýnilegt, að hér eru ákveðnir menn að reyna að ná tökum á tekjum ríkissjóðs, sem þeir gætu farið með eftir sinni vild, sbr. þau mörgu prestsseturshús, sem hér eru lögð niður og heimilað að selja úr eigu ríkisins. Það er þess vegna annað en umhyggja fyrir kirkjumálum landsins, sem liggur hér á bak við.

Ég skal svo snúa mér að hinu, þ. e. meðferð málsins í hv. menntmn. Raunar hafði menntmn. gert það fyrir ráðh. að flytja frv., en það var þegar vitað, að n. var ekki sammála um málið, og þess vegna var því vísað aftur til hennar og sýnilegt, að þegar málið kemur úr n. nú, er hún jafnklofin og þegar hún flutti málið, en samt þorir enginn nm. að skrifa nál. í þessu stóra máli, og gögnin, sem n. hafa borizt, eru ekki einu sinni látin opinberlega fram fyrir þm., svo að þeir geti séð þau og gagnrýnt, heldur er þeim bara stungið undir stól, en heyrzt hefur á form. n., að ýmis gögn hafi komið til hennar í sambandi við þetta mál, en þau mega þm. ekki sjá, og er ég hræddur um, að slíkt geti ekki talizt sæmilegt. Hv. n. ætlast þó víst

ekki til, að tölurnar verði falsaðar, eins og einn nm. falsaði tölur í fjvn.? (HV: Það er ósatt.) Ég geri að minnsta kosti ráð fyrir, að eðlilegast væri, að gögnin væru prentuð hér, svo að hver þm. gæti haft þau fyrir framan sig, í stað þess að láta þau liggja og koma ekki fram. Það er sannarlega ekki til sóma fyrir form. að afgr. málið þannig, að skrifa ekki um það nál., né heldur fyrir neinn nm. að skila því þannig, að u. er jafnmargklofin og það eru margir menn í henni, en ekki einn stafur til upplýsinga í málinu. Er það af því, að þeir þori ekki að láta lesa í útvarpinu afstöðu sína til málsins, því að sé skrifað nál., er það sent út til þjóðarinnar? Það skyldi þó ekki vera, að þeir þyrðu ekki að láta þjóðina vita um afstöðu sína til þessa máls?

Ég skal þá fara nokkrum orðum um frv. sjálft, því að eins og hæstv. forseti minntist á við 1. umr., var ekki ætlazt til, að farið yrði í hverja grein við 1. umr., en nú vildi ég minnast *á hinar einstöku greinar.*

Það er tekin hér inn í frv. undir rómv. III, þ. e. Austur-Skaftafellsprófastsdæmi, heimild handa kirkjustjórninni til að selja Sandfell og flytja prestssetrið á hentugri stað. Nú er ekki sett inn í frv., hvar sá staður á að vera, og n. hefur ekki getað ákveðið sig um það. Hins vegar er til heildarlöggjöf um sölu kirkjujarða. Mér er nær að halda, að hér sé verið að reyna að búa svo um hnútana, að hægt verði að selja kirkjujarðirnar, sem eru eign ríkisins. Það má vera, að það sé hugsað með svipuðum hætti og salan á Kaldaðarnesinu á sínum tíma, sem fræg er að *endemum.*

Þá er lagt til í frv., í 1. gr. VI, að Þingvalla- og Úlfljótsvatnssóknir verði sameinaðar með prestssetri að Þingvöllum. Ef málið gengur áfram í gegnum þessa umr., mun ég bera fram brtt. við þennan lið. Ég álít, að á Þingvöllum eigi að vera sérstakt heiðursprestakall, þar sem kristni var lögleidd á Íslandi. Af þeim sökum er viðeigandi, að þeim stað sé sýnd meiri virðing í þessum efnum en öðrum á Íslandi, og mun ég bera fram brtt. við 3. umr. varðandi þetta.

Í 1. gr. VIII er gert ráð fyrir, að í Reykjavíkurprófastsdæmi skuli jafnan vera svo margir *prestar, að sem næst 5000 manns komi á hvern.* Með þessu fyrirkomulagi er farið inn á allsendis nýjar brautir í þessu máli. Með því móti er sóknunum skipt í 5 þúsund manna sóknir, án þess að Alþingi hafi þar nokkurn hlut um að segja eða samþykki þá skiptingu. Nú hefur hv. 11. landsk. borið fram brtt. við þetta, og mun ég athuga þetta frekar, er ég ræði síðar meir um þetta atriði.

Í lið XVI er gert ráð fyrir, — en á þeim slóðum ætti hæstv. kirkjumrh. að vera kunnugastur, — að Staður í Steingrímsfirði heyri undir prestinn í Hólmavík, ásamt Drangsness-, Kaldrananess- og Kollafjarðarnesssóknum. Þetta er alveg fráleitt og hlýtur að vera ofviða. Þess utan er Árnessókn með prest í Árnesi. Ég held, að það sé erfitt að finna þessu nokkur rök nú. Er það kannske meginorsökin fyrir þessu brölti, að ætlunin sé að selja ábúandanum í Kollafjarðarnesi jörðina? Þetta sér hver maður, að það er ekki hægt fyrir einn prest að þjóna svo stóru umdæmi. Og hversu kunnugur sem hv. 1. þm. N-M. segist vera þessum málum, þá met ég meira þær upplýsingar, sem koma frá þeim mönnum, sem starfað hafa á þessum slóðum árum saman.

Hér er í 2. gr. frv. fjallað um það, hvernig að eigi að fara í Reykjavík á fundum safnaðaráðs, sem koma á í stað sóknarnefnda. Ég skil ekki, af hverju þessarar breytingar er þörf, hvers vegna sóknarnefndirnar starfi ekki áfram sem verið hefur eins og á öðrum stöðum. Safnaðaráðið á þó að fjalla um sömu mál, en á einnig að gera till. um breyt. á sóknum prófastsdæmisins, m. ö. o., það á hér að aka til sóknunum án afskipta Alþingis.

Í 3. gr. segir, að í kaupstöðum utan Reykjavíkur skuli prestar vera það margir, að sem næst 4000 manns komi á hvern prest. Ég held, að ekki beri að samþ. ákvæði um það. Í Hafnarfirði eru nú um 4 þús. íbúar, og eftir því ættu þeir að hafa einn prest. Þessu eiga menn *að geta ráðið sjálfir, og því er ég á móti.*

Í 5. gr. eru ákvæði um það, að sveitarfélögum kaupstaða og kauptúna sé skylt að leggja til ókeypis lóðir undir kirkjur og prestssetushús, sem reist verða samkv. l. þessum. Þetta ákvæði er í gildandi l., en sá galli er nú á, t. d. hvað varðar hinn nýja prest hér í Reykjavík, að hann hefur ekki getað fengið úthlutað lóð, sem væri í hans eigin sókn. Eðlilegra væri nú, að prestssetushúsið væri í þeirri sömu sókn og hann þjónar, en ekki suður í Kópavogi eða suður á Seltjarnarnesi.

Í 6. gr. frv. er talað um prestaköll, þar sem *prestarnir skulu jafnframt og þeir þjóna* brauði sínu gegna kennarastörfum. Ég er þessu sammála, og tel ég rétt að sameina prestsstarfið og kennslustarfið að nokkru leyti. Slíkt fyrirkomulag gefur prestunum meira starfssvið. Um aldir hafa prestar haft mikil afskipti af kennslu á Íslandi. Hafa þeir lagt mikinn skerf til menntunar landsmanna, og tel ég eðlilegt, að slíkt haldi áfram á þeim stöðum, þar sem það hentar.

Í 7. gr. er gert ráð fyrir, að biskup ráði tvo aðstoðarpresta, sem gegni þjónustu í forföllum sóknarpresta. Ég er andvígur þessu, og ef spara á með þessu frv. og fækka prestum, þá *tel ég þetta ekki vera neitt* til sparnaðar. Ef verja á fé til þess að kosta tvo aukapresta, þá vil ég heldur setja þá niður á ákveðnum stöðum. Ef brauð losna, þá er eðlilegast að setja þangað unga presta, en engin ástæða til þess að hafa umferðarpresta. Það á ekki að taka prestana frá fólkinu og senda þá um landið. Ég veit, að kirkjustjórninni hefur reynzt erfitt að útvega prest á suma staði, en það er aðeins fyrir það, hversu illa hefur verið að prestunum búið í sveitahéruðunum. Þeir hafa orðið að sætta sig við léleg laun og lélegt húsnæði, og hefur þetta verið notað sem aðalástæða fyrir því, að fækka skuli prestum í dreifbýlinu.

Í 8. gr. er sagt, að andvirði prestssetra þeirra, sem lögð verða niður samkvæmt lögum þessum, skuli verja til húsbygginga og annarra endurbóta á prestssetrum í viðkomandi prestaköllum. Hér er ekkert getið um það, hvort selja eigi jarðirnar hæstbjóðanda. Fasteignamat á þessum

stöðum er varla nema 5—10 þús. kr., og er hætt við því, að þetta verði ekki háar upphæðir.

Samkvæmt 13. gr. frv. er gert ráð fyrir, að þessi lög gildi frá 1. jan. 1952 og falli þá úr gildi lög nr. 37 14. marz 1951, sem taka áttu gildi á sama tíma og þessi lög. Ég bendi aðeins á þetta fyrir n. til athugunar á milli umr.

Ég vil vekja athygli á því í sambandi við þetta mál, að í grg. þeirri, sem fylgir frv., segir: „Árangur og niðurstöður þessarar endurskoðunar er frv. það, sem hér fylgir. Öllum nefndarmönnum er það þó fullkomlega ljóst, að hér hefur verið hafður fullmikill hraði á, og hefði vitanlega verið ákjósanlegt og enda nauðsynlegt að geta haft fyllra samband við alla þá söfnuði, sem breytingarnar ná til, — og geta betur kynnzt skoðunum þeirra og aðstæðum öllum í þessum efnum.“ Hér er viðurkennt í grg., að flanað hafi verið um of að þessu máli. Ég er að því leyti sammála því, sem kemur fram í grg., að taka þyrfti þetta mál til athugunar að nýju með mikilli gaumgæfni, en það vill menntmn. ekki taka til greina. — Enn fremur segir í grg.: „Í dreifbýlinu hafa hins vegar allmörg prestaköll verið prestslaus árum saman. Stafar það einkum af tvennu, að prestssetrin á viðkomandi stöðum hafa verið mjög illa hýst og allmikil ekla á prestum hefur verið undanfarin ár.“ Eins og ég sagði áðan, er meginástæðan fyrir því, að prestunum fækkar, sú, að ekki er búið að þeim sem skyldi. Hins vegar hefur nú fjölgað mjög í guðfræðideild háskólans, þannig að hið síðara er fyrir hendi, að prestlærðir menn verði nógu margir. Nefndin vill komast hjá að gera hér raunverulegar lagfæringar, en flytja prestssetrin og byggja upp á öðrum stöðum, þar sem það kemur að minna gagni og minni er þörfin. — Enn fremur segir í grg.: „Og við guðfræðinám eru nú miklu fleiri stúdentar en nokkru sinni áður, eða hátt á fjórða tug alls.“ Þetta virðist ekki heldur liggja til grundvallar meðferð málsins hjá nefndinni. Ef það er eitthvað annað en ég hef minnzt á, þá getur það ekki verið annað en það, að n. telji, að það sé nauðsynlegt að auka sálgæzluna í þéttbýlinu frekar en í dreifbýlinu. Ég á erfitt með að trúa því, að þetta sé skoðun manna í nefndinni. Þetta er svo mikið ranglæti, að mig undrar það, að um slíkt skuli geta verið samkomulag í 5 manna nefnd. Það á ekki að svipta héruðin prestunum, og það mun kosta miklu meira fé að byggja yfir fjölda presta í bæjunum en að gera prestsseturhúsin sæmilega úr garði úti í sveitunum. — Í grg. segir einnig: „Prestakallaskipunin verður því fyrst og fremst að miðast við þörf safnaðanna á prestsþjónustu og óskir þeirra og það, að kirkjulegt starf geti orðið að sem mestum notum fyrir þjóðina.“ En er þetta frv., eins og það liggur fyrir, ósk safnaðanna? Er það nú ósk þeirra? Ég held, að enginn mæli sterkar gegn frv. en n. sjálf. Helzt er mér að halda, að n. hafi alls ekki lesið grg., og algerlega er gengið í berhögg við hana í frv. „Að kirkjulegt starf geti orðið að sem mestum notum fyrir þjóðina“, stendur í grg. Nú spyr ég, hvort slíkt sé betur tryggt með því, að prestarnir séu fluttir úr sveitinni í bæina. Ég tók berlega fram í ræðu minni um daginn, að án efa hefðum við ekki fengið ýmis þau menningarverðmæti, sem unnin hafa verið af prestum, sem þjónað hafa í dreifbýlinu, ef þeir hefðu setið í bæjunum. Ég benti meðal annars á Passíusálmana, ljóð Valdimars Briems og verk Jóns Vídalíns og trúarljóð Matthíasar Jochumssonar. Verk þessara manna hafa um langan aldur verið andleg næring fyrir þjóðina. Svo vill n. fara að dæma um þetta, en ég leyfi mér að mótmæla skoðunum hennar á málinu. Það er verið að vinna skemmdarstarf með þessu frv., og ef n. finnst svo mikið við þurfa að auka sálgæzluna í bæjunum, þá á að fjölga prestum á þeim stöðum, án þess að það verði á kostnað sveitanna. Form. n. hefur lýst því fyrir fram yfir, að hann vildi afnema alla presta. Hv. 1. þm. N-M. hefur látið svo í veðri vaka, en jafnframt vill hann auka fjárútlát til bygginga fyrir prestana. Ég verð annars að segja, að það eru merkilegar sálir, sem senda hv. 1. þm. N-M. á þing. Fyrst leiðir hann sauðfjársjúkdómana yfir þjóðina, en síðan ætlar hann að svipta sveitirnar prestum sínum. Ég veit ekki, hvernig þroska þess fólks er háttað, sem sendir slíkan mann á þing sem fulltrúa sinn, en hv. þm. virðist halda, að hann geti boðið kjósendum sínum allt.

Hér í grg. er einnig þess getið, að n. hafi leitað álits allra sóknarnefndaformanna í þeim prestaköllum, sem leggja skyldi niður samkv. l. nr. 37 14. marz 1951, og leitað álits þeirra á lögunum. Svo segir: „Svörin báru það ótvírætt með sér, að sterk andúð var á því heima í héruðunum, að prestaköllin yrðu lögð niður.“ Varla er nú hægt að taka skýrar fram, hvern hug sóknarnefndirnar bera til þessa frv. Ég veit satt að segja ekki, hvaða dula hefur verið fyrir augunum á þessum mönnum.

Hér er skýrsla prentuð með frv., sem sýnir fjarlægðir á annexíur. Þess er þó að geta, að þessi skrá stenzt ekki, þannig að ekki er hægt að fara á milli sumra staðanna, nema þegar gott er veður.

Ég skal nú ekki ræða frekar einstakar greinar frv., en taka að ræða einstakar brtt., sem komið hafa fram við það.

Það er þá fyrst brtt. frá hv. 11. landsk., sem prentuð er á þskj. 309. Ég vil nú leyfa mér að spyrja þennan hv. þm., hvort þessar tilfærslur, sem þar er lagt til að gerðar verði, séu í samræmi við vilja hlutaðeigandi sóknarnefnda. Hv. þm. hefur lýst því yfir, að hann taki aftur til 3. umr. till. undir d-lið á þskj. 309, um skipun presta í Reykjavíkurprófastsdæmi. Ég held, að margar af brtt. hans séu til bóta, ef þær ná fram að ganga. Mun ég því greiða atkv. með þeim, ef frv. verður samþ. og gengur til 3. umr.

Ég ætla þá að snúa mér að hv. 1. þm. N-M., bæði vegna þess, að ræða hans var ýtarleg, og eins hefur hann setið í n. En það einkennilega við ræðu hans var það, að hann lýsti því yfir, bæði í upphafi og endi ræðu sinnar, að það gleddi sig, að prestarnir ætluðu að baslast á prestssetrunum í vetur og að þeir hefðu orðið magaveikir af kaffidrykkju. Þetta var hans mesta gleði yfir málinu. Er nú hægt að hugsa sér meira virðingarleysi við þetta mál, sem hér er um rætt? Hann vill byrja á því að leggja niður

eitt embætti, fækka um einn prest í Hofteigsprestakalli. Hann segir, að það muni kosta ½ millj. að byggja þar upp og fá nýjan prest. Hvers virði er þá fyrir héraðið að fá byggt upp þar? Hvort er þá betra að byggja yfir prest í Reykjavík t. d., því að ekki ætlar hann að fækka prestunum? Hann segir, að í Kirkjubæ séu sæmilegar byggingar, en vill samt fækka þar. Eiða vill hann leggja niður sem prestssetur. Hann segir, að þetta sé eðlileg tilfærsla, og vill leggja Eiða undir Vallanes, af því að vegur sé kominn þangað. Meginrök hans eru þessi, að vegir séu komnir um héraðið. En hann gleymir því, að flestir þessir vegir eru ófærir bílum á veturna, og verður þá að fara á hestum eða gangandi. Hann vill einnig leggja niður Mjóafjörð, og ég verð að segja það, að ef á annað borð á að fækka prestum, finnst mér rök hans einna sterkust þar. Ég er ekki nógu kunnugur til að ræða um sumar tilfærslur hans. En ég skal ræða um það, sem ég þekki til, t. d. till. hans um að leggja Múlasókn undir Brjánslæk. Hann sagði, að í Múlasókn hefðu verið haldnar innan við 10 messur árlega að undanförnu. En það er vegna þess, að engin kirkja er þar. Þegar Múli var seldur, var þar bændakirkja, og fylgdi sú kvöð, að hún skyldi endurbyggð, en það hefur ekki verið gert, eftir að hún fauk. Jörðin var aftur seld 1937 og enn með þessari kvöð og féð afhent hinum nýja kaupanda, en það hefur ekki komizt í verk enn þá að endurbyggja kirkjuna. Hv. 1. þm. N-M. talaði um bílfæran jeppaveg yfir Þingmannaheiði, en hún hefur alltaf verið talin einn erfiðasti fjallvegur á Íslandi. Eða hvað sagði Þorsteinn Erlingsson? Og ég er ekki farinn að sjá þann prest, er mundi vilja þjóna Múla frá Brjánslæk, landveg að vetri til, og mundu fáir prestar hafa efni á að hafa hesta á eldi til þess. Þá er að fara sjóleiðina, en það er meira en helmingi lengri leið en frá Flatey. Ég er steinhissa á formanni n., ef hann hefur allt að því fallizt á þetta. Hitt er svo annað mál, að ég tel ekki frágangssök, að Flatey yrði kennsluprestakall, þótt Múla yrði líka þjónað þaðan. En hverjum er að kenna, að enginn prestur hefur fengizt að Brjánslæk? Sannleikurinn er sá, að eins og jörðin er farin, er útilokað, að það vilji nokkur prestur setjast þar að. Það hefur verið settur ágætur prestur þar, en hann varð að hrekjast af prestssetrinu. Mér hefur verið sagt, að jörðinni hafi verið skipt þannig, að presturinn komist ekki til sjávar nema fara yfir land bóndans. Og þetta er gert með æviábúð. Formanni n., sr. Sveinbirni Högnasyni, var kunnugt um það, er hann var með mér á fundi í sumar, að þetta var reginhneyksli.

Þá leggur hv. 1. þm. N-M. til, að Hrafnseyri verði lögð niður. Hann ætlar að vísu að taka þá till. til baka til 3. umr. En ég get fullvissað hv. 1. þm. N-M. um það, að þótt hann kæmi þessum vilja sínum fram núna, þá verður ekki hætt fyrr en Hrafnseyri verður gerð að prestssetri aftur. Menn hafa ekki gleymt nafni Jóns Sigurðssonar á Vestfjörðum, þótt það sé gleymt í Norður-Múlasýslu. Og menn á Vestfjörðum hafa ekki heldur gleymt þeim menningarstraumum, sem hafa runnið þaðan nú á síðari tímum, svo að mörgum fátækum, en efnilegum ungum mönnum hefur veitzt kostur á að fá þar sína fyrstu kennslu, sem þeir hefðu ekki getað hlotið ella. Og það er mergurinn málsins, að það er verið að taka frá þessum mönnum möguleikana á því að fá þessa undirstöðumenntun, sem þar hefur verið veitt, eins og á svo mörgum stöðum öðrum.

Ég skal nú ekki ræða frekar um þessar till., ég hef sýnt fram á með rökum, að þessar till. hv. 1. þm. N-M. eru byggðar á vanþekkingu eða af illum hvötum runnar, nema hvort tveggja sé. Þær eru að minnsta kosti ekki byggðar á þekkingu eða umhyggju fyrir velferð þjóðarinnar. Það er eitthvað annað, sem liggur á bak við. — Ég vil svo að síðustu leyfa mér að bera fram skriflegar brtt., ef málið skyldi ganga til atkv. Hljóða þær svo:

„1. Í staðinn fyrir 1.—12. gr. kemur ein grein, er verður 1. gr. og orðast svo:
Í stað orðanna „1. janúar 1952“ á tveim stöðum í 3. gr. laga nr. 37 1951, um breyting á lögum nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla, kemur: 1. janúar 1953.
2. Við 13. gr. (verður 2. gr.). Greinin orðast svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.
3. Fyrirsögn frumvarpsins orðast svo:
Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 37 1951, um breyting á lögum nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.“

Það er að segja, að l., sem eiga að ganga í gildi núna um áramótin, verði frestað um eitt ár, til þess að mönnum verði gefið betra tækifæri til að hugsa um málið. Ég vil benda á það, að væntanlega verður þessu þingi slitið fyrir jól, og þá mundu l. frá í fyrra koma til framkvæmda. Bezta lausnin er því að samþykkja þessa till. til að gefa líka fólkinu í landinu tækifæri til að hugsa um þetta, svo að það fari ekki svo vanhugsað frá þinginu sem það er nú.

Forseti (LJóh): Það er komin fram till. frá hv. þm. Barð., sem leita þarf tvöfaldra afbrigða um.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 337) leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Það gerðust nú á þessari svipstundu þau tíðindi, er breyta svo minni afstöðu, að ég mun ekki ræða mjög mikið um efni frv., en það er hin mikla brtt. þm. Barð., en ég mun athuga, hvernig till. reiðir af og hverjar undirtektir hún fær, því að undir því er nú komin afgreiðsla málsins. En ég stóð upp aðallega til að leiðrétta nokkur atriði hjá hv. þm. Barð. Hann var harðskeyttur og ekki góðorður, er hann talaði um n. og sagði, að nm. væru dragbítar á málinu og þeir slóðar að gefa ekki út nál. Það var að vísu hægt að gefa út nál., og ef hv. þm. Barð. hefði verið þar að verki, hefði það nál. orðið 4—5 folíoarkir. Málinu var ekki vísað til n., og milliþn. hafði um það fjallað, en það er ekki heldur venja að skila nál., þegar máli er ekki vísað til n., en grg. mþn. var tekin

upp með frv. Ég hef talað við þann mann, sem hefur mesta þekkingu á þessum atriðum, og hann sagði, að þegar máli er ekki vísað til n., sé ekki nauðsynlegt að skila nál. — Það var annað, sem hv. þm. talaði um, það var, hvað við létum prenta lítið í þessu máli. Við tókum allt, sem kom frá milliþn., einnig bréf frá stjórn Prestafélagsins og biskupi. Þetta létum við allt prenta, en ég skal játa, að aðeins 27 skjöl hafa okkur borizt síðan, og hefði verið um of að láta prenta þau öll. En þetta voru skjöl send frá biskupsskrifstofunni, en það var ekki hægt að prenta þau, þótt viljað hefðum, vegna þess að þau voru send frá biskupsskrifstofunni 29. nóv., komu til okkar 30. nóv. En hv. 6. landsk. hefur allt þetta fyrir framan sig á borðinu núna, og hv. þm. Barð. hlýtur að sjá, að þetta er ekki slóðaskap að kenna. — Þessu vildi ég skýra frá til að sýna, að n. hefur ekki orðið svo mjög á í þessu máli.

Um minar till. er það að segja, að enginn mun hafa neitt við þær að athuga, nema vera kynni hv. 2. þm. Árn. En okkur hv. þm. Barð. kemur annars prýðilega saman í flestum efnum, að minnsta kosti um farandprestana, en mér er ekki enn ljóst, hvort svo verður um allar aðrar till. í þessu máli. — Hvað viðvíkur þeirri till. minni, að Bjarnarhafnarsókn skuli heyra undir prestinn á Setbergi, þá hef ég þar ummæli prestsins í Stykkishólmi, að það heyri betur saman, að þeirri kirkju sé þjónað þaðan, og komi einhvern tíma til þess, að presturinn á Setbergi geti ekki komið því við að þjóna í Bjarnarhöfn, þá held ég, að þeir ættu að geta kallazt á og haft samband sín á milli, því að ég veit ekki, hvar ætti að vera gott samkomulag og skilningur, ef ekki á milli prestanna í landi voru.

En það er eitt, sem ég er ekki sammála hv. þm. Barð. um, en það er, að prestar geti ekki skapað andleg verðmæti, nema þeir búi í dreifbýli, að þeir prestar, sem í þéttbýli hafa búið, hafi ekkert lagt af mörkum í þeim efnum. — Þó að ekki sé vitað, að til hafi orðið neinar Vídalínspostillur hjá dómkirkjuprestunum hér í Reykjavík, þá er það að engu síður vitað, að margir af þeim hafa verið frábærir prédikarar, jafnvel þó að ekki sé með talinn prófessor Haraldur Níelsson, sem er einn mesti ræðumaður í prestastétt, sem við höfum nokkurn tíma átt. Og ég held líka, að þeir Valdimar Briem og Matthías Jochumsson hefðu ekki ort síðri sálma, þó að þeir hefðu verið í Reykjavík, — ég held, að Matthías hefði ekki ort síðri verk, þó að hann hefði ekki verið í Odda og þurft að standa í löngum og miklum ferðalögum bæði innan sóknar og utan.

Ég sé svo ekki ástæðu til að þrátta neitt um þetta að sinni og ekki fyrr en ég sé, hvern hug hv. þm. bera til þeirra brtt., sem ég hef hér borið fram.

Hannibal Valdimarsson: Þegar þetta frv. um breytingar á prestaköllum kom hér fram í þinginu í fyrra, var þegar auðséð, að hér var um viðkvæmt mál að ræða, og var því ráðstafað á annan hátt en í fyrstu var hugmyndin og enn tekið til meðferðar á milli þinga af milliþn., sem í áttu sæti nokkrir af mætustu mönnum hinnar íslenzku kirkju auk leikmanna. Nú hefur þessi nefnd lagt þetta frv. fram, og sést nokkuð af því, hvernig kirkjunnar menn líta á þetta mál, því að með frv. eru prentuð tvö fylgiskjöl, annað frá Prestafélagi Íslands og hitt frá biskupi Íslands, og má af þeim ráða, að þessir aðilar eru ánægðir með frv. og álíta það vera til bóta. Í öðrum gögnum, sem frv. fylgja, en það eru umsagnir frá prestum landsins, kemur einnig í ljós, að þeir eru yfirleitt ánægðir með það og telja, að það sé í flestum atriðum til mikilla bóta.

Það virðist því, að málið hafi einróma stuðning kirkjunnar, en hins vegar hefur heyrzt rödd, sem varar við að samþykkja það, en það er rödd hv. þm. Barð. Hann hefur ráðizt svo harkalega á þetta frv., að hann hefur ekki sparað hér brigzlyrði og allt að því meiðyrði um þá menn, sem þarna eiga hlut að máli. Það er ekki nóg, að hann hafi þar ráðizt á andstæðinga sína, eins og Páll Zóphóníasson, heldur hefur hann einnig haft þessi ummæli um prófessor Ásmund Guðmundsson og biskupsritara Svein Víking, og hann hefur haldið því fram, að þessir menn bæru svo þungan hug til kirkjunnar, að þeir muni nú nota tækifærið til að bera banaorð af henni. En það vill nú svo vel til, að þarna ætlar hv. þm. að gerast bjargvættur kirkjunnar, þegar bæði guðfræðiprófessor og biskupsritari ætla að granda henni. Það liggur við, að manni detti í hug við þessa björgunarstarfsemi hv. þm. þessi gamli vísupartur: „Því þessu var aldrei um Álftanes spáð, að ættjörðin frelsaðist þar.“ — Ég skal nú ekki fara um þetta fleiri orðum, en víkja nokkuð að málinu í heild.

Ég vil byrja á að taka það fram, að ég tel það hafa verið rétta málsmeðferð, þó að menntmn. hafi ekki gefið út nál. að fengnum upplýsingum biskupsskrifstofunnar, enda er það líka svo, að þó að meiri hl. n. sé kannske frv. fylgjandi í öllum meginatriðum, þá er það svo, að einstakir nm. vilja hafa rétt til að bera fram við það sínar sérstöku brtt., sem líka væri vo ekki víst, að næðu fram að ganga, þó að meiri hl. n. væri þeim samþykkur. Það varð því ekki heldur af því, að nefndin flytti neinar brtt. sjálf, heldur farin hin leiðin, að hver þm. flytti sjálfur sínar brtt. Það má vera, að þm. deildarinnar sé þetta ekki fyllilega ljóst enn, og má þá ef til vill telja það ágalla á málsmeðferðinni.

Um mína persónulegu afstöðu til þeirra till., sem fram eru komnar, er það að segja, að ég mun greiða mitt atkv. með öllum till. hv. 11. landsk. þm., enn fremur mun ég greiða atkv. með allmörgum af till. hv. 1. þm. N-M. og sennilega með einni af till. hv. þm. Árn.

Þá vil ég fara fáeinum orðum um þær till. hv. 1. þm. N-M., sem ég get ekki með öllu fallizt á, það er 24.—26. brtt. hans. Hann leggur þar til, að við Ísafjarðarprestakall verði bætt Eyrarsókn, en kirkjan er nú á Eyri í Seyðisfirði. Í frv. er gert ráð fyrir því, að selja megi Hvítanes og flytja prestssetrið á hentugri stað, og gæti þá jafnframt andvirði þess orðið til

þess að reisa prestssetur á þeim stað, og hefur þá jafnframt verið haft í huga, að prestssetrið gæti í framtíðinni orðið í Súðavík, þar sem presturinn hefur orðið að sitja og hefur komið upp sunnudagaskóla og telur sig geta haft meiri áhrif þar í fjölmenninu en þar, sem prestssetrið er nú. Hins vegar held ég, að Ísafjarðarpresturinn hafi nóg að gera, þó að þessu sé ekki bætt við hann. Ég mun þess vegna leggja á móti þessari till. og sömuleiðis till. 25—26, sem leiðir hverja af annarri. Það kann þó að vera, að þar gegni nokkuð öðru máli.

Þá er það, sem varðar 80. tölulið þessa frv. Þar er lagt til, að Staðarsókn í Aðalvík verði lögð niður, og er það ef til vill ekki að undra, þar sem aðeins eru 3 persónur á Hesteyri og 30 í Aðalvík og nokkrar í Látrum og prestssetrið í eyði. Nú er engin vissa, að það skipaðist svo, að þetta þyrfti að fara í auðn allt, ef þar fengist prestur til, en það verður að teljast allsendis óvíst, að nokkur vildi hverfa að því. Mér þætti það því vera spor í þá átt að leggja þetta byggðarlag í eyði, ef þetta prestakall væri lagt niður. Ég tel þess vegna ekki ráðlegt að leggja þetta prestakall niður, þannig að Staðarprestakall í Aðalvík verði lagt undir Stað í Grunnavík, — ég held, að það væri að stuðla enn frekar að því, að þetta byggðarlag leggist alveg í eyði. Ég mundi því leggja til, að sett yrði inn „klásúla“ í frv. um, að þetta yrði ekki lagt niður.

Þá vil ég fara nokkrum orðum um frv. í heild og það, sem ég tel að sé helzt ábótavant við það. Er það þá einkum 6. gr., þar sem rætt er um hin svonefndu kennsluprestaköll, en svo er ráð fyrir gert, að til verði 10 kennsluprestaköll, þar sem svo fá sóknarbörn eru, að það er ekki talið vera fullt starf fyrir prestinn að annast kallið, en greinin hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Sóknarprestarnir á Skeggjastöðum, Mjóafirði, Hofi í Öræfum, Sauðlauksdal, Hrafnseyri, Súgandafirði, Árnesi, Hvammi í Laxárdal, Grímsey og Raufarhöfn skulu jafnframt gegna þar kennarastörfum, og taka þeir þá laun fyrir hvor tveggja þessi störf í næsta launaflokki fyrir ofan aðra sóknarpresta.“

Ég skal taka það fram, að þó að svo kunni að líta út, að hið andlega starf þessara manna sé svo lítið, að þeir hafi ekki nóg að gera, og ég geti jafnframt fallizt á það, að þeir menn, sem hafa ekki nema brot úr starfi að gegna, haldi ekki til lengdar fullum andlegum kröftum, þá er þess að gæta líka í þessu sambandi, að í fyrsta lagi þarf nokkurn tíma til að koma þessu skipulagi á. Þeir prestar, sem nú útskrifast úr guðfræðideild, hafa ekki kennararéttindi frá Kennaraskólanum og hafa þess vegna ekki rétt til að annast kennslu. Og svo er það annað, að þeir menn, sem í framtíðinni leggja stund á guðfræði, munu ekki ávallt, þegar þeir hefja nám, vita það fyrir, hvort þeir muni sækja um þessi kennsluprestaköll, og þess vegna ekki hægt fyrir þá að sjá, á hvern hátt þeir eiga að haga sínu námi, og jafnvel þegar þeir hafa fengið kennararéttindi, er ekki víst, að þeir vilji heldur verða prestar en kennarar. Það er með öðrum orðum margt, sem af þessu gæti leitt, og ég held, að þetta líti betur út á pappírnum en það muni verða, þegar til framkvæmdanna kemur.

Þegar ég líka fór að blaða í bréfum, sem hv. menntmn. bárust 1. des. og ég sá ekki fyrr en í dag, sá ég, að það eru menn meðal prestanna, sem telja þetta varhugavert. Þar á meðal sá ég tvö bréf frá prestum, sem ég þekki nokkuð til. Annað þeirra er frá Magnúsi Guðmundssyni, presti í Ögurþingum, og vil ég leyfa mér að lesa hér upp úr því dálitinn kafla, en hann segir um þetta atriði, eftir að hann hefur rætt frv. í heild og lýst yfir ánægju sinni yfir framkomu þess og hefur lýst því yfir í upphafi, að hann telji, að þetta frv. muni geta orðið til stórra bóta:

„Þó er ég mótfallinn því ákvæði frv., að prestar séu skyldaðir til þess að taka að sér störf barnakennara jafnframt hinu eiginlega prestsstarfi, og legg því til, að 4. gr. verði felld niður. Að öðru leyti vil ég ekki gera athugasemdir við frv. að svo stöddu.“

Þessi ungi prestur er þó síður en svo mótfallinn því að hafa samskipti við ungt fólk, eins og ég hef áður minnzt á.

Þá er hér í öðru bréfi lýst afstöðu prestsins á Stað í Súgandafirði. Hann rekur fyrst efnið og athugasemdir sínar við það í löngu og skilmerkilegu máli, en lýsir því svo yfir, að hann telji, að þessi kennsluskylda meðfram prestsstarfinu verði svo umfangsmikil, að það sé ekki rétt að ætla prestum það fyrir ekki meiri þóknun, auk þess sem það hafi ill áhrif fyrir annað starf prestsins. En hann segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá eru það þessi tíu prestaköll, sem ætlazt er til, að presturinn stundi barnakennslu í jafnframt prestsstarfi sínu. Þessa 6. gr. frv. tel ég skilyrðislaust eiga að fella niður úr frumvarpinu. Hún varð strax til þess að vekja hjá mér þá spurningu, hvort það væri prestsstarfið eða kennarastarfið, sem metið væri svo lítið og lítilsvert, að það gæti verið aukastarf jafnframt hinu. Að líkindum er það ekki kennarastarfið, því að svo er að sjá sem presturinn eigi að starfa sem fullgildur kennari — og verður þá auðvitað að hafa aflað sér þeirrar menntunar, sem kennurum ber lögum samkvæmt. En í skólalöggjöfinni eru ákvæði um starfstíma: 6 kennslustundir á dag, sem virðist vera ærið nóg dagsverk, þegar við bætist nauðsynlegur undirbúningur og heimastarf kennslunni viðvíkjandi. Líklega hefur því nefndin litið svo á, að það sé starf prestsins í þessum fámennari prestaköllum, sem væri svo lítið og lítilfjörlegt, að ekki munaði um það sem aukagetu.

En þá er aftur spurning: Er það í rauninni minna verk að halda uppi messugerðum í fámennum prestaköllum en fjölmennum? Það má færa rök að því, að svo er ekki, ef presturinn stundar starf sitt af samvizkusemi. Og um hin svonefndu aukastörf er það að segja, að ekki er mikill munur á því starfi, sem fer í að ferma 5 börn eða 50, eða hvort nokkrum hjónavígslum eða barnsskírnum er fleira eða færra. Nokkur munur er að vísu á því, hvort greftranir eru 5 eða 50 á ári, en ekki svo mikill, að undir-

búningstími til þeirra nemi sem svarar kennslustörfum í heilan vetur.

Að athuguðu máli mundi ég telja þessi kennsluprestaköll mjög óaðgengileg, bæði vegna þess, að þau hljóta að krefjast meira náms af prestum sínum en önnur, þ. e. a. s. kennaraskólamenntunar, og að auki gera mjög frekar kröfur til starfskrafta prestanna. Þar á ofan bætist svo, að launin eru ekki nema litlu einu hærri en hjá öðrum prestum. Kæmist þessi skipan á, tel ég, að fyrir því væri séð að miklu leyti, að þessi prestaköll væru án prests í framtíðinni, þar til annar og skynsamlegri háttur yrði upp tekinn.

Ég mundi ekki hika við að gerast heldur barnakennari við skóla, ef velja skyldi um stöðu kennara og kennslu prests, og hafa þá sumarið til að vinna upp þann fjárhagslega litla mismun, sem á launum er. En kennsluprestsstarf mundi ég aldrei taka að mér, vegna þess að ég þekki bæði störfin af reynslu.

Það mun vera hugsun um sparnað, sem kemur fram í þessum tillögum um kennslupresta. Satt að segja finnst mér það einkennilegt, ef kirkjunnar menn ganga inn á slíkar sparnaðarráðstafanir. Eða mundi ekki ástæða til að ætla, að þessi starfaofhleðsla gengi fremur út yfir prestsþjónustuna en kennsluna? Þar virðist sem ákveðnari lagafyrirmæli bindi frekar."

Raddir í þessa átt hafa heyrzt frá prestunum, þar sem þeir lýsa áliti sínu á kennslufyrirkomulagi prestanna. Þeim þykir frekar líkur til þess, að kennsluskylda prestanna muni gera prestaköllin óaðgengilegri og að síður muni fást prestar til að sækja um þau en nú. Ef þetta leiddi til þess, að erfiðara yrði að fá presta til að sækja um þessi prestaköll og um leið yrði torveldara að fá kennslukrafta í þau, þá er verr heiman farið en heima setið, og fólkinu í dreifbýlinu mundi vera gerð lítil þægð með slíkum ráðstöfunum.

Það var þetta, sem ég ætlaði að taka fram við þessa umr., og sé ég ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri. Það getur verið, að ég beri fram brtt. við frv. í tvennu lagi: Í fyrsta lagi, að prestakallinu í Aðalvík verði gefinn eins konar biðtími til að sjá, hver örlög þess byggðarlags verða, og verði prestur látinn sitja í Aðalvík fyrst um sinn. Í öðru lagi, að 6. gr., um kennsluskyldu prestanna, verði felld niður úr frv., því að ég er viss um, að hún verður hvorki til góðs fyrir kirkjumálin né kennslumálin í landinu.

Umr. frestað.

Á 38. fundi í Ed., 6. des., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 205, 235, 309, 310, 311, 337).

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég get á þessu stigi málsins geymt mér að ræða frv., með tilvísun til frávísunartill. minnar, sem liggur fyrir þinginu, þar til séð er, hvernig henni reiðir af. Er ekki ástæða til að tefja störf þingsins frekar, ef hún verður samþ.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég mun ekki eyða tíma hv. þm. í að hlusta á mig svara öllum þeim fjarstæðum, sem komið hafa fram í þessu máli, og verð ég þó að bera til baka nokkrar mestu firrurnar.

Ég vil þá fyrst snúa mér að hv. 2. þm. Árn., en hann lét þau orð falla um mínar till., að þar sem hann þekkti til, þ. e. í Rangárvallasýslu, þá væru þær fjarstæðar, og hann dró svo þær ályktanir af því, að svo hlyti að vera alls staðar annars staðar.

Nú er það lagt til í mínum till., að Kirkjuhvoll í Þykkvabæ verði lagður niður og Hábæjar- og Árbæjarsóknir verði lagðar undir Odda, en Kálfholt undir Fellsmúla. Meðan þarna var ekki kominn vegur og presturinn ferðaðist á hestum, gat þetta átt við rök að styðjast, en nú er þarna kominn vegur, og er leiðin frá Kirkjuhvoli að Kálfholti 34 km, en frá Fellsmúla að Kálfholti 35 km. Þarna munar þess vegna einum km, og eins og samgöngum er nú háttað þarna, hefur þetta ekkert að segja, svo að það, sem hv. þm. sagði um, að þetta væri fjarstæða, fellur algerlega um sjálft sig, eins og allir hv. þm. hljóta að átta sig á.

Annars var hv. þm. að afsaka sig með ókunnugleika á vegalengdum. Ég verð nú að segja, að mér finnst þetta vera heldur bágborin afsökun. Og ég vil segja það, að mér finnst, að honum beri blátt áfram siðferðisleg skylda til að vita nokkurn veginn um helztu vegalengdir hér á landi, ekki sízt þar sem hann á nú sæti í nefnd, sem fjalla á um samgöngumál. Þá finnst mér, að á þeim stöðum, þar sem hann þekkir ekki til, þá beri honum að minnsta kosti skylda til að reyna að útvega sér Íslandskort og reyna að átta sig á fjarlægðum, að minnsta kosti á þeim leiðum, sem hann á svo að leggja fram sínar till. um, hvort skuli teknar upp í þjóðvegatölu eða ekki. Og ég vil segja það, að honum ber blátt áfram skylda til að gera þetta, og það er satt að segja hastarlegt, ef hann veit ekki einu sinni um vegalengdir á annexíur, sem eru næst hans heimahögum. Honum ber skylda til að vera dómbær á þessi mál, það eru fleiri leiðir til en hérna austur að Selfossi, og þó að hann hefði aldrei komið neitt út fyrir Selfoss, þá bæri honum engu minni skylda til að reyna að bera eitthvert skynbragð á þessa hluti.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að hv. þm. Barð. Við 1. umr. málsins hélt hann því fram, að ekkert hefði vakað fyrir nefndinni annað en hrein stéttarsjónarmið prestanna. Ég vil fyrir hönd nefndarinnar mótmæla þessu algerlega. Ég sagði þessum hv. þm. þá, að hann ætti að skammast sín fyrir þetta orðbragð, en þar sem mig langar ekki til að láta víta mig aftur, þá ætla ég ekki að endurtaka þau ummæli mín nú.

Þá talaði hann um það, að nefndin hefði sérstaka löngun til þess að ná í jarðir, þar sem prestar sitja, og selja þær undan ríkinu, og hann var þar að tala um Kollafjarðarnes og komst svo að orði, að nefndin væri að reyna að ná þessari jörð til þess að geta síðan látið einhvern framsóknarbónda hafa hana. Þessu mótmæli ég algerlega. Ég mótmæli því, að þeir Ásmundur prófessor Guðmundsson og Sveinn Víkingur, Ingimar skólastjóri og séra Sveinbjörn Högnason hafi haft nokkra tilhneigingu

til að ná þessari jörð undan ríkinu, og það er vægast sagt ósæmilegt að drótta því að þeim, og þeir menn, sem það segja, eiga að minnsta kosti að kunna að skammast sín.

Þá var hann að tala um einstaka staði, þar sem ég hefði talað um að fækka prestum, og að ég hefði flutt karakúlpestirnar til landsins og fleira þess háttar. Þetta er nú orðið svo gamalt og öllum hv. þm. kunnugt, að ef mínum ráðum hefði verið fylgt í þeim efnum, þá hefðu aldrei neinar pestir flutzt til landsins, að ég hirði ekki um að svara því.

Þá fullyrti hann líka, að ég hefði viljað setja inn eitthvert nýtt ákvæði um prestatöluna í Reykjavík. Þetta er líka ósatt mál. Það hafa verið ákvæði um það, að í Reykjavík skyldu ekki vera fleiri sálir en 5000 á hvern prest, þannig að það hefði færzt til automatiskt um fjölda þeirra. Það eina, sem þar er óljóst, er, að það er ekkert talað um fríkirkjuprestana, en það væri eðlilegt að draga þá frá. Þetta er þess vegna allt saman misskilningur hjá hv. þm. og hlýtur að stafa af því, að hann hafi ekki þekkt lögin. Þau hafa verið til, en þeim hefur ekki verið framfylgt.

Þá var hann að tala um það, að ekki væri leyfilegt að selja prestssetursjarðir, en í frv. er gert ráð fyrir því, að selja megi prestssetrið Hvítanes í Ögurþingum, og er gert ráð fyrir því að byggja hús yfir prestinn fyrir andvirði þess. Um þessi ákvæði laganna er það að segja, að þau gilda ekki um nema þær jarðir, sem eru í erfðaábúð, en það nær ekki yfir þær jarðir, sem eru í eyði. Það má geta þess, að nú eru í Nd. frv. um, að leyfilegt sé að selja tilteknar jarðir, en um þessa jörð er það að segja, að það dettur engum í hug, að hún muni byggjast aftur. Þetta er því ekki annað en fljótfærnislegt gaspur úr hv. þm., sett fram að óathuguðu máli.

Þá taldi hann, að Passíusálmarnir, Vídalínspostilla og sálmar Valdimars Briems hefðu ekki getað orðið til nema í strjálbýli. Ég efast um, að nokkur geti dæmt um það, að þessi verk hefðu ekki getað orðið til alveg eins t. d. í Reykjavík. En hann vildi einnig halda því fram, að prestarnir gerðu svo miklu meira gagn í strjálbýli en þéttbýli. Nú, ég veit ekki, hvernig hann ætlar að koma þessu heim. Við skulum gera ráð fyrir því, að í dreifbýlinu hlusti t. d. ekki nema 37 manns á prédikunina, en hér í Reykjavík ættu það að geta verið um 5000 manns. Ég veit ekki, hvernig hann hugsar þetta. Heldur hann, að þessir 37 taki svona miklu betur eftir, eða heldur hann, að ekki finnist meðal þessara 5000 37, sem taki eins vel eftir? Ég veit ekki, hvernig hann hugsar þetta eiginlega. Mér finnst það vera svo augljóst, að presturinn geti haft miklu meiri áhrif, þar sem fleiri eru til þess að hlusta á hann. En kannske hugsar hann sem svo, að þeir hafi svo slæm áhrif á þá, sem hlusta á þá, að það sé betra að hafa þá, þar sem færri eru, enda hefur það komið fyrir, að það hefur verið afsagt að láta prest kenna krökkum af þeim sökum. Ég aftur á móti reikna með góðum kennimönnum, sem geti haft góð áhrif, þó að auðvitað sé hægt að benda á undantekningar frá því.

Það, sem fyrir mér vakir, er, að prestarnir verði látnir hafa nokkurn veginn nóg að gera við sín prestsstörf, en þó ekki svo mikið, að þeir geti ekki annað sínum verkum sæmilega, og skal ég fúslega viðurkenna, að eftir mínum till. hafa margir prestar eftir sem áður allt of lítið að gera. Í öðru lagi er það líka sparnaður, sem vakir fyrir mér, þótt ég hafi ekki lagt jafnmikið upp úr því og hinu, en af mínum till. mundi hljótast þó nokkur sparnaður. Ég get tekið t. d. Fljótdalshérað. Eftir till. nefndarinnar þyrfti að reisa þar tvö ný prestshús, sem sagt að reisa prestssetrin alveg frá grunni, og það mun óhætt að fullyrða, að kostnaður við báðar framkvæmdirnar verður aldrei innan við eina milljón króna. En eftir till. mínum þyrfti ekki að leggja í þessar byggingar. Þá þyrfti að vísu innan fárra ára að gera nokkuð við húsið á Kirkjubæ, en sá kostnaður yrði hverfandi hjá kostnaðinum við að byggja upp á Hofteigi. Og þessar fjórar sóknir, sem þessi eini prestur mundi verða að þjóna, eru svo fámennar, að honum hlyti að vera í lófa lagið að vinna það verk. Því er það rangt, að það vaki ekki fyrir mér nokkur sparnaður með till. mínum, en það er aukasjónarmið, bæði hjá mér og meiri hl. nefndarinnar. Aðalsjónarmiðið bæði hjá nefndinni og mér er að hafa prestana svo marga, að þeir geti annað sínum störfum á eðlilegan hátt, og það, sem skilur meiri hl. og mig að í málinu, er það, að ég tel marga prestana geta þjónað sínum sóknum prýðisvel, þótt þeir hefðu fleiri sóknir og stærri svæði undir sér en meiri hl. nefndarinnar telur rétt. Ég lít t. d. þannig á, að presturinn á Norðfirði geti bætt við sig Brekkusókn í Mjóafirði og þurfi ekki að setja þangað nýjan prest og byggja þar upp prestssetur frá grunni, sem mundi kosta um hálfa milljón króna. Ég lít þannig á, að hann geti engu síður rækt sín verk samvizkusamlega á Norðfirði og haft þar áhrif á sín sóknarbörn til góðs, þótt hann þjóni á annað hundrað manns í Mjóafirði. Til sönnunar þessu vil ég benda á, að prestarnir á Norðfirði hafa hver um annan þveran haft önnur störf með prestsstarfinu, og sýnir það, að þeir hefðu getað bætt við sig Brekkusókn, ef þeir hefðu ekki fengizt við þessi aukastörf. Eina nóttina fyrir nokkru var ég andvaka og hafði mér það þá til afþreyingar að lesa í „Íslenzkum guðfræðingum“ eftir Björn Magnússon dósent, og rak ég mig þá á, að næstum hver prestur hefur haft önnur störf með sínum prestsstörfum, ekki að vísu alveg allir, en allur fjöldinn. Þar stóð þó ekkert um það, hvað mörgum vinnutímum þessir prestar hefðu að jafnaði bætt við sig með aukastörfum, en þegar þeir hafa getað bætt við sig á stöðum, þar sem þeir hafa haft einna mest að gera, svo sem bæði hér í Reykjavík og í Hafnarfirði, en það hafa þeir gert, þá er ég ekki í minnsta vafa um, að á stað eins og á Norðfirði þarf presturinn ekki að bæta við sig verulega mörgum vinnutímum, þótt hann taki að sér fámennar sóknir, eins og í Mjóafirði. Ég nefni þessi dæmi til að sýna, hvað fyrir mér vakir með mínum brtt.; það er bæði sparnaður og svo hitt, sem er aðalatriðið, að koma prestsstörfunum í betra horf en þau

eru núna. En umræður um þetta mál hafa einmitt orðið til þess, að nú er víða orðið vart við, að prestar eru farnir að sinna sínum störfum betur en þeir gerðu, t. d. farnir að húsvitja, sem þeir hafa ekki gert í 20 ár, og sömuleiðis eru nú prestar, sem hafa ekki setið í sínu prestakalli nema hluta úr árinu, farnir að búa sig undir að sitja þar alltaf. Að þessu leyti hafa þessar umr. orðið til bóta. Það sagði við mig prestur í sumar á þá leið, að það væri svo sem nokkuð sama, hvort hann sæti heima í sínu prestakalli eða ekki.

Um Hrafnseyri skal ég ekki segja mörg orð, enda hef ég tekið brtt. mína um hana aftur. Ég er ekki enn búinn að rannsaka það mál til hlítar, en viðvíkjandi orðum hv. þm. Barð. um það, að það mundu heyrast hróp og köll frá Vestfirðingum, ef ekki yrði settur prestur á Hrafnseyri, og að þá mundi ekki verða eirt í því hverfi, sem þar er fyrirhugað að koma upp, skal ég ekkert fullyrða; veit ekki, hversu áhrifamikil hróp þeirra yrðu. En ég vil spyrja hv. þm.: Hvað mörg ár er Hrafnseyrarnefndin búin að sofa? Hún var kosin, þegar lýðveldið var stofnað, og síðan hefur hún ekki látið nokkuð frá sér fara; hefur sofið allan tímann. Og hafa Vestfirðingar látið heyrast frá sér mikil hróp og köll út af því? Og hefur hann ekki hrópað hátt og sem form. fjvn. gert mikið til að útvega fé til framkvæmda þar? Er ekki búið að gera þar ákaflega mikið þessi ár, síðan nefndin tók til starfa? Og ég hef ekki heyrt nein köll frá þessari nefnd né séð árangur af hennar starfi. Það getur svo sem verið, að hún vakni við þessar umr., um það skal ég ekki segja. En þar sem nú er einmitt búið að setja nefnd til að gera till. um uppbyggingu þessa staðar, vil ég taka till. mína um hann aftur og bíða með hana, þar til ég hef séð, hvort ekki verði hægt að samrýma prestssetur þar þeirri uppbyggingu, sem þar á að fara fram, og vildi ég gjarnan heyra eitthvað frá nefndinni um það, hvað hún ætlar að gera í málinu, og ætti að vera hægt að fá þær upplýsingar, þar sem form. hennar situr hér á Alþ., að vísu í Nd., og ætti það þá að geta komið fram þar. En þangað til ég hef heyrt eitthvað frá nefndinni um fyrirætlanir hennar í Hrafnseyrarmálinu, mun ég ekki leggja fram ákveðnar till. um málið, en vænti þess þá, að ég muni geta gert það fyrir 3. umr.

Hv. þm. Barð. sagði, að till. mínar byggðust á algerri vanþekkingu á kröfum fólksins í þessu efni. Ég skal ekki fara að deila um það við hann, hverjar séu kröfur fólksins. Samt get ég sagt honum, að hver einasti maður í Kirkjubæjarsókn hefur látið fara frá sér áskorun um það, að presturinn yrði áfram á Kirkjubæ. Sama er að segja um Sleðbrjótssókn. Hjá mér liggur skrifleg beiðni um 200 manna úr þeirri sókn, sem biðja mig að segja sig úr þjóðkirkjunni, ef prestssetur verður lagt niður á Kirkjubæ og Sleðbrjótssókn lögð undir Hofteig. Ég mun þó ekki sinna þessum beiðnum, sem fólkið hefur gert í hita dagsins, en lofa því að átta sig betur, áður en farið er í það að segja það úr þjóðkirkjunni. Aftur á móti er mín till. ekki í samræmi við kröfur fólksins í Hofteigssókn, þar sem það var samþ. í sókninni með 8 atkv. meiri hl., að prestur skyldi koma að Hofteigi. Því er ekki hægt að segja, að í þessu prestakalli sé mikill áhugi fyrir að skipta um prestssetur. Sama má segja um aðra staði. Þrátt fyrir tvö bréf frá nefndarmönnum til einstakra manna, þar sem lagt er mjög hart að þeim með að útvega álit viðkomandi sókna um það, að prestar komi í tvö prestaköll, þar sem þeir hafa ekki setið í fleiri ár, líklega ekki síðan 1930—31, þá hefur áhuginn ekki verið meiri en það, að þessum bréfum hefur verið stungið undir stól og engin svör borizt frá söknunum. Ef dæma á eftir þessum undirtektum, þá liggur næst að halda, að fólkið hafi ekki viljað verða við óskum þeirra manna, er rituðu bréfin. Annað þessara bréfa hef ég séð, en hitt ekki, og var það stílað til manns, sem var beinlínis beðinn að leggja fram kröfu um prest. Ég er því alls ekki viss um, hvor afstaðan, mín eða hv. þm. Barð., er í meira samræmi við kröfur fólksins. Um það má deila, og ég get ekkert sagt um það. Ég veit, að mín afstaða er það sums staðar og sums staðar ekki. Í mínum till. hef ég eingöngu miðað við þau tvö sjónarmið, að prestarnir geti haft sæmilegt að gera við að rækja sín prestsstörf eingöngu, en geti þó gert það auðveldlega, og jafnframt hlytist af nokkur sparnaður fyrir ríkið í bili og framtíð. T. d. tel ég, að till. um það að færa prestssetrið frá Kirkjubæjarklaustri að Prestsbakka og byggja þar prestssetur, muni aldrei kosta innan við ½ millj. kr. Þegar ég legg til, að prestssetrið verði að Kirkjubæjarklaustri, tel ég mig vera að hugsa um sparnað og jafnframt kirkjuþjónustuna sjálfa, því að Kirkjubær liggur í leið allra, þar sem Prestsbakki gerir það ekki, og mundi því verða miklu greiðari aðgangur fyrir sóknarbörnin að finna sinn prest á Kirkjubæ en Prestsbakka. Svona get ég tekið fleiri dæmi, sem sýna, að allar mínar till. hníga að því tvennu, að prestarnir geti þjónað sínum prestaköllum vel, án þess að hafa allt of lítið að gera og þurfa þá að fá sér aukastarf, og að nokkur sparnaður hljótist af fyrir ríkissjóð. En hitt viðurkenni ég, að ég tel það mætti fækka prestunum miklu meira en ég hef lagt til, án þess að þeirra þjónusta yrði rýrð á nokkurn hátt. Ég hef bara ekki viljað eða séð mér fært að ganga lengra en þetta. Ef mínar till. verða samþ., mun það verða einn prestur, sem hefði 6 kirkjum að þjóna, sárfáir með 5, nokkrir með 4, en langsamlega flestir með 3. Nú veit ég, að prestarnir telja yfirleitt of mikið af hafa meira en 4 kirkjur, og að því leyti fer ég lengra í þessu efni en óskir þeirra standa til. En þeir gengu sjálfir inn á það 1907 að hafa 6 kirkjur undir einum presti. (**BSt**: Það voru aldrei nema fimm.) Jæja, fimm, en skömmu síðar tók presturinn að sér sjöttu kirkjuna og hefur þjónað henni síðan og ekki verið kvartað, og ég geri ekki till. um annað en þetta haldist óbreytt.

En svo eru það önnur vandamál í sambandi við þetta, sem fengust ekki tekin inn í þetta frv., en ég vil minnast lítillega á við þetta tækifæri, ekki sízt vegna þess, að hér heyra mál mitt margir helztu leiðtogar í kirkjumálunum.

Þá eru það fyrst og fremst kirkjurnar, sem er ekki hægt að messa í og hefur ekki verið hægt til fleiri ára, í einni þeirra að minnsta kosti ekki í 20—30 ár. Þetta er alltaf látið líðast, og undan þessu ekki kvartað, hvorki af sóknunum né prestunum, sem í þeim eiga að messa. Hvaða gagn hafa prestarnir af kirkjum, sem alls ekki eru messufærar vegna hins slæma ástands, sem þær eru í? En slíkar kirkjur eru áreiðanlega nokkrar á landinu, sem eru algerlega óhæfar til messugerðar. — Annað, sem ég vil benda á í þessu sambandi, er hin hróplega vanræksla, sem margir kirkjugarðar landsins eru í. Ég kom í sumar í tvo kirkjugarða, sem ég er gamalkunnugur, og hirðing þeirra var í svívirðilegri niðurníðslu. Og það þarf áreiðanlega stórt átak til að koma kirkjugarðsmálunum í það horf, að kirkjugarðarnir verði ekki öllum, sem hlut eiga að máli, til stórskammar. Þetta mál hefur ekki þótt koma frv. við, en ég vil skjóta þessu til þeirra manna, sem hér eiga hlut að máli og orð mín heyra, svo og til hv. þingmanna líka. — Þá er það sóknaskipunin, sem nauðsynlega þyrfti að breyta víða, en það atriði fékkst ekki tekið inn í frv., og ég vil beina því til biskups og annarra, sem þar um ættu að fjalla, hvort þeir vilja ekki beita sér fyrir því, að sóknaskipuninni verði komið í betra horf en nú er. Hvaða vit er í því, að menn eigi að sækja kirkju langar leiðir, þótt kirkjustaður sé máske örskammt undan, bara vegna þess, að áður var ekki hægt að komast nema stundum á nálægari kirkjustaðinn, vegna þess að stórt vatnsfall var á milli? Nú eru samgöngur orðnar víða þannig, að búið er að brúa þessi fljót, en þó eru menn látnir sækja kirkju langar leiðir. Sömuleiðis er það til nú, að prestur verður að fara yfir sókn annars prests til þess að komast í sína sókn, og stafar þetta af því, að nú eru samgöngur svo breyttar, að fjallvegir, sem áður varð að fara, eru nú lagðir niður. Ég álít, að biskup og yfirstjórn kirkjumálanna eigi að athuga þetta á hverjum stað og fá sóknirnar í samstarf við að koma þessu í betra lag. En það hefði að sjálfsögðu verið hreinlegra að taka sóknaskipunina upp í frv., en það fékkst nú ekki gert. Það er nauðsynlegt að breyta svo til um þessi mál, að menn þurfi ekki langar leiðir til að sækja kirkju, ef kirkjustaður er svo að segja við túngarðinn. — Svona er það ýmislegt í þessum málum, sem þyrfti að laga, og ég vænti, að það verði gert, en það þarf bara að taka málið föstum tökum. Það er t. d. búið að tala um það í þrjú undanfarin ár, að það þurfi að breyta sóknaskipuninni á Blönduósi, að þeir, sem búa austan ár, þurfi ekki að sækja sína kirkju til Höskuldsstaða, en engu hefur þó verið breytt þar um enn þá. Nú, það eru líka til kirkjur, sem eru þannig staðsettar, að söfnuðurinn í kringum þær er orðinn svo fámennur, að þær eiga engan rétt á sér. Hvernig eiga t. d. kirkjur, sem hafa ekki nema þrjá menn í söfnuði, að standa undir kirkjulífi? Það eiga vitanlega að koma ákvæði um, að slíkar kirkjur eigi að hverfa, þar sem fólkið er svo fátt, að það er ómögulegt að halda uppi safnaðarlífi. En það munu vera um þrír slíkir staðir á landinu. Þetta þarf líka að laga eins og önnur atriði, sem ég hef minnzt hér á, og hefði að sjálfsögðu átt að taka þetta allt upp í frv. En á þessi atriði bendi ég vegna þess, að hér eru áheyrendur mínir þeir menn, sem ættu að geta komið þessum málum í betra horf og eiga þarna fyrst og fremst hlut að máli.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Mig langar til að segja nokkur orð í sambandi við þetta mál og skal þá fyrst snúa mér að því að ræða ákvæði 6. gr. um kennsluskyldu presta. Ég vék að þessu við 1. umr. og beindi því til nefndarinnar að athuga þetta sérstaklega, en þar sem málið var flutt af nefnd, var því ekki vísað til nefndar, og hún hefur því ekki haft málið til meðferðar milli umræðna. Mér finnst ástæða til að gera grein fyrir, hvers vegna þetta ákvæði um kennsluskylduna kom inn í frv. Virðist ákvæðið fyrst og fremst hafa verið sett inn vegna þess, að það lá óumdeilanlega fyrir, að í mörgum prestaköllum er ekkert verkefni fyrir þjónandi prest á þeim vettvangi, sem prestum er ætlað að starfa á. Í Mjóafjarðarprestakalli er 161, Hofsprestakalli 151, Hrafnseyrarprestakalli 92 o. s. frv. Þessar tölur sýna ómótmælanlega, þegar litið er á annars vegar, hve mörgum ýmsir prestar þjóna, að starfssvið er ekki á þessum stöðum fyrir prest á eðlilegum vettvangi.

Mér finnst frvgr. um barnakennsluskyldu presta sérstaklega merkileg, af því að hún kemur frá nefndinni, sem tvímælalaust verður að ætla, hvað sem hv. þm. Barð. segir, að hafi ekki haft tilhneigingu til að gera lítið úr þörfinni fyrir starf prestanna á hinum ýmsu stöðum. Þessi kennsluskylda í frv. er ótvírætt viðurkenning á því, að á þessum stöðum er ekki fyrir hendi starf fyrir þjónandi prest á þeim vettvangi, sem prestsstarfið hingað til hefur farið fram á. Þessa hv. nefnd skortir að vísu ekki raunsæi til að sjá þetta, en hana skortir kjark til að horfast í augu við þessa staðreynd og haga tillögum samkvæmt henni. Í stað þess er horfið að því að reyna að finna uppbótarverkefni fyrir væntanlega presta á þessum stöðum, og er þá kennslan heppilegasta og nærtækasta úrræðið. — Ég viðurkenni, að fljótt á litið lítur þetta ekki illa út. Það er ekkert óeðlilegt við það, þó að mönnum á nefndarfundi í Reykjavík sýnist þetta vel geta gengið. Prestar eru stundum kallaðir kennaimenn, og hví þá ekki að útfæra það dálítið, ef með því er fengið, að fámenn byggðarlög fá að halda andlegum foringja sínum og það háskólamenntuðum skólamanni? Sem sagt, þessi hugmynd er þó nokkuð aðlaðandi álengdar. En mér finnst þetta þurfa nánari athugunar við, menn þurfi að standa nær raunveruleikanum eins og hann er úti á landi heldur en ég held að sé þægilegt fyrir nefnd hér í Reykjavík, því að alltaf markar umhverfið að einhverju leyti afstöðu manna hverju sinni.

Vil ég þá fyrst víkja að því, að fræðslulögin gera ráð fyrir, að hvert barn njóti kennslu sérmenntaðs manns. Fræðslulögin eru að vísu ekki ný, en það er svo með þau mál eins og önnur, að þau þurfa tíma til að þróast, og ég tel, að óðum færist í áttina, að marki fræðslulag-

anna verði náð að þessu leyti. Það hefur sjálfsagt verið og er ætlunin að vinna tvennt með þessu ákvæði um sérmenntun kennara. Það fyrst, að fá að þessu starfi menn, sem beint hafa áhuga á því og hafa þess vegna aflað sér undirbúnings til þess sérstaklega að takast það á hendur. Í öðru lagi að fá að starfinu menn, sem í gegnum sérstakan undirbúning hefðu aflað sér hæfni til að sinna því. Mér sýnist, að hér sé skref stigið til baka. Nú veit ég, að því er haldið fram af stuðningsmönnum þessa fyrirkomulags, að kennsluprestarnir skuli hafa kennaramenntun. Þó er ekkert ákvæði um þetta í frv. Þetta efni er hins vegar rætt í grg. frv., en þess háttar spjall í þskj. er næsta þýðingarlítið. Framkvæmdin skiptir hér mestu, ef ekki öllu máli.

Næst skulum við svo líta á það, hverjar líkur eru fyrir því, að sérmenntaðir kennsluprestar fáist á viðkomandi stöðum. Mörg þessara prestakalla, sem um er að ræða, eða a. m. k. sum, — *ég get ekki slegið því föstu um öll, af því að* ég þekki ekki nóg til þeirra, — hafa ekki verið eftirsótt fram að þessu. Veit ég sérstaklega um Mjóafjörð, af því að ég þekki þar bezt til. Þar hefur ekki sótt prestur síðan Haraldur Þórarinsson hvarf þaðan, og um Hof í Öræfum hefur ekki verið sótt um sinn. Færi nú svo, að einhver prestlærður maður teldi sig til neyddan að sækja um þessi afskekktu köll, þá dettur mér ekki í hug að halda, að honum yrði neitað um þau á þeim grundvelli, að hann hefði ekki *kennsluréttindi*. Þá væri að því komið, sem ég óttast að verði óumflýjanlega í framkvæmd, að hugmynd fræðslulaganna um sérmenntaða áhugamenn við barnafræðsluna væri að engu gerð. Hér má ekki blanda saman því tvennu, að fastráða próflausa menn til kennslunnar, og hinu, sem enn viðgengst, að próflausir menn eru að vísu ráðnir til starfsins, þegar þörf krefur, en gert að víkja hvenær sem völ er á prófmanni.

Þá er ástæða til að gera sér grein fyrir því, hvort líkurnar fyrir því, hvort prestar fáist í smæstu prestaköllin, vaxi eða minnki við þessi ákvæði frv. Það er ætlazt til, að laun þessara presta verði nokkru hærri en annarra, en þó ekki *sem miklu nemur*. En fyrir tiltölulega litla launahækkun er ætlazt til, að þeir taki að sér starf, sem er bæði mikið og erilsamt. Mönnum hættir til að líta á, að það eru fá börn, kannske ekki nema 10 eða 12, og álykta svo, að það geti ekki verið mikið verk að kenna svona fáum börnum. En þar skjátlast mönnum hrapallega. Það mætti í fljótu bragði virðast, að það væri meira verk hér í Reykjavík að kenna kannske 30 börnum í bekk en þessum fámenna hóp í sveitunum. En það er hreint ekki víst, því að þar þarf að strekkja við að hafa saman börn frá fermingu og niður í 8—9 ára, og það eru hreint ekki svo lítil óþægindi að þurfa að hafa *þau öll saman í einum hóp* eða þá skipta í deildir og kenna þá því lengur dag hvern, eins og sumir gera. Hér við bætist, a. m. k. sums staðar á landinu, að í byrjun yrði að halda uppi farkennslu, og yrði þá presturinn að kenna á fleiri en einum stað. Ég sé í grg., að gert er ráð fyrir, að prestshúsin verði byggð með heimavist og þar verði ætluð herbergi fyrir börnin, m. ö. o., presturinn á að halda uppi heimavist. Mér er ómögulegt að trúa, að það þyki fýsilegra að vera prestur á afskekktum stað eins og t. d. Mjóafirði og að það verði stórum eftirsóknarverðara, þegar búið er með tiltölulega lítilli launahækkun að bæta þessu ofan á starfið. Ég lít svo á, að líkurnar fyrir, að prestur fáist, minnki við þetta, og er a. m. k. óhætt að slá föstu, að í þessi köll, þau óálitlegri *a. m. k., fáist þeir einir, sem ekki eiga* kost á betra brauði.

Næst kem ég að því, hvaða líkur séu til, að þessir aðilar ræki barnafræðsluna við þessar kringumstæður. Svara ég þeirri spurningu með því að rifja upp staðreyndir, sem ég nauðþekki. Fyrst vil ég minna á, að í rúm 20 ár var prestur í minni sveit, aldraður, heilsuveill maður, sem sótti um þetta brauð frá öðru erfiðara. Óhætt er að segja afdráttarlaust, að þessi aldraði maður var mjög vinsæll og vel látinn allan þann *tíma, sem hann starfaði hjá okkur, og við ekki* í vafa um, að hann var fær um að gegna sínu prestsstarfi. Sést það bezt á því, að safnaðarmenn sendu oftar en einu sinni áskorun um, að hann fengi að starfa lengur en aldurstakmarkið sagði til um. En þessi maður hefði hreint ekki getað sinnt barnafræðslunni, með öllu því þvargi, sem henni fylgir, bara af því að hann var við aldur og heilsuveill. Þá vil ég benda á annað dæmi, sem er nokkru eldra. Í Mjóafirði starfaði um skeið prestur, sem tvímælalaust var valinn maður til að gegna prestsembætti. Hann reyndi að fást við kennslu með, en það var honum um megn, því að þar var hann ekki á réttri hillu, *enda hafði hann ekki búið sig undir kennslu* barna sem lífsstarf. Ég veit með vissu, að fermingarundirbúningur presta, þar sem ég þekki til, er oft aðeins fáir dagar *í vikunni fyrir* fermingu og allt niður í einn dag, laugardaginn, og önnur afskipti af kristilegu uppeldi í þessu tilfelli engin. Þessar staðreyndir þekki ég út í æsar, og benda þær til, að ekki sé álitlegt til góðs árangurs að knýja prestana til kennslustarfa. Það má ekki skilja svo út frá þessu, að ég álíti, að meginþorri prestastéttarinnar sé ófær um að sinna barnafræðslu, en ég óttast einfaldlega, að í þetta horf sæki í þessum fámennu og minna eftirsóttu stöðum, því að þangað sækja að jafnaði ekki þeir dugmestu úr stéttinni.

Ég hef þá leitt nokkur rök að því, að í fyrsta lagi er með þessu stigið spor *til baka* frá fræðslulögunum hvað snertir barnafræðsluna, í öðru lagi mundu litlu köllin ekki verða eftirsóttari eftir þessa breytingu, og í þriðja lagi, að þeir ýmsu vitnisburðir, sem fyrir liggja um starfshætti presta, benda til, að nokkur óvissa sé, hversu heppilegir þeir séu til barnakennslu. Hér til viðbótar vil ég einnig benda á, að með tilhögun 6. gr. væri gripið á mjög óheppilegan hátt inn í þróun barnafræðslunnar, þar sem hafizt hefur verið handa um uppbyggingu skólakerfisins *í sveitum sem annars staðar*, sums staðar með því að sameina tvö eða fleiri lítil skólahverfi um einn heimavistarskóla, en sums staðar eru fyrirhuguð önnur viðbrögð, þar sem

um er að ræða lítil sveitarfélög, sem eru einangruð, eins og t. d. Mjóifjörður. Mér sýnist, að þessi þróun yrði að nokkru leyti stöðvuð um sinn. Skólahverfin ættu þá að bíða eftir, að byggð verði prestssetur, en t. d. í Mjóafirði er útilokað, að það fáist að svo stöddu. Þótt erfitt sé og dýrt að koma upp kennaraíbúð, hygg ég enn dýrara að koma upp prestssetri, þó að ríkið eigi að kosta það. Það er ætlazt til, að beðið sé eftir þessu og svo eftir presti, hver veit hvað lengi, í stað þess að halda áfram ótruflað við uppbyggingu skólakerfisins í samræmi við fræðslulögin. Ég tel, að fræðslumálum viðkomandi héraða sé með þessu gert verulegt óhagræði. Hlýt ég því að leggja til, að þessi grein verði felld niður, og fer þess á leit við hæstv. forseta, að hann beri hana upp sérstaklega við atkvæðagreiðslu.

Hvað viðvíkur frv. sem heild, þá hafa aðrir rætt það aftur á bak og áfram, og sýnist mér, að stuðningsmenn þessa máls leggi áherzlu á að knýja frv. þetta í gegn nú þegar, til þess að lögin, sem sett voru um þetta í fyrra, komi ekki til framkvæmda. Með þeim lögum voru lögð niður nokkur prestaköll, fyrst og fremst þau, sem ekki hafði verið prestur í að undanförnu. Ein af rökunum gegn því að fækka prestum í dreifbýlinu eru, að það sé fjandskapur við sveitirnar. En ég verð að segja það, að eigi ég kost á að fækka embættismönnum, sem ég tel lítt eða ekki þarfa, þá hlýt ég að ljá fækkuninni lið. Og álit mitt í þessu sambandi styð ég m. a. við skoðun milliþn., sem viðurkennt hefur verkefnaskort prestanna með till. sínum um kennsluskylduna. Einnig má bera saman fjölda lækna og presta á ýmsum stöðum. Heima hjá mér verður þessi samanburður mjög áþreifanlegur. Þar er læknishéraðið nákvæmlega jafnstórt og prestakallið, þ. e. Neskaupstaður með Norðfjarðarhreppi og Mjóafjarðarhreppi. Að vísu er ég ekki daglegur gestur í Neskaupstað, en mjög oft legg ég leið mína þangað, og er ég þar vel kunnugur, enda búsettur í næsta firði. Ég hef séð störf þessara manna í þessu plássi, þar sem segja má, að hver maður sé önnum kafinn við framleiðsluna. Ég skal ekki segja, að læknirinn hafi allra manna mest að gera, en presturinn minnst, því að slíkt væri sleggjudómur. En ólíku er saman að jafna um annríki þessara embættismanna. Það veit hvert mannsbarn á staðnum, enda hefur presturinn nú bætt við sig allumfangsmiklu kennslustarfi við gagnfræðaskólann í Neskaupstað. Hverfið er þó jafnstórt fyrir báða, og báðir hafa jafnmörgum mönnum að sinna. Svo á maður að trúa því, að það sé óumflýjanleg nauðsyn, að haldnir séu t. d. 6 prestar í Rangárþingi, þar sem aðeins er einn læknir. Og á Fljótsdalshéraði, þar sem eru 1 til 2 læknar, á að vera nauðsynlegt að hafa 4 presta. Mér er ómögulegt að fella mig við slíkar röksemdir.

Eins og ég hef sagt, þá fer ég ekki út í það að ræða einstök atriði þessa frv. En ég vil þó segja þetta: Ég get ekki fallizt á nauðsyn margra þeirra breytinga, sem í frv. felast, frá l. þeim, sem samþ. voru í fyrra, og mun ég greiða atkv. samkvæmt því.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Þegar ég frestaði ræðu minni í þessu máli í fyrrakvöld, tók ég það fram, að það lægju fyrir skriflegar brtt. frá hv. þm. Barð., og var þeim útbýtt á fundinum. Sagði ég, að n. mundi athuga brtt., áður en umr. væri lokið. Ég vildi reyna að efna þetta heit mitt um að bera brtt. undir menntmn. En n. var ekki sammála um það, hvernig ætti að afgreiða þær. Virðist það vera vilji allra nm. að óska eftir því, að hv. flm. brtt. taki till. aftur til 3. umr. Ég minntist á þetta einslega við hann, og mér fannst, að af skiljanlegum ástæðum vildi hann ekki gera það, þar sem hann gæti þá ekki, þótt hann hefði viljað, komið fram með neinar brtt. við frv., ef sú brtt. félli t. d. við 3. umr. Ég veit ekki, hvort honum hefur snúizt hugur síðan. En betra mun fyrir alla þm. að sjá, hvað verður ofan á um þessa brtt., áður en farið væri að leita atkv. um brtt., sem liggja fyrir um frv. En samt tel ég þetta mjög góða og gilda ástæðu frá hans sjónarmiði. Hann vill fyrst sjá, hvernig fer um þá brtt., áður en hann ber fram nýjar brtt., ef þessi brtt. hans, sem hér liggur fyrir, verður ekki samþ., en auðvitað gæti hann tekið brtt. aftur til 3. umr. En það eru margar brtt., t. d. mínar brtt., sem ég er ekki enn búinn að lýsa yfir, að ég taki aftur til 3. umr. En þær eru yfirleitt ekki svo margar eða margbreyttar, að þær geti ekki komið til atkv. við þessa umr., og hef ég nú ekki meira að segja í þessu máli. Ég hef talað tvisvar í því og tekið mína afstöðu til brtt. við frv., og mun það koma skýrar fram við atkvgr. En ég er enn að velta því fyrir mér, hvernig ég eigi að snúast við brtt. hv. þm. Barð. Að mörgu leyti tel ég, að það geti orðið fyrir beztu, að hún nái fram að ganga, því að þá er víst, að status quo haldist næsta ár, og þá yrði búið að undirbúa rækilegri umsögn heiman úr héruðunum en nú er. Þá væri hægt að athuga, hvernig ætti að snúast við þessu stórmáli, og tími vinnst til að athuga þetta betur. Ég verð að taka undir það með hv. 1. þm. N-M., að það beri ekki nein merki þess, að kristilegur áhugi hjá klerkastéttinni sé í rénun, þó að þetta frv. sé til meðferðar. Ég býst fremur við því, að þetta veki marga menn til umhugsunar um kirkjumál landsins.

Forseti (BSt): Út af því, að hv. 11. landsk. þm. minntist á atkvgr. út af brtt. á þskj. 337, frá hv. þm. Barð., þá þykir mér ástæða til að taka það fram, að ég fæ ekki séð, að það sé neitt athugavert við það, þó að sami hv. þm. beri fram brtt. við einstaka liði frv., því að sú brtt., sem nú er fram komin frá honum, verður undir öllum kringumstæðum borin fyrst upp, og ef hún yrði samþ., kæmu ekki aðrar brtt. frá honum til greina. Af þessum ástæðum gæti hann tekið brtt. aftur til 3. umr.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Mér þykir það verra, að hv. 1. þm. N-M. er hér ekki viðstaddur, því að það er einmitt út af einni brtt. hans, sem ég vildi segja nokkur orð, og jafnvel hefði ég nú haft löngun til að minnast frekar á þær brtt. En nú ætla ég að sleppa því

að tala almennt um þær og aðeins víkja að 30. lið í brtt. hans við 1. gr., um það, að það falli niður úr frv., að skipta skuli Vallaprestakalli í tvö prestaköll. Ef brtt. hans verður samþ., þá mun þetta prestakall vera eina prestakallið á landinu, þar sem presturinn á að þjóna 6 kirkjum. En svo mun vera nú, að þetta er eina prestakallið, sem svo er háttað um. Og þó að þetta ástand hafi nú verið um stund, þá er þess að gæta, að ein af þessum kirkjum, sem presturinn þjónar, er tiltölulega mjög ný, og var hún alls ekki komin, þegar prestakallalögin frá 1907 voru sett. Þá var gert ráð fyrir því, að presturinn þjónaði 5 kirkjum. Auk þess ber að líta á það, að allmikill mannfjöldi er í Vallaprestakalli. Það er með fjölmennustu prestaköllum utan kaupstaða. Þar eru t. d. tvö kauptún og annað allstórt. Ég vil því mæla á móti þessari brtt., og mun ég yfirleitt greiða atkv. á móti brtt. á þskj. 310.

Mér fannst margt athugavert af því, sem hv. 2. þm. S-M. sagði. Það, sem mér finnst einna vafasamast í þessu frv., eru þessir kennsluprestar, því að eins og hann sýndi fram á, þá er það að mörgu leyti mjög ólíkt að vera prestur og kennari. En ég skal ekki fara nánar út í þetta. — En það er við eitt atriði í ræðu hans, sem ég vil gera athugasemd, og það því fremur, þar sem þetta hefur komið fram hjá fleiri mönnum og þá sérstaklega hv. 1. þm. N-M. Þetta atriði er um það, að hann ber saman lækna og presta og störf þeirra. Ég hef heyrt þessa menn halda því fram, að prestar þurfi ekki að vera fleiri en læknar. Það má vel vera, ef fólkið byggi á litlu svæði, að það væri rétt, að prestar gætu þjónað eins mörgum og læknar. En það er á fleira að líta hér heldur en það, sem þessir menn gera. Það ber einnig að líta á það, hve mörgum kirkjum prestarnir þurfa að þjóna. Læknarnir kalla ekki fólkið saman á nokkrum stöðum í læknishéraðinu til að lækna það þar, heldur koma sjúklingarnir heim til þeirra. En prestarnir þurfa að messa í sínum kirkjum. Þegar prestur hefur t. d. 6 kirkjur og þær eru í dreifbýli, þá getur hann ekki messað í hverri þeirra nema sjötta hvern sunnudag. Sumum finnst það nægilegt, og sumum finnst, að engar kirkjur ættu að vera og engir prestar. Menn hafa svo misjafnar skoðanir í þessum efnum. En þar sem ríkið hefur tekið að sér að reka þjóðkirkju, ef svo má að orði komast, þá verður ríkið að sjá um, að fólkið geti fengið prestsþjónustu svo oft, að forsvaranlegt megi teljast, og að ekki sé mjög mikið misrétti í þessum efnum. Nú mætti segja, að rétt væri að leggja sumar kirkjurnar niður, og getur það verið rétt. En sumt fólk er þannig gert, að því þykir vænt um kirkjuna sína. Ég er uppalinn og var meiri hluta þess, sem af er ævi minni, í frekar fámennri sveit, sem er orðin fámennari nú en hún var, þegar ég fór úr henni. Ég skal játa, að það er ekki sérstaklega langt að fara frá þeim bæjum, sem enn eru byggðir í þessari sveit, til næstu kirkju. En það er nú bara svona, að Öxndælingum, — en þetta er Öxnadalur, — þeim þykir vænt um kirkjuna sína og vilja ekki leggja hana niður. Þess hefur verið farið á leit við þá til þess að efla næstu kirkju meira, en þeir vildu það alls ekki. Þetta er kirkja, sem þeim þykir vænt um, bæði vegna þeirra minninga, sem alltaf eru við kirkjur tengdar hjá mjög mörgum mönnum, og jafnvel af fleiri ástæðum. En ef það á að fækka prestum mikið, þá verður óhjákvæmilegt að fækka kirkjum líka. Og hvað sem líður tölu lækna og hvað sem líður tölu presta, þá eru þetta atriði, sem verða að fylgjast að. Ef fólkið í landinu á að fá þjónustu prestsins, þá má ekki hafa það þannig að gefa sumu fólki í landinu kost á að heyra til prests síns sjötta hvern helgidag, en öðrum kost á því á hverjum einasta helgidegi. Það er ekkert jafnrétti í því. Þetta vildi ég taka fram.

Að öðru leyti vil ég að lokum segja það, að ég held, að það verði mjög vandasamt fyrir hv. deildarþm. að greiða atkv. með þessum brtt. eða breyta frv. á þann hátt, að til bóta sé. Ég játa alveg fáfræði mína um það, hvað sé rétt í þessum efnum víða úti um land. Það þarf staðarþekkingu til þess að geta um það dæmt. Hv. þm. N-M. taldi það skyldu okkar þm. og sérstaklega þeirra, sem eru í samgmn., að hafa Íslandskort og mæla þetta allt saman. Ég er nú ekki í samgmn., og kannske hvílir þessi skylda ekki á mér, en jafnvel þótt Íslandskort væri nú fyrir hendi og einnig eitthvert málband, þá er ég ekki viss um, að það gengi ákaflega vel fyrir ókunnuga menn að mæla þetta allt út og átta sig á því. Það gefur ekki svo nákvæma mynd af landinu, að nægilegt sé. Að vísu munu vera til vegakort og mætti þá mæla vegina á þann hátt, en það kemur bara fleira til greina en aðeins vegirnir. T. d. þurfa prestarnir oft að koma heim á bæina og annað slíkt.

Ég verð nú að láta í ljós, að mér finnst þetta leiðinleg vinnubrögð, sem hér hafa verið viðhöfð, og hversu mjög n., sem flutti þetta mál, hefur tvístrazt, og eru eiginlega engar leiðbeiningar frá n. í heild. Það væri mjög athugandi fyrir n. og nm. og alla, sem hér hafa flutt brtt., að taka þær aftur til 3. umr. og athuga allt málið á ný, ef nokkur von væri um að fá nánari leiðbeiningar. Það getur vel verið, að þessar brtt. falli, vegna þess að menn treysta sér ekki til að dæma svo um þetta og álíta öruggara að fylgja því, sem milliþn., sem hefur grandskoðað málið, hefur lagt til. Mun ég sem þm. styðja *lítið að þessum brtt., sem fyrir liggja.*

Gísli Jónsson: Herra forseti. Þegar ég féll frá orðinu, gerði ég það vegna þeirrar yfirlýsingar, sem komið hafði frá hæstv. 1. varaforseta á síðasta fundi, um, að hann mundi taka brtt. mína til athugunar sem formaður menntmn. Óskaði ég þá eftir, að styttar yrðu umr. um þetta mál, ef n. gæti komið sér saman um að fylgja brtt. Ég vil því vænta þess, að hæstv. forseti skoði ekki þessa ræðu mína sem athugasemd, heldur gefi hann mér leyfi til þess að ræða þetta mál nú, eftir að komin er fram yfirlýsing frá formanni n. um, að ekki sé samkomulag um brtt. mínar. Auk þess hafa hér komið fram ýmis atriði síðan, sem ég þarf að leiðrétta og gefa sumpart tilefni til nýrra athugasemda. Hins vegar skal ég lofa hæstv. forseta því að beita

ekki málþófi í þessu máli, heldur halda mér aðeins við kjarna málsins.

Ég vil þá í fyrsta lagi leyfa mér að leiðrétta og mótmæla þeim ásökunum, sem á mig hafa verið bornar af tveimur hv. þm., annars vegar hv. 1. þm. N-M. og hins vegar hv. 6. landsk. þm. Báðir þessir menn hafa haldið því fram, að ég hafi í ræðu minni svívirt tvo nm. með mínum málflutningi, þá séra Sveinbjörn Högnason og prófessor Ásmund Guðmundsson. Eftir upplýsingum hv. þm. N-M. ætti svívirðing mín að liggja í því, að ég hafi átt að segja, að þessir menn hefðu stéttarsjónarmið í n. Ég vil nú leyfa mér í sambandi við þessi ummæli að benda á, að það var einmitt hæstv. kirkjumrh., sem upplýsti hér við 1. umr., að hann hefði skipað prófessor Ásmund Guðmundsson og séra Sveinbjörn Högnason til þess að gæta sérstaklega hagsmuna kirkjunnar sjálfrar og prestastéttarinnar. Sagði hann, að það væri ekki nema eðlilegt og ekkert við það að athuga. Væri beinlínis ætlazt til þess, að það ríkti fyrst og fremst stéttarsjónarmið hjá þeim í sambandi við þetta mál. Skyldu þeir gæta hagsmuna stéttarinnar annars vegar og kirkjunnar hins vegar. Mér fannst þetta síður en svo athugavert, og það getur þá ekki heldur verið nein svívirðing, að þetta sé viðurkennt hér af mér, eftir að hæstv. kirkjumrh. hefur útskýrt þetta svo rækilega. Segir hæstv. ráðh., að hann hafi einnig skipað biskupsritara í n., og finnst mér ekkert athugavert við það. Hæstv. ráðh. lýsti því líka yfir, að sér hefði þótt ástæða til þess að vega upp á móti þessum kirkju- og stéttarhagsmunum í n. með því að setja þar einn fjandmann málsins og kirkjunnar, mann, sem hefur allt aðra skoðun á þessum málum en hinir nm., eins og hann tók til orða, þ. e. a. s. hv. 1. þm. N-M., og þar að auki setti hann í n. landnámsstjóra. Þetta er einmitt gert til þess að ná þessu takmarki, sem ég hef bent á, þ. e. að ná jörðunum undan kirkjunum. En ég benti hæstv. ráðh. á, að á sama tíma setti hann ekki í n. fulltrúa fólksins, sem verið er að taka prestana frá. Ég benti honum líka á, að það væri misskilningur að taka ekki tillit til þeirra radda, sem komu fram á kirkjufundinum, þar sem einmitt fólkið talaði, en þetta fólk átti engan fulltrúa í n. Og ég skýt því undir dóm bæði hæstv. forseta og meðþm. minna hér, hvort í þessu liggi nokkrar svívirðingar á hendur Sveinbirni Högnasyni eða prófessor Ásmundi Guðmundssyni. Ég fæ ekki skilið það, og sé svo, er það ekki frá mér, heldur frá hæstv. kirkjumrh. Annað hef ég ekki sagt um störf þessara manna í n. eða n. í heild.

Það er þess utan hreinn útúrsnúningur og ágizkun og fullyrðing, sem ekki á sér stoð í því, sem rétt er, þegar hv. 1. þm. N-M. segir, að ég hafi dróttað því að n., að hún hafi verið með því að reyna að ná í jarðir fyrir framsóknarbændur. Það var ekki n., sem gerði það. Ég sagði mjög ákveðið, að það hefði legið á bak við hjá hæstv. kirkjumrh., þegar hann lét semja frv. í fyrra og þvinga því í gegnum þingið, og þarf ekki að fara í grafgötur að leita að því, hvernig farið hefur verið með þessi mál áður. Hvernig var farið að því að reyna að ná Kaldaðarnesi undir ákveðinn framsóknarmann fyrir sama og ekkert fé? Og hvernig er búið að fara með Brjánslæk, til þess á sama hátt að koma honum undir annan ákveðinn framsóknarmann? Og ég gæti haldið þannig áfram, en ég vil ekki tefja d. með umræðum um það mál. Það er því fullkomin ástæða fyrir mig að halda því fram, að formaður Framsfl. geri sér far um að ná jörðum undan ríkinu undir svo og svo marga Jörunda, en það á ekkert skylt við störf n. Hitt kann vel að vera, að einmitt sá nm., sem settur var í n. af ráðh. og hafði fullan fjandskap á málinu, hafi stuðlað hér að ákveðnu marki í þessu máli og stuðli enn betur að því með brtt. sínum.

Hv. 1. þm. N-M. sagði, að það væri alrangt, að ekki mætti nú selja jarðir nema gera þær að ættaróðulum, en bætti við, að til þess þyrfti að setja sérstök lög. Nú má ekki, samkv. gildandi l., selja ríkisjarðir, nema sett séu um það sérstök l., þannig að fullyrðing mín um það atriði var hárrétt, enda er líka stefnt að því hér með þessu frv., að selja megi ákveðnar jarðir án þess, að þetta atriði sé sett inn, sem styrkir þá skoðun mína, að þetta sé allt gert í einum og sama tilgangi.

Hv. 1. þm. N-M. sagði, að sér væri óskiljanlegt, að andleg verðmæti gætu ekki skapazt í þéttbýli, og því óskiljanlegt, að prestar gerðu meira gagn í strjálbýli en þéttbýli. Hér er líka hreinn útúrsnúningur á því, sem ég hef sagt í þessu máli, og slíkur útúrsnúningur skapar náttúrlega ekki möguleika til þess að geta skilið, hvernig afgreiða eigi þetta stóra vandamál með sanngirni. Þetta er að fara undan í flæmingi, þegar menn eru orðnir rökþrota í sambandi við sínar eigin skoðanir. Ég hef bent á, að vafasamt er, að önnur eins verk hefðu skapazt, ef þeir menn hefðu verið í fjölbýli, þar sem þeir hlutu að verða að vinna að allt öðrum verkefnum dag og nótt, oft mjög langan vinnudag. Og ég veit ekki betur en að þetta verk, Passíusálmarnir, hafi yljað og leitt þúsundir manna, hvort sem var í borg eða bæ. Það verður aldrei sannað, að slíkt verk hefði ekki getað orðið skapað t. d. af dómkirkjupresti í Reykjavík, sem hefði þurft að slíta sér út við sín daglegu störf. En sennilegra er, að slík verk skapist hjá manni, sem hefur betri ró og tíma, en hinum, sem verður að slíta kröftum sínum til allt annars. Þótt hv. þm. reyni að snúa út úr orðum mínum, verður það ekki til þess að styrkja málstað hans né þeirra, sem vilja, að þetta mál gangi fram.

Hv. þm. skaut því einnig að mér, að ég væri í þeirri n., sem starfaði að viðreisn Hrafnseyrar. Ég hef aldrei skoðað það sem hlutverk mitt að vera í þeirri n. nema einn sumartíma, sem er liðinn. Ég veit ekki til, að n. starfi að þeim verkefnum, sem þm. minntist á. Form. n. kallaði n. saman til Hrafnseyrar til að leysa ákveðið spursmál á ákveðnum tíma, og var það gert, og síðan álít ég, að starfi mínu í n. sé lokið. Það er þess vegna misskilningur, að sérstök skylda hvíli á þeim mönnum að byggja upp Hrafnseyri. N. ráðgaðist um það við sóknarn. og hreppsn. á þeim tíma, hvaða leið þætti bezt, og það var

að byggja staðinn upp á ný, byggja heimavistarskóla og halda þar við presti og kennslu, en leggja ekki prestsembættið niður. Hins vegar var það ekki verk n. að hafa neinar framkvæmdir í því máli, og til þess hafði hún ekki neitt fé, og er því misskilningur að halda, að ég hafi nokkuð um þetta nú að segja. Ég hef ekki heldur heyrt, að neitt hafi komið frá form. n., hvorki fundarboð né annað, og tel ég, að hann hafi sömu skoðun á því máli og ég.

Hv. þm. sagði, að hann væri ekki viss um, hvor okkar væri í meira samræmi við vilja fólksins, hann, sem vill leggja niður svo og svo mikið af prestaköllum í landinu, og ég, sem vil ekki, að prestum verði fækkað. En ég vil leyfa mér að spyrja: Hefur hv. þm. og aðrir hv. þm. ekkert kynnt sér öll þau mótmæli, sem hafa komið gegn því að fækka prestum í sveitum, frá fólkinu sjálfu, og ekki n. heldur? Ég verð að segja, að ég tek ekki minna mark á því, sem fólkið sendir til Alþ., fólkið, sem verið er að taka ákveðna hluti frá, en prestarnir segja, sem hafa von um, að með samþykkt frv. verði hagur þeirra bættur, því að það er ekki verið að fækka prestunum, heldur er verið að flytja þá frá lakari stöðum og gefa þeim betri lífsskilyrði á öðrum stöðum á landinu. Það eru hins vegar ekki skammir um prestana, þó að því sé haldið fram, það er ekki nema mannlegt, þótt þeir vilji, að prestum sé fjölgað í Rvík og öðrum kaupstöðum og þeir fluttir til. En það eru sannarlega ekki raddir fólksins, þær eru allt aðrar, nefnilega að það vill ekki láta flytja prestana frá sér, hvort sem um það er að ræða að flytja þá til Reykjavíkur eða leggja prestsembættið niður. — Ég fullyrði því, að ég er í miklu meira samræmi við raddir fólksins en hv. 1. þm. N-M., ef marka má hans ræðu og hans þskj. hér í þessu máli. Hitt er svo annað atriði, að það kunna að vera einstöku sóknir í landinu, sem er sama, þó að prestar þeirra fari þaðan. Það er svo um alla menn, að þeim er sama, hvort lélegir menn eru við starf eða ekki, og mundi það ekki síður gilda um presta, sem kannske slíta sér út fyrir utan sitt prestakall meiri hluta ársins; það er sérstakt atriði.

Hv. þm. sagði, að hann væri að spara bæði fyrir fólkið og ríkissjóð, m. a. með því að leggja niður prestssetur á Prestsbakka og flytja prestinn að Kirkjubæjarklaustri, hann væri með því að vinna fyrir fólkið. En hvers vegna er á sama tíma verið að parta niður höfuðbólið á Prestsbakka? Það getur verið, að það sé góð till. út af fyrir sig að flytja prestssetrið að Kirkjubæjarklaustri, ég hef ekki nægilega þekkingu á því. En þyki það tilhlýðilegt að leggja part úr jörðinni Prestsbakka til prestsins, sem situr á Kirkjubæjarklaustri, hvers vegna má hann þá ekki halda allri jörðinni? Til þess að gefa hæstv. ráðh. tækifæri til þess að ráðstafa þeim hluta, sem ekki fer til prestsins, til einhvers annars. Það er einmitt ein sönnunin fyrir því, að hér sé ekki verið að hugsa um fólkið, heldur um ákveðna hagsmuni ákveðinna manna.

Hv. þm. talaði einnig um kirkjur, sem ekki væri hægt að messa í, og því miður eru þær of margar, og það eru í slíku ástandi þær kirkjur, sem ríkissjóður á sjálfur. Mér er t. d. kunnugt um það, að í Barðastrandarsýslu eru að minnsta kosti þrjár kirkjur í eigu ríkisins, sem ekki er hægt að messa í, þ. e. í Gufudal, þar sem er heldur léleg kirkja, á Stað á Reykjanesi, þar sem er mjög léleg kirkja, og í Breiðuvík er mjög léleg kirkja. Þá er einnig mjög léleg kirkja í Sauðlauksdal, það er kannske hægt að messa í henni, en að minnsta kosti er hún ekki í neinu fyrirmyndar ástandi. Og þetta eru allt ríkiskirkjur, en svona er ástandið, af því að ríkissjóður vill ekki leggja fram fé til þess að byggja þær upp, sem hann er þó skyldugur til, og ekki hefur tekizt samkomulag við söfnuðina um, að þeir yfirtaki kirkjurnar, því að ríkissjóður hefur ekki viljað leggja með þessum kirkjum nægilega mikið fé. En ég er líka viss um það, að ekkert af þessu fólki vill láta taka kirkjurnar burt frá sér, og þekki ég það í sambandi við Breiðuvíkurkirkju, að fólkið, sem býr þar við mjög erfið lífskjör, vill ekki fyrir nokkurn mun láta flytja kirkjuna burt eða taka prestinn frá sér. Ég er ekki að kenna kirkjuyfirvöldunum um þetta eða kirkjumálastjórninni, en ástandið er svona.

En hvað er þá að segja um prestssetrin? Aðalástæðan til þess, hve erfitt er að fá presta, er sú, hve illa er að þeim búið í fjöldamörgum tilfellum. Á fjöldamörgum prestssetrum er þannig búið að íbúðarhúsum og peningshúsum, að það er ómögulegt fyrir menn að flytja þangað, og má t. d. í því sambandi nefna Sauðlauksdal. Þangað er nýkominn ungur mjög efnilegur maður, sem vill búa, en getur ekki flutt í hús, þó að hann hafi gert það í vetur í eitt herbergi, því að hann vildi ekki vera settur í brauðið upp á annað en vera sjálfur búsettur í sókninni. En enga skepnu getur hann látið í peningshús, því að þau eru ekki til og Alþ. hefur ekki fengizt til að leggja fram nægilegt fé á þessa árs fjárl. til að byggja þetta upp. Er þetta mjög illa farið, en ég er ekki að kenna kirkjuyfirvöldunum um þessi mál; biskup landsins hefur óskað eftir því, að látið yrði meira fé til þessara framkvæmda, þannig að þetta er ekki að hans ráði gert, en stafar af því, að Alþ. hefur skellt við því skollaeyrum eða talið, að annað ætti að ganga fyrir, en það er óverjandi að láta rangsleitni Alþ. í þessu máli verða til þess, að prestunum verði kippt burt frá fólkinu vegna þess, að ekki sé hægt að sjá þeim fyrir sæmilegum íbúðum.

Svo minntist hv. þm. á kirkjugarða. Við höfum ágætt fordæmi í sambandi við kirkjugarða, ég hef komið að Bessastöðum, þar sem búið er að þurrka kirkjugarðinn út. Mér er kunnugt um, að ekki hefur verið leitað til þeirra ættingja, sem eiga þar nýgrafna menn, um leyfi til að slétta kirkjugarðinn út. Og hvað þá um aðra kirkjugarða, þegar farið er á þann hátt með kirkjugarðinn á forsetasetrinu og það án þess að spyrja nánustu ættingja, sem mér er kunnugt um, að hefur ekki verið gert; m. a. ættingjar manna, sem ekki eru búnir að liggja þar í 10 ár, hafa ekki verið spurðir um það? Ef kirkjuyfirvöldin í landinu telja sig hafa heimild til þess að gera þessa hluti, er það a. m. k. ódýr

lausn á því máli, og þarf þá ekki hv. þm. að hafa áhyggjur af því, að ekki sé hægt að koma þessu í sæmilegt horf, að minnsta kosti eins og á forsetasetrinu.

Ég sé ekki ástæðu til að svara meir hv. 1. þm. N-M. í sambandi við þetta mál, en vil snúa mér nokkuð að hv. 2. þm. S-M., sem flutti hér einmitt mjög góða ræðu í sambandi við þetta mál. Ég verð að segja, að ef þeir menn, sem ekki einasta voru í menntmn., heldur einnig voru í mþn., hefðu flutt mál sitt af sömu þekkingu og sanngirni og hv. 2. þm. S-M., þá væri kannske hægt að komast miklu fyrr að því sanna eða rétta í þessu máli. Ég fyrir mitt leyti er alveg sannfærður um, að það er mjög miklum erfiðleikum bundið að sameina þarnakennslu og prestsþjónustu í hinum fámennu sveitum, eins og einnig hv. 6. landsk. benti á í gær. Og þó yrðu erfiðleikarnir vitanlega langmestir, þegar það kæmi á daginn, að ekki fengjust prestar, t. d. af þeirri ástæðu, að prestssetrin væru svo illa hýst, þannig að sumir prestar yrðu að fara að þjóna 2—3 prestaköllum og vera kennsluprestar í þeim öllum. Og þó að ég hafi lýst mig því fylgjandi, að á einstöku stöðum séu sett upp kennsluprestaköll, mun ég ekki sjá mér fært að fylgja því, þegar búið er að fækka prestunum eins og hér er gert.

Ég tel því öll rök hníga að því, að samþykkja beri till. mína um það að fresta málinu í heilt ár, og rök hv. 2. þm. S-M. hnigu mjög í sömu átt. Það er margt, sem bendir mjög greinilega til þess, að þetta mál hafi ekki fengið þann undirbúning í mþn., sem með þurfti, sem líka er viðurkennt í sjálfri grg., sem n. samdi, og átti þó sæti í n. hinn ágæti menntafrömuður Ingimar skólastjóri. En það virðist svo sem andstaðan eða andúðin gegn prestunum í sveitum landsins hafi mátt sín meir í mþn. en þekkingin og vitið og samúðin með kirkjunni, og kemur það gleggst fram í herópi n. í sjálfri greinargerðinni.

Hv. þm. sagði, að þessi till. um að stofna kennsluprestaköll væri sjálfsagt fram komin vegna þess, að n. liti svo á, að prestarnir hefðu ekki nægilegt verkefni í prestsstarfi sínu. En ég vil nú spyrja: Hvað er verkefni presta, og hvenær er það nægilegt? Hæstv. forseti þessarar d. sýndi einmitt fram á, að gengið væri á rétt fólksins, ef lögskipa ætti, að eitt prestakall skyldi vera þannig sett, að fólkið fengi ekki messu nema sjötta hvern sunnudag, en fólkið í öðru prestakalli hefði möguleika á að fá messu á hverjum sunnudegi. Og sannarlega tekur það jafnlangan tíma fyrir prest að undirbúa ræðu sína, hvort sem hann á að lesa hana yfir 2 þúsundum í dómkirkjunni í Reykjavík eða 3 mönnum eða 4 í kirkju úti á landi. Það tekur nákvæmlega sama tíma, ef hann leggur sína vinnu og sína sál í það að semja þá ræðu. En ég hef bara ekki verið þeirrar skoðunar, að prestsverk séu þau ein að semja ræður og flytja þær eða skíra börn og jarða. Ég hef verið þeirrar skoðunar, að ef fólk úti á landi við erfið lífskjör og baráttu við náttúruna og höfuðskepnurnar vill hafa prest og finnur styrk hjá sér til þess að halda áfram starfi, ef það hefur prest, þá tel ég sjálfsagt að svipta það ekki prestinum. Og það varðar minnstu, hvort það kostar ríkissjóð meira eða minna; hitt varðar miklu meira, hvort hægt sé að halda fólkinu í þessum héruðum, ef þetta er látið eftir því. Og það er þetta, sem hv. 6. landsk. kom inn á í gær og viðurkenndi; hann, sem vill fækka prestunum svo og svo mikið, biður um að láta ekki þessa plágu koma yfir eitt allra fámennasta prestakallið, því að þótt þar séu ekki nema 30 manns, vill hann ekki láta ákveða með l., að það sé lagt niður, því að það gæti haft þau áhrif, að þetta fólk gæfi alveg upp baráttuna við að búa þar áfram. En hvað heldur hv. þm. um annað fólk, sem berst þessari baráttu á öðrum stöðum og verið er að taka prestana af, — hefur hann ekki hugmynd um, að það fólk muni gefast upp og flytja á eftir prestunum? Ég held, að hann hafi sjálfur talað miklu betur fyrir þessu máli en ég hefði getað gert. Og nákvæmlega sama hefur komið fram hjá öðrum, sem hér hafa talað. Þegar það hefur átt að snerta þeirra umbjóðendur, þá mátti ekki undir neinum kringumstæðum fækka prestunum. Nú snertir þetta frv. ekki einn einasta af mínum umbjóðendum, og ég hef því miklu meiri rétt til að tala um þetta mál fyrir hönd fólksins úti á landi en hinir, sem mæla með því, að frv. verði samþ., nema bara ekki láta pláguna koma yfir þeirra eigin umbjóðendur. Það er alveg sýnilegt, og það var einmitt þess vegna, sem þessi fámenna sókn á Mjóafirði sendi til kirkjuvaldsins, biskupsins, áskorun um það að mega halda sínum gamla, góða presti, sem kominn var langt yfir aldurstakmarkið, því að þetta fólk fann, að það var að tapa einhverju af sinni eigin sál, ef það var slitið úr sambandi við hann, ekki af því, að það vantaði prest til að skíra, jarða og ferma, heldur vegna þess, að því þótti sem verið væri að taka frá því eitthvað, sem það mat meira en fé. — Nú skal viðurkennt, að þetta er ekki algild regla, að ekki megi flytja eitthvað til í sóknum. Það, sem ég vil, að hv. deild sé ljóst, er, að fólkið vill ekki missa það, sem verið er að taka frá því með þessu frv.

Síðan sagði hv. þm. annað, sem er athugunarvert: „Ef ég á þess kost að vinna að fækkun á embættismönnum, þá neyðist ég til þess að fylgja því.“ Ég vildi halda, að eins orðvar og varkár maður og hv. 2. þm. S-M. mundi ekki hafa sagt þetta, nema hann meinti það, því að hvað gerði til, þótt embætti væri lagt niður, ef verið væri að spara með því, og nú er verið að spara með þessu! En hér er bara ekki verið að spara, það er verið að taka prestana frá sveitunum og flytja þá til kaupstaðanna. Það er verið að gera þessa breytingu á kostnað þeirra, sem eiga erfiðast í lífsbaráttunni. Nú má að vísu segja, að það sé of mikið fyrir einn prest að hafa sálgæzlu 5000 manns, eins og mun vera hér í Reykjavík. En hitt er vitað, að þótt menn hér hafi sinn ákveðna prest samkvæmt lögum, geta þeir leitað til annars prests, ef mönnum sýnist svo, alveg eins og til annars læknis. Það er því engin ástæða til þess að fjölga prestum í kaupstöðunum. Ég skal þó ekki mæla á móti því, að ástæða sé til að fjölga prestum í kaupstöðun-

um, en það á ekki að gera það á kostnað sveitanna.

Hv. 1. þm. Eyf. mótmælti fram kominni till. um að skipta Vallaprestakalli og færði þar fram sterk rök. En hvernig getur hann þá með góðri samvizku mælt með því að taka í burt presta annars staðar til þess að sameina prestaköll hjá öðrum og skapa þeim verri aðstöðu, þegar hann vill berjast fyrir því, að mönnum í þessu prestakalli sé sköpuð betri aðstaða? Einn prestur ætti þá að fara hér um 75 km leið á kirkjuna. Hann verður þá að undirbúa sig undir það sérstaklega, eins og presturinn á Völlum, sem á að fara til Hríseyjar. Þetta er eitt af því, sem lagt er til hér.

Svo kom hv. þm. inn á annað atriði líka, sem er alveg rétt, að ef fækka á prestum, þá er sjálfsagt að fækka kirkjunum líka. Hins vegar styður biskup þessar till., sem miða að því að *brenna upp 11 kirkjur eða fleiri.* Það *er* einkennilegt, sem maður á von á í þessum málum. Fyrst á að fækka prestunum og selja höfuðbólin, síðan á að rífa niður kirkjurnar eða brenna þær bara. Og fyrir þessu standa prestar með biskup sem forustumann. Það var því réttilega bent á það, að ef prestunum er fækkað, þarf að fækka kirkjunum líka. Þá minntist hv. 1. þm. Eyf. á meðferð málsins í n., og ég verð að segja, að mér fannst hann þar hafa töluvert mikil lög að mæla. Ég held, að það séu nokkuð sérstæðar deilur, sem fram fara um þetta mál hér á Alþingi. Það er farið með þetta mál og deilt um það eins og það væri fjárlög eða vegalög, og finnst mér nokkuð undarlegt að líta þannig á málið. Hér hefur menntmn. fengið málið til meðferðar og undirbúnings, en nefndin kemur ekki með nein gögn, sem hún leggur fyrir Alþ., þegar málið er lagt fram; hún leggur bara fram frv. sjálft með grg., sem lítið upplýsir þetta mál. Menntmn. hafði þetta mál til meðferðar, en n. kemur út jafnklofin og mennirnir eru margir í n., einn vill þetta og annar hitt. En ég ásaka ekki n. fyrir þetta. Ég held, að þetta hafi verið fyrirskipað frá hæstv. kirkjumrh., að þetta mál skuli ná fram að ganga vegna ákveðinna takmarka, sem hæstv. kirkjumrh. vill ná.

Langsamlega eðlilegast væri að fresta þessari umr. *nú þegar og n. tæki málið aftur og reyndi* þá að koma sér saman um hlutina. En mér er bókstaflega ómögulegt að taka brtt. mínar aftur til 3. umr., eins og forseti fer nú fram á. Ef ég léti brtt. mínar bíða til 3. umr., þá yrði búið að loka fyrir það, að ég gæti komið með aðrar brtt., ef þessar verða felldar, því að það er fyrst eftir 2. umr., sem menn fá yfirlit yfir málið, hvernig það er komið. Ef ég nú tek brtt. mínar til baka til 3. umr. og verði þær þá felldar, kem ég ekki neinum af mínum till. að. Þess vegna vil ég óska þess, að hæstv. forseti láti ganga atkv. um allar þessar till., sem hér liggja fyrir, einmitt nú, til þess að við getum fengið að sjá heildarmynd af frv. eins og má gera ráð fyrir að það verði. Ég veit ekki nema allar till. hv. 1. þm. N-M. verði samþ., og hvaða möguleika hefði ég þá til þess að koma með brtt. við 3. umr.? Þess vegna tek ég ekki aftur brtt. mínar, en óska þess, að þær verði bornar upp núna við 2. umr. og að sem flestar brtt. verði bornar upp núna. Þetta mál hefur skýrzt ótrúlega mikið við ræður hv. 1. þm. Eyf. og 2. þm. S-M., sem báðir hafa lagt móti því, að frv. yrði samþ., þótt þeir lýsi því yfir, að þeir fylgdu frv., ef það snerti ekki þeirra kjördæmi.

Hv. 6. landsk. vill ekki leggja Eyrarsókn undir prestinn á Ísafirði. En getur hann sætt sig við, að það sé tekið frá öðrum, sem þeir óska að hafa, og kirkjur, sem fólkið óskar eftir, séu lagðar niður?

Hv. 1. þm. N-M. vill helzt ekki hafa neinar kirkjur í landinu og lýsti því yfir, að honum hefði tekizt að snúa einum presti til trúar með ræðu á ungmennafélagsfundi. Hann getur því um leið og hann ferðast um landið og heldur hrossa- og kúasýningar verið trúboði. En hvort árangurinn af því trúboði yrði gagnlegur, er *annað atriði.*

Ég skal enda mál mitt á því að þakka hæstv. forseta fyrir að skoða ekki þessa ræðu mína sem athugasemd og læt máli mínu lokið við þessa umr.

Forseti (BSt): Út af ummælum hv. þm. Barð. um meðferð á brtt. vil ég taka það fram, að ég sé ekki, að ómögulegt sé að hafa þann hátt á, þótt hann taki aftur til 3. umr. brtt., sem hann vill láta samþ. sem aðalbrtt., að hann beri fram aðrar till. til vara við 3. umr. Hans brtt., sem nú liggja fyrir, mundu þá vera bornar upp fyrst og hinar svo á eftir, ef aðaltill. væru felldar.

Sigurður Ó. Ólafsson: Herra forseti. Það var aðallega út af ræðu hv. 1. þm. N-M., sem ég óska að segja nokkur orð. Honum virðist ekki hafa fallið þau ummæli, sem ég lét falla í minni ræðu, þar sem ég lét í ljós, að á þeim stöðum, þar sem ég væri ókunnugur, tryði ég niðurstöðum milliþn. betur en honum og mundi því heldur greiða atkv. með till. n. en hans till. Þetta virðist honum ekki hafa fallið mjög vel og vítti mig fyrir það að vera ókunnugur landsháttum og taldi, að ég hefði ekki leyfi til þess að vera ókunnugur neins staðar á landinu; þar sem ég ætti sæti í samgmn., þá bæri mér að *þekkja alla staði á landinu vegna þess starfs,* sem þar fer fram, þegar verið er að taka vegi í þjóðvegatölu. Hann taldi, að það yrði að kenna mér að þekkja á kortið, til þess að ég væri ekki alveg ókunnugur í landinu. Nú verð ég að segja það, að í sambandi við starf mitt í samgmn. hef ég oft litið á kortið til þess að athuga ýmislegt um vegi, hvar þeir eigi að liggja og hverja eigi að taka upp í þjóðvegatölu. En ég verð að játa, að það hefur farið fram hjá mér að athuga, hvar hver einasta kirkja í landinu er og hvernig hverri sókn er skipað. En þótt hann léti þau ummæli falla, að ég hafi brugðizt þingmannsskyldu minni með því að athuga þetta ekki, þá verður hann að minnast þess, að ég er ekki eins gamall á þingi og æfður í því að halda þingræður og þessi hv. þm., og verður að hafa það.

Hv. 1. þm. N-M. sagði, að ég hefði ekki farið

rétt með það, sem ég sagði um skiptingu prestakalla í Rangárvallasýslu. En þetta er rangt hjá hv. þm. Hv. þm. leggur til, að Kálfholtssókn verði lögð undir prestinn í Fellsmúla, og það getur verið, að þarna hafi n. ekki farið rétt að. En ég vil spyrja: Hvað vakir fyrir hv. þm., þegar hann leggur til, að heilt prestakall verði lagt niður? Þarna sat presturinn í Kálfholti, þar til hann fyrir nokkrum árum óskaði eftir að flytja út í Þykkvabæ, þar sem mjög er þéttbýlt, og nú er miðstöð þess prestakalls þar. Þarna er að dómi hv. þm. einn prestur, sem er hægt að láta hverfa. Þarna kemur þá sparnaðarandinn upp hjá honum. — En í Kirkjubæjarklaustri settist presturinn að í gömlum bústað, sem byggður var í túninu og nokkur graslóð höfð umhverfis. Hv. þm. sagði, að ef prestur færi að Prestsbakka, þá þyrfti að byggja þar upp fyrir um ½ millj. kr. Ég skal ekki rengja hann um, að þetta kosti mikið. En hann minnist ekki á bústaðinn, sem búið er að byggja yfir prestinn á Kirkjubæjarklaustri. Þarna hefði hann átt að minnast á mismuninn, um 300 þús. kr., en ekki ½ millj. kr., því að eignin er til. Þar að auki er það ósk prestsins að sitja á Prestsbakka, en ekki á Kirkjubæjarklaustri, þar sem hann hefur litla möguleika til búskapar.

Ég ætla ekki að lengja þessar umr., en benda á þá staðreynd, að á lestrarsal liggur frammi áskorun undirrituð af biskupi Íslands, prófastum og 85 prestum um það, að málið verði afgreitt nú á þessu þingi og á þann hátt, sem það nú liggur hér fyrir. Þeir vilja heldur, að þetta mál verði samþ. eins og það nú kemur frá milliþn., en að það verði drepið. Þeir gefa í skyn, að þeir séu ekki að öllu leyti ánægðir með frv., en til þess að ná frið um málið vilja þeir heldur slaka til á þessu en láta lögin frá þessu ári taka gildi um næstu áramót. Þeir hafa ekkert á móti því, að prestum sé fjölgað í sveitum, en vilja heldur, að málið verði afgreitt eins og það er, en að það dagi uppi.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Af því að hv. þm. Barð. sagði, að ég færi með ósannindi viðvíkjandi prestunum í Reykjavík, ætla ég að lofa honum að heyra lög nr. 76 frá 7. maí 1940. Ég les 2. og 4. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„2. gr. Eftir afhendingu dómkirkjunnar í hendur safnaðarins skal skipta söfnuðinum í 4—6 sóknir. Kirkjustjórnin ákveður takmörk sókna, eftir tillögum prestakallaskipunarnefndar og kirkjuráðs.

4. gr. Sóknir þær, sem nefndar eru í 2. gr., skulu vera jafnmörg prestaköll, og skulu vera í þeim svo margir prestar, að því svari, að einn prestur sé fyrir hverja 5000 sóknarmanna. En ef fólkinu fjölgar, skal prestum fjölga í hlutfalli við fólksfjölda, þannig, að á hvern prest komi sem næst fimm þúsund manns. Skulu þessi prestaköll vera sérstakt prófastsdæmi með dómprófasti. Ákveður héraðsfundur þess prófastsdæmis, hvernig skipta skuli tillagi ríkissjóðs til kirkjubygginga milli sóknanna."

Þetta sagði hv. þm. að væri fjarstæða. En menn fá nú að heyra, hve rétt hann fer með mál á þingi.

Hv. þm. hélt því fram, að þeir, sem áttu sæti í milliþn., hefðu ekki verið fulltrúar fólksins, heldur fulltrúar sjálfs sín. Prófessorar í guðfræði, sem eiga að kenna mönnum að boða rétta trú, — nei, þeir eru ekki fulltrúar fólksins. Prófasturinn á Breiðabólstað, sem þjónað hefur í einu snjóþyngsta héraði landsins auk síns héraðs, hann á ekki að þekkja neitt til, nema síður sé. Ásmundur Guðmundsson prófessor á ekki að þekkja neitt til fólksins. Hv. þm. Barð. er víst sá eini, sem þekkir til fólksins. Hann segir, að hæstv. ráðh. hafi gert þetta til að losa eina jörð á Ströndum. Hv. þm. Barð. virðist vita um frumhvatir og hugsun manna, þegar þeir gera þetta og hitt. Hann sér alveg í hendi sér, að hæstv. ráðh. hefur ekki gengið annað til en að losa Kollafjarðarnes til að selja eða gefa einhverjum bónda það. Þetta eru alveg dæmalausar getsakir á menn og alveg óheimilar. Ég fullyrði, að a. m. k. þeir fjórir prestvígðu menn, sem sátu í milliþn., hafi ekki haft annað fyrir augum en hvernig prestsþjónustan notaðist sem bezt fyrir þjóðina. Ég tel, að þetta komi að gagni, þó að prestarnir sitji ekki eins þétt og þeir vilja vera láta að sé nauðsynlegt. Þá sagði hv. þm. Barð., að það væri meiri ástæða að hafa presta, þar sem ríkið ætti kirkjuna. Það eru til ýmsar kirkjur, þar sem ekki hefur verið messufært í áratugi. Á ríkið þessar kirkjur? Nei, þetta eru bændakirkjur. Ef hv. þm. langar til að heyra fleira, þá get ég haldið áfram, en ég held, að þetta ætti að vera nóg. Þetta er alveg sami hundavaðshátturinn hjá honum og þegar hann segir að ég þekki ekki l., og hann sagði, að ég hafi rangfært þau í gær. Það er ákaflega viðkvæmt mál að fækka kirkjum, en ég tel, að ekki sé þörf á að hafa kirkju bæði á Staðarbakka og á Melstað, en þetta kemur ekki til okkar kasta. Ég tel, að að skaðlausu megi færa kirkjur saman í landinu. Hann gerði grín og henti gaman að prestum og sagðist alltaf vona, að það væri líf eftir dauðann. Ég veit, að það er líf eftir dauðann, því að mér hefur oft tekizt að losna úr skrokknum og ferðast til annarra staða. Ég get sagt honum annað. Ég hef verið meðhjálpari og það hjá klerki, sem nú er talinn einn bezti klerkur landsins, ég nefni engin nöfn. Ég sagði, að ég vildi ekki vera meðhjálpari, ég vildi vera laus við það, vegna þess að það væru viss atriði í bæninni, sem ég gæti ekki lesið af sannfæringu. Þá segir hann: Heldur þú, að við prestarnir segjum ekki daglega úr stólnum ýmislegt, sem við getum ekki sagt af sannfæringu? — Sá, sem talaði þetta, er einn af beztu prestum landsins. Prestar eru alveg eins og aðrir menn, sumir fara í starfið af köllun, en aðrir fara í það af ytri aðstæðum og rækja það sem embættisskyldu, eins og þessi prestur gerði, þó að hann sé talinn góður prestur. Ég veit það með vissu, að hann er prestur án þess að vera það af hjarta, og þannig er það með ýmsa fleiri. En í þetta ættu ekki að veljast aðrir en þeir, sem fengju köllun til þess og vildu beita sér í sínu starfi.

Það er ekki skiljanlegt, hvers vegna hv. 2. þm. Árn. leggur svo mikið upp úr óskum biskups og presta um að fá frv. óbreytt, en flytur svo

brtt. Ef hann á að vera sjálfum sér samkvæmur, ætti hann enga brtt. að koma með, en hann vill bæta það, en hann gerir ráð fyrir, að aðrir vilji gera breyt. til hins verra, en það má alltaf deila um það, hvort það sé til bóta eða ekki. Fyrst hann leggur svo mikið upp úr óskum presta, ætti hann að taka sína brtt. aftur sem rökrétta afleiðingu af því, sem hann sagði.

Ég lofaði hæstv. forseta að hafa þetta aðeins stutta athugasemd, og skal ég ekki tefja umr. mikið. Ég sagði það í dag og ég endurtek það, að ég hef engar sannanir fyrir því, nema síður sé, að það standi minni þjóðarvilji bak við till. minar en till. hv. þm. Barð. Þó að hann telji sig einan vita vilja þjóðarinnar og vera fulltrúa hennar, þá er það hann — í hans augum —, sem veit það, og aðrir ekki.

Forseti (BSt): Ég hafði óskað að ljúka nú í dag þessari umr., en það er auðvitað ekki hægt, því að menn eru á mælendaskrá, sem eiga rétt til að tala oftar.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja umr. og skal vera stuttorður. Ég hef lagt fram brtt. við þetta frv. og geri það af hlýðni við sókn og safnaðarmenn í Vestmannaeyjum, en ekki af persónulegum skoðunum. Brtt. á þskj. 235 er um að flytja Ofanleitisprestakall og láta það heyra undir prófast, sem búsettur er í Kjalarnessprófastsdæmi. Eins og flestum mun kunnugt, hefur þessi sókn frá öndverðu heyrt undir Rangárvallaprófastsdæmi. Það gæti valdið nokkrum misskilningi, ef engin skýring fylgdi, hvers vegna þessa er óskað. Ég hefði persónulega viljað, að svo væri áfram, vegna þess að ég á svo margar góðar minningar um Rangárvallasýslu og fólkið þar frá fornu fari. Ég veit með vissu, að þessi flutningsvilji safnaðarins byggist ekki á því, að honum líki ekki við prófastinn á Breiðabólstað. Hann er mætur maður og vel metinn í Vestmannaeyjum. Þetta byggist á því, að samgöngur við Rangársand hafa að mestu leyti fallið niður og eiginlega að öllu leyti þær gömlu samgöngur, sem tíðkuðust. Þá fór þarna póstur og veruflutningar, og lærðir og leikir fóru þessa sjóleið upp á Sand. Með nýrri tækni er svo komið, að beint samband við Rangárvallasýslu er sama sem ekkert orðið. Þess vegna hefur söfnuðurinn komizt að þeirri niðurstöðu, að betra væri að hafa prófastssamband hingað suður á bóginn. Helzt vildi ég, að eyjarnar gætu tilheyrt Rangárprófastsdæmi, en ég sé á því annmarka og tel þá eðlilegast að fara fram á, úr því að ég er farinn að fara fram á breyt., að söknin tilheyri Kjalarnessprófastsdæmi. Ég vil taka það fram, herra forseti, og ég legg áherzlu á það, að það er ekki vegna þess, að prófasturinn hafi misst sitt góða álit í Vestmannaeyjum, að lagt er til, að þessi flutningur eigi sér stað, heldur er það af samgönguástæðum, að þessi safnaðarvilji er fram kominn. — Ég ætla ekki að fara inn á þær deilur, sem hér hafa staðið, en ég ætla aðeins að segja, að ég tel æskilegt, að þingið ráði þessu prestakallamáli til lykta og sem mest sé farið eftir till. þeirra manna, sem mest hafa unnið að þessum málum og mestan áhuga hafa á þeim, og þá vita allir, við hverja er átt.

Forseti (BSt): Hyggst ekki hv. 6. landsk. halda nokkuð langa ræðu? (HV: Jú, svona í 20 mínútur.) Ég neyðist þá til að fresta umr. og taka málið út af dagskrá, enda getur hæstv. kirkjumrh. verið viðstaddur umr. á morgun, og þætti mér viðkunnanlegra, að honum gæfist kostur á að tala í þessum umr., áður en þeim lýkur, en hann hefur verið veikur undanfarið og ekki getað tekið þátt í þeim.

Umr. frestað.

Á 39. fundi í Ed., 7. des., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég skal enn sem fyrr gera lítið að því að tala um þetta mál almennt. Ég get þó ekki annað en látið í ljós nokkra undrun yfir því, hvað umræður um þetta mál hafa farið mikið á víð og dreif, og mér finnst, að menn hafi stundum gerzt næstum furðulega órökvísir um þessa hluti. Það kom m. a. fram í gær í ræðu hæstv. forseta deildarinnar, sem venjulega er allra manna rökfastastur, að það væri sérstaklega óaðgengilegt að fækka mikið prestum í sveitum, m. a. vegna þess, að með því væri skapað misræmi milli fólksins í landinu á þann hátt, að þeir, sem byggju í þéttbýlinu, ættu þess yfirleitt kost að hlýða á messu um hverja helgi í sinni kirkju, meðan fólkið í strjálbýlinu ætti þess máske ekki kost að fara til kirkju nema sjötta hvern helgan dag, ef miðað væri við róttækustu till. í þessu efni, þar sem sami presturinn ætti að þjóna í 6 kirkjum. Ég er alveg undrandi yfir því, að þetta út af fyrir sig skuli vera talið svo fráleitt, því að það er vitað, að fólk notar sér það yfirleitt ekki að sækja kirkju hvern helgan dag, þótt það eigi þess kost, og það er því ekki um það að ræða að taka frá mönnum rétt, sem þeir yfirleitt nota. Hins vegar er það svo vitað, að aðstöðumunur manna er óskaplega mikill á mörgum sviðum í þjóðfélaginu, án þess að mönnum komi til hugar, að hægt sé að bæta úr því til fulls. Ef við t. d. lítum á læknisþjónustuna, sjáum við það, að í þéttbýlinu eiga menn þess kost að ná í lækni á örskömmum tíma, en í dreifbýlinu getur oft liðið langur tími, þar til hægt er að ná fundi læknis. Mér finnst liggja alveg opið fyrir, að það getur ekki komið til mála í svo strjálbýlu landi sem við lifum í, að hægt sé að jafna metin á ýmsum sviðum, svo að nálgist jafnræði. Ekki heldur um þá hluti, sem menn þó sækja mest eftir og telja þýðingarmesta, svo sem læknisþjónustu og almennar samgöngur, svo að ég nefni eitthvað. Því finnst mér dálítið undarlegt, að nokkrir menn skuli halda því fram í alvöru, að það beri að leggja sérstaka áherzlu á að laga það misræmi, sem stafar af því, að sumir hafa möguleika á að sækja kirkju um hverja helgi, en aðrir ekki nema á sex vikna fresti, því að vikulegar kirkjugöngur eru þau hlunnindi, sem aðeins örlítill hundraðshluti fólksins í landinu virðist hafa hug á að njóta.

Það komu fram hjá hv. þm. Barð. nokkur atriði, sem ég sé ástæðu til að leiðrétta, því að hann virtist hafa misskilið mig nokkuð. M. a. kom það fram hjá hv. þm., að hann skildi mál mitt þannig, að ég vildi fækka embættum yfirleitt án tillits til þess, hvort þau væru þörf eða ekki. Þetta er auðvitað misskilningur. Ég get endurtekið það, sem ég sagði um þetta í gær, að þegar svo stendur á, að ég get ekki séð, að embættið sé nauðsynlegt, á ég bágt með að ljá atkvæði mitt til þess að styðja að viðhaldi þess. Og mér er ómögulegt að fá sannfæringu fyrir nauðsyn þess að halda sérstakan prest fyrir 100—200 manna söfnuði. — En hver skyldi vera afstaða fólksins sjálfs í hinum afskekktu sveitum? Tökum dæmi: Við getum hugsað okkur prestakall með 100 manns í söfnuði. Nú er það upplýst hér og hefur ekki verið borið til baka, að það mundi kosta allt að ½ millj. kr. að koma upp aðstöðu fyrir prest í sveit, þar sem allt þarf að byggja upp frá grunni. Þar við bætast svo árslaun prestsins, sem munu nema á milli 40 og 50 þús. kr. Nú tel ég víst, að flestir eða allir íbúar á svona stað teldu mjög æskilegt að hafa prest innan sveitarinnar, ef þess væri kostur. En setjum dæmið þannig upp, að þessari sveit væru fengin í hendur umráð yfir fjárupphæð sem þessari og hún mætti ráða því, hvort hún verði fénu til að byggja yfir prest í sveitinni og greiða honum laun eða þá til annarra almennra þarfa í þágu sveitarinnar. Ég er náttúrlega ekki svo nákunnugur hugarfari manna, að ég geti staðhæft nokkuð í þessu efni. En ég er sannfærður um það, að ekkert sveitarfélag mundi verja fjárupphæðinni til þess að byggja yfir prest og greiða honum laun, enda þótt þeim þætti út af fyrir sig gott að hafa hann. — Mér skildist líka á hv. þm. Barð., að hann teldi mig hafa lýst því yfir, að ég fylgdi frv. Þetta er einnig á misskilningi byggt. Ég sagði einmitt, að mér væri ómögulegt að fallast á margar þær breytingar, sem í frv. felast, og mundi ég greiða atkvæði í samræmi við það.

Hv. þm. Barð. hefur mjög oft við þessa umr. deilt á þá nefnd, sem hafði þetta frv. til umræðu á milli þinga. Við því væri út af fyrir sig ekkert að segja, þótt deilt væri á nefndina, ef ekki væri sífellt látið í það skína, að einstakir menn í nefndinni hafi í starfi sínu unnið vísvitandi skemmdarverk. Það hefur borið nokkuð mikið á slíkum málflutningi hjá hv. þm. Barð. Honum hefur verið mótmælt jafnharðan, og hefur hv. þm. hörfað úr einu vígi í annað í þeirri viðureign. Seinast í gær var það landnámsstjóri, sem átti að hafa verið sérstakur misindismaður í þessu máli, og lét hv. þm. orð falla í þá átt, að landnámsstjóri hefði unnið að því að ná jörðum undan kirkjunni til þess að geta afhent þær til vissra aðila. Ég verð að segja það, að þótt hv. þm. Barð. leggi á margt gerva hönd og ég virði hann fyrir hinn mikla dugnað hans að kynna sér öll þau mál, sem fyrir koma hér á þingi, þá álít ég það ofvaxið hverjum manni að viðhafa í sömu andrá guðrækilegar íhuganir um Passíusálma Hallgríms Péturssonar og ferlegar getsakir um fjarstaddan heiðursmann eins og landnámsstjóra. Vil ég beina því til hv. þingmanna, hvort það sé nauðsynlegt fyrir hv. þdm. að viðhafa slíkan málflutning hér í hv. Ed. Og ég leyfi mér að mótmæla eindregið aðdróttunum hv. þm. í garð landnámsstjóra sem og öðrum slíkum málflutningi, sem hann hefur beitt fyrr í þessu máli.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hv. þm. Barð. hefur nokkrum sinnum komið að því, að sér þætti vinnubrögð menntmn. nokkuð slæleg og óeðlileg, þegar um slíkt nauðsynjamál væri að ræða. Um þetta atriði þarf ekki að fjölyrða, þar sem hv. form. menntmn., hv. 11. landsk. þm., hefur þegar gert grein fyrir þessu, og hefur verið leitað álits skrifstofustjóra Alþ. um það, hvort venjulegt væri, að nefnd skilaði áliti í tilfelli eins og þessu. Nefndin hefur aðeins flutt frv. eftir óskum ráðh., og allir nm. hafa áskilið sér rétt til að hafa óbundnar hendur um málið. Mér er engin launung á því, að afstaða manna í nefndinni til frv. var þannig, að einn nm. vildi fylgja frv. óbreyttu, en taldi sig þó knúinn til að flytja eina brtt., sem snerti sóknaskipun heima í hans kjördæmi, en þetta var hv. 2. þm. Árn. Form. nefndarinnar vildi einnig halda sig að mestu leyti við frv. óbreytt, en hann boðaði þó brtt., sem hann hefur nú flutt. Svo er einn af milliþinganefndarmönnunum, og hefur hann tjáð, að hann hafi boðað í milliþn. allmargar brtt., þótt hann hafi skrifað undir nál. með fyrirvara, sem sagt, að hann mundi stuðla að flutningi þess í þinginu, þótt hann kæmi fram með brtt. við það. Það er því auðséð, að meiri hl. menntmn. hefur ekki haft aðra afstöðu sameiginlega til þessa máls en að mæla með flutningi þess. Fyrir þessum brtt. öllum hefur nú verið gerð skilmerkileg grein, og hv. dm., sem hlýtt hafa á ræðurnar, fengið þannig skilmerkilega vitneskju um till., efni þeirra og þann rökstuðning, sem að þeim hnígur. Ég held því, að málið liggi ekki eins óljóst fyrir og hv. þm. Barð. vildi gefa í skyn, og sízt af öllu skyldi maður trúa því, að málið liggi óljóst fyrir honum, sem hefur gert mikið til að kynna sér það sem bezt og sýnt brennandi áhuga fyrir lausn þess. Þessi hv. þm. vill ekki ganga inn á neina fækkun presta í strjálbýlinu og telur milliþn. hafa gengið of langt í þessu atriði, og hann fullyrðir, að nefndarmenn hafi ekki komið fram í þessu máli sem fulltrúar fólksins. Þetta þýðir, að hann gagnrýnir mjög skipun milliþn. Ég þykist þó ekki geta séð annað en nefndin hafi einmitt fyrst og fremst verið skipuð út frá óskum kirkjunnar og forsvarsmanna hennar, þar sem í henni áttu sæti prófastur við íslenzku þjóðkirkjuna, séra Sveinbjörn Högnason, prófessor í guðfræði við háskólann, Ásmundur Guðmundsson, og fulltrúi biskups, Sveinn Víkingur biskupsritari. Ættu þessir menn að vera allgóðir formælendur kirkjumálanna. Þá komu tveir menn frá hinni veraldlegu hlið, ef svo mætti segja, sem báðir voru valdir með tilliti til þess, að þeir hafa mjög góða yfirsýn yfir alla landsbyggðina, þ. e. búnaðarmálastjóri og landnámsstjóri; menn, sem komið hafa í hvert hérað landsins og eru öllum mönnum kunnugri um legu og staðháttu í sveitum landsins. Ég

læt mér ekki detta í hug, að þessir tveir fulltrúar hafi verið valdir sem fjandmenn kirkjuþjónustunnar og kristninnar í landinu, en hitt virðist auðsætt, að hinir þrír, biskupsritarinn, prófasturinn og guðfræðiprófessorinn, hafa verið valdir í nefndina með það fyrir augum, að þeir gætu rækt það hlutverk að gæta hagsmuna presta og kirkju, ekki aðeins í Reykjavík, heldur hvarvetna í byggðum landsins. Ég get því ekki stillt mig um að hugsa, að þessir menn hafi orðið fyrir óverðskulduðu aðkasti frá hv. þm. Barð., sem hefur fullyrt, að þeir hafi ekki starfað sem fulltrúar fólksins í landinu, og það vegna þess, að manni skilst, að þessir menn hafa viðurkennt breytta tíma og breytta staðhætti, sem gera það sjálfsagt og eðlilegt að leggja niður eitt og eitt prestakall og breyta til um söknaskipun. Þetta virðist ofur eðlilegt, og ég get ekki fengið mig til að túlka þessi störf þeirra á nokkurn hátt sem fjandskap við kirkjuna í landinu. Hér hefur verið deilt um, hvort það sé réttlætanlegt að fækka prestum eitthvað í strjálbýlinu, og hv. þm. Barð. heldur því fram, að það sé óverjandi. En á grundvelli þess, sem ég hef sagt áður um milliþn., tel ég, að sú fækkun, sem hún leggur til að verði gerð, muni þó alltaf vera réttlætanleg og kirkjulífinu í landinu muni ekki stafa hætta af þeirri fækkun. Sízt get ég þó verið í efa um, að óhætt sé að fylgja till. nefndarinnar um fækkunina, eftir að hafa séð meðmæli stjórnar Prestafélags Íslands um það, að frv. verði samþ., því að það sé til bóta út frá sjónarmiði kirkjunnar í landinu. Annars er ég ekki viss um, að sú stefna sé rétt, að höfðatalan í söfnuði eigi að ráða því, hvort prestakall skuli verða lagt niður eða ekki. Mér finnst hugsanlegt, að þannig standi á, að það beri að íhuga vandlega, hvort réttara sé að leggja niður prest og kirkju í einu fámennu byggðarlagi en öðru, sem kannske er miklu fjölmennara og vel sett með samgöngur. Ég dreg í efa, hvort réttmætara sé að leggja niður prestakall í Aðalvík á Ströndum, þótt þar séu ekki eftir nema 30—40 sálir, heldur en leggja t. d. niður eitt eða tvö prestaköll af fjórum hérna uppi á Borgarfjarðarundirlendinu. Bezt gæti ég trúað því, að það væri réttlætanlegra að leggja niður einn prest í Borgarfirðinum heldur en leggja niður prestakallið í Aðalvík, meðan ekki er útséð um það, hver verða örlög þeirrar byggðar, hvort byggðin leggst í eyði eða vonir standa til, að byggð blómgist þar aftur. Ég er í vafa um þetta sökum þess, að í Aðalvík gæti skeð sá atburður, að það atriði, hvort prestur hefði þar aðsetur eða ekki, gæti haft úrslitaþýðingu um það, hvort fólkið gæfi upp vörnina og flytti á brott úr byggðarlaginu. Ég hef því tilhneigingu til að flytja till. í þá átt, að Staðarprestakall yrði ekki afmáð úr tölu prestakalla með þessu frv., en hins vegar sett inn í það ákvæði um það, að Staðarprestakalli í Aðalvík yrði fyrst um sinn þjónað frá Stað í Grunnavík. Það þýðir í raun og veru, að aðeins er slegið á frest að taka ákvörðun um, hvort leggja skuli niður prestakallið í Aðalvík, og fólkinu tryggð prestsþjónusta, en prestakallið í Aðalvík yrði áfram, ef byggðin innan þriggja ára rétti sig við. Hins vegar, ef hún hefur dáið út á næstu þrem árum, þá hverfur það prestakall af sjálfu sér. Í þeirri till., sem ég boða, felst ekkert annað en þetta, að þar er gengið út frá því, að prestakallið í Aðalvík verði lagt niður, ef það sýnir sig, að byggðin ætlar ekki að lifa næstu árin, en meðan úr þessu er ekki skorið, þá verði þessu prestakalli þjónað frá Stað í Grunnavík. Ég er sannfærður um, að það er álitamál, hvort ekki væri réttlátt að fækka t. d. um 1—2 presta í Rangárvallaprófastsdæmi eða um 2 presta á Fljótsdalshéraði, þar sem samgöngur eru ágætar.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þessa þætti frv., en snúa mér að nýmælinu í 6. gr. um kennsluprestana. Ég sé ekki, að mþn. taki þetta nýmæli upp vegna þess, að hún ætli sér með því að reyna að tryggja þessum prestaköllum, sem eru fámenn og erfiðlega hefur gengið að fá presta til að sækja um, presta. Eftir því, sem ég þekki til, þá hafa sum þessi prestaköll, svo sem Árnes á Ströndum, Sauðlauksdalur o. fl., verið prestslaus árum saman undanfarin ár, en þetta eru allt fámenn prestaköll, og ég efa ekki, að meginástæðan til þess, að prestar eru svo tregir til að sækja um þau, er sú, að þeir telja sig ekki hafa þar fullnægjandi starf og óttast að forpokast fyrr en aðrir stéttarbræður þeirra, af því að andlegt líf þrífst ekki í iðjuleysi. Þá hefur prestakallanefnd hugsað sér að bæta úr þessum voða með því að sjá þessum prestum fyrir nægu starfi; það skyldi vera kennslustarfið. Nú er auðsætt, að þessi prestaköll hafa ekki verið eftirsótt af prestum landsins undanfarin ár og hafa þess vegna verið prestslaus, og þá er spurningin: Eru líkur til þess, að þessi prestaköll, eftir að þessi nýja skipun er komin á, sem 6. gr. gerir ráð fyrir, yrðu eftirsótt, þegar presturinn ætti að vinna sem prestur og kennari? Breytingin, sem þarna yrði á högum prestsins, er sú, að auk þess sem hann ætti að þjóna prestsembættinu, þá ætti hann að taka að sér 6 klst. kennslu á dag. Með þeim undirbúningi, sem þessi störf krefjast, og með þeirri aukavinnu, sem fylgir fullri kennslu, þá verður að telja það fullt starf, sem prestinum er þar með fengið, hvort sem um er að ræða fámennan sveitaskóla eða fjölmennan skóla, þar sem kennarinn á að kenna fullskipaðri bekkjardeild. Fyrir þetta starf á kennslupresturinn að færast upp um einn launaflokk. Prestar taka laun samkvæmt 9. launaflokki og fá 8400 kr. í grunn, en nú ættu þeir við það að taka að sér fullt kennslustarf með prestsembættinu að færast upp í 9 þús. kr. í grunn. Ég er hræddur um, að þeir mundu verða fáir guðfræðinemendurnir, sem mændu alveg sérstaklega á þessi 10 kennsluprestaköll og hugsuðu með sér: Ég verð að undirbúa mig, þótt það kosti lengri námstíma, undir það að hafa bæði prests- og kennararéttindi, til þess að ég geti orðið þess aðnjótandi að sækja um eitt af þessum 10 kennsluprestaköllum. — Ég held, að þau þættu sízt eftirsóknarverð, svoleiðis að menn, þegar þeir eru að undirbúa sig undir prestsstarfið, vildu sízt af öllu lengja námstímann til þess að gera sig hæfa til þess að hljóta þau. Ég býst við, að þeir verði tiltölulega fáir, sem auk

kandidatsprófs í guðfræði tryggðu sér kennsluréttindi. Þó er það svo, að ef einhver væri slíkur, að hann mændi á þetta takmark og hugsaði sér að fá þarna embætti, sem væri launað einum launaflokki betur en prestsembætti, þá gæti svo farið, þegar hann væri búinn að ljúka sínu námi, að honum opnuðust möguleikar til að sækja um annað embætti en þessi 10 og yrði kannske kosinn af söfnuði, þannig að þeir fáu menn, sem líkur mætti telja til, að öfluðu sér hvorra tveggja réttindanna, gætu farið í önnur prestaköll áður en varði. Þannig eru í fyrsta lagi líkur til þess, að það yrðu fáir, sem öfluðu sér hvorra tveggja réttindanna til þess að hafa rétt til kennsluprestakalla. Í annan stað eru líkur til þess, að þeir færu hingað og þangað í önnur prestsembætti, því að þeir hafa óskertan rétt til annarra prestakalla, og gæti þá orðið hörgull á þessum mönnum, sem fullnægðu hvorum tveggja réttindunum. En það, sem ég tel óheppilegast við þetta fyrirkomulag, er það, að kennslustarfið yrði í þessum prestaköllum aðalstarf; hins vegar hefði maðurinn, sem ætlar að gegna kennslustarfinu, aðalmenntun sína í guðfræði, en aukaundirbúning í kennslufræðum. Hann hefði aðalundirbúning í því starfi, sem ætti að vera aukastarf, en aukaundirbúning í því starfi, sem ætti að vera aðalstarf. Ef ætlunin er að taka upp eitthvert skipulag í þá átt að reyna að komast af með einn mann til að gegna kennara- og prestsembætti, þá væri sönnu nær að hugsa sér það á þann hátt, að kennari undirbyggi sig með aukanámi í guðfræði í viðbót við kennaranámið og væri þá fær um að annast bæði kennslu- og prestsþjónustustörf. Þá væri maður, sem hefði aðalmenntun í kennslustarfi, við kennslu sem aðalstarf, og prestsþjónustustarfið væri þá aukastarf.

Ég skal aðeins nefna eitt dæmi um það, hvernig það hefur gefizt að haga þessu svona. Það var á 19. öld, þegar prestslaust var í Grímsey, að þá beittu kirkjuyfirvöldin sér fyrir því, úr því að enginn guðfræðimenntaður maður fékkst í þetta starf, að úr 4. bekk lærða skólans var fenginn maður til að taka prestsvígslu til Grímseyjar; það var Pétur Guðmundsson, og innti hann af höndum merkilegt prests- og kennimannsstarf. Ég skal þó ekki fullyrða, að það skipulag kynni að gefast vel heldur, og mundi að sjálfsögðu ekki gerlegt nema undir þeim kringumstæðum, þegar prestsmenntaðir menn fást ekki til að þjóna ákveðnum brauðum, en þörf þykir fyrir að hafa mann til prestsþjónustu og ekki er þægilegt að ná til prests úr nágrannaembætti.

Þar sem um það er rætt í frv., að prestsbústöðum í kennsluprestaköllum ætti jafnvel að haga þannig, að prestsbústaðurinn væri byggður sem heimavistarskóli, þá verð ég að segja, að ég held, að það væri þá alveg horfið, að presturinn ætti nokkurn tíma að taka til prestlegra starfa fyrir söfnuðinn, ef hann ætti að vera skólastjóri í heimavistarskóla, því að það held ég að heimti manninn allan og sé erfiðasta embætti, sem þekkist hér á landi. Ég er hræddur um, að þeir menn, sem ætluðu að tryggja sér sérstaklega kennsluprestaköllin, þegar þeir undirbúa sig undir lífsstarfið, það væru sérstaklega þeir menn, sem ekki byggjust við því að eiga margra kosta völ, og yrðu það kannske ekki úrvalsmenn stéttarinnar, sem byggju sig þannig undir sameiginlegt prests- og kennarastarf. Ég veit þess vegna ekki, frá því sjónarmiði, hvort þetta væri nema bjarnargreiði fyrir strjálbýlið og fyrir hinar fámennu byggðir, þó að það sé vel hugsað af tillögumönnum. Ég er hræddur um, að það yrði ekki mannval prestastéttarinnar, sem gerðist sameiginlega andlegir leiðtogar sem prestar og kennarar í einni persónu.

Svo er annað við þessa grein, sem mér er þó einna verst við. Það kemur að vísu ekki fram í neinni lagagr. frv., en er sagt fullum fetum í skýringum við 6. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Ef þessi ákvæði verða að lögum, leiðir af því, að ekki mundu aðrir sækja um skólaprestaköll en þeir, sem fúsir eru til þess að taka að sér bæði störfin og hlutgengir eru til þess. Ekki mundi prestur í slíku prestakalli heldur síðar geta afsalað sér öðru starfinu en haldið hinu. Á sama hátt mætti yfirstjórn fræðslumálanna ekki heldur ráðstafa til frambúðar kennarastarfi á slíkum stöðum, þótt prestslaust yrði um sinn.“

Ef til frambúðar er gengið þannig frá kennsluprestsembættunum, að hvorugt starfið mætti fræðslumálastjórnin veita og ekki festa þangað kennara, þótt prestslaust væri, þá gæti þetta gengið þannig árum saman. Þetta finnst mér háskalegt og tel, að það mundi verða hnekkir fyrir fræðslumál viðkomandi héraðs, kannske svo að árum skipti. — Ég skal ekki ræða frekar um þetta nýmæli, en ég er hræddur um, að það reynist hinum fámennu byggðarlögum hvorki til góðs sem úrlausn í kennaravandræðum né prestavandræðum. Mér er nær að halda, að það yrði til þess, að þessi umdæmi væru bæði prestslaus og kennaralaus um langa hríð, því að það er þannig um hnútana búið, að úrvalsmenn í presta- og kennarastétt sækja ekki um þessi embætti.

Þá skal ég víkja að hinu nýmælinu, sem í frv. felst og er fram sett í 7. gr., það er um hina 2 aðstoðarpresta, sem biskup er falið að ráða. Ég skal játa, að þegar við í menntmn. gerðum okkur grein fyrir efni þessarar gr., þá töldum við þetta eingöngu forfallapresta, sem ættu að boði biskups að fara til Austfjarða, ef prestarnir þar væru veikir um lengri tíma, eða ef slíkt bæri að höndum einhvers staðar, þá ætti aðstoðarprestur úr Reykjavík að fara þangað til að annast prestsþjónustu, og annað hlutverk gerðum við okkur ekki ljóst, að þessum prestum væri ætlað. Við í menntmn. litum svo á, að þá gæti svo farið, að þessir aðstoðarprestar sætu löngum í Reykjavík án þess að hafa verkefni. Við litum hins vegar svo á, að nálega alls staðar í landinu væri fært að fá nágrannaprest til að þjóna, þegar prestur í einhverju kalli væri forfallaður, nema kannske í einu prestakalli eða tveimur, Vestmannaeyjum og Grímsey, undir slíkum kringumstæðum væri gott að geta gripið til svona aukapresta. Þá sögðum við: Eru ekki margir aldraðir prestar hér í Reykjavík, sem vildu fara í einstaka tilfellum til

prestsþjónustu um sinn í þessi prestaköll, án þess að þurfa að fá sérstaka embættismenn í þetta? — Það töldum við færa lejð. Nú hefur einn prestur gert mér grein fyrir því, að þetta fyrirkomulag sé kunnugt a. m. k. á Norðurlöndum, og biskup hefur tjáð mér, að Norðmenn hafi t. d. 19 slíka aðstoðarpresta og þetta þyki þar gefast vel. En þeir segja, að þessir aðstoðarprestar hafi meira hlutverk en að vera forfallaprestar. Við gætum t. d. hugsað okkur, að annar presturinn væri valinn með tilliti til íþróttahreyfingarinnar og unga fólksins; hann hefði sérstaka aðstöðu til að ná til íþróttaæskunnar, hann gæti t. d. farið í skíðaskálana, þegar unga fólkið er þar, og prédikað yfir því. Ef þetta væri maður, sem runninn væri úr sjómannastétt, þá væri rétt, að hann hefði tækifæri til að ná til sjómannastéttarinnar; hann gæti ferðazt um landið til þess að hafa sjómannamessur o. s. frv. Ég held, að þetta gæti verið heppilegt fyrirkomulag, auk þess sem þessir prestar kæmu þar til, sem ekki er hægt að fá nágrannaprest til að þjóna. En það færi auðvitað um þetta eins og önnur nýmæli, að það mundi gefast eftir því, hvernig stjórnendum kirkjunnar tækist að velja menn í þetta hlutverk. Meðan þetta er óreynt, væri nóg að hafa einn mann við það, en ef það gæfist vel, þá væri rétt, að kirkjustjórnin fengi aðstöðu til að fjölga þeim, kannske í 2 eða 3. Þó fyndist mér hugsanlegt, ef þetta ætti að ná til sérstaks hóps manna, t. d. unga fólksins, að það væri hægt að finna í prestastétt menn, sem vildu fara út í þetta lífræna starf með kaupi fyrir þann tíma, án þess að þetta væri aukaembætti, svo að ég er enn, þrátt fyrir góðar upplýsingar biskups og kennimanna, sem við mig hafa rætt, óráðinn um það, hvort ég tel nauðsynlegt að taka upp þessa tvo aðstoðarpresta, sem 7. gr. fjallar um, en jafnákveðinn er ég í því að vera andvígur því skipulagi, sem felst í 6. gr., þ. e. a. s. kennsluprestunum. Ég hef tekið fræðispeki um þessi atriði og önnur með sálarspekt og ró, því að það er skiljanlegt, að prestastéttin sé áfram um það, að þetta frv. komist í gegnum þingið í þeirri mynd, sem þeir telja affarasælast sinni stétt, þar sem þeir eru svo illa settir að eiga engan prest á Alþ. Þess vegna er eðlilegt, að þeirra viðtöl verði löng, þegar þeir geta komið því við.

Ég skal svo láta máli mínu lokið; það er komið nóg af löngum ræðum. En sannfærður er ég um það, að það er engin goðgá, þó að fækkað væri prestum nokkuð verulega frá því, sem er, og þeim séð fyrir fullu starfi, því að svo bezt er hægt að tryggja andlegt líf í landinu, að þeir, sem eiga að rækja þessi störf, geti ekki fallið í iðjuleysi og doða. Ég mun því fylgja sumum till. hv. 1. þm. N-M. um tilfærslu og í einstaka tilfellum fækkun presta, þar sem aðstaða er til þess, og það er augljóst, að aðstaða til að sækja kirkjur á ákveðnum stöðum hefur breytzt undanfarin ár. Það hafa t. d. ekki verið tiltök austan Hvítár að sækja kirkju í Skálholt til skamms tíma austan yfir, en þegar komin er brú hjá Iðu, þá breytist þetta, og þá á austurbakkinn hvergi hægara að sækja kirkju heldur en að Skálholti og mun vafalaust gera, þegar búið er að sýna staðnum þann sóma, sem ber að sýna honum. Þannig er hægt með nokkrum áföngum að færa fólksstrauminn til eftir aðstöðu til að sækja kirkju, og ber því að breyta sóknamörkum og fjölda kirkna eftir því og færa kirkjur eftir því, sem nauðsyn heimtar, alveg eins og ekki er hægt að slá neinu föstu um það, hvar heppilegast er að byggja skóla eða önnur embættissetur fyrir aðrar embættisstéttir landsins. Þetta á allt að vera breytingum háð, og má sízt leggja það út sem fjandskap við viðkomandi stétt.

Í heild blasir málið svo við mér: Ég er því fylgjandi, að allt, sem gert verður í þessu máli hér á hv. Alþ., verði miðað við þarfir kristinnar kirkju. Ég er sannfærður um, að margar af till. þeim, sem hv. 1. þm. N-M. hefur lagt hér fram, eru til bóta, og mun því fylgja þeim. — Ég álít, að nú hefði einnig átt að breyta prófastaskipuninni landinu. Það er engin meining í því, að tveir prestar séu í einu prófastsdæmi og annar þeirra þá prófastur, eins og t. d. í Dalaprófastsdæmi. (ÞÞ: Í Austur-Skaftafellssýslu er einn prestur, og er hann jafnframt prófastur.) Það styðst ekki við neina skynsemi, að einn prófastur skuli vera yfir einum presti, og ég held, að enginn geti kallað það fjandskap við presta, þótt lagt yrði til, að prófastsdæmunum yrði fækkað.

Þá eru það nokkur orð um frávísunartill. hv. þm. Barð. Hún er of snemma fram komin, og þess vegna var það till. mín og annarra í menntmn., að hún yrði tekin aftur til 3. umr., en þá verður séð, hvort málið er í slíkt óefni komið, að hún sé réttlætanleg. En eins og ég tók fram áðan, þá finnst mér of snemmt, að hún komi fram nú við 2. umr. Það er ekki enn þá séð, hvort málið fær viðunandi afgreiðslu í þessari hv. d. Ef til vill á hv. þm. Barð. eftir að bera fram fjölda brtt. í þessu máli, og mér finnst rétt, að við fáum tækifæri til að sjá sem flestar till. frá þessum hv. þm., þar sem honum er þetta svo mikið hjartans mál, að hann þykist kunna miklu betri skil á því en t. d. Ásmundur Guðmundsson prófessor, séra Sveinbjörn Högnason prófastur og biskupsritarinn.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Það má segja, að það sé að bera í bakkafullan lækinn að fara nú enn einu sinni að taka til máls, en það, sem hvatti mig til að standa upp, voru aðallega ummæli hv. 1. þm. Eyf. um menntmn. og störf hennar. Hv. þm. var með þungar ádeilur á n. og störf hennar, en ég var nú áður búinn að bera blak af n., en það hefur e. t. v. farið fram hjá hv. þm. Það var þegar séð, er n. tók til starfa, að þar voru jafnmörg álit og höfuðin eru í n. og því auðséð, að ef n. hefði farið að gefa út álit, hefðu þau orðið 4 eða 5. Það var því reynt að athuga frv. og þess óskað, að þeir nm., sem vildu leggja fram brtt., bæru þær undir n., áður en þeir létu prenta þær, svo að meðnm. þeirra gætu athugað þær. — Ég vil geta þess í sambandi við það, sem hv. 6. landsk. sagði, að ég skal taka aftur til 3. umr. d-lið 1. brtt. minnar og enn fremur 2. brtt. mína.

Ég vil geta þess, að það vakir fyrir mér að slíta sem allra minnst sóknir frá prestum, sem þeir hafa áður haft. Þannig er það um tvær sóknir á Reykjanesi. Ég vil ekki, að Kálfatjarnarsókn sé lögð undir Grindavík og Kirkjuvogssókn lögð undir Útskálaprestakall. Um hinar aðrar sóknir, sem ég get ekki fellt mig við, að verið sé að slíta eina frá annarri, er það helzt að segja, að eins og fram kemur í brtt. minum, þá legg ég til, að Bjarnarhafnarsókn verði lögð undir Setberg, en ekki Stykkishólm, eins og frv. gerir ráð fyrir. Það er ekki nema skiljanlegt, að þegar fara á að taka eina sókn undan annarri, þá setji þeir prestar, sem fyrir þeirri meðferð verða, sig upp á móti því, en það er annað nú en þegar prestarnir voru nokkurs konar skattheimtumenn og þeir fengu mikinn hluta launa sinna greiddan í ýmiss konar tollum, sem sóknarbörn þeirra inntu af hendi, enda er til gamalt spakmæli, er segir: „seint fyllist sálin prestanna“. Þá voru þeir í sífelldum tollheimtuferðum. (**JJós:** En nú hafa sýslumenn komið í staðinn.) Já, það er að vissu leyti rétt, og eru þeir ekki vinsælir af starfinu, og gengur það svo langt, að þeir verða næstum eins óvinsælir og heildsalar og stórkaupmenn, og er þá langt gengið.

Ég hef veitt því athygli, og það er rétt hjá hv. 1. þm. N-M., að það er að vakna sterk alda um það, að menn hafi mikinn áhuga um kirkjumál. Mér barst t. d. nú fyrir skömmu skjal frá 75 sálum í Tjarnarprestakalli, þess efnis, að það verði ekki látið hverfa.

Ég hygg, að það sé fremur til skaða en gagns, ákvæðið um þessa tvo farandpresta, því að það er mín spá, að í þau embætti veljist mætir klerkar úr sveitum landsins, og flytjast þeir síðan til höfuðstaðarins og hafa þá ef til vill ekki nema hálflokið sínum Passíusálmum.

Ég vil taka undir það með hv. 6. landsk., að það er full nauðsyn á því, og það engu síður þótt þetta frv. lendi allt í handaskolum, að hreyfa eitthvað við prófastaskipuninni, þar sem ófært má teljast, að í einu og sama prófastsdæminu hafi prófasturinn yfir engum að ráða nema sjálfum sér. Ég lít því svo á, að það þurfi að færa þau mikið saman.

Ég vil svo aftur minnast á sakir þær, sem menntmn. hefur hlotið. Ég leit svo á, að þar sem hún flutti málið eins og það kom frá nefnd þeirri, sem skipuð var til að rannsaka þetta mál, prestakallanefndinni svonefndu, þá væri ekki nauðsynlegt að gefa út nál. Ég bar þetta einnig undir þann mann hér í skrifstofu Alþingis, sem er þessum málum allra manna kunnugastur, og tjáði hann mér, að í svona tilfellum væri það ekki venja að gefa út nál.

Ég læt að svo stöddu útrætt um þetta mál og vonast til, að ég þurfi ekki oftar að taka til máls.

Forseti (BSt): Umræðu er lokið, en þar sem d. er ekki fullsetin, er atkvgr. frestað. — Mér var nú í þessu að berast skrifleg brtt. frá hv. 6. landsk. (HV), svo hljóðandi:

„1. Við 1. gr. XV. 80. (Staður í Grunnavík).
Fyrir liðinn koma tveir liðir, svo hljóðandi:
a. Staður í Aðalvík: Staðar- og Hesteyrarsóknir. Prestssetur: Staður.
b. Staður í Grunnavík: Staðarsókn. Prestssetur: Staður. (Fyrst um sinn sé Staðarprestakalli í Aðalvík þjónað frá Stað í Grunnavík.)
2. Við 6. gr. Greinin falli niður.“

Þar sem brtt. er of seint fram komin, þarf tvöföld afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 377) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Ég vil gera fyrirspurn til hæstv. forseta um það, hvort þessi brtt. sé ekki of seint fram komin, þar sem ég leit svo á, að umr. væri lokið. Ég lít því svo á, að þessi till. geti ekki komið fram við 2. umr., heldur verði hún að bíða 3. umr.

Forseti (BSt): Þetta átti hv. þm. Barð. að athuga fyrr og neita till. um afbrigði, en þar sem afbrigði hafa verið veitt, kemur hún til atkv. við 2. umr., nema hv. flm. taki hana aftur til 3. umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 40. fundi í Ed., 10. des., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Forseti (BSt): Það hafa komið fram mjög margar brtt. við frv. þetta, en ég sé ekki ástæðu til að bera upp hvern einstakan lið fyrir sig í 1. gr., heldur aðeins brtt. við 1. gr. og greinina svo breytta á eftir. — Kemur þá fyrst til atkv. brtt. á þskj. 337.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Eftir að hafa athuga málið nákvæmlega tel ég rétt að taka till. aftur til 3. umr., því að þá verður betur séð, hvernig málið kemur til með að líta út.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég tel eðlilegt, að þessi till. komi að efni til fyrst til atkvæða, þar sem hún samsvarar eiginlega rökstuddri dagskrá. Annars vil ég lýsa því yfir, að mér virðist, að hún eigi að efni til að afgreiðast þannig. Hins vegar efast ég um, að hún geti að formi til staðizt, því að hún er um breyt. á allt öðru frv. en hér liggur fyrir. Því vildi ég beina því til hæstv. forseta, hvort hægt sé að bera hana upp í þessu formi. — En ég held, að ekki sé hægt að láta þetta ganga þannig fram hjá sér, því að ég tel, að þetta sé eðlilegt að efni til.

Forseti (BSt): Ég skil ekki, hvað hæstv. ráðh. meinar með því, að till. sé við annað frv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Ég vil leyfa mér að benda á, að hér er um að ræða frv. til l. um skipun prestakalla, en ef þetta er orðað eins og till., þá verður það frv. til l. um breytingu á l. nr. 37 1951, um breyt. á l. nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla. — Það er enginn vafi á því, að hér er um allt annað frv. að ræða, en það er að vísu sama efni, svo að hægt er að fá þetta samræmt, en ég vildi fá um það

forsetaúrskurð. Ég tel hæpið, að brtt. þessi geti komizt að.

Forseti (BSt): Hv. flm. hefur tekið till. aftur, en ég fæ ekki séð annað en að brtt. þessi hefði getað komizt að, — en sem sagt, flm. hefur tekið till. þessa aftur.

ATKVGR.

Brtt. 337 tekin aftur.
— 310,I.1 samþ. með 8:2 atkv.
— 310,I.2 samþ. með 8:2 atkv.
— 310,I.3 samþ. með 9:1 atkv.
— 310,I.4 samþ. með 8:1 atkv.
— 310,I.5 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 310,I.6 samþ. með 8:1 atkv.
— 310,I.7 samþ. án atkvgr.
— 310,I.8 felld með 6:5 atkv.
— 310,I.9 felld með 8:5 atkv.
— 310,I.10 tekin aftur.
— 310,I.11 samþ. með 7:5 atkv.
— 310,I.12—15 felldar með 7:6 atkv.
— 235 samþ. með 7:5 atkv.
— 311 tekin aftur.
— 310,I.16—17 samþ. með 7:4 atkv.
— 309,1.a—c samþ. með 14 shlj. atkv.
— 310,I.18 samþ. með 9:1 atkv.
— 310,I.19 samþ. með 7:4 atkv.
— 309,1.d tekin aftur.
— 309,1.e—i samþ. með 8:1 atkv.
— 310,I.20—21 felldar með 8:6 atkv.
— 310,I.22—23 teknar aftur.
— 310,I.24—26 felldar með 8:3 atkv.
— 377,1.a—b felldar með 6:6 atkv.
— 310,I.27—29 samþ. með 7:6 atkv.
— 310,I.30—31 felldar með 8:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ, StgrA, ÞÞ, BrB.

nei: JJós, KK, LJóh, SÓÓ, BBen, GJ, HV, BSt. RÞ, VH, FRV, HG greiddu ekki atkv.

1 þm. (HermJ) fjarstaddur.

1. gr., svo breytt, samþ. með 10:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, KK, LJóh, PZ, RÞ, SÓÓ, ÞÞ, BBen, FRV, BSt.

nei: GJ.

HG, StgrA, VH, BrB greiddu ekki atkv.

2 þm. (HV, HermJ) fjarstaddir.

Brtt. 310,II samþ. með 9 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 309,2 tekin aftur.

3. gr. samþ. með 9:1 atkv.

4.—5. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 310,III tekin aftur.
— 377,2 felld með 9:4 atkv.

6. gr. samþ. með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, KK, LJóh, PZ, SÓÓ, ÞÞ, BBen, FRV, GJ.

nei: HV, HG, RÞ, StgrA, VH.

BSt greiddi ekki atkv.

2 þm. (HermJ, BrB) fjarstaddir.

Brtt. 309,3 felld með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StgrA, VH, ÞÞ, BrB, GJ, HV.

nei: LJóh, SÓÓ, BBen, FRV, JJós, KK, BSt.

PZ, RÞ, HG greiddu ekki atkv.

1 þm. (HermJ) fjarstaddur.

7. gr. felld með 8:7 atkv.

8.—13. gr. (verða 7.—12. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11:1 atkv.

Á 42. og 43. fundi í Ed., 13. og 14. des., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 45. fundi í Ed., 17. des., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 391, 399, 411, 413, 422, 431, 438).

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég á hér nokkrar brtt., sem ég ætla að gera grein fyrir með nokkrum orðum. Nokkrar þeirra byggjast á bréfi frá séra Jakob Einarssyni á Hofi í Vopnafirði, sem mér hefur borizt og ég vil leyfa mér að lesa hér upp, með leyfi forseta:

„Norður-Múlaprófastsdæmi, p. t. Reykjavík, 10. des. 1951.

Mér hefur borizt til eyrna, að allmiklar breytingar séu áætlaðar á frv. prestakallanefndar, hvað snertir Norður-Múlaprófastsdæmi. Er ætlazt til samkvæmt þeim breytingum, að Möðrudalssókn verði lögð til Hofs, Hjaltastaðarsókn undir Desjarmýri, Eiðar undir Vallanes og Kirkjubær verði prestssetur, en ekki Hofteigur.

Hér er með öðrum orðum öllu umturnað. Skv. frv. áttu Eiðar, Hjaltastaður og Kirkjubær að vera prestakall sér með prestssetri á Eiðum og Hofteigs-, Eiríksstaða-, Möðrudals- og Sleðbrjótssóknir prestakall sér með prestssetri í Hofteigi. Héraðsfundur Norður-Múlaprófastsdæmis í sumar var þessari skipan samþykkur, nema hann lagði til, að Möðrudalur yrði lagður til Skútustaða, en að öðru leyti haldist sú skipan, er prestakallanefnd hafði lagt til.

Ég leyfi mér að benda hv. Ed. á till. og grg. héraðsfundarins. Þær getið þér séð, hvort sem þér viljið heldur leita til biskupsskrifstofunnar eða til 2. þm. Norðmýlinga, er ég afhenti afrit af tillögunum, ásamt greinargerðinni, áður en hann fór á þing í haust.

Mig furðar satt að segja á breytingum þessum, einkum að því er snertir ráðstöfun Möðrudals. Milli Hofs og Möðrudals er langur fjallvegur fær bílum að vísu mánuðina júlí—sept., en þó ekki ævinlega þann tíma, en líka stundum einhverjum vikum lengur. Aðra tíma er hann feikna snjósæll og engar vörður á honum. Aftur er, hvort sem Möðrudalur verður í sambandi við Hofteig eða Skútustaði, ágætlega varðað með símalínunni, og síðan brúin kom á Jökulsá hjá Grímsstöðum, er langskást að þjóna þessum stað frá Skútustöðum, því að sú leið er yfirleitt snjóminnst.

Hvað snertir Hjaltastað stendur líkt á. Þar er vondur fjallgarður milli Desjarmýrar og Hjaltastaðar. Það kvað að vísu koma vegur í framtíðinni yfir hann, en hann verður ekki fær bílum nema lítinn tíma þrjá sumarmánuðina, eins og vegurinn milli Hofs og Möðrudals. En það er ekki um sumarmánuðina, sem vandinn er að komast um veginn á hestum okkar eða bílum, eða hvernig sem er, það eru vor-, vetrar-

og haustmánuðirnir, og þá 9 mánuði þurfum við ekki síður að fara nauðsynlegar embættisferðir en hina þrjá. Þykir mér undarlegt, að yfir höfuð skuli vera verið að nefna bílvegi yfir fjallgarðana milli Desjarmýrar og Hjaltastaðar eða Hofs og Möðrudals í þessu sambandi. Lægi miklu nær, ef ekki á að halda við þá skipun, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, að leggja Hjaltastað til Vallaness, þótt það sé langur vegur, heldur en til Desjarmýrar.

Annars get ég ekki annað séð en að skipun sú, sem prestakallanefnd leggur til, sé hin bezta. Og verði Hofteigur preststsetur áfram, eins og þar er ætlazt til, er auðvitað engin brýn nauðsyn á að leggja Möðrudal til Skútustaða. Það er bara langléttast að þjóna honum þaðan, eins og sjá má af greinargerðinni, er fylgdi tillögum héraðsfundarins.

1. þm. Norðmýlinga, Páll Zóphóníasson, sagði við mig áðan, er tilrætt varð milli okkar um þetta í síma, að það, sem einkum réði því, að hann legði með Kirkjubæ sem preststsetri áfram, væri það, að þá þyrfti ekki að byggja nema á einum stað, en annars á tveim (Hofteigi og Eiðum). En fyrir mér vakir aftur það eitt, hversu þessum málum má bezt skipa, þannig að sem mestu gagni megi koma fyrir kristilegt starf í viðkomandi prestaköllum í framtíðinni, og þá má ekki horfa um of í kostnaðinn. Ég er fæddur og uppalinn á Kirkjubæ og vildi sannarlega geta lagt til, að hann yrði áfram preststsetrið, eins og verið hefur. En mér dylst ekki, hversu illa hann er nú orðinn í sveit settur sem preststsetur. Og ég þekki of vel landslagið í Tungu, til þess að mér dyljist það, hversu oft og lengi vegir þar hljóta að verða ófærir bílum fyrir snjó. Annars væri svo sem mögulegt, ef menn endilega vilja hafa Kirkjubæ fyrir preststsetur áfram, að breyta um og setja Kirkjubæ í stað Eiða inn í frumvarpið. Það hljóta bara allir að sjá, sem vilja líta óvilhallt á þetta mál, hversu miklu skynsamlegra er að hafa preststsetrið á Eiðum frá sjónarmiði prestsþjónustunnar (sbr. greinargerð héraðsfundarins).

Ég vil svo biðja hv. Ed. að endurskoða afstöðu sína til þessa máls til 3. umr. Greinargerðin með till. héraðsfundarins ásamt tillögunum sjálfum var samin af mér og borin undir séra Sigurjón á Kirkjubæ, áður en hún var lögð fyrir héraðsfundinn. Var hann í alla staði samþykkur hvoru tveggja. Vil ég ætla, að aðrir séu ekki kunnugri staðháttum þar eystra, a. m. k. á Úthéraði, en við, hvort sem er sumar eða vetur.

Virðingarfyllst,

Jakob Einarsson."

Ég hef þá lesið þetta bréf frá þessum merka kennimanni, sem mun vera eins kunnugur á þessum slóðum og hv. 1. þm. N-M., og ég hef samið mínar brtt. um prestakallaskipun eftir þeim till., sem hann færir fram, miðað við þær breytingar, sem urðu á frv. við 2. umr.

Það má telja vítanlegt, að ekki munu allir geta fallizt á þessar till. En hér eru bornar fram till. einhvers merkasta kennimanns kirkjunnar, og ég vona, að hv. þm. geti fallizt á þær, og ef ekki, þá á varatill., sem ég hef borið fram, ef svo skyldi fara, að menn gætu ekki fallizt á hinar.

Þá hef ég einnig borið fram brtt. um, að preststsetrið Tjörn á Vatnsnesi verði látið vera áfram, en útlit er fyrir, að það eigi að leggja niður eftir frv., eins og það er eftir 2. umr. Þetta er gamalt preststsetur, og sóknarfólkinu er umhugað um, að það verði látið vera óbreytt áfram. Og miðað við preststsetrafjölda í öðrum sveitum, þá er ekki ástæða til að leggja það niður. Mér fannst eðlilegt, að hv. deild fengi að endurskoða hug sinn um þetta.

Þá mun ég, með leyfi hæstv. forseta, bera fram skriflega brtt., sem hljóðar svo:

„Á eftir 6. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Biskup ræður einn prest, aðstoðarprest, til þess að gegna þjónustu í forföllum sóknarprests um stundarsakir og til annarra starfa í þjónustu kirkjunnar, þar sem hann telur mesta þörf hverju sinni. Prestur þessi skal hafa sömu laun og sóknarprestar, en ferðakostnaður greiðist honum samkvæmt reikningi, er kirkjustjórn úrskurðar."

Þessi till. er samhljóða þeirri till., sem var felld við 2. umr., að öðru leyti en því, að hér er um að ræða einn prest í stað tveggja, sem þar voru. Ég vonast til, að hv. d. falli þessi betur, og þar sem þarna er um tilraun að ræða, er bezt, að þar sé ekki nema einn. Þessi till. er þess vegna allt önnur en sú, sem var felld.

Ég skal geta þess, að við 2. umr. kom fram mjög skynsamleg till. frá hv. þm. Barð. um að fresta efnismeðferð þessa máls að sinni, en láta þau lög, sem samþ. voru á síðasta þingi, ekki koma til framkvæmda. — Það eru nú horfur á því, að þetta þing muni standa lengur en bæði ég og aðrir vonuðumst til, þegar þetta mál var tekið fyrir fyrst, og í öðru lagi eru margir af kirkjunnar mönnum andvígir þessari afgreiðslu málsins. Enn fremur tel ég ósennilegt, að það hljóti ekki einhverjar breytingar í Nd. Ég tel þess vegna ekki séð enn þá, hvernig því reiðir af. Ég tel þess vegna, þar sem horfur eru á, að þetta þing standi lengur en ráð var fyrir gert, ekki rétt að fresta afgreiðslu málsins að sinni, en leyfi mér að leggja fyrir forseta þessa skriflegu brtt. mína.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt svo hljóðandi skrifleg brtt. frá hæstv. dómsmrh.: [Sjá þskj. 481].

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. (sjá þskj. 481) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Forseti (BSt): Út af þeirri brtt., sem hæstv. ráðh. minntist á, að hv. þm. Barð. hefði borið fram við 2. umr., en var þá tekin til baka, vil ég geta þess, að láðst hefur að bera hana fram við þessa umr. (GJ: Ég mun bera hana fram skriflega.)

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég skal ekki vera langorður, en víkja nokkrum orðum að þeim till., sem hæstv. dómsmrh. mælti með.

Ég skal viðurkenna, að það getur verið erfið-

ara að þjóna frá Desjarmýri en Vallanesi, og fyrst presturinn getur ekki hugsað sér, að Möðrudal verði þjónað frá Hofi, þá má eins vel gera það frá Skútustöðum. Aftur á móti vil ég mótmæla b-lið till. hans, að láta Tjörn á Vatnsnesi vera prestssetur áfram. Það væri að gera ósamræmi í störfum nefndarinnar, ef það væri gert. Ef litið er á það, að nú er kominn vegur hringinn í kringum Vatnsnesið og annexíuleiðin að Tjörn er ekki nema 33 km og meðfram sjó að fara, þar sem snjólétt er, og fjöldi sóknarbarna með því fyrirkomulagi ekki nema um 400 manns, en hins vegar ef Tjörn verður höfð sem prestssetur áfram, þá verða ekki nema 143, og ef það á að fara að hafa prest yfir þeim, eftir að kominn er akfær vegur heim á hvern einasta bæ, þá sé ég ekki, að það sé nein ástæða til þess, borið saman við ýmsa aðra staði á landinu. — Hvað viðvíkur prestssetrinu á Kirkjubæ, þá er fyrirhugað, að hann komist í vegasamband, og þegar það verður orðið, verður ekki nema 4 km leið yfir Tunguna að Kirkjubæ, og þá verður presturinn þar ekki illa settur. — Ég mun líka greiða atkv. með einum aðstoðarpresti hjá hæstv. ráðh. Ég var með þessum prestum, en vildi láta fækka meira, svo að það yrði þörf fyrir þá. Til dæmis er það svo um einn góðan kunningja minn, prestinn á Hofi, sem hæstv. dómsmrh. las bréfið frá, að hann er búinn að vera til heilsubótar síðan í haust hér í Reykjavík, og þá hefur presturinn á Skeggjastöðum orðið að þjóna fyrir hann í vetur. Meðan svona er ástatt, er hægt að láta nágrannaprest þjóna, af því að ekki er meira að gera, og er þá ekki bein þörf fyrir marga aðstoðarpresta. En þó er ég með því að hafa einn aðstoðarprest.

Þá á ég hér tvær brtt. Önnur þeirra er um það, að hið nýja prestakall, sem er í frv. kallað Hríseyjarprestakall og prestinum ætlað að sitja í Hrísey, verði kallað Stærra-Árskógsprestakall og prestinum ætlað að sitja í Stærra-Árskógi. Það er kirkjustaður í landi og ein kirkja úti í Hrísey. Stærri-Árskógur er eign ríkisins. Það er búið að byggja þar upp, þar í túnfætinum er heimavistarbarnaskóli, og bóndinn, sem þar hefur búið, dó í sumar, og ekkja hans, sem getur setið í ábúðinni áfram, hugsar sér að vera þar næsta ár, en börnin vilja ekki búa áfram á jörðinni, og losnar hún þess vegna úr ábúð 1953, svoleiðis að það er alveg sjálfsagt að láta prestinn fá þessa jörð til ábúðar, en ekki að fara að láta hann vera í Hrísey. Það sparast ekki bygging með þessu. Byggingin í Stærra-Árskógi er gömul baðstofa, torfbygging, sæmilegt hús. Þetta er því bygging, sem presturinn mundi ekki sætta sig við, svo að þar þarf að byggja fljótt. En það er líka í Hrísey, svo að ekki er munur á því. En hann er þar í þjóbraut og að öllu leyti betur settur en í Hrísey. — Hin brtt. er afleiðing af því, sem samþ. var hér áður, þ. e. að fella Mjóafjörð niður sem prestakall, og þá er ekki hægt að láta það standa eftir sem prestakall í annarri grein, og má skoða það sem leiðréttingu. Ég geri þessar tvær brtt. við frv. nú og aðrar ekki. Ég gekk inn á það á sínum tíma í milliþn. að flytja ekki aðrar brtt. en þær, sem ég er kominn með, og á því er minn fyrirvari byggður. Ég teldi æskilegt að flytja margar aðrar brtt., en kem ekki með þær, því að inn á það gekk ég. — Ég vil svo leggja áherzlu á, að varatill. hæstv. dómsmrh. verði samþ.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Áður en ég mæli fyrir þeim till., sem ég á hér, vildi ég segja nokkur orð í sambandi við ummæli, sem féllu við síðustu umr. og ég gat þá ekki svarað, í þá átt, að ég hafi í mínum ræðum um þessi mál mjög svívirt mþn. og þó einkum prófessor Ásmund Guðmundsson, vegna þess að ég hafi ekki talið hann vera umboðsmann fólksins í landinu. Ég hef rætt þetta við viðkomandi prófessor, sem er allt annarrar skoðunar. Hins vegar upplýsti prófessorinn, að hann hefði barizt fyrir því í n., að ekki væru lögð niður nein prestaköll og prestum ekki fækkað í sveitum; hann hefði aðeins gert þetta til að mæta öðrum till. og fá samkomulag um málið, m. a. við hv. 1. þm. N-M., sem þá hafði skuldbundið sig til að gera engar aðrar breyt. til fækkunar en gert var í n., og honum hefði aldrei dottið í hug að skila ágreiningslausu nál., ef það hefði ekki legið á bak við, að ekki skyldi gengið lengra. Ég tek orð prófessorsins fullgild eins og þessara tveggja þm., sem rætt hafa um þessi mál. Prófessorinn var undrandi yfir þeirri framkomu hv. 1. þm. N-M. að hafa á þinginu beitt sér allt öðruvísi fyrir málinu en samkomulag var um í n. — Ég vildi aðeins láta þetta koma fram, að ég hef ekki verið að svívirða n. í sambandi við mínar umr.

Að öðru leyti skal ég ekki ræða mikið um frv., það væru aðeins endurtekningar. Ég skal aðeins fara nokkrum orðum um þær brtt., sem ég geri hér í sambandi við þetta mál nú, eftir að því hefur verið breytt við 2. umr.

Ég skal fyrst koma að brtt. 337, sem ég leyfi mér að bera fram sem skriflega brtt., en ég tók hana aftur til 3. umr. og legg hana hér fram nú og vænti þess, að hún verði samþ. við 3. umr. — Það hefur komið í ljós í sambandi við umr., að málið er engan veginn undirbúið eins og skyldi, og mesta sönnunargagnið var ræða hæstv. dómsmrh. og þau gögn, sem hann lagði fram, þar sem hann ber fram brtt., sem fara að nokkru í þá átt að breyta frv. aftur eins og það var, með upplýsingum frá viðkomandi aðilum um það, að þeir geti ekki fellt sig við það, sem gert er í d. Því hefur einnig verið haldið fram, að margir prestar, sem undirskrifað hafa áskoranir til Alþ. um að samþ. frv. óbreytt, vilji ekki láta lögin frá síðasta þingi koma til framkvæmda 1. jan. n. k. Margir prestar hafa sagt mér, að þannig beri að skilja þeirra undirskrift. Ég tel því eðlilegt og rétt, að mín till., sem ég ber fram aftur og var á þskj. 337, verði samþ. og þannig verði gefinn ársfrestur til að athuga þetta mál og heyra raddir frá fólkinu og taka tillit til þeirra. Ég óska þess vegna eftir, að sú till. verði borin upp, og vænti þess, að hún verði samþ. Verði sú till. ekki samþ., þá flyt ég till. á þskj. 411.

Það er fyrst till. um, að síðasta málsgr. við

III. 15 falli niður, en það er: „Heimilt er kirkjustjórninni að selja Sandfell og flytja prestssetrið á hentugri stað.“ Ég álít óverjandi að heimila sölu á kirkjujörðum í þessu frv. Ef frv. nær fram að ganga, þá er nægur tími til þess að taka ákvörðun um það, að þessi jörð verði seld, ef hún verður ekki prestssetur, og seld eftir sérstökum l. Hér er ekkert sagt um það, hvort á að selja jarðirnar á opinberum markaði eða selja þær samkvæmt gildandi l. um sölu opinberra jarða eða neitt annað, en aðeins gefin heimild til að selja jarðirnar, og það er það, sem ég hef haldið fram, að til þess er frv. sett að geta selt þessar jarðir, og ég tel alveg óverjandi að gefa þessa heimild, eins og gert er í frv. Því hef ég lagt til, að þessi liður falli niður.

2. brtt. mín er við VII. 36, þ. e., að fyrir „Lágafells-, Viðeyjar- og Þingvallasóknir“ komi: Lágafells- og Viðeyjarsóknir. — Ég vildi spyrja hæstv. forseta, hvort hann sæi sér ekki fært að bera fyrst upp 2. brtt. á sama þskj. um Þingvallaprest. Ef þessi till. verður samþ., þá er nauðsynlegt að gera brtt. við VII. 36, vegna þess að Þingvellir heyra ekki til Mosfellssóknar. Ef þessi till. verður ekki samþ., brtt. 2, þá er sjálfsagt að taka hina brtt. aftur. En um till. 2 vil ég segja þetta: Mér finnst tæplega sæmandi að hafa þann kirkjustað prestslausan, þar sem kristni var lögtekin. Mér finnst þess utan tæplega sæmandi að hafa búsetu í Þingvallabænum af hvaða manni sem vera skal, hvort sem hann hefur nokkra þekkingu á sögu Þingvalla eða möguleika til að geta umgengizt og leiðbeint innlendum eða útlendum gestum, sem þangað er boðið, eða ekki. Ég segi þetta ekki vegna þess manns, sem nú er þar, en ef þar er ekki settur prestur, þá er undir hælinn lagt, hver situr þar og hver á að taka á móti og umgangast þá aðila, sem þangað eru boðnir og vænta að fá þar upplýsingar og móttökur eins og það væri hjá menntaðri þjóð. Það er alls ekki sama, hvort þar situr ómenntaður maður eða menntaður maður. Þess utan vil ég benda á, að ef það sæti prestur á Þingvöllum, þá mundi verða miklu stærri sá hópur á Þingvöllum, sem sækti þar kirkju á sumrin; þar eru um 80 sumarbústaðir, og margt af því fólki, sem þar býr, mundi einnig hlýða messu, ef þar væri prestur. Ég ætlast til þess, að þetta sé ekki kjörprestur, heldur skipaður að fengnum till. biskups og guðfræðideildar. Þetta embætti mætti einnig veita presti yfir aldurstakmark, ef það þætti hentugra. Ég sé ekki, að þetta þyrfti raunverulega að kosta ríkissjóð neitt, þar sem þessu er nú skipt á milli tveggja presta, annars vegar Mosfellsprests í Mosfellssveit og hins vegar Mosfellsprests í Grímsnesi, og mundi þá að sjálfsögðu verða tekið undan þeim, þar sem þeir fá ekki nein laun fyrir að þjóna þeim, en það mundu þeir fá, þótt þetta frv. væri samþ., meðan þeir sitja í þessum embættum. Á Þingvöllum þarf ekki að byggja, þótt þar sæti prestur. (**Dómsmrh.**: Hvernig stendur á því, að þeir fá aukaþóknun fyrir að þjóna þessu prestakalli?) Það hefur verið vanrækt af biskupi að auglýsa þetta prestakall laust og setja þangað prest, en þessu hefur verið ráðstafað þannig í meira en 10 ár, síðan séra Guðmundur Einarsson fór þaðan, og ekki verið auglýst, svo að þetta ætti ekki að kosta neina peninga. Það hefur einnig verið upplýst, að Þingvallanefnd fengi Gjábakka til afnota fyrir Þingvöll, og það hefur verið rætt um það við skógræktarstjóra, að sú jörð yrði notuð fyrir skógarvörð og vörð í þjóðgarðinum í framtíðinni, og væri þá eðlilegra, að hann væri þar, heldur en í Þingvallabænum, sem ætlaður er til að taka á móti tignum gestum, erlendum og innlendum. Þess vegna hef ég borið fram þessa brtt.

C-liður 1. till. er um það, að síðasta málsgr. í XII. 61, þ. e. heimild fyrir kirkjustjórnina til að selja Hvol, falli niður. Hef ég gert grein fyrir, hvers vegna ég ber fram till. um það. — Hið sama er að segja um d-lið, við XV. 75, það er einnig sams konar heimild, og þarf ég ekki að ræða það.

Þá er 3. brtt., að 7. gr. falli niður. Það er afleiðing af því, sem ég hef lagt til. — Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða frekar um þetta mál.

ATKVGR.

Afbrigði um skriflega brtt. (sjá þskj. 482) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Umr. frestað.

Á 46. fundi í Ed., s. d., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 391, 399, 411, 413, 422, 431, 438, 481, 482).

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Þetta frv. hefur nú tekið allmiklum breyt., meðan ég var fjarverandi. Það mátti búast við því eftir þeim umr., sem féllu um málið við 1. umr. þess, að einhverjar breyt. — og það jafnvel óvenjulegar breyt. — yrðu gerðar á frv., áður en það yrði afgreitt út úr deildinni. Það er vitanlega ekki svo, að frv., eins og það kom frá þeirri nefnd, sem gekk frá því, og ég mælti með því, væri einhvers konar hæstaréttardómur í þessu máli. Það gefur því að skilja, að það er ekkert óeðlilegt, þótt á því hafi verið gerðar ýmsar breyt. Ég held, að það þurfi ekki að kvíða því, að þetta mál verði ekki afgreitt með sæmilegum hætti hér á Alþ., og því virðist mér ástæðulaust að fara að framlengja um eitt ár, að lögin, sem voru samþ. um þetta mál í fyrra, taki gildi. Og þótt þetta frv. verði enn til umræðu eftir áramótin, sem allar horfur eru á, þá kæmi ekki til mála að framkvæma þau lög, meðan þetta mál væri til umræðu hér á Alþ. Ég held það sé nú svo með þetta mál, sem er talsvert hitamál, að þegar menn hafa rætt það og íhugað í nokkrar vikur hér á Alþ., þá verði komizt að eins skynsamlegri niðurstöðu og búast má við, að hægt verði að komast að. Ég vil enn fremur benda á, að það er vitanlega svo að segja frágangssök að láta þetta mál verða óafgreitt í eitt ár enn, m. a. vegna þess, að mörg af þeim prestssetrum, sem búið er að leggja niður, en leigð hafa verið út, eru í hinni mestu niðurníðslu. Það gefur að skilja, að það er ekki gert mikið fyrir slíkar jarðir, sem leigðar eru út eitt og eitt ár í senn, og þeir,

sem leigja jarðirnar, vilja að sjálfsögðu ekki gera þeim mikið til góða, og því eru margar þessara jarða í hinni mestu niðurníðslu. Ég sé svo ekki ástæðu til að lengja umr. frekar um þetta, því að eins og ég sagði áðan, er málið nú þegar mikið rætt, og ég býst við, að við munum þá geta myndað okkur frekari skoðanir um málið á jafnrúmum tíma og litur út fyrir, að við fáum, ef frv. verður rætt í janúar.

Nú, það er skemmst af því að segja, að ég hefði helzt kosið, að frv. yrði afgreitt með sem minnstum breytingum, og mun ég því greiða atkvæði með þeim brtt., er stefna í þá átt að koma frv. í svipað horf og það var, þegar það var lagt fram. Ég viðurkenni að vísu, að það getur ýmislegt orkað tvímælis í þessu máli. Það má t. d. með nokkrum rétti halda því fram, að prestar ættu að vera færri í sumum prófastsdæmunum, en ég læt nægja að vísa til þess, að þótt nokkurt ranglæti kunni að þykja koma fram af hálfu ríkisstj. í þessu máli, þá eru nú breytingarnar ekki stórvægilegar og ganga mjög til móts við þær breyt., sem gerðar voru í fyrra. Ég mun þess vegna greiða atkv. með öllum þeim brtt., sem ganga í þá átt að koma frv. í svipað horf og það var áður, en þær eru að vísu ekki margar, en þó nokkrar.

Ég vil þá minnast hér á þessar brtt. með örfáum orðum. Það er þá fyrst till. frá hv. 2. þm. S-M. (VH), sem fjallar um það, að þeir prestar, sem gegna þessum kennslustörfum, fullnægi ákvæðum fræðslulaganna um menntun kennara. Ég sá þessa till. ekki fyrr en í dag, og mér er ekki vel ljóst, hvað í þessari brtt. kann að felast. Það er nú svo, að til kennaranna og þeirra, er starfa að kennslu, eru gerðar vissar kröfur. Nú er það vitað, að prestar hafa að nokkru leyti ekki hliðstæða menntun og kennarar. Á sumum sviðum hafa þeir víðtækari menntun, á öðrum sviðum ekki. Og ég hygg, að ef þetta ákvæði yrði sett inn í frv., mundi það valda því, að þeir prestar, sem ætluðu sér að sinna þessum störfum, þyrftu að verja einum vetri til náms í kennaraskóla og bæta þannig einu ári ofan á prestsnámið. Ég efast satt að segja um, að nokkur þörf sé á að setja ákvæði af þessu tagi inn í lögin. Það hefur verið þannig, að prestar hafa kennt um margar aldir og gera sums staðar enn, og þrátt fyrir hinar afmörkuðu reglur um menntun kennara efast ég um, að kennsla þeirra sé fullkomnari en var og er hjá sumum prestum, sem fullnægja þó ekki þessum formlegu skilyrðum. Það er ástæðulaust að leiða þetta atriði inn í umræðurnar hér um þetta mál, en vitað mál er það, að kennslan fer ekki fyrst og fremst eftir því, hvort kennarinn fullnægi formlegum reglum um menntun, heldur að langmestu leyti eftir því, hvort sá, sem kennir, er upplagður til og hefur áhuga fyrir að annast kennsluna, og þannig hefur það alltaf verið. Kennslugæðin fara fyrst og fremst eftir því, hve upplagður kennarinn er að inna starfið af hendi. Nú höfum við leyfi til að gera ráð fyrir, að þeir prestar sæki helzt um þessi kennsluprestaköll, sem hafa ánægju af að kenna, og má þá ætla, að þeir geti innt sitt kennslustarf betur af hendi en ýmsir kennarar. — Viðkomandi 2. tölulið brtt. á þskj. 422, um það, að ákvæði 6. gr. komi til framkvæmda jafnóðum og kennarastöður losna í hlutaðeigandi skólahverfum, vil ég segja það, að ég tel þetta ákvæði alveg óþarft, því að ég veit, að það kemur aldrei til mála að framkvæma þessi ákvæði með öðru móti en þessu, og skiptir því engu máli, hvort sú málsgr. verður samþ. eða ekki.

Viðkomandi till. hv. þm. Barð. vil ég taka fram, að ég geri ráð fyrir, að ég greiði atkvæði með till. undir 2. lið, um að prestur komi á Þingvelli. Þetta mál hefur verið rætt talsvert, m. a. við Þingvallanefnd, að prestur gegni þarna störfum og verði jafnframt leiðbeinandi á sögustaðnum, og sýnist mér, að það fari ekki illa á því að hafa þarna eldri klerk, sem væri sögufróður og hæfur til að leiðbeina ferðafólki. — Ég hef áður rætt um þá till. hv. þm. Barð. að fresta l. frá í fyrra, og er ég henni andvígur.

Viðkomandi till. á þskj. 481 frá hæstv. utanrrh. vil ég taka fram, að ég er henni samþykkur. Ég var þó fylgjandi því, að heimilt yrði að hafa tvo slíka presta, sem gætu gripið inn í störf annarra presta, er þeir væru forfallaðir, en eg get þó fallizt á þessa till. á þskj. 481 um að hafa slíkan prest aðeins einn. Þessu máli er þannig háttað nú, að líkur eru til, að hægt verði að komast að sæmilegu samkomulagi um það, og ég heyrði t. d. á ræðu hv. 1. þm. N-M., sem hefur nú viljað ganga einna lengst í að fækka prestunum, að hann mundi geta greitt þessari miðlunartill. atkv. sitt, að hafa aðstoðarprestinn aðeins einn í stað tveggja, og má til sanns vegar færa, að það geti verið rétt.

Viðkomandi till. hv. 1. þm. N-M. á þskj. 399, þá verð ég að segja það í sambandi við fyrri brtt., sem er um að flytja prestinn úr Hrísey í Stærra-Árskóg, að ég hef ekki enn þá getað aflað mér þeirra upplýsinga, sem ég tel mig þurfa til þess að geta tekið afstöðu í málinu. — Seinni brtt. á þessu þskj. leiðir af þeirri breyt., sem þegar hefur verið gerð á frv.

Þá eru það till. á þskj. 438. Ég er þeim andvígur af sömu ástæðum og ég ræddi um í upphafi máls míns, og ég hef ekki heyrt koma fram þau rök í því máli, sem hafa getað sannfært mig.

Ég held, að ef þetta frv. verður afgreitt eins og horfur eru á í þessari hv. d. og ef það fer, sem auðsætt er, til Nd. og verður athugað þar kannske nú fyrir jólin og svo síðar í janúarmánuði, eins og störfum þings verður háttað, þá sé engin hætta á því, að það fái ekki sæmilega afgreiðslu. Og það horfir allt í þá átt, að sá hiti, sem var í málinu í upphafi, sé nú orðinn minni, og það, sem ég kallaði öfgar og mér fannst gæta töluvert í þessu máli frá tveim hv. þm., — og mér er sagt, að þær hafi ekki verið minni við 2. umr. en við hina fyrstu, en ég var ekki sjálfur þá viðstaddur, — ég held, að þegar við förum að athuga þetta mál og því meira sem við athugum það og ræðum, þá sé það vísast, að við komumst að sæmilegri niðurstöðu, og það bendir til þess, að þær öfgar, sem hafa verið í málinu, séu nú að hverfa. Eins og frv. liggur nú fyrir eftir þær breyt., sem gerðar hafa verið á því, þá eru brtt., sem nú hafa komið

fram, ekki stórvægilegar, og koma eðlilega fram fyrir það, að þessar breyt., sem gerðar voru á frv. við 2. umr., verða leiðréttar við þessa umr. Og þó að ekki sé hægt að gera að öllu leyti þær leiðréttingar á frv., eftir því sem ég álít að þurfi að gera, þá er ég ekki í neinum vafa um það, að hægt er að gera þær í hv. Nd. og ekki líkur til annars en þessi d. fallist á þær. En slíkar leiðréttingar verða að bíða, þangað til málið kemur til umr. í hv. Nd.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Ég hef talað í þessu máli við 2. umr. og gerði ekki ráð fyrir því, að ég þyrfti að standa upp við 3. umr.

Ég skal ekki segja um það, hvort þetta frv. batnar nokkuð enn þá. Það getur verið og getur verið ekki. En ummæli hæstv. kirkjumrh. gefa mér ástæðu til að segja hér örfá orð. Hann lýsti yfir ánægju sinni og fylgi, að mér skildist, við þá brtt., sem mér finnst vera einna fáránlegust við þetta frv., en það er brtt. á þskj. 411 frá hv. þm. Barð. um það, að á Þingvöllum skuli vera prestssetur, og er ekkert að segja við því. En 2. málsl. brtt. hljóðar þannig: „Skal Þingvallapresti skylt án sérstakrar greiðslu að leiðbeina gestum, sem heimsækja staðinn og þess óska, um allt það, sem lýtur að örnefnum, helgi hans og sögu.“ — Þetta er ekki viðhlítandi fyrir prestinn á Þingvöllum. Hann á að vera sá eini af þjónum kirkjunnar, sem er ekki háður aldurstakmarki embættismanna. En jafnvel þó að hann verði níræður, ef ellin gefur honum grið, þá er honum ætlað að vera snúningadrengur hjá útlendingum og öðrum gestum, sem heimsækja staðinn, og labba með þeim um sögustaðinn og ekki taka skilding fyrir. Það er ekki hægt fyrir þennan gamla mann að sitja heima og segja dálítið um örnefni og sögu staðarins, heldur þarf hann að fylgja þeim um staðinn. Þetta finnst mér vera álitshnekkir fyrir kirkjuna, og ég álít, að það geti orðið í augum útlendinga heldur niðrun, um leið og það er ofvaxið gamalmenni að vafra um þetta víðáttumikla land með hverjum, sem heimtar það. En um þetta hefur hv. þm. Barð. yfirsézt, og ég segi fyrir mig, að ég ætla ekki í þetta skipti að fjölyrða um þetta. En ég leyfi mér að bera fram brtt. um að fá þessa málsgrein burt.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt svo hljóðandi skrifleg brtt. við brtt. á þskj. 411 frá hv. 11. landsk. þm.: „Við tölul. 2. Annar málsliður falli niður.“

Þessi brtt. er skrifleg og of seint fram komin og þarf afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 488) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég hef lagt hér fram brtt. á þskj. 422. Hæstv. kirkjumrh. hefur gert þessa brtt. að umtalsefni og bað menn að gera sér grein fyrir, hvað í henni fælist í raun og veru. Mér skildist á hæstv. ráðh., að ef þessi brtt. yrði samþ. og eftir henni farið, þá leiddi af því, að þeir prestar, sem ætla sér að sækja um þessi svokölluðu kennsluprestaköll, yrðu að bæta við sig einu ári við nám í kennaraskóla, og skildist mér á hæstv. ráðh., að hann teldi þetta óþarflega mikið, og meðal annars vegna þess, að prestarnir hefðu fengizt töluvert við kennslu í margar aldir. Það má minna á, að við höfum búið hér í margar aldir án þess að hafa nokkur fræðslulög. Ég veit ekki, hvað yrði gert í þessu prestakallamáli, ef taka ætti mikið tillit til þess, hvað hefur staðið í margar aldir og hvað ekki. En ég get látið þetta liggja á milli hluta.

Hæstv. ráðh. vildi þá halda því fram, að um þessi prestaköll mundu ekki sækja aðrir, að mér skildist, en úrvals kennarar, a. m. k. prestar, sem hefðu mikinn áhuga og sérstaka hæfileika til að kenna. Ég skal ekki endurtaka ummæli mín hér í þessari hv. d., en ég þóttist leiða að því allgild rök, að um þessi prestaköll sæktu ekki fyrst og fremst úrvals prestar, heldur prestar, sem eiga ekki annarra kosta völ og hverfa svo frá þeim síðar, ef þeir sjá sér völ á öðru betra.

Hvað felst í þessari brtt.? Ég vildi nú svara því í fáum orðum með því, að í henni felist staðfesting fyrirætlunar hv. mþn. í þessu máli. Svo mikið er víst, að í greinargerð þessarar hv. n. segir: „Prestar, sem kennslu ættu að hafa jafnframt, mundu verða að fá nokkurn sérstakan undirbúning í því skyni.“ Hér er gert ráð fyrir, að þeir fullnægi þeim skilyrðum, sem l. um menntun kennara setja þar um. Þetta er í greinargerðinni. Ég lét það í ljós í fyrri ræðu minni, að svona spjall í greinargerð mundi í framkvæmdinni reynast þýðingarlítið. Fæ ég satt að segja nokkra staðfestingu á því nú þegar, því að það kom berlega fram hjá hæstv. kirkjumrh., að hann hefur a. m. k. á þessu stigi málsins litið svo á, að í framkvæmdinni yrði fram hjá því gengið, þótt drepið væri á þetta með laglegum orðum í greinargerð.

Það, sem ég vildi segja, er þetta: Það, sem felst í minni brtt., er einfaldlega að staðfesta það í l., sem ég geri ráð fyrir, að vakað hafi fyrir hv. mþn., að yrði í framkvæmd. Ég vil leyfa mér að segja, að eigi að hverfa frá þeim kröfum, sem fræðslul. gera um það, að barnakennslu skuli annast sérmenntaðir menn, þegar því verður við komið, — það hefur verið svo til ætlazt, þó að ekki hafi ávallt verið kennaraskólalærðir menn við kennslu, — ef á á annað borð að hverfa frá þessu, þá sýnist mér, að það sé tæplega mögulegt að hverfa frá svona stóru atriði með því að skjóta lítilli grein inn í lög, sem fjalla um allt aðra hluti. Það er hins vegar sameiginlegt með báðum stafliðum þessarar brtt., að þeim er ætlað að kveða skýrar á um það, sem hæstv. ráðh. vildi láta í ljós, að hefði vakað fyrir öllum hlutaðeigendum.

Ég get aðeins bætt því við, að ég hef í viðtali við fræðslumálastjóra minnzt á skyldukennslu og menntun í sambandi við þetta frv. Eins og menn kannske muna, þá er vikið að því í grg., að þetta hafi verið borið undir fræðslumálastjóra og hann hafi talið, að það

gæti komið til greina að reyna þetta. En hann segir, að það hafi aldrei vakað fyrir sér annað en það, að ákveðið væri í l., að krafizt væri sömu menntunar þarna og fræðslul. gera ráð fyrir almennt um kennara. Einnig hef ég orðið þess var, að samtök kennara hér í Reykjavík hafa áhuga á því að fá þessi ákvæði sett inn í lögin.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Út af því, sem hæstv. ráðh. sagði hér áðan, að hann liti svo á, að þessar öfgaöldur, sem hefðu orðið við 1. umr., hefði lægt og orðið að engu, þá er það misskilningur hvað snertir andstöðu þá, sem ég hef sýnt í þessu máli, því að ég hef ekki breytt um skoðun. Ég sé hins vegar ekki ástæðu til að endurtaka þau rök, sem ég færði hér fram við 2. umr. En það ber ekki að skilja svo, hæstvirtur ráðh., að ég hafi breytt um skoðun í málinu í heild, þó að ég haldi ekki uppi hér neinu málþófi við þessa umr., sem ég tel ekki til neins gagns.

Ég er þakklátur hæstv. ráðh. fyrir að vilja styðja mína till. En í sambandi við þetta mál vildi ég upplýsa það, sem hv. 11. landsk. þm. virtist ekki vita, að hér er ekki verið að stofna nýtt embætti, því að samkv. l. skal prestssetur vera á Þingvöllum, og það var svo til ætlazt í frv. eins og það kom frá hv. mþn., þó að síðar væri fellt niður, að prestssetur skyldi vera á Þingvöllum. (**ÞÞ:** Mín till. gengur ekki út á það.) En hv. þm. talaði um það, að hér væri verið að stofna nýtt embætti. Það hefur verið þar embætti, þó með nokkrum skiptum á milli tveggja presta. Hins vegar er till. hans um að fella niður úr l., að viðkomandi prestur ætti að hafa þá skyldu að upplýsa gesti, sem þangað kæmu, um staðinn og sögu hans. Ég skil ekki, hvað vakir fyrir hv. 11. landsk. þm. í þessu máli. Hugsum okkur, að útlendir menn kæmu í boði ríkisstjórnarinnar eða annarra til Þingvalla og fengju upplýsingar um Lögberg og aðra slíka merka staði og þá yrði fenginn maður frá Reykjavík til þess að útskýra sögu þessara staða. Ég sé ekki, hvers vegna presturinn má ekki gera þetta og þá án þess að taka gjald fyrir. Nákvæmlega sama er um að ræða, þegar koma þangað skólaflokkar. Ég sé ekki, hvers vegna presturinn má ekki uppfræða ungdóminn um sögu og helgi Þingvalla og það þá án endurgjalds, nema það vaki fyrir hv. 11. landsk. þm., að presturinn eigi að gera það fyrir sérstakt gjald, þar sem hann álítur, að presturinn eigi að vinna sem minnst fyrir aðallaununum og geti svo fengið tækifæri til þess að vinna sér inn tvöföld laun með aukastörfum. Sé það þetta, sem vakir fyrir hv. 11. landsk. þm., þá get ég skilið hans brtt., annars ekki. Þar að auki hefur verið rætt mikið um það hér, hve óeðlilegt það sé, að þessi prestur, sem hlýtur prestakallið, hafi ekki hliðstæðu málefni að sinna. Ég tel það ekki óskylt, þó að presturinn á Þingvöllum hefði samband við það fólk, sem kæmi þangað, og fræddi það um sögu staðarins. — Ég hef lagt til í brtt. minni, að aldurstakmark gildi ekki hvað viðvíkur Þingvallapresti, jafnvel þótt hann sé orðinn 70 ára eða meira. Ef þessi prestur vill vera áfram, þá sé ég ekki, hvers vegna hann þurfi að láta af embætti, þótt hann sé sjötugur að aldri. Þessi brtt., sem ég hef lagt hér fram, mundi ekki torvelda það, að hann gæti innt þetta starf af hendi. Og skal ég ekki ræða frekar um þetta atriði.

Þá vil ég segja nokkur orð um umferðarprestana eða umrenningana svokölluðu. Ég á erfitt með að skilja þessa afstöðu kirkjumálastjórnarinnar að hafa á launum tvo umferðarpresta til að senda þá við og við til að hafa samstarf við fólkið, sem býr í sveitum landsins, og yrði þá einungis það, að þetta fólk hlustaði á ræður, sem þeir kynnu að flytja í dag eða á morgun, en þeir gætu alveg eins flutt í útvarpið. Kjarni málsins er, að prestur, sem býr í sveit, hafi samband við fólkið á ýmsum öðrum sviðum en að halda ræður. En umferðarprestarnir geta ekki haft annað starf en prestsstarfið í sambandi við sín ferðalög. Og hér er í raun og veru torveldað fyrir prestana, sem koma sem nýútskrifaðir kandidatar, að fá embætti með því fyrirkomulagi, ef á að hafa marga umferðarpresta á fullum launum til að inna þessi störf af hendi, og kostnaðarminna verður það ekki. Ég tel þetta misráðið og hygg, að þeir, sem greiddu þessari till. atkv., séu við nánari athugun á þessu sömu skoðunar og ég.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég sé satt að segja ekki, að það sé neitt niðrandi í því, þótt prestinum á Þingvöllum sé gert að skyldu að gefa upplýsingar um sögustaðinn þeim gestum, sem ber að garði. Það kann að vísu að vera, að þetta orðalag sé of almennt orðað, að skyldan sé of rík, að það gæti hver og einn gengið á fund prestsins og imprað á við hann að gefa upplýsingar um örnefni og helgi sögustaðarins á Þingvöllum. Nú er ætlazt til þess, að þetta gildi fyrst og fremst um stærri heimsóknir á Þingvöllum, þar sem gefnar séu upplýsingar fyrir stærri hópa manna. Ég sé ekki sem sagt, að þetta sé svo mjög niðrandi, þar sem slíkir menn hafa gert þetta til þessa sem Sigurður Nordal prófessor, sem hefur stundum farið ferðir þangað, og Pálmi Hannesson eða fornminjavörðurinn. Sé ég því ekki, að þetta sé verk, sem setji menn lægra niður, þótt þeir reki sögu Þingvalla í viðurvist erlendra gesta. Og ef sami maðurinn gerir þetta oft, þá gerir hann þetta betur en almenningur annars ætti völ á. Ég segi fyrir mig, að ég tel, hvað sem þessu atriði líður, hvort sem þetta á að standa svona ákveðið í greininni eða ekki, alveg vafalaust, að þetta á að vera eitt af verkum prestsins, því að hann hefur ekki mikið að starfa þarna, en þetta kostar ekki heldur neitt verulegt fyrir ríkið, því að það er vitað mál, að ýmsir dugandi prestar eins og ýmsir aðrir eru vel vinnufærir eftir að þeir láta af störfum, og vilja þeir gjarnan sinna svoleiðis starfsemi og taka laun sín fyrir í staðinn fyrir að taka eftirlaun og gera ekki neitt, svo að kostnaðurinn við þetta verður sáralítill. En hitt held ég samt sem áður að þurfi að taka til athugunar viðvíkjandi skyldunni, hvort hún á að vera jafn-

undantekningarlaus og ákveðið er. Ég er þeirrar skoðunar, að þetta eigi að vera hans verk í aðalatriðum og þá helzt, þegar stærri hópa gesta ber að garði.

Viðvíkjandi því, að hann eigi að labba þarna um staðinn, þá má benda á, að það eru ekki nema um 180 metrar út að fyrsta sögustaðnum frá prestssetrinu og gangurinn er ekki nema til hressingar, svo að ég held, að þau orð hjá hv. 11. landsk. þm., að þetta væri einhver þrælameðferð, hafi ekki við nein rök að styðjast. En sleppum því.

Ég skal ekki hafa langa ræðu um brtt. hv. 2. þm. S-M., sem hann lýsti hér áðan. Það kom fram, að þær eru fluttar að undirlagi kennara. Og hann álítur, að það sé mikil firra hjá mér að halda því fram og það væri afturför frá því, sem nú er, ef það ætti að koma fyrir, að ekki væru gerðar allar þær kröfur til þessara manna, sem að forminu til eru gerðar að l. um kennara. Þetta er atriði, sem má rökræða endalaust, og það mundi aldrei verða hægt að ljúka umr. um það. En mín skoðun er sú, eins og kom fram í því, sem ég sagði áðan, að þótt eðlilegt sé, að gerðar séu sérstakar kröfur til menntunar kennara, þá álít ég, að margt af þessum lagareglum sé þannig, að þær séu mjög þýðingarlitlar. Og ég ber minni virðingu fyrir mörgum þeirra, eftir því sem ég hef kynnzt þeim meir, bæði sem einstaklingur og menntmrh. Það er ekki vafi á því, að það, sem hefur verið haldið hér fram í þessu prestakallamáli um þessi brýnu uppeldisfræði, sem er eitt af því, sem þeir eiga að læra sérstaklega, sem við barnauppeldi eiga að fást, eru kenningar, sem eru lítils virði eða vafasamar að minnsta kosti.

Þegar ég var menntmrh., þá byrjuðu tveir ungir menn kennslu, útlærðir úr kennaraskóla, einhverjir duglegustu nemendur, sem þar hafa verið, og annar þeirra er nú þekktur kennari við unglingaskóla hér, en hinn er orðinn skólastjóri, þar sem hann tók við af manni, sem hafði verið veitt skólastjórastaðan án þess að vera lærður í uppeldisfræðinni. Þar sem þessir menn höfu kennslu, voru krakkarnir svo illa uppaldir, að þeir flæmdu þá báða burt. Annar þeirra kom til mín alveg yfirbugaður af framkomu krakkanna, sem hann gat ekki gert neitt við. Hann sagði mér t. d., að ef þau gleymdu blýanti, þá þættust þau ekkert geta skrifað og neituðu að skrifa nokkuð. Og strákarnir tóku þessu ákaflega rólega og komu aldrei með blýant eða pennastöng í skólann og skrifuðu því aldrei neitt. Sagði ég manninum, hvernig hann skyldi haga sér við strákana, og hefur það gefizt vel. Og virðist þetta eina uppeldisfræðslan, sem þessi maður hefur fengið. Ég held nefnilega, að sumt af þessum teóríum, sem við göngum með í dag, eigi eftir að sýna sig að vera á villigötum. En eins og ég sagði áðan, þá hefur hver sína skoðun, og má færa rök fyrir þessari og þessari skoðun, en það, sem ég hef sagt um þessa tvo uppeldisfræðinga, sem ég nefndi nú, er staðreynd, sem ekki verður gengið fram hjá. — Einn af þekktustu höfundum Dana í seinni tíð var á því, að þær uppeldisaðferðir hefðu hrokkið skammt fyrir sig, ef hann hefði ekki lært gömlu uppeldisaðferðina hjá móður sinni, og skal ég ekki blanda því nafni inn í þessar umr., en hann áleit, að þær hefðu dugað bezt, og þannig hugsa ég að það verði það, sem oft nær lengst. En ég get vel skilið, að í því landi, þar sem stéttafrelsið ríkir, þá geri kennarar kröfu til þess, að þessu formi sé fylgt. — Ég skal svo ekki lengja meir umr. um þetta mál.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Umr. um þetta mál eru nú orðnar langar og miklar, og er það eins og vænta mátti, þar sem málið er stórt, þýðingarmikið og vandasamt. Ég skal því ekki halda langa ræðu, en aðeins mæla fyrir tveimur brtt., sem ég hef flutt við frv. við þessa umr., á þskj. 413.

Fyrri till. er í 5 undirliðum, og allir liðirnir fjalla um breyt. á skiptingu landsins í prófastsdæmi. Ég sá það, þegar ég fór að athuga frv. og einkanlega, hvernig landinu er skipt í prófastsdæmi, eftir að þær breyt., sem líkur eru til að verði gerðar á prestakallaskipuninni, hafa verið samþ., að sums staðar verða prófastar yfirmenn yfir sjálfum sér og engum presti, og á mörgum stöðum er prófastur yfirmaður eins prests auk sjálfs sín og á nokkrum stöðum yfir tveimur prestum. Þetta finnst mér ekki vera eins og vera ber, úr því að verið er að gera gagngerða breyt. á l. um skipun prestakalla yfirleitt. Ég hef því flutt þessar till. með það fyrir augum að færa saman nokkur prófastsdæmi. — Fyrsti liður fyrri till. er um það, að rómverskir liðir III og IV verði einn liður, er heiti: Skaftafellsprófastsdæmi. Þetta er sökum þess, að nú er þarna gert ráð fyrir Austur-Skaftafellsprófastsdæmi út af fyrir sig og Vestur-Skaftafellsprófastsdæmi út af fyrir sig. Í því fyrrnefnda eru tveir prestar auk prófasts og sömuleiðis í því síðara. Ef prófastum er ætlað að inna af hendi félagslegt starf, þá getur ekki verið verkefni fyrir tvo prófasta t. d. í þessum prófastsdæmum. Það verður enginn fundur, þegar þessir tveir prestar koma saman með sínum prófasti til að ræða sín mál, kristindóm og önnur, og það er ekkert félagslegt verkefni með þessum tveimur mönnum, þar sem svo er ástatt, sem er víða. — Þá er b-liður, sem er sama eðlis, um það, að rómverskir liðir IX og X verði einn liður, er heiti: Mýra- og Borgarfjarðarprófastsdæmi. Í Mýraprófastsdæmi er nú einn prestur auk prófasts, en ég læt koma undir einn prófast alla presta í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. — Þá er 3. liður fyrri till. um það, að rómv. liðir XI og XII verði einn liður, er heiti: Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi. Að vísu eru nokkuð margir prestar auk prófasts í Snæfellsnessprófastsdæmi, en í Dalaprófastsdæmi eru tveir prestar auk prófasts. Landfræðilega heyra þessi svæði saman, og lægi ekki illa við að halda sameiginlega fundi með prestum á öllu þessu svæði, í Snæfellsness- og Dalasýslum. — Þá er 4. liður um, að rómverskir liðir XVI og XVII verði einn liður, er heiti: Stranda- og Húnavatnsprófastsdæmi. Í Strandaprófastsdæmi eru aðeins tveir prestar auk prófasts, þar sem í Húnavatnsprófastsdæmi eru fjórir prestar auk prófasts. Þetta tel ég að eigi að verða eitt prófastsdæmi í þessum sýsl-

um báðum. Þá er 5. og síðasti liður till., að rómverskir liðir XX og XXI verði einn liður, er heiti: Þingeyjarprófastsdæmi. Í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi eru að vísu fimm prestar auk prófasts, en í Norður-Þingeyjarprófastsdæmi eru aðeins tveir prestar auk prófasts. Þetta tel ég að gæti verið eitt prófastsdæmi, og gætu þá þarna 8 prestar með einn prófast landfræðilega starfað sem ein félagsleg heild að málefnum kirkjunnar.

Hvort mönnum sýnist þeir geta fylgt þessari till. eða ekki, skal ég ekki um segja, en mér finnst það ekkert ofverk prófasta að hafa milligöngu milli kirkjustjórnar og presta á þeim svæðum, sem hér er lagt til. Það eru sem sé 5 prófastsdæmi, sem verða þannig til úr 10 prófastsdæmum. Mér hefur verið bent á, að prófastarnir í Norður- og Suður-Múlaprófastsdæmum haldi sinn árlega prestafund sameiginlega á einum stað, og ýmsir vilji einnig flytja till. um að steypa þeim prófastsdæmum saman í eitt, sem héti þá Múlaprófastsdæmi. En með því að þarna eru 6 prestar auk prófasts í hvoru prófastsdæmi, þá tók ég ekki þetta með í minar till., en í framkvæmdinni er þetta eins og það væri eitt prófastsdæmi og prestafundur árlega á einum stað á mörkum þessara sýslna, og ef það er framkvæmanlegt, þá álít ég það framkvæmanlegt, sem í mínum till. felst.

Seinni till. mín er um það, að orðið „Súgandafirði“ í 6. gr. falli niður, þ. e. a. s., að í Súgandafirði verði kennsluprestur. Það liggur fyrir bréf frá prestinum í Súgandafirði, þar sem hann lýsir andúð sinni við þetta ákvæði um kennslupresta, sérstaklega að því er snertir hans sókn, og kveðst jafnvel mundu segja af sér prestsskap heldur en að eiga að burðast með prestsþjónustu og vera einnig kennari, en svo virðist eiga að vera samkvæmt frv. Ég tel mjög veigamikil rök hníga að því, að presturinn í Súgandafirði eigi ekki að vera kennsluprestur, þar sem söfnuðurinn er á fjórða hundrað manns. En flest af þeim prestaköllum, sem lagt er til að verði kennsluprestaköll, eru miklu fámennari en þessi staður. Ég tel því, að Súgandafjörður hafi þarna verið tekinn með af einhverjum öðrum ástæðum eða kannske ekki verið full vitneskja um það, hvernig þarna hagar til nú. Í þorpinu Suðureyri er skóli með skólastjóra og tveimur kennurum, og presturinn þar hefur haft á hendi unglingafræðslu og er ljúft að halda því starfi áfram auk prestsþjónustustarfsins, sem hann rækir af samvizkusemi. — Þetta er það, sem ég vildi segja um brtt. á þskj. 413.

Þá vil ég aðeins að gefnu tilefni minnast á brtt. hv. 2. þm. S-M. á þskj. 422. En till. hans er í fyrsta lagi um það, að kennsluprestum verði gert að skyldu að fullnægja ákvæðum gildandi fræðslulaga um menntun kennara. Ég þjóst við því, að enginn mundi andmæla þessu, og taldi það sjálfsagt. Það var skýrt tekið fram í grg. frv. af mþn., að það væri til þess ætlazt, að þessir prestar fullnægðu kröfum um kennaramenntun, og ég heyrði í dag, að hæstv. kirkjumrh. sagðist fylgja þeim brtt., sem færðu frv. til þeirrar áttar, sem mþn. gekk frá því, og þetta er það, sem n. gefur til kynna að hún ætlist til að því er þessi embætti snertir. Hins vegar tel ég eins og hv. flm. sjálfsagðan hlut, ef ætlazt er til að koma fram breyt. á einhverjum greinum frv., að fella það inn í, sem ætlazt er til að verði fellt inn í þetta frv. Það breytir engu í þessu efni, þó að hæstv. kirkjumrh. færi fram einstök dæmi þess, að kennara hafi mistekizt í sínu starfi, án tillits til þess, hvort hann hafi beitt í vinnubrögðum nýjum eða gömlum uppeldisfræðikenningum. Það hefur komið fyrir bæði fyrr og síðar. Það fara ekki miklar sögur af því, að Rousseau hafi verið mikill kennari í praksis, en uppeldisfræðikenningar hans þóttu góðar um aldir, og það er hægt að sýna þess mörg dæmi, að prestar hafi verið ómögulegir kennarar. En það er ekki út frá einstökum dæmum, sem á að mynda sér skoðanir um þetta. Ef það væri svo, að það væru einhverjar óskir á ferðinni um það, að menn hefðu einhverja þekkingu á sálarfræði, uppeldisfræði og kennslufræðum, þá þyrfti kannske að skoðun hæstv. kirkjumrh. að setja ákvæði um það, að menn misstu ekki villukenningar inn í uppeldisfræðina, því að það leiddi til ófarnaðar, uppeldi á börnum uppeldisfræðinga væri hið versta uppeldi, og hjá þeim kennurum, sem styddust í starfi sínu við nýjustu kenningar í uppeldisfræði, færi allt úr böndunum. Það er kannske orðið svo, að menn megi ekki hafa kennararéttindi, ef þeir eiga að vænta þess, að starf þeirra fari vel úr hendi. Það er kannske frá sjónarmiði einhverra hlálegt, að maður, sem búinn er að stunda háskólanám í mörg ár og á að stunda kennimannsstarf, skuli ekki vera jafnvel menntaður og vel búinn undir kennarastarfið og þeir, sem búnir eru að vera 4 ár í kennaraskóla og hafa þannig miklu styttri námsferil að baki en prestar. En slíkur prestur hefur ekki fengið menntun í sálarfræði og ekki heldur menntun í uppeldisfræði og ekki leiðbeiningar í almennri kennslu. Ég held því, að það sé ekki um annað að ræða en að lögfesta það, sem tekið er fram í grg. frv. að vaki fyrir mþn., að væntanlegir kennsluprestar skuli hafa kennararéttindi, að öðrum kosti mundu kennarar rísa upp gegn þessu, því að þá ættu prestar forgangsrétt að þessum kennaraembættum, og þá væri torvelduð í framkvæmd þessi lagasetning um kennsluprestana. Þess vegna er nauðsynlegt, að það sé skýrt, að þeir, sem ætla sér að fá slík embætti, verði samtímis háskólanámi sínu í guðfræði að verða sér úti um þessa aukakennslu, sem er viðurkennt af kirkjunnar mönnum að þeir þurfi að útvega sér, svo að þeir geti orðið góðir kennarar. Ég vil þess vegna vænta þess, að þessi till. hv. 2. þm. S-M. verði samþ., því að hvað sem hæstv. kirkjumrh. segir, þá álít ég ekki til bölvunar að nota sálarfræði og uppeldisfræði og sízt til bölvunar að hafa leiðbeiningar duglegra og reyndra kennara í uppeldisfræði, svo að menn þurfi ekki sjálfir að þreifa sig áfram frá grunni í kennarastarfinu.

Ég vil aðeins taka það fram viðvíkjandi till. hv. þm. Barð. um að leysa prestsmálið á Þingvöllum á þann veg, að þar sæti prestsöldungur, sem væri ætlað það hlutverk að kynna sögu

staðarins innlendum og erlendum mönnum, að ég tel þessa hugmynd athyglisverða og tel, að þetta starf væri mjög geðþekkt aukastarf fyrir prest, sem væri góður tungumálamaður og sögumaður, virkilegur menntamaður. Ég hygg, að slíkur maður mundi ekki kunna því illa að inna slíkt trúnaðarstarf af hendi fyrir sína þjóð. Ég býst því við, að ég muni fylgja þeirri hugmynd, sem hv. þm. Barð. flytur og ég nú ræddi um.

Sigurður Ó. Ólafsson: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð um brtt., sem ég flutti áður og tók aftur við 2. umr. Þessi breytingartillaga er viðvíkjandi Stóra-Núpsprestakalli í Árnessýslu. Þetta prestakall samanstendur af þremur sóknum, Stóra-Núps-, Hrepphóla- og Ólafsvallasóknum, og presturinn situr á Skarði. Eins og það er nú í frv. mþn., þá er lagt til að leggja þetta prestakall niður og leggja Stóra-Núp og Hrepphóla undir Hruna og Ólafsvallasókn undir Hraungerðisprest. Brtt. mín fer fram á, að þetta verði óbreytt eins og nú er og prestakallið ekki lagt niður. Hæstv. kirkjumrh. lét þau ummæli falla áðan í ræðu sinni, að hann væri ekki fylgjandi þessari till., kvaðst ekki hafa heyrt nein rök, sem honum þættu nægileg til að samþ. hana.

Ég vil með fáum orðum minnast á það, sem ég álít vera rök í þessu máli og mæla með því, að *mín brtt. verði samþ. Þetta prestakall* samanstendur af þremur sóknum, eins og ég gat um, og í þessum sóknum eru 588 manns, eftir því sem mþn. segir í skýrslu sinni, sem fylgir frv. Þetta eru blómlegar sveitir, þar sem fólkinu er að fjölga og einnig býlum, svoleiðis að það getur ekki verið ástæða mþn. til að leggja þetta prestakall niður, að þarna sé um sveitir að ræða, sem séu að eyðast að fólki. Það hljóta að vera einhver önnur rök fyrir því að leggja prestakallið niður, sem mér eru ekki ljós. Þar sem lagt er til í frv. á öðrum stöðum, að prestaköll séu lögð niður, þá er fjölmennasta prestakallið með 284 menn og allt niður í 29. Það er nokkuð annað, þegar svona stendur á, að sameina prestaköll, en það á ekki við um Stóra-Núpsprestakall. Ég vil einnig minna á það, að þegar ég mælti fyrir þessari till. við 2. umr., þá komu fram skrifleg mótmæli frá sóknarfólki í Stóra-Núpssókn, þ. e. a. s. úr Gnúpverjahreppi, undirrituð af 85 mönnum, sem lögðu til, að prestakallið yrði ekki lagt niður. Síðan hefur borizt annað skjal, sem liggur frammi, undirritað af 92 sóknarbörnum í Skeiðahreppi, með sömu ósk, að prestakallið fái að halda áfram og verði ekki lagt niður. Þetta finnst mér vera nokkuð, sem Alþ. verði að taka til greina, vilja svona fjölmennrar sóknar um að leggja ekki prestakallið niður. Mér hefur borizt bréf frá sóknarprestinum í Skarði, sem þjónar þessu prestakalli, og ætla ég að lesa það bréf, með leyfi hæstv. forseta. Þar koma fram nokkrar upplýsingar og sjónarmið hans í þessu máli. Það hljóðar þannig:

„Skarði, Árnessýslu, 12. nóv. 1951.

Í frumvarpi því um skipun prestakalla á Íslandi, sem nú hefur verið lagt fyrir Alþingi, er ráð fyrir því gert, að Stóra-Núpsprestakall í Árnesþingi sé lagt niður og sóknum þess skipt niður á milli Hruna- og Hraungerðisprestakalla. Ég hef þjónað þessu prestakalli í 18 ár og er því gerkunnugur öllum staðháttum og vilja sóknarmanna um þetta atriði. Vil ég því tjá yður, hr. alþingismaður, að ég tel þetta mjög fjarri réttu ráði, svo fremi að stjórnarvöld og Alþingi telji kirkju og kristnihald nokkru skipta í lífi og þróun þjóðarinnar.

Núverandi Stóra-Núpsprestakall var áður þrjú prestaköll, og voru prestarnir þá að Stóra-Núpi, Hrepphólum og Ólafsvöllum. Árið 1882 sameinast Stóra-Núps- og Hrepphólaprestaköll, og er prestssetur ákveðið að Stóra-Núpi. Samkvæmt prestakallalögunum frá 1907 skyldi svo Ólafsvallasókn bætt við prestakallið. Gerðist það við andlát séra Brynjólfs Jónssonar árið 1925. En þá hafði svo skipazt, að Stóri-Núpur var ekki lengur hið lögákveðna prestssetur, því að jörðin var nú komin í einkaeign, en prestssetur ákveðið að Skarði í Gnúpverjahreppi, og er sú skipun í gildi nú. Á árunum 1930—32 var uppi vilji þáverandi stjórnarvalda um sameiningu Stóra-Núps- og Hrunaprestakalla, og skyldi prestssetur vera að Hruna. Voru haldnir fjölsóttir safnaðarfundir allra sókna um mál þetta. Voru þar samþykkt eindregin og einróma andmæli gegn þvílíkri breytingu. Féll því ráðagerð þessi niður um sinn, enda urðu stjórnarskipti um það leyti.

Liðu nú tímar fram. En árið 1941 kom fram frumvarp á Alþingi um breytingu á skipun prestakalla. Var þar lagt til, að Stóra-Núpsprestakall skyldi lagt niður. Voru fundarhöld í sóknum og enn samþykkt mjög eindregin mótmæli gegn þessari breytingu. Var þátttaka mikil og almenn. Ekki var frumvarp þetta afgreitt á þingi. Og enn var vegið í sama knérunn. Á s. l. þingi voru samþykkt lög um skipun prestakalla. Í frumvarpinu — eins og það var lagt fyrir Alþingi — var gert ráð fyrir, að Stóra-Núpsprestakall yrði lagt undir Hruna. Var tími naumur til fundahalda, en sóknarnefndir tveggja sóknanna komu þó bréfum til þingsins og tjáðu því eindregin mótmæli safnaðanna. Brást þingið vel við og felldi ákvæðið um Stóra-Núpsprestakall brott úr frumvarpinu. Mun alþm. Eiríkur Einarsson hafa átt drjúgan þátt í þeirri afgreiðslu. Voru það ein allra síðustu afskipti hans af málum á Alþingi.

Hefði nú mátt ætla, að lokið væri öllum eltingaleik við Stóra-Núpsprestakall. En svo er ekki. Enn er að því vegið. Ég tjái yður hér með, hr. alþm., að sami er vilji safnaðarmanna sem fyrr. Munu koma fram eindregnar óskir þeirra um, að ákvæðið um Stóra-Núp verði fellt úr frumvarpinu og prestakallið fái að standa í lögum meðal annarra prestakalla landsins. Við manntal 31. des. s. l. voru 592 manns búsettir í prestakallinu. Hefur fólki fjölgað hin síðari árin. Enn fremur er þess að geta, að nýbýli rísa hér ört, og eru horfur á, að fólki muni fjölga hér á komandi árum. Þess ber og að geta, að prestakallið ávann sér hefð í hugum landsmanna með því, að séra Valdimar Briem sat hér og þjónaði þessu prestakalli alla sína prest-

skapartíð. Mundi það þykja ömurleg þakklátssemi fyrir innblásna sálma hans, ef Alþingi gyldi jáyrði við niðurlagningu prestakalls hans.

Eins og fyrr getur, er prestssetrið hér að Skarði í Gnúpverjahreppi. Hefur svo verið síðan 1933, að ég tók við þjónustu þessa prestakalls. Prestssetureshús var byggt hér árið 1934. Þótt nokkurs sé ávant, svo að fyllstu kröfum sé fullnægt, þeim, sem nú eru gerðar til slíkra húsa, tel ég, að vel sé fyrir íbúðarþörf prestsins séð. Endurbóta nokkurra er þörf. En ef ekkert prestssetur væri lakar hýst, væri slíkt í góðu horfi. En útihús eru flest gömul og fallandi.

Virðingarfyllst,

Gunnar Jóhannesson, prestur."

Hér er bent á eitt, sem ég hef ekki bent á, og það er, að Skarð er sæmilega hýst, og þarf ekki að byggja upp þar, þó að prestur yrði þar áfram. Það er nokkuð nýleg bygging þar og fullsæmileg, eftir því sem fram kemur í bréfinu, þótt þörf sé á umbótum. — Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð fleiri, en vona, að hv. deild fallist á þessi rök og að Stóra-Núpsprestakall verði ekki fellt niður, en brtt. mín samþ.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Þegar ég stóð upp síðast, athugaði ég ekki að gera grein fyrir atkvæði mínu í þessu máli við málið yfirleitt. Ég vil taka fram, að eins og komið er, mun ég ekki fylgja Þingvallatill. hv. þm. Barð., heldur till. á þskj. 482, um að fresta þessu öllu, og álít ég það miklu heillavænlegra fyrir málið, að það sé athugað nú, eftir að búið er að kanna hugi manna hér til þess, og það síðan lagt fyrir næsta Alþ.

Úr því að ég er staðinn upp, vil ég aðeins minnast á það, sem bent var á í sambandi við Þingvallaprestinn. Ég hef lengi staðið í þeirri meiningu, að á þeim stað, þar sem koma margir útlendingar, yrði með tímanum reist vegleg kirkja og valinn í þá stöðu einhver af eldri höfuðklerkum okkar og hans aðalstarf yrði að halda ræður og boða kristindóm í kirkju sinni, en sókn er þar nálega engin, svo að það þarf ekki að velja hann frá því sjónarmiði, að hann sé gerður til hlaupa, heldur verði til prýði í sínu guðshúsi og geti talað við erlenda gesti, en hitt er annað mál, að hann eigi að hlaupa upp um holt og ása. Hér er ekki verið að tala um hópa eins og þeir Sigurður Nordal og Matthías Þórðarson fylgdu og eins og hæstv. ráðh. sagði settu lítið niður og héldu sínum heiðri fyrir það. Það er ekki verk prestsins að fylgja ferðamönnum, heldur kirkjustörf. Þetta er umfangsmikið svæði að hlaupa um. Ég veit, að hæstv. kirkjumrh. er fljótur í förum, en Þingvellir eru nú nokkuð víðlendir. — Ég vildi benda á þetta, og það er rétt hjá hv. þm. Barð., að ef er settur prestur þarna, þarf að vanda val hans, og hann þarf að vera fær um að segja útlendingum til og helzt að vera fróður í sögu staðarins og geta bent frá hlaði og stofuglugga á staði, en að hann fari að snúast með þeim um staðinn, hefur ekki verið í hans hug, hann er það bragðvís á, hvað landinu er til sóma, en ekki til niðurlægingar.

Ég vil svo enda með því að segja, að hv. þm. Barð. fór dálítið út fyrir efnið, er hann var að drótta að kollegum, — ég veit ekki hvort heldur mínum eða kollegum prestanna, — að þeir færu ekkert nema fyrir mikla peninga og væru ágjarnir, og játa ég, að það má til sanns vegar færa, að seint fyllist þeirra sál. Þó tekst hvorugum þessum að keppa við kaupmannslundina.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það er af því, að hv. 2. þm. Árn. skildi ekki, hvað fyrir nefndinni vakti um sameiningu Stóra-Núps- og Hrepphólaprestakalla. — Það vakti fyrir nefndinni, að prestaköllin í Árnessýslu og landinu yfirleitt eru misfjölmenn og miserfið, og vakti fyrir n. að reyna að jafna þau. Sérstaklega er það presturinn í Laugardælasókn, sem nú hefur aðeins 1103 til sálnahirðingar, í stað þess að hann hafði áður á 16. hundrað. En við þetta verða ekki eftir nema liðlega 400, og þykir því eðlilegt að bæta við hann Ólafsvallasókn. Í Hrunaprestakalli verða eftir sameininguna 623. Í sóknum þessa prófastsdæmis eru 26 kirkjur og hægt að fara eftir upphlöðnum vegi á fjarlægustu annexíurnar, þar sem mjólkurpósturinn keyrir daglega. — Upp úr bréfi því, sem þm. las, er ekki leggjandi of mikið. Hann telur, að þetta hafi verið eitt af síðustu verkum Eiríks Einarssonar á Alþ., en hann sat á Alþ. áratug eftir það.

Þá vildum við láta prestinn á Suðureyri annast kennslu. Hann hefur ekki nema 106 heimili að koma á, og hygg ég, að þau liggi flest í þorpinu, nema 8 eða 9. Ég held, að bæði Selárdalur og Botn séu í eyði. (HV: Ekki Botn.) Þau eru þá kannske níu, en það eru engin ósköp, því að það er stutt að fara, svo að prestsstarfið verður létt. Það var þetta, sem vakti fyrir n. Presturinn þar getur vel sinnt kennslu, og prestur sá, sem þar er nú, fæst eitthvað við kennslu.

Ég vil segja við menn eins og hv. þm. Barð. og hv. 11. landsk., sem vilja samþ. till., sem var á þskj. 337 einu sinni, það er eitthvert annað nr. núna, um að fresta þessu öllu, að það getur vel verið, að það sé rétt að gera það, en það á ekki að gera það hér. Eigi að gera það, eiga þeir, sem eiga að fjalla um það fyrir næsta þing, að fá að heyra um það frá Nd. Það má vera, að eigi að fresta því við 3. umr. í Nd., þegar búið er að sjá, hvað þeir segja um það þar og hvaða breytingar þeir gera á því. (GJ: Eða þegar það kemur hingað aftur?)

Ég skal svo endurtaka það, sem ég sagði áðan, að ég tel till. dómsmrh. vel viðhlítandi, að sé betra að þjóna Möðrudal frá Skútustöðum en frá Hofi í Vopnafirði, að öðru leyti raunar sama, hvort er, en ég tel, að hana eigi að samþ. — En það er fjarstæða að hafa prest áfram á Tjörn á Vatnsnesi. Þar þarf að byggja allt frá grunni, og slíkt er ekki hægt í svo fámennri sókn, enda stutt að þjóna frá Breiðabólstað. Presturinn kom oft á fund n., og bauðst hann til að gefa hús til að flytja að Tjörn, og lét nefndin einn mann fara og skoða það hús, og reyndist það verðlítið. Vildi hann gefa annað af tveim húsum, sem eru á hans búskaparjörð, en hann

hefur ekki setið á Tjörn. — Svo legg ég að lokum áherzlu á, að brtt. mín um Stærra-Árskóg verði samþ.

Sigurður Ó. Ólafsson: Herra forseti. Það er aðeins stutt athugasemd við það, sem hv. 1. þm. N-M. sagði. Hann sagði, að af því að prestur væri settur á Selfoss, væri möguleiki til að fækka í sveitunum. Ég var búinn að lýsa því yfir við 2. umr., að ég væri ekki á móti því, að prestur væri á Selfossi, en vildi ekki, að það væri gert á kostnað sveitanna. Ég mun fylgja minni brtt. fast fram og vil ekki viðurkenna þetta sjónarmið. Það er allt í lagi að setja prest á Selfoss, en það má ekki taka hann úr fjölbýlli sveit. Ég veit líka viðvíkjandi niðurfellingu Stóra-Núps, að n. er ekki óskipt um það atriði, og a. m. k. tveir nefndarmanna eru alveg á móti því. — En svo hjó ég eftir öðru hjá hv. þm. Hann sagði, að ekki væri leggjandi mikið upp úr bréfi sóknarprestsins á Skarði. Ég er ekki alveg viss um, hvaða atriði hann nefndi, en tók svo eftir, að það væru ummæli sóknarprestsins um Eirík Einarsson og að hann hefði verið lengi á þingi eftir þetta. Þetta er misskilningur hjá hv. þm. Það, sem presturinn á við, er sú breyting, er Eiríkur kom fram á síðasta þingi, en ekki fyrir tíu árum. — Ég vildi aðeins leiðrétta þetta.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég vildi leiðrétta það, sem kom fram hjá hæstv. ráðh., að ég hafi flutt þessa brtt. samkvæmt tilmælum kennara; það er ekki rétt. Viðræðurnar milli mín og fulltrúa kennara fóru fram eftir að till. mín kom fram. — Hv. 6. landsk. fór náið inn á þau dæmi, sem hæstv. ráðh. nefndi. Það er nú svona og svona, þegar menn grípa til þess í þessum umr. að slá á léttari strengi til að dreifa huganum frá alvarlegri atriðum. Í þessu tilfelli er það aðalatriðið, hvort á að hverfa frá kröfum fræðslulaganna eða starfa áfram eftir þeim með því að samþ. þessa till.

Þá vil ég víkja að tveimur öðrum till. Í fyrsta lagi till. hæstv. dómsmrh. um skipun mála í N.-Múlaprófastsdæmi. Ég er nokkuð kunnugur staðháttum þarna. Get ég mælt með samþykkt varatillögunnar, en hún fjallar aðeins um breytta sóknaskipun frá því, sem ákveðið var við 2. umr. Hins vegar var ég og er andvígur því að hafa prest í Hofteigi, svo sem gert er ráð fyrir í aðaltillögunni. Þar hefur nú verið prestslaust síðan 1924, nærfellt í 30 ár. — Hitt er svo brtt. um að taka upp einn farandprest í staðinn fyrir tvo, sem felldir voru við 2. umr. Ég vil vænta þess, að deildin athugi vel sína afstöðu, áður en hún fer inn á þetta. Ég lít svo á, að með þessu sé verið að stofna nýtt, óþarft embætti. Það er létt að leiða að því sterk rök, að þetta er vafasöm nauðsyn. Stundum er sagt, að farandprestunum sé ætlað að hlaupa í skarðið, ef sóknarprestur forfallast. Vitað er þó, að sjaldan hefur komið til verulegra vandræða, þó að prestur þurfi að víkja sér frá. Og mörg prestaköll standa óveitt árum saman, án þess að verulegar kvartanir komi fram. — Þá er sagt, að þeir eigi að hafa eftirlit með störfum sóknarpresta og boða orðið hér og þar undir sérstökum kringumstæðum. Um þetta vildi ég segja, að nú er svo hagað kirkjumálum hér, að biskup á að hafa eftirlit og fara visitasíuferðir og enn fremur prófastar, hver í sínu umdæmi. Í þriðja lagi er það á allra vitorði, að fjöldi presta hefur ekki meira að gera en svo, að þeir starfa við margs konar kennslu, skrifstofustörf, þ. á m. í bönkum og sparisjóðum, endurskoðun reikninga o. m. fl., sem ekki kemur embætti þeirra við. Sýnist nær, að þeir legðu eitthvað af þessu veraldarvafstri til hliðar og sýndu því meiri alúð við boðun orðsins, heldur en nú að stofna ný prestsembætti, svo sem fyrirhugað er með brtt. um farandprestinn. — Get ég svo látið þetta nægja að sinni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 47. fundi í Ed., 18. des., var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 482,1 felld með 11:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÓÓ, ÞÞ, GJ.

nei: LJóh, PZ, RÞ, StgrA, VH, BBen, FRV, HV, HermJ, KK, BSt.

3 þm. (BrB, HG, JJós) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Lárus Jóhannesson: Herra forseti. Þar sem séð er, að þingi lýkur ekki fyrir jól og hægt er að athuga þetta mál vel í hv. Nd., segi ég nei.

Sigurður Ó. Ólafsson: Herra forseti. Þar sem frv. hefur að mínu áliti versnað mjög hér í hv. d. og enn liggja fyrir brtt., sem spilla því mjög, ef samþ. verða, þá vil ég, til þess að hætta ekki á, að frv. stórversni, fresta því og segi því já.

Páll Zóphóníasson: Með tilvísun til grg. hv. þm. Seyðf. segi ég nei.

Bernharð Stefánsson: Með tilvísun til grg. hv. þm. Seyðf. segi ég nei.

Brtt. 431,a felld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermJ, JJós, LJóh, SÓÓ, BBen, GJ.

nei: PZ, RÞ, StgrA, VH, ÞÞ, BrB, FRV, HV.

HG, KK, BSt greiddu ekki atkv.

Brtt. 431,a varatill. samþ. með 14 shlj. atkv.

— 413,1.a samþ. með 12 shlj. atkv.

— 411,1.a felld með 9:6 atkv.

— 438 felld með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, LJóh, SÓÓ, BBen, GJ, HV.

nei: HermJ, KK, PZ, RÞ, VH, BrB, FRV.

HG, StgrA, ÞÞ, BSt greiddu ekki atkv.

Brtt. 488 felld með 9:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KK, PZ, StgrA, VH, ÞÞ, BBen, HG.

nei: JJós, LJóh, RÞ, SÓÓ, BrB, FRV, GJ, HV, BSt.

HermJ greiddi ekki atkv.

1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Páll Zóphóníasson: Ég tel ekki þörf á að hafa prest yfir 47 sálum og segi því já.

Brtt. 411,2 samþ. með 9:7 atkv.
— 411,1.b samþ. með 10:1 atkv.
— 413,1.b samþ. með 10:4 atkv.
— 413,1.c samþ. með 10:2 atkv.
— 411,1.c felld með 10:4 atkv.
— 413,1.d samþ. með 10:4 atkv.
— 431,b felld með 9:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SÓÓ, ÞÞ, BBen, GJ, JJós, LJóh.
nei: StgrA, VH, BrB, FRV, HV, HermJ, KK, PZ, BSt.
RÞ, HG greiddu ekki atkv.
Brtt. 399,1 felld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÞÞ, GJ, KK, PZ, StgrA, BSt.
nei: BBen, FRV, HV, HG, HermJ, JJós, LJóh, SÓÓ.
BrB, RÞ, VH greiddu ekki atkv.
Brtt. 431,c samþ. með 13 shlj. atkv.
— 413,1.e samþ. með 11:3 atkv.
— 399,2 samþ. án atkvgr.
— 413,2 felld með 9:7 atkv.
— 422,1 felld með 8:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: RÞ, StgrA, VH, BrB, FRV, HV, HG, BSt.
nei: KK, LJóh, SÓÓ, ÞÞ, BBen, GJ, HermJ, JJós.
PZ greiddi ekki atkv.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Páll Zóphóníasson: Ég tel þessi ákvæði algerlega óþörf og greiði ekki atkv.

Brtt. 481 samþ. með 10:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: RÞ, SÓÓ, BBen, FRV, HermJ, JJós, KK, LJóh, PZ, BSt.
nei: StgrA, VH, ÞÞ, BrB, GJ, HV.
HG greiddi ekki atkv.
2 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Páll Zóphóníasson: Í von um, að komi annar Guðmundur góði, segi ég já.

Bernharð Stefánsson: Þótt ekki komi nema Jón Vídalín, segi ég já.

Brtt. 411,3 tekin aftur.
— 422,2 samþ. með 8:6 atkv.
— 482,2—3 teknar aftur.
Frv., svo breytt, samþ. með 13:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: LJóh, PZ, RÞ, VH, ÞÞ, BBen, FRV, HV, HG, HermJ, JJós, KK, BSt.
nei: SÓÓ, GJ.
StgrA, BrB greiddu ekki atkv.
6 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Vilhjálmur Hjálmarsson: Þó að ég sé andvígur ýmsum atriðum í frv. þessu, þá tel ég rétt, að það hljóti frekari athugun á þessu þingi, og segi því já.

Þorsteinn Þorsteinsson: Þó að ég telji frv. þetta stórgallað, hygg ég, að það sé skástur kostur að segja já.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Með tilvísun til grg. frá 11. landsk. segi ég já.

Gísli Jónsson: Ég tel, að gengið sé á rétt dreifbýlisins í þessu frv., og í þeim ljóta leik vil ég ekki taka þátt og segi því nei.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Með því að ýmsir hafa hér gert grein fyrir atkv. sínu, get ég gjarnan gert það líka með þeim orðum, að ég álít, að í öllu sé vel séð fyrir hlut dreifbýlisins. Þess vegna er ég samþykkur frv., og segi ég því já.

Bernharð Stefánsson: Með því að ég er þess fullviss, að frv. þetta eigi eftir að koma aftur til þessarar hv. deildar, segi ég já.

Frv. afgr. til Nd.

Á 50. fundi í Nd., 19. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 497).
Á 53. fundi í Nd., 4. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Á 60. og 61. fundi í Nd., 17. og 18. jan., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 62. fundi í Nd., 18. jan., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 497, n. 647, 545, 551, 559, 561, 562, 565, 579, 648, 649, 666, 675).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 666 og 675 of seint fram komnar. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Frv. um skipun prestakalla var til umr. á Alþ. s. l. Fól það í sér, að niður skyldu lögð 10 prestaköll, og mætti töluverðri andstöðu. Loks varð þó samkomulag um, að frv. yrði gert að l., en í þau voru sett ákvæði um, að l. öðluðust ekki gildi að því er varðaði fækkun prestakalla fyrr en 1. jan. 1952. Þá var ákveðið, að ríkisstj. skyldi þegar efna til endurskoðunar á löggjöfinni um skipun prestakalla og að kostað skyldi kapps um að ljúka henni svo fljótt, að hægt væri að leggja fyrir Alþ. næsta haust frv. til l. um heildarskipun prestakalla. Við endurskoðunina skyldi hafa náið samband við biskup, kirkjuráð, Prestafélag Íslands og prestastefnu.
Í sambandi við þetta skipaði hæstv. kirkjumrh. mþn. til þess að undirbúa málið, og lagði n. mikla vinnu í það, eins og kemur fram í grg. frv., eins og það var lagt fyrir Ed.
Meginniðurstöður n. eru þær, að lögð verði niður 7 prestaköll, en tekin verði upp þrjú prestaköll í Reykjavík, eitt á Selfossi, eitt í Keflavík og eitt í Hrísey. Auk þess lagði n. til, að biskup réði tvo aðstoðarpresta til þess að gegna þjónustu í forföllum sóknarpresta og til annarra starfa í þjónustu kirkjunnar.

Hv. Ed. gerði verulegar breyt. á frv., og hefur menntmn. Nd. farið rækilega yfir frv. og breyt. hv. Ed. Lauk svo, að n. varð sammála um málið, eins og sést á nál. á þskj. 647, og leggur n. til, að frv. verði afgr. á þessu þingi með fáeinum breyt.

Fyrst eru tvö prestaköll, Hofteigs- og Hofsósprestaköll, tekin upp í frv. að nýju, en Ed. hafði fellt þau niður. Hins vegar er látið kyrrt liggja um Mjóafjarðarprestakall.

Í öðru lagi flytur n. brtt. út af sameiningu prófastsdæma. Leggur n. til, að þau 10 prófastsdæmi, sem Ed. sameinaði í 5, verði aftur upp tekin. N. vill haga þessu á sama hátt og mþn. lagði til að gert yrði.

Þriðja atriðið varðar skipun sókna í prestaköll og flutning sókna milli prestakalla. Menntmn. þykir ekki rétt að rígbinda þessi mál í lögum, þar sem staðhættir og samgöngur gera eðlilegt, að sóknir séu fluttar milli prestakalla. N. flytur því brtt. um það, að sett verði í 10. gr. heimild til að flytja sóknir milli prestakalla, ef söfnuðir þeir og héraðsfundir, sem hlut eiga að máli, æskja þess. Í samræmi við þetta leggur n. ekki til, að breytt verði ákvörðunum Ed. í þessu efni.

Í fjórða lagi ber svo n. fram brtt. varðandi Þingvallaprestakall. Mþn. lagði til, að prestssetur væri á Þingvöllum og að Þingvallaprestakall hefði tvær sóknir, Þingvallasókn og Úlfljótsvatnssókn. Í Ed. var þetta ákvæði fellt niður og samþ., að ráðh. skipaði prest að Þingvöllum án kosningar, að fengnum till. biskups og guðfræðideildar Háskóla Íslands, og að lög um aldurshámark skyldu ekki ná til hans. Menntmn. Nd. er sömu skoðunar og mþn. um þetta atriði og leggur því til, að þetta verði fært í sama horf og var í frv. upphaflega.

Með þessu eru taldar breyt. n., og er hún sammála um að mæla með þeim, þó að mismunandi sjónarmið hafi komið fram varðandi einstök atriði frv. Hv. þm. A-Sk. hefur nokkra sérstöðu að því er varðar Þingvallaprestakall, og geri ég ráð fyrir, að hann muni gera grein fyrir sérsjónarmiðum sínum.

Um sjálfan mig er það að segja, að þó að ég sé fylgjandi till. mþn. og telji þar margt til verulegra bóta, þá hefði ég talið, að ekki ætti að fækka prestum eins mikið og hún hefur lagt til. Það er að vísu eðlilegt, að lögð séu niður prestaköll, þar sem mikil fólksfækkun hefur orðið, eins og Staður í Aðalvík, Tröllatunga og Auðkúla; hins vegar er ég á móti öðrum till. mþn. og mun greiða atkv. í samræmi við það.

Um málið í heild vil ég segja það, að mörg nýmæli frv. eru til verulegra bóta, og er þess að vænta, að þau verði til þess að auka og efla hina þýðingarmiklu starfsemi kirkjunnar í landinu.

Að síðustu vil ég leggja til, að hv. d. samþ. till. n., og skal geta þess, að n. hefur ekki tekið afstöðu til brtt. einstakra þm.

Ásgeir Ásgeirsson: Herra forseti. Ég flyt eina brtt. við þetta frv., um að taka Súgandafjörð út úr 6. gr., en þar er gert ráð fyrir að sameina í nokkrum prestaköllum barnafræðslu og prestsþjónustustörf.

Ég heyri á hv. frsm. n., að hv. n. hefur ekki tekið afstöðu til brtt. einstakra þm. Ég mun því taka till. mína aftur nú í þeirri von, að n. geti mælt með henni að athuguðu máli.

Í Súgandafirði býr hátt á fimmta hundrað manns, svo að prestsþjónustan er ærið starf fyrir prestinn. Ég hygg, að þar séu 40—50 guðsþjónustur á ári auk ýmissa annarra skyldustarfa félagslegs og menningarlegs eðlis, sem presturinn þarf að gegna. Ég hygg því, að of langt sé gengið með því að sameina þarna tvö fullgild störf.

Margir mundu vilja varðveita prestssetrið að Stað og ekki skylda prestinn til að búa á Suðureyri. Ég mun flytja brtt. um þetta. Staður er ágæt jörð, og mér er kunnugt um, að presturinn vill búa þar áfram.

Ég tek brtt. mína aftur til 3. umr. og vænti þess, að hún fái meðmæli hv. n.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Hv. 7. þm. Reykv. hefur gert skilmerkilega grein fyrir afstöðu n. og till. hennar, og þarf ég ekki að bæta við það. En ég hef látið geta þess í nál., að ég hefði fyrirvara um eitt atriði, prestssetur á Þingvöllum. Enn fremur hefur það fallið í minn hlut að eiga þátt í afgreiðslu þessa frv. og einnig þess frv., sem samþ. var í fyrra, en þau ganga nokkuð sitt í hvora átt. Ég hef ekki tekið til máls áður um þetta og vil því segja nokkur orð um málið í heild.

Núgildandi löggjöf um skipun prestakalla er að stofni til frá 1907. Það er því tímabært, að hún sé endurskoðuð, enda hefur oft verið hreyft breyt. á þeim 40 árum, sem liðin eru síðan l. voru sett. Með breyt., er gerð var á l. árið 1940, var prestum fjölgað í Reykjavík.

Á árunum eftir 1930 var atvinnumálum þjóðarinnar þannig komið, að ástæða þótti til að gæta sparnaðar. Þá var skipuð mþn. í launamálum, sem starfaði árin 1933—34 og vann merkilegt verk. N. þessi lagði fram álit og till., sem mikinn fróðleik hafa að geyma, og var þar m. a. lagt til, að prestum yrði fækkað. Var frv. um það flutt á þinginu 1935. Skoðanir voru skiptar meðal þm. um þetta mál og sjálfsagt meðal fólksins líka. Þar, sem ég þekkti til, tók fólk þessu þó með ró og treysti fulltrúum þjóðarinnar til þess að leysa málið. En við, sem bjuggum þar, sem sameina átti prestaköll, urðum þess varir, að óróa hafði gripið nokkra menn, sem sátu í embættum í Reykjavík. Við, sem unnum að því að ávaxta gróður jarðar, fengum í hendur skilríki frá prestvígðum mönnum í Reykjavík með ósk um, að þau væru borin frá manni til manns. Einn kunnur prestur, sem hafði með höndum umfangsmikið prestsstarf úti á landi, séra Eirikur Helgason, ritaði þá grein um þetta mál. Þar er m. a. komizt svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er á hvers manns vitorði nú orðið, að innan skamms verða bornar fram tillögur um talsverða fækkun á starfsmannaliði þjóðarinnar, og er vitanlega ekki nema gott eitt um það að segja, ef það er fært. Fámenn þjóð, sem býr í stóru landi, hlýtur alltaf að hafa fjölmennt starfsmannalið, og kaupgreiðslur til þessara

starfsmanna verða því óhjákvæmilega þungur baggi, sem bundinn er á herðar alls almennings í landinu. Það er því augljóst mál, að þann bagga má ekki gera þyngri en þörf krefur ...

En í sambandi við þessa væntanlegu starfsmannafækkun hef ég frekast heyrt talað um stórfellda prestafækkun. Langar mig að skýra frá því, hvernig þetta horfir við frá mínum bæjardyrum, enda ætlast ég til þess, að 16 ára prestsskapur hafi gefið mér nokkur kynni af málinu.

Því hefur verið haldið fram, að prestastéttin hafi á liðnum öldum átt drjúgan þátt í því að halda uppi menningu þjóðarinnar, og ég veit, að þetta er satt. Sá hlutinn af starfsemi prestanna fyrr á tímum verður seint of hátt metinn. Ekki dettur mér heldur í hug að halda því fram, að prestar nútímans séu menningarsnauðari menn en stéttarbræður okkar voru fyrr á tímum, öðru nær. En samt er það nú svo, að við prestarnir erum ekki lengur þau ljós á vegum almennings í menningarefnum, sem prestar liðins tíma voru, en það stafar af því, að þá menningu, sem alþýða manna fær nú á tímum, hana fær hún eftir ýmsum leiðum og margar þeirra liggja alveg fram hjá okkur prestunum og það að vonum, því að kirkjan hér sem annars staðar hefur frekar barizt á móti nýjum straumum og nýjum viðhorfum heldur en að hún hafi rutt þeim braut. Þessi gamla og markverða ástæða um menningargildi prestastéttarinnar á því ekki lengur þá stoð í veruleikanum, sem hún átti áður fyrr.

Þá hefur því verið haldið fram, að nú sé þegar búið að fækka prestunum svo, að ekki sé fært að gera meira þar að. Já, það er satt, að prestunum hefur verið fækkað smátt og smátt alla tíð síðan um siðaskipti, og stærsta stökkið um fækkunina var tekið árið 1907. En þá, sem halda, að þá hafi verið fundið það skipulag þessara mála, sem haldast skuli um aldur og ævi, má minna á það, að síðan þetta gerðist hafa ýmsar breytingar orðið á landi hér. Vegir hafa batnað, vötn hafa verið brúuð, og samgöngutæki eru víða gerólík því, sem áður var. Sum stórvötnin, sem nú á síðustu árum hafa verið brúuð, voru þá eðlileg og sjálfsögð mörk milli prestakalla, en eru nú enginn farartálmi lengur, og á nokkrum stöðum veit ég að auðvelt væri að messa á tveim kirkjum samdægurs vegna breyttra samgöngutækja og bættra vega, en hefði verið ógerlegt að messa nema á einni fyrir fáum árum. Og hér við bætist þó það, að vegakerfið stendur til bóta og ef til vill samgöngutækin líka.

Þá má einnig minnast á útvarpið. Þó að það sé ekki gamalt í landinu, þá hefur það þó orðið til þess, að þeir, sem hlusta á messu nú, eru sennilega fleiri en nokkru sinni fyrr, og á það þó eftir að ná til miklu fleiri á næstu árum en það gerir nú. Þau eru orðin býsna mörg heimilin í landinu, sem kjósa þann kostinn fremur að hlusta á messur útvarpsins heima hjá sér heldur en að fara um langan veg og setjast þar inn í hálfkalda kirkju. Að vísu veit ég það, að ýmsir eru þeir, sem ekki eru meira en í meðallagi ánægðir með þá trúmálastefnu, sem ríkjandi er í messum útvarpsins, en lagfæring á því fæst ekki með því að fjölga prestunum eða viðhalda svo og svo mörgum prestsembættum í landinu, heldur með því að breyta tilhöguninni um útvarpsmessurnar, og það er fyllilega réttmæt og sjálfsögð krafa, þó að hún sé þessu máli óviðkomandi.

En á þá að leggja niður öll prestsembætti í landinu? Nei, öðru nær. Meðan þjóðin hefur nokkra þörf fyrir að hafa presta, þá á ekki að gera það, og ég vona, að til þess komi aldrei, að prestarnir reynist svo óþarfir, að skaðlaust verði að vísa þeim öllum á dyr. Þjóðin á einmitt að hafa svo marga presta sem hún hefur þörf fyrir, en ekki fleiri. Á hinn bóginn á hún að launa prestum sínum svo, að þeir geti lifað af þeim launum, og ég veit, að það er krafa okkar prestanna allra og sanngjörn krafa, að laun okkar verði bætt til muna. Og þar er þá loks enn ein ástæðan fyrir því, að það er sanngjarnt að fækka prestunum, því að móti fullkomnum launum eigum við vitanlega að leggja fullkomið starf, en nú er það svo, að ýmsir prestar geta haft prestsskapinn í ígripum, af því að þeim er ekki viðara verksvið ætlað."

Mér þótti bæði rétt og eðlilegt að minna á þessa rödd. Ef menn hafa munað eftir þessu 1935, þá er ekki nema sanngjarnt, þótt ég ætlist til þess nú, því að það hefur ekki það mikið breytzt þessi 15 ár, jafnvel þótt miklar framkvæmdir hafi átt sér stað. Ég hygg, að svipuð hugsun ríki hjá þm. yfirleitt, að þeir vilji bæta þetta frv. eins og hægt er og gera það eins vel úr garði og þeir geta.

Það hefur verið talað um það á opinberum vettvangi, að ríkisbáknið væri að þenjast óeðlilega út og þörf væri á að draga það saman. Sú ríkisstj., sem nú fer með völd, sýndi nokkra viðleitni til þessa í fyrra. Við þm. höfum orðið þess varir, að sú stefna ríkisstj. fékk góðan hljómgrunn og betri en stefna hennar í því, sem nú ræðir um. — Þegar við fórum að fjalla um mál þetta hér á þingi, kom það fram frá ýmsum kunnum mönnum, að þeir gátu ekki sætt sig við þá afgreiðslu málsins, sem fyrirhuguð var. Þeir töldu fráleitt annað en að sem flestir fengju að fylgjast með afgreiðslu málsins út á við. Ég benti á þetta, þegar umr. um þetta byrjuðu, að það bæri að taka þessa ósk til greina. Síðan hafa farið fram allmiklar umr. um þetta mál, bæði á Alþingi og þess utan í blöðum og almennt á opinberum vettvangi.

Það er sagt, að sagan endurtaki sig, og sagan frá 1935 virðist ætla að endurtaka sig. Nú liggur hér fyrir frv., undirbúið af milliþn., og er nú komið fram álit hennar. Tveir nm. gera grein fyrir því, að þeir vilji ekki leggja niður eins mörg prestaköll og n. lagði til, en einn vildi fækka prestunum meira en n. gerir í till. sínum. Nú er málið lagt þannig fram, að prestaköll í landinu eru 115, en ættu að vera 118, ef l. um fjölgun presta í Rvík frá 1940 væru framkvæmd. Till. n. eru, að prestaköll skuli vera 114 og 2 aðstoðarprestar, þ. e. a. s. samtals 116. Í fyrra var það meginatriðið, að fækka skyldi prestum um 10, en samt skyldi fjölga prestum í Reykjavík. Það, sem milliþn.

leggur til, er, að prestum verði fækkað um 7, en ekki 10, en ákvæði um presta í Reykjavík séu þau sömu og 1940, að hver prestur hafi 5000 manns, en úti á landi skuli 10 prestum lögð á herðar aukastörf án verulegrar kauphækkunar og tilfærsla verði á nokkrum sóknum úti á landi.

Þetta er munurinn á málinu nú og í fyrra. Í fyrra sögðu forvígismenn prestastéttarinnar: „Þessi endurskoðun er ekki viðunandi.“ Nú segja þeir: „Þetta frv. er eitt hið mikilvægasta, sem fram hefur komið.“ Hygg ég, að það fari fleirum en mér að ganga illa að skilja þetta, að þessi breyt., sem gerð var, orki svo miklu, en vitaskuld er það gott, ef þetta getur orðið til samkomulags.

Það hefur komið fram við umr. og endurskoðun málsins, að það er bæði vandasamt og viðkvæmt. Það hafa komið til þingmanna umsagnir um það, og hafa margar þeirra umsagna reynzt jákvæðar, en við skulum gera okkur grein fyrir því, að þær hafa líka reynzt neikvæðar. Við skulum taka tvö dæmi: Í umsögn af Austurlandi segir: „Héraðsmönnum kæmi betur, að settur væri læknir en prestur á Hofteig.“ Í umsögn af Vesturlandi segir: „Fari svo, að óskir og vilji manna verði virt, þá verður þessu skipað á annan hátt en nú.“ Hér er allstritt talað. Við þm. vitum, hvernig það gengur til með umr. um fjárlfrv. á ári hverju. Sannleikurinn er sá, að þegar einhver einstök stétt verður vör við sparnað, sem getur snert hana, þá er ekki að hennar dómi hægt að spara. Og það hefur komið fram í sambandi við þetta mál, að prestastéttin er ekki ólík öðrum stéttum í þessu efni. T. d. hafa kennslumálin alltaf verið mikið umdeild. Vitanlega eru þau stór þáttur í lífi þjóðarinnar. En það er ekki nóg að afgr. fjárl. þannig, að þau mæti sem mestum vilja hjá fólkinu. Það verður líka að hafa í huga almenna lagasetningu.

Það væri freistandi að rifja upp hin ýmsu sjónarmið, sem fram hafa komið, og gera þeim nokkur skil. En ég vildi aðeins velja þau sjónarmið, sem sett hafa verið fram, eftir að málið hlaut afgreiðslu í Ed. Það er vitað, að kirkjan í þessu landi var auðug fyrir daga Lúthers. Hann vildi, að yfirráðin færðust í hendur konunga. Alþingi hefur tekið við valdi konungs, en það er Alþingis að þjóna kirkjunni, en ekki drottna. Þar sem ég hef tekið fram þetta sjónarmið, þá ætla ég að greina frá, hvernig þetta er frá mínu sjónarmiði. Við skulum athuga, hvernig kaþólska kirkjan var fyrir daga Lúthers. Skyldu þá ekki hafa verið álíka sjónarmið ríkjandi og nú? Það eru fjölmörg dæmi um aðgerðir kirkjunnar, sem samræmast alls ekki nútíma hugsunarhætti. Saga þjóðarinnar greinir frá því, hvernig kirkjan var drottnandi höfuðvígi.

Við ýmsa staði í landinu eru tengdar sögulegar minningar. Sumir vilja hafa þær að grundvelli þess, hvar prestar eigi að sitja í landinu. Má þar t. d. minna á Hrafnseyri, þar sem 92 menn eru í prestakallinu og 17 heimili; þau rök hafa verið færð fyrir því að setja prest þar, að Jón Sigurðsson forseti hafi fæðzt þar. Sama á sér stað um Stóra-Núp; sálmaskáldið Valdimar Briem sat þar. Sá ljóður er nú á, að prestur situr ekki lengur þar, og er það ekki sök Alþingis. Ef á að grundvalla skipun prestakalla á sögulegum rökum, þá rekur hver spurningin aðra. Ef prestur á að sitja á Stóra-Núpi til minningar um Valdimar Briem, á þá ekki að setja prest að Skógum í Þorskafirði til minningar um kennimanninn, sem gaf okkur þjóðsönginn og margt fleira, sem helzt er gripið til á helgustu stundum lífsins? Á þá ekki að sitja prestur á Staðarbakka í Miðfirði til minningar um kirkjuhöfðingjann, sem þar fæddist? Og hvað um Holt á Síðu eða Hraun í Landbroti og minningu kirkjuhöfðingjans, sem grundvallaði evangelisk-lútherska kirkju í Skálholtsbiskupsdæmi? Samkvæmt breyt. Ed. á frv. er settur prestur á Þingvöllum. Auk þess að þjóna 11 heimilum er gert ráð fyrir, að hann hafi það starf að sýna gestum staðinn og gera grein fyrir örnefnum staðarins. Mun þetta hugsað svo fyrir þær sakir, að kristnitakan hafi farið fram á Þingvöllum árið 1000. Nú er það svo, að allmargir landnámsmanna voru kristnir, kristniboð fór fram á ýmsum stöðum, og kristnitakan fór fram á Þingvöllum aðeins fyrir þær sakir, að Alþingi var háð þar. Helgi Þingvalla er því ekki bundin við kirkjuna, heldur við Alþingi. Maðurinn, sem lýsti því yfir, að kristni skyldi lögtekin, var að sönnu goði, en hann gerði það ekki vegna þess, heldur sem forseti Alþingis eftir þeirra daga þingsköpum. Og ef þörf er fyrir að hafa þar sérstakan mann til þess að taka á móti gestum, þá er það ekki hlutverk kirkjunnar að vinna það verk. Væri það miklu frekar hlutverk Alþingis að heiðra minningu þess staðar en kirkjunnar. Mun ég ekki fylgja þessari breytingu. Kirkjan á aftur á móti sína sögustaði, sem eðlilegt væri, að hún hlynnti að og sýndi ræktarsemi. Má þar fyrst til taka Skálholt, hið forna biskupssetur, sem Gizur gaf kirkjunni með þeim fyrirmælum, að þar skyldi ávallt vera biskupssetur, á meðan Ísland byggðist. Þá má og nefna Hóla í Hjaltadal. Kirkjan á sína sögustaði og hefur næg verkefni að vinna við að sýna þeim rækt. Í grg., sem fylgir frv., er ástandi Skálholtsstaðar lýst átakanlega. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Helzt til lengi hefur Skálholt verið annexía og í niðurníðslu, og krefst nú þjóðin þess, að staðurinn verði endurreistur. Einn liður í þeirri viðreisn á að vera sá, að þar komi prestur og gegni hann öllu Torfastaðaprestakalli, sem áður var. Verði Torfastaðir seldir og andvirði þeirra varið til húsbyggingar í Skálholti. Þetta er einnig í samræmi við það, sem þegar hefur verið ákveðið með Hóla í Hjaltadal.“

Hér stendur, að þjóðin krefjist þess, að staðurinn verði endurreistur, en hvað um kirkjuna sjálfa? Ég hef þá gert grein fyrir mínu sjónarmiði. Það er vandi að feta sig í þessum efnum eftir sögulegum rökum. Ef slíkt ætti að gera, ætti ekki að draga lengur að koma því í kring, að biskupssetur verði að nýju í Skálholti.

Það, sem ég vil leggja til grundvallar í þessu máli, er það, að fólkinu verði séð fyrir kirkjulegri þjónustu, án þess að kostnaður verði meiri en nauðsyn krefur. Til að ná þessu marki koma

3 leiðir til álita: Í fyrsta lagi, að prestarnir séu margir, en laun þeirra fari eftir svipaðri reglu og laun kennara. Kennarar eru margir í landinu, og um laun þeirra gilda sérstakar reglur, þannig að laun þeirra eru allbreytileg og fara eftir starfstíma. Þeir, sem eru á fullum launum, starfa í 9 mánuði árlega, en laun kennara lækka hlutfallslega, þegar kennslutíminn er styttri. Nú fer eftir staðháttum, hvernig kennslu er hagað í hinum ýmsu landshlutum. Til fróðleiks vil ég drepa á, hvernig þessu hefur verið hagað í vetur. Það er líka athyglisvert í sambandi við tal manna um styttingu skólaskyldunnar. — Barnakennarar við barnaskólana í landinu eru samtals 562. Þar af eru 271, sem starfa í 9 mánuði, og fá þeir full laun. Í 8½ mánuð starfa 9 manns, 100 manns í 8 mánuði, 5 í 7½ mánuð, 63 í 7 mánuði, 5 í 6½ mánuð, 69 í 6 mánuði, 1 í 5½ mánuð, 11 í 5 mánuði, 2 í 4½ mánuð, 17 í 4 mánuði, 7 í 3 mánuði, 1 í 2½ mánuð og 1 í 2 mánuði. Launagreiðslurnar fara svo eftir þessu. Ef prestarnir gætu nú fallizt á svipaðan grundvöll, að launagreiðslur færu eftir því, hve umfangsmikil störf væri um að ræða, væri hægt að fjölga prestunum. Með því móti væri grundvöllur fenginn fyrir því að hafa prestana marga, en það liggur ekki fyrir, að vilji sé fyrir því.

Þá er annað sjónarmið að miða fjölda prestanna við það, að um nægilegt starf sé að ræða við embættið. Á þessu sjónarmiði voru l. Alþingis frá í fyrra byggð. Sum prestaköllin eru svo fámenn, að embættisstörf prestanna eru ekki full störf. Starfsemi prestanna sjálfra ber vott um þetta. Á Vesturlandi, að Núpi í Dýrafirði, hefur sá háttur verið á hafður, að presturinn þar hefur einnig verið skólastjóri, en jafnframt þjónað þremur kirkjum. Fyrir þetta fær hann 1½ laun. Á öðrum stað á Vesturlandi sinnir prestur kennarastarfi og fær auk prestslauna sinna mikinn hluta kennaralauna. Á Suðurlandi kennir prestur við gagnfræðaskóla, auk þess sem hann þjónar þrem kirkjum. Um prest á Austurlandi er svipað að segja. Prestur á Suðurlandi þjónar þremur kirkjum og gegnir auk þess störfum í yfirskattanefnd. Svona eru dæmin víða um land. Þetta sýnir, að prestarnir eru starfhæfir og starfsamir menn. Ef þetta er lagt til grundvallar, þá er ekki óeðlilegt að fækka prestum. Ég tel t. d. kleift að hafa tvo presta í Vestur-Skaftafellssýslu, þótt þar væru fjórar sóknir fyrir hvorn. Það er jafnt og á að vera í Mýrasýslu. Í Landeyjum hefur prestur tvær sóknir, og í Fljótshlíð hefur prestur tvær sóknir. Í Eyjafirði hafa prestar 4—6 sóknir. Samkv. till. mþn. er Skagafjarðarsýslu gert jafnt undir höfði og Húnavatns- og Strandasýslum til samans.

Í frv. þessu eru kennsluprestarnir algert nýmæli. Með þessu mun eiga að spara kennaralaun. Þetta held ég að geti nú orkað nokkuð tvímælis hvað sparnaðinn snertir. Prestarnir eru í hærri launaflokki en kennarar. Ég vil láta það rétta koma fram í þessu máli. Nú er aftur á móti rétt að gera sér grein fyrir, hvort þetta sé alls kostar heppilegt fyrir hinar fámennari byggðir. Þróunin hefur verið sú, að t. d. læknar hafa verið tregir til að sitja í hinum minni læknishéruðum. Landlæknir hefur af þeim ástæðum varað við að búa til lítil læknishéruð. Þar hefur þessu stundum verið svo varið, að hjúkrunarkonur hafa starfað þar í læknis stað og innt hið ágætasta starf af hendi. Svipað þessu er um prestana, að reynslan hefur sýnt, að þeir leita frá hinum fámennu sóknum til hinna fjölmennari. En stundum hefur heppnazt fyrir þær byggðir, sem hafa ekki getað haldið prestum sínum eða hafa orðið að skipta oft um presta, að þær hafa haldið kennurum sínum. Eykur þetta festuna í byggðarlaginu. Þess vegna vil ég benda hv. þm. á, að á máli þessu eru nokkrir annmarkar. Ég hef þó ákveðið að fylgja málinu og mun greiða atkvæði með því. Sum þessi kennsluprestaköll eru í 400—500 manna þorpum, þar sem eru tveir kennarar. Þar á skólastjórinn að vera annar kennarinn, en hitt kennarastarfið, fullt kennslustarf, á presturinn að taka. Ef þetta er hægt, tel ég alveg óhjákvæmilegt, að þetta geti víðar komið til framkvæmda en hér er lagt til. Og í þessu er líka nokkurt ósamræmi. Í Sauðlauksdal á presturinn að hafa þrjár kirkjur og kenna líka. Hvers vegna á þá presturinn á Brjánslæk ekki að kenna? Þar eru ekki nema tvær kirkjur að þjóna. Ef þetta skal svo vera á Raufarhöfn og Súgandafirði, hví þá ekki eins á Þingeyri? Enn má benda á það, að þegar prestar velja sér sjálfir kennslustarf, velja þeir sér venjulega kennslu á gagnfræðastiginu, en ekki barnaskólakennslu. Ekkert tillit er til þessa tekið í frv. Nú er víða svo háttað, að mikla stundakennslu þarf við gagnfræðaskólana, og er kostnaður við þetta tæpar 3 millj. á fjárl. 1952. Það er töluverð upphæð, t. d. miðað við það, að brúaféð er alls 3.5 millj. Ekki er reynt að koma þarna á sparnaði. Ég tel, að þessu ætti að gefa gaum, og tel nauðsyn, að þetta verði tekið upp víðar, er stundir líða fram.

Um einstakar brtt. við frv. vil ég taka það fram, að ég mun fylgja öllum till. n. nema um Þingvallaprest, því að ég tel aðrar till. n. heppilegustu lausn á málinu.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég skal ekki halda langa ræðu um þetta frv., enda verð ég að segja eins og mér finnst, að þetta sé með ómerkari frv., sem liggja fyrir þessu þingi. En þó sýnist mér rétt að afgreiða það, þar sem það hefur tekið svo langan tíma, og bezt þætti mér, að það væri samþykkt eins og það kom frá n. þeirri, er skipuð var til athugunar málinu, því að ég tel, að sumt af því, sem breytt var í Ed., hafi verið bein skemmdarverk. Mér kom það t. d. mjög á óvart, þegar ég fékk einar 10 upphringingar í síma norðan úr Skagafirði um, að búið væri að leggja niður prestakallið á Hofsósi. Þetta var, er málið var enn til umr. í Ed. Hv. síðasti ræðumaður, sem ég tel að sé málinu mjög vel kunnugur, upplýsti það hér áðan, að það munaði ekki nema tveimur prestum á því, sem prestarnir töldu skemmdarverk á málinu í fyrra, og því, sem þeir telja nú hið eina rétta og góða. Ef þetta er svo, að það munar ekki meiru en þessu, mun ég ekki eyða tíma þingsins í langar umr. um þetta mál og

láta það þeim eftir, sem komust að þeirri visdómslegu niðurstöðu um, að prestar landsins skuli vera 116. Mun ég því fylgja þeim till., sem næst fara till. n., er samdi frv. Ég skal taka það fram, að ég met mikils störf kirkjunnar hér allt frá öndverðu. Hitt er svo annað, að hinar tómu kirkjur um land allt sýna það, að hið prédikaða orð nái ekki til eyrna þjóðarinnar, hverju sem um má kenna. En yfirleitt virðist mér, að menn vilji ekki tala um þá hlið á þessu máli. En það var áður þannig, að kirkjur voru fullar á hverjum sunnudegi, en eru nú tómar, hvernig sem á því stendur.

Ég vil enn gera tilraun til þess, að klerkastéttin fái tækifæri til þess að byggja upp sitt starf, því að ég vil einmitt fara sem næst óskum hennar og vilja, eins og hann kemur fram í till. nefndarinnar. En við megum vel minnast þess, að það kostar mikið fé, sem þjóðin gerir fyrir kirkju og presta, og prestarnir eru nú orðnir ein bezt launaða stétt landsins. Sú var að vísu tíðin, að hægt var að segja, að aðstaða prestanna væri erfið, en nú hafa þeir mjög góða aðstöðu. Og við eigum ekki að tala um þessi mál með neinni tæpitungu eða helgislepju, heldur verðum við að tala um þau af fullkomnu raunsæi og krefjast fulls starfs af þessum mönnum og að þeir hafi þor og dug til þess að hefja raust sína gegn öllu, sem miður fer í þjóðfélaginu. — Mun ég svo ekki hafa þessi orð fleiri, en mun greiða atkv. þeim till., sem eru um að kippa í fyrra horf því, sem breytt var í Ed.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Í frv. er gert ráð fyrir, að Berunessókn verði tekin undan Djúpavogsprestakalli og lögð undir Heydalaprestakall. Ég er mjög óánægður með þessa breytingu, og sama er að segja um alla sóknarmenn og báða prestana, sem hlut eiga að máli. Mér þykir þetta undarlegt, að hvorki skuli talað um þetta við prestana né neinn af sóknarmönnum. Mönnum er alveg óhætt að trúa því, að sóknarmenn og prestarnir sjái rétt í því, að bezt fari á því að Berunes fylgi framvegis Djúpavogi. Um málið að öðru leyti vil ég segja það, að ég er fremur ánægður með till. meiri hl. n. og er tilbúinn að afgreiða frv. eins og það kemur frá n. nú. Ég mun hafa sömu afstöðu og hv. þm. A-Sk. um Þingvallaprestinn og tel, að milliþn. hafi þar farið skynsamlega að.

Sigurður Ágústsson: Herra forseti. Í maí s. l. skipaði kirkjumrh. nefnd til að gera till. um skipun prestakalla. Ekki er hægt að segja annað en n. hafi haft góðan starfstíma, ekki sízt ef miðað er við það, hve Alþ. flaustraði mjög afgreiðslu málsins af í fyrra.

Ekki get ég verið sammála hæstv. forsrh. í því að telja það eitt rétt, sem milliþn. leggur til í þessu efni, heldur tel ég að verði að taka fullt tillit til óska fólksins, þar sem það vill halda prestum sínum. Það, sem n. færir sem rök fyrir þeirri fækkun presta, sem ráðgerð er í frv., er, að fólki hafi fækkað í sóknum og samgöngur batnað. Ég vil leyfa mér að fræða hv. Alþ. um það, að það eru nú litlu betri samgöngur milli Stykkishólms og Skógarstrandar en þær voru 1907, er l. um skipun prestakalla voru sett. Ég verð því að gera ráð fyrir, að milliþn. hafi ekki verið svo kunnugt sem skyldi um þessar samgöngubætur, sem hún byggir svo mjög álit sitt á.

Milliþn. leitaði umsagnar kirkjunnar um þetta. Vil ég leyfa mér að vitna í þetta bréf, því að ég held, að Alþingi hljóti að taka tillit til þess. Í bréfi stjórnar Prestafélags Íslands segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Jafnframt vill prestafélagsstjórnin taka það fram, að hún er mótfallin svo mikilli fækkun prestakalla í sveitum sem frumvarpið gerir ráð fyrir og væntir þess, að Alþingi sjái sér fært að bæta um það samkvæmt rökstuddum tillögum hlutaðeigandi aðila.“

Þá segir í bréfi frá biskupinum yfir Íslandi, sem er skrifað fyrir hönd kirkjuráðs:

„Vill kirkjuráðið taka fram og leggja áherzlu á, að það telur, að mjög varhugavert sé að leggja niður prestaköll í dreifbýlinu, jafnvel þótt fámenn séu, ekki sízt þar, sem vilji fólksins bendir eindregið til, að því sé mjög óljúft að verða svipt presti sínum.“

Brtt. á þskj. 545, sem fluttar eru við frv. eftir þær breytingar, sem hafa orðið á því í Ed., eru þessar:

Í fyrsta lagi, að Staðarhraunsprestakall verði tekið upp að nýju og Álftártungusókn verði tekin undan Borgarprestakalli og lögð til Staðarhraunsprestakalls. Eftir þessa breytingu verða á þriðja hundrað safnaðarmenn hér og rúmlega þúsund safnaðarmenn í Borgarprestakalli. Ég vil taka það fram, að mér og Alþingi hafa borizt áskoranir frá þessum söfnuði um, að Staðarhraunsprestakall verði endurreist á ný.

Í öðru lagi legg ég til, að Miklaholtsprestakall haldist óbreytt frá því, sem ákveðið var 1917, og það haldi nafni sínu áfram, en verði ekki kennt við Söðulsholt, eins og lagt er til.

Í þriðja lagi legg ég til, að Breiðabólstaðarprestakall verði tekið upp að nýju og gert að kennsluprestakalli, því að það mun vænlegt til sigurs góðu málefni. — Þá er ég samþykkur brtt. hv. þm. Dal. á þskj. 565 um, að prófastsdæmi Dala og Snæfellsness haldist óbreytt, en verði ekki sameinuð, eins og Ed. hefur ákveðið.

Um brtt. menntmn. á þskj. 648 er það að segja, að ég er samþykkur því, að prófastsdæmin verði sett í sama horf og áður.

Réttmæti brtt. minna til sönnunar vil ég taka eftirfarandi fram:

1) Kirkjuráð telur varhugavert að leggja niður prestaköll í dreifbýlinu.

2) Í bréfi stjórnar Prestafélags Íslands til milliþn. segir, að hún sé mótfallin svo mikilli fækkun og hún vænti þess, að Alþingi sjái sér fært að bæta um það samkvæmt rökstuddum tillögum hlutaðeigandi aðila.

3) Almennur kirkjufundur hefur alltaf mælt á móti slíku.

4) Allir söfnuðirnir í Breiðabólstaðar- og Staðastaðarprestaköllum hafa mótmælt breytingunum.

5) Sparnaður á ríkisfé verður sáralítill við

fækkun þessara prestakalla. En þó svo, að hann næmi nokkurri upphæð, væri það samt óverjandi breytni gagnvart dreifbýlinu að leggja niður prestaköll, eins og frv. gerir ráð fyrir.

Að sjálfsögðu mun ég greiða atkvæði með þeim till., sem stuðla að því, að prestaköllin haldist sem mest óbreytt. Þó er ég samþykkur fjölgun presta í þéttbýlinu og tel hana til bóta.

Þá vil ég einnig geta þess, sérstaklega vegna afstöðu þriggja hv. þm., sem hér töluðu á undan mér, að aðalfundur Stéttarsambands bænda s. l. haust tók afstöðu á móti fækkun prestakalla. Prestakallafækkunin kemur harðast niður á fólkinu í dreifbýlinu, og er þessi ályktun fundar Stéttarsambands bænda glögg yfirlýsing bændastéttarinnar gegn prestakallafækkuninni.

Hv. þm. A-Sk. vildi sanna réttmæti niðurfellingar prestakalla með því, að hann sagði, að nú færu 50 millj. kr. til kirkju- og kennslumála í landinu. Ég verð að segja, að það er alger blekking að nefna svona tölur, sérstaklega ef á að nota þær sem sönnun þess, að það beri að leggja niður óþörf prestaköll. — Nýlega lá fyrir Alþingi að samþykkja ríkisreikninginn fyrir árið 1950. Hefði verið betra fyrir hv. þm. að nefna tölurnar eins og þær lágu þar fyrir, sem sýndu, að til kirkjumála, þar með talinn kostnaður við endurbyggingar á prestssetrum o. fl., var varið samtals 4 millj. kr., en til kennslumála hafa farið 40 millj. kr. Ég gat ekki heyrt ræðu hans alla, en hann hafði mikið að segja í sambandi við kennslumál.

Það er von mín, að deildin sjái sér fært að gefa þeim brtt., sem ég flyt á þskj. 545, jákvæði sitt.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér brtt. við þetta frv. á þskj. 579 og breyta því ákvæði frv., að lagt sé niður Stóra-Núpsprestakall, þannig að haldið sé þeirri skipun, sem verið hefur, og það verði tveir prestar í Hruna- og Stóra-Núpsprestakalli, eins og verið hefur til þessa. Ég sé á allri meðferð þessa máls og undirbúningi þess, að það hefur ekki verið ætlunin að fækka neitt að ráði prestaköllunum í landinu, heldur er aðeins um að ræða tilfærslur og önnur minni háttar atriði, en heildarstefnan er að halda tölu prestanna þeirri sömu. Þar sem fjölgað hefur í ýmsum byggðarlögum, er prestunum einnig fjölgað. Þetta er í sjálfu sér ekkert óeðlilegt, fyrst sú stefna er ríkjandi að láta tölu prestanna fara nokkuð eftir tölu fólksins í landinu, en þar, sem strjálbýli er og ekki hægt um ferðalög, sé tölu presta haldið og þeirri gömlu skipun, sem gilt hefur, enda er frv. þannig úr garði gert, að það bendir glögglega til þess, að þessi stefna eigi að ráða. Mér þykir það því furðulegt, að þessi breyting er gerð í Árnessýslu og þar á að leggja niður prestakall, þar sem er nærri 600 manns, og sóknirnar eiga svo að skiptast milli tveggja presta. Ég þykist reyndar sjá tilefnið til þessarar niðurstöðu milliþn., sem undirbjó þetta mál, og það er myndun nýs prestakalls á Selfossi. Þetta er ný byggð, sem er orðin allfjölmenn, nærri því þúsund manns, og undir það prestakall legðist Laugardælasókn, sem yrði tekin úr Hraungerðisprestakalli. En þó að svo sé gert, þá er fólksfjöldinn í Hraungerðisprestakalli nokkuð á fimmta hundrað, svo að það virðist ekki mikill grundvöllur fyrir því, að sú ráðstöfun sé gerð í Árnessýslu að leggja niður Stóra-Núpsprestakall. Mér skilst, að orsökin sé sú, að þótt fólki hafi fjölgað mjög á Selfossi, þá hafi n. sett sér það takmark hvað Árnessýslu snertir, að þar skuli ekki fjölga prestum, hvað sem fólksfjölgun er mikil. Ef litið er nú á fólksfjölda í hinum ýmsu prestaköllum víðs vegar um landið og athugaðir eru staðhættir þar, þá réttlætist þessi ráðstöfun ekki.

Ég furða mig mjög á því, að hv. þm. A-Sk., sem flutti hér skemmtilega og merkilega ræðu, skuli geta lýst því yfir, að hann sé á móti því, að nokkur breyting verði gerð á þessari skipun, því að mikið í ræðu hans og röksemdum mælir gegn svona ráðstöfunum. Hér kom það líka fram í ræðu hjá einum ræðumanni, að hann taldi, úr því að prestastéttin með biskupinn í broddi fylkingar teldi svo mikilvægt þessu máli, að farið væri að þessum till., að þá væri rétt að láta það eftir þeim. Ég get ekki verið svo eftirlátur við einn eða annan, að ég taki ekki tillit til vilja fólksins í minu byggðarlagi. En mér skilst, að allt þetta mál og það starf, sem í það er lagt, eigi að vera í þágu fólksins. Ég get ekki gert fólki í minu byggðarlagi svo lágt undir höfði að meta ekki skoðanir þess meira en þeirra manna, sem að þessu frv. standa. Hér liggja fyrir áskoranir frá nærri öllum í þessum prestaköllum, og þó sérstaklega Stóra-Núpsprestakalli, um að fá að hafa þar prestakall áfram, og í bréfi frá safnaðarmönnum er bent á, að réttlátt er og sjálfsagt, að þetta fái að standa óbreytt. Dettur mér ekki annað í hug en að gera tilraun til að rétta hlut þessa fólks. Vil ég biðja hv. þm. að renna augunum yfir það, hvernig ástatt er um þetta prestakall. Það kunna að vera til þeir menn, sem gera lítið úr því, að þarna átti séra Valdimar Briem heima og í þessu prestakalli þjónaði hann. En ég ætla, að fólk úti um byggðir landsins og þó fyrst og fremst fólkið í því prestakalli, sem hann starfaði í, lifði og fór í fyrsta sinn með þau andlegu ljóð, sem þjóðin hefur sungið bæði við messur og undir öðrum kringumstæðum, það vilji, að þetta prestakall haldist og það sé kennt við þennan stað. Ég get að vísu viðurkennt það, sem hv. þm. A-Sk. sagði, að það er ekki hægt að fullnægja öllum þeim óskum, sem kynnu að koma fram. En vegna þess, hvernig þarna er ástatt og kirkja er til á staðnum, finnst mér, að við ættum að sýna þá ræktarsemi að breyta nú engu til þar, og þá getur þetta verið sögulegur staður. Okkur er nógu áfátt í þessum efnum, þó að við höldum ekki lengra á þeirri braut. Hvað snertir Þingvelli, þá er það sögulegur staður, og menn verða að hafa sínar eigin skoðanir um það, hve mikils þeir meta það. En fyrst þetta hefur komið til orða og er komið á þennan rekspöl, finnst mér, að við ættum ekki að leggja stein í götu þess. Vonandi velst til þess starfs góður maður. —

Ég vil beina því til deildarmanna, að þeir leiðrétti þann misgáning, — vil ég orða það, — sem orðið hefur hjá milliþn. varðandi Stóra-Núpsprestakall og einnig hjá Ed. um sama atriði, og samþykki nú brtt. mínar. Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta mál.

Andrés Eyjólfsson: Herra forseti. Í frv. því, sem hér er til umr., er gert ráð fyrir því, að Staðarhraunsprestakall verði lagt niður. Í tilefni af því hafa sóknarmenn í því prestakalli sent mér bréf, sem ég vildi — með leyfi forseta — lesa upp:

„Almennur hreppsfundur í Hraunhreppi, haldinn að Hrafnkelsstöðum 12. des. 1951, mótmælir harðlega þeim ákvæðum hins nýja prestakallafrumvarps að leggja niður Staðarhraunsprestakall á Mýrum.

Fundurinn telur, að fækkun presta í sveitum sé spor í áttina til áframhaldandi fólksfækkunar þar, sem beri að reyna af fremsta megni að stöðva. — Einnig bendir fundurinn á, að prestar eru einu embættismennirnir, sem búsettir eru í sveitum, og að þeir hafa verið og eru brautryðjendur í mörgum menningarmálum sveitanna og að þau áhrif megi ekki skerða.

Fundurinn lýsir óánægju sinni yfir till. prestakallanefndar gagnvart þessu prestakalli og skorar á Alþingi að samþykkja ekki till. þá, sem fram hefur komið, að leggja Staðarhraunsprestakall undir Söðulsholt. Hins vegar bendir fundurinn á og gerir að tillögu sinni, að Álftártungusókn í Borgarprestakalli verði lögð undir Staðarhraunsprestakall.

Tillagan samþ. með shlj. atkv.“

Auk þess vil ég benda á, að 15. þ. m. kom grein í Tímanum frá einum sóknarmanni í Staðarhraunsprestakalli, þar sem hann gerir mönnum grein fyrir því með skýrum og glöggum rökum, að það sé vanhugsað að leggja þetta prestakall niður. Ég vildi gjarnan lesa þessa grein upp; hún er eftir Bjarna V. Guðjónsson, Svarfhóli, en ég vil ekki þreyta hv. þingdeildarmenn á því.

Ég vil benda þm. á, að í Mýrasýslu voru fimm prestar, og mér er óhætt að fullyrða, að hver um sig var sveitarhöfðingi í sinni sveit og sókn og jafnvel héraðshöfðingi. En 1907 var gerð breyting á prestakallalögunum, og voru þá teknir tveir af þessum fimm prestum og prestaköll þeirra lögð niður, og tvær sóknir voru lagðar undir Borgarfjarðarprófastsdæmi. Eins og frv. er nú, er gert ráð fyrir því að leggja niður þriðja prestakallið og auk þess að leggja niður prófastinn í Mýrasýsluprófastsdæmi. Ég furða mig á því, að n. skuli ekki hafa komið auga á þann möguleika að leggja niður öll prestaköll í Mýrasýslu. Mætti eins vel hugsa sér, að Hvanneyrarprestur þjónaði á Borg og þá e. t. v. að Kvennabrekkuprestur kæmi í stað Stafholtsprests; hann yrði þá að skjótast yfir brekkuna, en það er ekki meira en margt annað, sem prestarnir í þessari sýslu verða að gera.

Ég vil geta þess, að í sambandi við þetta hef ég leyft mér að bera fram brtt., sem er á þskj. 551, og er hún um, að Staðarhraunsprestakall haldist eins og það nú er. Um þetta prestakall er það að segja, að fyrir nokkrum öldum voru þarna tvö prestaköll hvort við annað, Hítardalur, eitt af frægustu og beztu prestaköllum landsins, og svo Staðarhraun. Var Hítardalsprestakall lagt niður fyrir alllöngu, en Staðarhraunsprestakall varð nokkurs konar arftaki gamla Hítardals að ýmsu leyti, m. a. um hlunnindi og þess háttar. Nú er svo ástatt, að heita má, að engir vegir liggi um þetta prestakall. Má komast þar um á sterkum bíl yfir hásumarið, en þó verður að sæta sjávarföllum. Eftir því, sem segir í frv., er leiðin frá Söðulsholti að Ökrum 70 km. Það sjá allir, hvaða þjónusta það mun verða hjá prestinum í 70 km fjarlægð. Ég held, að milliþn. hafi tæplega gert sér grein fyrir þeim erfiðleikum, sem eru á því að njóta prestsþjónustu á þessum stað.

Ég skal ekki þreyta hv. d. með langri ræðu, en ég vil þó óska þess, að till. mín verði samþ., því að ég held, að það sé gengið nógu nærri Mýrasýslu, þótt ekki verði lengra gengið en þegar er, ef ekki er beinlínis ætlunin að afkristna sýsluna. — En í sambandi við þetta vildi ég minnast á till., sem hv. þm. Snæf. ber fram á þskj. 545 og ég vildi vera með í að flytja. Er till. hans um, að undir Staðarhraun falli Álftártungusókn. Er stutt leið þarna á milli, og ef mín till. verður felld, sem ég vona að verði ekki, þá mun ég styðja till. hv. þm. Snæf., og vil ég óska, að þm. vildu þá fallast á hana. Yrðu þá þrjár kirkjur lagðar undir Staðarhraunsprestakall, og Borgarprestakall mundi hafa tvær kirkjur, en þriðja kirkjan mundi bráðlega bætast við, því að í ráði er að byggja kirkju í Borgarnesi, en þar búa 700—800 manns. Ég vil því mælast til þess, að till. hv. þm. Snæf. verði samþ.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég vil þakka hv. menntmn. Nd. fyrir það, sem hún hefur lagt gott til þessara mála, og m. a. fyrir það, að hún hefur tekið upp eina af mínum till. Þess var ekki að vænta, að hún tæki þær allar upp, þar sem n. hefur ekki tekið afstöðu til till. einstakra þm.

Þó að frv. sé lagfært með þeirri breyt., sem hv. n. leggur til að gerð verði á 10. gr., um að flytja megi sóknir milli prestakalla, svo að söfnuðirnir geti ráðið því, hvaða prestakalli þeir vilja tilheyra, vildi ég mælast til þess, að hv. d. samþ. till. mínar varðandi Dalasýslu. Eins og kunnugt er, eru í Dalasýslu þrjú prestaköll og níu kirkjur, og virðist því eðlilegt, að hver prestur hefði þrjár kirkjur.

Till. mínar eru í samræmi við till. milliþn., sem breytt var í hv. Ed. gegn vilja sóknarn. Hjarðarholtssóknar, því að þeir, sem byggja Hjarðarholtssókn, vilja, að sóknin tilheyri Hvammsprestakalli. Það er því fyrir orð sóknarn., að ég flyt þessa till. Aðrar till. mínar eru fluttar til samræmis við þetta.

Ég hygg, að það muni hafa verið tvennt, sem mþn., en í henni áttu sæti fróðir menn í þessum efnum, lagði til grundvallar till. sínum um prestakallaskipunina, fólksfjöldi og þær vegalengdir, sem prestarnir þyrftu að ferðast. Þar, sem ég þekki til, hefur þessu verið fylgt, og

eins og grg. mþn. ber með sér, er hér lítill munur á, þegar tillit er tekið til þess, hve aðstæður eru ólíkar.

Það hefur verið rætt á breiðum grundvelli um þetta frv., bæði í þessari hv. d. og í hv. Ed., og skal ég ekki bæta miklu við það. Það er oft rætt um það, hve æska landsins sé ókristin, og skal ég ekki kenna prestunum um það. Þeir fá sinn lærdóm í Háskóla Íslands, og þá kennslu þarf því að endurskoða, ef þeir verða ásakaðir fyrir það, að kristindómurinn á sér ekki eins djúpar rætur meðal æskulýðsins og eldri kynslóðin álítur að vera bæri. Háskóli Íslands undirbýr prestastéttina undir starf sitt, og það er eins og þar stendur, eins og þú sáir munt þú uppskera.

Ég hygg, að þeim prestum, sem byggja starf sitt á grunni kristindómsins og flétta inn í það atvik úr daglegu lífi ásamt fegurð og gróandi lífi jarðarinnar, veitist ekki erfitt að breyta eyðimörkum kristilegs hugarfars í gróandi akra kristinnar trúar.

Ég vil að lokum óska þess, að þeirri stofnun, sem undirbýr prestana undir ævistarf þeirra, megi takast að samrýma kristilegt hugarfar öðrum göfgandi menningarlindum, sem varpa frá sér birtu og yl í kulda og myrkri mannlífsins.

ATKVGR.

Brtt. 648,I.1—3 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 562 samþ. með 20:1 atkv.
— 648,I.4—5 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 579 tekin aftur til 3. umr.
— 648,I.6—7 samþ. með 25:4 atkv.
— 648,I.8—9 samþ. með 27 shlj. atkv.

Andrés Eyjólfsson: Herra forseti. Ég vil mælast til þess, að 1. brtt. á þskj. 551 komi til atkv. á undan 1. brtt. á þskj. 545. **(Forseti:** Skiptir það meginmáli?) Það skiptir því, að ef till. á þskj. 551 fellur, er hitt eins konar varatill., sem hægt er að samþ. **(Forseti:** Það má verða við þeirri ósk.)

Brtt. 551,1 felld með 14:11 atkv.
— 545,I.1 felld með 14:11 atkv.
— 565,a samþ. með 22 shlj. atkv.
— 648,I.10 kom ekki til atkv.
— 551,2 tekin aftur.
— 545,I.2 (55—60) samþ. með 20:7 atkv.
— 565,b samþ. með 23 shlj. atkv.
— 648,I.11 kom ekki til atkv.
— 545,I.2 (61—63) teknar aftur.
— 565,c samþ. með 16:7 atkv.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því, að hv. þm. Snæf. hefur tekið allan IX. liðinn upp eins og hann kom frá Ed., en brtt. varðandi 59.—61. lið frv. liggja fyrir á þskj. 565.

Brtt. 565,d—e samþ. með 18:2 atkv.
— 675 samþ. með 24 shlj. atkv.
— 648,I.12—13 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 649 samþ. með 15:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PO, SÁ, SG, StJSt, BÓ, GTh, IngJ, JóhH, JPálm, JS, JR, JörB, KS, MJ, SB.
nei: PÞ, SkG, StgrSt, AE, ÁkJ, ÁÁ, ÁB, EOl, EystJ, GG, HÁ, HelgJ, JG, MK.
ÁS, JÁ greiddu ekki atkv.
3 þm. (ÓTh, EmJ, GÞG) fjarstaddir.
2 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Skúli Guðmundsson: Hæstvirtur forseti vor (SB) telur sennilega, að hann sé búinn að vinna svo vel að veraldlegri og andlegri velferð kjósenda sinna í Norður-Ísafjarðarsýslu, að þar sé ekki frekari þörf fyrir starfskrafta hans hina miklu, og þess vegna bregður hann sér nú norður á Vatnsnes í leit nýrra verkefna. Líklega á ég að vera þakklátur fyrir, að hann vill hlynna að andlegri velferð fólksins í mínu kjördæmi, en með því að ég tel enga þörf á þessari breyt. á frv. því, sem hér liggur fyrir, þá segi ég nei.

Sigurður Bjarnason: Ég vil leyfa mér að taka fram, að úr því prestakalli, sem hér á hlut að máli, hafa komið mjög eindregnar óskir um það, jafnvel til þeirrar n., sem undirbjó þetta mál, að prestakallið héldist. Það er eingöngu vegna þess, að ég var í mþn., sem um málið fjallaði, mótfallinn því, að prestakallið yrði lagt niður með till. n., að ég flyt þessa brtt. hér, en ekki til þess að taka fram fyrir hendur hins hv. þm. þessa héraðs. Ég segi já.

Brtt. 666 tekin aftur til 3. umr.
— 648,I.14—19 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 559 tekin aftur.
1. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 648,II (4. gr. falli burt) samþ. með 20 shlj. atkv.
5.—6. gr. (verða 4.—5. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 545,II samþ. með 20:6 atkv.
— 561 tekin aftur til 3. umr.
7. gr. (verður 6. gr.), svo breytt, samþ. með 19:3 atkv.
8.—9. gr. (verða 7.—8. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 648,III samþ. með 23 shlj. atkv.
10. gr. (verður 9. gr.), svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
11.—14. gr. (verða 10.—13. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Sigurður Ágústsson: Ég vil vekja athygli á því, herra forseti, að með því að till. okkar hv. þm. Mýr. um Staðarhraunsprestakall hafa verið felldar, og hins vegar, að till. mín um prestakallaskipun í Snæfellsnesprófastsdæmi hefur verið samþ., þá er óráðstafað, hvað eigi að gera við þessar tvær sóknir, Staðarhraun og Akra. Þetta má náttúrlega lagfæra í hendi sér við 3. umr. En ég vil vekja athygli á þessu nú.

Gunnar Thoroddsen: Mér er ljóst, að í sambandi við þessa atkvgr. hefur orðið nokkur ónákvæmni, eins og stundum er þegar margar

till. eru á ferð. Ég geri ráð fyrir, að n. muni athuga þetta fyrir 3. umr., svo að lagfæra megi það, sem miður hefur farið.

Á 63. fundi í Nd., 19. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Nd., 21. jan., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 678, 685).

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það er svo með þetta mál, að brtt. frá nefndinni eru ekki komnar enn úr prentun. Ég vona þó, að það komi ekki að sök, og skal ég nú skýra frá, hvað í þessum brtt. felst. Brtt. eru tvær. Önnur er við 6. gr. frv., en nefndinni barst erindi frá stjórn Sambands íslenzkra barnakennara og stjórn Landssambands framhaldsskólakennara, þess efnis, að þessi sambönd óskuðu eftir því, að þeir prestar, sem um getur í 6. gr. frv., skuli fullnægja skilyrðum fræðslulaganna um kennaramenntun. Í grg. frv. kemur skýrt fram tilgangur milliþn., sem undirbjó málið, í sambandi við þetta atriði. Á bls. 24 í upphaflega frv. segir í grg. milliþn., með leyfi hæstv. forseta:

„Prestar, sem kennslu ættu að hafa jafnframt, mundu verða að fá nokkurn sérstakan undirbúning í því skyni. Er gert ráð fyrir, að þeir fullnægi þeim skilyrðum, sem lög um menntun kennara setja þar um. Ef þessi ákvæði verða að lögum, leiðir af því, að ekki mundu aðrir sækja um skólaprestaköll en þeir, sem fúsir eru til að taka að sér bæði störfin og hlutgengir eru til þess."

Meiri hl. menntmn. taldi rétt að verða við þessum óskum frá Sambandi íslenzkra barnakennara og Landssambandi framhaldsskólakennara, enda væri það í fullu samræmi við ætlun milliþn., og flytja 4 nm. till. í þessa átt, og er hún þess efnis, að við 6. gr. bætist: „enda fullnægi þeir ákvæðum laga um menntun kennara." Vænti ég, að brtt. fái stuðning. (PO: Eiga þeir þá að ganga á skóla?) Út af þessari athugasemd tek ég fram, að algengast er, að stúdentar í heimspekideild, sem búa sig undir próf í íslenzkum fræðum, búa sig undir prófið í aukatímum án þess að ganga í skóla. Þetta hefur tíðkazt nú um margra ára skeið.

Þá er brtt., sem nefndin flytur óskipt. Við 2. umr. var samþ. brtt. frá hv. þm. Snæf., en felld brtt. frá hv. þm. Mýr., þannig að tvær sóknir á Mýrum féllu úr frv., þ. e. Staðarhrauns- og Akrasóknir. Flytur n. till. um, að Staðarhraunssókn renni til Miklaholts, en Akrasókn til Borgarprestakalls. Nú liggur fyrir breytingartillaga frá hv. þm. Mýr. um að endurreisa Staðarhraun sem prestakall, og kemur hún fyrr til atkv. en brtt. n., og verði hún samþ., þá kemur brtt. n. ekki til atkv. Hins vegar, ef till. hv. þm. um að endurreisa Staðarhraun verður felld, þá vænti ég, að till. n. verði samþ.

Nefndin hefur rætt þær brtt., sem liggja fyrir eða teknar voru aftur til 3. umr. Það er till. frá hv. 1. þm. Árn. um að endurreisa Skarð og till. hv. þm. Mýr. um að endurreisa Staðarhraun. Í nefndinni var ekki samkomulag um þessar till., og sama er að segja um till. hv. þm. V-Ísf. um, að Súgandafjörður verði ekki kennsluprestakall, og till. hv. þm. A-Húnv. og hv. þm. V-Húnv. um, að í stað nafnsins „Steinnes" komi: Þingeyraklaustur. — Það tókst ekki að ná samkomulagi í n. um þessar till., og hafa nm. um þær óbundnar hendur. Tel ég svo ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta.

Andrés Eyjólfsson: Herra forseti. Ég hef litlu að bæta við það, sem hv. frsm. menntmn. sagði um till. þá, sem ég hef lagt hér fram og er um það, eins og hann gat um, að prestssetur verði að Staðarhrauni. Hv. frsm. er búinn að lýsa því, hvernig fór um þessar sóknir við síðustu umr., og ég verð að segja það, að ég er óánægður með till. menntmn. Ég vænti fastlega, að till. mín verði samþ., því að það er eina lausnin á þessu máli að sinni.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að vænta þess, að hv. d. geti fallizt á þær brtt., sem ég hef flutt hér, um að Stóra-Núpsprestakall verði tekið upp með prestssetri að Skarði. Það er á móti vilja fólksins í þessum sóknum, sem eiga hér hlut að máli, að þetta verði afgreitt á þann veg, sem lagt er til í frv. Þetta er fjölmennt prestakall, eða um 600 manns. Og ég veit, að það er eindregin ósk þessa fólks, að prestakallið haldist eins og það var.

Ásgeir Ásgeirsson: Herra forseti. Ég tók aftur til 3. umr. till. mína um að taka Súgandafjörð út úr 6. gr. frv. Ég geri ráð fyrir því, að presturinn þar hafi nægilega miklar skyldur. Þetta er mannmargt prestakall og helzt til mannmargt fyrir einn prest, og hefur hann svo mikið að gera, að það er ekki hægt að bæta ofan á störf hans. Tek ég því till. mína aftur upp.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja hér fram till. frá hv. þm. A-Húnv. og mér, sem var tekin aftur við 2. umr., en þarf nú að flytja skriflega, því að það hefur orðið röskun á töluliðum, og ber ég því fram skriflega till. í þessu efni.

Þessi till. er um, að eitt prestakall í Húnavatnsprófastsdæmi fái að halda sínu gamla nafni, í stað nafnsins „Steinnes" komi: Þingeyraklaustur. — Ég þarf ekki að færa rök fyrir þessu, því að saga þessa staðar er svo merkileg og vel þekkt.

Vil ég svo afhenda forseta þessa skriflegu till.

Forseti (SB): Mér hefur borizt skrifleg brtt. frá hv. þm. A-Húnv. og hv. þm. V-Húnv., sem nú hefur verið lýst. Hún er skrifleg og of seint fram komin og þarf afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 721) leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Umr. frestað um stund, en var fram haldið síðar á fundinum.

Forseti (SB): Afbrigði þarf að fá fyrir brtt., sem nú hefur verið útbýtt á þskj. 709, 710 og 711, enn fremur fyrir brtt. á þskj. 685 frá hv. 1. þm. Árn., einnig afbrigði fyrir skriflegri brtt. frá hv. þm. V-Ísf., sem hann þegar hefur lýst, og loks brtt. frá hv. 1. þm. Árn. við brtt. á þskj. 685.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 685, 709, 710 og 711, sem var of seint útbýtt, og um skrifl. brtt. (sjá þskj. 722 og 723) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 723 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 685,1, svo breytt, samþ. með 19:3 atkv.
— 685,2 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 711 samþ. með 19:3 atkv.
— 709 kom ekki til atkv.
— 721 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 722 samþ. með 24:3 atkv.
— 710 samþ. með 20:6 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 68. fundi í Ed., 22. jan., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 724).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Þetta mikla hitamál er nú komið aftur frá hv. Nd., þar sem gerðar hafa verið á því allmiklar breyt. frá því, sem það var, þegar þessi hv. d. gekk frá því.

Það fer nú að líða að þinglokum, og ef ljúka á þessu máli, þarf að taka upp önnur vinnubrögð, sem líklegri eru til að málinu verði lokið, og ef til vill þau, að þessi hv. d. gangi frá sínum þrengstu sjónarmiðum, því að ef málinu er breytt hér, má gera ráð fyrir því, að því verði breytt aftur í Nd., og verður það þá að fara til Sþ.

Án þess að fara að rekja efni þessa máls nánar á þeim stutta tíma, sem ég hef til umráða, er skemmst frá því að segja, að brtt hefur verið inn í frv. í Nd. fjórum prestaköllum, sem ekki voru í frv. eins og það var, er það kom frá mþn., en þessi prestaköll eru Stóri-Núpur, Breiðabólstaður, Staðarhraun og Tjörn. Nú má segja, að þetta sé ekki stórfelld breyt., því að fækkað er um tvo presta frá því, er var, í Mjóafirði og annan umferðarprestinn. Það er því fjölgað um fjóra presta, en samtímis fækkað um tvo, svo að fjölgunin nemur í raun og veru tveimur. Vitanlega væri eðlilegast að gera sem minnstar breyt. á málinu frá því, sem það lá fyrir, þar sem það var rannsakað og rætt af mönnum, sem kunna góð skil á málefnum kirkjunnar og eru mjög færir á sínu sviði, en auðvitað hefur Alþ. þrátt fyrir það fyllsta rétt til að gera þær breyt. á frv. mþn., sem því sýnist.

Viðvíkjandi þeim prestssetrum, sem bætt hefur verið við, má segja, að breyt. eru ekki miklar frá því, sem nú er. Það er öllum augljóst, að það verður ekki byggt fyrst um sinn á þessum prestssetrum. Bygging á Tjörn verður ekki látin sitja fyrir byggingu á þeim prestssetrum, þar sem allir eru sammála um, að prestar eigi að vera, en þar er svo háttað byggingum, að útilokað er, að prestur geti haldizt þar við. Það er líka öllum kunnugt, að það er ekki mikill hraði á fjárveitingum Alþ. til þess að leysa þessi mál. Það gildir sama máli um Breiðabólstað og Staðarhraun og um Tjörn. Þar hafa ekki verið prestar í mörg ár, og vitanlega verða aðrir staðir, sem allir eru sammála um að þurfi presta, látnir sitja fyrir um byggingar. Ég ætla ekki að telja upp öll þau prestssetur, sem byggja þarf upp, en vil aðeins geta þess, að á sumum prestssetrum er þannig ástatt, að presturinn hefur orðið að flytja til Reykjavíkur. Það, sem gerist, ef þetta verður samþ., er, að þessi mál verða í sama fari og nú, svo framarlega sem Alþ. veitir ekki nægilegt fé til að byggja upp prestssetrin. Niðurstaðan verður því sú, sem ég vildi forðast, að jarðir þessara prestssetra níðast niður, af því að ekki er hægt að leigja jarðirnar nema eitt ár í senn, t. d. er Breiðabólstaður í niðurníðslu bara af því, að ekki er hægt að leigja jörðina nema eitt ár í senn, og þess vegna vill enginn gera henni neitt til góða. En vitanlega kemur röðin að þessum jörðum síðar, ef aðrir verða þá ekki komnir hér, sem annað ákveða. En afleiðingin af þessu er sú, að næsti prestur fær hálf önnur laun fyrst um sinn.

Nú eru þetta vitanlega rök fyrir því að breyta frv. á ný í það horf, sem það var í, þegar það kom frá n., og það hef ég alltaf viljað í aðalatriðum. En það er áhugi fyrir því í þinginu og líka hjá þjóðinni, að málið nái fram að ganga. Ég hefði því viljað, þrátt fyrir þessa ágalla, sem ég hef lýst, að málinu yrði vísað til menntmn. þessarar hv. d., og vildi óska þess, að n. ræddi við hv. menntmn. Nd., til þess að athuga það, hvort líkur eru til þess, að málið verði að fara til Sþ., ef verulegar breyt. eru gerðar á því hér í d. En fari málið þangað, er tvísýnt, að það fái afgreiðslu nú á þessu þingi. Það væri æskilegt, að málið yrði afgr. eins og menntmn. þeirrar hv. d. lagði til, og hv. menntmn. Nd. gæti athugað, hvort líklegt sé, að málið verði samþ. í Nd., þó að því verði breytt í svipað horf og menntmn. Nd. lagði til. Vænti ég, að n. vilji taka að sér þetta hlutverk, en vitanlega er henni skylt að taka við málinu til athugunar, en ekki meira en svo að athuga það með þeim hætti, sem ég sting upp á. En ef það yrði gert, þá yrðu ekki frekari umr. um málið á þessu stigi, fyrr en þessi leið hefur verið rannsökuð. Það gæti ráðið töluverðu um afstöðu mína, sem er sú, að ég vil helzt láta breyta frv. frá því, sem nú er, hvernig undirtektir yrðu, þegar þessi leið er rannsökuð.

Forseti (BSt): Menn hafa heyrt uppástungu hæstv. kirkjumrh. um það, að menntmn. taki málið til athugunar á ný og þá sérstaklega í samráði við menntmn. Nd. Ég tel ekki þurfa beinlínis að vísa málinu til n., ef n. vill taka þetta verk að sér, en þó vil ég spyrjast fyrir um það.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Ég geri ráð fyrir því, að menntmn. muni telja sér skylt að

athuga þetta mál, eins og hæstv. kirkjumrh. fór fram á, enda hafa svoleiðis samtöl verið áður um það, og n. reyni að koma saman til að athuga málið. En við þurfum til þess dálítinn tíma, og munum við þá reyna að nota tímann nú milli kl. 4 og 5 til athugunar.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Mér fyndist ekki óeðlilegt, að þetta mál væri rætt nokkuð, áður en þessi athugun fer fram, og menntmn. gert ljóst, hvaða breyt. kynnu að koma fram, því þótt vitað sé um glöggskyggni n. og góðvilja, þá má ekki hæstv. ráðh. dæma alla aðra þm. úr leik í þessari deilu, og það kynni að hjálpa þessu máli áfram, ef n. veit, hvað hún þarf að ræða við menntmn. Nd. Ég hef hugsað mér að bera fram brtt., og fer það eftir svari hæstv. ráðh., hvort ég get fylgt málinu. Þetta er eðlilegri meðferð en að n. tali saman og síðan verði miklar umr. um málið, sem gætu orðið til þess að tefja það.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Ég sting upp á þessu vegna þess, að við höfum svo stuttan tíma, og ég geri ráð fyrir, að þessi aðferð spari okkur tíma, og það verulegan tíma, ef svo færi, að frv. yrði breytt hér í verulegum atriðum og síðan breytt í Nd. og kæmi svo í sameinað þing, og ég hef nokkra ástæðu til þess að stinga upp á þessu, og hún er sú, að það liggur fyrir greinilega eftir þá meðferð, sem málið fékk í þessari d., að vilji þessarar d. var a. m. k. þá allt annar en hann hefur verið í Nd., og þess vegna er óhætt að gera ráð fyrir því, að vilji til þess að breyta málinu hér verulega sé fyrir hendi. En ég geri ráð fyrir því, að það kynni að geta ráðið nokkru um vilja og atkv. fleiri manna en mín, hvort líklegt er, að málið strandi á Alþ., ef verulegar breyt. eru gerðar hér, og þess vegna séu það fleiri en ég, sem óska eftir því að fá að vita um það, ef unnt er. Ég hef gengið út frá því, að sá vilji, sem hér kom fram í þessu máli, sé óbreyttur og muni ekki breytast, nema með því móti, að það liggi fyrir, að málið komist ekki fram, ef breyt. eru gerðar á því hér. Þess vegna sting ég upp á þessari leið.

Forseti (BSt): Hv. n. lofar að taka málið til athugunar og bera sig saman við menntmn. Nd., en að sjálfsögðu kemur það á síðara stigi í ljós, hvaða till. menn hafa hér að gera.

Umr. frestað.

Á 69. fundi í Ed., 23. jan., var fram haldið einni umr. um frv. (A. 724, n. 741 og 752, 748, 750, 753, 755).

Frsm. meiri hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Þegar frv., eins og það kom frá Nd., var í prentun í gærmorgun, þá hélt menntmn. d. fund um málið og hugsaði sér eftir nokkrar viðræður að reyna að koma fram með það litlar brtt. við málið, að ekki yrði hætta á, að það mundi þess vegna verða fellt í Nd. Þess vegna var það, að margar till., sem ýmsir vildu gjarnan koma á framfæri, voru ekki teknar til greina í áliti því, sem hér liggur fyrir á þskj. 741, heldur reyndu þessir 4 menn, sem standa að því áliti, að miða till. við það að verða sem allra næst frv. milliþn. annars vegar og nál. og till. menntmn. Nd. hins vegar. Seinna í gær var svo eftir ósk hæstv. kirkjumrh. haldinn fundur með n. í Nd. Þar voru að vísu ekki allir mættir; þar voru ekki nema þrír menn, sá fjórði kom þegar við vorum að fara hér inn á fundinn. Tveir af þeim mönnum, sem þar komu, töldu sig geta mælt með frv., þó að þær brtt., sem eru á þskj. 741, yrðu samþ., en einn taldi sig ekki mundu geta það. Það var borgarstjórinn í Reykjavík, sem taldi, að hann mundi ekki geta það, ef ekki væri látinn halda sér Breiðabólstaður á Skógarströnd.

Nú skal ég til að byrja með reyna að gera grein fyrir brtt. á þskj. 741 og hafa það eins stutt mál og ég get.

Þá er það fyrst till. viðvíkjandi Hraungerði, en við leggjum til, að Hraungerðisprestur, sem nú er, hafi sömu kirkjur og hann nú hefur, en Selfoss ekki gerður að sérstöku prestakalli. Ég skal geta þess, að þetta er eitt af þeim prestsembættum í landinu, sem virðist hvað bezt þjónað; það hafa verið í því 70—80 messur undanfarin ár, og það er meira en hægt er að segja víðast hvar annars staðar, þar sem eru 10—20 messur og sums staðar minna, svo að frá því sjónarmiði er ekki ástæða til að létta á prestinum í Hraungerði. Hins vegar leggjum við til, að það sé sett inn, að presturinn sitji í Hraungerði eða á Selfossi. Í Hraungerði er uppbyggt, og þarf ekki þar við að gera í náinni framtíð, en á Selfossi er ekkert prestssetushús til, ef horfið yrði að því að flytja prestinn þangað, en þá kostaði það nýtt prestssetushús. En það er ekkert atriði, því að á Selfossi er ekki enn þá nein kirkja, en það er kirkja í Laugardælum, og ég geri ráð fyrir því, að það sé stefnt að því, að hún verði flutt að Selfossi og fá prest þangað. En þótt hér sé sett Hraungerði eða Selfoss, þá er það ekki aðkallandi að byggja upp á Selfossi, það getur dregizt.

En úr því að farið er út í breyt., sem Nd. gerði og ég ætla ekki að skipta mér af, þá vil ég spyrja, hvernig stendur á því, að presturinn í Heydölum er áfram með tvær kirkjur, en presturinn á Djúpavogi með fjórar. Prestakallan. var sammála um að jafna þarna á milli, af því að kominn er bílvegur milli Heydala og Berunes, en Nd. hefur breytt þessu, sem ég tel til skemmda. Þessi breyt. virðist vera gerð af Nd. af vanafestu við það, sem er, án þess að taka tillit til nýrra aðstæðna, en n. kemur ekki með brtt. um þetta.

Þá er 2. brtt. n. sú að fella niður Staðarhraunsprestakall. Þetta eru fámennar sóknir með svolítið á annað hundrað manns, eins og það er nú í frv., sem er auðgert að þjóna annars staðar frá, og sjáum við ástæðu til að leggja til, að þessu verði breytt í sama horf og var, þegar frv. fór úr d. Ég skal geta þess, að milliþn. velti Staðarhrauni ákaflega mikið fyrir sér og hvort þar ætti ekki að vera kennsluprestur. Það reyndist n. þannig, að hún gat ekki lagt það til, og það af þeirri ástæðu, að allir hreppar Mýrasýslu eru búnir að gera með sér samtök

um að koma á heimavistarskóla við Varmaland í Stafholtstungum. Þar er laug, sem sýslan á og getur hitað skólann upp, og þar eru allir hreppar sýslunnar búnir að leggja fram fé til að koma upp heimavistarskóla fyrir öll börn á skólaaldri. Þetta er skipun, sem ég tel rétta, og ég tel, að kennslumálastjórnin á hverjum tíma sé allt of áköf í að koma upp skólum, sem kosta fleiri hundruð þúsundir, þar sem ekki eru nema 10—20 krakkar. Ég tel þá stefnu rétta þarna, að ríkið komi upp einum góðum heimavistarskóla, og þess vegna er það, að fræðslumálastjórnin mælti ekki með því við mþn., að kennsluprestur yrði á Staðarhrauni, og þess vegna tók n. það ekki upp. En nú hafa tveir ráðh. komið með brtt. um þetta, og tel ég illa farið, ef þessi viðleitni Mýramanna við að koma upp einum allsherjar barnaskóla fyrir alla sýsluna verður brotin á bak aftur af Alþ.

Þá er brtt. um Breiðabólstað á Skógarströnd. Þar horfir málið þannig við, að þar hefur verið prestslaust lengi, þangað til nú að þar er prestur, sem þó býr ekki á prestssetrinu, en stundar kennslu og er þess vegna nokkurs konar fyrirrennari kennsluprestanna, sem hér er gert ráð fyrir. Þar eru tvær kirkjur, á Breiðabólstað og Narfeyri. Kirkjan á Narfeyri er búin að vera ómessuhæf lengi. Það var þess vegna samróma álit mþn., að það væri ekki ástæða til að hafa þarna prest; hún lagði þess vegna til, að prestakallinu yrði skipt þannig, að önnur kirkjan, Breiðabólstaðarkirkja, félli undir Kvennabrekku í Dalaprófastsdæmi, en hin undir Stykkishólm. Þessu breytti Ed. og lét prestinn á Setbergi, sem býr langt frá barnaskólanum og á erfitt með að taka að sér kennslu, bæta við sig einni annexíu frá Stykkishólmi, Bjarnarhöfn, en lét Breiðabólstaðarprestakall leggjast undir Stykkishólm. Við leggjum til, að þessu sé aftur breytt og Stykkishólmur látinn taka við Breiðabólstað og Narfeyri, en Bjarnarhöfn verði lögð undir Setberg.

Næsta brtt., sem við gerum, er sú, að við leggjum til, að tekinn sé aftur út prestur, sem settur var inn í Nd., það er á Tjörn á Vatnsnesi. Í því prestakalli eru 143 menn. Það eru tveir prestar þarna í sama hrepp og þrjár kirkjur. Þetta var kannske eðlilegra, meðan vegleysur voru og vondir vegir, eins og sums staðar var, en nú, þegar akvegur er kominn eftir hreppnum endilöngum, þá sá mþn. ekki ástæðu til að hafa tvo presta í þessum hreppi og lagði til, að annar presturinn yrði felldur niður, en hann var tekinn upp í Nd. Nú leggjum við til, að hann sé tekinn út og annexían lögð undir Breiðabólstað í Vesturhópi.

Nd. hefur tekið upp Breiðabólstað á Skógarströnd sem kennsluprestakall, og þess vegna höfum við líka lagt til, að Breiðabólstaður á Skógarströnd sé tekinn úr 6. gr.

Þetta eru þær till., sem við 4 nm. stöndum að. Ef frv. fer svona breytt til Nd., þá halda sumir, að það verði gerðar á því breyt., svo að það fari í sameinað þing og kannske dagi uppi. Sumir hafa af því áhyggjur, ef það dagar uppi, og vilja ekki hafa það yfir höfði sér við næstu kosningar, eins og sumir orða það hér í þinginu; öðrum er það sama. Mér er alveg sama, hvort það er hér fyrir kosningar eða eftir kosningar. En ég geri ráð fyrir, að till. ráðh., sem fram eru komnar, séu miðaðar við að tryggja frekar fylgi við frv. í Nd. En þá vil ég alvarlega biðja þá að athuga það, ef þeir vilja halda þeirri till. til streitu og láta þingið samþ. það, að taka þá Staðarhraun út úr till. og gera ekki þann óvinafagnað að brjóta það samkomulag, sem er komið á í Mýrasýslu, og lofa þá þessum presti að vera yfir 124 sálum. Ég vil það heldur en kennsluskyldu á þann hrepp einan til þess að eyðileggja það myndarlegasta átak, sem ég tel að hafi verið gert í landinu með samkomulagi í Mýrasýslu um að byggja heimavistarskóla.

Þá hef ég sjálfur flutt fáeinar till. á þskj. 750, og um þær skal ég vera stuttorður, enda getur vel verið, að ég á síðara stigi taki þær aftur. Það eru aðallega tvær till., sem um er að ræða. Annars vegar legg ég til, að Hofteigur verði lagður niður, eins og þessi hv. d. gerði og ég talaði um þá, og skal ég því ekki eyða orðum að því núna; það er öllum kunnugt frá þeim umr. — Hin till. er um það, að við höldum okkur við það prinsip, sem mþn. tók og þessi d. samþ., að kalla brauðin eftir prestssetrunum, en vera ekki með einhver nöfn, sem ekkert hafa að segja annað en sem einhverjar sögulegar minjar. En Nd. hefur á einstaka stað fundið upp á slíkum till., t. d. að kalla Söðulsholtsprestakall Miklaholtsprestakall eftir þeirri jörð, þar sem einu sinni bjó prestur og einu sinni var kirkja. Nú er búið að færa kirkjuna að Fáskrúðarbakka og prestssetrið að Söðulsholti, og þess vegna er ekkert eftir, sem tengir söfnuðinn við þetta gamla prestssetur, sem einu sinni var. — Það sama er að segja um Stóra-Núp. Þar bjó á sínum tíma prestur og ríkissjóður átti jörðina, en 1907 var ákveðið að leggja prestakallið þar niður, og með því stóð presturinn þá, en söfnuðurinn var óánægður með, að það yrði lagt niður, og fékk það aftur tekið upp, að þar skyldi vera sérstakt prestakall, Stóra-Núpsprestakall. Þá var búið að selja jörðina, og þá var fengin önnur jörð fyrir prestinn til að búa á, sem er Skarð, og þar hefur hann búið síðan, og það er sjálfsagður hlutur að kenna söfnuðinn við Skarð, en ekki jörð, sem komin er í einstaks manns eigu, þó að einhvern tíma hafi búið á henni prestur. — Sama er að segja um Þingeyraklaustur; það eru nokkur hundruð ár síðan það var lagt niður. Ég tel það lýti á kirkjunni að binda sig við svoleiðis nöfn og finnst það fjarri öllu lagi. Ég vil láta halda þeirri reglu, sem fyrir forgöngu Vilmundar Jónssonar var tekin upp, þegar læknaskipuninni var breytt, að kenna hvert læknishérað við læknissetrið. Ég vil þess vegna láta prestaköllin heita eftir prestssetrunum, með þeirri undantekningu þó, þar sem ekki er hægt að ákveða prestssetur, eins og t. d. í Hvítanesprestakalli, sem hefur verið kallað Ögurþing. Það er vafasamt, hvort presturinn á heldur að búa í læknisbústaðnum, sem stendur auður í Ögri, eða byggja á yfir hann nýtt hús í Súðavík. Af því að þetta er óákveðið og n. er ekki sammála um þetta, þá lét hún þarna halda sér nafnið Ögurþing á þessu prestakalli. En alls

staðar þar, sem mögulegt er að ákveða, hvar presturinn verður, þá á að kenna prestakallið við það.

Loks vil ég svo benda á, að við það að samþ. brtt., sem við 4 nm. flytjum sameiginlega, sparast kostnaður. Einnig vil ég benda á, að tvö af þessum prestssetrum eru enn prestslaus og ekki líkur til, að prestar fáist þangað, fyrr en byggt hefur verið upp þar. Það er augljóst, að það verður að láta sitja fyrir að byggja yfir þá presta, sem búa í álíka lélegum húsakynnum, en þjóna fleiri hundruð eða þúsund manns. Það er ljóst, að þótt þetta verði samþ., eru líkur til, að það líði 2—3 áratugir, þar til ríkið sér sér fært að byggja og þangað til þarna kemur prestur, en sá prestur, sem þjónar þar, verður á hálfum öðrum launum. Nú er þetta svo, og það er bezt að klykkja út með því, að áhuginn fyrir þessari þjónustu, prestsþjónustu úti á landi, sýnir sig í því, — verst að biskup er ekki hér staddur í hliðarherberginu, — að í vetur er einn prestur landsins, sem situr í Hafnarfirði og lætur nágrannaprestinn þjóna fyrir sig. Áhuginn er ekki meiri en þetta. Þennan prest vantar eitt ár til að ná aldurstakmarkinu, en getur ekki hugsað sér að þjóna þennan tíma og fær nágrannaprestinn til að þjóna fyrir sig, og það eru fleiri slík dæmi, sem mætti nefna.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Það má segja um afstöðu hv. 1. þm. N-M., að hún er að öllu leyti samkvæm þeirri afstöðu, sem hann tók í upphafi þessa máls í mþn., þar sem hann hafði sérstöðu, og hún kom fram í umr. um þetta mál. Að því leyti eru till. hans í samræmi við þetta og þá einnig það, að hann gerir sér ljóst, að ef þessar till. eru samþ., er hann ber fram bæði sem nefndarmaður og einnig á sérstöku þskj. margar brtt., sem n. hefur ekki fallizt á, þá fer frv. ekki í gegn á þessu þingi. Og það er hans afstaða í málinu, eins og fram kom við umr.

Ég gat þess, þegar málið kom aftur til þessarar hv. deildar, að ég vildi, að málið væri afgreitt á þessu þingi, ef unnt væri. Ég benti á það, sem að vísu þarf ekki að endurtaka, en má þó minna á, að sú n., sem farið hefur með þetta mál, hefur tekið tillit til þeirra tillagna, sem samþ. hafa verið, og gert að kennsluprestum álíka marga presta og fækkað hafði verið um í þeim l., sem hér hafa verið samþ., en framkvæmd hefur beðið á. Ég lýsti þá þó yfir, að þessi tala væri e. t. v. rausn af ríkisins hálfu, en það er svo um fleira og því ástæðulaust að ganga lengra í að fækka prestum að sinni, meðan ekkert slíkt er gert á öðrum sviðum í þjóðfélaginu. Það mætti að sjálfsögðu, ef þau mál væru hér til umræðu, benda á með svipuðum rökum, að hægt væri að fækka annars staðar. Ég hef álitið, að kirkjunni væri bezt borgið með því, að tölu presta væri stillt í hóf og hægt væri að byggja upp á prestssetrunum, en á því hefur orðið töf víða, og gert þannig við presta, að þeir hefðu hæfilega vinnu og sæmilega aðbúð af ríkisins hálfu. Við þetta miðaðist afstaða mín, er mér fannst tala presta rausn, og við þetta miðast fylgi mitt við frv. Ég áleit, að ef frv. yrði raskað frá því, sem það kom frá n., yrði erfitt að koma því í gegnum þingið.

Sjónarmiðin eru næstum jafnmörg og þm. — Það er svo með hv. 1. þm. N-M., að hann hefur verið í þessari n. og athugað þetta mál og hefur sína skoðun á því. En það hafa einnig allir aðrir hv. þm., sem þekkja til í einhverjum hluta landsins, og það má endalaust deila um, hvar prestssetur á að vera og hvar er of og hvar er van, og það er ekki líklegt, að betri niðurstöðu verði að finna í málinu en þá, sem n., er setið hefur yfir rannsókn málsins heilt sumar og í eru valdir menn, hefur komizt að niðurstöðu um.

Eins og ég tók fram, hefur þessu frv. verið breytt nokkuð í hv. Nd., og lýsti ég þeim breytingum, er umr. hófst, og sagði, að afstaða mín til málsins væri undir því komin, hvaða möguleikar væru til að koma málinu gegnum þingið, og það var af þeim ástæðum, að ég óskaði eftir, að menntmn. þessarar deildar héldi fund með menntmn. hv. Nd., og sá fundur hefur nú verið haldinn. Það kom í ljós á þessum fundi, að ekki er líklegt, að hægt verði að ná samkomulagi um málið, ef gerðar verða verulegar breytingar á því hér í þessari deild. Það stendur þannig á, að það er ekki hægt að fá þær breytingar á málinu, er ég lýsti yfir, þegar málið kom aftur til deildarinnar, að ég teldi eðlilegar breytingar, sem sagt, að málið væri fært í það horf, sem menntmn. hv. Nd. leggur til, og það stafar af því, að alþm. hafa mismunandi áhuga fyrir prestaköllunum, af því að þeir telja þau mismunandi nauðsynleg, m. a. hefur hv. Sósfl. staðið óskiptur með Breiðabólstað á Skógarströnd. Það er skrýtið, og er útilokað, að samkomulag náist um það, þótt samkomulag næðist um að fella niður önnur prestaköll. Sem sagt, það geta komið einkennileg atriði og áhugamál inn í þessi trúmál, ekki síður en önnur mál. Ég held þess vegna, að fyrsta leiðin til að ná samkomulagi sé sú að breyta ekki verulega til frá því, sem frv. var samþ. í hv. Nd. Það hefur, eins og ég gat um, sú breyting verið gerð á frv. frá því, sem það kom frá mþn., að fjölga um tvo presta, og það get ég ekki talið stórfellda breytingu. Ég hef þess vegna hugsað mér, að hægt væri að ná samkomulagi um frv. á þeim grundvelli, að samþ. væru úr till. meiri hl. menntmn. a-liðurinn og b-liðurinn, sem leiðir af samþykkt a-liðarins, því að þannig stendur á, að í Árnessýslu eru, eftir að frv. kemur frá Nd., 9 prestar. M. ö. o. fjölgar þar frá því, sem var, um einn prest, og raunar tvo, því þótt samkvæmt l. væri prestur á Þingvöllum, hafði það ekki komið til framkvæmda. Um leið og Stóri-Núpur er samþ. sem prestssetur, er eðlilegt að fella Selfoss niður sem sérstakt prestssetur og hafa prestinn í Hraungerði. Ef Selfoss svo stækkar og þessi brtt. verður samþ., er leyfilegt að flytja prestinn þangað. Með þessu móti verða 8 prestar í Árnessýslu. Hins vegar get ég ekki mælt með, að neinar aðrar till. hv. menntmn. verði samþ. Og satt að segja bjóst ég við því eftir samtali mínu við ýmsa nm., að þeir mundu fallast

á að draga till. að öðru leyti til baka, af því að þeim er kunnugt eftir viðræðurnar við menntmn. hv. Nd., að ef þessar till. verða samþ., eru miklar líkur til, að frv. nái ekki fram að ganga, og mér er kunnugt um, að margir þeirra telja breytingarnar á frv., þar sem ekki er fjölgað um nema tvo presta, ekki svo stórvægilegar, að þeir geti ekki fellt sig við þær. — Með því að þessar breytingar hafa verið gerðar, leggjum við hæstv. dómsmrh. svo til á þskj. 753, að prestunum á Tjörn á Vatnsnesi og Staðarhrauni verði gert að skyldu að annast kennslu jafnhliða sínum prestsstörfum. — Ég vil svo ítreka þessi tilmæli mín og hef ástæðu til að halda, að sumir nm. muni geta fallizt á að verða við þessu. Afstaða hv. 1. þm. N-M. kann að vera sú, að hann geti ekki fallizt á þetta, vegna þess að hans afstaða til þessa máls, eins og ég sagði áðan, miðast við það, að málið nái ekki fram að ganga á þessu þingi. Ég þarf naumast að taka fram, að ég er andvígur till. hv. 1. þm. N-M. á þskj. 750, því að auðsætt er, að ef brtt. n., sem ég vek athygli á að er samin áður en n. átti samtal við menntmn. hv. Nd., yrði til að stöðva málið, gefur að skilja, að till. hv. 1. þm. N-M. yrði því fremur til að stöðva það, þar sem hún er enn fjarlægari vilja hv. Nd. — En til þess að fullnægja þeim sjónarmiðum, sem fram hafa komið í þessu máli í þessari deild, hef ég ásamt hæstv. utanrrh. flutt brtt. á þskj. 753 um, að Tjörn á Vatnsnesi og Staðarhraun verði gerð að kennsluprestaköllum. Það hafa ekki komið fram mótmæli um, að þessi háttur verði á hafður um Tjörn, enda erfitt að mótmæla því. Hins vegar komu frá hv. 1. þm. N-M. mótmæli gegn því, að prestinum á Staðarhrauni væri gert að kenna jafnhliða, vegna þess að sýslan hefði í hyggju að stofna barnaskóla sameiginlega fyrir alla sýsluna. Það fer að verða vandlifað með þessa presta og störf þeirra, ef prestur á ekki að geta kennt í skóla, þó að hann sé ofar í héraðinu. Hvers vegna skyldi hann ekki geta búið í skólanum? Það mætti taka þau rök, sem háttvirtir andstæðingar hafa notað, og benda á, að prestar hafa sinnt kennslu í stórum stíl og ekki alltaf nálægt prestssetrunum, sem rök fyrir því, að prestarnir hafi lítið að gera. Hvers vegna ætti þessi prestur ekki að geta búið í skólanum yfir veturinn og sinnt kennslu? Ég vil benda á, að presturinn á Prestsbakka í Hrútafirði hefur á annan áratug kennt við Reykjaskóla og búið þar, og er þó meiri vegalengd að fara og oft ófært yfir Hrútafjörð. Held ég þó, að enginn á þeim stað, sem presturinn átti að þjóna, hafi haldið því fram, að þau störf væru ekki vel af hendi leyst. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu, þar sem starf þessara manna er ekki meira en raun ber vitni, að þeir annist kennslu jafnframt. Það talaði enginn um, þegar séra Jón Guðnason var aðalkennari við Reykjaskóla, að hann sinnti illa starfi sínu, og hafði heldur enginn ástæðu til. Ef þessi brtt. verður samþ. ásamt a- og b-lið brtt. menntmn., held ég, að verði hægt að ná samkomulagi í Nd. og koma málinu fram. Og ég held, að það sé ekki hægt að ganga fram hjá því, að um leið og prestarnir taka við kennslunni, þar sem kennaralaun eru allhá, sé að því verulegur sparnaður fyrir ríkið, að prestar annist kennsluna, og með því er fullnægt að nokkru sjónarmiði þeirra, sem vildu fella prestssetrin niður. Það verður alltaf að reyna að samhæfa sjónarmiðin þannig.

Hvað viðkemur till. hv. 2. þm. S-M. um að taka aftur upp Mjóafjörð, þá greiddi ég atkv. gegn því, að hann væri felldur niður, og mun greiða atkv. með því, að hann verði aftur tekinn upp. Ég geri ráð fyrir eftir áhuga hv. Nd. á að hafa marga presta í landinu, að það verði ekki til fyrirstöðu þar.

Varðandi till. hv. þm. Barð. um Þingvallaprestinn veit ég ekki, hve mikla áherzlu Nd. leggur þar á. En ég get sagt það hér, að vitanlega er þetta ekkert annað en formsatriði fyrir ráðherra, því að engum kirkjumrh. dytti í hug að skipa í þetta embætti nema að fengnum tillögum frá biskupi og guðfræðideild háskólans.

Viðvíkjandi því að fella niður 7. gr. frv., þá finnst mér þetta vera svona álíka og Holtavörðuheiði vegamálanna, þ. e. a. s., þessi prestur hefur ekki fast aðsetur í neinu ákveðnu kjördæmi og er því ekki neitt sérstakt áhugamál neins hv. þm. En ég mun greiða atkvæði á móti því að fella þessa gr. niður, af því að ég hafði ákveðið að fylgja frv. nokkurn veginn í aðalatriðum eins og það kom frá milliþn.

Ef samþ. eru a- og b-liður till. meiri hl. menntmn. og brtt. mín og hæstv. dómsmrh., tel ég víst, að frv. verði samþ. í hv. Nd. Ég tel því, að þeir hv. þm., sem eru á móti því að taka upp þessa nýju presta, sem samþykktir voru í Nd., ættu að sættast á þessa lausn, svo að málinu verði borgið á þessu þingi.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt svo hljóðandi skrifleg brtt. frá hv. 1. þm. N-M.:

„Við 6. gr. Á eftir orðinu „Skeggjastöðum“ bætist: Mjóafirði.“

Þessi till. er of seint fram komin og þar að auki skrifleg, og þarf því tvöföld afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 764) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Sigurður Ó. Ólafsson): Herra forseti. Ég gat ekki orðið samferða meðnefndarmönnum mínum í menntmn., og ber ég því fram minnihlutaálit, sem ég stend einn að, en þar legg ég til, að allar þær brtt., sem fram höfðu komið, er n. lauk störfum sínum, verði felldar. Um þær brtt., sem fram hafa komið síðan, var mér eðlilega ekki kunnugt þá.

Þegar þetta mál kom aftur frá hv. Nd., var sú breyting á það komin, að tala presta í landinu var orðin 118, þ. e. a. s., prestaköll voru 117, en umferðarprestur einn. En eins og málið kom frá milliþn. þá var tala prestsembætta 116, prestaköll 114, en umferðarprestar tveir.

Þegar maður lítur á þetta mál í heild, þá virðist, að þeir, sem er annt um, að þetta mál nái fram að ganga á þessu þingi, geti sætt sig við þá úrlausn, er það fékk í hv. Nd. En svo hefur því miður ekki reynzt. Meiri hl. menntmn. hv. Nd., að ef þessar till. verða samþ., eru miklar líkur til, að frv. nái ekki fram að ganga, og mér er kunnugt um, að margir þeirra telja breytingarnar á frv., þar sem ekki er fjölgað um nema tvo presta, ekki svo stórvægilegar, að þeir geti ekki fellt sig við þær. — Með því að þessar breytingar hafa verið gerðar, leggjum við hæstv. dómsmrh. svo til á þskj. 753, að prestunum á Tjörn á Vatnsnesi og Staðarhrauni verði gert að skyldu að annast kennslu jafnhliða sínum prestsstörfum. — Ég vil svo ítreka þessi tilmæli mín og hef ástæðu til að halda, að sumir nm. muni geta fallizt á að verða við þessu. Afstaða hv. 1. þm. N-M. kann að vera sú, að hann geti ekki fallizt á þetta, vegna þess að hans afstaða til þessa máls, eins og ég sagði áðan, miðast við það, að málið nái ekki fram að ganga á þessu þingi. Ég þarf naumast að taka fram, að ég er andvígur till. hv. 1. þm. N-M. á þskj. 750, því að auðsætt er, að ef brtt. n., sem ég vek athygli á að er samin áður en n. átti samtal við menntmn. hv. Nd., yrði til að stöðva málið, gefur að skilja, að till. hv. 1. þm. N-M. yrði því fremur til að stöðva það, þar sem hún er enn fjarlægari vilja hv. Nd. — En til þess að fullnægja þeim sjónarmiðum, sem fram hafa komið í þessu máli í þessari deild, hef ég ásamt hæstv. utanrrh. flutt brtt. á þskj. 753 um, að Tjörn á Vatnsnesi og Staðarhraun verði gerð að kennsluprestaköllum. Það hafa ekki komið fram mótmæli um, að þessi háttur verði á hafður um Tjörn, enda erfitt að mótmæla því. Hins vegar komu frá hv. 1. þm. N-M. mótmæli gegn því, að prestinum á Staðarhrauni væri gert að kenna jafnhliða, vegna þess að sýslan hefði í hyggju að stofna barnaskóla sameiginlega fyrir alla sýsluna. Það fer að verða vandlifað með þessa presta og störf þeirra, ef prestur á ekki að geta kennt í skóla, þó að hann sé ofar í héraðinu. Hvers vegna skyldi hann ekki geta búið í skólanum? Það mætti taka þau rök, sem háttvirtir andstæðingar hafa notað, og benda á, að prestar hafa sinnt kennslu í stórum stíl og ekki alltaf nálægt prestssetrunum, sem rök fyrir því, að prestarnir hafi lítið að gera. Hvers vegna ætti þessi prestur ekki að geta búið í skólanum yfir veturinn og sinnt kennslu? Ég vil benda á, að presturinn á Prestsbakka í Hrútafirði hefur á annan áratug kennt við Reykjaskóla og búið þar, og er þó meiri vegalengd að fara og oft ófært yfir Hrútafjörð. Held ég þó, að enginn á þeim stað, sem presturinn átti að þjóna, hafi haldið því fram, að þau störf væru ekki vel af hendi leyst. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu, þar sem starf þessara manna er ekki meira en raun ber vitni, að þeir annist kennslu jafnframt. Það talaði enginn um, þegar séra Jón Guðnason var aðalkennari við Reykjaskóla, að hann sinnti illa starfi sínu, og hafði heldur enginn ástæðu til. Ef þessi brtt. verður samþ. ásamt a- og b-lið brtt. menntmn., held ég, að verði hægt að ná samkomulagi í Nd. og koma málinu fram. Og ég held, að það sé ekki hægt að ganga fram hjá því, að um leið og prestarnir taka við kennslunni, þar sem kennaralaun eru allhá, sé að því verulegur sparnaður fyrir ríkið, að prestar annist kennsluna, og með því er fullnægt að nokkru sjónarmiði þeirra, sem vildu fella prestssetrin niður. Það verður alltaf að reyna að samhæfa sjónarmiðin þannig.

Hvað viðkemur till. hv. 2. þm. S-M. um að taka aftur upp Mjóafjörð, þá greiddi ég atkv. gegn því, að hann væri felldur niður, og mun greiða atkv. með því, að hann verði aftur tekinn upp. Ég geri ráð fyrir eftir áhuga hv. Nd. á að hafa marga presta í landinu, að það verði ekki til fyrirstöðu þar.

Varðandi till. hv. þm. Barð. um Þingvallaprestinn veit ég ekki, hve mikla áherzlu Nd. leggur þar á. En ég get sagt það hér, að vitanlega er þetta ekkert annað en formsatriði fyrir ráðherra, því að engum kirkjumrh. dytti í hug að skipa í þetta embætti nema að fengnum tillögum frá biskupi og guðfræðideild háskólans.

Viðvíkjandi því að fella niður 7. gr. frv., þá finnst mér þetta vera svona álíka og Holtavörðuheiði vegamálanna, þ. e. a. s., þessi prestur hefur ekki fast aðsetur í neinu ákveðnu kjördæmi og er því ekki neitt sérstakt áhugamál neins hv. þm. En ég mun greiða atkvæði á móti því að fella þessa gr. niður, af því að ég hafði ákveðið að fylgja frv. nokkurn veginn í aðalatriðum eins og það kom frá milliþn.

Ef samþ. eru a- og b-liður till. meiri hl. menntmn. og brtt. mín og hæstv. dómsmrh., tel ég víst, að frv. verði samþ. í hv. Nd. Ég tel því, að þeir hv. þm., sem eru á móti því að taka upp þessa nýju presta, sem samþykktir voru í Nd., ættu að sættast á þessa lausn, svo að málinu verði borgið á þessu þingi.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt svo hljóðandi skrifleg brtt. frá hv. 1. þm. N-M.:

„Við 6. gr. Á eftir orðinu „Skeggjastöðum“ bætist: Mjóafirði.“

Þessi till. er of seint fram komin og þar að auki skrifleg, og þarf því tvöföld afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 764) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Sigurður Ó. Ólafsson): Herra forseti. Ég gat ekki orðið samferða meðnefndarmönnum mínum í menntmn., og ber ég því fram minnihlutaálit, sem ég stend einn að, en þar legg ég til, að allar þær brtt., sem fram höfðu komið, er n. lauk störfum sínum, verði felldar. Um þær brtt., sem fram hafa komið síðan, var mér eðlilega ekki kunnugt þá.

Þegar þetta mál kom aftur frá hv. Nd., var sú breyting á það komin, að tala presta í landinu var orðin 118, þ. e. a. s., prestaköll voru 117, en umferðarprestur einn. En eins og málið kom frá milliþn. þá var tala prestsembætta 116, prestaköll 114, en umferðarprestar tveir.

Þegar maður lítur á þetta mál í heild, þá virðist, að þeir, sem er annt um, að þetta mál nái fram að ganga á þessu þingi, geti sætt sig við þá úrlausn, er það fékk í hv. Nd. En svo hefur því miður ekki reynzt. Meiri hl. menntmn.

mn. leggur til, að prestsembættum sé fækkað um fjögur, og þar að auki er svo brtt. á þskj. 750 um að leggja niður eitt í viðbót, en þá eru þau orðin fimm. Við það bætist svo tillaga frá hv. þm. Barð. um að fella niður 7. gr. frv., sem er um aðstoðarprestana. Ég verð að segja það um hv. þm. Barð., að mér kemur þessi till. hans mjög á óvart, eins og baráttu hans í þessu máli hefur verið háttað. Hann hefur allra manna mest hér á hv. Alþ. sýnt þessu máli áhuga og barizt mjög drengilega gegn því, að prestum yrði fækkað, sérstaklega í sveitum landsins. En nú leggur þessi hv. þm. til, að þessi eini aðstoðarprestur verði felldur niður úr frv. Með þessu háttalagi sínu stefnir þessi hv. þm. málinu í voða hér á Alþ., og er það, eins og ég áður tók fram, í algerri andstöðu við baráttu hans fyrir þessu máli hér áður.

Ég ætla ekki að ræða nánar um þetta nú, en legg til, að allar brtt. frá meiri hl. menntmn. á þskj. 741 verði felldar. — Hæstv. kirkjumrh. (HermJ) hefur lagt til, að a- og b-liður á þessu þskj. verði samþykktir, en þar er m. a. gert ráð fyrir, að Selfoss sé felldur niður sem sérstakt prestakall. Ég hef áður við þessar umr. lýst mig andvígan þeim tilfæringum, sem gert er ráð fyrir að fram fari í Árnesprófastsdæmi, þar sem á að leggja niður prestakall í blómlegri sveit, en fá í þess stað annað á Selfoss. Ég vil gjarnan fá prest á Selfoss, en ég vil ekki vinna það til, að Stóri-Núpur sé í staðinn lagður niður. Það er nú lagt til af meiri hluta hv. menntmn. á þskj. 741, að Selfoss verði skilinn út úr, og mun ég ekki ræða það nánar nú.

Þá eru það brtt. á þskj. 750 frá hv. 1. þm. N-M., sem ég legg til að verði allar felldar. Ég vil aðeins minnast á, að samkv. till. þessa hv. þm. er gert ráð fyrir því, að í stað nafnsins „Stóri-Núpur“ komi: Skarð. Þessi breyting kom inn í frv. í Nd. vegna áskorana frá fólkinu, sem þarna á heima. Því stendur ekki á sama um, að nafnið „Stóra-Núpsprestakall“ falli niður. Það má vel vera, að þetta sé tilfinningamál, en mér finnst alger óþarfi að breyta þarna um nafn, enda þótt presturinn sitji nú sem stendur á Skarði. Mér finnst það ákaflega einkennileg röksemdafærsla, sem hv. 1. þm. N-M. beitir í þessu máli, og legg því eindregið til, að þessi brtt. sé felld. Enda þótt presturinn sitji nú um stundarsakir á Skarði, getur vel svo farið, að hann flytjist brátt aftur að Stóra-Núpi. Enda þótt sú regla, sem milliþn. tók upp um nafngiftir á prestaköllum, geti sums staðar átt við, álít ég, að hún sé í sumum tilfellum fjarstæðukennd, og á ég þar einmitt við Stóra-Núp. Annars er þessi eltingarleikur þessa hv. 1. þm. N-M. við þetta prestakallamál óskiljanlegur öllum þeim, sem þekkja ekki til og vita ekki, að það, sem fyrir þessum hv. þm. vakir, er aðeins það, að málið dagi uppi.

Um aðrar till., sem hér hafa komið fram, get ég sagt það, að ef breytingar verða gerðar á frv., eins og það kom frá hv. Nd., þá mun ég geta fylgt till. á þskj. 753 um kennslupresta og einnig till. á þskj. 748 frá hv. 2. þm. S-M. (VH). Ég mun ef til vill einnig geta fylgt till. á þskj. 755, þ. e. a. s. fyrri lið. — Annars vil ég segja um þetta mál, að það hefði verið langæskilegast að fella allar brtt. við þetta frv. hér í hv. Ed. og samþ. það eins og það kom frá Nd. En ef eitthvað af brtt. verður samþ. við frv. hér nú, mun ég aðeins fylgja þeim, sem ég er sannfærður um, að setji málið ekki í neina hættu.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Við fyrri meðferð þessa máls hér í þessari hv. d. gerði ég grein fyrir afstöðu minni til þeirra prestakalla, sem lagt var til að felld væru niður. Öll þessi prestaköll hafa nú verið tekin upp að nýju í hv. Nd. nema Mjóifjörður, og þar að auki hefur hv. Nd. tekið upp fjögur ný kennslupresta köll.

Mér þykir sýnt, að ef frv. á að fá afgreiðslu á þessu þingi, þá verði öll prestaköll upphaflega frv. samþ. og ef til vill einhverjum bætt við. Þannig sé ég, að eins og frv. er nú, þá gerir það ráð fyrir fleiri prestum en voru í frv. milliþn. Mér finnst það því í ósamræmi við alla afgreiðslu málsins hér á hv. Alþ. að fella Mjóafjörð niður, og flyt ég því brtt. á þskj. 748 um, að hann verði aftur tekinn upp. Ég vænti þess, að hv. alþm. fallist á réttmæti till. minnar og greiði henni atkvæði.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Eins og nál. meiri hl. menntmn. ber með sér, þá hefur hann fylgt fordæmi okkar ágæta kirkjumrh. (HermJ). Mér hefur yfirleitt fundizt hann vilja spara sem mest og fækka embættum eins og hægt væri, og í þessari sparnaðarviðleitni hans höfum við í meiri hl. fylgt honum eftir föngum. En satt að segja finnst mér forusta hans nú vera að bila, er hann vill taka Mjóafjörð upp á ný, en hæstv. kirkjumrh. hefur tjáð sig fylgjandi því. Mér skilst, að hann hafi upphaflega fylgt Mjóafirði og vilji nú ekki falla frá þeirri skoðun sinni, og er það ekki nema mannlegt að vilja fylgja sannfæringu sinni.

Út af því, að farið er að tala um sparnað í sambandi við þetta mál, þá vil ég lýsa þeirri skoðun minni, að ég vil ekki fjölga prestum umfram það, sem nauðsynlegt er, til þess að guðs kristni bíði ekki tjón. En eins og málið lá fyrir í gærkvöld, virðist vera óhjákvæmilegt að byggja 2 eða 3 ný prestssetur í prestaköllum, sem við hér í þessari d. vorum búnir að fella út. Til þess að þetta hafi sem minnstan kostnað í för með sér, hefur verið lagt til, að þessum nýju prestum verði gert að skyldu að annast einnig kennslustörf. Án þess að leggja hv. 1. þm. N-M. það nokkuð til lasts, þá held ég, að hann hafi haft slæmar draumfarir í nótt, þegar hann álítur það nú ógerning fyrir prestinn á Staðarhrauni að annast kennslu á Varmalandi. Hæstv. kirkjumrh. tók hér áðan sem dæmi prestinn á Prestsbakka, sem kenndi mörg ár við Reykjaskóla. Ég skal taka annað dæmi enn nærtækara. Annar presturinn í Mýraprófastsdæmi hefur undanfarna einn eða tvo vetur stundað kennslu við unglingaskólann á Akranesi. (**Dómsmrh.**: Hann fékk annan til þess að gegna embættinu fyrir sig.) Svo er það hinn presturinn í þessu prófastsdæmi. Hann hefur fengið leyfi

til utanfarar, og mér er ekki kunnugt, að neinn hafi verið settur í staðinn fyrir hann. Ég get því ekki annað séð en presturinn á Staðarhrauni geti vel annazt þessa kennslu, þegar ágætur bílvegur er nú kominn þarna á milli. Hann getur húsvitjað í jólafríinu og messað á sunnudögum. Mér finnst hv. 1. þm. N-M. oft hafa verið rökvísari í sínum málflutningi en nú, þegar hann heldur því fram, að þetta sé ómögulegt.

Viðvíkjandi því, að búið er að ákveða með þessu frv., eins og það nú liggur fyrir, að þessir kennsluprestar afli sér einnig kennaramenntunar, þá vildi ég segja það, að mín skoðun er sú sama og áður, að ég vil alls ekki ganga miklu lengra í því en milliþn. gerði. Ég tel illa nauðsyn að þurfa að falla frá þeim breytingum, sem við vorum búnir að gera á frv. hér í þessari d., og hef ég ekki enn tekið fullnaðarákvörðun um, hvernig ég haga atkvæði mínu um þær brtt., sem fram hafa komið. Ég vil geta þess, að mér líkar að mörgu leyti vel till. hv. þm. Barð. um Þingvallaprest og betur en áður um val hans, en ég vil beina athygli manna að einu, sem varla hefur átt sér stað annars staðar, að þarna er flokkur manna sviptur kosningarrétti, sóknarmenn í tveimur sóknum á landinu, sem verða víst þeir einu á Íslandi, sem hafa ekki rétt til að velja sér prest sjálfir. Þetta er til íhugunar, og það hefði verið dálítið leiðinlegt að þurfa að gera þetta þannig, að þeir væru ekki að spurðir, sérstaklega gagnvart Úlfljótsvatnssóknarmönnum, sem hafa ekki einu sinni útsvarið hans, því að það hefur mikið að segja um það að sleppa prestinum, að hann hefur goldið útsvar í þeirri sókn, þar sem hann situr sjálfur. — En ég vildi gera grein fyrir þessu, að við höfum leitazt við að fá samkomulag um þetta, til þess að hægt sé að leysa málið á viðunandi hátt, en það hefur alls ekki fengizt, enda vil ég segja það, að ef hér kæmi fram till. nú svipuð því, sem hv. þm. Barð. bar fram hér í d., þegar málið var til fyrri umr., að senda það aftur frá sér, þá mundi ég fylgja henni. Hér var að núa okkur því um nasir einn hv. dm., að við vildum ekki geyma þetta mál vegna kosninga. En það þýðir ekki að geyma þetta frv. eins og það nú er orðið, það er engum til ánægju. Þetta hefur verið heldur vansmíðabarn, þó að margir væru um það í byrjun, og því hefur ekki farið fram við uppeldið, sem það hefur fengið hér á hæstv. Alþ.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Þetta mál, sem er komið aftur til þessarar hv. d., var rætt svo ýtarlega við fyrri umr., að ég skal ekki vera margorður að þessu sinni. Ég vil aðeins benda á, að enn þá er ekkert samkomulag um málið, hvorki í menntmn. þessarar d., þar sem n. klofnaði, né heldur milli menntmn. beggja deilda, og lítið samkomulag við hæstv. ráðh. og því minna við þingheim allan, sem sést bezt af þeim brtt., sem koma fram undir umr. Allt þetta sýnir, að hversu vel sem hefur tekizt að skipa í þessa n. á sínum tíma, þá hefur henni ekki tekizt að útbúa málið þannig, að Alþ. væri sammála um afgreiðslu þess, enda var n. ekki heldur sammála; það sýnir sá fjöldi af brtt., sem komið hefur fram frá einum mþn.-manni, hv. 1. þm. N-M., auk þess sem það er kunnugt, að aðrir nm. gengu mjög frá sinni skoðun til að fá samkomulag. Þetta er heldur ekkert undarlegt, því að sá aðili, sem á að njóta starfskraftanna, hefur aldrei verið spurður, fólkið hefur aldrei verið að spurt. Það er prestastéttin sjálf, sem hefur verið að spurð, og sérstaklega yfirstéttin, biskup landsins, biskupsritari og þeir, sem eru yfir þessum málum. Á kirkjuþinginu voru margir prestar mótfallnir frv., og fólkið var ekki spurt. Það hafa líka komið upp raddir í blöðum um það, að þetta mál ætti ekki fram að ganga á þann veg, sem það er undirbúið hér í þinginu. — Þessi fáu orð vil ég láta falla um málið sjálft. En ég vil leyfa mér að bera fram skriflega brtt., svo hljóðandi:

„1. Í stað 1.—12. gr. kemur ein grein, er verður 1. gr., svo hljóðandi:
Frestað skal til 1. janúar 1954 framkvæmd laga nr. 37 1951, um breyting á lögum nr. 45 1907, um skipun prestakalla.
2. Við 13. gr. (verður 2. gr.). Greinina skal orða svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.
3. Fyrirsögn frv. verður:
Frv. til l. um frestun á framkvæmd laga nr. 37 1951, um breyting á lögum nr. 45 1907, um skipun prestakalla.“

Till. mín við fyrri umr. var um frestun í eitt ár, en nú er till. mín um að fresta framkvæmdum í tvö ár, og geri ég ráð fyrir, að hæstv. forseti sjái sér fært að bera till. upp. Það gefur kirkjuyfirvöldunum, hæstv. ráðh. og fólkinu í landinu nægilegan tíma til þess að semja um málin og ræða þau; þess utan stangast það að sjálfsögðu ekkert á við næstu kosningar, því að þá er sú sprengihætta liðin hjá og ekki ástæða til að óttast það neitt. Þá eru líka nýir menn komnir hér að einhverju leyti inn í þingið til að fjalla um þetta mál. Þá hefur þetta mál fengið þann undirbúning, sem hægt er að láta það hafa. Það er ekki heldur annað sæmandi fyrir Alþ., úr því sem komið er, en að fara þannig með málið.

Þá hef ég borið fram tvær till. á þskj. 755, sem eru varatill. við þessa skriflegu till. Í fyrsta lagi, að á eftir 3. gr. komi ný grein, er orðist svo:

„Ráðherra skipar sóknarprest á Þingvöllum að fengnum till. frá biskupi og guðfræðideild Háskóla Íslands.“

Hæstv. ráðh. minntist á, að þetta væri raunverulega óþarft, því að hann mundi ekki skipa prest á Þingvöllum nema spyrja biskup. En ef þessi till. er samþ., þá er, eins og hv. 11. landsk. sagði, tekinn kosningarrétturinn af þessum sóknum, og það er það, sem ætlazt er til með till., að hér verði ekki kjörprestur, heldur verði valinn prestur til þess að gegna ákveðnum störfum auk hinnar venjulegu prestsþjónustu. Hv. 11. landsk. minntist á, að það væri raunverulega óviðfelldið að taka þennan rétt af sóknunum. En ég vil í sambandi við þetta benda á, að þessar sóknir hafa ekki fengið að hafa þennan rétt í meira en áratug; þeim hefur verið neitað um að velja sér prest vegna afskipta

Framsfl., sem flæmdi heiðursprest frá Þingvöllum, séra Guðmund Einarsson, og síðan hefur hvorki biskup né þeir kirkjumrh., sem setið hafa að völdum á þessu tímabili, nokkru sinni auglýst þetta prestakall til umsóknar, því að þetta embætti hefur verið skipað ekki einum presti, heldur tveimur prestum. Annar hluti sóknarinnar hefur orðið að hafa prest frá Mosfelli í Grímsnesi, en hinn frá Mosfelli í Mosfellssveit, svoleiðis að það er enginn réttur tekinn af þessum mönnum annar en sá, sem hefur verið tekinn af þeim undanfarið. En að ég vil knýja þetta fram, stafar af því, að ég álít fyrst og fremst, að slíkt prestakall eigi ekki að gera að kennsluprestakalli, vegna þess að þarna hefur verið reistur heimavistarskóli. Það mætti að vísu setja það að skyldu, að presturinn skyldi kenna við þann skóla, en það vakir fyrir mér, að þessi prestur hafi önnur störf í sambandi við Þingvelli og þjóðgarðinn. Ef þessi prestur er kosinn nú, þá getur það m. a. verið ungur prestur, prestur, sem enga hæfileika hefur til að sinna því hlutverki, sem ég ætlast til að verði hans meðhlutverk, og þá situr þessi prestur þar um aldur og ævi, ef honum þóknast, og verður þá ekki hægt að koma fram þeim umbótum síðar meir. Ef það skyldi ske, að báðar þessar till. mínar verði felldar, bæði aðaltill. og þessi, þá vildi ég vænta þess, að hæstv. kirkjumrh., sem á sæti í Þingvallanefnd, hefði um það fullt samkomulag við Þingvallanefnd að setja þar prest fyrst um sinn og láta ekki fara fram prestskjör, fyrr en það er athugað nánar, því að það eru möguleikar á næsta þingi að fá ný l. um Þingvelli yfirleitt, og ég get vel hugsað mér, að það yrði gert og um það yrði kannske samkomulag, og þá er nægilegt að setja prest á Þingvöllum, þar til séð er, hvort samkomulag næst um það mál.

Þriðja till. mín er einnig varatill., ef fyrsta till. verður felld, þ. e., að 7. gr. falli niður, en 7. gr. er um farandprest eða flökkuprest. Ég verð að segja, að mér er óskiljanlegt, þegar hæstv. kirkjumrh. hefur viðurkennt, að ekkert hérað í landinu vilji kannast við að eiga slíkan prest, — hann sé eins og vegurinn á Holtavörðuheiði, — hvers vegna hæstv. ráðh. er þá að berjast fyrir því, að verið sé að setja upp þetta embætti. Enginn vill eiga hann, allir vilja úthýsa honum, og enginn vill kannast við hann. Hv. 2. þm. Árn. skildi ekki afstöðu mína til þessa máls, af því að ég hef barizt fyrir því, að ekki væri fækkað prestum í landinu. Hann hefur þá ekki skilið mitt mál í umr., því að ég lagði áherzlu á, að ekki væri fækkað prestum í sveitum landsins, þar sem presturinn er í beinum tengslum við fólkið sjálft, en útilegupresturinn er ekki í tengslum við neina menn. Það er einhver fylgihnöttur, sem á að fara um allt landið — ég hygg bara til að þiggja laun af ríkissjóði, en honum er ekki ætlað neitt starf í þjónustu kirkjunnar, sem er ekki hægt að láta aðra menn uppfylla, án þess að embætti sé stofnað. Biskup setur unga menn, sem koma frá skóla, til þess að starfa í embættum um stundarsakir, þar sem verður prestslaust. Það væri að þyngja þessum mönnum, sem eru að byrja sína braut, að ætla að ráða einn eða fleiri presta til að gegna þessum störfum í staðinn fyrir að láta ungan kandidat aðstoða til að kynna sig þar. Það er í fullu samræmi við það, sem ég hef áður haldið fram í málinu, að ég vil ekki leggja því lið, að slíkt embætti sé stofnað. Þess utan vil ég benda á, að gert er ráð fyrir, að þessi prestur komi til með að eiga heima í Reykjavík, og ég vil benda á það, að hvar sem hann á heima, þá verður að sjálfsögðu að sjá þessum presti fyrir bústað, og það þyngir þann vanda, að hægt sé að byggja yfir presta í sveitum, og það ætti að vera næg ástæða til þess, að enginn fulltrúi úr sveit legði þessu máli lið. Í sambandi við þetta vil ég spyrja hæstv. ráðh., ef 7. gr. verður samþ., um þennan umferðarprest, hvernig hann hugsar sér í framtíðinni að ráðstafa því litla fé, sem fæst til að byggja prestsbústaði. Ætlar hann sér að láta það ganga fyrst til fjölbýlisins, til þess að byggja yfir nýja presta, sem settir eru upp í kaupstöðum og bæjum landsins, t. d. þennan farandprest, eða ætlar hann sér að uppfylla þá skyldu, sem hann ætti að vera búinn að uppfylla, að byggja á prestssetrum úti á landi, þar sem fjöldi prestssetrshúsa er í eyði og niðurníðslu fyrir það, að ekki hefur verið uppfyllt þessi skylda ríkissjóðs, og það er ástæðan fyrir því, að prestar hafa ekki fengizt í þessi héruð, sem síðan er notað gegn héruðunum sem ástæða fyrir því að fækka þar prestum, af því að enginn prestur getur verið þar fyrir húsnæðisleysi?

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða meira um málið og skal ekki tefja það að neinu leyti með málþófi. Ég tel, að ég hafi gert fulla grein fyrir mínum till., og vænti þess, að mín aðaltill. verði samþ., og tel það heppilegustu afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 765 og 766) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Það er aðeins til að gera grein fyrir tveimur skriflegum brtt. — Till. hv. 2. þm. S-M. hefur þá afleiðingu, ef hún er samþ., að ákveðið verður að láta prest í Mjóafjörð. Eins og ég hef áður tekið fram, þá er þar enginn staður til, sem ríkið hefur ráð á til að byggja hús á, og enginn staður nú til að hafa heimili, en ef Alþ. byggir, þá er ekkert við því að segja, en verði þessi till. samþ., þá er enginn vafi, að þarna verður kennsluprestur, eins og mþn. lagði til. Þess vegna er mín skriflega brtt. ekki í öðru fólgin en að bæta inn í 6. gr., að Mjóafjarðarprestur skuli vera kennsluprestur, og ef svo fer, að sú till. verður felld að taka upp prest í Mjóafirði, þá tek ég mína till. aftur, en ef sú till. er samþ., þá vænti ég þess, að hv. d. láti prestinn í Mjóafirði vera kennsluprest, því að það er þó lítill vegur, að hann hafi dálítið að gera með því, en enginn með hinu.

Hin brtt. mín er í því fólgin að taka burt úr till. ráðherranna Staðarhraun. Ég benti á það áðan, að ég teldi það koma úr hörðustu átt, ef Alþingi Íslendinga ætti með l. að fara að rifta því samkomulagi, sem nú er í Mýrasýslu um

að byggja heimavistarbarnaskóla fyrir alla sýsluna, sem ég tel til fyrirmyndar fyrir allt landið. Það er fyrsti stóri, góði barnaskólinn, sem byggður er þannig; annars hefur hver hreppur otað fram sínum skóla, sem hefur gert þá margfalt dýrari, síðan sitja kannske í skóla, sem kostar fleiri hundruð þúsund krónur að byggja, 12 krakkar. Þegar Mýrasýslumenn hafa sýnt það framtak að sameinast um þetta og gera gott og mikið átak og byggja upp þennan skóla við heita laug, þá á Alþ. ekki að koma og freista eins hrepps, svo að hann geti ekki staðizt það, því að það skilur og veit, hvernig málið horfir við, þar sem hrepparnir taka þátt sameiginlega í kostnaði við þennan skóla. Og nú er komin till. um það að setja prest á Staðarhraun, sem sé kennsluprestur, og hæstv. kirkjumrh. telur, að hann geti vel setið uppi á Varmalandi; hann ætlar honum að sitja lengra frá sókn sinni en nokkrum presti í landinu er ætlað að fara á sína annexíu. Það sér hver maður, að ef hann á að rækja prestsstarfið og söfnuðinn, þá getur hann ekki setið þarna; ef hins vegar er viðurkennt, að það sé engin þörf á honum, þá er sama, hvar hann situr. Ef hann getur þjónað Staðarhraunsprestakalli á Varmalandi, þá má fækka prestum í landinu um helming upp á það, að þá hafa þeir ekki lengra á annexíu að fara. Svo er ekki þar með búið. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að þeir prestar, sem eru kennsluprestar, hafi einum launaflokki hærri laun en aðrir prestar. Nú er það svo, að hrepparnir borga hluta af launum barnakennara; í þessu tilfelli verður sá hluti miklum mun lægri en annars staðar. Nú eiga þeir í Hraunhreppi að velja um það að rifta þeirri samþykkt, sem þeir eru búnir að gera, að sameina sýsluna um að stofna skóla og greiða árlega til skólans, eða hafa kennsluprest á Staðarhrauni og komast af með sama sem ekkert skólagjald handa sínum börnum. Ég þekki marga þessa menn, en ég þekki þá ekki svo vel, að ég viti, hvort þeir standast freistinguna að spara nokkrar þúsundir með því að taka kennsluprestinn, þegar búið er að setja þá í þessa aðstöðu, og svíkja samkomulagið, sem búið er að gera um skólastofnunina. Ég trúi því ekki, að hæstv. ráðherrar vilji setja þá í þessa aðstöðu. Ég skal viðurkenna, að þegar þessu var slegið fram í gærkvöld, þá var ég ekki búinn að átta mig á þessu, en þetta er sannleikurinn í málinu. Það er verið, með því að gera þetta, að mynda beina tilraun til þess að láta Hraunhrepp skerast úr samkomulaginu, sem búið er að gera um stofnun skólans og ég tel að öllu leyti þarft og gott og til eftirbreytni. Þess vegna er ég með þá brtt. við brtt. ráðherranna, að ef það fer svo, að till. okkar fjórmenninganna í n. á þskj. 741, um það að taka Staðarhraun út, verður felld, svoleiðis að Staðarhraun standi áfram sem prestssetur, þá er mín till. um það, að á Staðarhrauni verði prestur og prestssetur, en það á ekki að verða þess valdandi, að það sé hætta á, að þessi hreppur fari að klofna úr samkomulaginu, sem hrepparnir í sýslunni hafa gert um skólann, og ég skal lýsa því yfir, að ef meiri hl. hér í d. verður með því að láta prestinn sitja áfram á Staðarhrauni, þá skal ég sætta mig betur við það, að hann sitji þar, og sitji eins og presturinn hefur gert, messi 5—6 sinnum á ári, heldur en hann fari að sitja uppi í Stafholtstungum og ætla honum að þjóna úti á Staðarhrauni. — Það var verið að nefna dæmi um prest í Stafholtstungum, sem kenndi á Akranesi. Það er ekki til fyrirmyndar, þegar verið er að nefna dæmi um presta, sem eru prestar þarna og þarna og sitja annars staðar. Eitt af því, sem sýnir okkur, hvað fækka má prestum, er það, þegar t. d. prestarnir á Fljótsdalshéraði allir nema einn eru í Reykjavík tvo vetur í röð, og enginn virðist hafa út á það að setja. Þetta sýnir, hver áhugi er fyrir prestakallinu og hvað mikið má fækka prestum. Þegar prestur tekur að sér að kenna langt frá sínu prestsembætti og kemur einstaka sinnum í sóknina, þá vil ég ekki hafa slíkan prest. Ég er á móti þessari stefnu og víti hana. Ég vil hafa prestinn til að vera prest, og ég vil að hann hafi svo mikið að gera, að hann geti ekki bætt við sig kennslu, en ég vil ekki láta Alþ. ganga á undan og styðja að því, að rofið verði það samkomulag, sem er um barnaskólabygginguna á Varmalandi. Þess vegna vil ég heldur prest að Staðarhrauni, þó að hann geri ekkert nema að sjá um eðlilegan þroska 126 eða 130 sálna, en að setja hann í Stafholtstungur til að kenna þar krökkum.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Það hafa komið fram margir einkennilegir hlutir í þessu máli hér á hv. Alþ., enda bjóst ég við, að svo mundi verða, þegar málið var lagt fram.

Ég vildi aðeins segja örfá orð um röksemdafærslu hv. 1. þm. N-M. um að fella Staðarhraun niður sem kennsluprestakall. Rökin eru notuð á víxl í þessu máli, eftir því sem mönnum hentar. Hv. þm. segir, að það veiti ekki af prestinum, en upplýsir um leið, að í prestakallinu séu 126 sálir og presturinn muni messa 5—6 sinnum á ári. Og þó má ekki nota hann fyrir kennsluprest. Sannleikurinn er sá, að ef hann verður ekki kennsluprestur, þá kennir hann í skólanum þrátt fyrir það.

Það er rétt, sem hv. 1. þm. N-M. sagði, að erfitt er að byggja yfir prestana í sveitum landsins, og er því fremur ástæða til, að þessi prestur verði kennsluprestur og búi í skólanum. Sveitin er ein snjólausasta sveit í landinu, og það eiga að vera einhver ósköp fyrir prestinn að skreppa þarna niður eftir. Eftir þeim rökum, sem áður voru notuð, var ekkert á móti þessu, enda kirkja ekki sótt, nema þegar greiðfært er. Þá er því haldið fram, að presturinn geti ekki húsvitjað, en það ætti að vera hægt að gera það hjá þessum 126 sálum á öðrum tímum en hann kennir.

Ég veit ekki, hvort hv. þm. hefur athugað það, að þau rök, sem hann hefur komið með, eru rök gegn öllum kennsluprestum. Hann sagði, að Mýrasýsla væri þarna til fyrirmyndar, en ef þetta er til fyrirmyndar í þessari sýslu, þá er það einnig til fyrirmyndar annars staðar á landinu. Eigi að fella niður kennsluskyldu þar, er því eðlilegast að gera það alls staðar.

Það sjá vitanlega allir, að þar sem fólk vill hafa prest og eru ekki nema 126 sálir, er ekki hægt fyrir þjóðfélagið að hafa prest, nema kennsluskylda sé jafnhliða prestsþjónustunni.

Svo var það út af því, sem hv. 11. landsk. þm. sagði. Það var vitanlega vísdómslegt, eins og vænta mátti. Hann var að gefa mér pillur og sagði, að forusta mín í þessu máli væri nú að bila. Frv. er samið af n., sem m. a. áttu sæti í biskupsritari, skrifstofustjóri í stjórnarráðinu og landnámsstjóri. Í fyrra, þegar ósk kom fram um það, að málinu yrði frestað, bjóst ég ekki við að koma því í gegn, nema færustu menn væru fengnir til þess að kryfja það til mergjar. Ég bjóst við því, að það yrði um þetta mál eins og vegalögin, þar sem í báðum tilfellum er um hagsmunamál kjördæmanna að ræða, enda hefur raunin orðið sú, og augljóst er, að málið verður ekki afgr., nema reynt sé að ná samkomulagi. Betri skipun þessara mála er nauðsynleg, því að það er óþolandi, að margar beztu jarðir landsins liggi í vanhirðu, vegna þess að ekki er hægt að leigja þær nema eitt ár í senn, og enginn vill því gera þeim neitt til góða. Ég gæti talið fjölda slíkra jarða. (PZ: Og þó nokkrar, sem prestar sitja á.) Það er dómur þessa hv. þm., og skal ég ekki dæma um það.

Ég hef alltaf verið fylgjandi því að samþ. frv. eins og það kom frá mþn., — þó að ég teldi það talsverða ofrausn, — af því að n. sýndi nokkra sanngirni. Verði hins vegar samkomulag um það, að Mjóifjörður og Selfoss falli niður og að fjölgunin nemi því ekki nema tveimur prestum, sem jafnhliða prestsþjónustunni gegna kennarastörfum, hygg ég, að ekki verði komizt nær því, sem maður hefði óskað í þessu máli. Ég vil benda hv. þm. Barð. og öllum þm. á það, að það er engin lausn á málinu að fresta því nú. Þó að því verði frestað til 1955 eða 1960, verða um það sömu deilur og í dag.

Ég álít því, að við komumst ekki nær samkomulagi en þetta, og er ég sammála hv. 11. landsk. þm. um það. Ég hefði kosið, að þrjú prestaköll hefðu verið felld burt, en sætti mig við, úr því sem komið er, að þau verði gerð að kennsluprestaköllum.

ATKVGR.

Brtt. 765 felld með 9:6 atkv.
— 750,a—c felld með 10:4 atkv.
— 748 felld með 7:7 atkv.
— 741,I.a—b samþ. með 10:3 atkv.
— 750,d felld með 10:2 atkv.
— 741,I.c—f felld með 10:6 atkv.
— 741,I.g—i felld með 9:4 atkv.
— 741,I.j—k felld með 8:5 atkv.
— 750,e felld með 9:2 atkv.
— 750,f tekin aftur.
— 755,1 felld með 7:6 atkv.
— 741,II tekin aftur.
— 766 felld með 8:5 atkv.
— 753 samþ. með 9:5 atkv.
— 764 tekin aftur.
— 755,2 samþ. með 9:8 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10:4 atkv. og endursent Nd.

Á 70. fundi í Nd., 24. jan., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 767).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Ég sé á þessu frv., eins og það liggur nú fyrir, að hv. Ed. hefur breytt því nokkuð. Ég ætla ekki að fara að gera þessar breytingar að umræðuefni almennt, heldur aðeins þær, sem snerta mitt kjördæmi beinlínis.

Ég sé, að hún hefur fellt niður Selfossprestakall. Þetta mun nú vera rökstutt með því, að ef þetta sé ekki gert, þá fjölgi um presta í Árnessýslu. Ég er hissa á þessu, þar sem það er ekki vafasamt, að samkvæmt þessu frv. eins og það liggur fyrir mun prestum fjölga. Það er lögð á það áherzla, að þessi stétt sé góð og gagnleg og af henni megi mikils vænta, og með því er það rökstutt, að ekki sé rétt að fækka prestum. Og allur undirbúningur málsins og afgreiðsla byggist á því, að um fækkun presta skuli ekki vera að ræða, og þessi stefna, sem frv. styðst við, á fyllsta rétt á sér. En þá hefði ég nú kunnað betur við, að sanngirni og samræmis hefði gætt í þessu, en mér virðist, að á þetta skorti nokkuð.

Það mun vera talið, að með þeirri skipun, sem hér er gert ráð fyrir, haldi Árnessýsla sínum prestaköllum, þar sem gert er ráð fyrir því, að prestur verði á Þingvöllum, en segja má, að það sé meira í orði en á borði. Nú eru 20—30 ár síðan prestur hefur verið á Þingvöllum, og sú breyting, sem gerð hefur verið á þeim stað svo og næstu sveit, Grafningnum, miðar að því, að þar verði ekki prestur í framtíðinni. Þar eru svo lítil störf fyrir prest, að enginn mun sækjast eftir að vera þar. Í Þingvallasveit hefur ábúð verið lögð niður á mörgum jörðum, — það var gert með friðun Þingvalla, — og eru flestar jarðir þar komnar í eyði. Það sama er að segja um Grafninginn, þar hefur skipazt svo, að flestar jarðir eru komnar í eyði. Reykvíkingar hafa sótzt eftir að eignast jarðir þarna, að ég ætla til að ná í veiðiréttindi í vatninu, og um ábúð þessara jarða hefur farið svo, að þær eru nú flestar komnar í eyði. Það er þess vegna fátt fólk í þessum sveitum, og ég má upplýsa, að þetta fáa fólk berst við að halda uppi sjálfstæðu sveitarfélagi. Ég hygg því, að tæplega sé hægt að gera ráð fyrir, að prestur verði í framtíðinni á Þingvöllum, þar sem verkefni þar eru svo lítil og sá maður, sem þar kæmi og vildi sinna sínum hugðarefnum, svo sem fræðiiðkunum, hefði til þess litinn tíma sakir þess, hvað þar er ónæðissamt á sumrin, og ekki yrði það til að bæta úr skák, ef hann jafnframt prestsstörfunum á að hafa leiðbeiningar og umsjón með staðnum.

Hvað áhrærir Selfoss, þá er þar nú 1200 manns, og þetta er nýtt þorp, sem byggzt hefur upp á síðustu árum, og hefur íbúunum stöðugt fjölgað. Presturinn hefur Hraungerði ásamt þessum stað, og undir það prestakall heyra um 500 manns, sem er fleira en í ýmsum af þeim prestaköllum, sem gert er ráð fyrir víða á

landinu. Og ef litið er á þau störf eingöngu, sem prestarnir verða að vinna, þá hniga öll rök að því, að þarna eigi að vera prestur.

Ég get fallizt á, að ef það væri stefnan að fækka prestum, þá væri ekki ástæða til að hafa þarna tvo presta, en nú er það hin ríkjandi stefna þessa frv., að prestum fjölgi, og þá sé ég ekki neina ástæðu til, að þar verði látið gilda annað lögmál um Árnessýslu en aðra staði á landinu. Það kunna að liggja einhver dýpri rök fyrir þessu með Árnessýslu en ég hef gert mér ljóst í fyrstu, en ég get ekki látið það ráða afstöðu minni til þessa máls.

Hvað áhrærir að kippa þessu í lag, þá held ég, að það þyrfti aldrei að verða að friðslitum í þessu máli. Þessi staður var búinn að ganga í gegnum þrjár umr. í Ed. og síðan aðrar þrjár í Nd., en síðan er honum kippt út við fjórðu umr. í Ed., og ég ætla, að það sé engin tvísýna að færa þetta nú aftur til fyrra horfs, og ætla ég, að það geti á engan hátt orðið til þess að ráða afdrifum málsins. Ég mun því freista þess að bera fram við þetta brtt. nú, þess efnis, að Selfoss verði tekinn upp og hann gerður prestakall óháð Hraungerði, og vil ég biðja forseta að leita eftir afbrigðum fyrir þessari brtt.

Forseti (SB): Hv. þm. hafa heyrt þessa brtt. hv. 1. þm. Árn. Hún er skrifleg og of seint fram komin, og þarf því að leita afbrigða fyrir henni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 776) leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Frv. þetta hefur tekið allmiklum breytingum síðan það fór frá þessari hv. deild. Það lá svo fyrir, að í Ed. voru gerðar á því allverulegar breytingar, og það er ekki efi á því, að í þeirri hv. deild var mikill meiri hluti með því að fella niður allmiklu fleiri af þeim prestaköllum, sem inn í frv. var bætt hér. Meðal þessara prestssetra voru Tjörn á Vatnsnesi, Breiðabólstaður og Staðarhraun, og ég má fullyrða, að ég segi ekki of mikið, þó að ég segi, að það var mikill meiri hluti fyrir því að fella þessi prestssetur niður. Enn fremur var ákveðið, eftir að prestssetur voru orðin níu í Árnessýslu, að fara svo sem gert var með Selfoss og Hraungerði. Síðan var haldinn fundur sameiginlega með menntmn. Ed. og Nd., og kom í ljós á honum, að ekki mundi nást samkomulag um, að Ed. mælti með öllum þeim breytingum, sem Nd. hafði þá lagt til, að gerðar yrðu til fjölgunar. Og þær minnstu breytingar, sem á var hægt að sættast af þessum meiri hluta Ed., voru, að Tjörn og Staðarhraun skyldu vera gerð að kennsluprestaköllum, og eftir að prestssetrin í Árnessýslu voru orðin 9, að prestssetrið á Hraungerði mætti flytjast að Selfossi, ef hentara þætti.

Við töldum, að ekki væri um annað að ræða en að gera sem minnstar breytingar og þannig *væri líklegast að málið næði fram að ganga á* Alþingi. Það var því allt gert í Ed. til að búa frv. þannig úr garði, að það mætti ná fram að ganga í þessari hv. d., því að það var sjáanlegt, að ef það yrði að fara til Sþ., þá væru um leið miklar líkur til, að það næði ekki fram að ganga á þessu þingi. Þannig var af meiri hluta Ed. gengið eins langt í samkomulagsátt og hægt var til þess að koma málinu fram.

Það hafa komið raddir um, að fólk sé ekki ánægt með þetta. Það verður aldrei samþykkt svo frv., að allir verði ánægðir með það. Þó að málinu verði frestað um 1, 2 eða 3 ár, verður aldrei samþ. frv., sem allir eru ánægðir með. Þetta er sams konar mál og hér hafa verið á þingi. Þótt ef til vill sé ekki leyfilegt að bera saman svo óskylda hluti, annars vegar andlega og hins vegar veraldlega, þá er þetta eins og var um vegalögin hér á Alþingi, og er hafður einmitt sami háttur á hér og var við það mál. Í báðum tilfellunum er um að ræða hagsmunamál kjördæmanna, og þar er skyldleiki málanna, þó að annað málið varði andlega og hitt veraldlega velferð eða hagsmuni kjördæmanna. Verður þetta frv. ekki afgr., nema menn reyni að ná samkomulagi um það, sem snertir ýtrustu hagsmuni kjördæmanna. Ef það á að koma betri skipun á þessi mál, þá held ég, að bezt sé að fara sem næst till. sérfróðra manna, sem hafa verið valdir til að athuga þetta. — Ég ætla ekki að eyða hér löngum tíma í ræðuhöld, en ætla aðeins að minnast á Selfoss.

Hugsið ykkur þau rök, sem hv. 1. þm. Árn. beitti hér áðan. Þannig er málinu farið, að í fámennri sókn hefur verið ákveðið prestssetur, og er það gert á móti vilja ýmissa þm. Nú, þegar frv. er orðið þannig, notar hv. 1. þm. Árn. það sem rök fyrir sínu máli, að þar sem svo er ástatt, að fámenn sókn hafi prest, eigi Selfoss einnig að hafa sérstakan prest. Jafnframt upplýsir hann, að þarna séu um 1200 manns og í sveitunum í kring sé á 5. hundrað manns. En í l. er ákveðið, að einn prestur skuli vera á hver 4 þús. íbúa og í Reykjavík á hver 5 þús. Einnig er ekkert lengra frá þessu prestssetri til Selfoss heldur en sumar vegalengdirnar, sem prestar hér í Reykjavík þurfa að fara. Nú er komið með þá brtt. að gera Selfoss að prestssetri þrátt fyrir þessi ákvæði laganna. Vitanlega leiðir af lögunum, að ef svo margir setjast að á Selfossi, þá kemur þar sérstakur prestur. Það er annað atriði og mun leiða af sjálfu sér.

Svo er það annað, sem vert er að komi hér fram varðandi það, að Staðarhraunsprestur hefur verið gerður að kennslupresti, og hefur honum verið lögð kennsluskylda á herðar. Hefur þessari ráðstöfun verið mótmælt. Hv. þm. Mýr. er búinn að biðja hér um orðið, og þykist ég vita, að hann ætli einnig að mótmæla þessu, og ætla ég að svara því fyrir fram. Það er rétt, að Mýramenn hafa ákveðið að hafa sameiginlegan skóla fyrir alla sýsluna. Ef svo er, að þetta sé röng ákvörðun, sem tekin hefur verið varðandi Mýrasýslu, þá er það líka vitleysa, sem þingið ákveður. Ef þetta verður samþ. varðandi Mýrasýslu, er ekkert líklegra en aðrir staðir taki sömu ákvarðanir og taki Mýrasýslu sér til *fyrirmyndar*. Þá eru líka þessi kennsluprestaákvæði eintóm vitleysa. — Það er sagt, að það sé útilokað, að presturinn geti búið á prestssetrinu og kennt í skólanum, þar sem það sé

svo mikil vegalengd fyrir hann. Ég held, að það sé eitthvað milli 60 og 70 km. Aldrei var talað um það sem neitt þrekvirki, þegar einn af beztu klerkum þessa lands, Jón Guðnason, kenndi um 10—20 ára skeið í skólanum á Reykjum í Hrútafirði og bjó sjálfur á Prestsbakka, sem er hinum megin við Hrútafjörðinn. Er það miklu meiri vegalengd og oft ófær eða illfær. Þótti engin ástæða til að kvarta undan því, þó að hinn aldraði klerkur þjónaði í sinni sókn og innti jafnframt af hendi kennslustörf handan fjarðarins. Þótti slíkt aðeins til fyrirmyndar. — Nú er það vitað mál, að Mýrasýsla er ein snjóléttasta sveit landsins, og er að mestu leyti hægt að ferðast þar um á bíl. Eftir þeim upplýsingum, sem hv. þm. Mýr. hefur gefið, þá er í þessum söfnuði 126 manns. Ef 126 manna söfnuður telur sig ekki geta komizt af án sérstaks prests, getur ríkið ekki látið hann hafa prest, nema sá prestur hafi önnur störf með höndum. Þetta kennsluprestafyrirkomulag er aðeins tilraun, sem enn er ekki vitað, hvernig lánast. Verður maður að bíða og sjá, hvernig þetta fer, bæði með Staðarhraun og aðra staði.

Ég las í einu dagblaðanna ummæli eins prests, sem hefur dvalið hér í Reykjavík um tíma tvo undanfarna vetur. Telur hann nauðsynlegt fyrir sig að dvelja hér tíma úr árinu til þess að halda sér andlega vakandi. Segist hann munu segja af sér, ef farið væri fram á það við hann, að hann hætti því. Nú á presturinn á Þingvöllum ekki að geta dvalið þar, því að þar sé ekki nægilega margt fólk. Prestarnir mega sem sagt ekki dvelja í fjölmenni og ekki heldur í fámenni. Í Staðarhraunssókn er aðeins 126 manns, og er hægt að fara í bíl milli skólans og prestssetursins mestan hluta ársins. Það virðist því sem presturinn á Staðarhrauni megi ómögulega vera í þeim andlega menningarstraumi, sem hann yrði í við skólann, og kenna börnunum, vera meðal barnanna og rækja það starf, sem presti og kennara ber að rækja. Held ég, að þeir andlegu straumar þar gætu verið eins hollir og andlegir straumar hér í Reykjavík.

Ég hef aldrei gert mér vonir um, að ég mundi ráða þessu máli hér á Alþingi, enda hef ég lítið til þess gert. Það er erfitt að ráða gangi þess, en vonandi sýna hv. þm. tillitssemi í þessu máli, þó að það sé viðkvæmt kjördæmamál. Heppilegast væri, ef hv. d. vildi hliðra til eins og hv. Ed. gerði. Nú eru prestarnir jafnmargir og þeir voru á upphaflega frv., en skipun þeirra er eitthvað breytt. Kirkjan getur alltaf tekið upp baráttu sína fyrir umferðarprestum. Við atkvgr. um þetta í Ed. munaði einu atkv., og virðist vilji fyrir því hér. En eins og ég sagði, þá getur kirkjan hvenær sem hún vill tekið upp sjálfstæða baráttu fyrir því að fá umferðarpresta, sem geta hlaupið í skörðin, þegar á liggur.

Skal ég svo ekki orðlengja þetta frekar, en vil leggja ríka áherzlu á, að ef breyting verður nú gerð á frv., er tvísýnt um, að það nái fram að ganga á Alþingi, og reyndar ekki útlit fyrir, að það nái fram að ganga. Ef þessi hv. d. gerir ekki breytingar á frv., er samt víst, að sú tilhliðrunarsemi er minni en sú, sem hv. Ed. sýndi, þegar tekið er tillit til þess, að þar var mikill vilji til að gera afar stórfelldar breytingar á frv., eins og öllum hv. þm. þessarar d. er í fersku minni og vel kunnugt um.

Andrés Eyjólfsson: Herra forseti. Ég er nú svo lánsamur, að hæstv. kirkjumrh. er búinn að svara ræðu minni fyrir fram og þá sjálfsagt líka búinn að rífa hana niður, áður en ég flyt hana. — Þrátt fyrir það, að búið er að rífa ræðu mína niður fyrir fram, er það ein breyting, sem gerð var á frv. í hv. Ed., sem ég vildi minnast á. Það er sú breyting, að Staðarhraun hefur verið gert að kennsluprestakalli. Ég vil þegar geta þess, að ég er einn af þeim mörgu, sem vilja, að málið nái fram að ganga á þessu þingi. Hefði ég látið við svo búið sitja sem frv. kom frá Ed., ef ekki hefði staðið alveg sérstaklega á í minni sýslu. Eins og hæstv. kirkjumrh. gat um, þá er búið að ákveða skólabyggingu handa sýslunni. Eru það sjö hreppar, sem að þessari skólabyggingu standa, og þar á meðal Staðarhraunssókn. Er hægt að segja, að með þessu sé verið að gefa einum eða jafnvel tveimur hreppum ástæðu til að kljúfa þessa einingu. Það er þessi hætta, sem fyrir mér vakir, þegar ég vil ekki gera Staðarhraun að kennsluprestakalli. Einnig er það mjög óheppileg ráðstöfun, þar sem þetta prestssetur er úti á enda sýslunnar, og þess vegna hefur enginn prestur sýslunnar óhægari aðstæður til að vera þarna kennari jafnframt því, sem hann þjónar í sinni sókn. Búið er að leggja grunninn að barnaskólanum, og má vænta þess, að honum verði fullkomlega lokið og hann geti tekið til starfa haustið 1953. Ég hef því ákveðið að leyfa mér að bera fram skriflega brtt. um, að Staðarhraun falli burt úr 6. gr. — Um þá andlegu strauma, sem hæstv. kirkjumrh. talaði um, skal ég segja það, að það er reyndar satt, að þarna er kvennaskóli rétt við hliðina, og gæti prestinum þótt það þægilegra og skemmtilegra, einkum ef hann er ungur og ógiftur. — Mér þykir þetta svo klúðurslegt, að þótt það verði samþ. óbreytt, held ég, að það nái aldrei fram að ganga. Er svo með fleiri af þessum ákvæðum um kennslupresta.

Eitt annað vildi ég benda á, sem snýr að skólamálunum. Það getur verið illt og leiðinlegt fyrir sýsluna, þegar hún er búin að koma sér upp góðum barnaskóla og vill fá til hans góða kennara, að þá fær skólanefndin engu um ráðið, hvers konar maður er ráðinn. Og ef ákveðinn kennari er kominn að skólanum, verður skólinn að sitja uppi með hann, hvort sem hann er fær um að kenna eða ekki.

Ég ætla ekki að þreyta hv. þdm. með því að orðlengja þetta, þeir skilja allir, hvað hér er á ferðinni. Leyfi ég mér hér með að afhenda hæstv. forseta þessa skriflegu brtt.

Forseti (SB): Hv. þm. hafa heyrt brtt. frá hv. þm. Mýr. Hún er skrifleg og of seint fram komin, og þarf tvöföld afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 777) leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. Ed. hefur gert þær breytingar á frv., síðan það fór héðan, að hún hefur gert Staðarhraunsprest að kennslupresti, lagt Selfossprestssetur niður og fellt niður ákvæðið um umferðarpresta. Þó að ég telji, að sumar breytingarnar hafi verið til hins verra, vil ég, að það komi skýrt fram, að Ed. hefur komið langt til móts við Nd., þótt mikið hafi borið á milli. Er sannarlega vert að þakka það.

Nú er frv. þannig, að heildartala prestanna er sú sama og hún var í upphafi. Selfoss og Mjóifjörður hafa verið felldir niður og sömuleiðis ákvæði um tvo aðstoðarpresta. Þannig hafa verið felldir niður fjórir prestar, sem voru í till. milliþn., en fjögur ný prestssetur hafa verið tekin upp, þ. e. a. s. Staðarhraun, Breiðabólstaður, Tjörn og Stóri-Núpur.

Mín skoðun er sú, að eftir atvikum sé afgreiðsla málsins frá Ed. viðunandi, og legg ég til, að d. hrófli ekki við frv., en samþykki það óbreytt, enda er tvísýnt, að það nái fram að ganga, ef því verður breytt hér. Þessa till. geri ég fyrir hönd a. m. k. 4 nm. í menntmn. Nd.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Það voru mörg sjónarmið, sem lágu að baki frv. um skipun prestakalla. Er eitt það, að í fáeinum prestaköllum sé starfssvið prestanna svo lítið, að þeim bjóðist þar ekki nægilegt verkefni. Eru þær ályktanir, sem dregnar eru út frá þessu, sín á hvern veg. Í fyrra var sú ályktun dregin, að fækka mætti um 10 presta á landinu. Var þá miðað við að ná sparnaði á a-lið 14. gr. fjárlaganna, og að baki lá líka áætlun um uppbyggingu prestssetra og ræktun þar. Nú er sú ályktun dregin, að ekki megi fækka prestum, heldur beri að fela sumum þeirra aukastörf, sem verði skyldustörf jafnframt prestsstörfunum. Með þessari ráðstöfun á að ná sparnaði á b-lið 14. gr. fjárlaganna, sem er um kennslumál. Er ekki nein áætlun um byggingar á prestssetrum eða gjöld, sem falla til á 20. gr. fjárl. Er ekki óeðlilegt, þó að farið sé inn á þá braut að ná sparnaði í kennslumálunum, því að kostnaður þar er meiri en við kirkjumálin.

En þær till. í frv., sem eru um kennslupresta, eru að mínum dómi þannig vaxnar, að þær þurfi endurskoðunar með. Finnst mér þær ná í sumum greinum of skammt. Er ekki tekið tillit til þess, að presturinn geti annazt kennslu á unglingastigi, ef hann kýs fremur að kenna á því stigi en í barnaskóla. Enn fremur er ekki tekið tillit til þess í frv., að presturinn getur tekið að sér stundakennslu við barnaskóla, þó að ekki sé það full kennsla. Í öðru lagi finnst mér gæta nokkurs ósamræmis í ákvæðunum um kennslupresta. Tel ég þetta ósamræmi sízt minnka við þær breytingar, sem hefur átt að gera við meðferð málsins hér. Eins og fram hefur komið, þá hefur Ed. ákveðið að taka upp tvö ný kennsluprestssetur, Staðarhraun og Tjörn. Á Tjörn mun svo háttað, að sóknirnar og skólahverfið falla ekki saman, en ná yfir hluta úr tveimur hreppum. Ég tel því mikil vandkvæði á því, að hægt verði að framkvæma þetta þar. Á Staðarhrauni er þannig háttað, að grundvöllurinn er lagður að því, að skóli rísi fyrir alla Mýrasýslu. Þar eiga að koma tveir kennarar. Hefur skólinn verið staðsettur rétt hjá Stafholti. Presturinn þar á þó ekki að annast kennslu við skólann, heldur prestur úr allt öðru prestakalli. Þetta er líkt því, ef ákveðið væri, að presturinn að Stóra-Núpi væri kennsluprestur og kenndi við skólann í Hveragerði. — Virðast mér þessar till. þannig, að frv. hafi sízt breytzt til betri vegar við meðferð málsins hér á þingi. En ég lít þannig á, að þessi skipan öll þurfi endurskoðunar við, og með tilliti til þess marka ég mína afstöðu í þessu efni og sætti mig við, að frv. verði lögfest eins og það er nú, og mun ég því greiða atkv. gegn brtt. hv. þm. Mýr.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. um þetta mál mikið. Það er gott að vera sáttfús og tilhliðrunarsamur, en mér fannst það sæta furðu, þegar hv. form. menntmn. gaf þá yfirlýsingu, að samþykkt þessara brtt. mundi geta kostað það, að málið næði ekki fram að ganga nú. Ég held, að þeirra hluta vegna þurfi ekki að óttast það, að slíkar breyt. yrðu til þess, að málið stöðvaðist nú.

Ég vil svo segja það út af því, sem hæstv. kirkjumrh. sagði, að mér finnst, að hann þurfi ekkert að undrast það, þótt ég gerði fyrir mitt hérað tilkall til þess, að svipaður grundvöllur verði látinn ráða þar og annars staðar um mannfjölda og prestaköll. Málið er bæði flutt og byggt upp hér á Alþ., og með tilliti til þeirrar skipunar er ekki nema eðlilegt, að ég haldi mig við mitt hérað. Og mér finnst, að um tölu sóknarbarna eigi ekki að gilda aðrar reglur þar en annars staðar. Milliþn. sú, sem undirbjó málið, segir hér í sinni greinargerð, að fólkið á Selfossi sé nú komið á annað þúsund, kauptúnið sé í örum vexti og mikill áhugi ríki þar á því, að það verði sérstakt prestakall. **(Landbrh.:** Hvað er langt þaðan upp að Hraungerði?) Ég ætla, að það sé eitthvað um 15 km. En að sjálfsögðu geta vegalengdirnar einar út af fyrir sig ekki ráðið úrslitum í þessu efni. — Ég ætla svo ekki að fjölyrða um þetta mál frekar, en ég vænti þess, að hv. alþm. láti réttlætið eitt ráða afstöðu sinni í þessum efnum.

Ásgeir Ásgeirsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins, að sá skilningur minn í sambandi við kennsluprestana komi fram, að ég álít kennsluskyldu þeirra vera bundna við viðkomandi prestaköll. Ég hef jafnan litið þannig á, að ef breyting yrði gerð á kennslufyrirkomulaginu, þannig að skólahverfi yrðu sameinuð, þá falli kennsluskylda viðkomandi prests niður um leið. Ég vildi aðeins, að þessi skilningur kæmi fram. Að öðru leyti fylgi ég frv. eins og það nú er.

ATKVGR.

Brtt. 776 felld með 16:8 atkv.

— 777 felld með 18:9 atkv.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 780).

Önnur mál.

I. Fyrirspurnir um stjórnarráðstafanir o. fl.

Á 1. fundi í Sþ., 2. okt., utan dagskrár, mælti

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Frá því Alþingi var slitið síðasta vor hafa gerzt þau tíðindi í landi voru, að stjórnarskrá lýðveldisins hefur verið brotin af ríkisstj. og landið verið ofurselt erlendum her, sem að undirlagi ríkisstj. hefur hernumið landið.

Alþingi hafa með þessu stjórnlagarofi verið settir tveir kostir. Annar er sá að sætta sig við framið ofbeldi. En engin aðgerð Alþingis eftir á getur löghelgað þann verknað, sem valdhafarnir auðsjáanlega óttuðust að aldrei fengist drýgður, ef þing og þjóð yrðu látin ráða því áður að lögum. Alþingi getur tekið þennan kost og þar með kropið valdinu, svo sem það gerði á niðurlægingartíma þjóðar vorrar hinum fyrra. En aldrei getur það afsalað þjóðinni þeim rétti, sem hún var rænd með stjórnlagarofinu og hernáminu 5.—7. maí, réttinum til að ráða landinu og byggja það ein og frjáls.

Hinn kosturinn er sá að ómerkja aðgerðir ríkisstj. og ógilda þar með þann hernámssamning, sem hún gerði við eitt sterkasta herveldi heims, eftir að hafa árum saman þegið fjárgjafir af ríki því og gert íslenzka ríkið þeim fjárgjöfum háð að hennar áliti. — Þessi er sú leið, sem þjóð og þing fyrr eða síðar munu velja.

Baráttan á Alþingi mun því héðan af fyrst og fremst mótast af því markmiði, svo sem var á undanförnum öldum, að endurheimta til þings og þjóðar fullt vald yfir landinu og algert fjárforræði í hendur þjóðarinnar. Barátta Íslendinga mun því beinast fyrst og fremst gegn því herveldi, sem lagt hefur undir sig landið, og þeirri landsstjórn, sem það heldur uppi með fé sínu og segir fyrir verkum.

Ég vil lýsa yfir því fyrir hönd Sameiningarflokks alþýðu — Sósialistaflokksins í byrjun þessa þings, að þeirri baráttu verður haldið áfram, unz sigur er unninn og hið erlenda herveldi verður að sleppa tökum á þjóð vorri og innrásarher þess að hrökklast burt af landi voru fyrir einhuga kröfum vopnlausrar, en sameinaðrar þjóðar vorrar.

Þessa yfirlýsingu vildi ég flytja hinu fyrsta Alþingi lýðveldisins, sem nú hefur störf sín í hernumdu landi á friðartímum.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að svara þessum gífuryrðum. Það er aðeins fróðlegt að heyra þann skrifaða boðskap, sem þessi þm. kemur með úr síðustu utanför sinni.

Einar Olgeirsson: Út af því, sem hæstv. ráðh. sagði, vil ég láta hann vita, að þessi yfirlýsing flokks okkar mun fyrr eða síðar verða svar Alþingis til þeirrar ríkisstj., sem hefur traðkað Alþingi undir fótum.

Forseti (JPálm): Þetta mál mun nú verða til meðferðar fyrir þinginu, svo að óþarft ætti að vera að ræða það utan dagskrár.

Á 37. fundi í Nd., 6. des., utan dagskrár, mælti

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Þegar hin margumtalaða skýrsla verðlagsstjóra um álagningu á innfluttar vörur var birt á sínum tíma, lét hæstv. ríkisstj. þess getið, að áframhald mundi verða á þeirri starfsemi að afla skýrslna um álagningu á innfluttar vörur. Í umræðum, sem hér urðu um fyrirspurn eina fyrir nokkrum dögum, spurði ég hæstv. viðskmrh. að því, hvort þetta hefði ekki verið gert og hvort skýrslur þessar mundu ekki bráðlega verða birtar. Hæstv. ráðh. svaraði því til, að skýrsluöflun þessi héldi áfram og verðlagsstjóri annaðist hana, og mér skildist á hæstv. ráðh., að ein slík skýrsla væri nú fullgerð og hún mundi bráðlega verða birt.

Ég vil nú leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh., hvort þessi skýrsla hafi ekki verið fullgerð og hvort ekki megi nú vænta þess, að hún verði birt almenningi, og í öðru lagi, hvort þm. gætu ekki fengið aðgang að þeirri skýrslu, þótt hún yrði ekki birt í blöðunum.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Það er eins og hv. þm. þyki mikið undir því komið, að ég láti ekki undir höfuð leggjast að birta þessa skýrslu, og virðist koma hér hið sama fram hjá honum og í útvarpsumræðunum, er hann hélt því fram, að ég mundi reyna að

sjá um, að skýrslan kæmi ekki fyrir almennings sjónir. Ég get fullvissað hv. þm. og friðað samvizku hans og upplýst, að ekki verður langt að bíða eftir birtingu þeirrar skýrslu, sem verðlagseftirlitið hefur gert um þessi efni. Skýrsla þessi er komin fyrir nokkrum dögum, en ég taldi ekki ástæðu til að birta hana þá sérstaklega. En nú er komin önnur skýrsla, sem ég hef ekki haft tíma til þess að athuga vegna sérstakra anna, en þegar ég hef athugað hana, mun hún verða send verðlagseftirlitinu og því heimilað að birta hana opinberlega. Ég sé ekki ástæðu til, að hv. þm. fái að athuga þessa skýrslu, fyrr en hún verður birt innan fárra daga, nema hv. þm. óski sérstaklega eftir því, en þá er velkomið að verða við því.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir upplýsingarnar. Eitt atriði þarf ég þó að leiðrétta í ræðu hans. Ég sagði ekki í útvarpsumræðunum, að hæstv. ráðh. hefði ætlað að koma í veg fyrir birtingu skýrslunnar, heldur að hann hafi tafið fyrir birtingu hennar. Það er annað mál, en það er staðreynd.

Nú upplýsti hæstv. viðskmrh., að lokið hefði verið við skýrslu um þessi efni, og sagði, að ef þm. óskuðu þess, gætu þeir fengið að sjá hana. Ég fyrir mitt leyti mun notfæra mér þetta og óska eftir að sjá þessa skýrslu.

Á 50. fundi í Nd., 19. des., utan dagskrár, mælti

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að beina nokkrum orðum til hæstv. ríkisstj. út af því, sem er að gerast hér í Reykjavík í dag. Ég hef það fyrir satt og vildi mega spyrja hæstv. ríkisstj., hvort satt sé, að verið sé að skipa upp úr Tröllafossi allmiklum farmi af sprengjum og öðrum efnum, sem eru sérstaklega hættuleg meðferðar, og verið að keyra það suður á Keflavíkurflugvöll. Ég vildi í fyrsta lagi leyfa mér sem þingmaður Reykvíkinga að mótmæla, að farið sé með þetta hættulega efni um Reykjavík og höfnin og umhverfi hennar sett í hættu í sambandi við þessa uppskipun.

Í öðru lagi leyfi ég mér að bera fram þá fyrirspurn til hæstv. ríkisstj., hvort hún viðurkenni, að ríkissjóður sé ábyrgur gagnvart borgurum Reykjavíkur fyrir því tjóni, sem kynni að hljótast af meðferð þessa hættulega efnis. Ég vil vekja athygli á því, að allar eignir Reykjavíkurbæjar, hús og annað slíkt, eru vátryggðar þannig, að í samningum, sem bærinn hefur gert, er undanskilið allt tjón, sem kann að stafa af slíkum sprengingum, sem hlytust af meðferð þessara sprengna hér. Borgarar Reykjavíkur mundu ekki fá slíkt tjón bætt, sem hlytist af slysum í sambandi við uppskipun og keyrslu á þessu efni.

Ég hef við meðferð hernámssamningsins hér í hv. d. áður undirstrikað þá skoðun mína, að samkv. l. nr. 99 16. des. 1943 beri ríkissjóði að greiða allt tjón, sem kann að hljótast af aðgerðum hernaðaryfirvalda Bandaríkja Norður-Ameríku, eins og stendur orðrétt í þeim lögum, og ég álít, að þau gildi enn. Ég leyfi mér því að halda fram, að allir, sem kynnu að verða fyrir tjóni af meðferð þessa sprengiefnis, eigi kröfu á ríkissjóð um bætur. Og ég vildi leyfa mér að biðja hæstv. ríkisstj. að segja af eða á, hvort þetta er hennar skoðun líka, að þessi lög séu enn þá í gildi. Ég vil vekja athygli ríkisstj. á því, að svo framarlega sem menn litu svo á og hefðu þar eitthvað sterkt við að styðjast, svo sem hæstaréttardóm, að l. væru ekki enn í gildi, þá er alveg óhjákvæmilegt að gera einhverjar sérstakar ráðstafanir, ef svona uppskipun verður haldið áfram, til þess að tryggja menn fyrir hugsanlegu tjóni af því, að Reykjavík á að vera þannig skotfærahöfn.

Í fyrsta lagi hef ég þá mótmælt, að þessi uppskipun og flutningur sé framkvæmdur, og þarf ekki að leiða rök að, hvílík hætta er að fyrir líf og eignir. Í öðru lagi vil ég vekja athygli ríkisstj. á því, að eignir hér eru óvátryggðar gagnvart slíku tjóni. Og samkv. l. frá 1943 álít ég, í þriðja lagi, að ríkissjóður beri ábyrgð á því tjóni, sem kann að verða.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Ég vil aðeins geta þess út af þessari fsp. hv. 2. þm. Reykv., að mér er með öllu ókunnugt um, að menn séu að skipa upp þeim farmi, sem hann nefndi hér. Ég hef ekki heyrt það og hef ekki hugmynd um, hvort þessi fregn er rétt eða ekki, og get ekki neinar upplýsingar um þetta gefið.

Einar Olgeirsson: Eins og hæstv. forsrh. sagði, veit hann ekkert um þetta, og trúi ég orðum hans. En eftir því, sem ég bezt veit, er mest allt slökkviliðið og mikið af lögreglunni við höfnina til þess að vera til taks, ef slys kynni að hljótast af þessu. Ég veit ekki betur en búið sé að skipuleggja mikið af vöruflutningabílum til að flytja þetta suður eftir, og eiga þeir að fara í samfelldri röð eða bílaflota, og er fyrirskipað að fara alveg sérstaklega varlega með tilliti til þess, að margar holur eru nú á veginum og efnið hættulegt og þolir ekki mikinn hristing.

En með því að hæstv. forsrh. veit ekkert um þetta mál enn þá, er það eindregin ósk mín, að ríkisstj. kynni sér málið í dag og búi sig undir að gefa yfirlýsingu um það, hvað hún álítur viðvíkjandi því, sem ég hef sérstaklega spurt um, hvort l. frá 1943, nr. 99, séu ekki enn í gildi og að ríkissjóður taki ábyrgð á hugsanlegu tjóni, þar sem eignir Reykvíkinga eru ekki vátryggðar gegn slíku.

Á 54. fundi í Ed., 4. jan., utan dagskrár, mælti

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Eins og þm. er kunnugt, þá er nú nýlega fallinn dómur í landhelgisdeilu Norðmanna og Breta. Margan Íslending mun fýsa að fá að vita, hverjar forsendur alþjóðadómstóllinn í Haag færir fyrir úrskurði sínum og hvaða áhrif dómsniðurstaðan hefur á fyrirhugaða víkkun íslenzkrar landhelgi. Í þessu sambandi langaði mig til að bera fram stuttorða fyrirspurn til hæstv. dómsmrh.: Hefur ríkisstj. kynnt sér niðurstöður dóm-

stólsins og áhrif þeirra á vikkun og verndun íslenzkrar landhelgi?

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Eins og ég tjáði hv. fyrirspyrjanda, er hann gat þess við mig áður en fundur hófst, að hann mundi bera fram fsp. varðandi þetta mál, þá er hér um svo mikið mál að ræða, að eðlilegra hefði verið að spyrja um það í fyrirspurnatíma, þannig að um nokkurn fyrirvara væri að ræða. Hins vegar get ég nú aðeins gefið lauslegt og stutt svar. Í stuttu máli er ekki annað hægt að segja um þetta en það, að dómurinn barst hingað fyrir fáum dögum. Hann hefur þegar verið tekinn til athugunar, og ég get lýst því yfir, að hann verður tekinn til gaumgæfilegrar athugunar nú á næstunni. Ég skal ekki segja neitt um það ákveðið, hvernig þessum athugunum verður hagað, en að sjálfsögðu verður haft samráð við stjórnmálaflokkana, áður en ákvarðanir verða teknar til frekari aðgerða í málinu. Munu fulltrúar Alþfl. að sjálfsögðu verða hafðir þar með í ráðum. Að hinu leytinu heyrir þetta mál, hvað vísindalegri verndun landgrunnsins við kemur, undir hæstv. sjútvmrh., en ekki undir mig.

Haraldur Guðmundsson: Ég vil þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svörin. Ég vildi mjög eindregið beina því til hæstv. ríkisstj., að þessu máli yrði sem mest hraðað, þannig að þetta mál gæti komið til kasta þessa þings, ef þess væri kostur.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Ég skal ekki segja, hvort hægt verður að leggja málið fyrir þetta þing, sem nú situr. Nú er um að gera, að búið verði nægilega vel að öllum frágangi við undirbúning þessa máls, þannig að það geti staðizt, sem gert verður. Þetta mál er að sjálfsögðu skjótt til vinsælda, en það er um að gera, að svo verði frá málinu gengið, að ákvarðanir okkar standist.

II. Afgreiðsla mála úr nefndum o. fl.

Á 41. fundi í Nd., 11. des., utan dagskrár, mælti

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Mig langar til að beina fyrirspurnum til hv. fjhn. d. varðandi afgreiðslu nokkurra mála, sem sú hv. n. hefur til meðferðar.

Meðal fyrstu mála, sem útbýtt var á þessu þingi, er frv. á þingskjali 8, 8. mál þingsins, frá okkur þremur þingmönnum Alþfl. í þessari hv. d., um breyt. á l. nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm, þar sem gert er ráð fyrir, að fjárhagsráð skuli taka á ný upp verðlagseftirlit. Hv. fjhn. hefur nú haft meira en tvo mánuði til að fjalla um þetta mál. Frá henni hefur enn ekki neitt heyrzt um málið.

Meðal fyrstu mála þingsins var einnig frv. til l. um breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt, sem ég flutti. Þar er gert ráð fyrir þeirri breyt. á tekju- og eignarskattsl., að hvort hjóna um sig skuli vera sjálfstæður skattþegn. Fjhn. hefur einnig haft um það bil tvo mánuði til þess að fjalla um þetta mál án þess að láta nokkuð frá sér heyra um það.

Áður en hálfur mánuður var liðinn af þinginu, fluttum við fjórir Alþfl.-þm. í þessari hv. d. frv. um breyt. á tekju- og eignarskattsl., um allmikla hækkun á persónufrádrætti. Um þetta frv. hefur ekkert heyrzt heldur frá hv. fjhn.

43. máli þingsins, sem er frv. okkar fjögurra þm. Alþfl. um útvegun fjár til byggingar verkamannabústaða, var og vísað til hv. fjhn. þessarar d., þegar um það bil hálfur mánuður var liðinn af þingtímanum. Síðan eru liðnar um sjö vikur, án þess að hv. n. hafi nokkuð látið frá sér heyra um þetta mál.

Þessi fjögur mál öll eru mikilvæg. Miklar umr. hafa orðið um þau, og lögð er mikil áherzla á af okkur flm., að þau verði afgr. Það mun og vafalaust vekja nokkra athygli, hvaða afgreiðslu þau hljóta. — Hvað snertir frv. um breyt. á skattal. í þá átt að láta hvort hjóna um sig vera sjálfstæðan skattþegn, þá hefur Alþ. borizt fjöldi áskorana um að samþ. það. Þess vegna gegnir furðu, hve mikið tómlæti hv. n. hefur sýnt um afgreiðslu þess máls. Eitt er að samþ. ekki mál og annað að láta þau fá þinglega meðferð. — Ég vil spyrja hv. fjhn., hverju það sæti, að ekkert hefur heyrzt um þessi mál.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Út af þessari ræðu hv. 3. landsk. þm. skal ég taka fram, að það mun rétt vera hjá hv. þm., að það er eitthvað af málum hjá fjhn. Ég minnist þess, að nú fyrir fáeinum dögum kom einn nefndarmanna, flokksbróðir hv. 3. landsk. þm., að máli við mig og talaði um það, að honum þætti æskilegt, að eitt af þessum málum, sem hv. 3. landsk. þm. var að tala um, yrði tekið til afgreiðslu í n. hið fyrsta, og geri ég ráð fyrir, að það verði tekið fyrir á næsta fundi. Það hefur ekki verið fundur í n. síðan þetta samtal fór fram. — Um hin málin get ég ekki sagt að svo stöddu, hvenær megi vænta álits frá n. um þau.

Á 60. fundi í Ed., 17. jan., utan dagskrár, mælti

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég á hér frv. á þskj. 59, 45. mál, sem útbýtt var 10. okt. og sett í n. þann 15. okt. Nál. kom þann 7. des. Þetta mál hefur ekki enn þá verið tekið á dagskrá. — Ég á hér annað mál á þskj. 96, 70. mál, sem var útbýtt þann 19. okt. og sent til hv. fjhn. 22. okt. Nál. bæði meiri og minni hl. komu þann 5. og 8. des. Þetta mál hefur enn ekki verið tekið á dagskrá. — Enn á ég þriðja málið, þskj. 164, 94. mál, sem var útbýtt 5. nóv. og fór í n. 7. nóv. Nál. kom þann 17. nóv., en þetta mál hefur ekki heldur verið tekið á dagskrá.

Ég hugsa, að ekki hafi verið farið svona með neinn annan þm., að geymd hafi verið fyrir honum þrjú frv. allan þennan tíma, án þess að þau væru tekin á dagskrá. Ég tel, að þetta sé ekki annað en mistök, og vænti þess, að hæstv. forseti taki öll þessi þrjú mál til afgreiðslu á næsta fundi. Ég sé ekki, hvar málin geta legið

allan þennan tíma, en vona, að hann sjái um, að þau verði tekin á dagskrá.

Forseti (BSt): Eins og hv. þm. Barð. veit, er stutt eftir af þingtímanum. Hv. þm. ætti að vera það ljóst, að þessi mál ná ekki fram að ganga, og ég hef litið svo á, að það væri ekki til annars en að tefja tímann að taka þessi mál á dagskrá.

Ég lít hins vegar svo á, að þm. eigi rétt á því að fá afgr. sín mál, og mun ég því taka þessi mál á dagskrá skv. kröfu hv. þm.

Á 60. fundi í Nd., s. d., utan dagskrár, mælti

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það var tímanlega á þessu þingi, að ég bar fram frv. um breyt. á l. um samþykktir um sýsluvegasjóði. Frv. var vísað til samgmn. Nú vildi ég vita, hvað þessu frv. liði.

Þá flutti ég annað frv., sem vísað var til sömu n., um ferðaskrifstofu ríkisins, en ekki hefur heldur komið neitt frá n. um það mál.

Forseti (SB): Ég vil upplýsa það fyrir hönd samgmn., að fyrra málið, er hv. þm. V-Húnv. spurði um, hefur verið tekið fyrir, eftir að beðið hafði verið um tíma eftir umsögn vegamálastjóra, og er það afgreitt, og mun nál. verða útbýtt í d. í dag eða á morgun. — Sama gegnir um annað frv., sem hv. 2. þm. Skagf. (JS), hv. þm. Borgf. (PO) og hv. þm. A-Húnv. (JPálm) flytja. — Frv. um ferðaskrifstofu ríkisins er enn í athugun hjá n., en vonandi verður hægt að afgreiða það fljótlega.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Fyrst þm. hafa kvatt sér hljóðs og spurt um örlög frumvarpa, er þeir hafa flutt, langar mig að spyrja um þrjú frv. — Fyrsta málið er um breyt. á l. um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm. Þetta er eitt af allra fyrstu málum þingsins, 8. mál, flutt af þm. Alþfl. Þessu máli var vísað til fjhn. Minni hl. n. hefur skilað áliti fyrir nokkru, en meiri hl. ekki. — Þá er frv. um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum. Það var einnig með allra fyrstu málum þingsins, 9. mál, og flutt af þm. Alþfl. Því var vísað til sjútvn. — Nokkru síðar var útbýtt frv., einnig frá þm. Alþfl., um breyt. á l. um tekju- og eignarskatt, varðandi hækkun á persónufrádrætti. Var því vísað til fjhn., og mun hv. n. hafa afgreitt það, a. m. k. hefur meiri hl. n. skilað áliti. — Nú vil ég óska þess, að öll þessi mál verði tekin til 2. umr. og það eins þótt nál. verði ekki skilað.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því, að 18. okt. var frv. til l. um breyt. á raforkulögum vísað til fjhn., og hefur n. ekki skilað áliti enn. Þetta frv. er flutt af þm. úr öllum flokkum, og sætir satt að segja furðu, hversu hv. fjhn. hefur tekizt að sitja þungt og lengi á þessu frv. Ég vil nú beina þeirri spurningu til hv. form. n., hvers vegna n. hefur ekki tekið afstöðu til málsins og skilað áliti.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það er rétt, sem hv. 2. þm. Rang. tók fram, að mál þetta hefur legið lengi hjá fjhn. Og hv. 1. flm. þess hefur áður fært það í tal við mig, hvað liði þessu frv., sem gerir ráð fyrir framlögum til raforkusjóðs úr ríkissjóði. Nú er það svo, að við afgreiðslu fjárl. hækkaði nokkuð þetta framlag ríkisins til raforkusjóðs, en hins vegar sá Alþ. sér þá ekki fært að hækka þá upphæð eins mikið og gert er ráð fyrir í frv. þeirra fjórmenninganna. Og þar sem sjáanlegt var, að þingið taldi ekki fært að veita svo miklu fé til sjóðsins, þá var varla von, að fjhn. gæti mælt með málinu, og því hefur það legið svo lengi hjá nefndinni.

III. Innflutningsréttindi bátaútvegsmanna.

Á 29. fundi í Sþ., 4. jan., var tekin til meðferðar

tilkynning frá ríkisstjórninni.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Mér hefur verið falið að skýra frá samkomulagi því, sem náðist milli Landssambands íslenzkra útvegsmanna og ríkisstj. um framlengingu bátagjaldeyrisins þann 31. des. s. l. Ríkisstj. hefði viljað skýra frá þessu strax á fyrsta fundi þingsins, eða í gær, en þar sem öllum eru kunnar ástæður þær, sem komu í veg fyrir það, þá skal ég ekki fara nánar út í það.

Til þess að gera hv. þm. ljóst, hvað felst í þessu samkomulagi, ætla ég að leyfa mér að lesa hér upp í heilu lagi auglýsingu um innflutningsréttindi bátaútvegsmanna, sem birt verður í næsta Lögbirtingablaði. Auglýsingin er á þessa leið:

„Samkvæmt ósk ríkisstjórnarinnar og með tilvísun til samkomulags, sem hún hefur gert við Landssamband ísl. útvegsmanna 31. des. s. l., hefur verið ákveðið, að ákvæði í auglýsingu fjárhagsráðs, dags. 7. marz s. l., um innflutningsréttindi bátaútvegsmanna, sbr. viðaukaauglýsingar, dags. 17. apríl og 21. sept. s. l., skuli gilda um útfluttar bátaafurðir framleiddar árið 1952.

Ákveðnar hafa verið eftirtaldar breytingar á ákvæðum fyrrgreindra auglýsinga:

1. Innflutningsskírteini, sem gefin eru út vegna útflutnings, sem greiddur er í dollurum eða EPU-gjaldeyri (gjaldeyri aðildarríkja greiðslubandalags Evrópu), má nota til innflutnings á vörum á hinum skilorðsbundna frílista frá hvaða landi sem er. Sami innflutningslisti gildir því jöfnum höndum á dollarasvæðið og EPU-svæðið. Hins vegar eru tilteknar vörur á skilorðsbundna frílistanum bundnar við innflutning frá ákveðnum löndum, og um þann innflutning gilda óbreyttar reglur, sbr. auglýsingu, dags. 17. apríl 1951, og hér undir 3 B.

2. Bankarnir skulu afhenda Landssambandi ísl. útvegsmanna öll A-skírteini fyrir útfluttar

bátaafurðir, framleiddar árið 1952, þó svo, að Sambandi ísl. samvinnufélaga skulu afhent A-skírteini fyrir bátaafurðir útfluttar á vegum þess.

3. Á hinn skilorðsbundna frílista skulu bætast eftirtaldar vörur:

A. Frá öllum löndum.

Tollskrá:

Kafli.	Nr.	
19	8, 10	Kex.
25	3	Steinmulningur (terazzo).
25	5	Eldfastur leir og mortel.
25	15	Marmari, óunninn, í söguðum eða tilhöggnum stykkjum.
29	5	Kvikmyndafilmur, óframkallaðar.
39	13	Gólfmottur og kátsjúksetur.
44	42	Ferðakistur, ferðatöskur, fiðlukassar og aðrir hljóðfærakassar, hattaöskjur, kventöskur, seðlaveski, skjalamöppur og skólatöskur, skotfæratöskur og önnur þvílík veski, töskur og hylki, ót. a., úr pappa og pappír, einnig í sambandi við önnur efni.
46 A	7	Laufaborðar (blúndur), laufaborðaefni, knipplingar, tyll og önnur þess konar netofin efni úr silki.
46 A	8	Leggingar, snúrur og aðrar þess konar dregilvörur úr silki.
46 A	9	Hárnet úr silki.
46 A	10	Bönd og borðar úr silki, sem ekki geta talizt dregilvörur eða laufaborðar.
46 B	8	Laufaborðar, laufaborðaefni, knipplingar, tyll, „curtain nets“ og önnur þess konar netofin efni úr gerviþráðum.
46 B	9	Leggingar, snúrur og aðrar þess konar dregilvörur úr gerviþráðum.
46 B	10	Hárnet úr gerviþráðum.
46 B	11	Bönd og borðar, sem ekki geta talizt dregilvörur eða laufaborðar, úr gerviþráðum.
46 C	1	Þráður úr alls konar spunaefnum, vafinn eða tvinnaður með málmþræði.
46 C	2	Snúrur og leggingar á einkennisbúninga o. þ. h. úr málmþræði.
46 C	3	Bönd, dregilvörur, laufaborðar, knipplingar og tyll úr málmþræði.
46 C	4	Annar vefnaður og vörur úr málmþræði.
47	6	Flauel og flos úr ull eða öðru dýrahári.
47	13	Vefnaður úr ull eða öðru dýrahári, ót. a.
50	34	Vefnaðarvara úr silki, gervisilki eða öðrum gerviþráðum, lökkuð, ferniseruð o. s. frv.
51	1, 4—6	Prjónavörur úr silki.
51	7	Prjónavoð úr gervisilki og öðrum gerviþráðum.
51	10	Nærfatnaður úr gervisilki og öðrum gerviþráðum.
51	11	Vettlingar úr gervisilki og öðrum gerviþráðum.
51	12	Aðrar prjónavörur úr gervisilki og öðrum gerviþráðum.
52	6	Nærfatnaður úr gervisilki og öðrum gerviþráðum.
58	22	Vegg- og gólfflögur úr gipsi svo og aðrar plötur úr gipsi til bygginga o. þ. h.
60	13	Vegg- og gólfflögur úr gleri.
63	99	Blöndunarhanar til baðkera, vaska o. þ. h. úr járni, stáli eða öðrum járnblöndum.
64	18	Blöndunarhanar til baðkera, vaska o. þ. h. úr kopar.
73	84	Útvarpstæki, þó ekki varahlutar.
77	10	Kvikmyndatökuvélar sýningarvélar fyrir mjófilmu svo og skuggamyndavélar.
77	11	Sýningarvélar fyrir kvikmyndir, ót. a.
82	8	Plastikþynnur í dúka.
82	9	Fatnaður, nema skófatnaður, úr tilbúnum efnum.
82	10	Aðrar vörur úr tilbúnum mótanlegum efnum, ót. a.
84	8	Önglar með flugu eða öðru tilbúnu agni til lax- og silungsveiða.
84	10	Lax- og silungsveiðarfæri.
84	11	Fiskistengur og lausir liðir í þær.
85	2	Sjálfblekungar, skrúfblýantar og pennastengur úr öðru en góðmálmum.

B. Frá Austurríki, Finnlandi, Ísrael, Póllandi, Spáni, Tékkóslóvakíu og Ungverjalandi.

Tollskrá:

Kafli.	Nr.	
8	36	Hnetur, einnig muldar, ót. a.
34	7	Eldspýtur.
44	30	Pentudúkar (serviettur), borðdreglar, borðdúkar, vasaklútar, hilluborðar og aðrir laufaborðar úr pappír og pappa.
84	6	Jólatrésskraut alls konar.

Listar þessir eru samdir í samræmi við tollskrána í lögum um tollskrá o. fl., og þar sem fram er tekið í texta listans, að um sé að ræða vörur ótaldar annars staðar (ót. a.), er miðað við tollskrána í heild, en ekki ofangreindan lista eingöngu.

4. Innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir vörum þeim, sem taldar eru hér að framan undir 3. tölulið, sem féllu úr gildi 31. des. s.l., verða ekki framlengd.

5. Vörur þær, sem hafa verið á frílista, en eru nú tilgreindar undir 3. tölulið að framan, þ. e. tollskrárnr. 51/10, nærfatnaður, prjónaður úr gervisilki og öðrum gerviþráðum, má tollafgreiða án afhendingar B-skírteinis, hafi gjaldeyrir verið tryggður af banka til greiðslu þeirra fyrir 31. des. 1951, og skulu þær háðar verðlagsákvæðum. Innflytjendur skulu snúa sér til

verðlagsskrifstofu fjárhagsráðs með verðútreikninga.

Aðrar vörur á skilorðsbundnum frílista eru óháðar verðlagsákvæðum. Þó skulu verðákvarðanir fjárhagsráðs á vöru, sem þegar hefur verið tollafgreidd, halda gildi sínu. Óheimilt er að hækka verð á birgðum þeim, sem til eru í landinu, af vörum þeim, sem taldar eru í þessari auglýsingu.

6. Ákvæði 1. og 3. töluliðs gilda einnig um innflutning gegn B-skírteinum, sem útgefin hafa verið eða verða útgefin vegna útflutnings bátaafurða, framleiddra árið 1951.

7. Heimilað er, án innflutnings- og gjaldeyrisleyfa, að flytja inn bifreiðar frá Tékkóslóvakíu gegn sérstökum B-skírteinum fyrir allt að 1 milljón króna. Bifreiðar þær, sem innfluttar verða samkvæmt þessu, eru undanþegnar verðlagsákvæðum.

8. Enn fremur hafa verið ákveðnar eftirtaldar breytingar á fyrri auglýsingum:

Tollskrá:

Kafli.	Nr.	
8	6	Epli, ný.
20	4	Ávextir, niðursoðnir.
20	5, 6	Aldinsulta, aldinhlaup og aldinmauk.
		Þessar vörur er aðeins heimilt að flytja inn frá löndum, sem talin eru undir 3. tölulið B hér að framan. Heimilt er þó að flytja inn á sama hátt og áður ofangreindar vörur gegn B-skírteinum, sem gefin voru út fyrir birtingu þessarar auglýsingar.
63	88	Salerni og tilheyrandi vatnskassar, þvagskálar, þvottaskálar, eldhúsvaskar og hlutar til þeirra, allt úr járni og stáli, skal vera á skilorðsbundnum frílista frá öllum löndum.
76	1	Flugvélahreyflar og varahlutar í flugvélar eru teknir af skilorðsbundnum frílista.
73	58a	Duflaljósker eru tekin af skilorðsbundnum frílista.“

Þetta var hin nýja auglýsing um innflutningsréttindi bátaútvegsmanna, sem byggð er á samkomulagi ríkisstj. við Landssamband ísl. útvegsmanna.

Hagur útvegsins er nú svo slæmur, eins og öllum er kunnugt, að ekki hefur verið unnt að svipta hann þeim fríðindum, sem honum hafa verið veitt hingað til. Það, sem veldur því, að hagur útvegsins er svo slæmur sem raun ber vitni, er hinn stöðugi aflabrestur, sem orðið hefur undanfarin ár, og ekkert annað en aflabresturinn. T. d. má á það benda, að meðalþorskafli á bát í róðri á vetrarvertíðinni hér við Faxaflóa var 1949 7.1 tonn, 1950 6.1 tonn, en aðeins 5.3 tonn 1951. Síldarvertíð hefur brugðizt algerlega ár eftir ár og haustsíldarvertíð nær alveg brugðizt, svo að varla mun nægjanleg beitusíld til í landinu fyrir vertíðina.

Ríkisstj. skipaði fimm manna nefnd til athugunar á þessum vandamálum. Í nefndinni eru: Gunnlaugur Briem og Þórhallur Ásgeirsson, skrifstofustjórar í atvmrn. og viðskmrn., Benjamín Eiríksson, ráðunautur ríkisstj. í efnahagsmálum, Davíð Ólafsson fiskimálastjóri og Sigtryggur Klemenzson úr fjárhagsráði. Hefur n. þessi starfað í marga mánuði og kynnt sér hag bátaútvegsins og hverjar þarfir hans séu og hvaða leiðir hægt sé að fara til úrbótar, án þess að almenningi sé íþyngt um of. Er því niðurstaða sú, sem hér hefur verið lýst, byggð á mjög ýtarlegri rannsókn þessara manna, sem af öllum eru taldir hinir hæfustu og hlutlausir um þetta mál.

Aðalatriði þessa máls er, að hagur bátaútvegsmanna er svo aðþrengdur, þar sem nær flestir þeirra hafa orðið að fara í skuldaskil, að ekki er unnt að taka þau fríðindi af þeim, sem þeir hafa haft, nema til þess að veita þeim önnur í staðinn. Það er því gert af brýnni nauðsyn og knýjandi, að farið er inn á þessa braut, og að dómi stjórnarinnar skárra úrræði en að leggja nýja skatta á þjóðina, eins og stjórnarandstæðingar hafa bent á, að gera ætti, enda mundu slíkir skattar mun þungbærari fyrir þjóðina en sú leið, sem hér er farin.

Þá vil ég geta þess, að á s. l. hausti kvaddi ríkisstj. hingað til lands fulltrúa frá alþjóðagjaldeyrissjóðnum, svo að hann gæti kynnt sér þessi mál, en eins og kunnugt er eru Íslendingar aðilar að þeim sjóði og verða að fara eftir þeim lögum, sem um hann gilda. Samkv. þeim lögum mega aðildarríkin ekki breyta gjaldeyri sínum án samþykkis sjóðsstjórnarinnar nema innan mjög þröngra vébanda. Féllst sjóðsstjórnin á, að gripið yrði til þeirra úrræða, sem hér hefur verið lýst, og er hér alls ekki um neina gengisbreytingu að ræða. Íslendingar þurfa því ekki að bera neinn kvíðboga fyrir því, að lög gjaldeyrissjóðsins hafi verið brotin með þessum aðgerðum.

Þetta samkomulag við útvegsmenn hefur ríkisstj. gert í samráði við þingmenn stjórnarflokkanna og tryggt sér öruggt þingfylgi með því. En þetta mál er þess eðlis, að ekki er unnt að skýra frá því opinberlega fyrr en um leið og ákvæðin eru sett, því ef menn fengju vitneskju fyrir fram um þær breytingar, sem gerðar yrðu, væri hætta á, að af því skapaðist ýmiss konar misferli og menn gætu hagnazt á því óeðlilega.

Ég sé svo ekki ástæðu til á þessu stigi málsins að hafa um þetta fleiri orð.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vildi leyfa mér, út af þessari tilkynningu hæstv. atvmrh. fyrir hönd ríkisstj., að ítreka í sambandi við bátagjaldeyrinn yfirlýsingu, sem ég hef komið með áður og ríkisstj. hefur ekki séð sér fært að leysa úr. Þessi listi, sem var lagður hér fram, styðst ekki við íslenzk lög. Og sé hann borinn saman við 7. og 8. gr. í l. um fjárhagsráð, þá er þessi listi upphaflega settur án nokkurrar heimildar í lögum. Og ríkisstj. hefur ekki treyst sér enn þá að hafa tilvísun til þeirra laga, sem þessi listi á að vera settur samkvæmt. Það er búið margsinnis að vitna í það, sem 12. gr. l. um fjárhagsráð fjallar um. Hins vegar hef ég séð 12. gr. l. um fjárhagsráð, sem bannar þessa

ráðstöfun, þannig að ég vil taka það fram, að þessi tilkynning er tilkynning um ólöglega ráðstöfun ríkisstj., sem og allar hennar tilkynningar um bátagjaldeyrinn. Ég vildi leyfa mér að skora á hæstv. ríkisstj. að leggja þetta mál nú fyrir þingið til samþykktar eftir á og koma þannig með lagafrv. um þetta, hvernig sem hún vill hafa það, þannig að í fyrsta lagi hefði Alþ. tækifæri til að úrskurða um, hvort ríkisstj. hefði slíka heimild fyrir þessum ráðstöfunum, og í öðru lagi, að Alþingi hafi svo tækifæri til að koma fram með till. viðvíkjandi þessu máli.

Hæstv. atvmrh. minntist á, að engar till. hefðu komið fram frá stjórnarandstæðingum í þessu máli. Það er erfitt fyrir stjórnarandstæðinga að koma með till., þegar málið er ekki lagt fram á Alþingi. En ef það væri lagt fyrir, þannig að hægt væri að koma með till., þá mundi það verða gert, en það er ekki hægt eins og meðferð þessa máls hefur verið.

Mér virðist, að ríkisstj. rugli saman tveimur atriðum, þegar hún er að verja þetta mál, eins og kom fram í ræðu hæstv. atvmrh. Hann sagði, að menn héldu því fram, að þetta væri brot á gjaldeyrislögunum. Gjaldeyrisl. eru lög frá Alþingi og staðfest af forseta. En þegar hæstv. atvmrh. fer að tala um gjaldeyrisl., kemur í ljós, að hann á ekki við l. frá Alþingi, heldur á hann við lög alþjóðasamtakanna, sem Íslendingar eru þátttakendur í. Og það, sem hann kallar gjaldeyrisl., eru lög alþjóðasamtaka margra þjóða. Og síðan segir hæstv. atvmrh., að það hafi verið haft samráð við alþjóðagjaldeyrissjóðinn, en samráð voru ekki höfð við Alþingi Íslendinga. Það kom maður hingað frá þessum alþjóðagjaldeyrissjóði til þess að ræða við ríkisstj. Það var ekki haft fyrir því að ræða þetta mál við Alþ. Síðan segir hann, eftir að hafa kynnt sér þetta mál, að vafasöm heimild sé fyrir hendi. En ríkisstj. hefur ekki einu sinni fyrir því að sanna fyrir Alþ., að hún hafi leyfi til þessa. Svo fær ríkisstj. skilaboð um, að þetta sé allt í lagi, fyrst samráð við útlendinga, síðan tilkynning til Alþ., og segir bara: Ef þið rífizt út af því, hvort þetta sé í samræmi við íslenzk lög, þá svörum við því ekki. — Enda er ríkisstj. líka farin að ímynda sér, að þau lög gildi hér á Íslandi, sem eru lög alþjóðagjaldeyrissjóðsins, en ekki þau lög, sem Alþingi Íslendinga setur. Og hæstv. atvmrh. segir, að ekki þurfi að bera kvíðboga út af því, að þetta sé brot á l. gjaldeyrissjóðsins. En annaðhvort er það brot á þeim eða þá brot á íslenzkum lögum.

Ég vildi óska, að ríkisstj. gæfi Alþingi tækifæri til að ræða þetta mál og koma fram nokkrum brtt. í sambandi við það. Og jafnvel er hugsanlegt, að hægt væri að fá einhverju áorkað í betri átt. Það hefur sýnt sig, að andstaða gegn þessu máli er til hjá stuðningsmönnum ríkisstj.

Ég vil enn fremur taka það fram, að fyrir utan það ólöglega í þessu máli, þá er hér verið að hlaða óþarfabyrðum á herðar almennings, með því að hér er verið að taka upp þá dýrustu innheimtuaðferð, sem hægt er að fá. Það vita allir, að kostnaðurinn við innheimtuna verður eins mikill og bátagjaldeyririnn er og jafnvel meiri. Þetta er dýrasta innheimtuaðferð, sem fundin hefur verið enn þá. Þegar fiskábyrgðin var, þá var það miklu ódýrari aðferð. Hitt er svo annað mál, að hér er verið að framkvæma hægt og hægt gengislækkun, án þess að Alþ. fái nokkuð við því sagt.

Mun ég svo ekki orðlengja þetta frekar, en vil bæta því við, út af því, sem hæstv. atvmrh. sagði, að það er hart, að sama dag sem ríkisstj. flytur þessa tilkynningu hér á Alþingi, þá skyldi blað Framsfl.-manna segja í leiðara sínum:

„Nú þessa dagana er verið að auka hinn svokallaða bátagjaldeyrislista. Það þýðir, að margar nauðsynjavörur almennings verða miklu dýrari en ella. Það er rökstudd skoðun, að þetta hefði verið óþarft að miklu eða öllu leyti, ef frjálsræði hefði ríkt í útflutningsverzluninni og samkeppni ríkti um það að tryggja útvegsmönnum og sjómönnum sem hæst fiskverð."

Ég skil þessa yfirlýsingu Framsfl. í blaði sínu á þá leið, að það muni að öllum líkindum samið um leið og samið var um bátagjaldeyrinn og að þessi einokun eigi að halda áfram. Og síðan segir blaðið að lokum:

„Ef Sjálfstfl. vill vera samkvæmur þeirri stefnu að auka verzlunarfrelsið, getur hann ekki haldið áfram að verja og vernda saltfiskseinokunina. Það er ekki forsvaranlegt að leggja á þjóðina nýjar og nýjar byrðar í formi aukins bátagjaldeyris, án þess að reynt sé að afstýra þeim með aukinni samkeppni í fiskverzluninni og öðrum slíkum ráðstöfunum."

M. ö. o., þarna er lýst yfir, að þetta sé óþarfi og stafi af því, að ekki sé hægt að semja um rýmilegt frjálsræði í útflutningsverzluninni. Og ef þetta á svo að verða kjaftshögg á almenning, sem ríkisstj. setur fram í dag, þá er þessi leiðari kjaftshögg á ríkisstjórnina.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Það eru nokkuð svipuð vinnubrögð hjá hæstv. ríkisstj. í sambandi við þennan bátagjaldeyri frá því fyrsta til hins síðasta. Þessi fundur var boðaður með klukkustundar fyrirvara og fjöldi þm. ekki kominn til þings og aðrir þm. forfallaðir, t. d. form. Alþfl. Þessi vinnubrögð eru talandi tákn um bjargráð ríkisstj. í heild, og fer vel á því, að þeim sé haldið áfram. (**Atvmrh.**: Það var ekki hægt að gefa yfirlýsingu um þetta í gær vegna Alþýðuflokksmanna.) En að tilkynna fundinn með hæfilegum fyrirvara? Það er óskiljanlegt, hvers vegna ríkisstj. boðar fund með einnar klukkustundar fyrirvara. Og svo mikið hefur legið á, að ekki hefur einu sinni gefizt tími til að prenta dagskrá. Nema ríkisstj. óski, að menn komi sem minnst undirbúnir á fundinn, og er það einna sennilegasta skýringin á þessu hjá ríkisstjórninni.

Þegar tilkynning var gefin út á síðasta vetri um bátagjaldeyrinn, þá létum við Alþýðuflokksmenn í ljós vafa um, að heimild væri fyrir hendi til að taka þessa aðferð upp. Og síðan fengum við þá skoðun okkar staðfesta, að þetta væri óheimilt. Við litum einnig svo á, að þetta væri brot á öllum þingreglum og venjum. Hæstv. ríkisstj. lét þess þá getið, að hér væri

aðeins um bráðabirgðaráðstöfun að ræða. Nú er hér flutt tilkynning um, að svo hafi verið um samið, að bátagjaldeyririnn skuli halda áfram, þó með nokkrum breyt. Nú er ekki lengur um neina bráðabirgðaráðstöfun að ræða. Nú er svo komið, að þessi háttur er hafður á, að gefa vissum mönnum einokun á nokkrum vörum, sem eru orðnar fastur liður í innflutningsverzluninni. Dettur nú nokkrum hv. þm. í hug, að unnið verði að því að fella þessar ráðstafanir niður, án þess að fella gengið í heild?

Í þessu sambandi er rétt að minna á, að þegar ríkisstj. bar fram frv. um gengislækkun árið 1950, þá var í því grein þess efnis, að gengisskráningunni væri hægt að breyta án samþykkis Alþingis. Þessi grein var felld úr frv. á Alþingi. Það, sem hæstv. ríkistj. hefur verið að gera síðan, er að haga svo framkvæmdum í þessu máli, að hún komi fram gengislækkun án þess að spyrja Alþingi, eða gera gengislækkunina óhjákvæmilega. Þetta er hæstv. ríkisstj. að gera með einföldum stjórnarráðstöfunum, án þess að leita samþykkis Alþingis. Hún er að gera þau lög, sem Alþingi setur, að engu.

Ég þarf ekki að hafa mörg orð um afleiðingar bátagjaldeyrisins í heild sinni og þeirrar yfirlýsingar, sem hér er boðuð. Afleiðingin er einasta sú, að vörur hækka í verði og framfærslukostnaðurinn eykst. Og kaupgjaldið hlýtur að hækka, eftir því sem framfærslukostnaðurinn eykst. Þetta er það, sem ríkisstj. gerir og heldur að muni bjarga útgerðinni.

Hæstv. ráðh. lét þess ekki getið, hvað innfluttar vörur næmu miklu. Hann taldi upp vörur, en gaf ekki neinar upplýsingar um, hvað væri heildarinnflutningur landsmanna. Í fyrra var gert ráð fyrir því, að bátagjaldeyririnn næmi 17% af innflutningi landsmanna. Ég vil leyfa mér að spyrja: Hvað er tilsvarandi nú, hvað er stór kvóti, sem þarf að nota, hvað nemur það miklu af vöruinnflutningnum og hvað miklu af heildarinnflutningi landsmanna? Og ef hæstv. ráðh. er búinn að taka þetta saman, þá er hann fær um að veita upplýsingar um annað atriði í sambandi við þetta, sem skiptir miklu máli, og það er: Hvert rennur þetta fé, sem af landsmönnum er tekið með þessu fyrirkomulagi? Skýrsla liggur fyrir um það, að það er ekki nema lítill hluti af því, sem rennur til útgerðar landsmanna. Verulegur hluti rennur til hraðfrystihúsa, en stærri hluti rennur til greiðslu til heildsala, sem vörurnar kaupa og flytja inn og leggja á ótakmarkað. Það er óhætt að fullyrða og leiða rök að því, að það er ekki nema lítill hluti, sem rennur til útgerðarmannanna sjálfra. En aukinn kostnaður við framleiðsluna, sem leiðir af vöruverðinu, kemur með fullum þunga á framleiðendurna sjálfa, þó að þeir fái ekki nema lítinn hluta af því, sem tekið er. Sjómenn hafa fram að þessu verið sviptir umráðarétti yfir hlut sínum. Það er vitað og viðurkennt, að sú sjálfsagða regla, að hlutarsjómenn fái hlut sinn greiddan, hefur verið brotin á undanförnum árum. Mér virðist bersýnilegt, að hér sé spádómur okkar Alþýðuflokksmanna að rætast, er við sögðum fyrir, þegar gjaldeyrislögin voru samþ., sem til þessa eru ekki annað er áframhaldandi gengislækkun, sem sett er frá ári til árs. Ég trúi ekki, að ríkisstj. sé svo skammsýn, að hún geri sér þetta ekki ljóst. Sennilegasta skýringin á þessu er sú, að ríkisstj. telji, að gengisskráningin eigi ekki að vera lögákveðin, heldur í höndum ríkisstj. sjálfrar.

Hæstv. ráðh. fullyrti í sinni ræðu, að með þessum aðferðum væri ekki um brot á gjaldeyrisl. að ræða, eins og hann orðaði það, og var ekki annað að skilja á honum en að hann hefði þau ummæli frá stjórn alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Það þarf ekki að segja, að um slíkt geti stjórn alþjóðagjaldeyrissjóðsins sagt, hvort þetta sé brot á íslenzkum l. eða ekki. Gjaldeyrissjóðurinn getur ekki sagt um, hvort þessi framkvæmd brýtur í bága við íslenzk lög, sem sagt gjaldeyrislögin.

Hæstv. ráðh. lét þess getið, að öruggur þingvilji stæði að baki þessari framkvæmd. Ég dreg ekki í efa, að hæstv. ráðh. hafi kynnt sér það.

Hæstv. ráðh. gat um þá skýringu á þessu, að óhyggilegt væri að ræða þetta fyrir opnum tjöldum, því að það gæfi tækifæri til gróðabrasks. Því er til að svara, að tvívegis hefur gengið verið lækkað, og hefur þetta mál þá tekið marga daga til umr. hér á Alþ., og gaf það ekki nein tilefni til misjafnra aðgerða.

Ég sagði áðan, að við Alþýðuflokksmenn hefðum fullkomnar sannanir fyrir hendi um, að þessar reglur væru settar í heimildarleysi, og hef ég ásamt fleiri Alþýðuflokksmönnum leyft mér að bera fram till. til þál. á þskj. 536, sem útbýtt hefur verið í Nd. í dag. Þar er lagt til, að Alþingi álykti að skora á ríkisstj. að bera undir Alþingi til samþykktar eða synjunar reglur þær, sem hún hefur sett varðandi ráðstöfunarrétt útvegsmanna á gjaldeyri þeim, er þeir fá fyrir tilteknar bátaafurðir, svo og allar breytingar, sem gerðar kunna að verða á þessum reglum.

Ég leyfi mér að vona, að þar sem hæstv. ríkisstj. telur sig örugglega hafa meiri hluta þingvilja að baki til þessara ráðstafana, þá fari hún ekki á svig, en leggi þetta mál að forminu til fyrir Alþingi.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Ekki er hægt að segja fyrir um, hve mikil eftirspurn eftir vörum á bátagjaldeyrislista verður. Úr því getur ekki skorið nein reynsla, og verður þar ágizkun ein að ráða, og má ætla, að um nokkra aukningu verði að ræða. Vil ég þó ekkert fullyrða að svo komnu. Ég vil ekki heldur ræða, hvað af þessum fríðindum kemur bátaútveginum til góða. Það er búið að ræða það mál hér við eldhúsumræður. Eru margir, sem óttast, að kaupsýslumenn reyni að hagnast óeðlilega á þessari vöru, ef ekki eru takmörk sett fyrir álagningunni. Svo virðist ekki ætla að verða, og færist allt í eðlilegra horf nú með minnkandi álagningu. Er ekki ástæða til að gera ráð fyrir því, að möguleikar skapist fyrir óeðlilega álagningu, þó að á byrjunarstigi þessa máls hafi þeir, sem fyrstir náðu í bátagjaldeyri, getað seilzt til óeðlilegs ágóða. Sú gullöld er nú liðin. Ég geri mér vonir um, að sú skipan, sem komið var á í fyrra, þurfi ekki að leiða til nýs gengisfalls, því að

þá verður ekki hægt að fara eftir óbreyttu gildi krónunnar í öðrum efnum. Ef sæmilegt árferði hefði verið, hefði verið hægt að draga úr þessum friðindum. En eins og allir hv. þm. vita, hefur verið aflabrestur, auk þess sem síldin hefur brugðizt undanfarin 7 ár. Hagur útvegsmanna stendur því höllum fæti vegna aflabrests, og fyrst og fremst vegna aflabrests.

Ég vil svo árétta það, sem ég sagði, að gefnu tilefni frá hv. 4. þm. Reykv., að samkv. eðli málsins er ekki hægt að leggja fram lista á Alþingi, þannig að menn geti fengið svo og svo langan frest til að búa sér í haginn, áður en listinn er settur í framkvæmd. Þess vegna var hafður sá háttur á, að ríkisstj. kynnti sér, hvort réttara væri að halda þessari skipan á málunum eða breyta til.

Er ýmislegt annað í ræðu hv. þm., sem gæti gefið tilefni til langrar ræðu, en ég ætla að láta undir höfuð leggjast að ræða nú við þessa umr. Út af því, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði, skildist mér, að hann hefði misskilið mín orð. Ég tók það fram í minni ræðu, að ríkisstj. hefði þurft að leita umsagnar fulltrúa frá alþjóðagjaldeyrissjóðnum til að ganga úr skugga um, að hér væri ekki verið að brjóta lög þess sjóðs. Var okkar sjónarmið viðurkennt, og er hér ekki um að ræða brot á þeim l., heldur rétta meðferð gengis og gjaldeyris. Eins og flestum hv. þm. mun kunnugt, þá má samkv. lögum þessa sjóðs enginn meðlimur sjóðsins breyta gjaldeyri sínum, nema samþykki sjóðsstjórnar komi til. Ríkisstj. þurfti ekki að leita samþykkis Alþingis vegna þess, að þetta er gert í samræmi við íslenzk lög. Þetta er gert í fullri heimild, sbr. 11. og 12. gr. l. um fjárhagsráð. Ég hygg, að ég þurfi engu við að bæta um okkar heimild. En samkv. þessum l. er fjárhagsráði heimilt:

1) að gefa innflutning á vissum vörum frjálsan með sérstökum skilyrðum eins og á bátalistanum;

2) að ráðstafa gjaldeyri til greiðslu, sbr. 2. lið 12. gr. l.;

3) að undanþiggja vörur hámarksverði.

Er því heimildin varðandi bátalistann svo skýr og ótvíræð, að ég sé ekki neitt varðandi þessa framkvæmd, sem þarf frekari heimild til.

Hvað það snertir, hvort ríkisstj. vilji leggja þetta fyrir þing, þá er það að segja, að þessi samningur er þegar gerður. Ríkisstj. hefur gert samninginn samkv. þeirri ótvíræðu lagaheimild, sem ég benti á. — Hef ég svo ekki fleiru hér við að bæta.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Þessi tilkynning ríkisstj. er fyrir margra hluta sakir merkileg. Hæstv. atvmrh. les frásögn af því hér á Alþ., að sér og ríkisstj. hafi þóknast að ákveða, að vissar vörur megi ekki flytja til landsins, nema þær séu keyptar fyrir vissan gjaldeyri, og að eigendur þessa gjaldeyris megi selja innflytjendum þessara vissu vara hann með mikilli álagningu á opinberu gengi. Svo sem kunnugt er, var skipulag þetta, bátagjaldeyrisskipulagið, tekið upp í fyrra að Alþ. forspurðu. Nú er það endurnýjað og aukið, en ekki endurbætt, og Alþ. sagt frá því svona rétt til málamynda! Hvað er hér á ferðinni? Mönnum getur auðvitað ekki blandazt hugur um, að tekin hefur verið með þessu upp tvenns konar skráning á íslenzku krónunni. Útflytjendur tiltekinna íslenzkra afurða fá hærra verð fyrir útflutning sinn en aðrir og hærra verð en svarar til hins opinbera gengis. Þeim er tryggt þetta háa gengi á gjaldeyri sinn með því að veita þeim einkaleyfi til innflutnings á fjölmörgum vörutegundum, sem hægt er að leggja mikið á. Og svo er allt saman kölluð „frjáls verzlun“!! Nei, með þessu er auðvitað verið að taka upp tvöfalt gengi, það er verið að framkvæma „partiella“ gengislækkun. Gengisskráningarvaldið er lögum samkvæmt í höndum Alþ. Ríkisstj. virðist hins vegar telja, að hún hafi rétt til að taka upp tvöfalt gengi, þ. e. framkvæma ein „partiella“ gengislækkun. Þetta er skrýtin skoðun, eins og raunar fyrirkomulagið sjálft. Mér er ekki kunnugt um, að slíkt skipulag tíðkist í nágrannalöndum, ekki í Vestur-Evrópu, og í Norður-Ameríku þekkist það ekki. Í einu Evrópulandi er þó skipulag, sem er eitthvað í áttina við þetta, og er það Spánn. Auk þess er skylt skipulag þessu víða í Suður-Ameríku, en þar er gengið lengra á þessari braut. Fyrirmynd sína hefur því hæstv. ríkisstj. orðið að sækja til Spánar og Suður-Ameríku. Ríkisstj. er ekki óvön því að horfa til útlanda. Mér finnst, að hún hefði getað horft í aðra átt eftir fyrirmynd. Kjarni þessa skipulags er sá, að vissum aðilum er veitt heimild til kaupa á vissum erlendum varningi og til sölu á honum án nokkurrar takmörkunar á álagningu. Tilteknum útflytjendum eru m. ö. o. tryggðar tekjur í skjóli einokunar á innflutningi. Er hægt að hugsa sér meiri öfuguggahátt í framkvæmdum hjá stjórn, sem þykist hafa frjálsa verzlun að höfuðleiðarstjörnu? Kenningin um „frjálsa verzlun“ er framkvæmd með mestu einokun, sem um getur á síðari árum! Stórkostlegum byrðum er velt yfir á herðar almennings með þessari óbeinu gengisfellingu. Ráðstafanirnar hafa nákvæmlega sams konar áhrif og gengislækkun: Tekjur útflytjenda bátaafurðanna vaxa, en verðlag innfluttu vörunnar til neytenda hækkar.

Ég held, að ástæða sé til að minna hæstv. ríkisstj. og allan þingheim á boðskapinn, sem ríkisstj. flutti hér á Alþ., þegar gengislækkunarfrv. var lagt fram 1950. Því fylgdi merkileg álitsgerð tveggja hagfræðinga. Í þessari álitsgerð er rætt um þá stefnu, sem hæstv. ríkisstj. hefur nú tekið upp. En fyrrv. stjórn hafði gert nokkrar smávægilegar ráðstafanir í sömu átt varðandi hrogn og Faxasíld, en þar var um að ræða afurðir, sem vitað var að yrðu alls ekki hagnýttar án þess, að veittur yrði einhvers konar styrkur til þess. — Nú langar mig til að minna hæstv. ríkisstjórn og þingheim allan á þennan boðskap. Ætla ég, með leyfi hæstv. forseta, að lesa það upp, sem hagfræðingarnir sögðu um þá stefnu, sem þeir kölluðu „frjálsan“ gjaldeyri eða „gjaldeyrisfríðindi“. Þeir segja:

„Með gjaldeyrisfríðindunum er svo um hnútana búið, að útgerðarmenn fá hærra verð og hærri tekjur fyrir hrognin heldur en fyrir fram-

leiðslu, sem er þjóðhagslega verðmeiri, þ. e. framleiðslu, sem meira er hægt að kaupa fyrir. Þjóðin borgar brúsann með hærra vöruverði.“ — Það gerir hún einmitt núna. Hér eru hagfræðingarnir nefnilega að ræða um efnislega séð hið sama og felst í bátagjaldeyrisskipulaginu. — „Það er augljóst, að því lengra sem út á þessa braut er gengið, því meiri umráð sem útgerðarmönnum eru veitt yfir gjaldeyri, sem þannig er aflað, því óhagkvæmari verður útflutningsverzlunin og því meiri kjararýrnun þjóðarinnar.“ — Þetta er öldungis rétt. — „Það, sem frjálsi gjaldeyririnn þýðir í raun og veru, er það, að erfiðleikarnir, sem hafa myndazt í skjóli haftanna, eru orðnir þannig, að kerfið er að gliðna í sundur, og er það álit okkar, að verði haldið áfram á sömu braut, þá bíði á næstu árum ekki annað en upplausn þess og að atvinnulífið færist meir og meir í óskapnaðar horf.“ — Þann óskapnað höfum við nú fyrir framan okkur! — „Eftir því sem upplausnin vex, eftir því verða fleiri og fleiri hagsmunahópar, sem hafa hag af ófremdarástandinu, og því erfiðara verður að breyta því til batnaðar, því lengur sem beðið er með nauðsynlegar ráðstafanir. Til greina kemur að fara þá leið, að útgerðarmenn fái ákveðinn hluta, t. d. þriðjung eða helming gjaldeyrisins til frjálsrar ráðstöfunar.“ — Það er einmitt það, sem hæstv. ríkisstj. er nú að gera. — „Næðu svona fríðindi aðeins til bátaútvegsins, mundu fyrirkomulaginu fylgja þeir annmarkar, sem nú eru á hinum „frjálsa“ gjaldeyri og ræddir hafa verið hér að framan. Væri fyrirkomulagið hins vegar látið ná hlutfallslega jafnt til alls gjaldeyris, sem fengist fyrir útfluttar sjávarafurðir, væri það skynsamlegra en núverandi fyrirkomulag hins „frjálsa“ gjaldeyris, þar eð það hefði ekki í för með sér sams konar óhagstæð áhrif fyrir atvinnuþróunina.“ — Þessa leið fer ríkisstj. þó ekki, heldur lætur hún fríðindin einmitt ná til bátagjaldeyrisins eins, þvert ofan í tillögur hagfræðinga sinna og þrátt fyrir hrakspár þeirra, ef slíkt yrði gert. — Síðar segir: „Með því að fara þessa leið mundi raunverulega sett tvenns konar gengi á íslenzku krónuna og þá um leið tvenns konar verðlag á innfluttar vörur. Í framkvæmdinni yrði þetta sennilega þannig, að frjálsa gjaldeyrinum yrði einkum varið til að flytja inn vörur, sem ekki gætu talizt bráðnauðsynlegar, eða teldust jafnvel óþarfar, og yrði þetta gert til þess að koma í veg fyrir, að hinar óumflýjanlegu verðhækkanir kæmu fram í vísitölunni.“ Síðar segir: „Hin tvö gengi og tvenns konar verðlag innanlands mundu gera nauðsynlegt að halda mjög ströngu eftirliti með verðlagi og dreifingu allra innfluttra vara.“ Þetta hefur ríkisstj. alveg vanrækt eftir þeim upplýsingum, sem við höfum fengið frá verðgæzlustjóra. Hæstv. ríkisstj. hefur blátt áfram hunzað þær skoðanir, sem komu fram í álitsgerð þessara hæfu hagfræðinga. — Enn segir: „Sterk öfl mundu reyna að hækka álagningu og verðlag á þeim vörum, sem fluttar væru inn fyrir ódýrari gjaldeyrinn, til samræmis við verðlag á þeim vörum, sem fluttar væru inn fyrir frjálsa gjaldeyrinn. Með því móti væri skapaður jarðvegur fyrir margs konar brask og óheilbrigða verzlunarhætti.“ — Einmitt þetta margs konar brask og óheilbrigðu verzlunarhættir blasa við þeim, sem vilja hafa augun opin fyrir því, sem er að gerast. En hæstv. ríkisstj. hefur ekki viljað taka mark á þessum varnaðarorðum, heldur látið þau sem vind um eyrun þjóta. Þannig sjáum við, að sérfræðingar ríkisstj. hafa varað við þeim ráðstöfunum, sem hún hefur gert að kjarna gerða sinna.

Ég gat þess áðan, að þessi ráðstöfun væri hæpin frá lagasjónarmiði. Hæstv. atvmrh. vitnaði í 11. og 12. gr. l. um fjárhagsráð og sagði, að fjárhagsráð gæti gefið innflutning á vissum vörum frjálsan og hefði áður gefið hann frjálsan með vissum skilyrðum, eins og gert væri á bátalistanum, og hefði leyfi til að afnema verðlagseftirlit á vörum. Ég vil benda hæstv. ráðh. á, hver var eiginleg undirstaða og raunverulegur tilgangur þeirra ákvæða, sem hingað til hafa gilt og eru frá því að lög voru sett fyrst um innflutningshöft og veitingu innflutningsleyfa. Nauðsynlegt var að takmarka innflutninginn í heild, og þá var auðvitað einnig nauðsynlegt að gefa út innflutningsleyfi. Var innflutningur einstakra vörutegunda að sjálfsögðu takmarkaður misjafnlega mikið. Í bátagjaldeyrisreglunum er engin heildartakmörkun á innflutningi þeirra vörutegunda, sem þær taka til. Þar eru engin skilyrði um takmörkun á innflutningi á nylonsokkum eða niðursoðnum ávöxtum eða þess háttar varningi. Það er sett í sjálfsvald innflytjenda, hvað þeir flytja mikið inn af þessum vörum. Það, sem ríkisstj. gerir, er að takmarka innflutning á bátagjaldeyrisvörum í heild, ekki vegna gjaldeyrisskorts, heldur til að tryggja útvegsmönnum álagningu á vissan gjaldeyri, m. ö. o. til að tryggja þeim annað gengi fyrir sinn útflutning en hið skráða gengi. Tilgangur þessarar reglugerðar er allt annar en eldri lagaákvæða um takmörkun á innflutningi. Áður hafði l. verið beitt til að takmarka innflutning, einkum á vissum vörutegundum. En þessum lista er beitt til að tryggja hærra gengi á gjaldeyrinum, sem fæst fyrir vissar útflutningsvörur.

Það er ekki hægt að sækja rök í gömlu innflutningstakmörkunarlögin fyrir þessu. Þeim var ætlað allt annað hlutverk. Ef þetta er löglegt, eru ákvarðanir Alþ. um skráð gengi krónunnar alger markleysa. Ef allur eða hálfur innflutningurinn er tekinn á þennan lista, er þá nokkur í vafa um, að gengi krónunnar er ekki kr. 16.32 miðað við dollar? Mér þætti gaman að sjá framan í þann embættismann, sem vildi halda því fram, að gengi krónunnar væri 16.32 miðað við dollar, ef helmingur eða ¾ hlutar innflutningsins væru á bátagjaldeyrislistanum. Það á ekki að þurfa að rökræða þetta á samkundu eins og þessari, svo augljóst er það. Það, sem hér er að gerast, er, að ríkisstj. tekur í sínar hendur hluta af gengisskráningarvaldinu. Það er þetta, sem Alþfl. vill ekki láta óátalið, og það verður að leggja þetta mál fyrir Alþ. til samþykktar eða synjunar. Lagasetning um þessi atriði er nauðsynleg og sjálfsögð, hvort sem litið er á lagalega hlið málsins eða þing-

ræðislega hlið þess. Þá yrði og hægt að koma á framfæri tillögum til breytinga á kerfinu.

Þær breyt., sem ég tel nauðsynlegast að gera, eru tvenns konar. Annars vegar þarf að tryggja hlut sjómanna betur en gert hefur verið, því að þeir hafa verið hlunnfarnir á síðasta ári. Hins vegar að koma í veg fyrir, að innflytjendur misnoti sér þetta kerfi, eins og átt hefur sér stað.

Útgerðarmenn hafa bent mér á, að fiskkaupmenn hafi hagnazt óeðlilega á þessu skipulagi, eins og það var framkvæmt á s. l. ári. Fiskverðið var 75 aurar, áður en þetta kerfi var tekið upp, og fyrir eitt tonn fengust því 750 kr. Núverandi fiskverð er 1.05 eða 1.06 kr., og fyrir sama magn fæst því 306 kr. meira vegna verðhækkunarinnar á fiskinum. (GJ: Þetta eru röng hlutföll.) Það má deila um þetta, en þetta er dæmið, sem útgerðarmaðurinn skýrði mér frá, og fullyrti hann, að þetta væru þær tölur, sem um væri að ræða. Þó að mér sé ljóst, að það megi deila um þetta, er engu að síður rétt að halda áfram með dæmið og sjá, hvers við verðum vísari. Ef við tökum 40 punda sölu, þá gefur hún 2040 kr. Á helming þessa leggst bátagjaldeyrir. 50% álagning á 1020 kr. gerir 510 kr. Báta álagningin skilaði 510 kr. Útvegsmaðurinn fékk aðeins 306 kr. hækkun, en fiskkaupmenn fengu 200 kr. í sinn vasa af þessu. Við þetta bætist svo, að sjómönnum hefur verið reiknað kr. 0.96 á hvert kg, en ekki kr. 1.05. Sést bezt af þessu, hvílík fjarstæða þetta fyrirkomulag er. Sjómaðurinn hefur verið beittur svívirðilegri rangsleitni, sem ég efast um, að eigi stoð í lögum. Hlutur hans hefur verið miðaður við annað verð en útgerðarmaðurinn fær. Við þetta bætist svo, hvað sem má deila um einstök minni háttar atriði, að það er langt frá því, að útvegsmenn fái allan hagnað af þessum bátagjaldeyri. Af hagnaðinum rennur verulegur hluti til milliliða, hraðfrystihúsanna og saltfisksútflytjenda. Þegar varan, sem keypt er fyrir fiskinn, kemur svo til landsins og búið er að svíkja útvegsmenn og sjómenn, þá koma heildsalarnir og taka til sín annað eins. Það má með sanni segja, að þetta skipulag sé kjarninn í stefnu ríkisstj. í viðskiptamálum. Það þarf að koma í veg fyrir, að níðzt sé á sjómönnum, og tryggja rétt þeirra, það þarf að rétta hlut útvegsmanna gagnvart frystihúsunum og fiskkaupmönnunum. Og það verður að gera ráðstafanir til þess, að innflytjendur hagnist ekki eins gífurlega og þeir hafa gert á síðasta ári og skýrsla verðgæzlustjóra sýnir. Ég vil minna á, hvað hún sýndi um innflutninginn í október og nóvember, löngu eftir að þetta fyrirkomulag var tekið upp og þegar allt átti að vera komið í eðlilegt horf. Hún sýnir, að einstaka menn geta hagnazt óeðlilega mikið á þessu fyrirkomulagi. Nú eru allar vörurnar komnar á markaðinn, og hið marglofaða jafnvægi ætti að vera komið á, en samt er kerfið óspart notað til okurs. Athuganir sýndu, að innkaupsverð 60 vörutegunda var 2.3 millj. kr., en söluverðið 7.5 millj. Álagningin er 2.2 millj., eða eins mikil og nettókaupverð á vörunni erlendis. Álagningarhækkun þeirra, sem að innflutningnum stóðu, var tæp 1 millj. kr. af innflutningi, sem var í gjaldeyri um 2 millj. kr., en útvegsmenn fengu 941 þús. kr. Þeir fengu minna en innflytjendurnir fengu í álagningu fyrir að innheimta þessar 941 þús. kr. og skila útgerðarmönnum þeim. Þeir taka 1 millj. kr. í viðbót í innheimtulaun fyrir að skila þessum 941 þús. kr. Þetta er svo fráleitt, að ég skil ekkert í ríkisstj., að hún skuli dirfast að leggja til áframhald þessa kerfis, án þess að gera ráðstafanir til þess, að slíkt endurtaki sig ekki. Hæstv. atvmrh. hefur haldið því fram, að frjáls samkeppni, sem í orði hefur marga kosti, eigi að leysa þennan vanda. Til þess að frjáls samkeppni geti gert það gagn, sem henni er ætlað, þarf verzlun og innflutningur að vera frjáls og fjárhagskerfið innanlands sömuleiðis. Hér er hvorugt fyrir hendi. Innflutningurinn er ekki frjáls á þessum bátagjaldeyrisvörum. Hann er takmarkaður við bátagjaldeyrinn. Það er ekki hægt að flytja þessar vörur inn nema fyrir útvegsmannagjaldeyri. Aðrir geta ekki keppt um innflutning á þessum sviðum. Hér er því um einokun að ræða. Hitt skilyrðið er ekki heldur fyrir hendi. Sá tilgangur gengislækkunarinnar að ná jafnvægi í efnahagskerfinu hefur ekki náðst. Það nær því engri átt að treysta á frjálsa samkeppni. Hún getur ekki gert það gagn, sem henni er ætlað, vegna þess að forsendurnar eru ekki fyrir hendi. Það er því ekkert annað að gera en að taka upp verðlagseftirlit með þessum vörum, sem mundi verða þjóðinni margfalt ódýrara en að treysta á frjálsa samkeppni. Ég sá einhvers staðar í skýrslu frá einhverjum hæstv. ráðh., að útvegsmenn mundu fá 50—60 millj. kr. fyrir bátagjaldeyrinn árið 1951. Ef miðað er við skýrslu verðgæzlustjóra, taka heildsalarnir annað eins. Sömu upphæð og bátaútvegsmaðurinn fær var hægt að láta hann fá án nokkurrar nýrrar álagningar.

Niðurstaðan af þessum orðum er sú, að með þessu móti er verið að stofna til nýrrar gengislækkunar í landinu. Og þetta er kjarninn í stefnu ríkisstj. Ef hún kemst upp með þetta, verður gengisskráningin í rauninni nafnið eitt og aðeins formsatriði fyrir Alþ. að samþ. breyt. á gengisskráningarl. og færa gengið á pappírinn.

Ég tel nauðsynlegt, að allir geri sér í fyrsta lagi grein fyrir því, að kjarninn í þessum ráðstöfunum ríkisstj. er, að stefnt er að nýrri gengislækkun. Í öðru lagi er nauðsynlegt að setja lög um þetta mál, því að tvísýnt er, að þessi reglugerð eigi stoð í lögum. Í þriðja lagi er nauðsynlegt að gera breyt. á kerfinu til að leiðrétta hlut sjómanna. Í fjórða lagi er svo nauðsynlegt að stöðva verzlunarokrið, sem framkvæmt hefur verið í skjóli þessa kerfis.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að halda langa ræðu um þetta. Ég fæ tækifæri til þess síðar.

Ég ætla að bera fram spurningu til hæstv. atvmrh. vegna þess, að þegar þetta kerfi var tekið upp í fyrra, lýsti hann því yfir, að þetta væri aðeins bráðabirgðaráðstöfun, sem ekki ætti að framlengja. Hvað hyggst ríkisstj. fyrir um þetta í framtíðinni? Er almenningur kominn

inn á þá braut að hafa þetta kerfi fast, og hefur verið rætt um, hvað tæki við um næstu áramót? Ég býst við, að hæstv. ríkisstj. geri sér ljóst, að sú breyt., sem verður á þessu ári, geri það að verkum, að hægt verði að láta vera að gera ráðstafanir til þess að styrkja bátaútvegginn um næstu áramót. Sennilega hefur þetta borið á góma í viðræðum, sem framleiðendur bátagjaldeyrisins áttu við fulltrúa úr gjaldeyrissjóði. Ef svo er, þá vaknar sú spurning: Hvað hefur helzt komið fram í þessu efni?

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég ætla aðeins að segja nokkur orð út af því, sem hæstv. atvmrh. sagði um lögmæti þessara ráðstafana. Ég hef aðeins fengið eitt svar við spurningum mínum. Hæstv. ráðh. sagði, að þetta væri skv. 11. og 12. gr. Ég býst við, að það sé skv. 11. gr., að innflutningur er gefinn frjáls á þessum vörum. En skv. þessari gr. er ekki hægt að setja skilyrði fyrir innflutningi, heldur aðeins hægt að gefa frjálsan innflutning. Með þessu eru bátainnflutningsvörurnar ekki frjáls innflutningur, þær eru skilorðsbundin einokun, þó að þetta sé kallaður frílisti.

Þá sagði hæstv. ráðh., að skv. 12. gr. mætti setja skilyrði. Það er einvörðungu í þessari grein, sem talað er um að setja nokkur skilyrði, og það eru eingöngu þessi skilyrði, sem hæstv. ráðh. vísaði til. Við skulum athuga, hvernig er háttað með þessi skilyrði. — Í fyrsta lagi er ekki hægt að úthluta þessum leyfum til annarra en innflytjenda; það stendur greinilega. Og það er þá engum öðrum hægt að setja skilyrði en innflytjendum. M. ö. o., það er ekki hægt að úthluta þessum leyfum til annarra en sérstakra innflytjenda. Hvað gerir svo ríkisstj.? Hún úthlutar engu af þessum leyfum til innflytjenda, heldur aðeins til útflytjenda, ekki með það fyrir augum, að þeir kaupi aðeins það ódýrasta, heldur með það fyrir augum, að þeir leggi 60% á þetta. Strax í byrjun auglýsingarinnar er byrjað að þverbrjóta lögin. Hæstv. ríkisstj. hlýtur að vera þetta ljóst, en hún fæst ekki til að vitna í þessa gr. og lesa hana upp fyrir hv. Alþ. Þetta er eina gr., sem hægt er að setja skilyrði eftir. Ég býst ekki við, að nokkur treystist til að neita þessu. Það er ómögulegt að ætla sér að teygja þessa gr. svona út. Hvað ætlast svo hæstv. ríkisstj. fyrir með þessu? Ef ríkisstj. hefur rétt til að fara svona með vefnaðarvörur, þá getur hún farið svona með allar vörur, líka matvörur. Þá er hægt að leggja 70%, 100% eða 1000% á alla matvöru. Ég held, að jafnvel hæstv. ríkisstj. hljóti að sjá, að hér er um hreint lögbrot að ræða, og ef þeir telja sig hafa lagaheimild til þess að gera þetta, þá telja þeir sig alveg eins hafa lagaheimild til þess að leggja þetta á alla matvöru. Hér er því ekkert annað en lögbrot, hreint lögbrot, sem um er að ræða.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Það er aðeins örstutt svar út af fyrirspurn hv. þm. Siglf. Hann sagði, að þegar þetta var sett á í fyrra, þá hefði verið ákveðið, að það yrði ekki nema í eitt ár. Þetta er ekki rétt. Ég lét í ljós, að ég vonaði, að þetta yrði ekki nema í eitt ár. Ástæðan fyrir því, að þessar vonir okkar brugðust, var fyrst og fremst sú, hvað aflabresturinn varð mikill. Ríkisstj. setti lögin í þeirri von, að þau þyrftu ekki að gilda nema eitt ár, en þegar þær vonir brugðust, varð að taka málið upp að nýju.

Ég ætla mér ekki að fara að karpa við 2. þm. Reykv. út af lagaákvæðum eða því, hvort heimild sé fyrir hendi í þessu efni. Ég lít svo á, að heimild sé skýlaus og ótvíræð í l. frá 5. júní 1947. Þar er skýrt tekið fram, að fjárhagsráð geti gefið undanþágu með auglýsingu, að fengnu samþykki ríkisstj. Ég lít þannig á, að þessi heimild sé skýlaus. — Aðalatriðið í heimild þessari er, að fjárhagsráð getur gefið undanþágu með auglýsingu, að fengnu samþykki ríkisstj.

Hin langa ræða hv. 3. landsk. gæti gefið tilefni til að flytja hér langa ræðu. Ég held þó, að ég sleppi því nú, enda gætti svo mikilla missagna og misskilnings í ræðu hv. þm., að ég undrast það. Tilvitnanir hv. þm. í orð hagfræðinganna tveggja, er ráðnir voru sem ráðunautar ríkisstj., eru alveg dæmalausar. Það væri vissulega gaman, ef hv. þm., sem er hagfræðingur, og hinir létu í ljós álit sitt. Það væri gaman að fá að hlýða á þessa hagfræðinga, er þeir leiddu saman hesta sína. Ég held, að aðalmisskilningurinn byggist á skilningi hans á l. um fjárhagsráð frá 5. júní 1947, en eins og ég sagði áðan, þá er þar skýr heimild fyrir gerðum ríkisstj. — Það gætir einnig annars grundvallarmisskilnings í ræðu hv. þm., þegar hann talar um gróða milliliðanna. Þetta er ekki gert fyrir nokkra menn sem gróðafyrirtæki. Hv. þm. verður að gera sér grein fyrir því, að það leggst mikið á þann fisk, sem útgerðin flytur út, þegar búið er að verka hann og gera sölusamninga. Ég skal ekki fara nánar út í þetta, það er þýðingarlaust að þrátta um, hvert gróðinn renni, því að það er aðeins til að lengja umr. Það er á móti almennum rökum, að frjáls verzlun gefi kaupmönnum of mikinn gróða. Ég get ekki komið auga á, að með þessu sé verið að skapa vissum einstaklingum gróða, og því síður, að verið sé að lækka gengi krónunnar. Hv. þm. segir, að stjórnin sé hér með undanbrögð og fari í kringum gildandi lög og reglur. Ég vil spyrja, hvað það er, sem stríðir á móti gildandi reglum. Eins og ég hef margoft sagt, þá er fyrir þessum aðgerðum stj. skýr heimild í l. Það yrði aðeins til að lengja umr. að halda áfram að þrátta um þetta, og get ég því látið þetta nægja.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur atriði viðvíkjandi ræðu hæstv. atvmrh.

Hæstv. atvmrh. sagði, að innflutningsverzlunin væri frjáls. Ég hef lagt þann skilning í frjálsa innflutningsverzlun, að það væri þegar hvaða aðili sem væri mætti flytja til landsins vörur og gæti fengið keyptan til þess gjaldeyri á opinberu gengi. Ég býst við því, að flestir verði mér sammála um þetta. Bátavöruinnflutningurinn er auðvitað ekki frjáls. Þær vörur má ekki hver sem vill flytja til landsins. Hagnað-

urinn af innflutningi þeirrar vöru byggist einmitt á því, að hann er ekki frjáls. Þess vegna er hægt að selja leyfin með álagi, og ætti hæstv. ráðh. ekki að vera að þræta um þetta. — Það er rétt, sem hann sagði um aðstöðu þeirra, er kaupa fiskinn fyrir fast verð, að þeir bera söluáhættu. Reynslan af þessu bátagjaldeyrisskipulagi er samt þannig, að það færir millilíðunum meiri hagnað en útgerðarmönnum, og mótmælti hæstv. ráðh. því í sjálfu sér ekki.

Ég ætlaðist ekki til, að neinn skildi orð mín þannig, að ég teldi stjórnina hafa brotið milliríkjasamninga með bátagjaldeyrisskipulaginu. Slíkt er ekki álit mitt, enda á þess háttar auðvitað ekki að heyrast frá hinu háa Alþingi. En ég sagði og legg áherzlu á, að með þessu er gengi krónunnar lækkað óbeint, svo að með aðgerðum þessum er stefnt að nýrri, almennri gengislækkun.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Hv. 3. landsk. sagði, að hann teldi ekki innflutning frjálsan, nema hver sem væri mætti flytja inn vörur á opinberu gengi. Um þetta fjallar langur kafli í ræðu hans. Hann segist telja, að bátagjaldeyririnn sé ekki frjáls, því að þar sé um óeðlilega álagningu að ræða. Milli okkar hv. þm. er djúptækur skoðanamunur. Ég held, að þessar aðgerðir hafi nú samt sem áður verið það bezta, einmitt meðan hægt er að fullnægja þörf þjóðarinnar fyrir vörukaup. Ég er ekki dómbær um það, en vil gera tilraun til að afla mér frekari vitneskju um það, hver endanleg afkoma á útfluttum fiski verður á þessu ári, en ég vona, að hún verði betri 1951 en 1950, þó að við höfum fengið heimild 1950 til að selja í clearing-viðskiptum, sem gáfu allgóðan hagnað og vonir um glæsilega sölu. — Ég vil aðeins segja það, að ég tel ekki, að nein þjóð þurfi né muni líta svo á, að við höfum breytt genginu. Og ég vona, að engin ástæða sé til að óttast hrakspár hv. þm. um, að þetta sé leiðin til gengislækkunar.

IV. Minning látinna manna.

Á 14. fundi í Sþ., 14. nóv., mælti

forseti (JPálm): Í gær andaðist á Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund hér í bænum Eiríkur Einarsson alþingismaður, á 67. aldursári. Hann hafði um skeið þjáðst af þungbærum veikindum og var þrotinn að heilsu.

Eiríkur Einarsson fæddist 2. marz 1885 á Hæli í Gnúpverjahreppi í Árnessýslu, sonur Einars, er þar bjó, Geststsonar bónda á Hæli Gíslasonar, en kona Einars og móðir Eiríks var Steinunn Vigfúsdóttir sýslumanns Thorarensens. Eiríkur gekk menntaveginn og lauk stúdentsprófi í Reykjavík 1909 og lögfræðiprófi í Háskóla Íslands fjórum árum síðar, 1913. Næstu tvö árin var hann yfirdómslögmaður í Reykjavík, en sumarið 1915 var hann settur sýslumaður í Árnessýslu og gegndi því embætti í nærfellt tvö ár. Þegar Landsbankinn setti á stofn útibú á Selfossi, var Eiríki falin forstaða þess, og hafði hann það starf á hendi í 12 ár, til 1930, en þá tók hann við lögfræðistarfi í aðalbankanum hér í Reykjavík og gegndi því síðan, meðan honum entist heilsa. Árnesingar kusu hann fyrst á þing haustið 1919, og sat hann á þingi það kjörtímabil, til 1923. Að tíu árum liðnum var hann aftur kosinn þingmaður Árnesinga og sat á aukaþinginu 1933. Fjórum árum síðar varð hann landskjörinn þingmaður og átti sæti á þingi 1937—1942, en var þá enn kosinn þingmaður Árnesinga og var það til dauðadags. Alls sat hann á 25 þingum. Á Alþingi hafði hann mestan áhuga á samgöngumálum, landbúnaði og menntamálum og átti lengst af sæti í þingnefndum þeim, sem um þau mál fjölluðu.

Eiríkur Einarsson var hugsjónamaður og skáld. Vafalaust mesta skáld, sem setið hefur á Alþingi síðan Hannes Hafstein leið. En skáldskapur Eiríks Einarssonar hefur farið dult. Hann hélt honum að mestu leyndum, svo að fáir einir vita, hve snjall hann var á þessu sviði. Hann var snillingur að beita léttri kímni á alla spaugilega hluti og einnig að skoða alvarleg mál og alvarlega menn frá þeirri hlið. Þetta vissum við, sem þekktum hann bezt, og þetta fær þjóðin öll væntanlega að vita áður en langir tímar líða.

Sem hugsjónamaður var Eiríkur líka skáld. Hann var ekki líklegur til að fara troðnar slóðir eða elta aðra menn. Hann hafði sjálfstæðar hugmyndir og sjálfstæðar hugsjónir, en naut sín ekki að sama skapi, meðfram vegna veillar heilsu og meðfram af því, að hann var svo mikið góðmenni, að honum var mjög óljúft að fara í harða baráttu. Hann var friðsamur með afbrigðum og vildi taka tillit til allra skynsamlegra raka, hvaðan sem þau komu. Hann hafði sérstakan áhuga fyrir menningu og sjálfstæði þjóðarinnar. Á því sviði þótti honum aldrei of langt gengið, hvað sem leið fjárhagslegum fórnum. Raunsær fjármálamaður var hann ekki og átti þar sammerkt við flesta hugsjónamenn og skáld.

Af öllum hans hugsjónum voru þó þær sterkastar, sem sneru að æskuhéraði hans, Árnessýslu, og öllum hennar framfaramálum. Hann var lengi búinn að vera Reykvíkingur, en hann átti fáa og kannske enga sína líka í því að vera sívakandi um hvert einasta atriði, er verða mætti æskuhéraði hans og íbúum þess til gagns og blessunar. Hann fór oft austur yfir heiði, og hann var alltaf „ásku sinnar gestur", eins og hann kemst sjálfur að orði. Hann vildi líka helzt alltaf geta fært sínu elskaða æskuhéraði einhverjar nytsamlegar gjafir. En okkur flokksbræðrum hans, og þó miklu frekar öðrum, fannst hann stundum nokkuð áleitinn um mikla hluti fyrir Árnessýslu. Þar kom eigi til kröfuharka, heldur vakandi áhugi, einlæg trú á góð málefni og siendurteknar fortölur góðmennisins um aðstoð og fylgi við fagrar hugsjónir. Það er dálítið merkilegt atriði til marks um örlög okkar mannanna, að fyrir fáum dögum, þegar Eiríkur Einarsson lá á banasænginni, þá vorum við nokkuð margir þingmenn að skoða byrjunar-

framkvæmdir á tveimur af hans stærstu hugsjónamálum, Iðubrúnni og Austurvegi. Fyrir þessum málum var hann búinn að berjast þrotlaust í mörg ár, og áreiðanlega hefði framkvæmdum á báðum stöðum verið lokið fyrir löngu, ef hann hefði mátt ráða. En svona gengur það oft um hugsjónamál, að uppskeran verður eigi alltaf til að gleðja augu þeirra, sem hugsjónirnar áttu og mest börðust fyrir þeim.

Eiríkur Einarsson var hjálpfús maður og vinsamlegur við alla, sem hann þekkti. Hann vildi helzt geta gert sem allra flestum einhvern greiða, mun og ekki alltaf hafa sézt fyrir um eigin hag, þegar því var að skipta. Hann átti hvergi óvildarmenn, en óvenjulega marga vini. Hann var bjartsýnn og glaðlyndur. Hann bar það með sér, að þar fór góður maður og velviljaður.

Að undanförnu hefur heilsufari þessa ágæta manns verið þannig háttað, að brottför hans veldur eigi eðlilegri hryggð. Miklu fremur er það gleðiefni, að hann hefur fengið lausn og þarf eigi lengur að berjast vonlausri baráttu.

Ég vil biðja háttvirta alþingismenn að heiðra minningu hans með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Á 28. fundi í Sþ., 3. jan., mælti

forseti (JPálm): Á næstsíðasta degi ársins, sem liðið er, hinn 30. des., andaðist að heimili sínu hér í bænum Finnur Jónsson alþingismaður og fyrrv. ráðherra eftir nærri 4 mánaða þunga legu í sjúkrahúsi, 57 ára að aldri. Tvívegis var gerður á honum uppskurður, en sjúkleikinn var þess eðlis og hafði grafið svo um sig, að ekki varð bót á ráðin.

Finnur Jónsson fæddist á Harðbak á Sléttu 28. sept. 1894, sonur Jóns bónda þar og síðar bónda og verkamanns á Akureyri, Friðfinnssonar bónda á Barði á Akureyri, og konu hans Þuríðar Sigurðardóttur bónda í Miðkoti í Svarfaðardal Jónssonar. Hann lauk gagnfræðaprófi á Akureyri 1910 og gerðist sama ár póstþjónn á Akureyri. Því starfi gegndi hann til 1918, en verzlunarstörfum í sama bæ næstu tvö árin, 1919—1920. Þá var hann skipaður póstmeistari á Ísafirði og hafði það embætti á hendi til 1932. Þegar á þeim árum lét hann mjög til sín taka í stjórnmálum, atvinnu- og félagsmálum, var kosinn í bæjarstjórn 1921 og átti þar sæti í yfir 20 ár, hafði forgöngu um stofnun Samvinnufélags Ísfirðinga, sem rekur bátaútgerð, og var framkvæmdastjóri félagsins frá upphafi, 1928, og þar til hann varð ráðherra, 1944. Ísfirðingar kusu hann á þing 1933, og átti hann þar sæti til dauðadags, sat alls á 24 þingum. Þar var hann þegar og æ síðan ötull málsvari þeirrar stéttar, sem hann var runninn úr, og bar jafnan einkum fyrir brjósti hag sjómanna og verkamanna. Vegna margháttaðrar reynslu og þekkingar í viðskiptamálum og ekki síst sjávarútvegsmálum varð hann sjálfkjörinn fulltrúi flokks síns til ýmissa vandasamra og ábyrgðarmikilla trúnaðarstarfa á þessu sviði. Hann var formaður síldarútvegsnefndar í 7 ár og í stjórn síldarverksmiðja ríkisins frá öndverðu, 1936, til 1946. Hann var og um langt árabil formaður sjútvn. neðri deildar Alþingis, sat um skeið í fjárhagsráði, og í útflutningsnefnd ríkisins var hann skipaður 1939. Einnig átti hann sæti í millibankanefnd. Hann var félags- og dómsmálaráðherra í 2. ráðuneyti Ólafs Thors frá 21. okt. 1944 til 4. febr. 1947. Hin síðustu ár, frá því á öndverðu ári 1949, var hann forstjóri Innkaupastofnunar ríkisins. Oft átti hann sæti í samninganefndum um viðskipti við erlend ríki, og þegar Íslendingar áttu fyrst fulltrúa á þingi sameinuðu þjóðanna, var hann einn meðal þeirra. Á Ísafjarðarárum sínum var hann ritstjóri Skutuls 1931—1935. Hann átti um langt skeið sæti í stjórn Alþýðusambands Íslands og í stjórnum verkalýðsfélaga.

Það má öllum vera minnisstætt, sem þekktu Finn Jónsson, að hann var maður mjög einarður, fylginn sér og oft hvassyrtur, en þó rökvís í málafylgju og glöggsýnn á kjarna hvers máls. Með skapfestu sinni, eljusemi og harðfylgi, samfara góðum gáfum, hófst hann af sjálfum sér til staðgóðrar menntunar og til forustu í þjóðmálum. Jafnótrauður tók hann að lokum hinum þungbæra sjúkdómi sínum, fylgdist með þjóðmálum og tíðindum öllum fram til hins síðasta og lét sem ekki væri, þó að honum hlyti að vera ljóst, að hverju fór.

Þjóð og þingi má vera það harmsefni, að Finnur Jónsson er fallinn frá fyrir aldur fram.

Vér skulum, samþingismenn hans, votta honum virðingu og ástvinum hans samhryggð með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Daginn eftir að hlé var gert á fundum Alþingis, eða 21. des., andaðist hér í bænum í hárri elli Jóhann Eyjólfsson fyrrum alþingismaður, nærri níræður að aldri.

Jóhann Eyjólfsson fæddist í Sveinatungu í Norðurárdal í Mýrasýslu 13. jan. 1862 og var lengst af kenndur við þann bæ, enda rak hann þar síðar búskap um langt skeið. Foreldrar hans voru Eyjólfur bóndi í Sveinatungu, síðar í Hvammi í Hvítársíðu, Jóhannesson Lunds bónda og smiðs í Gullbringum Jónssonar, og kona hans Helga Guðmundsdóttir bónda á Sámsstöðum Guðmundssonar.

Jóhann naut ekki skólagöngu í æsku, en menntaðist að mestu af sjálfsdáðum og gerðist snemma námfús og bókhneigður, enda var hann vel viti borinn og skáldmæltur sem faðir hans. Hann ólst upp í föðurgarði og var þegar á ungum aldri hinn mesti dugnaðarforkur til allra verka, bæði í búi foreldra sinna og við sjóróðra, sem hann stundaði á vertíðum. 27 ára að aldri keypti hann jörðina Sveinatungu og reisti þar bú, hóf þar mikið ræktunarstarf og aðrar umbætur, að ógleymdri húsagerð. Íbúðarhús mikið úr steinsteypu reisti hann þar árið 1895, hið fyrsta af þeirri gerð hér á landi, við hinar verstu aðstæður um alla flutninga og án annarrar reynslu en þeirrar, er hann hafði af afspurn. Þótti það mikið íræði og mun brautryðjendastarfs hans í þessu efni verða lengi minnzt. Í Sveinatungu bjó Jóhann í 26 ár, til 1915, en þá keypti hann jörðina Brautarholt í Kjalarnesi, fluttist þang-

að búferlum og bjó þar í 8 ár, til 1923, en þá fluttist hann til Reykjavíkur, rak þar um skeið fornsölu, en stundaði hin síðari ár bókband í heimahúsum, en þá handiðn hafði hann numið á æskuárum. Á Alþingi átti Jóhann sæti á tveim þingum, 1914 og 1915, var þingmaður Mýramanna. Þar beitti hann sér meðal annars fyrir því, að ævaforn löggjöf allt frá dögum Gissurar biskups Ísleifssonar, um fátækratíund af fasteign og lausafé, yrði úr lögum numin, og fékk því framgengt, sýndi fram á, að réttlátara væri að jafna því, er sveitarsjóðir misstu í við þá breytingu, niður á hreppsbúa eftir efnum og ástæðum. Fjölmörgum trúnaðarstörfum gegndi Jóhann og í héraði, var m. a. um langt skeið hreppsnefndaroddviti og sýslunefndarmaður.

Jóhann Eyjólfsson brauzt í mörgu um ævina, enda var hann stórhuga framfaramaður og hamhleypa að hverju sem hann gekk, fjörugur í hugsun og starfi, hreinskilinn og hreinskiptinn, góður heim að sækja og vinsæll. Með honum er til moldar genginn einn hinna umsvifamestu manna í bændastétt vorri.

Ég vil biðja hv. þm. að votta minningu þessa merkismanns virðingu sína með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Á 30. fundi í Sþ., 9. jan., mælti

forseti (JPálm): Áður en gengið verður til dagskrár, vil ég minnast nokkrum orðum nýlátins fyrrv. alþingismanns og skólastjóra, Karls Finnbogasonar, sem andaðist að heimili sínu í Kópavogshreppi hinn 5. þ. m., 76 ára að aldri.

Karl Finnbogason fæddist að Arnstapa í Ljósavatnshreppi 29. des. 1875, sonur Finnboga bónda þar Finnbogasonar, bónda á Skáney í Reykholtsdal Guðmundssonar, og konu hans Guðrúnar Jónsdóttur bónda á Belgsá í Fnjóskadal Jónssonar. Hann gekk í gagnfræðaskólann á Möðruvöllum og brautskráðist þaðan 1895. Á næstu 6 árum stundaði hann barnakennslu í Bárðardal og Eyjafirði, en 1901 fór hann utan til framhaldsnáms og lauk kennaraprófi í Blaagaards Seminarium í Kaupmannahöfn 1904, hvarf síðan heim og stundaði kennslu á Akureyri 1904—1907, fór þá aftur til Danmerkur og settist í kennaraháskólann í Kaupmannahöfn og lauk þar prófi 1908. Næstu 3 ár, til 1911, var hann kennari við gagnfræðaskólann á Akureyri, en þá varð hann skólastjóri barnaskólans á Seyðisfirði og gegndi því starfi nærfellt hálfan fjórða áratug, eða þar til hann lét af störfum fyrir aldurs sakir fyrir fáum árum og fluttist hingað suður. Á árunum 1917—1930 rak hann jafnframt aðalstarfi sínu bú, fyrst á Klyppsstað í Loðmundarfirði og síðan á Sörlastöðum í Seyðisfirði. Á Seyðisfirði lét hann atvinnu- og félagsmál mjög til sín taka, var m. a. stofnandi Kaupfélags Austfjarða og Síldarbræðslunnar h/f og gegndi þar eystra ýmsum trúnaðarstörfum, var m. a. í yfirskattanefnd Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstaðar um langt skeið. Seyðfirðingar kusu hann í bæjarstjórn 1913, og átti hann þar sæti alla tíð meðan hann átti heima í kaupstaðnum. Hann var þingmaður Seyðfirðinga 1914—1916 og sat á tveim þingum.

Karl Finnbogason var vinsæll maður og vel metinn. Kennarastarfið var aðalævistarf hans, og fór orð af því, að hann væri ágætur kennari og hefði góða stjórn á skóla sínum. Prúðmenni var hann í framgöngu, einlægur og hjartahlýr. Hann var víðlesinn og menntaður og ritaði talsvert, samdi m. a. kennslubók í landafræði handa börnum og unglingum. Var sú bók notuð hér sem kennslubók í skólum um langt árabil og hefur komið út í mörgum útgáfum.

Ég vil biðja háttvirta þingmenn að heiðra minningu þessa mæta manns með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

V. Varamenn taka þingsæti.

Á 12. fundi í Sþ., 5. nóv., var tekin á dagskrá **rannsókn kjörbréfs.**

Forseti (JPálm): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf frá forseta Nd.:

„Reykjavík, 3. nóv. 1951.

Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyf., hefur í dag sent mér svo hljóðandi bréf:

„Vegna veikinda treysti ég mér eigi til að sitja lengur á því Alþingi, er nú situr. Vil ég því hér með æskja þess, að varamaður minn, Magnús Jónsson lögfræðingur, taki sæti mitt á Alþingi til loka þessa þings.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sigurður Bjarnason.“

Samkvæmt þessu hefur kjörbréfanefnd haldið fund til þess að athuga kjörbréf þessa varaþm., og tekur nú frsm. n., hv. 11. landsk. þm., til máls.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Kjörbréfan. hefur athugað kjörbréf Magnúsar Jónssonar og hefur ekkert við það að athuga. N. var sammála um að mæla með því, að það yrði tekið gilt og Magnús Jónsson taki sæti á Alþingi.

ATKVGR.

Kjörbréfið samþ. með 29 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Magnús Jónsson, undirritaði síðan drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (JPálm): Þá hefur Magnús Jónsson undirritað drengskaparheit sitt, og tekur hann nú sæti Stefáns Stefánssonar, 2. þm. Eyf. Ég vil leyfa mér að bjóða hann velkominn til þingsetu.

Á 18. fundi í Sþ., 28. nóv., áður en gengið væri til dagskrár, mælti

forseti (JPálm): Mér hefur borizt bréf frá hv. 8. landsk. þm., sem sent var hæstv. forseta Nd., og er það á þessa leið:

„Reykjavík, 26. nóv. 1951.

Með því að ég þarf á morgun að fara utan til funda á þingi Evrópuráðsins í Strasbourg og dvelja þar um tveggja vikna skeið, þá leyfi ég mér að æskja þess með vísun til 3. mgr. 144. gr. laga nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis, að fyrsti landskjörinn varaþingmaður Alþýðuflokksins, Guðmundur Í. Guðmundsson, taki sæti á Alþingi í minn stað í fjarveru minni.

Virðingarfyllst,

Stefán Jóh. Stefánsson.“

Samkvæmt bréfi þessu tekur 1. landsk. varaþm. Alþfl., Guðmundur Í. Guðmundsson bæjarfógeti, sæti á Alþingi, og býð ég hann velkominn.

Á 57. fundi í Nd., 14. jan., áður en gengið væri til dagskrár, mælti

forseti (SB): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf frá hv. 2. þm. Reykv., Einari Olgeirssyni:

„Reykjavík, 14. jan. 1952.

Lúðvík Jósefsson, 2. landsk. þm., hefur símað mér, að hann vegna annríkis heima fyrir næstu vikur muni ekki geta komið til þings, og falið mér að fara fram á, með skírskotun til 144. gr. laga um kosningar til Alþingis, að varamaður hans, Magnús Kjartansson ritstjóri, taki sæti hans á Alþingi.

Einar Olgeirsson.“

Samkvæmt þessari ósk tekur varamaður sá, er í bréfinu greinir, sæti 2. landsk. þm.

VI. Kosningar.

1. Gæzlustjóri Söfnunarsjóðs.

Á 38. fundi í Nd., 7. des., var tekin til meðferðar

kosning gæzlustjóra Söfnunarsjóðs Íslands til fjögurra ára, frá 1. jan. 1952 til 31. des. 1955, samkv. 7. gr. l. nr. 2 1888, um Söfnunarsjóð Íslands.

Aðeins einn maður var tilnefndur, og var samkv. því kjörinn án atkvgr.:

Gísli Guðmundsson alþm.

2. Yfirskoðunarmenn ríkisreikninga.

Á 27. fundi í Sþ., 20. des., var tekin til meðferðar

kosning þriggja yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna 1951, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 43. gr. stjórnarskrárinnar.

Fram komu tveir listar. Á A-lista voru Jón Pálmason, Jörundur Brynjólfsson og Sigurjón Á. Ólafsson, á B-lista Ásmundur Sigurðsson. — A-listi hlaut 40 atkv., en B-listi 10 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Jón Pálmason alþm.,
Jörundur Brynjólfsson alþm.,
Sigurjón Á. Ólafsson fyrrv. alþm.

3. Verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar.

Á sama fundi var tekin til meðferðar

kosning verðlaunanefndar Gjafar Jóns Sigurðssonar, þriggja manna, samkv. reglum um Gjöf Jóns Sigurðssonar frá 16. okt. 1912, 3. gr.

Fram kom einn listi, sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Lýsti forseti þá menn rétt kjörna án atkvgr., en þeir voru:

Matthías Þórðarson fyrrv. þjóðminjavörður,
Þorkell Jóhannesson prófessor,
Þórður Eyjólfsson hæstaréttardómari.

4. Landsbankanefnd.

Á sama fundi var tekin til meðferðar

kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í landsbankanefnd, allra til sex ára, frá 1. jan. 1952 til 31. des. 1957, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 34. gr. l. nr. 10 1928, um Landsbanka Íslands, og l. nr. 40 1940, um breyt. á þeim l.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar, A, B og C, er á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Sveinbjörn Högnason prófastur (A),
Gunnar Thoroddsen alþm. (C),
Emil Jónsson alþm. (A),
Sigfús Sigurhjartarson fyrrv. alþm. (B),
Lárus Jóhannesson alþm. (C).

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Kosningin fór því fram án atkvgr., og lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir:

Rannveig Þorsteinsdóttir alþm. (A),
Jóhann Hafstein alþm. (C),
Jón Axel Pétursson forstjóri (A),
Sigurður Thoroddsen fyrrv. alþm. (B),
Jónas Rafnar alþm. (C).

5. Úthlutunarnefnd skáldastyrkja og listamanna.

Á sama fundi var tekin til meðferðar

kosning fjögurra manna nefndar samkv. 15. gr. A. X. í fjárl. fyrir árið 1952 til þess að skipta fjárveitingu til skálda, rithöfunda og listamanna.

Fram komu fjórir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Þorsteinn Þorsteinsson alþm. (D),
Þorkell Jóhannesson prófessor (B),
Sigurður Guðmundsson ritstjóri (C),
Helgi Sæmundsson blaðamaður (A).

6. Flugráð.

Á sama fundi var tekin á dagskrá

kosning þriggja manna í flugráð og jafnmargra varamanna, allra til fjögurra ára, frá 1. jan. 1952 til 31. des. 1955, samkv. 1. gr. sbr. bráðabirgðaákvæði l. nr. 119 1950, um stjórn flugmála.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Sþ., 9. jan., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar. Á A-lista voru Bergur G. Gíslason, Þórður Björnsson og Guðmundur Í. Guðmundsson, en á B-lista Áki Jakobsson. — A-listi hlaut 38 atkv., B-listi 8 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru:

Bergur G. Gíslason framkvæmdastjóri,
Þórður Björnsson lögfræðingur,
Guðmundur Í. Guðmundsson bæjarfógeti.

Við kosningu varamanna kom fram einn listi með þremur nöfnum. Kosningin fór því fram án atkvgr., og lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Friðþjófur Ó. Johnson forstjóri,
Friðjón Sigurðsson lögfræðingur,
Baldvin Jónsson lögfræðingur.

VII. Starfsmenn þingsins.

Þessir voru ráðnir til starfa á þinginu af forsetum öllum í sameiningu:

Skrifstofan og prófarkalestur:
Sigríður Bjarklind, Erna Stefánsdóttir, Snæbjörn Jóhannsson, Halla Briem.

Skjalavarzla og afgreiðsla:
Kjartan Bergmann.

Lestrarsalsgæzla:
Petrína Jónsdóttir, Guðrún Egilson, Halldóra B. Björnsson.

Innanþingsskriftir:
Teknir strax: Ólafur Tryggvason (verkstjóri skrifara), Helgi Tryggvason, Ólafur Siggeirsson, Róbert Bjarnason, Hrólfur Ásvaldsson, Axel Kristjónsson, Vilhelmína Þorvaldsdóttir, Árni Arinbjarnarson, Halldór Ó. Jónsson, Sölvi Blöndal, Guðfinnur Magnússon, Sveinn Skorri Höskuldsson.
Teknir síðar eftir þörfum: Einar Sigurðsson, Halldór Þ. Jónsson, Helgi Helgason, Aðalheiður Ormsdóttir.

Dyra- og pallavarzla:
Jakob Jónsson (yfirvörður), Ólafur Þorvaldsson, Þórður Jónsson, Jón Hjartarson, Albert Guðmannsson, Magnús Guðmundsson, Þorlákur Haldorsen, Guðmundur Arnar Guðmundsson, Ingimar Karlsson.

Þingsveinsstörf:
Birgir Guðjónsson, Rafn Kjartansson, Rafn Ragnarsson, Björn Skafti Björnsson, Bergþór Úlfarsson, Gylfi Hallvarðsson.

Símavarzla:
Ingibjörg Pétursdóttir, Svala Sigríður Nielsen, Guðmundur A. B. Guðmundsson.

Fatagæzla:
Vigdís Torfadóttir, Sigríður Sigurðardóttir, Kristín Ingileifsdóttir.

Þingfréttamaður í útvarpi:
Helgi Hjörvar.

VIII. Þinghlé.

Á 53. fundi í Ed., 20. des., að lokinni dagskrá, mælti

forseti (BSt): Þetta verður síðasti fundur deildarinnar á þessu ári. Vil ég óska þeim þdm., sem fara úr bænum, góðrar ferðar og heimkomu og öllum þdm. gleðilegra jóla og góðs og farsæls komandi árs.

Haraldur Guðmundsson: Ég vil leyfa mér fyrir hönd okkar þdm. að þakka hæstv. forseta fyrir góðar óskir okkur til handa. Vil ég óska honum góðrar heimferðar og heimkomu. Megi hann njóta gleðilegra og ánægjulegra jóla og góðs og farsæls árs. Bið ég hv. þdm. að taka undir þessar óskir mínar með því að rísa úr sætum. — [Þdm. risu úr sætum.]

Forseti (BSt): Ég þakka hlý orð í minn garð og undirtektir þm. og vona, að við hittumst heilir eftir nýárið.

Á 52. fundi í Nd., s. d., að lokinni dagskrá, mælti

forseti (SB): Þar sem þetta verður væntanlega síðasti fundur hv. þd., áður en þingfundum verður frestað fyrir jól, vil ég leyfa mér að óska hv. þdm. gleðilegra jóla og nýárs, utanbæjarþm. góðrar heimferðar og heimkomu og vænti svo, að hv. þdm. hittist hér heilir á húfi á nýja árinu.

Einar Olgeirsson: Ég vil leyfa mér, — og ég veit, að ég mæli þar fyrir munn hv. þd., — að þakka forseta fyrir góðar jólaóskir í okkar garð og vil leyfa mér að óska honum gleðilegra jóla og vænti þess að sjá hann hér heilan á húfi, þegar þing hefst aftur eftir nýár. Vil ég biðja hv. þm. að rísa úr sætum til að árétta árnaðaróskir mínar til hæstv. forseta. — [Þdm. risu úr sætum.]

Forseti (SB): Ég þakka hv. 2. þm. Reykv. fyrir hlýjar óskir í minn garð og hv. þdm. fyrir að hafa tekið undir þær.

Á 27. fundi í Sþ., s. d., að lokinni dagskrá, mælti

forseti (JPálm): Þá eru ekki fleiri mál á dagskrá og verkefni þessa fundar lokið. Nú er ákveðið að fresta þingfundum til 3. jan. 1952, og um leið og ég segi þessum fundi slitið, vil ég þakka hv. alþm. samvinnuna á þessu þingi og óska þeim öllum, sem og öllum starfsmönnum Alþ., gleðilegrar jólahátíðar. Utanbæjarþingmönnum óska ég góðrar heimferðar og heimkomu. Svo vona ég, að við hittumst allir heilir að loknu þessu þinghléi.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég veit, að ég mæli fyrir hönd allra hv. þm., þegar ég þakka hæstv. forseta fyrir góðar óskir í okkar garð og óska honum gleðilegra jóla og góðrar

heimferðar og vona, að við sjáum hann heilan á húfi, er þingfundir hefjast að nýju. — Ég vil leyfa mér að biðja hv. þdm. að taka undir þessar árnaðaróskir með því að rísa úr sætum. — [Þm. risu úr sætum.]

Forseti (JPálm): Ég þakka hv. 2. þm. Reykv. fyrir góðar óskir í minn garð, sem og öllum hv. þm. fyrir að taka undir þær, og ég vil endurtaka óskir mínar þeim til handa. — Segi ég svo fundi slitið.

IX. Starfslok deilda.

a. Í efri deild.

Á 70. fundi í Ed., 23. jan., að lokinni dagskrá, mælti

forseti (BSt): Þrátt fyrir það að hér hafa verið samþ. breyt. á frv., sem gera það að verkum, að þau þurfa að ganga aftur til Nd. og jafnvel megi búast við, að Nd. fallist ekki á þessar breyt. og sendi eitt eða fleiri af þessum frv. hingað aftur, geri ég þó ráð fyrir, að þetta verði síðasti fundur d. á þessu þingi. Það getur að vísu komið fyrir, að nauðsynlegt þyki að kalla saman fund, en ég geri þó ráð fyrir hinu.

Ég vil þá í fyrsta lagi biðja um umboð til þess að ganga frá tveimur síðustu fundargerðum d. og skoða þær samþ. án atkvgr., ef enginn mælir því í gegn.

Í öðru lagi og einkum vil ég leyfa mér að þakka þdm. fyrir samvinnuna á þessu þingi og ágæta samvinnu við mig sem forseta deildarinnar. En þó að allir eigi þar hlut að máli, vil ég þó sérstaklega þakka starfsmönnum d. aðstoð við mig, bæði varaforsetum og skrifurum deildarinnar. Ég vil óska öllum þdm., sem eiga heima utan þessa bæjar, góðrar heimferðar og góðrar heimkomu, og öllum þm. óska ég alls hins bezta og þó sérstaklega þess, að þetta ár, sem nú er ekki langt liðið á, verði þeim farsælt.

Haraldur Guðmundsson: Ég vil leyfa mér að bera fram þakkir til forseta, og veit ég, að ég mæli þar fyrir munn allra þdm. Þakka ég honum fyrir ágætt samstarf á þessu þingi, góða og röggsama fundarstjórn og óhlutdrægni í fundarstjórnarstarfi. Vil ég leyfa mér að óska honum góðrar heimferðar, heillar heimkomu og góðs og farsæls árs. Bið ég hv. þdm. að taka undir þessar óskir mínar. — [Deildarmenn risu úr sætum.]

Forseti (BSt): Ég þakka hv. 4. þm. Reykv. hlý orð í minn garð og þm. undirtektirnar. Endurtek ég óskir mínar og segi fundi slitið.

b. Í neðri deild.

Á 70. fundi í Nd., 24. jan., að lokinni dagskrá, mælti

forseti (SB): Þar sem þetta mun verða síðasti fundur d. á þessu þingi, leyfi ég mér að leita leyfis til að skrifa undir gerðabók þessa fundar. — Ég vil svo að lokum þakka öllum hv. þdm. góða samveru og samvinnu við mig sem forseta á þessu þingi. Utanbæjarþingmönnum óska ég góðrar heimkomu og vona svo, að við hittumst allir heilir á ný.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd allra þdm. þakka hæstv. forseta fyrir góðar óskir í okkar garð, og ég veit, að ég mæli fyrir hönd þeirra allra, er ég þakka honum fyrir gott samstarf og röggsama og sanngjarna fundarstjórn, og ég óska þess, að við hittum hann heilan, er þing kemur saman á ný. — Ég vil leyfa mér að biðja hv. þdm. að taka undir þessar árnaðaróskir með því að rísa úr sætum. — [Deildarmenn risu úr sætum.]

Forseti (SB): Ég þakka hv. 2. þm. Reykv. fyrir hlýleg orð í minn garð og endurtek árnaðaróskir mínar til allra hv. þdm. — Segi ég svo fundi slitið.

X. Þinglausnir.

Á 37. fundi í Sþ., 24. jan., las forseti svofellt yfirlit um störf Alþingis:

Þingið hefur staðið frá 1. okt. 1951 til 24. jan. 1952, eða alls 116 daga.

Þingfundir hafa verið haldnir:

Í neðri deild	70
– efri deild	70
– sameinuðu þingi	37
Alls	177 þingfundir

Þingmál og úrslit þeirra:

I. Lagafrumvörp:

1.	Stjórnarfrumvörp:		
	a. Lögð fyrir neðri deild	25	
	b. — — efri deild	11	
	c. — — sameinað þing	2	
			38
2.	Þingmannafrumvörp:		
	a. Borin fram í neðri deild	61	
	b. — — – efri deild	30	
			91
			129

Í flokki þingmannafrumvarpa er talið 21 frumvarp, sem nefndir fluttu, þar af 12 að beiðni ríkisstjórnarinnar eða einstakra ráðherra.

Úrslit lagafrumvarpa urðu þessi:

a.	Afgreidd sem lög:		
	Stjórnarfrumvörp	33	
	Þingmannafrumvörp	28	
			alls 61 lög
b.	Felld:		
	Þingmannafrumvörp	2	
c.	Afgr. með rökst. dagskrá:		
	Stjórnarfrumvarp	1	
	Þingmannafrumvörp	5	
d.	Vísað til ríkisstjórnarinnar:		
	Þingmannafrumvarpi	1	

e. Ekki útrædd:
Stjórnarfrumvörp 4
Þingmannafrumvörp 55
129

II. Þingsályktunartillögur:
a. Bornar fram í sameinuðu þingi 40
b. Borin fram í neðri deild .. 1
41

Þar af:
a. Ályktanir Alþingis 16
b. Felld 1
c. Ekki útræddar 24
41

III. Fyrirspurnir:
Allar bornar fram í sameinuðu þingi, 17,
en sumar eru fleiri saman á þingskjali,
svo að málatala þeirra er ekki nema .. 9
Allar þessar fyrirspurnir voru ræddar.

Mál til meðferðar í þinginu alls 179
Tala prentaðra þingskjala alls 783

Síðan mælti

forseti (JPálm): Það Alþingi, sem nú er að ljúka störfum, hefur orðið styttra en verið hefur með undanfarin þing. Þetta stafar þó ekki af því, að það hafi afkastað minna verki. Störfin hafa gengið greiðar en oftast áður, og er aðalorsökin sú, að nú hafa engar stórar deilur staðið um ríkisstjórn.

Mikið af þeirri löggjöf, sem þetta þing hefur sett, hefur verið afgreitt með almennu samkomulagi. Um annað hafa staðið verulegar deilur eins og áður og svo sem við er að búast. Skal og ekkert út í það farið hér. En ég vil fyrir hönd Alþingis óska þess, að þau lög, sem þetta þing hefur sett, og þær ákvarðanir, sem það hefur tekið, megi verða þjóð vorri til hamingju.

Ég vil líka fyrir hönd Alþingis nota þetta tækifæri og óska allri íslenzku þjóðinni hamingju á þessu nýbyrjaða ári. Ég óska þess, að við fáum að njóta betra árferðis og meiri farsældar fyrir atvinnuvegi landsins til sjávar og sveita en verið hefur um skeið. Og ég óska vaxandi samheldni og betri samvinnu gegn þeim örðugleikum, sem landsfólkið á við að etja.

Háttvirtum alþingismönnum, hæstv. ríkisstjórn og starfsfólki þingsins vil ég þakka fyrir vinsamlega samvinnu við mig sem forseta. Óska ég þeim öllum góðs gengis. Utanbæjarmönnum óska ég góðrar heimferðar og góðrar heimkomu, og ég óska þess okkur öllum til handa að mega heilir hittast á næsta hausti og fá þá í hendur ánægjulegri og auðveldari viðfangsefni en verið hefur á undanförnum þingum.

Einar Olgeirsson: Ég vil leyfa mér — og mæli ég þar fyrir munn allra þm. — að þakka okkar forseta fyrir gott samstarf og góða fundarstjórn, og óska ég að sjá hann heilan á húfi í haust. Svo óska ég honum góðrar heimferðar og heimkomu og bið hv. þm. að taka undir árnaðaróskir honum til handa með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (JPálm): Ég þakka hv. 2. þm. Reykv. fyrir hans góðu óskir og vinsamlegu ummæli og þakka öllum hv. þm. fyrir að taka undir það.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Eins og þingheimi er kunnugt, er forseti Íslands, herra Sveinn Björnsson, nú að ná sér eftir uppskurð. Hann getur því miður ekki slitið Alþingi sjálfur að þessu sinni, en hefur veitt mér sem forsætisráðherra umboð til þess í bréfi, er hann gaf út í Reykjavík í gær. Jafnframt fól forseti mér að bera yður, háttvirtir alþingismenn, kveðju sína og árnaðaróskir.

Fyrr greint forsetabréf um þinglausnir hljóðar þannig:

„Forseti Íslands gerir kunnugt: Að ég veiti hér með forsætisráðherra, Steingrími Steinþórssyni, umboð til þess að slíta Alþingi, 71. löggjafarþingi, er það hefur lokið störfum.

Gert í Reykjavík, 23. janúar 1952.

Sveinn Björnsson.

Steingrímur Steinþórsson."

Störfum Alþingis er lokið að sinni. Samkvæmt umboði því, er ég hef lesið, segi ég Alþingi slitið.

Ég vil biðja hv. alþm. að minnast forseta Íslands og fósturjarðarinnar með því að rísa úr sætum.

Þingheimur stóð upp, og **forsætisráðherra** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð."

Tók þingheimur undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

Var síðan af þingi gengið.